

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2018/EES/14/01	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/750 frá 8. maí 2015 um samræmingu á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptapjónustu innan Sambandsins	1
2018/EES/14/02	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1332 frá 28. júlí 2016 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir húsgögn	6
2018/EES/14/03	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1621 frá 7. september 2016 um samþykki á leiðbeiningarskjali um tilkynningu til faggildingar- og leyfisveitingarstofa frá umhverfissannprófundum sem starfa í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009	56
2018/EES/14/04	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 frá 12. júlí 2016 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins	60
2018/EES/14/05	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1262 frá 12. júlí 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun húsdýraáburðar úr alidýrum sem eldsneyti í brennsluverum	172
2018/EES/14/06	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/736 frá 26. apríl 2017 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykki fyrir landsbundinni varnaráætlun Slóveníu vegna dæmigerðrar riðuveiki	175
2018/EES/14/07	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1896 frá 17. október 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem eru framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (NRRL 25541), sem fóðuraufefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldissvín, aukategundir alifugla og aukategundir svína til eldis og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 255/2005 og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 668/2003 (leyfishafi er Andrés Pintaluba S.A.)	177
2018/EES/14/08	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1903 frá 18. október 2017 um leyfi fyrir blöndum með <i>Pediococcus parvulus</i> DSM 28875, <i>Lactobacillus casei</i> DSM 28872 og <i>Lactobacillus rhamnosus</i> DSM 29226 sem fóðuraufefni fyrir allar dýrategundir	182

2018/EES/14/09	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1904 frá 18. október 2017 um leyfi fyrir blöndu með <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710 sem fóðuraukefni fyrir eldis-kjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Huvepharma NV)	187
2018/EES/14/10	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1905 frá 18. október 2017 um leyfi fyrir blöndu með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fyrir aukategundir alifugla til eldis (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS)	190
2018/EES/14/11	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1906 frá 18. október 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með <i>Trichoderma citrinoviride</i> Bisset (IMI SD135), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Huvepharma NV)	193
2018/EES/14/12	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1907 frá 18. október 2017 um leyfi fyrir blöndu með <i>Lactobacillus plantarum</i> (KKP/593/p og KKP/788/p) og <i>Lactobacillus buchneri</i> (KKP/907/p) sem fóðuraukefni fyrir nautgripi og sauðfé	196
2018/EES/14/13	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1914 frá 19. október 2017 um leyfi fyrir natríumsalínómýsíní (Sacox 120 microGranulate og Sacox 200 microGranulate) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1852/2003 og (EB) nr. 1463/2004 (leyfishafi er Huvepharma NV)	199
2018/EES/14/14	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1250 frá 11. júlí 2017 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka bragðefnið 4,5-epoxýdek-2(trans)- enal af skrá Sambandsins	205
2018/EES/14/15	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1798 frá 2. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis	208
2018/EES/14/16	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1558 frá 14. september 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið brómelaín með tilliti til hámarksgildis leifa	217
2018/EES/14/17	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1559 frá 14. september 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka hámarksgildi leifa fyrir efnið alarelín	219
2018/EES/14/18	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1506 frá 28. ágúst 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu malínhýdrasíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011	221
2018/EES/14/19	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2001 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja própan-1-ól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4	225
2018/EES/14/20	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2002 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja L(+)-mjólkursýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4	228

2018/EES/14/21	Frankvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2003 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja flúdíoxóníl sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9 og 10	231
2018/EES/14/22	Frankvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2004 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón sem fyrirleggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12	235
2018/EES/14/23	Frankvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2005 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja díartreðskjarna, kaldpressaða olíu úr hýðislausu fræi <i>Azadirachta indica</i> sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem fyrirleggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19	238
2018/EES/14/24	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB	241
2018/EES/14/25	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti	283
2018/EES/14/26	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2364 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga	303
2018/EES/14/27	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2365 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga	305
2018/EES/14/28	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2366 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga	307
2018/EES/14/29	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2367 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga	308
2018/EES/14/30	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1941 frá 24. október 2017 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB	310
2018/EES/14/31	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/802 frá 11. maí 2016 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis (kerfisbinding)	312
2018/EES/14/32	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 frá 11. maí 2016 um samræmdar vísitölur neysliverðs og verðvísitölu húsnæðis og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95	333
2018/EES/14/33	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1348 frá 3. ágúst 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 773/2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans	361
2018/EES/14/34	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1961 frá 2. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vínfraðilegar vinnslu-aðferðir	365

2018/EES/14/35	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1261 frá 12. júlí 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar staðgönguaðferð við vinnslu á tiltekinni bræddri fitu	368
2018/EES/14/36	Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1975 frá 7. ágúst 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum í ljósdíóðum með breytilegum litum til notkunar í skjákerfum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni	371
2018/EES/14/37	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1491 frá 21. ágúst 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu 2,4-DB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011	374
2018/EES/14/38	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2229 frá 4. desember 2017 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarks-gildi fyrir blý, kvikasilfur, melamín og dekokínat	378
2018/EES/14/39	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2071 frá 22. september 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar aðferðir við vöktun á losun koltvísýrings og reglur um vöktun annarra viðeigandi upplýsinga	382

II EFTA-STOFNANIR

- 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

III ESB-STOFNANIR

- 1. Framkvæmdastjórnin**

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/750

2018/EES/14/01

frá 8. maí 2015

um samræmingu á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Sambandsins

(tilkynnt með númeri C(2015) 3061) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Alþjóðafjarskiptareglur Alþjóðafjarskiptasambandsins ⁽²⁾ úthluta tíðnisviðinu 1452–1492 MHz til útsendinga á fastri tíðni, farstöðvarþjónustu (að undanskilinni farstöðvarþjónustu fyrir flug), útvarpsþjónustu og útvarpsþjónustu um gervihnött á sameiginlegum frumgrunni á svæði 1, sem tekur yfir allt Sambandið. Þær takmarka notkun útvarpsþjónustu og útvarpsþjónustu um gervihnött á tíðnisviðinu við stafrænt útlit.
- 2) Með sérstaka Maastricht-fyrirkomulaginu frá 2002, eins og það var endurskoðað árið 2007 ⁽³⁾, var komið á tækni- og regluramma fyrir notkun á jarðbundnu stafrænu hljóðvarpi á tíðnisviðinu 1452–1479,5 MHz í löndum sem undirrituðu það, þ.m.t. öllum aðildarríkjum. Í því voru einnig settar fram verklagsreglur fyrir samræmingu yfir landamæri milli stafræns hljóðvarps á jörðu niðri og rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband.
- 3) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB ⁽⁴⁾ var komið á fót stefnuáætlun til margra ára um fjarskiptatíðniróf (RSPP) þar sem sett er það markmið að skilgreina, fyrir árið 2015, a.m.k. 1200 MHz tíðniróf sem hentar fyrir þráðlaust breiðband í Sambandinu, þ.m.t. tíðnisvið sem þegar er í notkun, á grundvelli skrárinnar yfir tíðniróf.
- 4) Tíðnisviðinu 1452–1492 MHz hefur verið úthlutað fyrir útvarpsendingar í aðildarríkjum en notkun þess hefur verið fremur takmörkuð. Niðurstaða skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stefnuáætlunina til margra ára um fjarskiptatíðniróf ⁽⁵⁾ er sú að það sé vannýtt innan Sambandsins og að taka ætti það til annarra nota fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband í samræmi við markmið stefnuáætlunarinnar til margra ára um fjarskiptatíðniróf. Jarðbundin útvarpskerfi ættu þó að njóta verndar til lengri tíma litið, þ.m.t. ef til endurnýjunar starfsleyfa þeirra kæmi.
- 5) Í álitinu sínu um þær mikilvægu stjórnunarlegu áskoranir sem Evrópa stendur frammi fyrir varðandi það að takast á við stækkandi tíðniróf fyrir þráðlaust breiðband ⁽⁶⁾ mælti stefnuhópurinn um fjarskiptatíðniróf með því að framkvæmdastjórnin íhugi að samþykkja viðbótarráðstafanir til að stuðla enn frekar að notkun tíðnisviðsins 1452-1492 MHz fyrir viðbótaraðgreinar, samhliða því að gera aðildarríkjunum áfram kleift að nota hluta þessa tíðnisviðs til annars, s.s. fyrir útvarpsendingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 119, 12.5.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 30.3.2017, bls. 42.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Finnanlegt hér: <http://www.itu.int/pub/R-REG-RR>

⁽³⁾ Sérstakt fyrirkomulag Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu varðandi notkun tíðnisviðsins 1452-1479,5 MHz fyrir jarðbundið stafrænt útlit, Maastricht, 2002, Constanta, 2007 (MA02revCO07).

⁽⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB frá 14. mars 2012 um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf (Stjttíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 7).

⁽⁵⁾ Skýrsla frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins um skrána yfir tíðniróf (COM(2014) 536, lokaútgáfa).

⁽⁶⁾ Skjal RSPG13-521 endursk. 1

- 6) Hinn 19. mars 2014 veitti framkvæmdastjórnin Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu umboð, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um tíðniróf fyrir þráðlaugar sendingar, til þess að þróa samræmd tækniskilyrði á tíðnisviðinu 1452–1492 MHz fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband í Sambandinu.
- 7) Hinn 28. nóvember 2014 brugðust Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu við með því að gefa út 54. skýrslu sína með tillögu um samræmingu á tíðnisviðinu 1452–1492 MHz til notkunar fyrir þráðlausa breiðbands-viðbótaraðgrein, samhliða því að gera aðildarríkjum kleift að aðlagast landsbundnum kringumstæðum á hluta tíðnisviðsins (s.s. 1452–1479,5 MHz) fyrir jarðbundnar útvarpsendingar. Viðbótaraðgrein er notkun sem einskorðast við aðgrein þar sem tíðniróf innan tíðnisviðsins er notað fyrir rafræn fjarskipti með einstefnusendingu frá móðurstöð, samhliða notkun tíðnirófs á öðru tíðnisviði.
- 8) Samræmd notkun á tíðnisviðinu 1452–1492 MHz sem einskorðast við aðgreinar fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband er mikilvæg leið til að takast á við ósamhverfni í gagnaskiptum með því að efla afkastagetu þráðlauss breiðbandskerfis að því er varðar aðgreinar. Þegar einnig er tekið tillit til meginreglnanna um tækni- og þjónustuhlutleysi auðveldar þetta líka samhliða tilvist með jarðbundinni útvarpsþjónustu sem þegar er til staðar á sama tíðnisviðinu og sem uppfyllir hugsanlega ekki tækniskilyrðin sem sett eru fram í þessari ákvörðun. Aðildarríki ættu því að úthluta tíðnisviðinu án einkaréttinda til allra tegunda rafrænnar fjarskiptaþjónustu og tryggja samhliða tilvist slíkrar þjónustu allt eftir landsbundnum aðstæðum og í samræmi við milliríkjasamninga.
- 9) Veiting á rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband á tíðnisviðinu 1452–1492 MHz ætti að byggjast á samræmdu rásafyrirkomulagi og sameiginlegum lágmarks-(minnst takmarkandi) tækniskilyrðum til að hlúa að innri markaðnum, draga úr skaðlegum truflunum og tryggja tíðnisamræmingu.
- 10) Þörf er á sameiginlegum tækniskilyrðum og meginreglum til að tryggja samhliða tilvist, sem viðeigandi vörn, milli rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband og stafrænna útvarpsendinga á jörðu niðri innan 1452-1492 MHz tíðnisviðsins og milli slíkrar þjónustu á tíðnisviðinu og annarrar notkunar á aðliggjandi tíðnisviðum, þar með talin hljóðvarpsliðakerfi á vegum herja, samræmdar fastar tengingar og flugmálatengdar fjarmælingar. Mögulega er þörf á frekari landsráðstöfunum til að tryggja samhliða tilvist notkunar á aðliggjandi tíðnisviðum, s.s. ósamræmdar fastar tengingar.
- 11) Samkomulag yfir landamæri milli yfirvalda getur verið nauðsynlegt til að tryggja framkvæmd á þeim breytum sem settar eru fram í þessari ákvörðun til að koma í veg fyrir skaðlega truflun og til að bæta nýtni á tíðnirófum og samleitni í notkun tíðnirófa. Í 54. skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu eru sett fram tækniskilyrði og meginreglur fyrir samræmingu yfir landamæri milli rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband og stafræns hljóðvarps á jörðu niðri og flugmálatengdrar fjarmælingaþjónustu á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz, þar með talið við landamæri Sambandsins.
- 12) Aðrar nýtingarleiðir á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz í þriðju löndum, sem eru með fyrirvara um alþjóðasamninga, geta takmarkað innleiðingu og notkun þess af hálfu rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband í sumum aðildarríkjum. Slík aðildarríki ættu að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að lágmarka tímalengd og landfræðilegt umfang þessara takmarkana eins fljótt og auðið er og ættu að leita aðstoðar hjá Sambandinu ef nauðsyn krefur, skv. 2. mgr. 10. gr. stefnuáætlunarinnar til margra ára um fjarskiptatíðniróf. Þau ættu að tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar takmarkanir, skv. 2. mgr. 6. gr. og 7. gr., og birta ætti upplýsingarnar í samræmi við 5. gr. ákvörðunarinnar um tíðniróf fyrir þráðlaugar sendingar.
- 13) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun ættu því að gilda í öllu Sambandinu og aðildarríki ættu að innleiða þær til að tryggja að 1452-1492 MHz tíðnisviðið verði tekið upp fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband í samræmi við markmiðin fyrir tíðniróf í stefnuáætluninni til margra ára um fjarskiptatíðniróf. Aðildarríki ættu að leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um framkvæmd ákvörðunarinnar og notkun tíðnisviðsins til þess að greiða fyrir mati á áhrifum þess á vettvangi ESB, ásamt tímanlegri endurskoðun hennar þegar þörf er á.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Með þessari ákvörðun er stefnt að því að samræma skilyrðin fyrir aðgengi að og skilvirkri notkun á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu í Sambandinu.

2. gr.

1. Eigi síðar en sex mánuðum eftir tilkynningardag þessarar ákvörðunar skulu aðildarríki tilgreina og gera tíðnisviðið 1452-1492 MHz aðgengilegt, án einkaréttinda, fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu í samræmi við breyturarnar sem settar eru fram í viðaukanum.

2. Aðildarríki skulu tryggja að landstöðvakerfin, sem um getur í 1. mgr., veiti viðeigandi vernd fyrir eftirfarandi:
 - a) kerfi á aðliggjandi tíðnisviðum og
 - b) jarðbundin útvarpskerfi sem starfa innan tíðnisviðsins 1452-1479,5 MHz samkvæmt starfsleyfi sem er í gildi þann dag sem tilkynnt er um þessa ákvörðun eða samkvæmt síðari endurnýjun á slíku starfsleyfi og í samræmi við breyturnar sem settar eru fram í sérstaka Maastricht-fyrirkomulaginu frá 2002, eins og það var endurskoðað 2007.
3. Aðildarríki skulu greiða fyrir samningum um samræmingu yfir landamæri til að gera starfrækslu kerfanna, sem um getur í 1. mgr., mögulega, að teknu tilliti til gildandi reglunefndarmeðferða og -réttinda og viðeigandi alþjóðasamninga.

3. gr.

Aðildarríki skulu ekki vera bundin skyldunum skv. 2. gr. á landsvæðum þar sem samræming við þriðju lönd gerir þeim nauðsynlegt að víkja frá breytunum sem settar eru fram í viðaukanum. Markmið þeirra skal vera að draga úr tímalengd og landfræðilegu gildissviði á slíku frávikum.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna um beitingu þessarar ákvörðunar eigi síðar en níu mánuðum eftir tilkynningardaginn.

Aðildarríkin skulu vakta notkun tíðnisviðsins 1452-1492 MHz og skila framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sínar að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði, í því skyni að hægt sé að endurskoða þessa ákvörðun tímanlega, ef þörf krefur.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günther OETTINGER

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

BREYTUR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 2. GR.

A. ALMENNAR BREYTUR

1. Vinnumatinn innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz skal takmarkast við útsendingu frá móðurstöð (einungis aðgrein).
2. Stærðum blokka innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz skal úthlutað í margfeldum af 5 MHz. Lægri mörk tíðninnar í úthlutaðri blokk skulu löguð að, eða þeim dreift jafnt, í margfeldum af 5 MHz frá lægri jaðri tíðnisviðsins sem er 1452 MHz.
3. Útsending frá móðurstöð verður að samræmast síunni á mörkum tíðnirófablokka í þessum viðauka.

B. TÆKNISKILYRÐI FYRIR MÓÐURSTÖÐVAR — SÍA Á MÖRKUM TÍÐNIRÓFABLOKKA

Eftirfarandi tæknilegar breytur fyrir móðurstöðvar sem kallast „sía á mörkum tíðnirófablokka“ (BEM) skulu notaðar til þess að tryggja samhliða tilvist aðliggjandi neta þar sem tvíhliða eða marghliða samkomulög eru ekki fyrir hendi milli rekstraraðila slíkra aðliggjandi neta. Ef hlutaðeigandi rekstraraðilar eða yfirvöld koma sér saman um það má einnig má nota vægari tæknilegar breytur, að því tilskildu að þessar breytur uppfylli tækniskilyrðin sem gilda um verndun annarrar þjónustu eða nýtingarleida, þ.m.t. á aðliggjandi tíðnisviðum eða með fyrirvara um skuldbindingar yfir landamæri.

Sían á mörkum tíðnirófablokka er útgeislunarsía sem er skilgreind sem fall af tíðni í tengslum við jaðar tíðniblokkar sem rekstraraðili fær réttindi til að nota. Hún samanstendur af aflviðmiðunarmörkum innan og utan blokkar. Aflviðmiðunarmörkin innan blokkar gilda um blokk sem er í eigu rekstraraðila. Valkvæðar kröfur innan blokkar eru settar fram hér á eftir. Aflviðmiðunarmörkin utan blokkar gilda á tíðnirófi innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz sem er utan við þá blokk sem rekstraraðila er úthlutað. Þau eru tilgreind í töflu 1.

Aflviðmiðunarmörk fyrir samhliða tilvist eru enn fremur skilgreind fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz til þess að tryggja samhæfi milli þessarar þjónustu og annarrar þráðlausrar fjarskiptaþjónustu eða nýtingarleida, annað hvort innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz eða á aðliggjandi 1427-1452 MHz eða 1492-1518 MHz tíðnisviðum. Aflviðmiðunarmörkin fyrir samhliða tilvist að því er varðar þjónustu eða nýtingarleidir á aðliggjandi tíðnisviðum eru tilgreind í töflu 2. Beita má frekari tæknilegum ráðstöfunum eða ráðstöfunum er varða málsmeðferð ⁽¹⁾, eða báðum, á landsvísu til að tryggja samhliða tilvist þjónustu og nýtingarleida á aðliggjandi tíðnisviðum. Takmarkanirnar á samhliða tilvist þjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp á jörðu niðri á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz eru tilgreindar í töflu 3.

Kröfur innan blokkar

Mörk fyrir jafngilda, einsátta útgeislun (EIRP) ⁽²⁾ innan blokkar fyrir móðurstöðvar eru ekki skyldubundin. Aðildarríki geta sett að hámarki 68 dBm/5 MHz mörk fyrir jafngilda, einsátta útgeislun sem hægt er að hækka fyrir tiltekna notkun, s.s. fyrir samantekna notkun á tíðnirófi innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz og á tíðnirófi á lægri tíðnisviðum.

Kröfur utan blokkar*Tafla 1***Mörk jafngildrar, einsátta útgeislunar fyrir síu móðurstöðvar á mörkum tíðnirófablokka utan blokkar innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz á hverju loftneti**

Tíðnibil útgeislunar utan blokkar	Hæsta meðaltal jafngildrar, einsátta útgeislunar utan blokkar	Mælibandbreidd
-10 til -5 MHz frá lægri jaðri bálks	11 dBm	5 MHz
- 5 til - 0 MHz frá lægri jaðri bálks	16,3 dBm	5 MHz
0 til +5 MHz frá efri jaðri bálks	16,3 dBm	5 MHz

⁽¹⁾ T.d. eitt eða fleira af eftirfarandi: samræming tíðniskipulags, samræming á vettvangi, strangari aflviðmiðunarmörk innan tíðnisviðs fyrir móðurstöðvar, strangari aflviðmiðunarmörk fyrir skilvirka, einsátta útgeislun utan bands fyrir móðurstöðvar en þau sem eru tilgreind í töflu 2.

⁽²⁾ Jafngild skilvirk, einsátta útgeislun innan blokkar er heildarflíð sem er geislað í einhverja átt út frá einni staðsetningu, óháð tilhögunar á móðurstöð.

Tíðnibil útgeislunar utan blokkar	Hæsta meðaltal jafngildrar, einsátta útgeislunar utan blokkar	Mælibandbreidd
+5 til +10 MHz frá efri jaðri bálks	11 dBm	5 MHz
Tíðnir innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz sem liggja á bili sem er meira en 10 MHz frá lægri eða efri jaðri blokkar	9 dBm	5 MHz

Kröfur er varða samhliða tilvist aðliggjandi tíðnisviða

Tafla 2

Mörk jafngildrar, einsátta útgeislunar utan blokkar frá móðurstöð, fyrir aðliggjandi tíðnisvið

Tíðnibil útgeislunar utan tíðnisviðs	Hæsta meðaltal jafngildrar, einsátta útgeislunar utan tíðnisviðs	Mælibandbreidd
Undir 1449 MHz	-20 dBm	1 MHz
1449-1452 MHz	14 dBm	3 MHz
1492-1495 MHz	14 dBm	3 MHz
Yfir 1495 MHz	-20 dBm	1 MHz

Skýringar við töflu 2: Þessum kröfum er ætlað að tryggja samhæfi við samræmdar fastar tengingar, farstöðvaþjónustu og flugmálatengda fjarmælingaþjónustu sem takmarkast við jarðstöðvar, sem eru notaðar á aðliggjandi tíðnisviðum undir 1452 MHz eða yfir 1492 MHz.

Kröfur um samhliða tilvist innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz

Tafla 3

Kröfur um samhliða tilvist innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz Tafla 3 Mörk jafngildrar, einsátta útgeislunar móðurstöðva tilað tryggja samhliða tilvist aðliggjandi rása með stafrænu útvarpi utan blokkar innan tíðnisviðsins 1 452-1 492 MHz

Tíðnibil útgeislunar utan blokkar	Hæsta meðaltal jafngildrar, einsátta útgeislunar utan blokkar	Mælibandbreidd
0 til 1,3 MHz frá jaðri blokkar	9,3 dBm	1 MHz
1,3 til 1,5 MHz frá jaðri blokkar	2,8 dBm	1 MHz
1,5 til 1,8 MHz frá jaðri blokkar	-6,7 dBm	1 MHz
1,8 til 2 MHz frá jaðri blokkar	-12,4 dBm	1 MHz
2 til 2,3 MHz frá jaðri blokkar	-13,7 dBm	1 MHz
2,3 til 5 MHz frá jaðri blokkar	-14,9 dBm	1 MHz
Eftirstandandi tíðnir notaðar fyrir stafrænt hljóðvarp á jörðu niðri	-14,9 dBm	1 MHz

Skýringar við töflu 3: Þessar kröfur gilda einungis um stafrænt hljóðvarp á jörðu niðri sem er í notkun á landsvísu. Þeim er ætlað að tryggja samhæfi við þjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp á jörðu niðri á aðliggjandi rásum innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz og gert er ráð fyrir a.m.k. 1,5 MHz verndartíðnisviði milli rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband og þjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp á jörðu niðri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1332

2018/EES/14/02

frá 28. júlí 2016

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir húsgögn

(tilkynnt með númeri C(2016) 4778) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 6.gr. og 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB ⁽²⁾ var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannpröfun fyrir húsgögn sem gilda til 31. desember 2016.
- 4) Í því skyni að endurspeglar betur það úrval húsgagna sem er á markaði, nýjustu tækni fyrir þessar vörur og til að taka tillit til nýsköpunar nokkurra síðustu ára þykir rétt að rýmka umfang vöruflokksins svo hann nái yfir húsgögn, sem eru ekki úr viði, og setja endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir.
- 5) Markmiðið með þessum endurskoðuðu vistfræðilegu viðmiðunum er að notaður sé efniviður sem framleiddur er á sjálfbærari hátt (að teknu tilliti til nálgunar sem felur í sér greiningu á vistferli), takmörkun á notkun hættulegra efnasambanda, magns hættulegra leifa, framlag húsgagna til loftmengunar innanhúss og að stuðla að endingarbetri vöru í háum gæðaflokki sem er auðvelt að gera við og hluta í sundur. Endurskoðuðu viðmiðanirnar, ásamt tilheyrandi kröfum um mat og sannpröfun, ættu að gilda í sex ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.
- 6) Því ætti að skipta út ákvörðun 2009/894/EB.
- 7) Rétt þykir að heimila umbreytingartímabil fyrir framleiðendur ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir viðarhúsgögn á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana, sem eru settar fram í ákvörðun 2009/894/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum vistfræðilegum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum ætti einnig að vera heimilt að leggja fram umsóknir, sem byggjast á vistfræðilegu viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 2009/894/EB, í hæfilega langan tíma.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórið. ESB L 210, 4.8.2016, bls. 100. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjórið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn (Stjórið. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23).

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Vörflokkurinn „húsgögn“ skal ná yfir frístandandi eða innbyggðar einingar sem hafa það meginhlutverk að vera notaðar til að geyma hluti, setja þá í eða hengja þá upp í og/eða sem flötur sem notendur geta hvílt sig á, setið við, borðað af, lært eða unnið, innanhúss eða utan. Gildissviðið nær yfir húsgögn fyrir heimili og húsgögn til atvinnunota til notkunar á heimili eða utan heimilis. Rúmgrindur, fætur, botnar og höfðagaflar falla undir gildissviðið.

2. Eftirtaldar vörur eru ekki í þessum flokki:

- a) Rúmdýnur sem falla undir viðmiðanir sem settar eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB ⁽¹⁾.
- b) Vörur sem hafa ekki það meginhlutverk að vera notaðar eins og segir í 1. mgr., þ.m.t. götuljós, rimlagirðingar og girðingar, stigar, klukkur, leiktæki, standspeglar eða speglar sem eru hengdir á vegg, rafmagnsrásir, götupollar og byggingavörur, s.s. þrep, dyr, gluggar, gólfklæðningar og klæðningar.
- c) Notuð, uppgerð, endurnýjuð eða endurframléidd húsgögn.
- d) Húsgögn sem eru sett í ökutæki sem eru notuð til almennings- eða einkaflutninga.
- e) Húsgögn sem innihalda meira en 5% (massahlutfall) af efnivið sem er ekki í eftirfarandi skrá: gegnheill viður, þiljur að meginhluta úr viði, korkur, bambus, spanskreyr, plast, málmar, leður, húðaðir dúkar, textílfefni, gler og efniviður í bólstur/fyllingu.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Anilínleður“: leður með náttúrulegum hárfham sem er auðgreinanlegur og vel sjáanlegur og þar sem hvers kyns yfirborðsmeðhöndlun með gagnsæju áferðarefni er 0,01 mm eða þynnri, eins og skilgreint er í EN 15987.
- b) „Hálfanilínleður“: leður sem hefur verið húðað með áferðarefni, sem inniheldur lítið magn af fastlitarefni þannig að náttúrulegur hárfhamur sést greinilega, eins og skilgreint er í EN 15987.
- c) „Litað leður og litað, klofið leður“: leður eða klofið leður með náttúrulegan hárfham eða yfirborð alveg falin með áferðarefni sem inniheldur fastlitarefni, eins og skilgreint er í EN 15987.
- d) „Lakkleður og klofið lakkleður“: leður eða klofið leður, yfirleitt með spegilgljáandi yfirborð sem fæst með því að bera á það lag af lituðu eða gagnsæju lakki eða gerviresíni, af þykkt sem fer ekki yfir einn þriðja af heildarþykkt vörunnar, eins og skilgreint er í EN 15987.
- e) „Húðað leður og húðað klofið leður“: leður eða klofið leður með yfirborðsmeðferðarefni, sem er borið á ytri hliðina, sem er meira en 0,15 mm á þykkt en fer ekki yfir einn þriðja af heildarþykkt vörunnar, eins og skilgreint er í EN 15987.
- f) „Rokgjarnt, lífrænt efnasamband“: sérhvert lífrænt efnasamband með upphafssuðumark lægra en eða jafnt 250 °C mælt við staðalþrýstinginn 101,3 kPa, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB ⁽²⁾ og sem skolast út í hárpípusúlu að og með n-tetradekani (C₁₄H₃₀).

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB frá 23. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur (Stjttíð. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 18).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnun til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (Stjttíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

- g) „Hálfrokjarn, lífrænt efnasamband“: sérhvert lífrænt efnasamband með suðumark yfir 250 °C og innan við 370 °C, mælt við staðalþrýstinginn 101,3 kPa og sem skolest út í hárpípúsu, með geymdarsvið frá n-tetradekani (C₁₄H₃₀) að og með n-dókósani (C₂₂H₄₆).
- h) „Endurrunnið innihald“: massahlutfall af endurrunnum efnivið í vöru eða umbúðum; einungis er litið á efnivið sem fellur til við framleiðslu og efnivið frá neytendum sem endurrunnið innihald, eins og skilgreint er í ISO 14021.
- i) „Efniviður sem fellur til við framleiðslu“: efniviður sem er skilinn frá úrgangsstraumnum meðan á framleiðsluferli stendur en að undanskildum efnivið sem er endurnýttur, s.s. til endurvinnslu, endurmölunar eða höggvinn í brotajárn, sem verður til í ferli og er þess eðlis að hægt er að endurnýta hann í sama ferlinu og hann varð til í, eins og skilgreint er í ISO 14021, og einnig að undanskildum úrgangsviði, flísum og trefjum frá skógarhöggs- og sögunarstarfsemi.
- j) „Efniviður frá neytendum“: efniviður sem verður til á heimilum eða hjá verslunum, í iðnaði og á stofnunum, við hlutverk þeirra sem endanlegir notendur varanna, sem ekki er lengur hægt að nota í upprunalegum tilgangi, þ.m.t. efniviður sem er skilað úr dreifingarkeðjunni, eins og skilgreint er í ISO 14021.
- k) „Endurnýttur/undurheimtur efniviður“: efniviður sem annars hefði verið fargað sem úrgangi eða notaður til endurnýtingar orku en var þess í stað safnað saman og endurnýttur/undurheimtur sem flagsefniviður, í stað nýs grunnefniviðar, í endurvinnslu- eða framleiðsluferli, eins og skilgreint er í ISO 14021.
- l) „Endurrunninn efniviður“: efniviður sem hefur verið endurrunninn úr endurnýttum/undurheimtum efnivið í framleiðsluferli og gerður að fullunninni vöru eða hlut til ísetningar í vöru, eins og skilgreint er í ISO 14021, en að undanskildum úrgangsviði, flísum og trefjum frá skógarhöggs- og sögunarstarfsemi.
- m) „Þiljur, að meginhluta úr viði“: þiljur sem eru búnar til úr viðartrefjum í einum af nokkrum mismunandi ferlum sem geta falið í sér notkun á hækkuðu hitastigi, þrýstingi og bindiresínum eða límeffnum.
- n) „Aspenítplata“: marglaga plata, aðallega úr viðartrefjum ásamt bindiefni, eins og skilgreint er í EN 300. Trefjarnar í ysta laginu eru lagðar samsíða eftir lengd plötunnar eða breidd. Trefjarnar í innsta laginu eða lögunum geta raðast af handahófi eða samsíða, yfirleitt hornrétt á trefjarnar í ystu lögunum.
- o) „Spónaplata“: þiljuefni, sem er framleitt við þrýsting og hita úr viðarögnum (viðarflogur, -flísar, -spænic, sag o.þ.h.) og/eða öðru lignósellulósaefni í formi agna (hörkurl, hampkurl, kramin sykurreysbrot o.þ.h.) að viðbættu límeffni, eins og skilgreint er í EN 309.
- p) „Krossviður“: þiljur, að meginhluta úr viði, sem samanstanda af samsettum lögum sem eru límd saman þannig að trefjar í samliggjandi lögum liggja yfirleitt hornrétt hver á aðra, eins og skilgreint er í EN 313. Krossviður skiptist í marga mismunandi undirflokkana á grundvelli þess hvernig efnisskipanin er í krossviðnum (s.s. spónakrossviður (e. *veneer plywood*), miðjulagskrossviður (e. *core plywood*), jafnaður krossviður (e. *balanced plywood*) eða helstu endanlegrar notkunar hans (t.d. vatnsheldur krossviður).
- q) „Trefjaplötur“: margs konar gerðir af plötum sem eru skilgreindar í EN 316 og EN 622 og sem hægt er að skipta niður í undirflokkana masónít, meðalharðar plötur, mjúkar plötur og plötur sem eru framleiddar með þurrvinnslu, á grundvelli eðliseiginleika þeirra og framleiðsluferlis.
- r) „Auðlifbrjótanlegt efni“: efni sem sýnir 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringmyndunar innan 28 daga ef beitt er einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: OECD 301 A, ISO 7827, OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 301 D, ISO 10708, OECD 301 E, OECD 301 F, ISO 9408.
- s) „Efni sem er lífbrjótanlegt í eðli sínu“: efni sem sýnir 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringmyndunar innan 28 daga ef beitt er einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 14593, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B, ISO 9888, OECD 302 C.
- t) „Fullvinnsla“: aðferðir þar sem yfirlag eða yfirborðsmeðferðarefni er sett á yfirborð efnis. Aðferðirnar geta m.a. verið að setja málningu, prenthúð, lakk, spón, plasthúð, gegndreyptan pappír og þynnur til yfirborðsmeðhöndlunar.

- u) „Sæfivara“, eins og skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾:
- sérhvert efni eða blanda, í því formi sem efnið eða blandan er afhent notandanum, sem samanstendur af, inniheldur eða myndar eitt eða fleiri virk efni og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum,
 - sérhvert efni eða blanda sem myndast úr efnum eða blöndum sem sjálf falla ekki undir liðinn hér á undan og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum og
 - meðhöndluð vara sem hefur fyrst og fremst sæfandi hlutverk.
- v) „Viðarvarnarefni“: sæfivörur sem eru settar á við með yfirborðsmeðferð (t.d. úðun, penslun) eða djúpinnprengringu með þrýstingi (e. *deep penetrating process*) (t.d. þrýstingur í lofttæmi, tvítekið lofttæmi) (þ.e. trjábólir sem tekið er við í sögun, til notkunar í viðskiptalegum tilgangi, og öll síðari notkun á viðnum og vörum sem eru að meginhluta úr viði) eða á sjálfar vörurnar, sem eru að meginhluta úr viði, eða sem eru settar á undirlag sem er ekki úr viði (t.d. múrverk og byggingargrunna), eingöngu til að vernda aðliggjandi við eða vörur, sem eru að meginhluta úr viði, fyrir árás lífvera sem eyðileggja við (t.d. þurrafúu og termítar), samkvæmt skilgreiningu sem Staðlasamtök Evrópu sammæltust um (heimild CEN/TC 38 „Durability of wood and wood-based products“).
- w) „E1“: flokkun á grundvelli formaldehýðlosunar, sem er samþykkt innan allra aðildarríkja ESB, á þiljum sem eru að meginhluta úr viði og sem innihalda formaldehýð. Samkvæmt skilgreiningunni sem kveðið er á um í viðauka B við EN 13986 skal flokka þiljur, að meginhluta úr viði, sem E1 ef losun jafngildir styrk í stöðugu ástandi sem nemur 0,1 ppm (0,124 mg/m³) eða minna eftir 28 daga klefaprófun, sem er framkvæmd samkvæmt EN 717-1, eða ef ákvarðað er að formaldehýðinnihaldið í ofnþurrkaðri plötu nemi 8 mg/100 g eða minna þegar það er mælt samkvæmt EN 120 eða ef losunarhraði formaldehýðs nemur 3,5 mg/m² á klst. eða minna samkvæmt EN 717-2 eða 5,0 mg/m² klst. eða minna samkvæmt sömu aðferð en innan þriggja daga frá framleiðslu.
- x) „Húðaðir dúkar“: dúkar með viðloðandi, afmarkað, samfellt lag af gúmmí og/eða efni, að meginhluta úr plasti, á yfirborðinu öðru megin eða báðum megin, eins og skilgreint er í EN 13360, þ.m.t. efni til bólstrunar sem eru almennt nefnd „gervileður“.
- y) „Textílefni“: náttúrulegar trefjar, gervitrefjar og tilbúnar beðmistrefjar.
- z) „Náttúrulegar trefjar“: baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi, hör og aðrar bastrefjar, ull og aðrar hynistrefjar.
- aa) „Gervitrefjar“: trefjar úr akrýl, elastani, pólýamíði, pólýester og pólýprópýleni.
- bb) „Tilbúnar beðmistrefjar“: trefjar úr lýósell, módal og viskósa.
- cc) „Bólstrun“: notkun efniviða til að klæða, bólstra og fylla sæti, dýnur eða önnur húsgögn og getur náð yfir áklæðisefni s.s. leður, húðaða dúka og textílefni sem og bólsturefni s.s. þjált frauðefni úr fjölliðum, að meginhluta úr gúmmílatexi og pólýúretani.
- dd) „Efni“: frumefni og efnasambönd þess, náttúruleg eða unnin með framleiðsluferlum, þ.m.t. öll aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika þess og öll óhreinindi sem stafa frá vinnslunni, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess, eins og skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽²⁾.
- ee) „Blanda“: blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna, eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjútíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjútíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- ff) „Íhlutur“: stífar og afmarkaðar einingar með lögun og form sem ekki þarf að breyta fyrir samsetningu fullnunu vörunnar í fullkomlega starfhæfri mynd hennar þó að staðsetningin geti breyst við notkun á fullnunu vörunni og eru m.a. lamir, skrúfur, rammar, skúffur, hjól og hillur.
- gg) „Íhlutarefniviðir“: efniviðir með lögun og form sem getur breyst áður en húsgagn er sett saman eða meðan húsgagn er notað og er m.a. textílefni, leður, húðaðir dúkar og pólýúretanfraud sem eru notuð til bólstrunar. Timbur frá birgjum getur talist íhlutarefniviður en síðar verið sagað og meðhöndlað til að breyta því í íhlut.

3. gr.

Vara skal falla undir vöruflokkinn „húsgögn“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við vistfræðilegar viðmiðanir sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „húsgögn“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í sex ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „049“ notað fyrir vöruflokkinn „húsgögn“.

6. gr.

Ákvörðun 2009/894/EB er felld úr gildi.

7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardegi þessarar ákvörðunar, metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2009/894/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „viðarhúsgögn“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/894/EB eða viðmiðunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

Umsóknir skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2009/894/EB má nota í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

VIÐMIÐANIR VEGNA UMhverfismerkis ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir húsgögn:

1. Vörulýsing
2. Almennar kröfur um hættuleg efni og blöndur
3. Viður, korkur, bambus og spanskreyr
4. Plast
5. Málmar
6. Áklæðisefni til bólstrunar
7. Efniviðir í bólstur
8. Gler: notkun á þungmálmum
9. Kröfur varðandi fullunna vöru
10. Neytendaupplýsingar
11. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

KRÖFUR VEGNA MATS OG SANNPRÓFUNAR

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur, eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar, mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð, sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir prófunar- og kvörðunarstofur, og sannprófanir aðila sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bærir aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Skilyrði er að varan uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins eða landanna þar sem er fyrirhugað er að setja hana á markað. Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB endurspeglar vörur með mesta vistvænleika á húsgagnamarkaðnum. Viðmiðanirnar skiptast „eftir efnivið“ til að auðvelda mat í ljósi þess að mörg húsgögn innihalda aðeins einn eða tvo af þeim efniviðum sem eru taldir upp hér að framan.

Þó að iðefnanotkun og losun mengunarefna séu hluti af framleiðsluferlinu eru ekki notuð hættuleg efni, ef þess er nokkur kostur, eða takmörkuð við það lágmark sem er nauðsynlegt til að veita húsgögnunum fullnægjandi virkni og uppfylla á sama tíma stranga gæða- og öryggisstaðla. Því er veitt undanþága, háð skilyrðum, í undantekningartilvikum vegna tiltekinna efna eða efnahópa í því skyni að yfirfæra ekki álag á umhverfið á önnur stig vistferilsins eða önnur umhverfisáhrif og eingöngu ef engir aðrir vænlegir valkostir eru fyrir hendi á markaðnum.

Viðmiðun 1 — Vörulýsing

Tæknilegar teikningar, sem sýna samsetningu íhluta/íhlutaefniviða og undiríhluta/undiríhlutaefniviða sem mynda fullnið húsgagn, og mál þess, skulu látnar í té til þar til bærs aðila ásamt lista yfir efniviði vörunnar þar sem fram skulu koma heildarþyngd vörunnar sjálfrar og hvernig hún skiptist milli eftirtalinna, mismunandi efniviða: gegnheill viður, þiljur, að meginhluta úr viði, korkur, bambus, spanskreyr, plast, málmar, leður, húðaðir dúkar, textílefni, gler og efniviðir í bólstur/fyllingu.

Allur efniviður sem eftir er, sem fellur ekki í ofangreinda flokka, skal skráður sem „annar“ efniviður.

Heildarmagn „annars“ efniviðar skal ekki fara yfir 5% af heildarþyngd vörunnar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja gögn fyrir þar til bærán aðila sem innihalda:

- i. Tæknilegar teikningar sem sýna mismunandi íhluti/íhlutaefniviði og undiríhluti/undiríhlutaefniviði sem eru notaðir við samsetningu húsgagnsins.
- ii. Heildarlista yfir efniviði þar sem fram kemur heildarþyngd vörueiningarinnar og hvernig þyngdin skiptist milli gegnheils viðar, þilja, að meginhluta úr viði, korks, bambuss, spanskreyrs, plasts, málma, leðurs, textílefna, húðaðra dúka, glers, efniviðar í bólstur/fyllingu og „annars“ efniviðar. Þyngd mismunandi efniviða skal gefin upp í grömmum eða kílóum og sem hundradshluti af heildarþyngd vörueiningarinnar.

Viðmiðun 2 — Almennar kröfur um hættuleg efni og blöndur

Tilvist efna, sem eru tilgreind skv. 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem sérlega varasöm efni eða efni og blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun, merkingu og þökkun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008⁽¹⁾, m.t.t. þeirra hættuþátta sem eru tilgreindir í töflu 1, skal takmörkuð í vörunni og öllum íhlutum/íhlutaefniviðum hennar í samræmi við viðmiðanir 2.1, 2.2(a) og 2.2(b).

Að því er varðar þessa viðmiðun er skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni og hættuflokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun raðað saman í töflu 1 samkvæmt hættueiginleikum þeirra.

Tafla 1.

Flokkun takmarkandi hættuþátta

Hætta - hópur 1 — sérlega varasöm efni og samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hætta sem tilgreinir efni eða blöndu þannig að þau tilheyri hópi 1:

Efni sem eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni

Efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og/eða hafa eiturrhrif á æxlun (CMR-efni), undirflokkur 1A eða 1B: H340, H350, H350i, H360, H360F, H360D, H360FD, H360Fd, H360Df

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtd. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

Hætta - hópur 2 — samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hætta sem tilgreinir efni eða blöndu þannig að þau tilheyri hópi 2

2. undirflokkur, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrif á æxlun: H341, H351, H361f, H361d, H361fd, H362

1. undirflokkur, eiturrif á vatnsumhverfi: H400, H410

1. og 2. undirflokkur, bráð eiturrif: H300, H310, H330

1. undirflokkur, eiturrif við ásvelgingu: H304

1. undirflokkur, sértæk eiturrif á marklíffæri (STOT): H370, H372

1. undirflokkur, húðnæmir H317

Hætta - hópur 3 — samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hætta sem tilgreinir efni eða blöndu þannig að þau tilheyri hópi 3

2., 3. og 4. undirflokkur, eiturrif á vatnsumhverfi: H411, H412, H413

3. undirflokkur, bráð eiturrif: H301, H311, H331, ESB-H070

2. undirflokkur, sértæk eiturrif á marklíffæri: H371, H373

2.1. Takmarkanir á sérlega varasömum efnum

Varan og allir íhlutir/íhlutaefniviðir hennar skulu ekki innihalda sérlega varasöm efni í styrk sem er meiri en 0,10% (massahlutfall).

Ekki skal veita neina undanþágu frá þessari kröfu fyrir sérlega varasöm efni, sem eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, þannig að þau verði til staðar í vörinni eða íhlutum/íhlutaefniviðum hennar í styrk sem er meiri en 0,10% (massahlutfall).

Litið er svo á að textílefnir, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana sem komið var á í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB ⁽¹⁾, teljist uppfylla viðmiðun 2.1.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal taka saman yfirlýsingar um að varan og allir íhlutir/íhlutaefniviðir, sem eru notaðir við samsetningu vörunnar, innihaldi ekki sérlega varasömu efni í tilgreindum styrkleikamörkum eða þar yfir. Yfirlýsingarnar skulu innihalda tilvísun í nýjustu útgáfu skrár yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni sem Efnastofnun Evrópu birtir ⁽²⁾.

Að því er varðar textílefnir, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB, skal leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB sem sönnun fyrir reglufylgni.

2.2. Takmarkanir á notkun efna og blandna, sem eru flokkuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, í húsgagn

Kröfurnar skiptast í tvo hluta, á grundvelli framleiðslustigs húsgagnsins. Hluti a) á við um efni og blöndur sem eru notuð á einhverju stigi fullvinnslu eða samsetningar sem framleiðandi húsgagnsins sér beint um. Hluti b) á við um efni og blöndur sem eru notuð við framleiðslu á íhlutum/íhlutaefniviðum frá birgjum.

Litið er svo á að textílefnir, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana sem komið var á í ákvörðun 2014/350/ESB, teljist uppfylla viðmiðanir 2.2(a) og 2.2(b).

2.2(a) Efni og blöndur sem framleiðandi húsgagnanna notar

Ekkert af límefnunum, lakkinu, málningunni, grunnmálningunni, viðarbæsinu, sæfivörunum (s.s. viðarvarnarefni), eldtefjandi efnunum, fylliefnunum, vaxinu, olíunum, fylliefnunum í samskeytin, þéttiefnunum, leysilítarefnunum, resínunum eða smurolíunni, sem framleiðandi húsgagnanna notar beint, skulu falla undir einhverja af hættuflokkuninni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun, sem er tilgreind í töflu 1, nema notkun þeirra sé sérstaklega undanþegin í töflu 2.

2.2(b) Efni og blöndur sem birgjar skilgreindra íhluta/íhlutaefniviða nota

Þessi viðmiðun gildir ekki um staka íhluti/íhlutaefniviða frá birgjum sem: i) vega minna en 25 g og ii) komast ekki í beina snertingu við notendur meðan á venjulegri notkun stendur.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB frá 5. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur (Stj. tíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 45).

⁽²⁾ Efnastofnun Evrópu, skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, til samþykkis, <http://www.echa.europa.eu/candidate-list-table>.

Ekkert af efnunum eða blöndunum sem birgjar nota, sem falla undir gildissviðið sem er skilgreint hér á eftir, skulu falla undir einhverja af hættuþáttunum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun, sem eru tilgreindir í töflu 1, nema notkun þeirra sé sérstaklega undanþegin í töflu 2:

- Gegnheill viður og þiljur, að meginhluta úr viði, límfefni, lökk, málning, viðarbæs, sæfivörur (s.s. viðarvarnarefni), grunnmálning, eldtefjandi fylliefni, vax, olíur, fylliefni í samskeyti, þéttiefni og resín sem eru notuð.
- Plast: fastlitarefni, mýkiefni, sæfivörur og eldtefjandi efni sem eru notuð sem aukefni.
- Málmar: málning, grunnmálning eða lökk sem eru borin á málmflöt.
- Textílefni, leður og húðaðir dúkar notuð við bólstrun: leysilitarefni, lökk, ljósvirk bleikiefni, stöðgarar, hjálparefnasambönd, eldtefjandi efni, mýkiefni, sæfivörur eða vatns-/óhreininda-/blettafæliefni sem eru notuð.
- Efniviðir í bólstur: sæfivörur, eldtefjandi efni eða mýkiefni sem eru notuð á efniviðinn.

Tafla 2.

Undanþágur frá takmörkunum vegna hættu í töflu 1 og viðeigandi skilyrði

Tegund efnis/blöndu	Notkunarsvið	Undanþegin flokkun/ undanþegnar flokkanir	Skilyrði undanþágu
a) Sæfivörur (s.s. viðarvarnarefni)	Meðhöndlun íhluta í húsgögn og/eða efniviða til bólstrunar sem á að nota í fullunnu vörunni	Öll hættu í hópum 2 og 3, sem er tilgreind í töflu 1, að undanskildri hættu vegna efna sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun	Einungis ef virka efnið í sæfivörunni er samþykkt eða er í skoðun, á meðan beðið er ákvörðunar um samþykki samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012, eða er á skrá í I. viðauka við þá reglugerð og ef eftirfarandi aðstæður eru fyrir hendi, eins og við á: <ul style="list-style-type: none"> i. Fyrir rotvarnarefni fyrir vörur í flátum sem eru fyrir hendi í samsetningum til yfirborðsmeðferðar sem eru bornar á íhluti/íhlutaefniviði í inni- og útihúsgögnum ii. Fyrir rotvarnarefni í þurrfilmu sem er fyrir hendi í yfirborðsmeðferðarefnum sem eru einungis borin á útihúsgögn. iii. Fyrir rotvarnarmeðhöndlun á við sem á að nota í útihúsgögn en einungis ef upprunalegi viðurinn uppfyllir ekki kröfurnar fyrir 1. eða 2. Endingarflokk samkvæmt EN 350. iv. Fyrir textíldúka eða húðaða dúka sem eru notaðir í útihúsgögn. Sannprófun: Umsækjandi skal gefa yfirlýsingu um hvaða virku efni sem er að finna í sæfivörunni, ef einhver eru, hafa verið notuð við framleiðslu á mismunandi húsgagnaíhlutum/-efniviðum, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum, viðeigandi öryggisblöðum, CAS-númerum og niðurstöðum úr EN 350-prófunum, eins og við á.

Tegund efnis/blöndu	Notkunarsvið	Undanþegin flokkun/ undanþegnar flokkanir	Skilyrði undanþágu
b) Eldtefjandi efni	Textílefni, leður, húðaðir dúkar í áklæðisefnum til húsgagnabólstrunar og einnig efniviður í bólstur	H317, H373, H411, H412, H413	Varan þarf að vera ætluð til notkunar sem krefst þess að uppfylltar séu brunavarnarkröfur í innkaupastöðlum og -reglum ISO, EN, aðildarríkis eða hjá hinu opinbera.
c) Eldtefjandi efni/antímonþríoxíð (ATO)		H351	Antímonþríoxíð er einungis leyft þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: i. Varan þarf að vera ætluð til notkunar sem krefst þess að uppfylltar séu brunavarnarkröfur í innkaupastöðlum og -reglum ISO, EN, aðildarríkis eða hjá hinu opinbera. ii. Það er notað sem samverkandi efni með textílefnum eða húðuðum dúkum. iii. Losun í andrúmsloft á vinnustað þar sem eldtefjandi efnið er borið á textílvöruna skal miðast við viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem nema 0,50 mg/m ³ á hverjar átta klukkustundir.
d) Nikkel	Málmíhlutir	H317, H351, H372	Einungis leyft þegar það er notað í íhluti úr ryðfríu stáli eða nikkelhúðaða íhluti og þegar losunarhraði nikkelsins er minni en 0,5 µg/cm ² /viku samkvæmt EN 1811.
e) Krómsambönd		H317, H411	Undanþágan gildir einungis um króm(III) efnasambönd sem eru notuð í rafhúðun (t.d. króm(III)klóríð).
f) Sinksambönd		H300, H310, H330, H400, H410	Undanþágan gildir einungis um sinksambönd sem eru notuð í rafhúðun eða heitsinkhúðun (s.s. sinkoxíð, sinkklóríð og sinksýaníð).
g) Leysilitarefni fyrir litun og prentun án fastlitarefna	Textílefni, leður og húðaðir dúkar í áklæðisefnum til húsgagnabólstrunar	H301, H311, H317, H331	Þegar litunarstöðvar og prentsmiðjur nota ryklaugar samsetningar leysilitarefna eða sjálfvirka skömmtun leysilitarefna í því skyni að lágmarka váhrif á starfsfólk.

Tegund efnis/blöndu	Notkunarvið	Undanþegin flokkun/ undanþegnar flokkanir	Skilyrði undanþágu
		H411, H412, H413	Leysilitunarvinnsla þar sem notaðir eru hvarfgjarnir leysilitir, jafnleysilitir, kerleysilitir eða brennisteinsleysilitir með þessum flokkunum skal a.m.k. uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:
			<ul style="list-style-type: none"> i. Notaðir eru leysilitir með mikla sækni. ii. Tíðni gallaðra vara er haldið innan við 3,0%. iii. Notaður er tækjabúnaðar við litaðhæfingu. iv. Notaðar eru staðlaðar verklagsreglur við leysilitunarvinnslna. v. Notuð er fjarlæging litarefna til að meðhöndla skólp (*). <p>Notkun litunar á spunalausnum og/eða stafræn prentun er undanþegin frá þessum skilyrðum.</p>
h) Ljósvarmik bleikiefni	Textílefni, leður og húðaðir dúkar í áklæðisefnum til húsgagnabólstrunar	H411, H412, H413	Ljósvarmik bleikiefni má einungis nota í eftirfarandi tilvikum: <ul style="list-style-type: none"> i. Við prentun með hvítum lit. ii. Sem íblöndunarefni við framleiðslu á akrýl, pólýamíði eða pólýester með endurunnu innihaldi.
i) Fæliefni fyrir vatn, óhreinindi og bletti	Notkun við hvers konar yfirborðsmeðferð á húsgagnahlutum/-efni-viðum	H413	Fæliefnið og niðurbrotsefni þess skulu annað hvort: <ul style="list-style-type: none"> i. vera auðlífbrjótanleg og/eða lífbrjótanleg í eðli sínu eða ii. hafa litla getu til uppsöfnunar í lífverum (deilistuðull oktanóls og vatns (Log Kow) ≤ 3,2 eða lífþéttistuðull < 100) í vatnsumhverfi, þ.m.t. vatnaset.
j) Stöðgarar og lökk	Notkun við framleiðslu á húðuðum dúk	H411, H412, H413	Nota skal sjálfvirka skömmun og/eða persónuhlífar í því skyni að lágmarka váhrif á starfsfólki. Að minnsta kosti 95% af þessum aukefnum verða að sýna a.m.k. 80% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga með notkun prófunaraðferða samkvæmt OECD 303A/B og/eða ISO 11733.
k) Hjálparefni (samanstanda af burðar-efnum, sléttiefnum, dreifiefnum, yfirborðsvirkum efnum, þykkingarefnum og bindiefnum)	Notkun við meðhöndlun á áklæðisefnum til húsgagnabólstrunar (textílefnum, leðri eða húðuðum dúkum)	H301, H311, H317, H331, H371, H373, H411, H412, H413, EUH070.	Uppskriftir skulu settar þannig fram að notuð séu sjálfvirk skömmunarkerfi og vinnsluferli skulu fylgja stöðluðum verklagsreglum. Efni sem eru flokkuð með H311 eða H331 skulu ekki vera til staðar á efniviðnum í styrkleika yfir 1,0% (massahlutfall).

Tegund efnis/blöndu	Notkunarvið	Undanþegin flokkun/ undanþegnar flokkarnir	Skilyrði undanþágu
l) Málning, lökk, resín og límefti	Hvers konar húsgagnahlutir/-efniviður	H304, H317, H412, H413, H371, H373	Leggja skal fram öryggisblað fyrir efna-blönduna, þar sem skýrt er skilmerkilega frá réttum persónuhlífum og fullnægjandi verklagsreglum um geymslu, meðhöndlun, notkun og förgun þessara blandna meðan á notkun stendur, og yfirlýsingu til að sýna fram á að þessum ráðstöfunum sé fylgt.
		H350	Gildir einungis um resín, að stofni til úr formaldehyði, þar sem óbundin formaldehyðinnihald í resínsamsetningunni (resín, límefti og herðir) fer ekki yfir 0,2% (massahlutfall) eins og það er ákvarðað með aðferð samkvæmt ISO 11402 eða jafngildri aðferð.
m) Smurolíur	Í hluti sem eru hannaðir til að hreyfast endurtekið meðan á venjulegri notkun stendur	Allir hættuþættir í 2. hópi, að undanskildum efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun, og allir hættuþættir í 3. hópi sem eru tilgreindir í töflu 1	Einungis skal heimilt að nota smurolíu ef hægt er að sýna fram á með viðeigandi OECD- eða ISO-prófunum að hún sé auðlífrjótanleg eða lífrjótanleg í eðli sínu í vatnsumhverfi, þ.m.t. vatnaset

(*) Litið skal svo á að fjarlæging litarefna eigi sér stað við hreinsun skólps þegar frárennsli frá litunarhúsinu uppfyllir eftirtalda litrófsstuðla: i) 7 m^{-1} við 436 nm, 5 m^{-1} við 525 nm og 3 m^{-1} við 620 nm.

Mat og sannpröfun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðanir 2.2(a) og 2.2(b), sem er studd með yfirlýsingu frá birgjum, eftir því sem við á. Yfirlýsingar skulu studdar með skráum yfir viðkomandi blöndur eða efni sem eru notuð ásamt upplýsingum um hættuflokkun þeirra eða enga flokkun.

Eftirfarandi upplýsingar skulu lagðar fram fyrir hvert efni eða blöndu til stuðnings yfirlýsingum um hvort þau séu flokkuð í hættuflokk eða ekki:

- CAS-númer, EB-númer eða númer í skrá (ef þau liggja fyrir um blöndur).
- Eðlisástandið og hamurinn sem efnið eða blandan eru notuð í.
- Samræmd hættuflokkun fyrir efni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- Sjálfsflokknarfærslur í gagnagrunni Efnastofnunar Evrópu um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) ⁽¹⁾ (ef samræmd flokkun er ekki fyrir hendi).
- Flokkun blöndu samkvæmt viðmiðuninni sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Þegar hugað er að sjálfsflokknarfærslum í gagnagrunninum um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) skulu færslur úr sameiginlegri framlagningu njóta forgangs.

Ef flokkun er skráð með „gögn vantar“ eða „ófullnægjandi“ samkvæmt gagnagrunninum um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) eða ef efni hefur enn ekki verið skráð samkvæmt REACH-kerfinu skal leggja fram eiturefnafræðileg gögn, sem uppfylla kröfurnar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem nægja til að styðja endanlega sjálfsflokknun í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og stuðningsleiðbeiningar Efnastofnunar Evrópu. Ef um er að ræða gagnagrunnsfærslur með „gögn vantar“ eða „ófullnægjandi“ skal staðfesta sjálfsflokknun; í því sambandi eru eftirfarandi upplýsingaveitur teknar gildar:

- Eiturefnafræðilegar rannsóknir og hættumat af hálfu eftirlitsstofnana sem eru á sama stigi og Efnastofnun Evrópu ⁽²⁾, eftirlitsstofnana aðildarríkja eða milliríkjastofnana.

⁽¹⁾ Efnastofnun Evrópu, gagnagrunnur um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH): <http://www.echa.europa.eu/information-on-chemicals/registered-substances>.

⁽²⁾ Efnastofnun Evrópu, „Cooperation with peer regulatory agencies“, <http://echa.europa.eu/about-us/partners-and-networks/international-cooperation/cooperation-with-peer-regulatory-agencies>.

- ii. Öryggisblað, fyllt út til fulls í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- iii. Skjalfest sérfræðiálit frá sérfræðingi í eiturefnafræði. Þetta skal byggt á endurskoðun á birtum vísindaskrifum og fyrirliggjandi prófunargögnum, stutt, ef nauðsyn krefur, með niðurstöðum úr nýjum prófunum sem óháðar rannsóknarstofur framkvæma með aðferðum sem Efnastofnun Evrópu viðurkennir.
- iv. Staðfesting, byggð á sérfræðiáliti, eftir því sem við á, sem gefin er út af viðurkenndri samræmismatsstofu sem annast hættumót samkvæmt hnattsamræmdu kerfi um flokkun og merkingu íðefna eða kerfi til hættuflokkunar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Upplýsingar um hættulega eiginleika efna eða blandna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguáðferða á borð við aðferðir í glasi, með líknum af meginlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Að því er varðar efni og blöndur sem njóta undanþágu, sem eru tilgreind í töflu 2, skal umsækjandinn leggja fram sannanir fyrir því að öll skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt.

Litið skal svo á að efni, að stofni til úr textíl, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB, séu í samræmi við viðmiðanir 2.2(a) og 2.2(b); þó skal leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB.

Viðmiðun 3 — Viður, korkur, bambus og spanskreyr

Heitið „viður“ á ekki einungis við um gegnheilan við heldur einnig um viðarflísar og viðartrefjar. Ef viðmiðanir vísa einungis til þilja, að meginhluta úr viði, er þess getið í fyrirsögn þessara viðmiðana.

Ekki skal nota plasthinnur, sem eru framleiddar með notkun vínýlklóríðeinliða, í neinn hluta húsgagns.

3.1. Sjálfbær viður, korkur, bambus og spanskreyr

Þessi viðmiðun gildir einungis ef innihald viðar eða þilja, að meginhluta úr viði, fer yfir 5% (massahlutfall) af þyngd fullunnu vörunnar (að undanskildum umbúðum).

Allur viður, korkur, bambus og spanskreyr skal falla undir aðfangakeðjuvottorð, sem gefin eru út af óháðu vottunarkerfi þriðja aðila, t.d. skógarnytjaráðinu (FSC), áætlun um viðurkenningu á skógavottunarkerfinu (PEFC) eða jafngildu kerfi.

Nýr viður, korkur, bambus og spanskreyr skal ekki vera upprunninn úr tegundum sem eru erfðabreyttar lífverur og skal hafa gild vottorð vegna sjálfbærrar skógarstjórnunar sem gefin eru út af óháðu vottunarkerfi þriðja aðila, s.s. FSC, PEFC eða jafngildu kerfi.

Ef vottunarkerfi heimilar blöndun á óvottuðum efnivið og vottuðum og/eða endurrunnum efniviðum í vöru eða framleiðslulínu skal a.m.k. 70% af viðnum, korknum, bambusnum eða spanskreyrnum, eins og við á, vera nýr efniviður með vottun um sjálfbærni og/eða endurrunninn efniviður.

Óvottaður efniviður skal falla undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðju skulu faggiltir eða viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

Mat og sannprófun: Umsækjandi eða efniviðarbirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi, sem er studd með gildu aðfangakeðjuvottorði eða gildum aðfangakeðjuvottorðum, vottuð af óháðum aðilum, fyrir allan viðar-, kork-, bambus- eða spanskreyrsefnivið sem er notaður í vöruna eða framleiðslulínuna og sýna fram á að a.m.k. 70% af efniviðnum sé upprunninn úr skógum eða af svæðum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógvörslu og/eða úr endurrunnu efni sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í viðkomandi, óháðri aðfangakeðjuáætlun. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun þriðja aðila. Ef ekki er gerð krafa um það í kerfinu að allur nýr efniviður sé fenginn úr tegundum sem eru ekki erfðabreyttar lífverur skal leggja fram viðbótarsannanir til að sýna fram á það.

Ef vara eða framleiðslulína inniheldur óvottaðan nýjan efnivið skal leggja fram sönnun fyrir því að óvottaði nýi efniviðurinn sé innan við 30% og það falli undir sannpröfunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

3.2. Efni sem sæta takmörkunum

Til viðbótar við almennu kröfurnar um hættuleg efni, sem settar eru fram í viðmiðun 2, gilda eftirfarandi skilyrði sérstaklega um alla húsgagnahluti úr viði, korki, bambus eða spanskreyr eða sérstaklega einungis um þiljur að meginhluta úr viði, ef minnst er á síðarnefnda heitið í fyrirsögn viðmiðunarinnar:

3.2(a) Aðskotaefni í endurunnum viði sem er notaður í þiljur, að meginhluta úr viði

Allar endurunnar viðartrefjar eða viðarflísar, sem eru notaðar í framleiðslu á þiljum, að meginhluta úr viði, skulu prófaðar í samræmi við EPF-staðalinn (European Panel Federation) um afhendingarskilmála fyrir endurunnum við (¹) og vera í samræmi við mörk fyrir aðskotaefni eins og tilgreint er í töflu 3.

Tafla 3.

Mörk fyrir aðskotaefni í endurunnum við

Aðskotaefni	Viðmiðunarmörk (mg/kg endurunnninn viður)	Aðskotaefni	Viðmiðunarmörk (mg/kg endurunnninn viður)
Arsen (As)	25	Kvikasilfur (Hg)	25
Kadmíum (Cd)	50	Flúor (F)	100
Króm (Cr)	25	Klór (Cl)	1000
Kopar (Cu)	40	Pentaklórófenól (PCP)	5
Blý (Pb)	90	Kreósót (bensó(a)pýren)	0,5

Mat og sannpröfun: Umsækjandinn skal leggja fram eitt af eftirfarandi:

- Yfirlýsingu frá framleiðanda þiljanna, að meginhluta úr viði, um að endurunnar viðartrefjar hafi ekki verið notaðar í þiljurnar eða
- yfirlýsingu frá framleiðanda þiljanna, að meginhluta úr viði, um að dæmigerð sýni allra enduruninna viðartrefja sem voru notaðar hafi verið prófuð í samræmi við „EPF Standard conditions for the delivery of recycled wood“ frá árinu 2002, sem er studd viðeigandi prófunarskýrslum þar sem sýnt er fram á að sýni af endurunnum viðartrefjum hafi verið í samræmi við mörkin sem eru tilgreind í töflu 3.
- yfirlýsingu frá framleiðanda þiljanna, að meginhluta úr viði, um að dæmigerð sýni allra enduruninna viðartrefja sem voru notaðar hafi verið prófuð í samræmi við aðra jafngilda staðla með jafngild eða strangari mörk en eru í „EPF Standard conditions for the delivery of recycled wood“ frá árinu 2002, sem er studd viðeigandi prófunarskýrslum þar sem sýnt er fram á að sýni af endurunnum viðartrefjum hafi verið í samræmi við gildin sem eru tilgreind í töflu 3.

3.2(b) Þungmálmar í málningu, grunnmálningu og lakki

Málning, grunnmálning eða lökk, sem eru notuð á við, eða efnivið að meginhluta úr viði, skulu ekki innihalda efni sem eru að stofni til úr kadmíumi, blýi, sexgildu krómi, kvikasilfri, arseni eða seleni í styrk sem fer yfir 0,010% (massahlutfall), fyrir hvern einstakan málm, í láti af málningu, grunnmálningu eða lakksamsetningu.

Mat og sannpröfun: Umsækjandi eða efniviðarbirgji, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun og leggja fram öryggisblöð, eftir því sem við á, frá birgjum málningar, grunnmálningar og/eða lakks sem notað er.

(¹) „EPF Standard for delivery conditions of recycled wood“, október 2002. Er tiltækt á Netinu á: <http://www.europanel.org/upload/EPF-Standard-for-recycled-wood-use.pdf>

3.2(c) Innihald lífrænna rokefna í málningu, grunnmálningu og lakki

Þessi viðmiðun gildir ekki um ómeðhöndlað viðaryfirborð eða um náttúrulegt viðaryfirborð sem er meðhöndlað með sápu, vaxi eða olíu.

Þessi viðmiðun gildir einungis ef innihald húðaðs viðar eða þilja, að meginhluta úr viði, (að undanskildu ómeðhöndluðu viðaryfirborði eða náttúrulegu viðaryfirborði sem er meðhöndlað með sápu, vaxi eða olíu) fer yfir 5% (massahlutfall) í fullunnu húsgagni (að undanskildum umbúðum).

Það er ekki nauðsynlegt að uppfylla kröfurnar í þessari viðmiðun ef hægt er að sýna fram á samræmi við viðmiðun 9.5.

Innihald lífrænna rokefna í allri málningu, grunnmálningu eða lökkum, sem eru notuð til að þekja við eða þiljur, að meginhluta úr viði, sem eru notaðar í húsgagn, skal ekki fara yfir 5% (styrkur í íláti).

Þó má nota yfirborðsmeðferðarefni sem innihalda meira af rokgyörnum, lífrænum efnasamböndum ef hægt er að sýna fram á eftirfarandi:

- Heildarmagn rokgyarnra, lífrænna efnasambanda í málningunni, grunnmálningunni eða lakkinu sem er notað við yfirborðsmeðferðina nemur minna en 30 g/m^2 af yfirborðsfletinum sem fær meðferðina eða
- heildarmagn rokgyarnra, lífrænna efnasambanda í málningunni, grunnmálningunni eða lakkinu sem er notað við yfirborðsmeðferðina er á bilinu $30\text{--}60 \text{ g/m}^2$ af yfirborðsfletinum sem fær meðferðina og gæði yfirborðsmeðferðarinnar uppfylla allar kröfurnar sem settar eru fram í töflu 4.

Tafla 4.

Kröfur um gæði yfirborðsmeðferðar ef notkunarmagn rokgyarnra, lífrænna efnasambanda er $30\text{--}60 \text{ g/m}^2$

Prófunarstaðall	Ástand	Niðurstaða sem krafist er
EN 12720. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn köldum vökva	Snerting við vatn	Engin breyting eftir 24 klst. snertingu
	Snerting við fitu	Engin breyting eftir 24 klst. snertingu
	Snerting við alkóhól	Engin breyting eftir 1 klst. snertingu
	Snerting við kaffi	Engin breyting eftir 1 klst. snertingu
EN 12721. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn rökum hita	Snerting við hitagjafa sem er $70 \text{ }^\circ\text{C}$	Engin breyting eftir prófun
EN 12722. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn þurrum hita	Snerting við hitagjafa sem er $70 \text{ }^\circ\text{C}$	Engin breyting eftir prófun
EN 15186. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn rispum	Snerting við demantsrispunarodd	Aðferð A: engar rispur $\geq 0,30 \text{ mm}$ þegar álaginu 5 N hefur verið beitt eða Aðferð B: engar rispur sjáanlegar í ≥ 6 rifum í skoðunarsniðmáti þegar álaginu 5 N hefur verið beitt

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi þar sem tilgreint er hvort samræmi hafi náðst vegna þess að húsgagnið er undanþegið viðmiðuninni eða hvort hún hafi náðst vegna stýrðrar notkunar á rokgyörnum, lífrænum efnasamböndum við yfirborðsmeðferðina.

Í síðara tilvikinu skulu upplýsingar frá birgi málningar, grunnmálningar eða lakks, þar sem fram kemur innihald og þéttleiki lífrænna rokefna málningarinnar, grunnmálningarinnar eða lakksins (bæði í g/L), og útreikningur á raunverulegu innihaldi lífrænna rokefna í prósentum, styðja yfirlýsingu umsækjandans.

Ef innihald lífrænna rokefna í málningu, grunnmálningu eða lakki er meira en 5% (styrkur í fláti) skal umsækjandinn annað hvort:

- i. Leggja fram útreikninga sem sýna fram á að raunverulegt magn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem borin eru á yfirborðsflötinn sem fær meðferðina á endanlega samsetta húsgagninu, er minna en 30 g/m² í samræmi við leiðbeiningarnar sem gefnar eru í I. viðbæti.
- ii. Leggja fram útreikninga sem sýna fram á að raunverulegt magn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem borin eru á yfirborðsflötinn sem fær meðferðina á endanlega samsetta húsgagninu, er minna en 60 g/m² í samræmi við leiðbeiningarnar sem gefnar eru í I. viðbæti og leggja fram prófunarskýrslur þar sem sýnt er fram á að yfirborðsmeðferðin sé í samræmi við kröfurnar í töflu 4.

3.3. Losun formaldehýðs úr þiljum, að meginhluta úr viði

Þessi viðmiðun gildir einungis ef innihald þilja, að meginhluta úr viði, í fullunna húsgagninu (að undanskildum umbúðum) fer yfir 5% (massahlutfall).

Losun formaldehýðs úr öllum þiljum, að meginhluta úr viði, frá birgjum í því formi sem þær eru notaðar í húsgagnid (með öðrum orðum ómeðhöndlaðar, húðaðar, klæddar, spónlagðar) og sem voru framleiddar með því að nota resín, að stofni til úr formaldehýði, skal:

- vera lægra en 50% af viðmiðunargildinu sem gerir kleift að flokka þær sem E1,
- vera lægra en 65% af viðmiðunargildinu ef um er að ræða MDF-plötur,
- vera lægri en mörkin sem sett eru fram í „CARB Phase II“ eða japönsku stöðlunum „F-3 star“ eða „F-4 star“.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun þar sem fram kemur að umsækjandinn hafi ekki gert frekari breytingar á þiljunum né heldur meðhöndlað þær á einhvern hátt sem spillir fyrir því að þiljurnar, eins og þær koma frá birgjum, séu í samræmi við tilskilin ákvæði um losunarmörk fyrir formaldehýð. Mat og sannprófun á þiljum sem losa lítið formaldehýð skulu vera mismunandi eftir því hvaða vottunarkerfi þær falla undir. Sannprófunarskjölunum, sem krafist er fyrir hvert kerfi, er lýst í töflu 5.

Tafla 5.

Mat og sannprófun á þiljum sem losa lítið formaldehýð

Vottunarkerfi	Sannprófunarskjöl
E1 (eins og skilgreint er í viðauka B við EN 13986)	Yfirlýsing frá framleiðanda þilja, að meginhluta úr viði, þar sem fram kemur að þiljurnar uppfylli viðmiðun um 50% af losunarmörkum samkvæmt E1 eða, ef um er að ræða MDF-þiljur, 65% af losunarmörkum samkvæmt E1, studd skýrslum um prófanir sem eru gerðar samkvæmt EN 717-2, EN 120, EN 717-1 eða jafngildum aðferðum.
CARB — California Air Resources Board: Phase II-takmarkanir	Yfirlýsing frá framleiðanda þilja, að meginhluta úr viði, studd niðurstöðum úr prófunum sem eru gerðar samkvæmt ASTM E1333 eða ASTM D6007, þar sem sýnt er fram á að farið er að losunarmörkum fyrir formaldehýð samkvæmt „Phase II“ eins og skilgreint er í „California Composite Wood Products Regulation 93120“ ⁽¹⁾ . Heimilt er að merkja þiljurnar, að meginhluta úr viði, í samræmi við lið 93120.3(e) með upplýsingum um heiti framleiðanda, númeri framleiðslueiningar eða framleiddrar lotu og CARB-númeri sem þriðja aðila, sem vottar, hefur verið úthlutað (þessi hluti er ekki skyldubundinn ef vörurnar eru seldar utan Kaliforníu eða ef þær voru búnar til án þess að nota formaldehýð eða með því að nota tiltekin resín, að stofni til úr formaldehýði, sem losa sérlega lítið).

Vottunarkerfi	Sannprófunarskjöl
F-3 eða 4 star-takmarkanir	Yfirlýsing frá framleiðanda þilja, að meginhluta úr viði, um að farið sé að losunarmörkum fyrir formaldehýð samkvæmt JIS A 5905 (fyrir trefjaplötur) eða JIS A 5908 (fyrir spónaplötur og krossvið), sem er studd með prófunargögnum samkvæmt þurrkaskaðferð (e. <i>desicator method</i>) JIS A 1460.
(1) Reglugerð 93120 „Airborne toxic control measure to reduce formaldehyde emissions from composite wood products“ California Code of Regulations.	

Viðmiðun 4 — Plast

Ekki skal nota plast, sem er framleitt með notkun vínýlklóríðeinliða, í neinn hluta húsgagnsins.

4.1. Merking á plasthlutum

Plasthlutar með massa yfir 100 g skulu merktir í samræmi við EN ISO 11469 og EN ISO 1043 (1.–4. hluta). Stafirnir, sem eru notaðir í merkinguna, skulu vera a.m.k. 2,5 mm á hæð.

Ef plast inniheldur fylliefni, eldtefjandi efni eða mýkiefni af ásettu ráði, í hærra hlutfalli en 1% (massahlutfall), skal tilvist þeirra einnig koma fram í merkingunni samkvæmt 2.–4. hluta EN ISO 1043.

Í undantekningartilvikum er heimilt að merkja ekki plasthluta sem veга meira en 100 g ef:

- Merking hefði áhrif á nothæfi eða virkni plasthlutans.
- Merking er ekki tæknilega möguleg vegna framleiðsluáðferðarinnar.
- Ekki er hægt að merkja hluta vegna þess að nógu stór viðeigandi flötur er ekki fyrir hendi til að merkingin verði af læsilegri stærð til að sjást í endurvinnslustöð.

Í framangreindum tilvikum, þar sem heimilt er að sleppa merkingu, skulu nánari upplýsingar um tegund fjölliðunnar og öll aukefni samkvæmt kröfum í EN ISO 11469 og EN ISO 1043 (1.–4. hluta) koma fram með neytendaupplýsingum sem um getur í viðmiðun 10.

Mat og samprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, tilgreina alla plasthluti í húsgagninu, sem veга meira en 100 g, og láta koma fram hvort þeir hafa verið merktir samkvæmt EN ISO 11469 og EN ISO 1043 (1.–4. hluta) eða ekki.

Merking á plasthlutum skal sjást greinilega við skoðun á íhlutum. Merking þarf ekki endilega að sjást greinilega í endanlega samsettu húsgagni.

Ef plasthlutar, sem veга meira en 100 g, hafa ekki verið merktir skal umsækjandinn leggja fram rökstuðning fyrir því að merkja þá ekki og tilgreina hvort viðeigandi upplýsingar hafi verið settar í neytendaupplýsingar.

Í tilvikum þar sem vafi leikur á um tegund plast í íhlutum sem veга meira en 100 g og ef um er að ræða að birgjar veiti ekki tilskildar upplýsingar skal leggja fram gögn úr prófun á rannsóknarstofu, þar sem notuð er innrauð litrófsgreining eða Raman-litrófsgreining eða önnur hentug greiningaraðferð til að greina eðli plastfjölliðunnar og magn fylliefna eða annarra aukefna, sem sönnunargögn til að styðja merkingu samkvæmt EN ISO 11469 og EN ISO 1043.

4.2. Efni sem sæta takmörkunum

Til viðbótar við almennu kröfurnar varðandi hættuleg efni, sem komið er á í viðmiðun 2, gilda skilyrðin, sem eru tilgreind hér á eftir, um plasthluti.

4.2(a) Þungmálmar í plastaukefnum

Ekki skal nota aukefni sem innihalda efnasambönd kadmíums (Cd), sexgilts króms (CrVI), blýs (Pb), kvikasilfurs (Hg) eða tins (Sn) við framleiðslu plasthluta eða yfirborðsлага.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

Ef einungis er notað nýtt plast skal taka gilda yfirlýsingu frá birgi nýja plastefniviðarins þess efnis að engin aukefni sem innihalda kadmíum, sexgilt króm, blý, kvikasilfur eða tin hafi verið notuð.

Ef nýtt plast hefur verið blandað með endurvinnanlegu plasti, sem fellur til við framleiðslu, af þekktum uppruna og/eða með pólýetýlenterepalati (PET), pólýstýreni (PS), pólýetýleni (PE) eða pólýprópýleni (PP) úr söfnunarkerfum sveitarfélaga skal samþykkja yfirlýsingu frá birgi endurunna plastefniviðarins þess efnis að engin aukefni sem innihalda kadmíum, sexgilt króm, blý, kvikasilfur eða tin hafi verið notuð.

Ef birgir lætur ekki í té viðeigandi yfirlýsingar eða ef nýtt plast er blandað með endurvinnanlegu plasti, sem fellur til við framleiðslu, af blönduðum eða óþekktum uppruna, skal dæmigerð prófun á plastíhlutunum sýna fram á samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í töflu 6.

Tafla 6.

Mat og sannprófun á þungmálmaóhreinindum í plasti

Málmur	Aðferð	Mörk (mg/kg)	
		Nýtt	Endurrunnið
Cd	Flúrljómunargreining með röntgengeislum eða sýruleysing og síðan rafgasgeislunargreining eða frumeindagleypnimæling eða aðrar jafngildar aðferðir til að mæla heildarinnihald málma	100	1000
Pb		100	1000
Sn		100	1000
Hg		100	1000
CrVI	EN 71-3	0,020	0,20

4.3. Innihald endurunnins plasts

Þessi viðmiðun gildir einungis ef heildarinnihald plastefniviðar í húsgagninu fer yfir 20% af heildarþyngd vörunnar (að undanskildum umbúðum).

Að meðaltali skal innihald endurunninna plasthluta (að undanskildum umbúðum) nema a.m.k. 30% (massahlutfall).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá plastbirginum eða -birgjunum þar sem fram kemur meðaltal endurunnins innihalds í fullunna húsgagninu. Ef plastíhlutir eru af mismunandi uppruna eða frá mismunandi birgjum skal reikna út meðaltal endurunnins innihalds fyrir hverja plastuppsprettu og tilgreina heildarmeðaltal endurunnins plastinnihalds í fullunna húsgagninu.

Yfirlýsing plastbirgisins eða -birgjanna um endurrunnið innihald skal studd rekjanleikagögnum fyrir endurvinnanlegt plast. Að öðrum kosti er hægt að gefa upplýsingar um afhendingu lotunnar samkvæmt rammanum sem settur er fram í töflu 1 í EN 15343.

Viðmiðun 5 — Málmur

Til viðbótar við almennu kröfurnar varðandi hættuleg efni, sem eru tilgreindar í viðmiðun 2, gilda skilyrðin, sem eru tilgreind hér á eftir, um málmíhluti í húsgagni.

5.1. Takmarkanir á rafhúðun

Ekki skal nota sexgilt króm eða kadmíum við rafhúðun á málmíhlutum sem eru notaðir í fullunna húsgagnið.

Nikkel skal einungis leyft í rafhúðun ef losunarhraði nikkels úr rafhúðaða íhlutum er minni en $0,5 \mu\text{g}/\text{cm}^2/\text{viku}$ samkvæmt EN 1811.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi málmíhlutsins eða -íhlutanna um að húðunaraðferð með notkun sexgildra króm- eða kadmíumefna hafi ekki verið notuð á neina málmíhluti.

Ef nikkel var notað í rafhúðun skal umsækjandi leggja fram yfirlýsingu frá birgi málmíhlutsins eða -íhlutanna sem er studd prófunarskýrslu samkvæmt EN 1811 þar sem niðurstöður leiða í ljós að losunarhraði nikkels er minni en $0,5 \mu\text{g}/\text{cm}^2/\text{viku}$.

5.2. Þungmálmar í málningu, grunnmálningu og lakki

Málning, grunnmálning eða lökk, sem eru notuð á málmíhluti, skulu ekki innihalda aukefni, að stofni til úr kadmíumi, blýi, sexgildu krómi, kvikasílfri, arseni eða seleni, í styrk sem fer yfir 0,010% (massahlutfall) fyrir hvern einstakan málm í íláti af málningar-, grunnmálningar eða lakksamsetningu.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun og leggja fram öryggisblöð, eftir því sem við á, frá birgjum málningar, grunnmálningar eða lakks sem notað er.

5.3. Innihald lífrænna rokefna í málningu, grunnmálningu og lakki

Þessi undirviðmiðun gildir einungis ef innihald húðaðra málmíhluta fer yfir 5% (massahlutfall) í fullunna húsgagninu (að undanskildum umbúðum).

Það er ekki nauðsynlegt að uppfylla kröfurnar í þessari undirviðmiðun ef hægt er að sýna fram á samræmi við viðmiðun 9.5.

Innihald lífrænna rokefna í allri málningu, grunnmálningu eða lökkum, sem eru notuð til að þekja málmíhluti sem eru notaðir í húsgagnið, skal ekki fara yfir 5% (styrkur í íláti).

Þó má nota yfirborðsmeðferðarefni sem innihalda meira af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum ef hægt er að sýna fram á eftirfarandi:

- Heildarmagn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í málningunni, grunnmálningunni eða lakkinu sem er notað við yfirborðsmeðferðina nemur minna en $30 \text{ g}/\text{m}^2$ af yfirborðsflatinum sem fær meðferðina eða
- Heildarmagn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í því magni málningar, grunnmálningar eða lakks sem er notað við yfirborðsmeðferðina er á bilinu $30\text{--}60 \text{ g}/\text{m}^2$ af yfirborðsflatinum sem fær meðferðina og gæði yfirborðsmeðferðarinnar uppfylla allar kröfurnar sem settar eru fram í töflu 7.

Tafla 7.

Kröfur um gæði yfirborðsmeðferðar ef notkunarmagn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda er $30\text{--}60 \text{ g}/\text{m}^2$

Prófunarstaðall	Ástand	Niðurstaða sem krafist er
EN 12720. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn köldum vökva	Snerting við vatn	Engin breyting eftir 24 klst. snertingu
	Snerting við fitu	Engin breyting eftir 24 klst. snertingu
	Snerting við alkóhól	Engin breyting eftir 1 klst. snertingu
	Snerting við kaffi	Engin breyting eftir 1 klst. snertingu

Prófunarstaðall	Ástand	Niðurstaða sem krafist er
EN 12721. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn rökum hita	Snerting við hitagjafa sem er 70 °C	Engin breyting eftir prófun
EN 12722. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn þurrum hita	Snerting við hitagjafa sem er 70 °C	Engin breyting eftir prófun
EN 15186. Húsgögn — Mat á þoli yfirborðs gegn rispum	Snerting við demantsrispunarodd	Aðferð A: engar rispur $\geq 0,30$ mm þegar álaginu 5 N hefur verið beitt eða Aðferð B: engar rispur sjáanlegar í ≥ 6 rífum í skoðunarsniðmáti þegar álaginu 5 N hefur verið beitt

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi þar sem tilgreint er hvort samræmi hafi náðst vegna þess að húsgagnið er undanþegið viðmiðuninni eða hvort hún hafi náðst vegna stýrðrar notkunar á rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum við yfirborðsmeðferðina.

Í síðara tilvikinu skulu upplýsingar frá birgi málningar, grunnmálningar eða lakks, þar sem fram kemur innihald og þéttleiki lífrænna rokefna málningarinnar, grunnmálningarinnar eða lakksins (bæði í g/L), og raunverulegt innihald lífrænna rokefna í prósentum, styðja yfirlýsingu umsækjanda.

Ef innihald lífrænna rokefna í málningu, grunnmálningu eða lakki er meira en 5% (styrkur í fláti) skal umsækjandinn annað hvort:

- Leggja fram útreikninga sem sýna fram á að raunverulegt magn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem borin eru á yfirborðsflötinn sem fær meðferðina á endanlega samsetta húsgagninu, er minna en 30 g/m^2 í samræmi við leiðbeiningarnar sem gefnar eru í I. viðbæti.
- Leggja fram útreikninga sem sýna fram á að raunverulegt magn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem borin eru á yfirborðsflötinn sem fær meðferðina á endanlega samsetta húsgagninu, er minna en 60 g/m^2 í samræmi við leiðbeiningarnar sem gefnar eru í I. viðbæti og leggja fram prófunarskýrslur sem sýna að yfirborðsmeðferðin sé í samræmi við kröfurnar í töflu 7.

Viðmiðun 6 — Áklæðisefni til bólstrunar

Ekki skal nota áklæðisefni til bólstrunar, sem eru framléidd með notkun vínýlklóríðeinliða, í neinn hluta húsgagnsins.

6.1. Kröfur um efnisleg gæði

Allt leður, sem er notað sem áklæðisefni til bólstrunar, skal vera í samræmi við kröfur um efnisleg gæði sem eru settar fram í II. viðbæti.

Öll textílefni, sem eru notuð sem áklæðisefni til bólstrunar, skulu vera í samræmi við kröfurnar um efnisleg gæði sem eru settar fram í töflu 8.

Allir húðaðir dúkar, sem eru notaðir sem áklæðisefni til bólstrunar, skulu vera í samræmi við kröfurnar um efnisleg gæði sem eru settar fram í töflu 9.

Tafla 8.

Efnislegar kröfur um textíldúka í áklæðisefnum til húsgagnabólstrunar

Prófunarþáttur	Aðferð	Áklæði sem hægt er að fjarlægja og þola þvott	Áklæði sem er ekki hægt að fjarlægja og þola ekki þvott
Breyting á stærð í þvotti og við þurrkun	Heimilisþvottur: ISO 6330 + EN ISO 5077 (þrír þvottar við það hitastig sem tilgreint er á vörunni með þurrkun í þurrkara eftir hverja þvottalotu). Þvottur í atvinnuskyni: ISO 15797 + EN ISO 5077 (að lágmarki við 75 °C)	Ófin húsgagnaáklæði: ± 2,0% Ófin efni í ver á húsgögn: ± 3,0% Ófin efni í ver á húsgögn: ± 5,0% Ófin húsgagnaáklæði: ± 6,0%	Á ekki við
Litheldni í þvotti	Heimilisþvottur: ISO 105–C06 Þvottur í atvinnuskyni: ISO 15797 + ISO 105–C06 (að lágmarki við 75 °C)	≥ 3–4 stig, að því er varðar litabreytingu ≥ 3–4 stig að því er varðar litasmit	Á ekki við
Litheldni við núning í votu ástandi (*)	ISO 105 X12	≥ 2–3 stig	≥ 2–3 stig
Litheldni við núning í þurru ástandi (*)	ISO 105 X12	≥ 4 stig	≥ 4 stig
Litheldni gegn ljósi	ISO 105 B02	≥ 5 stig (**)	≥ 5 stig (**)
Þol efna gegn hnökrum og sliti	Þrjónaðar og óofnar vörur: ISO 12945-1 Ófin efni: ISO 12945-2	ISO 12945-1 niðurstaða > 3 ISO 12945-2 niðurstaða > 3	ISO 12945-1 niðurstaða > 3 ISO 12945-2 niðurstaða > 3

(*) Gildir ekki um hvítar vörur eða vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar.

(**) Þó eru 4 stig leyfileg ef um er að ræða efni í húsgagnaáklæði sem eru hvort tveggja ljós að lit (staðalstyrkur < 1/12) og innihalda meira en 20% ull eða aðrar hyrnistrefjar eða meira en 20% hör eða aðrar bastrefjar.

Tafla 9.

Efnislegar kröfur um húðaðan dúk í áklæðisefnum til húsgagnabólstrunar

Eiginleiki	Aðferð	Krafa
Togþol	ISO 1421	CH ≥ 35 daN og TR ≥ 20 daN
Mótstaða húðaðra dúka gegn því að rifna með skálmari-faðferðinni (e. <i>trouser tear method</i>)	ISO 13937/2	CH ≥ 2,5 daN og TR ≥ 2 daN

Eiginleiki	Aðferð	Krafa
Litheldni gegn gerviveðrun — fölnunarprófun með xenon-bogalampa	EN ISO 105-B02	Notkun innanhúss ≥ 6 Notkun utanhúss ≥ 7
Textílefni — slitstyrkur með Martindale-aðferðinni	ISO 5470/2	$\geq 75\ 000$
Ákvörðun á viðloðun yfirborðsmeðferðar	EN 2411	CH $\geq 1,5$ daN og TR $\geq 1,5$ daN

Þar sem: daN = dekanjúton, CH = langþræðir og TR = ívaf

Mat og samprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi leðurs, textílefna eða húðaðra dúka, eins og við á, sem er studd með viðeigandi prófunarskýrslum þar sem fram kemur að áklæðisefnið til bólstrunar uppfylli efnislegar kröfur um leður, textílefni eða húðaða dúka eins og tilgreint er í töflu 8 eða töflu 9, eftir því sem við á, í II. viðbæti

Litið skal svo á að efni, að stofni til úr textílefnum, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB, séu í samræmi við þessa viðmiðun; þó skal leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB.

6.2. Kröfur um efnafræðilegar prófanir

Þessi viðmiðun gildir um áklæðisefnin til bólstrunar í endanlegu meðhöndluðu formi, eins og þau eru notuð á húsgagnid. Til viðbótar við almennu skilyrðin varðandi hættuleg efni, sem sett eru fram í viðmiðun 2, gilda eftirtaldir takmarkanir, sem eru tilgreindar í töflu 10, sérstaklega um áklæðisefni til bólstrunar:

Tafla 10

Kröfur um efnafræðilegar prófanir á leðri, textílefnum og áklæðisefnum úr húðuðum dúk

Íðefni	Notkunarvið	Mörk (mg/kg)		Prófunaraðferð
Arýlamín, sem eru háð takmörkunum, frá klofnun asólita (*)	Leður	≤ 30 fyrir hvert amín (*)		EN ISO 17234-1.
	Textílefni og húðaðir dúkar			EN ISO 14362-1 og EN ISO 14362-3
Sexgilt króm	Leður	< 3 (**)		EN ISO 17075
Óbundið formaldehyð	Leður	≤ 20 (fyrir húsgögn barna) (***) eða ≤ 75 fyrir önnur húsgögn		EN ISO 17226-1.
	Textílefni og húðaðir dúkar			EN ISO 14184-1
Útdraganlegir þungmálmur	Leður	Arsen $\leq 1,0$	Antímon $\leq 30,0$	EN ISO 17072-1
		Króm $\leq 200,0$	Kadmíum $\leq 0,1$	
		Kóbalt $\leq 4,0$	Kopar $\leq 50,0$	
		Blý $\leq 1,0$	Kvikasilfur $\leq 0,02$	
		Nikkel $\leq 1,0$		

Íðefni	Notkunarvið	Mörk (mg/kg)		Prófunaraðferð
	Textílefni og húðaðir dúkar	Arsen $\leq 1,0$	Antímon $\leq 30,0$ (****)	EN ISO 105 E04
		Króm $\leq 2,0$	Kadmíum $\leq 0,1$	
		Kóbalt $\leq 4,0$	Kopar $\leq 50,0$	
		Blý $\leq 1,0$	Kvikasilfur $\leq 0,02$	
		Nikkel $\leq 1,0$		
Klórófenól	Leður	Pentaklórófenól $\leq 0,1$ mg/kg Tetraklórófenól $\leq 0,1$ mg/kg		EN ISO 17070
Alkýlfenól	Leður, textílefni og húðaðir dúkar	<p>Nónýlfenól, blandaðar hverfur (CAS-nr. 25154-52-3)</p> <p>4-nónýlfenól (CAS-nr. 104-40-5)</p> <p>4-nónýlfenól, greinótt (CAS-nr. 84852-15-3)</p> <p>Oktýlfenól (CAS-nr. 27193-28-8)</p> <p>4-oktýlfenól (CAS-nr. 1806-26-4)</p> <p>4-tert-oktýlfenól (CAS-nr. 140-66-9)</p> <p>Alkýlfenóletoxýlöt (APEO) og afleiður þeirra:</p> <p>Pólýoxýetýlað oktýlfenól (CAS-nr. 9002-93-1)</p> <p>Pólýoxýetýlað nónýlfenól (CAS-nr. 9016-45-9)</p> <p>Pólýoxýetýlað p-nónýlfenól (CAS-nr. 26027-38-3)</p> <p>Viðmiðunarmörk fyrir heildarsummu:</p> <p>≤ 25 mg/kg — textílefni eða húðaðir dúkar</p> <p>≤ 100 mg/kg — leður</p>		<p>Að því er varðar leður:</p> <p>EN ISO 18218-2 (óbein aðferð)</p> <p>Að því er varðar textílefni og húðaða dúka:</p> <p>EN ISO 18254 fyrir alkýlfenóletoxýlöt. Að því er varðar alkýlfenól skal prófun á fullunninni vöru framkvæmd með leysisútdrætti og vökvaskiljun og massagreiningu eða gas- og massagreiningu í kjölfarið</p>
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	Textílefni, húðaðir dúkar eða leður	<p>Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni sem eru háð takmörkunum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006:</p> <p>Krýsen (CAS-nr. 218-01-9)</p> <p>Bensó[a]antrasen (CAS-nr. 56-55-3)</p> <p>Bensó[k]flúoranten (CAS-nr. 207-08-9)</p> <p>Bensó[a]pýren (CAS-nr. 50-32-8)</p> <p>Díbensó[a,h]antrasen (CAS-nr. 53-70-3)</p> <p>Bensó[j]flúoranten (CAS-nr. 205-82-3)</p> <p>Bensó[b]flúoranten (CAS-nr. 205-99-2)</p> <p>Bensó[e]pýren (CAS-nr. 192-97-2)</p>		AfPS GS 2014:01 PAK

Íðefni	Notkunarvið	Mörk (mg/kg)	Prófunaraðferð
		<p>Gildi fyrir hvert þeirra átta fjölhringa, arómatískra vetniskolefna sem eru tilgreind hér að framan:</p> <p>≤ 1 mg/kg</p> <p>Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni sem eru einnig háð takmörkunum:</p> <p>Naftalen (CAS-nr. 91-20-3)</p> <p>Asenaftýlen (CAS-nr. 208-96-8)</p> <p>Asenaften (CAS-nr. 83-32-9)</p> <p>Flúoren (CAS-nr. 86-73-7)</p> <p>Fenantren (CAS-nr. 85-1-8)</p> <p>Antrasen (CAS-nr. 120-12-7)</p> <p>Flúoranten (CAS-nr. 206-44-0)</p> <p>Pýren (CAS-nr. 129-00-0)</p> <p>Indenó[1,2,3-c,d]pýren (CAS-nr. 193-39-5)</p> <p>Bensó[g,h,i]perýlen (CAS-nr. 191-24-2)</p> <p>Viðmiðunarmörk fyrir heildarsummu 18 fjölhringa, arómatískra vetniskolefna sem eru tilgreind hér að framan</p> <p>≤ 10 mg/kg</p>	
N,N-dímetýlasetamíð (CAS nr. 127-19-5)	Elastan eða textílefnir, að stofni til úr akrýli.	Niðurstæða ≤ 0,005% (massahlutfall) (≤ 50 mg/kg)	Leysisútdráttur og síðan gas- og massagreining eða vökvaskiljun og massagreining
Klóralkön	Leður	C10–C13 (keðjustutt, klóruð paraffín (SCCP)) klóralkön ógreinanleg C14–C17 (miðlungslangkeðja, klóruð paraffín (MCCP)) klóralkön ≤ 1000 mg/kg	EN ISO 18219

(*) Samtals 22 arýlamín sem eru tilgreind í færslu 43 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ásamt tveimur öðrum efnasamböndum (sjá töflu 1 í III. viðbæti til að sjá alla skrána yfir arýlamín sem skal prófa). Greiningarmörk fyrir EN ISO 17234-1 eru 30 mg/kg.

(**) Almenn er gert ráð fyrir að greiningarmörk fyrir EN ISO 17075 séu 3 mg/kg.

(***) Húsgögn sem eru hönnuð sérstaklega fyrir ungbörn og smábörn yngri en þriggja ára.

(****) Ef textílefnin sem prófuð eru hafa verið meðhöndluð með antímonþríoíði sem samverkandi efni, í samræmi við skilyrði fyrir undanþágu fyrir notkun á antímonþríoíði í c-lið töflu 2, skulu þau undanþegin samræmi við útskolunarmörk fyrir antímon.

Mat og samprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu, sem er studd með prófunarskýrslum, um að áklæðisefni til bólstrunar úr leðri, textílefnir eða húðuðum dúk sé í samræmi við þau mörk sem eru tilgreind í töflu 10.

Litið skal svo á að efni, að stofni til úr textílefnum, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB, séu í samræmi við þessa viðmiðun; þó skal leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB.

6.3. Takmarkanir meðan á framleiðsluferlum stendur

Ef áklæðisefni til bólstrunar vege meira en 1% (massahlutfall) af heildarþyngd húsgagnsins (að undanskildum umbúðum) skal birgir efnisins fara að þeim takmörkunum um notkun hættulegra efna við framleiðslu sem eru tilgreindar í töflu 11.

Tafla 11

Efni, sem sæta takmörkunum, sem eru notuð á framleiðslustigum leðurs, textílefna og húðaðra dúka

1 — Hættuleg efni sem eru notuð á mismunandi framleiðslustigum

a) Þvotta- og hreinsiefni, yfirborðsvirk efni, mýkingarefni og bindlar

<p>Notkunarsvið: Litunar- og fullvinnslustig í framleiðslu á textílefnum, leðri eða húðuðum dúk</p>	<p>Öll ójónuð og plúshlaðin þvotta- og hreinsiefni og yfirborðsvirk efni skulu vera fullkomlega lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, sem er studd með yfirlýsingu frá íðefnabirgi eða -birgjum hans og með viðeigandi öryggisblöðum og niðurstöðum úr prófunum samkvæmt EN ISO 11734 eða ECETOC nr. 28 eða OECD 311.</p> <p>Nota skal nýjustu endurskoðun gagnasafns fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna sem viðmiðunarpunkt fyrir lífbrjótanleika og heimilt er, ef það hentar þar til bærum aðila, að samþykkja það í stað þess að lagðar séu fram prófunarskýrslur.</p> <p>http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf</p>
	<p>Ekki skal nota perflúoróalkýlsúlfónöt með löngum keðjum ($\geq C6$) og perflúorókarboxýlsýrur ($\geq C8$) í framleiðsluferlinu.</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, sem er studd með yfirlýsingu frá íðefnabirgi eða -birgjum hans og með viðeigandi öryggisblöðum, um að þessi efni séu ekki notuð á neinu framleiðslustigi.</p>

b) Hjálparefni (notuð í blöndur, samsetningar og límefni)

<p>Notkunarsvið: Litun og fullvinnsla í framleiðslu á leðri, textílefnum eða húðuðum dúk</p>	<p>Ekki skal nota eftirtalin efni í neinar blöndur eða samsetningar til litunar og fullvinnslu á leðri, textílefnum eða húðuðum dúkum:</p> <p>bis(vetnað tólgaralkýl)dímetyllammóníumklóríð (DTDMAC)</p> <p>dísteryldímetyllammóníumklóríð (DSDMAC)</p> <p>dí(hert tólgar)dímetyllammóníumklóríð (DHTDMAC)</p> <p>etýlendíamíntetraasetat (EDTA)</p> <p>díetýlentríamínþentaasetat (DTPA)</p> <p>4-(1,1,3,3-tetrametylbútýl)fenól</p> <p>nítrílótríedíksýra (NTA)</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, sem er studd með viðeigandi öryggisblöðum, um að þessi efnasambönd hafi ekki verið notuð við neina litun og fullvinnslu á leðri, textílefnum eða húðuðum dúkum.</p>
--	--

c) Leysar

<p>Notkunarsvið: Vinnsla á leðri, textílefnum eða húðuðum dúkefnum</p>	<p>Ekki skal nota eftirtalin efni í neinar blöndur eða samsetningar til vinnslu á leðri, textílefnum eða húðuðum dúkefnum:</p> <p>2-metoxýetanól</p> <p>N,N-dímetyllformamíð</p> <p>1-metýl-2-pýrrólídón</p> <p>Bis(2-metoxýetýl)eter</p> <p>4,4'-díamínódífenýlmetan</p> <p>1,2,3-tríklóróprópan</p> <p>1.2-Díklóróetan (etýldíklóríð)</p> <p>2-etoxýetanól</p>
--	--

	<p>Bensen-1,4-díamíndíhýdróklóríð</p> <p>Bis(2-metoxýetýl)eter</p> <p>Formamíð</p> <p>N-metýl-2-pýrrólídón</p> <p>Tríklóróetýlen</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, sem er studd með viðeigandi öryggisblöðum, um að þessir leysar hafi ekki verið notaðir í neinum framleiðsluferlum leðurs, textílefna eða húðaðra dúka.</p>
--	---

2 — Leysilitir sem eru notaðir í leysilitunar- og prentunarferlum

i.	<p>Burðarefni sem eru notuð í leysilitunarvinnslu</p> <p>Notkunarsvið: Leysilitunar- og prentunarferli</p>	<p>Ef dreifuleysilitir eru notaðir skal ekki nota halógenuð efni til að hraða litun (burðarefni) (sem dæmi um burðarefni má nefna: 1,2-díklóróbensen, 1,2,4-tríklóróbensen, klórófenoxýetanól).</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu, sem er studd með yfirlýsingum frá framleiðendum leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, íðefnabirgi eða -birgjum þeirra og viðeigandi öryggisblöðum, þar sem fram kemur að engin halógenuð burðarefni hafi verið notuð í leysilitunarvinnslu á neinu leðri, textílefnum eða húðuðum dúkum sem eru notuð á húsgagnið.</p>
ii.	<p>Leysilitir með krómlitfesti</p> <p>Notkunarsvið: Leysilitunar- og prentunarferli</p>	<p>Ekki skal nota eftirfarandi leysiliti með krómlitfesti:</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu, sem er studd með yfirlýsingum frá framleiðendum leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, íðefnabirgi eða -birgjum þeirra og viðeigandi öryggisblöðum, þar sem fram kemur að engir leysilitir með krómlitfesti hafi verið notaðir í leysilitunarvinnslu á neinu leðri, textílefnum eða húðuðum dúkum sem eru notuð á húsgagnið.</p>
iii.	<p>Fastlitarefni</p> <p>Notkunarsvið: Leysilitunar- og prentunarferli</p>	<p>Ekki skal nota fastlitarefni, að stofni til úr kadmíumi, blýi, sexgildu krómi, kvikasílfri, arseni og antímoni.</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu, sem er studd með yfirlýsingum frá framleiðendum leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, íðefnabirgi eða -birgjum þeirra og viðeigandi öryggisblöðum, þar sem fram kemur að engin fastlitarefni, að stofni til úr þungmálmunum sem getið er, hafi verið notuð í leysilitunarvinnslu eða prentunarferli á neinu leðri, textílefnum eða húðuðum dúkum sem eru notuð á húsgagnið.</p>

3 — Fullvinnsla

<p>Flúoruð efnasambönd</p> <p>Notkunarsvið: Áklæðisefni til bólstrunar með samþættri virkni vatns- eða blettafæliefna</p>	<p>Ekki skal nota flúoruð efnasambönd til að gegndreypa áklæðisefni til húsgagnabólstrunar til að veita þeim samþætta virkni vatns-, olíu eða blettafæliefna. Þessi takmörkun tekur til perflúoraðra og fjölflúoraðra efna. Meðhöndlun með flúorlausum efnunum, sem eru auðlífbjótanleg eða lífbjótanleg í eðli sínu eða hafa litla getu til uppsöfnunar í lífverum í vatnsumhverfinu, skal leyfð.</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi, sem er studd með yfirlýsingum frá framleiðendum leðurs, textílefna eða húðaðs dúks, yfirlýsingu frá íðefnabirgi eða -birgjum og viðeigandi öryggisblöðum, þar sem kemur fram að engin flúoruð, perflúoruð eða fjölflúoruð efni hafi verið notuð við fullvinnslu á leðri, textílefnum eða húðuðum dúkum.</p> <p>Ef fullnægjandi yfirlýsing er ekki fyrir hendi er þar til bærur aðila heimilt að krefjast frekari prófunar á áklæðisefninu samkvæmt þeim aðferðum sem eru skilgreindar í CEN/TS 15968.</p> <p>Að því er varðar meðhöndlun með flúorlausum efnunum er hægt að sýna fram á að þau séu auðlífbjótanleg eða lífbjótanleg í eðli sínu með prófunum sem eru gerðar samkvæmt eftirtöldum aðferðum: OECD 301 A, ISO 7827, OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 301 D, ISO 10708, OECD 301 E, OECD 301 F, ISO 9408.</p>
---	---

	<p>Sýna skal fram á litla getu til uppsöfnunar í lífverum með prófunum sem sýna deilistuðul oktanóls og vatns (Log Kow) < 3,2 eða lífþéttistuðla < 100.</p> <p>Að því er varðar meðhöndlun með flúorlausum efnum skal nota nýjustu endurskoðun gagnasafns fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna sem viðmiðunarpunkt fyrir lífþvótanleika og heimilt er, ef það hentar þar til bærum aðila, að samþykkja það í stað þess að lagðar séu fram prófunarskýrslur.</p> <p>http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf</p>
--	--

4 — Gæði frárennslis frá sítunarstöðvum og tiltekin vatnsnotkun

<p>Notkunarsvið: Framleiðsluferli leðurs</p>	<p>i. Gildi fyrir efnafræðilega súrefniþörf (COD) í skólpi frá sítunarverksmiðjum, þegar það er losað í yfirborðsvatn eftir meðhöndlun (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar), skal ekki fara yfir 200 mg/l.</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd með ítarlegum gögnum og prófunarskýrslum í samræmi við ISO 6060 þar sem sýnt er fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals næstliðinna sex mánaða fyrir umsókn. Gögnin skulu sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun af hálfu framleiðslustaðarins eða, ef frárennslid er meðhöndlað annars staðar, af hálfu rekstraraðila skólphreinsunarinnar.</p> <p>ii. Heildarstyrkur króms í skólpi frá sítunarstöð eftir meðhöndlun skal ekki fara yfir 1,0 mg/l, eins og tilgreint er í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/84/ESB ⁽¹⁾.</p> <p><i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd með prófunarskýrslu þar sem notuð er ein af eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 9174 eða EN 1233 eða EN ISO 11885 fyrir króm og sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals næstliðinna sex mánaða fyrir umsókn. Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við bestu, fánlegu tækni 10 og annað hvort bestu, fánlegu tækni 11 eða bestu, fánlegu tækni 12, eins og við á, í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/84/ESB að því er varðar að draga úr krómminnihaldi í losuðu skólpi.</p> <p>iii. Vatnsnotkun, gefin upp sem ársmeðaltal vatnsmagns sem er notað á hvert tonn af óunnum húðum og skinnnum, skal ekki fara yfir gildin sem eru gefin hér á eftir:</p> <table border="1" style="width: 100%; margin-top: 10px;"> <tr> <td>Húðir</td> <td style="text-align: right;">28 m³/t</td> </tr> <tr> <td>Skinn</td> <td style="text-align: right;">45 m³/t</td> </tr> <tr> <td>Jurtasútað leður</td> <td style="text-align: right;">35 m³/t</td> </tr> <tr> <td>Svínaskinn</td> <td style="text-align: right;">80 m³/t</td> </tr> <tr> <td>Sauðskinn</td> <td style="text-align: right;">180 l/skinn</td> </tr> </table> <p><i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi frá leðurbirgi eða leðurframleiðslufyrirtæki, eins og við á. Í yfirlýsingunni skal tilgreina árlegt magn leðurframleiðslu og tengda vatnsnotkun á grundvelli mánaðarlegra meðaltalsgilda næstliðinna 12 mánaða fyrir umsókn, mælt með magni skólps sem er losað.</p> <p>Ef landfræðileg staðsetning leðurframleiðsluferlisins er önnur skal umsækjandi eða birgir hálfunnins leðurs leggja fram gögn með tilgreindu magni vatns sem er losað (m³) vegna vinnslu á hálfunnu leðri, í tonnum (t) eða fjölda sauðskinna eftir því sem við á, á grundvelli mánaðarlegra meðaltalsgilda næstliðinna 12 mánaða fyrir umsókn.</p>	Húðir	28 m ³ /t	Skinn	45 m ³ /t	Jurtasútað leður	35 m ³ /t	Svínaskinn	80 m ³ /t	Sauðskinn	180 l/skinn
Húðir	28 m ³ /t										
Skinn	45 m ³ /t										
Jurtasútað leður	35 m ³ /t										
Svínaskinn	80 m ³ /t										
Sauðskinn	180 l/skinn										

⁽¹⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/84/ESB frá 11. febrúar 2013 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna sítunar á húðum og skinnnum (Stjtid. ESB L 45, 16.2.2013, bls. 13).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal taka saman allar viðkomandi yfirlýsingar, öryggisblöð og prófunarskýrslur sem málið styðja frá framleiðendum leðurs, textílefna eða húðaþs dúks, eða birgja þeirra, sem skipta máli til að sýna fram á fylgni við kröfur um að hættulegu efnin, sem eru tilgreind í töflu 11, séu ekki notuð.

Litið skal svo á að áklæðisefni til bólstrunar úr textílefnum, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB, séu í samræmi við þessa viðmiðun um að skráðu, hættulegu efnin séu ekki notuð í framleiðsluferlum; þó skal leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB.

6.4. *Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi*

Baðmull sem inniheldur 70% (massahlutfall) eða meira af endurunnu innihaldi er undanþegin kröfunum í viðmiðun 6.4.

Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi (hér á eftir nefnt baðmull), sem eru ekki endurunnar trefjar, skulu innihalda lágmarksmagn af annað hvort lífrænni baðmull (sjá viðmiðun 6.4(a)) eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum (sjá viðmiðun 6.4(b))

Litið er svo á að textílefni, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana sem komið var á í ákvörðun 2014/350/ESB, teljist uppfylla viðmiðun 6.4.

Mat og sannprófun: Umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi.

Ef textílefni með umhverfismerki ESB eru notuð skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB.

Endurunnið innihald skal, eftir atvikum, vera rekjanlegt til uppvinnslu hráefnisins. Það skal sannprófað með óháðri vottun þriðja aðila á aðfangakeðjunni eða með gögnum sem birgjar hráefnis og uppvinnsluaðilar leggja fram.

6.4(a) Staðall fyrir lífræna framleiðslu

Rækta skal að lágmarki 10% baðmullartrefjanna (massahlutfall), sem eru ekki endurunnar, sem eru notaðar í efnivið til bólstrunar, samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007⁽¹⁾, landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun (e. *US National Organic Programme* (NOP)) eða sambærilegum lagalegum skuldbindingum sem eru fastsettar af viðskiptaaðilum ESB. Innihald af lífrænni baðmull getur verið lífrænt ræktuð baðmull eða baðmull ræktuð á umbreytingartímabili.

Ef blanda á lífrænu baðmullinni saman við hefðbundna baðmull eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum skal baðmullin vera af óerfðabreyttu baðmullaryrki.

Einungis má fullyrða að innihaldið sé lífrænt ef lífræna innihaldið er a.m.k. 95%.

Mat og sannprófun: Umsækjandi eða efniviðarbirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi að því er varðar lífrænt innihald, sem er studd sönnunargögnum, sem eru vottuð af óháðum eftirlitsaðila, um að það hafi verið framleitt í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun eða þær kröfur sem eru fastsettar af öðrum viðskiptaaðilum. Sannprófun fyrir hvert upprunaland skal lögð fram.

Umsækjandi eða efniviðarbirgir, eins og við á, skal sýna fram á að farið sé að kröfum um lágmarksinnihald lífrænnar baðmullar, á grundvelli þess magns af baðmull sem er keypt árlega til notkunar við framleiðslu fullunnar vörunnar, eða varanna, og samkvæmt hverri vörulínu. Láta skal í té viðskiptaskrár og/eða reikninga sem skjalfesta magn vottaðrar baðmullar sem keypt er.

Að því er varðar hefðbundna baðmull eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem er notuð í blöndum með lífrænni baðmull, skal taka skimunarprófun fyrir almennri erfðabreytingu gilda sem sönnun fyrir því að baðmullaryrkin séu í samræmi við viðmiðanirnar.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífræna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjótíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

6.4(b) Baðmullarframleiðsla samkvæmt meginreglum samþættra varna gegn skaðvöldum og takmarkanir vegna varnarefna

Rækta skal að lágmarki 20% baðmullartrefjanna (massahlutfall), sem eru ekki endurunnar, sem eru notaðar í efnivið til bólstrunar, samkvæmt meginreglum samþættra varna gegn skaðvöldum, í skilningi áætlunar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um samþættrar varnir gegn skaðvöldum, eða kerfum samþættrar stjórnunar við ræktun sem fela í sér meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum.

Baðmull, sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem ætlunin er að nota í fullunnu vöruna, skal ræktuð án þess að nokkur eftirtalinna efna séu notuð: aldíkarb, aldrín, kamfeklór (toxafen), kaptafól, klórdan, 2,4,5-T, klórdímeform, sýpermetrín, díklóródífenýltríklóróetan (DDT), díeldrín, dínóseb og sölt þess, endósúlfan, endrín, heptaklór, hexaklóróbensen, hexaklórósýklóhexan (allar hverfur), metamídófos, metýlparabíón, mónókrótófos, neóníkótínóíð, (klóþíaníðín, ímídaklópríð, þfametoxam), parabíón, pentaklórófenól.

Mat og sannprófun: Umsækjandi eða efniviðarbirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 6.4(b), sem er studd sönnunargögnum um að a.m.k. 20% baðmullarinnar (massahlutfall), sem er ekki endurunnin, sem er í vörunni sé ræktuð af bændum sem hafa tekið þátt í formlegum þjálfunaráætlunum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eða opinberum áætlunum um samþættrar varnir gegn skaðvöldum og samþætta stjórnun við ræktun og/eða sem hafa gengist undir úttekt sem hluti af vottuðu kerfi þriðja aðila um samþættrar varnir gegn skaðvöldum. Sannprófun skal annað hvort lögð fram árlega fyrir hvert upprunaland eða á grundvelli vottorða fyrir alla baðmull, sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem er keypt til að framleiða vöruna.

Umsækjandi eða efniviðarbirgir, eins og við á, skal einnig lýsa því yfir að baðmullin, sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, hafi ekki verið ræktuð með notkun neinna af efnunum sem eru tilgreind í viðmiðun 6.4(b). Vottunarkerfi fyrir samþættrar varnir gegn skaðvöldum, sem útiloka notkun á skráðu efnunum, skulu tekin gild sem sönnun fyrir reglufylgni.

Viðmiðun 7 — Efniviðir í bólstur

7.1. *Latexkvoða*

7.1(a) Efni sem sæta takmörkunum

Styrkur efnanna sem eru tilgreind hér á eftir skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin, sem koma fram í töflu 12, í latexkvoðunni:

Tafla 12

Efni, sem sæta takmörkunum, í latexkvoðu sem er notuð í efniviði í bólstur til húsgagnabólstrunar

Efnaflokkur	Efni	Viðmiðunargildi (milljónarhluti)	Skilyrði fyrir mati og sannprófun
Klórófenól	mónó- og díklórófenól (sölt og esterar)	1	A
	Önnur klórófenól	0,1	A
Þungmálmar	(AS) arsen	0,5	B
	Cd (kadmíum)	0,1	B
	Co (kóbalt)	0,5	B
	Cr (króm), heildarmagn	1	B
	Cu (kopar)	2	B
	Hg (kvikasilfur)	0,02	B
	Ni (nikkel)	1	B
	Pb (blý)	0,5	B
Sb (antímon)	0,5	B	

Efnaflokkur	Efni	Viðmiðunargildi (milljónarhluti)	Skilyrði fyrir mati og sannprófun
Varnarefni (einungis skal prófa kvoður sem eru samansettar úr 20% náttúrulegu latexí að lágmarki, miðað við þyngd)	Aldrín	0,04	C
	o,p-DDE	0,04	C
	p,p-DDE	0,04	C
	o,p-DDD	0,04	C
	p,p-DDD	0,04	C
	o,p-DDT	0,04	C
	p,p-DDT	0,04	C
	Díasínón	0,04	C
	Díklórfenþíón	0,04	C
	Díklórvos	0,04	C
	Díeldrín	0,04	C
	Endrín	0,04	C
	Heptaklór	0,04	C
	Heptaklórepoxíð	0,04	C
	Hexaklóróbensen	0,04	C
	Hexaklórósýklóhexan	0,04	C
	α -hexaklórósýklóhexan	0,04	C
	β -hexaklórósýklóhexan	0,04	C
	γ -hexaklórósýklóhexan (lindan)	0,04	C
	δ -hexaklórósýklóhexan	0,04	C
	Malapíón	0,04	C
	Metoxýklór	0,04	C
Mírex	0,04	C	
Parapíónetýl	0,04	C	
Parapíónmetýl	0,04	C	
Önnur sértæk efni sem eru háð takmörkunum	Bútadíen	1	D

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðanir 7.1(a) og, ef við á, prófunarskýrslur samkvæmt eftirtöldum aðferðum:

- A. Fyrir klórfenól skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Mala skal 5 grömm af sýni og klórófenól dregin út sem fenól (pentaklórófenól), natríumsalt (SPP) eða esterar. Greina skal útdráttinn með gasgreiningu. Tilvist efnis skal staðfest með massagreini eða rafeindahremmingu.

- B. Fyrir þungmálma skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Efni úr möluðu sýni er skolað út í samræmi við DIN 38414-SE, eða jafngilt próf, í hlutföllum 1:10. Súvökvinn sem verður til skal síður gegnum 0,45 µm himnusú (við þrýsting ef nauðsyn krefur). Lausnin sem fæst skal rannsökuð með tilliti til innihalds þungmálma með rafgasljósgreiningu (ICP-OES), einnig þekkt sem rafgasgeislunargreining (ICP-AES), eða með frumeindagleypnimælingu með hýdríð- eða kaldgufutækni.
- C. Fyrir varnarefni skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Dregin eru út 2 grömm af sýni í úthljóðsbaði með hexan/díklórómetanblöndu (85/15). Útdrátturinn er hreinsaður með því að hræra hann með asetónítríl eða með ásogsgreiningu yfir flórísíl. Mælingar og magnákvörðun eru ákvarðaðar með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með rafeindahremmingu eða gasgreiningu með massagreiningu. Framkvæma skal prófun fyrir varnarefnum á latexkvoðu sem inniheldur að lágmarki 20% náttúrulegt latex.
- D. Fyrir bútadíen skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Eftir mólun og vigtun latexkvoðunnar skal taka sýni úr kollrúmi. Innihald bútadíens skal ákvarðað með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með logajónunargreiningu.

7.1(b) Losun rokgjarns, lífræns efnasambands í 24 klst.

Eftir 24 klst. skal styrkur rokgjarnra, lífrænna efnasambanda sem eru tilgreind hér á eftir ekki fara yfir viðmiðunarmörkin, sem koma fram í töflu 13, í prófunarklefanum.

Tafla 13.

Losunarmörk fyrir rokgjarnt, lífrænt efnasamband úr latexkvoðu

Efni	Viðmiðunargildi (mg/m ³)
1,1,1-tríklóróetan	0,2
4-fenýlsýklóhexen	0,02
Koldísúlfíð	0,02
Formaldehýð	0,005
Nítrósamín (*)	0,0005
Stýren	0,01
Tetraklóróetýlen	0,15
Tólúen	0,1
Tríklóróetýlen	0,05
Vínýlklóríð	0,0001
Vínýlsýklóhexen	0,002
Arómatísk vetniskolefni (heildarmagn)	0,3
Rokgjörn, lífræn efnasambönd (heildarmagn)	0,5

(*) N-nítrósódímetylamín (NDMA), N-nítrósodíetylamín (NDEA), N-nítrósómetýletýlamín (NMEA), N-nítrósodí-i-própýlamín (NDIPA), N-nítrósodí-n-própýlamín (NDPA), N-nítrósodí-n-bútýlamín (NDBA), N-nítrósópýrrólídínón (NPYR), N-nítrósópíperídín (NPIP), N-nítrósómorfólín (NMOR).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 7.1(b) sem skal, ef við á, studd með prófunarskýrslu með niðurstöðum prófunarklefrageiningar í samræmi við ISO 16000-9.

Innpakkaða sýnið skal geymt við stofuhita í a.m.k. 24 klukkustundir. Að þeim tíma liðnum eru umbúðirnar teknar utan af sýninu sem þegar í stað er flutt í prófunarklefan. Sýnið er sett í sýnahaldara þar sem loft leikur um það frá öllum hliðum. Loftskilyrði skulu stillt samkvæmt ISO 16000-9. Að því er varðar samanburð á niðurstöðum prófana skal svæðissértækur loftræstistuðull ($q = n/1$) vera 1. Loftræstistuðullinn skal vera á milli 0,5 og 1. Klukkustundarlöng sýnataka á lofti skal gerð 24 ± 1 klst. eftir að klefinn er hlaðinn; fyrir greiningu á formaldehýði og öðrum aldehyðum með DNPH-hylki og fyrir greiningu á öðrum rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum með Tenax TA. Lengd sýnatöku fyrir önnur efnasambönd má vera lengri en skal vera lokið innan 30 klst.

Greining á formaldehýði og öðrum aldehyðum skal vera í samræmi við staðalinn ISO 16000-3. Nema annað sé tilgreint skal greining á öðrum rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum vera í samræmi við staðalinn ISO 16000-6.

Prófanir sem eru gerðar í samræmi við staðalinn CEN/TS 16516 skulu teljast jafngildar þeim sem eru gerðar samkvæmt ISO 16000 staðlaröðinni.

Greiningin á nítrósamínum skal gerð með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með varmaorkugreiningu (GC-TEA) í samræmi við aðferðina BGI 505-23 (áður ZH 1/120.23) eða jafngildri aðferð.

7.2. Pólýúretankvoða (PUR)

7.2(a) Efni og blöndur sem sæta takmörkunum

Styrkur efnanna og blandanna sem eru tilgreind hér á eftir skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin, sem koma fram í töflu 14, í pólýúretanfraudinu:

Tafla 14

Skrá yfir efni og blöndur, sem sæta takmörkunum, í pólýúretanfrauði

Efnahópur	Efni (upphafsstafoerð, CAS-númer, tákn frumefnis)	Viðmiðunarmörk	Aðferð
Sæfivörur		Ekki bætt við af ásetningi	A
Eldtefjandi efni		Ekki bætt við (nema í samræmi við skilyrðin í færslum b og c í töflu 2)	A
Þungmálmar	(AS) arsen	0,2 milljónarhlutar	B
	Cd (kadmíum)	0,1 milljónarhlutar	B
	Co (kóbalt)	0,5 milljónarhlutar	B
	Cr (króm), heildarmagn	1,0 milljónarhlutar	B
	Cr VI (króm VI)	0,01 milljónarhlutar	B
	Cu (kopar)	2,0 milljónarhlutar	B
	Hg (kvikasilfur)	0,02 milljónarhlutar	B
	Ni (nikkel)	1,0 milljónarhlutar	B
	Pb (blý)	0,2 milljónarhlutar	B
	Sb (antímon)	0,5 milljónarhlutar	B
	Se (selen)	0,5 milljónarhlutar	B

Efnahópur	Efni (upphafsstafoerð, CAS-númer, tákn frumefnis)	Viðmiðunarmörk	Aðferð
Mýkiefni	Díbútýlþalat (DBP, 84-74-2) (*)	0,01% (massahlutfall) (summa allra 6-þalata í húsgögnum fyrir börn, yngri en þriggja ára)	C
	Dí-n-oktýlþalat (DNOP, 117-84-0) (*)		
	Dí(2-etylhexýl)þalat (DEHP, 117-81-7) (*)		
	Bútýlbensýlþalat (BBP, 85-68-7) (*)		
	Díísódekyllþalat (DIDP, 26761-40-0)		
	Díísónónýlþalat (DINP, 28553-12-0)		
	Skrá Efnastofnunar Evrópu yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni (***) þalöt	Ekki bætt við af ásetningi	A
TDA og MDA	2,4-tólúendíamín (2,4-TDA, 95-80-7)	5,0 milljónarhlutar	D
	4,4'-díamínódífenýlmetan (4,4'-MDA, 101-77-9)	5,0 milljónarhlutar	D
Efni úr lífrænum tin-samböndum	Tríbutýltin (TBT)	50 milljarðshlutar	E
	Díbutýltin (DBT)	100 milljarðshlutar	E
	Mónóbútýltin (MBT)	100 milljarðshlutar	E
	Tetrabutýltin (TeBT)	—	—
	Mónóoktýltin (MOT)	—	—
	Díoktýltin (DOT)	—	—
	Trísýklóhexýltin (TcyT)	—	—
	Trífenýltin (TPhT)	—	—
	Summa	500 milljarðshlutar	E
Önnur sértæk efni sem eru háð takmörkunum	Klóruð eða brómuð díoxín eða fúrön	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Klóruð vetniskolefni: (1,1,2,2-tetraklóroetan, pentaklóroetan, 1,1,2-tríklóroetan, 1,1-díklóroetylén)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Klóruð fenól (PCP, TeCP, 87-86-5)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Hexaklórosýklóhexan (58-89-9)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Mónómetýldíbrómódífenýlmetan (99688-47-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Mónómetýldíklóródífenýlmetan (81161-70-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Nítríð	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Fjölbrómuð bifényl (PBB, 59536-65-1)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Pentabrómódífenýleter (PeBDE, 32534-81-9)	Ekki bætt við af ásetningi	A

Efnahópur	Efni (upphafsstafröð, CAS-númer, tákn frumefnis)	Viðmiðunarmörk	Aðferð
	Oktabrómódíffenyleter (OBDE, 32536-52-0)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Fjölklóruð bífenýl (PCB, 1336-36-3)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Fjölklóruð terfenýl (PCT, 61788-33-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Tris(2,3-díbrómóprópyl)fosfat (TRIS, 126-72-7)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Trímetylfosfat (512-56-1)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Tris(asirídínýl)fosfínnoxíð (TEPA, 545-55-1)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Tris(2-klórótýl)fosfat (TCEP, 115-96-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	Dímetylmetylfosfonat (DMMP, 756-79-6)	Ekki bætt við af ásetningi	A

(*) 0,01% (massahlutfall) (summa 4-þalata í öllum öðrum húsgögnum)

(**) Með tilvísun í nýjustu útgáfu af skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, þegar sótt er um

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 7.2(a). Ef prófunar er krafist skal umsækjandi leggja fram niðurstöður úr prófun og sýna fram á að viðmiðunarmörkunum í töflu 14 sé fylgt. Að því er varðar aðferðir B, C, D og E, ef greiningar er krafist, skal taka 6 samsett sýni sem skulu tekin að hámarki 2 cm undir yfirborði efniviðarins sem er sendur á viðkomandi rannsóknarstofu.

- A. Fyrir sæfivörur, þalöt og önnur tiltekin efni sem eru háð takmörkunum skal umsækjandinn leggja fram yfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá framleiðendum frauðsins, þar sem staðfest er að þeim hafi ekki verið bætt í samsetningu frauðsins af ásetningi.
- B. Fyrir þungmálma skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Efni úr möluðu sýni er skolað út í samræmi við DIN 38414-SE, eða jafngilt próf, í hlutföllunum 1:10. Súvölkvinn sem verður til skal síaður gegnum 0,45 µm himnusú (við þrýsting ef nauðsyn krefur). Lausnin sem fæst skal rannsökuð með tilliti til innihalds þungmálma með litrófsmælingu á útgeislun frumeinda með rafgasgeislunargreiningu (ICP-AES eða ICP-OES), eða með frumeindaglypnimælingu með hýdríð- eða kaldgufutækni.
- C. Fyrir heildarmagn mýkiefna skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Útdráttur skal gerður með fullgilttri aðferð, t.d. innhljóðsútdrætti (e. *subsonic extraction*) á 0,3 g sýni í mælingaglassi með 9 ml af t-bútylmetyleter í 1 klst. og síðan ákvörðun á þalötum með gasgreiningu með notkun massagreiningu með SIM-stillingu.
- D. Fyrir TDA og MDA skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Útdráttur á 0,5 g samsettu sýni í 5 ml sprautu skal gerður með 2,5 ml af 1% vatnslausn af ediksýru. Sprautan er tæmd og vökvinn soginn upp í hana aftur. Þetta er endurtekið 20 sinnum og síðan er lokaútdráttarlausnin geymd til greiningar. Síðan er nýjum 2,5 ml skammti af 1% vatnslausn af ediksýru bætt í sprautuna og ferlið framkvæmt 20 sinnum í viðbót. Eftir það er útdráttarlausninni blandað saman við fyrstu útdráttarlausnina og þynnt með ediksýru í 10 ml í mæliflösku. Útdráttarlausnirnar skulu greindar með háþrýstivökvaskiljun og greiningu með útfjólubláu ljósi (HPLC-UV) eða með massagreiningu (HPLC-MS). Ef gerð er greining með háþrýstivökvaskiljun og útfjólubláu ljósi (HPLC-UV) og grunur leikur á truflun í henni skal endurgreina með háþrýstivökvaskiljun með massagreiningu (HPLC-MS).

E. Fyrir efni úr lífrænum tinsamböndum skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Samsett sýni, sem vegur 1–2 g, skal blandað með a.m.k. 30 ml af útdráttarefni í úthljóðsbaði í 1 klukkustund við stofuhita. Útdráttarefnið skal vera blanda sem er samsett á eftirfarandi hátt: 1750 ml metanól + 300 ml ediksýra + 250 ml jafnalausn (pH 4,5). Jafnalausnin skal innihalda 164 g natríumasetat í 1200 ml af vatni og 165 ml ediksýru, þynnt með vatni að 2000 ml. Eftir útdrátt skulu afleiður myndaðar úr alkýltinefnaformunum með því að bæta 100 µl af natríumtetraetýlbórati í tetrahýdrófúran (200 mg/ml THF). Afleiðan skal dregin út með n-hexani og sýnið gangast undir annan útdrátt. Báðum hexanútdráttunum skal blandað saman og þeir notaðir við ákvörðun á lífrænu tinsamböndunum með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með massavalvísri greiningu í SIM-stillingu.

7.2(b) Losun rokgjarns, lífræns efnasambands í 72 klst.

Eftir 72 klst. skal styrkur efnanna sem eru tilgreind hér á eftir ekki fara yfir viðmiðunarmörkin, sem koma fram í töflu 15, í prófunarklefanum.

Tafla 15

Losunarmörk fyrir rokgjarnt, lífrænt efnasamband úr pólýúretankvoðu (PUR) í 72 klst.

Efni (CAS-nr.)	Viðmiðunargildi (mg/m ³)
formaldehýð (50-00-0)	0,005
Tólúen (108-88-3)	0,1
Stýren (100-42-5)	0,005
Sérhvert greinanlegt efnasamband sem flokkast í undirflokk C1A eða C1B samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008	0,005
Summa allra greinanlegra efnasambanda sem flokkast í undirflokk C1A og C1B samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008	0,04
Arómatísk vetniskolefni	0,5
Rokgjörn, lífræn efnasambönd (heildarmagn)	0,5

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 7.2(b). Ef við á skal yfirlýsingin studd með prófunarniðurstöðum sem sýna að viðmiðunarmörkunum í töflu 15 sé fylgt. Samsetning prófunarsýnis/prófunarklefa skal vera annað hvort:

einu sýni sem hefur málin 25 × 20 × 15 cm er komið fyrir í 0,5 m³ prófunarklefa eða

tveimur sýnum sem hafa málin 25 × 20 × 15 cm er komið fyrir í 1,0 m³ prófunarklefa.

Fraudsýninu skal komið fyrir á botni losunarprófunarklefa og haft í 3 daga í 23 °C hita við 50% rakastig, með loftskiptihraðanum n sem nemur 0,5 á klst. og stuðlinum L fyrir klefahleðslu sem nemur 0,4 m²/m³ (= samtals sá flötur sýnis sem kemst í snertingu við loft í hlutfalli við mál klefans að undanskildum þéttibrúnum og bakhlið) í samræmi við ISO 16000-9 og ISO 16000-11.

Klukkustundarlöng sýnataka skal gerð 72 ± 2 klst. eftir að klefinn er hlaðinn, annars vegar með Tenax TA fyrir greiningu á rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum og hins vegar með DNPH-hylki fyrir greiningu á formaldehýði. Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda er fönguð í rör með íseyga efninu Tenax TA og síðan greind með gas- og massagreiningu eftir afsog með hitun í samræmi við ISO 16000-6.

Niðurstöðurnar eru hálfmegindlegar, gefnar upp sem jafngildi tólúens. Gefin eru upp öll tilgreind einstök greiniefni frá styrkleikamörkum $\geq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Heildargildi rokgyrnra, lífrænna efnasambanda er summa allra greiniefna af styrkleika sem er $\geq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ og sem skolast út milli rástíma n-hexan (C6) að n-hexadekan (C16), að báðum meðtöldum. Summa allra greinanlegra efnasambanda sem flokkast í undirflokk C1A eða C1B, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, er summa allra þessara efna af styrkleika sem er $\geq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Ef niðurstöður úr prófunum eru yfir mörkum samkvæmt staðli þarf að framkvæma efnissértæka magnákvörðun. Formaldehýð má ákvarða með því að safna sýni af loftinu í DNPH-hylki og greina það síðan með háþrýstivökvaskiljun með útfjólubláu ljósi (HPLC/UV) í samræmi við ISO 16000-3.

Prófanir sem eru gerðar í samræmi við staðalinn CEN/TS 16516 skulu teljast jafngildar þeim sem eru gerðar samkvæmt ISO 16000 staðlaröðinni.

7.2(c) Þanefni

Ekki skal nota halógenuð lífræn efnasambönd sem þanefni né hjálparþanefni.

Mat og samprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda frauðsins um að efnin séu ekki notuð.

7.3. Aðrir efniviðir í bólstur

Leyfa má notkun annarra efniviða sem bólstur í húsgagnabólstrun ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Almennum kröfum um hættuleg efni, sem settar eru fram í viðmiðun 2, er fylgt.
- Halógenuð lífræn efnasambönd eru hvorki notuð sem þanefni né hjálparþanefni.
- Ekki má nota fiður eða dún sem efniviðir í bólstur/fyllingu, hvorki einan og sér eða í blöndu.
- Ef efniviður í bólstur/fyllingu inniheldur kókostrefjar, sem eru gúmmíbornar með latexi, er sýnt fram á fylgni við viðmiðanir 7.1(a) og 7.1(b).

Mat og samprófun: Umsækjandi skal leggja fram samræmisyfirlýsingu þar sem fram kemur:

- i. Eðli efniviðarins sem er notaður í bólstur/fyllingu og annars blandaðs efniviðar.
- ii. Að efniviðurinn innihaldi hvorki sérlega varasöm efni eða önnur hættuleg efni sem njóta ekki sérstakrar undanþágu í töflu 2.
- iii. Að halógenuð lífræn efnasambönd hafi hvorki verið notuð sem þanefni né sem hjálparþanefni.
- iv. Að dúnn eða fiður hafi ekki verið notuð í efniviðinn í bólstrinu/fyllingunni, hvorki eitt og sér eða í blöndu.
- v. Ef kókostrefjar hafa verið gúmmíbornar með latexi skal sýna fram á að farið sé að viðmiðun 7.1 um efni sem sæta takmörkunum og losun lífrænna rokefna.

Viðmiðun 8 — Gler: notkun á þungmálum

Þessi viðmiðun gildir um allt gler sem er í fullunna húsgagninu, óháð þyngdarhluta þess.

Allt gler sem er notað í húsgagnið skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Það inniheldur ekki blýgler.
- Það inniheldur ekki blý-, kvikasilfur- eða kadmíumóhreinindi í magni sem fer yfir 100 mg/kg fyrir hvern málm.
- Að því er varðar spegilgler skal blýinnihald málningar, grunnmálningar eða lakks sem er notað á bakklæðningu spegilsins vera minna en 2000 mg/kg í íláti af efninu. Yfirborðsmeðferðarefni skulu sett á með „tinferli“ en ekki „koparferli“.

Mat og sannprófun:

- i. Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi glersins þar sem fram kemur að ekkert blýgler sé í fullunna húsgagninu. Ef viðeigandi yfirlýsing er ekki fyrir hendi er þar til bærum aðila heimilt að krefjast greiningar á glerinu í fullunna húsgagninu með aðferð án eyðileggingar sem felur í sér notkun færanlegs gegnumlýsingartækis.
- ii. Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi glersins þar sem fram kemur að glerið í húsgagninu innihaldi ekki blý-, kvikasílfurs- eða kadmíumóhreinindi í magni sem fer yfir 100 mg/kg (0,01% massahlutfall). Ef viðeigandi yfirlýsing er ekki fyrir hendi er þar til bærum aðila heimilt að krefjast prófunar á þessum málum í glerinu með færanlegu gegnumlýsingartæki samkvæmt meginreglum í staðlinum ASTM F2853-10 eða jafngildi hans.
- iii. Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi spegilsins um að allar málningar-, grunnmálningar- og lakksamsetningar, sem eru notaðar á bakklæðningar spegla, innihaldi minna en 2000 mg/kg af blýi (0,2% massahlutfall). Yfirlýsingin skal studd með viðeigandi öryggisblaði eða svipuðum gögnum. Látta skal í té frekari yfirlýsingu frá birgi spegilglersins þar sem fram kemur að bakklæðningin hafi verið sett á með „tinferlinu“ en ekki „koparferlinu“.

Viðmiðun 9 — Kröfur varðandi fullunna vöru9.1. *Nothæfi*

Litið skal svo á að húsgagn með umhverfismerki ESB sé hæft til notkunar ef það er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í nýjstu útgáfum allra viðeigandi EN-staðla, sem eru taldir upp í IV. viðbæti, sem tengjast endingu, kröfum um mál, öryggi og styrkleika vörunnar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða staðlar (ef einhverjir eru) í IV. viðbæti gilda um vöruna og leggja síðan fram yfirlýsingu um samræmi við alla EN-staðla sem skipta máli, sem er studd með prófunarskýrslum, annað hvort frá húsgagnaframleiðandanum eða birgjum húsgagnafluta-/efniviða, eins og við á.

9.2. *Framlengd ábyrgð á vöru*

Umsækjandi skal veita, án viðbótarkostnaðar, a.m.k. fimm ára ábyrgð, sem gildir frá afhendingardegi vörunnar. Þessi ábyrgð skal veitt án þess að það hafi áhrif á lagalegar skuldbindingar framleiðanda og seljanda samkvæmt landslögum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi og tilgreina í upplýsingaskjali fyrir neytanda þá skilmála og skilyrði sem gilda um þá framlengdu ábyrgð sem veitt er á vöru og sem uppfyllir lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í þessari viðmiðun.

9.3. *Útvegum varahluta*

Framleiðandi húsgagna skal hafa varahluti til reiðu fyrir viðskiptavini í a.m.k. 5 ár frá afhendingardegi vörunnar. Kostnaður (ef einhver er) við varahluti skal vera í hlutfalli við heildarkostnað húsgagnsins. Látta skal í té samskiptaupplýsingar sem skal nota til að skipuleggja afhendingu varahluta.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að varahlutir verði til reiðu í a.m.k. 5 ár frá afhendingardegi vörunnar. Varahlutimir skulu vera til reiðu ókeypiss meðan ábyrgðin er í gildi, ef í ljós kemur við venjulega notkun að varan er gölluð, eða á hlutfallslegu verði ef varan skemmdist við rangnotkun. Samskiptaupplýsingar skulu koma fram í neytendaupplýsingum.

9.4. *Hönnun til sundurhlutunar*

Að því er varðar húsgögn sem samanstanda af mörgum íhlutum/íhlutaefniviðum skal varan hönnuð til sundurhlutunar með það fyrir augum að auðvelda viðgerðir, endurnotkun og endurvinnslu. Látta skal í té einfaldar leiðbeiningar með myndum varðandi sundurhlutun og útskipti á skemmdum íhlutum/íhlutaefniviðum. Það skal unnt að taka í sundur og skipta út hlutum með algengum og einföldum handverkfærum og vinnu sem krefst ekki faglegrar þekkingar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram tæknilegar teikningar sem sýna hvernig hægt er að setja húsgagnið saman/taka húsgagnið sundur með einföldum verkfærum og vinnu sem krefst ekki faglegrar þekkingar. Ef um er að ræða bólstrun getur slík sundurhlutun falið í sér notkun á rennilásnum og riflásnum til að festa/losa sófasessur af rammanum og bólstur að innanverðu frá áklæðisefnum. Ef nauðsyn krefur verður að gera ráð fyrir skrufufestingum sem ganga beint inn í þiljur, að meginhluta úr viði, þannig að hægt sé að setja skrufuna á annan stað við endursamsetningu en þann stað sem hún var fjarlægð úr við sundurhlutun.

9.5. Losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda

Ef húsgagnið inniheldur eitthvað af íhlutunum/íhlutaefniviðunum sem eru tilgreindir hér á eftir skal krefjast prófunar á losun lífrænna rokefna:

- Áklæðisefni til bólstrunar úr leðri.
- Áklæðisefni til bólstrunar úr húðuðum dúkum.
- Hvers kyns íhlutir sem vege meira en 5% af heildarþyngd húsgagnsins (að undanskildum umbúðum) og sem hafa verið meðhöndlaðir með samsetningum til yfirborðsmeðferðar sem innihalda mikið af lífrænum rokefnum (meira en 5%), sem hafa verið bornar á í meira magni en sem nemur 30 g/m² af yfirborðsfleti sem fær meðferð eða ef umfang notkunar þeirra hefur ekki verið reiknað út.

Við þökkun og afhendingu sýna, sem eru send til prófunar, meðhöndlun þeirra og meðferð, prófunarklefakröfur og gasgreiningaraðferðir skal fylgja verklagsreglunum sem lýst er í staðlaröðinni ISO 16000.

Gera má prófanir á öllu húsgagninu (sjá skilyrði og takmarkanir í töflu 16) eða í minni prófunarklefum, einkum er varðar íhlutina/íhlutaefnin sem eru tilgreind hér að framan (sjá skilyrði og takmarkanir í töflu 17).

Losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í töflu 16 og 17.

Tafla 16

Hámarksviðmiðunarmörk fyrir losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda úr tilteknum húsgögnum

Prófunarmæliþáttur	Hægindastólar og sófar		Skrifstofustólar		Önnur húsgögn
Rúmmál klefa	Á bilinu 2–10 m ³				
Hleðsluhlutfall	Varan skal ná yfir u.þ.b. 25% af rúmmáli klefans				(*) 0,5–1,5 m ² /m ³
Loftræstistuðull	4,0 m ³ /h		2,0 m ³ /h		(*) 0,5–1,5 h ⁻¹
Efni	3 dagar	28 dagar	3 dagar	28 dagar	28 dagar
Formaldehýð	—	60 µg/m ³	—	60 µg/m ³	60 µg/m ³
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC) (*)	≤ 3 000 µg/m ³	≤ 400 µg/m ³	—	≤ 450 µg/m ³	≤ 450 µg/m ³
Heildarsumma rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (TSVOC)	—	≤ 100 µg/m ³	—	≤ 80 µg/m ³	≤ 80 µg/m ³

Prófunarmælipáttur	Hægindastólar og sófar		Skrifstofustólar		Önnur húsgögn
	$\leq 10 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (gildi samtals)	$\leq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (hvert efni)	$\leq 10 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (gildi samtals)	$\leq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (hvert efni)	
C-efni ⁽¹⁾	$\leq 10 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (gildi samtals)	$\leq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (hvert efni)	$\leq 10 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (gildi samtals)	$\leq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (hvert efni)	$\leq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (hvert efni)
R-gildi fyrir LCI-efni ⁽²⁾	—	≤ 1	—	≤ 1	≤ 1

(*) Þó að svigrúm sé til að breyta hleðsluhlutfalli og loftræstistuðli fyrir önnur húsgögn skal hlutfallið milli hleðsluhlutfallsins (m^2/m^3) og loftræstihraðans ($h-1$) alltaf vera 1,0.

(¹) Formaldehýð er undanskilið útreikningum á uppsafnaðri, krabbameinsvaldandi losun lífrænna rokefna og er þess í stað með sitt eigið gildi.

(²) R-gildi = summa allra hlutfalla (Ci/LCi) < 1 (ef Ci = styrkur efnis í andrúmslofti klefans, LCi = LCI gildi efnisins eins og skilgreint er með nýjustu gögnum sem eru skilgreind samkvæmt evrópsku samstarfsaðgerðinni (e. *European Collaborative Action*) „Urban air, indoor environment and human exposure“.

Tafla 17

Hámarksviðmiðunarmörk fyrir losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda úr völdum húsgagnaefniðum/-hlutum

Prófunarmælipáttur	Húðaðir íhlutir		Áklæðisefni til bólstrunar úr leðri eða húðuðum dúk	
	3 dagar	28 dagar	3 dagar	28 dagar
Minnsta leyfilega rúmmál klefa	200 L fyrir íhluti að meginhluta úr viði 20 L fyrir aðra íhluti		20 L	
Loftræstistuðull	$0,5 \text{ klst}^{-1}$		$1,5 \text{ m}^3/\text{m}^2 \cdot \text{klst}$	
Efni	3 dagar	28 dagar	3 dagar	28 dagar
Formaldehýð	—	$60 \mu\text{g}/\text{m}^3$	—	$60 \mu\text{g}/\text{m}^3$
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	$\leq 3000 \mu\text{g}/\text{m}^3$	$\leq 400 \mu\text{g}/\text{m}^3$	—	$\leq 450 \mu\text{g}/\text{m}^3$
Heildarsumma rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (TSVOC)	—	$\leq 100 \mu\text{g}/\text{m}^3$	—	$\leq 80 \mu\text{g}/\text{m}^3$
C-efni ⁽¹⁾	$\leq 10 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (gildi samtals)	$\leq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (hvert efni)	$\leq 10 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (gildi samtals)	$\leq 1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (hvert efni)
R-gildi fyrir LCI-efni ⁽²⁾	—	≤ 1	—	≤ 1

(¹) Formaldehýð er undanskilið útreikningum á uppsafnaðri, krabbameinsvaldandi losun lífrænna rokefna og er þess í stað með sitt eigið gildi.

(²) R-gildi = summa allra hlutfalla (Ci/LCi) < 1 (ef Ci = styrkur efnis í andrúmslofti klefans, LCi = LCI gildi efnisins eins og skilgreint er með nýjustu gögnum sem eru skilgreind samkvæmt evrópsku samstarfsaðgerðinni (e. *European Collaborative Action*) „Urban air, indoor environment and human exposure“.

Mat og sannprófun: Ef talið er nauðsynlegt að gera prófun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda úr húsgagninu skal umsækjandi leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd prófunarskýrslu um klefaprófanir sem voru gerðar samkvæmt ISO 16000 staðlaröðinni. Prófanir sem eru gerðar samkvæmt CEN/TS 16516 skulu teljast jafngildar þeim sem eru gerðar samkvæmt ISO 16000. Ef styrkleikamörkin í klefa sem eru tilgreind fyrir 28 daga nást þremur dögum eftir að sýninu er komið fyrir í klefanum, eða á einhverju öðru tímabili frá 3. til 28. dags eftir að sýninu er komið fyrir í klefanum, er hægt að lýsa því yfir að kröfunum sé fylgt og hætta prófuninni snemma.

Prófunargögn, sem eru allt að því 12 mánuðum eldri en umsókn um umhverfismerki ESB, skulu vera gild fyrir vörur eða íhluti/íhlutaefniviði svo fremi að engar breytingar hafi verið gerðar á framleiðsluferlinu eða samsetningu íðefna sem eru notuð sem gætu talist auka losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda úr fullunnu vörunni eða viðkomandi íhlutum/íhlutaefniviðum.

Prófunargögn sem sýna fram á að viðmiðunarmörkunum í töflu 17 sé fylgt, að því er varðar viðkomandi íhluti/íhlutaefniviði sem birgjar senda beint, skulu einnig tekin gild ef þeim fylgir yfirlýsing frá viðkomandi birgi.

Viðmiðun 10 — Neytendaupplýsingar

Láta skal í té eitt upplýsingaskjal fyrir neytanda með vörunni þar sem fram koma upplýsingar, sem varða eftirfarandi þætti, á tungumáli landsins þar sem varan er sett á markað:

- Vörulýsing samkvæmt kröfunum í viðmiðun 1.
- Neytendum skal látin í té ítarleg lýsing á því hvernig best er að farga vörunni (endurnotkun, varan tekin til baka að frumkvæði umsækjanda, endurvinnsla, endurnýting orku), flokkað eftir áhrifum á umhverfið.
- Upplýsingar um tegundir fjölliða í öllum plastíhlutum, sem vega meira en 100 g, sem voru ekki merktir í samræmi við kröfurnar í viðmiðun 4.1.
- Yfirlýsing um að heiti, lýsing merkimiði eða merking á leðri sé notuð í samræmi við kröfurnar sem komið er á í EN 15987 og EN 16223.
- Skýr yfirlýsing um það við hvaða skilyrði skuli nota húsgagnið. Til dæmis innanhúss, utandyra, hitasvið, burðarþol og hvernig á að hreinsa vöruna á réttan hátt.
- Upplýsingar sem varða tegund glers sem er notað, hvers konar öryggisupplýsingar, hentugleiki þess til snertingar við harðan efnivið, s.s. gler, málm eða stein, og upplýsingar sem varða rétta förgun glersins, t.d. samhæfi þess eða ósamhæfi við ílátager frá neytendum.
- Yfirlýsingu um samræmi við viðeigandi brunavarnarreglugerðir í sölulandinu sem varða bólstruð húsgögn, nákvæmar upplýsingar um það hvaða eldtefjandi efni hafa verið notuð (ef einhver eru) og í hvaða efniviði (ef einhverjir eru).
- Yfirlýsingu um að sæfivörur hafi ekki verið notaðar í því skyni að fá fram endanlega sóttþreinsandi virkni á húsgögn sem eru greinilega merkt til innanhússnotkunar og, að því er varðar útihúsgögn, yfirlýsingu um hvaða virku efni sæfivara hafa verið notuð (ef einhver eru) og í hvaða efniviði (ef einhverjir eru).
- Yfirlýsingu um að farið sé að öllum viðeigandi EN-stöðlum eins og um getur í viðmiðun 9.1 og IV viðbæti.
- Viðeigandi upplýsingar sem varða skilmála og skilyrði ábyrgðar á vörunni samkvæmt kröfunum í viðmiðun 9.2.
- Viðeigandi samskiptaupplýsingar sem varða útvegum varahluta samkvæmt kröfunum í viðmiðun 9.3.
- Leiðbeiningar um samsetningu og sundurhlutun með skýrum myndum samkvæmt kröfunum í viðmiðun 9.4.

Mat og samprófun: Umsækjandi skal leggja fram afrit af upplýsingaskjalinu fyrir neytanda, sem á að láta í té með vörunni, þar sem fram kemur að farið sé að tilskildum ákvæðum í öllum liðunum sem tilgreindir eru í viðmiðuninni, eins og við á.

Viðmiðun 11 — upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Ef valkvæði merkimiðinn með textareitnum er notaður skulu þrjár af eftirfarandi yfirlýsingum, þar sem við á, koma fram:

- Viður, korkur, bambus og spanskreyr úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð
- Endurrunnið innihald (viður eða plast, ef við á)
- Takmarkað innihald hættulegra efna

- Ekki meðhöndlað með sæfivörum (ef við á)
- Ekki meðhöndlað með eldtefjandi efnum (ef við á)
- Varan losar lítið af formaldehyði
- Varan losar lítið af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum
- Varan er hönnuð til sundurhlutunar og auðvelt er að gera við hana
- Ef textilefni, að stofni til úr lífrænni baðmull, eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, hafa verið notuð í húsgagnabólstrun má reitur 2 á umhverfismerki ESB innihalda eftirfarandi texta:

Tafla 18

Upplýsingar sem heimilt er að birta við hlið umhverfismerkis ESB og varða baðmull í textilefnum

Forskrift vegna framleiðslu	Texti sem heimilt er að birta
Yfir 95% lífrænt innihald	Textilefni gerð með lífrænni baðmull
Yfir 70% innihaldsins er ræktað með samþættum vörnum gegn skaðvöldum	Baðmull ræktað með minni notkun varnarefna

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

I. viðbætur

LEIÐBEININGAR TIL AÐ REIKNA ÚT ROKGJÖRN LÍFRÆN EFNASAMBÖND SEM ERU NOTUÐ TIL YFIRBORÐSMEÐFERÐAR

Eftirfarandi upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir útreikningsaðferðina:

- Samanlagður yfirborðsflötur sem fær meðferð á endanlega samsettri vöru
- Innihald lífrænna rokefna í efnasamsetningunni til yfirborðsmeðferðar (í g/L).
- Magn efnasamsetningar til yfirborðsmeðferðar sem er fyrir hendi fyrir meðferðina.
- Fjöldi eins eininga sem eru meðhöndlaðar við meðferðina.
- Magn efnasamsetningar til yfirborðsmeðferðar sem verður eftir þegar meðferðinni er lokið.

Dæmi um útreikning er sem hér segir:

Samanlagður yfirborðsflötur sem fær meðferð á endanlega samsettri vöru		= 1,5 m ² .
Innihald lífrænna rokefna í efnasamsetningunni til yfirborðsmeðferðar (í g/L)		= 120 g/L.
Magn ⁽¹⁾ efnasamsetningar til yfirborðsmeðferðar sem er fyrir hendi fyrir meðferðina.		= 18,5 L.
Fjöldi eins eininga sem eru meðhöndlaðar við meðferðina		= 4.
Magn ⁽¹⁾ efnasamsetningar til yfirborðsmeðferðar sem verður eftir þegar meðferð er lokið		= 12,5 L
Húðaður flötur samanlagt	= 4 × 1,5 m ²	= 6 m ² .
Heildarmagn efnasamsetningar til yfirborðsmeðferðar sem er notuð	= 18,5 — 12,5	= 6 L.
Rokgjarn, lífrænt efnasamband samanlagt sem er borið á yfirborð	= 3,9 L × 120 g/L	= 468 g
Rokgjarn, lífrænt efnasamband samanlagt sem er borið á hvern m ²	= 468 g/6 m ²	= 78 g/m ² .

Ef fleiri en ein efnasamsetning til yfirborðsmeðferðar er borin á, t.d. grunnmálning eða áferðarefni, skal einnig reikna út rúmmálsnotkun og innihald lífrænna rokefna og leggja það saman.

Einn af möguleikunum til að minnka heildarmagn rokgjarna, lífrænna efnasambanda sem eru notuð við yfirborðsmeðferðir er að nota skilvirkari tækni. Til viðmiðunar er skilvirkni mismunandi yfirborðsmeðferðartækni sýnd hér á eftir.

Tafla

Skilvirknistuðlar til viðmiðunar fyrir yfirborðsmeðferðartækni

Yfirborðsmeðferðartækni	Skilvirkni (%)	Skilvirknistuðull
Sprautubúnaður án endurvinnslu	50	0,5
Rafstöðuúðun	65	0,65
Sprautubúnaður með endurvinnslu	70	0,7
Úðabjalla/-diskur	80	0,8

⁽¹⁾ Veita skal því athygli að hægt er að nota þyngdarmælingar í stað magns svo fremi sem eðlismassi efnasamsetningarinnar til yfirborðsmeðferðar er þekktur og gert ráð fyrir honum í útreikningnum.

Yfirborðsmeðferðartækni	Skilvirkni (%)	Skilvirknistuðull
Rúllulökkun (e. <i>roller varnishing</i>)	95	0,95
Þekjandi lökkun (e. <i>blanket varnishing</i>)	95	0,95
Lofttæmilökkun (e. <i>vacuum varnishing</i>)	95	0,95
Böðun	95	0,95
Skolun	95	0,95

II. viðbætur

KRÖFUR VARÐANDI HÚSGAGNALEÐUR SAMKVÆMT EN 13336

Tafla

Efnislegar kröfur varðandi leður sem er notað í húsgögn með umhverfismerki ESB (samkvæmt EN 13336)

Grundvallareiginleikar	Prófunaraðferð		Ráðlögð gildi		
			Nubuk-leður, rúskinn og anilínleður (*)	Hálfanilínleður (*)	Húðað, litað og annað (*)
pH og ΔpH	EN ISO 4045		≥ 3,5 (ef pH-gildið er < 4,0, skal ΔpH vera ≤ 0,7)		
Rifálag, meðalgildi	EN ISO 3377-1		> 20 N		
Litheldni við núning	EN ISO 11640. Heildarþyngd fingurs 1000 g. Basísk svitamyndun- arlausn eins og skilgreint er í EN ISO 11641.	Þættir sem skal meta	Breyting á lit leðurs og blettun með flóka	Breyting á lit leðurs og blettun með flóka, áferðarefni skemmist ekki	
		Notkun á þurrum flóka	50 lotur, ≥ 3 grákvarði	500 lotur, ≥ 4 grákvarði	
		Notkun á rökum flóka	20 lotur, ≥ 3 grákvarði	80 lotur, ≥ 3/4 grákvarði	250 lotur, ≥ 3/4 grákvarði
		Notkun á flóka sem er bleyttur með gervisvita	20 lotur, ≥ 3 grákvarði	50 lotur, ≥ 3/4 grákvarði	80 lotur, ≥ 3/4 grákvarði
Litheldni gegn gervilýsingu	EN ISO 105-B02 (aðferð 3)		≥ 3 blákvarði	≥ 4 blákvarði	≥ 5 blákvarði
Viðloðun áferðarefnis, þurrt	EN ISO 11644		—	≥ 2 N/10 mm	
Þurrt sveigjuþol	EN ISO 5402-1		Að því er varðar anilínleður, einungis með gagnsæju áferðarefni, 20 000 lotur (engar sprungur í áferðarefni)	50 000 lotur (engar sprungur í áferðarefni)	50 000 lotur (engar sprungur í áferðarefni)
Litheldni gegn vatnsblettum	EN ISO 15700		≥ 3 gráskali (engin varanleg þrútnun)		
Þol áferðarefnis gegn sprungum af völdum kulda	EN ISO 17233		—	-15 °C (engar sprungur í áferðarefni)	
Brunaþol	EN 1021 eða viðeigandi landsstaðlar		Samþykkt		

(*) Skilgreiningar á þessum tegundum leðurs eru samkvæmt EN 15987.

III. viðbætur

BÖNNUÐ ARÝLAMÍNÉFNASAMBÖND Í FULLUNNU LEÐRI, TEXTÍLEFNUM OG HÚÐUÐUM DÚKEFNUM

Hér eru tilgreind efni sem eru talin upp í 43. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 en gera skal prófanir öllu lituðu leðri m.t.t. þess hvort þau eru fyrir hendi (með því að nota staðalinn EN 17234) eða textílefum (með því að nota staðlana EN 14362-1 og -3).

Tafla 1.

Krabbameinsvaldandi arýlamín sem gera skal prófanir á hvort eru fyrir hendi í textílefum eða leðri.

Arýlamín	CAS-númer	Arýlamín	CAS-númer
4-amínódífenýl	92-67-1	4,4'-oxýdílanilín	101-80-4
Bensidín	92-87-5	4,4'-þíódílanilín	139-65-1
4-klóró-o-tólúidín	95-69-2	o-tólúidín	95-53-4
2-naftýlamín	91-59-8	2,4-díamínótólúen	95-80-7
o-amínó-asótólúen	97-56-3	2,4,5-trímetylanilín	137-17-7
2-amínó-4-nítrótólúen	99-55-8	4-amínóasóbensen	60-09-3
4-klóróanilín	106-47-8	o-anísidín	90-04-0
2,4-díamínóanísól	615-05-4	2,4-xýlidín	95-68-1
4,4'-díamínódífenýlmetan	101-77-9	2,6-xýlidín	87-62-7
3,3'-díklóróbensidín	91-94-1	p-kresidín	120-71-8
3,3'-dímetoxybensidín	119-90-4	3,3'-dímetýlbensidín	119-93-7
3,3'-dímetýl-4,4'-díamínódífenýlmetan	838-88-0	4,4'-metylen-bis(2-klóróanilín)	101-14-4

Vitað er að fjöldi annarra leysilitasamsetninga, sem eru ekki takmörkuð beint með 43. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, klofnar við vinnslu og myndar nokkur af bönnuðu efnunum sem eru tilgreind í töflu 1. Til að draga stórlega úr óvissu um það hvort efnin sem tilgreind eru í töflu 1 eru í samræmi við fastsetta gildið, sem er 30 mg/kg, er mælt með því að framleiðendur forðist notkun leysilitanna, sem eru tilgreindir í töflu 2, en þeim ber ekki skylda til þess.

Tafla 2.

Viðmiðunarskrá yfir leysiliti sem geta klotnað og myndað krabbameinsvaldandi arýlamín

Dreifuleysilitir		Grunnleysilitir	
Disperse Orange 60	Disperse Yellow 7	Basic Brown 4	Basic Red 114
Disperse Orange 149	Disperse Yellow 23	Basic Red 42	Basic Yellow 82
Disperse Red 151	Disperse Yellow 56	Basic Red 76	Basic Yellow 103
Disperse Red 221	Disperse Yellow 218	Basic Red 111	

Dreifuleysilitir		Grunnleysilitir	
Sýruleysilitir			
CI Acid Black 29	CI Acid Red 4	CI Acid Red 85	CI Acid Red 148
CI Acid Black 94	CI Acid Red 5	CI Acid Red 104	CI Acid Red 150
CI Acid Black 131	CI Acid Red 8	CI Acid Red 114	CI Acid Red 158
CI Acid Black 132	CI Acid Red 24	CI Acid Red 115	CI Acid Red 167
CI Acid Black 209	CI Acid Red 26	CI Acid Red 116	CI Acid Red 170
CI Acid Black 232	CI Acid Red 26:1	CI Acid Red 119:1	CI Acid Red 264
CI Acid Brown 415	CI Acid Red 26:2	CI Acid Red 128	CI Acid Red 265
CI Acid Orange 17	CI Acid Red 35	CI Acid Red 115	CI Acid Red 420
CI Acid Orange 24	CI Acid Red 48	CI Acid Red 128	CI Acid Violet 12
CI Acid Orange 45	CI Acid Red 73	CI Acid Red 135	
Jafnleysilitir			
Direct Black 4	Direct Blue 192	Direct Brown 223	Direct Red 28
Direct Black 29	Direct Blue 201	Direct Green 1	Direct Red 37
Direct Black 38	Direct Blue 215	Direct Green 6	Direct Red 39
Direct Black 154	Direct Blue 295	Direct Green 8	Direct Red 44
Direct Blue 1	Direct Blue 306	Direct Green 8,1	Direct Red 46
Direct Blue 2	Direct Brown 1	Direct Green 85	Direct Red 62
Direct Blue 3	Direct Brown 1:2	Direct Orange 1	Direct Red 67
Direct Blue 6	Direct Brown 2	Direct Orange 6	Direct Red 72
Direct Blue 8	Basic Brown 4	Direct Orange 7	Direct Red 126
Direct Blue 9	Direct Brown 6	Direct Orange 8	Direct Red 168
Direct Blue 10	Direct Brown 25	Direct Orange 10	Direct Red 216
Direct Blue 14	Direct Brown 27	Direct Orange 108	Direct Red 264
Direct Blue 15	Direct Brown 31	Direct Red 1	Direct Violet 1
Direct Blue 21	Direct Brown 33	Direct Red 2	Direct Violet 4
Direct Blue 22	Direct Brown 51	Direct Red 7	Direct Violet 12
Direct Blue 25	Direct Brown 59	Direct Red 10	Direct Violet 13
Direct Blue 35	Direct Brown 74	Direct Red 13	Direct Violet 14
Direct Blue 76	Direct Brown 79	Direct Red 17	Direct Violet 21
Direct Blue 116	Direct Brown 95	Direct Red 21	Direct Violet 22
Direct Blue 151	Direct Brown 101	Direct Red 24	Direct Yellow 1
Direct Blue 160	Direct Brown 154	Direct Red 26	Direct Yellow 24
Direct Blue 173	Direct Brown 222	Direct Red 22	Direct Yellow 48

IV. viðbætur

STAÐLAR FYRIR ENDINGU HÚSGAGNA, STYRKLEIKA OG VINNUVISTFRÆÐI

Tafla

Viðmiðunarskrá yfir EN-staðla um húsgögn (útfærð af tækninefndinni CEN/TC 207 „Furniture“) sem tengjast viðmiðun 9.1.

Staðall	Heiti
Bólstruð húsgögn	
EN 1021-1	Furniture — Assessment of the ignitability of upholstered furniture — Part 1: Ignition source smouldering cigarette
EN 1021-2	Furniture — Assessment of the ignitability of upholstered furniture — Part 2: Ignition source match flame equivalent
Skrifstofuhúsgögn	
EN 527-1	Office furniture — Work tables and desks — Part 1: Dimensions
EN 527-2	Office furniture — Work tables and desks — Part 2: Mechanical safety requirements
EN 1023-2	Office furniture — Screens — Part 2: Mechanical safety requirements
EN 1335-1	Office furniture — Office work chair — Part 1: Dimensions — Determination of dimensions
EN 1335-2	Office furniture — Office work chair — Part 2: Safety requirements
EN 14073-2	Office furniture — Storage furniture — Part 2: Safety requirements
EN 14074	Office furniture — Tables and desks and storage furniture — Test methods for the determination of strength and durability of moving parts. (eftir prófun mega íhlutirnir ekki vera skemmdir og skulu ennþá hafa þá virkni sem ætlast er til).
Útihúsgögn	
EN 581-1	Útihúsgögn — Stólar og borð til útilegu-, heimilis- og atvinnunota — 1. hluti: Almennar öryggiskröfur
EN 581-2	Outdoor furniture — Seating and tables for camping, domestic and contract use — Part 2: Mechanical safety requirements and test methods for seating
EN 581-3	Outdoor furniture — Seating and tables for camping, domestic and contract use — Part 3: Mechanical safety requirements and test methods for tables
Sætishúsgögn	
EN 1022	Domestic furniture — Seating — Determination of stability

Staðall	Heiti
EN 12520	
EN 12727	Furniture — Ranked seating — Test methods and requirements for strength and durability
EN 13759	Furniture — Operating mechanisms for seating and sofa-beds — Test methods
EN 14703	Furniture — Links for non-domestic seating linked together in a row — Strength requirements and test methods
EN 16139	Furniture — Strength, durability and safety — Requirements for non-domestic seating

Borð

EN 12521	Furniture — Strength, durability and safety — Requirements for domestic tables
EN 15372	Furniture — Strength, durability and safety — Requirements for non-domestic tables

Húsgögn í eldhús

EN 1116	Kitchen furniture — Coordinating sizes for kitchen furniture and kitchen appliances
EN 14749	Domestic and kitchen storage units and worktops — Safety requirements and test methods

Rúm

EN 597-1	Furniture — Assessment of the ignitability of mattresses and upholstered bed bases — Part 1: Ignition source: Smouldering cigarette
EN 597-2	Furniture — Assessment of the ignitability of mattresses and upholstered bed bases — Part 2: Ignition source: Match flame equivalent
EN 716-1	Húsgögn — Barnarúm og barnaferðarúm til heimilisnota — Hluti 1: Öryggiskröfur
EN 747-1	Furniture — Bunk beds and high beds — Part 1: Safety, strength and durability requirements
EN 1725	Domestic furniture — Beds and mattresses — Safety requirements and test methods
EN 1957	Furniture — Beds and mattresses — Test methods for determination of functional characteristics and assessment criteria
EN 12227	Playpens for domestic use — Safety requirements and test methods

Geymsluhúsgögn

EN 16121	Non-domestic storage furniture — Requirements for safety, strength, durability and stability
----------	--

Staðall	Heiti
Aðrar tegundir húsgagna	
EN 1729-1	Furniture — Chairs and tables for educational institutions — Part 1: Functional dimensions
EN 1729-2	Furniture — Chairs and tables for educational institutions — Part 2: Safety requirements and test methods
EN 13150	Workbenches for laboratories — Dimensions, safety requirements and test methods
EN 14434	Writing boards for educational institutions — Ergonomic, technical and safety requirements and their test methods

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1621

2018/EES/14/03

frá 7. september 2016

um samþykki á leiðbeiningarskjali um tilkynningu til faggildingar- og leyfisveitingarstofa frá umhverfissannprófundum sem starfa í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009

(tilkynnt með númeri C(2016) 5648) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 er samstarfsvettvangi faggildingar- og leyfisveitingarstofa gefinn kostur á að semja leiðbeiningar um atriði á sviði sem heyrir undir heimildir faggildingar- og leyfisveitingarstofa í því skyni að samræma málsmeðferðarreglurnar sem þessir aðilar nota til faggildingar eða leyfisveitingar og eftirlits með umhverfissannprófundum.
- 2) Umhverfissannprófundum, sem starfa í mismunandi aðildarríkjum, er skylt að tilkynna viðeigandi faggildingar- og leyfisveitingarstofum um starfsemi sína í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.
- 3) Framkvæmd þessarar málsmeðferðar um tilkynningar í reynd hefur leitt í ljós að viðbrögð einstakra faggildingar- og leyfisveitingarstofa við umhverfissannprófundum, sem virða ekki skuldbindingar sínar um tilkynningarskyldu, eru mismunandi. Af þessum sökum er þörf á viðbótarleiðbeiningum til að tryggja samræmda beitingu málsmeðferðar um tilkynningar í tengslum við umhverfissannprófundur sem hafa hlotið faggildingingu eða leyfi í einu aðildarríki og inna af hendi sannprófunar- og fullgildingarstörf í öðru aðildarríki.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Leiðbeiningarskjal um tilkynningu til faggildingar- og leyfisveitingarstofa frá umhverfissannprófundum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009, eins og fram kemur í viðaukanum, er samþykkt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 242, 9.9.2016, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjórnartíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. september 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Leiðbeiningarskjal um tilkynningu til faggildingar- og leyfisveitingarstofa frá umhverfissannprófundum sem starfa í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009

INNGANGUR

Þetta leiðbeiningarskjal samræmir málsmeðferð um tilkynningar sem gildir um umhverfissannprófundur sem starfa í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt.

1. Skuldbindingar sem ber að uppfylla fyrir tilkynningu

- 1.1. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofan skal gera málsmeðferð sína um tilkynningar fyrir umhverfissannprófundur, sem hafa hlotið faggildingu í öðru aðildarríki, aðgengilegar öllum og veita greiðan aðgang að þeim. Í upplýsingum, sem eru aðgengilegar öllum, sem varða þessar málsmeðferðarreglur skal einnig tilgreina öll gjöld (að undanskildum ferðakostnaði) sem faggildingar- eða leyfisveitingarstofan setur upp fyrir tilkynningu og eftirlit.
- 1.2. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofan sem veitti faggildinguna eða leyfið skal gera þá kröfu að umhverfissannprófundur, sem hún hefur faggilt eða veitt leyfi, hafi fylgt málsmeðferðinni um tilkynningar, sem er skilgreind í 1. mgr. 24. gr., áður en hún hefur sannprófunar- eða fullgildingarstörf í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofan skal einnig sannprófa, sem hluta af eftirliti með umhverfissannprófundum sem hún hefur faggilt eða veitt leyfi, að tilkynningarskyldan samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 hafi verið uppfyllt ef umhverfissannprófundinn hefur starfað í öðru aðildarríki.
- 1.3. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofan skal mæla með því að umhverfissannprófundur, sem hún hefur faggilt eða veitt leyfi, upplýsi fyrirtæki/stofnanir, sem eru viðskiptavinir þeirra, um að þeim sé skylt að heimila eftirlit í samræmi við 6. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 og að neitun um að heimila slíkt eftirlit geti komið í veg fyrir að fyrirtæki/stofnanir verði skráðar.

2. Efni tilkynningarinnar

- 2.1. Litið skal svo á að tilkynningarskyldan, sem kemur fram í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009, sé uppfyllt þegar allar eftirtaldir upplýsingar eru lagðar fram:
 - a) upplýsingar um faggildingu eða leyfi ásamt sönnunum fyrir því að faggildingin eða leyfið sé enn í gildi og hafi ekki orðið fyrir áhrifum af tímabundinni eða varanlegri sviptingu og að hún/það sé fullnægjandi fyrir sértæka starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar sem verið er að sannprófa eða fullgilda,
 - b) samsetning starfshópsins og hæfni, einkum að því er varðar þekkingu á lagakröfum varðandi umhverfið og á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem sannprófunin eða fullgildingin á að fara fram,
 - c) gögn um starfsfólk, ef nauðsyn krefur, t.d. skrár yfir viðeigandi menntun og hæfi, þjálfun og reynslu sem er sérhæfð fyrir atvinnuveginum sem verið er að sannprófa,
 - d) tími og staður sannprófunarinnar og fullgildingarinnar, þ.m.t. heimsóknir umhverfissannprófundans til fyrirtækisins/stofnunarinnar og alla áfanga fyrir og eftir þá heimsókn eins og fram kemur í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009,
 - e) heimilisfang og samskiptaupplýsingar fyrirtækis/stofnunar sem verið er að sannprófa eða fullgilda, þ.m.t. öll athafnasvæði og starfsemi, sem fellur undir gildissvið sannprófunarinnar eða fullgildingarinnar, og fjöldi starfsmanna.

Viðbótarkröfurnar, sem um getur í c-lið, skulu rökstuddar m.t.t. sérstakra aðstæðna og mega ekki hafa áhrif á rétt umhverfissannprófundans til að veita þjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt.

- 2.2. Ef tilkynningin uppfyllir tilkynningarskylduna sem kemur fram í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 skal faggildingar- eða leyfisveitingarstofan upplýsa umhverfissannprófundann um það fyrir upphaf sannprófunar- eða fullgildingarstarfanna eins og lýst er í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009. Ef unnt er skal veita slíkar upplýsingar tveimur vikum fyrir upphaf sannprófunar- eða fullgildingarstarfanna. Um leið skal faggildingar- eða leyfisveitingarstofan upplýsa umhverfissannprófundann um gildissvið og inntak eftirlitsins sem hún ætlar sér að inna af hendi og um tengdan kostnað.
- 2.3. Ef faggildingar- eða leyfisveitingarstofan verður vör við að inna eigi af hendi sannprófunar- eða fullgildingarstörf eða ef þau hafa þegar verið innt af hendi án tilkynningar skal faggildingar- eða leyfisveitingarstofan minna umhverfissannprófundann á kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1221/2009 sem varða tilkynningar í viðkomandi landi (sjá lið 2.1).

Ef upplýsingarnar sem getið er í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 eru ekki lagðar fram tímanlega eða ef tilkynningin uppfyllir ekki tilkynningarskylduna sem kemur fram í þeirri grein gildir liður 3.1 í þessu leiðbeiningskjali.

- 2.4. Þar eð niðurstaða tilkynningarinnar gæti haft áhrif á sannprófunar- og fullgildingarferlið skal faggildingar- eða leyfisveitingarstofan mæla með því við sannprófundann að hann sendi viðskiptavini sínum þessa niðurstöðu.

3. Afleiðingar þess ef málsmeðferðinni um tilkynningar er ekki fylgt

- 3.1. Ef tilkynningin uppfyllir ekki tilkynningarskylduna sem kemur fram í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 skal faggildingar- og leyfisveitingarstofan fylgja málsmeðferðinni sem kemur fram í liðum 3.1.1 til 3.1.4.
 - 3.1.1. Ef upplýsingar að því er varðar faggildingar- eða leyfisupplýsingar, hæfi, tíma og stað sannprófunar og fullgildingar, heimilisfang og samskiptaupplýsingar fyrirtækis/stofnunar, þekkingu á lagakröfum varðandi umhverfið og á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem sannprófunin eða fullgildingin á að fara fram eða, ef við á, sem varða samsetningu starfshópsins eru ekki veittar eða ekki veittar á réttum tíma skal upplýsa umhverfissannprófundann eins fljótt og unnt er um upplýsingarnar sem vantar og að eindagi fyrir tilkynningar hafi ekki verið virtur.
 - 3.1.2. Ef faggildingar- eða leyfisveitingarstofan telur að upplýsingar sem vantar komi ekki í veg fyrir fullnægjandi eftirlit með umhverfissannprófundanum skal faggildingar- eða leyfisveitingarstofan líta svo á að tilkynningin sé fullnægjandi til að inna eftirlitsstarfsemina af hendi og fara þess á leit að umhverfissannprófundinn leggi upplýsingarnar sem vantar fram á síðara stigi. Umhverfissannprófundinn skal upplýstur tímanlega um þessa ákvörðun og áður en sannprófun eða fullgilding fer fram.
 - 3.1.3. Ef faggildingar- eða leyfisveitingarstofan telur að upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að inna af hendi fullnægjandi eftirlit með sannprófunar- eða leyfisveitingarstarfinu (t.d. tími og staður sannprófunar- eða fullgildingarstarfanna, heimilisfang og samskiptaupplýsingar fyrirtækis/stofnunar, faggildingar- eða leyfisupplýsingar umhverfissannprófundans, samsetning starfshóps eða hæfi starfshóps, einkum þekking á lagakröfum og á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem sannprófunin eða fullgildingin á að fara fram) hafi ekki verið mótteknar skal faggildingar- eða leyfisveitingarstofan upplýsa umhverfissannprófundann um að hún telji tilkynninguna ófullnægjandi, að fullnægjandi eftirlit sé þar af leiðandi ekki mögulegt og að ef sannprófun eða fullgilding fer fram áður en upplýsingarnar sem vantar eru lagðar fram muni hún mæla með því við þar til bærar aðila að hann skrái ekki fyrirtækið/stofnunina.
 - 3.1.4. Ef faggildingar- eða leyfisveitingarstofan ákveður að mæla með því að þar til bær aðili skrái ekki fyrirtækið/stofnunina skal það tilkynnt umhverfissannprófundanum, faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni sem veitti faggildinguna eða leyfið, fyrirtækinu/stofnuninni, ef unnt er, og þar til bærum aðila.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1250****2018/EES/14/04****frá 12. júlí 2016****samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins***(tilkynnt með númeri C(2016) 4176) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina ⁽²⁾,**1. INNGANGUR**

- 1) Í tilskipun 95/46/EB eru settar reglur um flutning persónuupplýsinga frá aðildarríkjum til þriðju landa að því marki sem slíkur flutningur fellur undir gildissvið hennar.
- 2) Með ákvæðum 1. gr. tilskipunar 95/46/EB og 2. og 10. forsenduliðum í inngangi er leitast við að tryggja ekki einungis skilvirka og fullnægjandi vernd grundvallarréttinda og frelsis einstaklinga, einkum þau grundvallarréttindi að friðhelgi einkalífs séu virt að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, heldur einnig öfluga vernd þessara grundvallarréttinda og frelsis ⁽³⁾.
- 3) Í dómaframkvæmd Dómstólsins ⁽⁴⁾ hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að grundvallarréttur til friðhelgi einkalífs, sem er tryggður skv. 7. gr., sé virtur, og þess að grundvallarréttur til verndar persónuupplýsingum, sem er tryggður með 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, sé virtur.
- 4) Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að einungis megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands ef það land tryggir fullnægjandi vernd og ef farið hefur verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn fer fram. Framkvæmdastjórnin kann að komast að raun um að þriðja land tryggi slíka fullnægjandi vernd samkvæmt landslögum sínum eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem það hefur tekið á sig til verndar mannréttindum. Í því tilviki og með fyrirvara um að farið sé að ákvæðum landslaga, sem voru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunarinnar, er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkjunum án þess að frekari tryggingar sé krafist.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 207, 1.8.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽²⁾ Sjá álit 4/2016 um drög að ákvörðun um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins, birt 30. maí 2016.

⁽³⁾ Mál C-362/14, Maximilian Schrems gegn Data Protection Commissioner ('Schrems'), EU:C:2015:650, 39. mgr.

⁽⁴⁾ Mál C-553/07, Rijkeboer, EU:C:2009:293, 47. mgr.; sameinuð mál C-293/12 og C-594/12, Digital Rights Ireland og aðrir, EU:C:2014:238, 53. mgr.; mál C-131/12, Google Spain og Google, EU:C:2014:317, 53., 66. og 74. mgr.

- 5) Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB skal meta þá gagnavernd sem þriðja land veitir í ljósi allra aðstæðna í tengslum við gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða, þ.m.t. bæði almennar og sértækar lagareglur sem eru í gildi í viðkomandi þriðja landi.
- 6) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB ⁽¹⁾, að því er varðar 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, voru „meginreglurnar um örugga höfn og friðhelgi einkalífsins“ sem komu til framkvæmda í samræmi við leiðbeiningarnar sem voru byggðar á svokölluðum „Algengum spurningum og svörum“ sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna gaf út, taldar tryggja fullnægjandi vernd fyrir flutning persónuupplýsinga frá Sambandinu til fyrirtækja með staðfestu í Bandaríkjunum.
- 7) Í orðsendingum sínum COM(2013) 846, lokagerð ⁽²⁾ og COM(2013) 847, lokagerð frá 27. nóvember 2013 ⁽³⁾, taldi framkvæmdastjórnin að nauðsynlegt væri að endurskoða og styrkja grundvöll áætlunarinnar um örugga höfn með tilliti til nokkurra þátta, þ.m.t. margfaldrar aukningar gagnaflæðis og afgerandi þýðingar þess fyrir efnahag beggja megin Atlantshafsins, hraðan vöxt þeirra fyrirtækja í Bandaríkjunum sem fylgja áætluninni um örugga höfn og nýjar upplýsingar um stærð og umfang tiltekinn eftirlitsáætlana Bandaríkjanna (U.S. intelligence programs) sem vöktu spurningar um þá vernd sem hún gæti tryggt. Auk þess tilgreindi framkvæmdastjórnin ýmsa ágalla og annmarka í áætluninni um örugga höfn.
- 8) Á grundvelli sönnunargagna sem framkvæmdastjórnin hefur aflað, þ.m.t. upplýsinga sem rekja má til starfs tengihóps Evrópusambandsins og Bandaríkjanna um friðhelgi einkalífsins ⁽⁴⁾ og upplýsinga um eftirlitsáætlanir Bandaríkjanna sem fengnar eru í sérstökum starfshópi ESB og Bandaríkjanna ⁽⁵⁾, setti framkvæmdastjórnin fram 13 tilmæli um endurskoðun áætlunarinnar um örugga höfn. Þessi tilmæli beindust að því að efla efnislegar meginreglur um friðhelgi einkalífsins, að auka gagnsæi varðandi stefnur sjálfvottaðra fyrirtækja í Bandaríkjunum um persónuvernd, betra eftirlit, vöktun og framfylgd bandarískra yfirvalda á því að þessum meginreglum sé fylgt, aðgang að úrræðum til lausnar deilumála án mikils tilkostnaðar og að þörfin á að tryggja að notkun undanþágu er varðar þjóðaröryggi sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/520/EB sé takmörkuð að svo miklu leyti sem bráðnauðsynlegt er og hóflegt.
- 9) Með dómi sínum frá 6. október 2015 í máli C-362/14, *Maximillian Schrems gegn Data Protection Commissioner* ⁽⁶⁾ lýsti Evrópudómstóllinn ákvörðun 2000/520/EB ógilda. Án þess að skoða efni meginreglnanna um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins taldi Dómstóllinn að framkvæmdastjórnin hefði ekki skýrt frá því í þeirri ákvörðun að Bandaríkin hafi í raun „tryggt“ fullnægjandi vernd á grundvelli landslaga sinna eða alþjóðlegra skuldbindinga ⁽⁷⁾.
- 10) Hvað þetta varðar útskýrði Dómstóllinn að þótt hugtakið „fullnægjandi vernd“ í 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB merki ekki vernd sem er sambærileg við þá vernd sem er ábyrgst í réttarkerfi ESB beri að skilja hana á þá leið að þriðja landið verði að tryggja vernd grundvallarréttinda og frelsis sem er „í meginatriðum sambærileg“ þeirri sem ábyrgst er innan Sambandsins þegar tilskipun 95/46/EB er lesin í ljósi sáttmálans um grundvallarréttindi. Jafnvel þótt þær leiðir, sem þriðja land hefur til málskots, kunní í þessu samhengi að vera ólíkar þeim sem notaðar eru í Sambandinu verður samt sem áður að sýna fram á að þessar aðferðir séu skilvirkar í reynd ⁽⁸⁾.
- 11) Dómstóllinn gagnrýndi að ákvörðun 2000/520/EB innihéldi ekki fullnægjandi niðurstöður um að í Bandaríkjunum liggi fyrir reglur, samþykktar af ríkinu, sem ætlað er að takmarka skerðingu á grundvallarréttindum einstaklinga þegar upplýsingar um þá eru fluttar frá Sambandinu til Bandaríkjanna, skerðingu sem ríkisstofnanir þess lands hefðu heimild til að beita þegar þær vinna að því að ná lögmætum markmiðum, s.s. þjóðaröryggi, og að fyrir hendi sé skilvirk réttarvernd gegn þess konar skerðingu ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út (Stj.íð. EB L 215, 28.8.2000, bls. 7).

⁽²⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um að endurbyggja traust á gagnaflæði milli ESB og Bandaríkjanna, COM(2013) 846, lokagerð frá 27. nóvember 2013.

⁽³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um starfsemi öruggar hafnar frá sjónarhóli ríkisborgara ESB og fyrirtækja með staðfestu í ESB, COM(2013) 847, lokagerð frá 27. nóvember 2013.

⁽⁴⁾ Sjá t.d. lokaskýrslu ráðs Evrópusambandsins frá tengihópi háttsettra embættismanna í ESB og USA um upplýsingaskipti og vernd einkalífsins og persónuupplýsinga, minnisblað 9831/08, 28. Maí 2008, aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/document/activities/cont/201010/20101019ATT88359/20101019ATT88359EN.pdf>.

⁽⁵⁾ Skýrsla um niðurstöður fulltrúa ESB í sameiginlegu forsæti sérstaks starfshóps ESB og Bandaríkjanna um gagnavernd, 27. nóvember, er aðgengileg á vefslóðinni: <http://ec.europa.eu/justice/data-protection/files/report-findings-of-the-ad-hoc-eu-us-working-group-on-data-protection.pdf>.

⁽⁶⁾ Sjá 3. nmgr.

⁽⁷⁾ Schrems, 97. mgr.

⁽⁸⁾ Schrems, 73.–74. mgr.

⁽⁹⁾ Schrems, 88.–89. mgr.

- 12) Árið 2014 hafði framkvæmdastjórnin gengið til viðræðna við yfirvöld í Bandaríkjunum til þess að ræða eflingu áætlunarinnar um örugga höfn í samræmi við tilmælin 13 sem orðsending COM(2013) 847, lokagerð, hefur að geyma. Eftir dóm Evrópudómstólsins í *Schrems*-málinu skerptust viðræðurnar með í huga mögulega nýja ákvörðun um fullnægjandi vernd sem mundi uppfylla kröfurnar í 25. gr. tilskipunar 95/46/EB eins og Dómstóllinn hefur túlkað hana. Skjölín, sem fylgja með þessari ákvörðun og verða einnig birt í lögbirtingarblaði Bandaríkjanna, eru niðurstöður þessara umræðna. Meginreglurnar um friðhelgi einkalífsins (II. viðauki), ásamt með opinberum útskýringum og skuldbindingum hinna ýmsu bandarísku yfirvalda, sem er að finna í skjölunum í I. og III.–VII. viðauka, mynda samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins.
- 13) Framkvæmdastjórnin hefur kannað lög og venjur í Bandaríkjunum ítarlega, þ.m.t. þessar opinberu skýringar og skuldbindingar. Á grundvelli niðurstaðna sem koma fram í 136.–140. forsendu ályktar framkvæmdastjórnin að Bandaríkin tryggja fullnægjandi vernd fyrir persónuupplýsingar, sem eru fluttar samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, frá Sambandinu til sjálfvottaðra fyrirtækja í Bandaríkjunum.

2. SAMKOMULAG EVRÓPUSAMBANDSINS OG BANDARÍKJANNA TIL VARNAR FRIÐHELGI EINKALÍFSINS

- 14) Samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins byggist á sjálfvottunarkerfi þar sem fyrirtæki í Bandaríkjunum skuldbinda sig til að fylgja röð meginreglna um friðhelgi einkalífsins — meginreglna rammisamkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, þ.m.t. viðbótarmeginreglurnar (hér á eftir nefndar: „meginreglurnar“ til samans) — sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna gaf út og eru í II. viðauka við þessa ákvörðun. Þetta gildir hvort tveggja um ábyrgðaraðila gagna og vinnsluáðila (umboðsaðila) með þeirri sérstöðu að vinnsluáðilarnir verða að vera bundnir samningi um að aðhafast ekkert nema samkvæmt fyrirráðum ESB-ábyrgðaraðila og aðstoða hann við að bregðast við beiðnum einstaklinga sem neyta réttar síns samkvæmt meginreglunum ⁽¹⁾.
- 15) Með fyrirvara um að farið sé að landsákvæðum, samþykktum samkvæmt tilskipun 95/46/EB, hefur þessi ákvörðun þau áhrif að heimilaðir eru flutningar frá ábyrgðaraðila eða vinnsluáðila í Sambandinu til fyrirtækja í Bandaríkjunum sem hafa sjálfvottað hjá viðskiptaráðuneytinu að þau fylgi meginreglunum og hafa skuldbindið sig til að fylgja þeim. Meginreglurnar gilda eingöngu um vinnslu fyrirtækja í Bandaríkjunum á persónuupplýsingum að svo miklu leyti sem vinnsla slíkra fyrirtækja fellur ekki undir reglurnar sem gilda í Sambandinu og/eða viðkomandi aðildarríki en ekki meginreglurnar. Sjá i. lið a-liðar, ii.-lið b-liðar, i. lið c-liðar og i. lið d-liðar í 9. lið III. þáttar í II. viðauka.

⁽¹⁾ Sjá a-lið 10. liðar III. þáttar í II. viðauka í samræmi við skilgreininguna í c-lið 8. liðar I. þáttar mun ESB-ábyrgðaraðilinn ákveða tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur verður að gera skýra grein fyrir því í samningnum við umboðsaðilann hvort framsendingar séu heimilaðar (sjá 2. tölulið ii. liðar í a-lið 10. liðar III. þáttar).

⁽²⁾ Þetta gildir einnig þegar um er að ræða starfsmannaupplýsingar sem fluttar eru frá Sambandinu í tengslum við starfsráðningar. Jafnframt því að í meginreglunum er lögð áhersla á „frumskyldu“ vinnuveitanda í ESB (i. liður d-liðar í 9. lið III. þáttar í II. viðauka) er um leið gert ljóst að framferði hans fellur undir reglurnar sem gilda í Sambandinu og/eða viðkomandi aðildarríki en ekki meginreglurnar. Sjá i. lið a-liðar, ii.-lið b-liðar, i. lið c-liðar og i. lið d-liðar í 9. lið III. þáttar í II. viðauka.

⁽³⁾ Þetta gildir einnig um vinnslu sem fer fram með notkun búnaðar sem staðsettur er í Sambandinu en er notaður af fyrirtæki með staðfestu utan Sambandsins (sjá c-lið, 1. mgr., 4. gr. tilskipunar 95/46/EB). Frá og með 25. maí 2018 mun almenna persónuverndarreglugerðin gilda um vinnslu persónuupplýsinga: i. í tengslum við starfsemi starfsstöðvar ábyrgðaraðila eða vinnsluáðila innan Sambandsins (einnig þegar vinnslan fer fram í Bandaríkjunum) eða ii. skráðra einstaklinga sem eru í Sambandinu af hálfu ábyrgðaraðila eða vinnsluáðila sem hefur ekki staðfestu í Sambandinu þegar starfsemi vinnslunnar tengist a) söluþilboði á vörum eða þjónustu, án tillits til þess hvort krafa sé um greiðslu frá hinum skráða til slíkra skráðra einstaklinga í Sambandinu eða b) vöktun á hegðun þeirra svo fremi að hún fari fram innan Sambandsins. Sjá 1. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almennu persónuverndarreglugerðarinnar) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

- 16) Sú vernd sem friðhelgisamkomulagið veitir varðandi persónuupplýsingar gildir um persónuupplýsingar hvers skráðs einstaklings í ESB ⁽¹⁾ þegar þær hafa verið fluttar frá Sambandinu til fyrirtækja í Bandaríkjunum sem hafa sjálfvottað hjá viðskiptaráðuneytinu að þeir fylgi meginreglunum.
- 17) Meginreglurnar taka gildi um leið og vottun er fengin. Ein undantekning tengist meginreglunni um ábyrgðarskyldu við framsendingu en það er þegar sjálfvottað fyrirtæki í friðhelgisamkomulaginu er þegar í viðskiptasambandi við þriðju aðila. Með tilliti til þess að það getur tekið einhvern tíma að færa þessi viðskiptasambönd til samræmis við reglurnar sem gilda um meginregluna um ábyrgðarskyldu við framsendingu er fyrirtækinu skylt að gera það eins fljótt og unnt er og a.m.k. eigi síðar en níu mánuðum frá sjálfvottuninni (svo fremi að hún fari fram á fyrstu tveimur mánuðunum eftir þann dag sem friðhelgisamkomulagið tekur gildi). Á þessu millibilstímabili verður fyrirtækið að beita meginreglunni um tilkynningarskyldu og valfrelsi (þannig að hinn skráði í Evrópusambandinu geti andmælt (e. opt out)) og, þegar persónuupplýsingar eru fluttar til þriðja aðila sem kemur fram sem umboðsaðili, verður það að tryggja að sá aðili veiti a.m.k. jafnmikla vernd og meginreglurnar kveða á um ⁽²⁾. Á þessu millibilstímabili kemst á eðlilegt og viðeigandi jafnvægi milli þess að virtur sé grundvallarréttur til gagnaverndar og þeirrar lögmætu þarfar fyrirtækja að hafa nægilegan tíma til að aðlagast nýja rammanum þar sem það er einnig háð viðskiptatengslum þeirra við þriðju aðila.
- 18) Viðskiptaráðuneytið mun stjórna og fylgjast með kerfinu á grundvelli skuldbindinga sinna sem settar eru fram í útskýringum viðskiptaráðherra Bandaríkjanna (I. viðauki við þessa ákvörðun). Með tilliti til framfylgdar meginreglnanna hafa Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna og samgönguráðuneyti Bandaríkjanna komið með skýringar sem eru í IV. og V. viðauka við þessa ákvörðun.

2.1. Meginreglur um friðhelgi einkalífsins

- 19) Liður í sjálfvottun samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins er að fyrirtæki verða að skuldbinda sig til að fylgja meginreglunum ⁽³⁾.
- 20) Samkvæmt meginreglunni um tilkynningarskyldu er fyrirtækjum skylt að veita skráðum einstaklingum upplýsingar um nokkur lykiliatriði sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga þeirra (t.d. tegund þeirra upplýsinga sem er aflað, tilgang vinnslunnar, rétt til aðgangs og valfrelsis, skilyrði vegna framsendinga og bótaábyrgðar. Frekari verndarráðstafanir gilda, einkum krafan um að fyrirtæki birti stefnu sína um persónuvernd (sem endurspeglar meginreglurnar) og hlekkir yfir á vefsetur viðskiptaráðuneytisins (með frekari upplýsingum um sjálfvottun, réttindi skráðra einstaklinga og tiltækar málskotsleiðir), skrána yfir þau fyrirtæki sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu (sem um getur í 30. forsendu) og vefsetur viðeigandi aðila sem sinnir lausn deilumála utan dómstóla.
- 21) Samkvæmt meginreglunni um heilleika gagna og takmörkun vegna tilgangs verða persónuupplýsingar að lágmarkast við það sem skiptir máli fyrir tilgang vinnslunnar, vera áreiðanlegar miðað við fyrirhugaða notkun, nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar. Fyrirtæki má ekki vinna úr persónuupplýsingum á þann hátt sem er ósamrýmanlegur því sem fyrirhugað var þegar þeim var upphaflega safnað eða í tilgangi sem hinn skráði veitti leyfi fyrir síðar. Fyrirtæki verða að tryggja að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar miðað við fyrirhugaða notkun, nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar.

⁽¹⁾ Þessi ákvörðun varðar EES. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) kveður á um rýmkun innri markaðar Evrópusambandsins svo hann nái til hinna þriggja EES-ríkja, Íslands, Liechtenstein og Noregs. Löggjöf Sambandsins um gagnavernd, þ.m.t. tilskipun 95/46/EB, fellur undir EES-samninginn og hefur verið felld inn í XI. viðauka hans. Sameiginlega EES-nefndin þarf að ákveða hvort þessi ákvörðun verði felld inn í EES-samninginn. Þegar þessi ákvörðun gildir um Ísland, Liechtenstein og Noreg mun samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins einnig taka til þessara þriggja landa og tilvísanir til Evrópusambandsins og aðildarríkja þess í samkomulaginu í heild skal skiljast svo að Ísland, Liechtenstein og Noregur séu þar með.

⁽²⁾ Sjá e-lið 6. liðar III. þáttar í II. viðauka.

⁽³⁾ Sérreglur, sem kveða á um viðbótarverndarráðstafanir, gilda um starfsmannaupplýsingar sem hefur verið safnað saman í tengslum við starfsráðningar eins og mælt er fyrir um í viðbótarmeginreglunni um „starfsmannaupplýsingar“ í meginreglunum um friðhelgi einkalífsins (sjá 9. lið III. þáttar í II. viðauka). Vinnuveitendur ættu t.d. að breyta til samræmis við óskir starfsmanna um friðhelgi einkalífsins með því að takmarka aðgang að persónuupplýsingum, hafa tilteknar upplýsingar nafnlausar eða að úthluta kóðum eða dulnefnum. Einkum ber fyrirtækjum að vinna í samstarfi við persónuverndaryfirvöld Sambandsins og hlíta ráðum þeirra þegar um er að ræða slík gögn.

- 22) Þegar nýr (breyttur) tilgangur er efnislega frábrugðinn en samt sem áður samrýmanlegur upphaflega tilganginum veitir *meginreglan um valfrelsi* skráðum einstaklingum rétt til að andmæla notkun upplýsinganna (e. opt out). *Meginreglan um valfrelsi* gengur ekki framár skýlausu banni á ósamrýmanlegri vinnslu ⁽¹⁾. Um beina markaðssetningu gilda sérreglur þar sem almennt er mögulegt að andmæla því hvenær sem er að persónuupplýsingar verði notaðar ⁽²⁾. Ef um er að ræða viðkvæm gögn verða fyrirtæki venjulega að fá ótvírátt samþykki frá hinum skráða (opt in).
- 23) Með hliðsjón af *meginreglunni um heilleika gagna og takmörkun vegna tilgangs* er samt sem áður einungis heimilt að varðveita persónuupplýsingar á formi sem persónugreininir einstakling eða gerir hann persónugreinanlegan (og þar með í formi persónuupplýsinga) eins lengi og það þjónar þeim tilgangi sem þeim var upphaflega aflað eða veitt var leyfi fyrir síðar. Þessi skuldbinding kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki, sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu, haldi áfram að vinna persónuupplýsingar til lengri tíma, en eingöngu fyrir þann tíma og að því marki sem slík vinnsla þjónar með eðlilegum hætti eftirfarandi tilgangi: skjalavistun í þágu almannahagsmuna, blaðamennsku, bókmenntum og listum, vísinda- og sagnfræðirannsóknnum og tölfraðilegri greiningu. Lengri varðveisla persónuupplýsinga í einhverjum slíkum tilgangi fellur undir verndarráðstafanirnar sem kveðið er á um í meginreglunum.
- 24) Samkvæmt *meginreglunni um öryggi* verða fyrirtæki, sem skapa, viðhalda, nota eða dreifa persónuupplýsingum, að gera „eðlilegar og viðeigandi“ öryggisráðstafanir, að teknu tilliti til áhættunnar sem felst í vinnslunni og eðli upplýsinganna. Ef um er að ræða vinnslu undirverktaka verða fyrirtæki að gera samning við undirverktakann og tryggja jafnmikla vernd og kveðið er á um í meginreglunum og gera ráðstafanir til að tryggja rétta framkvæmd vinnslunnar.
- 25) Samkvæmt *meginreglunni um aðgang* ⁽³⁾ eiga skráðir einstaklingar rétt á, án þess að þurfa að rökstyðja það og aðeins gegn hóflegri þóknun, að fá staðfestingu frá fyrirtæki á því hvort slíkt fyrirtæki vinnur persónuupplýsingar sem tengist þeim og fá gögnin send innan hæfilegs tíma. Þennan rétt má einungis takmarka í undantekingartilvikum; neitun eða takmörkun á rétti til aðgangs verður að vera nauðsynleg og tilhlýðilega rökstudd og skal fyrirtækið sýna fram á að þessum kröfum sé fullnægt. Skráðir einstaklingar verða að geta leiðrétt, breytt eða eytt persónuupplýsingum ef þær eru rangar eða vinnsla þeirra brýtur gegn meginreglunum. Á sviðum þar sem fyrirtæki eru líklegust til að grípa til vélrænnar vinnslu persónuupplýsinga til að taka ákvarðanir sem viðkoma einstaklingnum (t.d. um lán, veðlán, atvinnu), kveða bandarísk lög á um sérstaka vernd gegn óhagstæðum ákvörðunum ⁽⁴⁾. Þessi lög kveða að jafnaði á um að einstaklingar eigi rétt á að fá upplýsingar um þær sérstöku ástæður, sem liggja að baki ákvörðuninni (t.d. synjun um lán), að mótmæla ófullnægjandi eða ónákvæmum upplýsingum (ásamt því að treyst sé á ólöglega þætti) og leita úrlausnar. Þessar reglur tryggja vernd líkast til í frekar takmörkuðum fjölda mála þar sem fyrirtækið, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, tæki sjálft ákvarðanir með sjálfvirkum hætti ⁽⁵⁾. Samt sem áður, með tilliti til þess að sjálfvirk gagnavinnsla (þ.m.t. gerð persónusniðs) er í auknum mæli notuð til grundvallar ákvarðanatöku sem varðar einstaklinga í stafrænu nútímahagkerfi, er þetta svið sem þarf að fylgjast grannt með. Til þess að auðvelda þetta eftirlit var gert samkomulag við bandarísk yfirvöld um að umfjöllun um sjálfvirka ákvarðanatöku, þ.m.t. um líkar og ólíkar aðferðir Evrópusambandsins og Bandaríkjanna hvað þetta varðar, verði liður í fyrstu árlegu endurskoðuninni og einnig síðari endurskoðunum eins og við á.

(1) Þetta gildir um alla gagnaflutninga sem falla undir friðhelgisamkomulagið, þ.m.t. þegar um er að ræða upplýsingar sem er safnað á grundvelli ráðningarsambands. Enda þótt sjálfvottað bandarískt fyrirtæki geti að jafnaði notað starfsmannagögn í öðrum tilgangi sem tengist ekki starfsráðningum (t.d. fyrir tiltekna markaðssetningu) verður það að virða bannið við ósamrýmanlegri vinnslu og getur auk þess einungis gert það í samræmi við meginreglurnar um tilkynningarskyldu og valfrelsi. Bannið við því að bandarísk fyrirtæki grípi til refsiaðgerða gegn starfsmanni fyrir að nýta sér slíkt valfrelsi, þ.m.t. hvers konar takmörkun á atvinnutækifærum, mun tryggja, þrátt fyrir tengsl yfirmanns og undirmanns og þar sem starfsmaðurinn er eðli málsins samkvæmt háður yfirmanni sínum, að starfsmaðurinn verði laus undan þrýstingi og geti því nýtt sér raunverulegt frjálst val.

(2) Sjá 12. lið III. þáttar í II. viðauka.

(3) Sjá einnig viðbótarmeginregluna um „Aðgang“ (8. lið III. þáttar í II. viðauka).

(4) Sjá t.d. Equal Credit Opportunity Act (ECOA, 15 U.S.C. 1691 o.áfr.), Fair Credit Reporting Act (FRCA, 15 USC § 1681 o.áfr.), eða Fair Housing Act (FHA, 42 U.S.C. 3601 o.áfr.).

(5) Í tengslum við flutning persónuupplýsinga, sem hefur verið aflað í ESB, munu samningsbundin tengsl við einstaklinginn (viðskiptavininn) í flestum tilvikum vera — og því mun hver ákvörðun sem er byggð á sjálfvirkri gagnavinnslu tekin af — við ábyrgðaraðila ESB sem verður að hlíta reglum ESB um gagnavernd. Þetta tekur einnig til aðstæðna þar sem fyrirtæki sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, sem kemur fram sem fulltrúi fyrir hönd ábyrgðaraðila ESB, framkvæmir vinnsluna.

- 26) Samkvæmt *meiginreglunni um málskotsrétt, framfylgd og bótaábyrgð* ⁽¹⁾ verða þátttakandi fyrirtæki að ráða yfir traustu fyrirkomulagi til að tryggja fylgni við aðrar meginreglur og málskotsrétt til handa skráðum einstaklingum í ESB, sem eiga persónuupplýsingar sem hafa verið unnar án þess að farið hafi verið að tilskildum ákvæðum, þ.m.t. um skilvirk úrræði. Þegar fyrirtæki hefur að eigin frumkvæði ákveðið sjálfvottun ⁽²⁾, samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, er því skylt að fylgja meginreglunum á skilvirkan hátt. Þess konar fyrirtæki verður að endurvotta aðild sína árlega ef það á áfram að geta tekið á móti persónuupplýsingum frá Sambandinu á grundvelli friðhelgisamkomulagsins. Fyrirtæki verða einnig að gera ráðstafanir til að sannreyna ⁽³⁾ að stefna þeirra varðandi persónuvernd sé í samræmi við meginreglurnar og að farið sé eftir þeim í reynd. Þetta má gera annaðhvort gegnum sjálfsmatskerfi, sem verður að fela í sér innri málsmeðferð sem tryggir að starfsmenn hljóti þjálfun varðandi framkvæmd á stefnu fyrirtækisins á sviði persónuverndar og að reglufylgni sé athuguð reglulega á hlutlægan hátt, eða með könnun aðila utan fyrirtækisins á reglufylgni, en aðferðirnar við það geta falið í sér endurskoðun eða slembiathuganir. Auk þess verður fyrirtæki að koma á skilvirkri úrlausnarleið til að taka á kvörtunum ef einhverjar eru (sjá einnig 43. forsendu hvað þetta varðar) og gangast undir rannsóknar- og framkvæmdarheimildir Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytis Bandaríkjanna eða annars viðurkennds lögskipaðs aðila í Bandaríkjunum sem mun tryggja að farið sé að meginreglunum með skilvirkum hætti.
- 27) Sérreglur gilda um svokallaðar „framsendingar“, þ.e. flutning persónuupplýsinga frá fyrirtæki til þriðja aðila sem er ábyrgðaraðili eða vinnsluáðili, án tillits til þess hvort sá síðarnefndi er í Bandaríkjunum eða þriðja landi utan Bandaríkjanna (og Sambandsins). Tilgangurinn með þessum reglum er að tryggja að ekki verði grafið undan þeirri vernd sem ábyrgst er gagnvart persónuupplýsingum skráðra einstaklinga í ESB, né verði hægt að sniðganga hana, með því að afhenda þriðju aðilum upplýsingarnar. Þetta á einkum við í flóknari vinnslukeðjum sem eru dæmigerðar í stafrænu nútímahagkerfi.
- 28) Samkvæmt *meiginreglunni um ábyrgðarskyldu við framsendingu* ⁽⁴⁾ getur hver framsending aðeins farið fram: i. í takmörkuðum og sérstökum tilgangi; ii. á grundvelli samnings (eða sambærilegs fyrirkomulags innan fyrirtækjahóps) ⁽⁵⁾ og iii. einungis ef sá samningur kveður á um jafnmikla vernd og ábyrgst er í meginreglunum, en það felur í sér þá kröfu að beitingu meginreglnanna megi einungis takmarka að því marki sem er nauðsynlegt til að uppfylla kröfur um þjóðaröryggi, löggæslu og aðra almannahagsmuni ⁽⁶⁾. Þetta ætti að túlka með hliðsjón af *meiginreglunni um tilkynningarskyldu* og, ef um er að ræða framsendingu til ábyrgðaraðila sem er þriðji aðili ⁽⁷⁾, *meiginreglunni um valfrelsi* en samkvæmt henni verður að tilkynna skráðum einstaklingum (meðal annars) um tegund eða deili á hverjum þeim þriðja aðila sem er viðtakandi, tilgang framsendingarinnar ásamt þeim valkostum, sem eru í boði fyrir framsendingar, og þeir geta andmælt (e. opt out) eða, ef um er að ræða viðkvæm gögn, verða að gefa „ótvírætt samþykki“ fyrir (e. opt in). Í ljósi *meiginreglunnar um heilleika gagna og takmörkun vegna tilgangs* er það forsenda fyrir skuldbindingunni um að veita jafnmikla vernd og ábyrgst er í meginreglunum að þriðji aðili geti einungis unnið persónuupplýsingarnar sem honum eru sendar á þann hátt sem er ekki ósamrýmanlegur því sem fyrirhugað var þegar þeim var upphaflega safnað eða í tilgangi sem hinn skráði veitti leyfi fyrir síðar.
- 29) Sú skuldbinding að veita jafnmikla vernd og meginreglurnar kveða á um gildir um sérhvern og alla þriðju aðila sem taka þátt í vinnslu gagna sem flutt eru með þessum hætti án tillits til staðsetningar þeirra (í Bandaríkjunum eða öðru þriðja landi), einnig þegar upphaflegi viðtakandinn sem er þriðji aðili sendir sjálfur þessi gögn til annars viðtakanda sem er þriðji aðili, t.d. í þeim tilgangi að þau fari í vinnslu hjá undirverktaka. Í öllum tilvikum verður samningurinn við viðtakandann sem er þriðji aðili að kveða á um að hinn síðarnefndi muni tilkynna fyrirtækinu, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, um það ef hann ákvarðar að hann geti ekki lengur uppfyllt þessa skuldbindingu. Þegar slík

⁽¹⁾ Sjá einnig viðbótarmeginreglu um „Lausn deilumála og framfylgd“ (11. lið III. þáttar í II. viðauka).

⁽²⁾ Sjá einnig viðbótarmeginreglu um „Sjálfvottun“ (6. lið III. þáttar í II. viðauka).

⁽³⁾ Sjá einnig viðbótarmeginreglu um „Sannprófun“ (7. lið III. þáttar í II. viðauka).

⁽⁴⁾ Sjá einnig viðbótarmeginregluna „Skyldubundnir samningar um framsendingar“ (10. lið III. þáttar í II. viðauka).

⁽⁵⁾ Sjá viðbótarmeginregluna „Skyldubundnir samningar um framsendingar“ (b-lið 10. liðar III. þáttar í II. viðauka). Þótt í meginreglunni sé gert ráð fyrir sendingum sem byggjast einnig á gerningum utan samninga (t.d. reglufylgni innan samstæðu og eftirlitsáætlanir) ljóst er af textanum að þessir gerningar verða alltaf að „tryggja áframhaldandi vernd persónuupplýsinga samkvæmt meginreglunum.“ Enn fremur, að því gefnu að sjálfvottaða bandaríska fyrirtækið beri áfram ábyrgð á því að farið verði að meginreglunum mun það vera því mikill hvati til að nota gerninga sem vissulega eru skilvirkir í reynd.

⁽⁶⁾ Sjá 5. lið I. þáttar í II. viðauka.

⁽⁷⁾ Einstaklingar munu ekki hafa rétt á að andmæla þegar persónuupplýsingar eru fluttar til þriðja aðila sem vinnur verkefni sem umboðsaðili fyrir hönd og undir stjórn bandaríska fyrirtækisins. Þetta krefst þó samnings við umboðsaðilann og bandaríska fyrirtækið mun bera ábyrgð á að tryggja verndina sem kveðið er á um í meginreglunum með því að beita valdheimildum sínum til að veita fyriræmi.

ákvörðun er tekin mun vinnsla þriðja aðilans stöðvast eða gera verður aðrar eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu ⁽¹⁾. Ef vandamál koma upp í tengslum við að uppfylla kröfurnar varðandi vinnslukeðjuna hjá (undir-)verktaka mun fyrirtækið, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, sem kemur fram sem ábyrgðaraðili persónuupplýsinganna, þurfa að sanna að það beri ekki ábyrgð á atburðinum sem leiddi til tjónsins, eða að öðrum kosti vera bótaskyld, eins og tilgreint er í *meginreglunni um málskotsrétt, framfylgd og bótaábyrgð*. Viðbótarvernd gildir ef um er að ræða framsendingu til þriðja aðila sem er umboðsaðili ⁽²⁾.

2.2. Gagnsæi, stjórnun og eftirlit samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins

- 30) Samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins kveður á um eftirlits- og fullnustufyrirkomulag í þeim tilgangi að sannreyna og tryggja að sjálfvottuð bandarísk fyrirtæki fari að meginreglunum og að tekið verði á því ef þau brjóta gegn þeim. Þetta fyrirkomulag er sett fram í meginreglunum (II. viðauki) og þeim skuldbindingum sem viðskiptaráðuneytið (I. viðauki), Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna (IV. viðauki) og samgönguráðuneytið (V. viðauki) hafa tekist á hendur.
- 31) Til þess að tryggja rétta beitingu friðhelgisamkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna verða hagsmunaaðilar, s.s. skráðir einstaklingar, gagnaúflytjendur og landsbundin persónuverndarverndaryfirvöld, að geta borið kennsl á þau fyrirtæki sem fylgja meginreglunum. Í þessu skyni hefur viðskiptaráðuneytið tekist á hendur að halda opinbera skrá yfir fyrirtæki sem hafa sjálfvottað að þau fylgi meginreglunum og falla undir valdsvið a.m.k. eins af eftirlitsyfirvöldunum sem um getur í I. og II. viðauka við þessa ákvörðun („skrá yfir fyrirtæki sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu“) ⁽³⁾. Viðskiptaráðuneytið mun uppfæra skrána á grundvelli þess að fyrirtækið leggi fram endurvottun árlega og alltaf þegar fyrirtæki dregur sig út úr friðhelgisamkomulaginu eða er tekið af skránni. Ráðuneytið mun einnig halda úti opinberri skrá yfir fyrirtæki sem hafa verið tekin af skrá og gera hana aðgengilega almenningi og tilgreina í hverju tilviki ástæðu þess að fyrirtækið var fjarlægð. Að lokum mun það gefa upp hlekk á skrá yfir mál Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, sem tengjast friðhelgisamkomulaginu og framfylgd laga og er haldið úti á vefsetri stofnunarinnar.
- 32) Viðskiptaráðuneytið mun gera bæði skrána yfir þá sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu og yfir framlagningu endurvottunar aðgengilegar öllum á sérstöku vefsetri. Sjálfvottuð fyrirtæki verða á hinn bóginn að gefa upp veffang ráðuneytisins vegna skrárinnar yfir þá sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu. Auk þess verður að koma fram í stefnu fyrirtækis um persónuvernd, ef hún er aðgengileg á Netinu, tengill á vefsetur friðhelgisamkomulagsins eða kvörtunareyðublað óháða málskotskerfisins sem er aðgengilegt til að rannsaka óleyst kvörtunarmál. Viðskiptaráðuneytið mun kerfisbundið sannreyna, í tengslum við vottun og endurvottun fyrirtækis á þátttöku sinni í samkomulaginu, að stefna þess um persónuvernd samrýmist meginreglunum.
- 33) Fyrirtæki sem hafa hvað eftir annað brotið gegn meginreglunum verða tekin af skránni yfir þá sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu og verða að skila eða eyða persónuupplýsingum sem þau hafa fengið samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Í öðrum tilvikum þegar fyrirtæki er tekið af skrá, t.d. ef þátttöku er hætt að eigin frumkvæði eða ekki hefur verið endurvottað, getur fyrirtækið haldið eftir slíkum gögnum ef það staðfestir árlega við viðskiptaráðuneytið að það skuldbindi sig til að beita áfram meginreglunum eða tryggir fullnægjandi vernd fyrir persónuupplýsingarnar með öðrum löglegum hætti (t.d. með því að nota samning sem uppfyllir að fullu kröfurnar um viðeigandi föst samningsákvæði sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt). Í því tilviki verður fyrirtæki að tilgreina tengilið innan fyrirtækisins fyrir allar fyrirspurnir sem tengjast friðhelgisamkomulaginu.
- 34) Viðskiptaráðuneytið mun hafa eftirlit með fyrirtækjum sem ekki eru lengur aðilar að friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, annaðhvort vegna þess að þau hafa af frjálsum vilja hætt þátttöku eða vegna þess að vottun þeirra er fallin úr gildi, til að ganga úr skugga um hvort þau muni skila, eyða eða halda ⁽⁴⁾

⁽¹⁾ Ástandið er breytilegt eftir því hvort þriðji aðilinn er ábyrgðaraðili eða vinnsluadili (umboðsaðili). Í fyrra tilvikinu verður samningurinn við þriðja aðilann að kveða á um að sá aðili hætti vinnslu eða geri aðrar eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu. Í seinna tilvikinu er það fyrirtækið sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu — sem ábyrgðaraðili vinnslunnar sem umboðsaðilinn tekur við fyrirætlum frá — sem gerir þessar ráðstafanir.

⁽²⁾ Í slíku tilviki verður bandaríska fyrirtækið einnig að gera eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir: i. til að tryggja að umboðsaðilinn standi með skilvirkum hætti að vinnslu persónuupplýsinganna sem eru fluttar í samræmi við skuldbindingar fyrirtækisins samkvæmt meginreglunum og ii. að hætta og ráða bót á óleyfilegri vinnslu, að fenginni tilkynningu.

⁽³⁾ Upplýsingar um umsjón skrárinnar yfir fyrirtæki sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu er að finna í I. viðauka og II. viðauka (3. lið I. þáttar, 4. lið I. þáttar, d-lið 6. liðar í III. þáttar og g-lið 11. liðar III. þáttar).

⁽⁴⁾ Sjá t.d. 3. lið I. þáttar, f-lið 6. liðar III þáttar og i. lið g-liðar III. þáttar í II. viðauka.

persónuupplýsingum sem þau hafa fengið samkvæmt samkomulaginu. Ef fyrirtæki halda eftir þessum upplýsingum ber þeim skylda til að beita áfram meginreglunum varðandi þær. Í tilvikum þegar viðskiptaráðuneytið hefur útilokað fyrirtæki frá samkomulaginu vegna þess að þau hafa ítrekað brotið gegn meginreglunum mun það tryggja að þessi fyrirtæki skili eða eyði persónuupplýsingum sem þau hafa fengið samkvæmt samkomulaginu.

- 35) Þegar fyrirtæki segir sig frá friðhelgisamkomulaginu af einhverri ástæðu verður það að fjarlægja allar opinberar yfirlýsingar sem gefa til kynna að það taki áfram þátt í samkomulaginu eða eigi rétt á að njóta ávinnings af því, einkum allar tilvísanir í samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins í stefnu sinni um persónuvernd. Viðskiptaráðuneytið mun leita að og taka á röngum fullyrðingum um þátttöku í samkomulaginu, þ.m.t. frá fyrrverandi þátttakendum ⁽¹⁾. Röng staðhæfing fyrirtækis á almennum vettvangi um að það fylgi meginreglunum, með villandi upplýsingum eða aðferðum, getur orðið til þess að Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna, samgönguráðuneytið eða önnur viðkomandi eftirlitsyfirvöld í Bandaríkjunum grípi til framfylgdaraðgerða; að láta viðskiptaráðuneytinu í té rangar staðhæfingar er refsivert samkvæmt lögnum False Statements Act (18 U.S.C. § 1001) ⁽²⁾.
- 36) Viðskiptaráðuneytið mun að eigin frumkvæði fylgjast með hvers konar röngum fullyrðingum um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu eða óviðeigandi notkun gæðamerkis þess samkomulags, og persónuverndaryfirvöld geta beint endurskoðun á fyrirtækjum til viðurkenndra tengiliða ráðuneytisins. Þegar fyrirtæki hefur sagt sig frá friðhelgisamkomulaginu, vanrækir að endurvotta eða er fjarlægt af skrá yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu mun viðskiptaráðuneytið stöðugt sannreyna að fyrirtækið hafi eytt úr stefnu sinni um persónuvernd hvers konar tilvísunum til samkomulagsins sem gefa í skyn að það taki enn þátt í því og, ef það heldur áfram að koma með rangar staðhæfingar, vísa málinu til Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytisins eða annars lögbærs yfirvalds vegna hugsanlegrar framfylgdaraðgerðar. Einnig mun það senda spurningalista til fyrirtækja með sjálfvottun sem er fallin úr gildi eða sem hafa að eigin frumkvæði dregið sig út úr friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, til þess að fá staðfest hvort fyrirtækið muni skila eða eyða persónuupplýsingum sem það hefur fengið þegar það var þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, eða halda áfram að beita meginreglunum um friðhelgi einkalífsins og, ef halda á eftir persónuupplýsingum, að fá staðfest hver innan fyrirtækisins verði áframhaldandi tengiliður vegna fyrirspruna sem tengjast samkomulaginu.
- 37) Viðskiptaráðuneytið mun áfram að eigin frumkvæði stjórna könnunum á reglufylgni sjálfvottaðra fyrirtækja ⁽³⁾, þ.m.t. með því að senda ítarlega spurningalista. Einnig mun það kerfisbundið framkvæma endurskoðanir þegar því hefur borist sérstök (vel grunduð) kvörtun þegar svör fyrirtækis við fyrirsprunnum eru ekki fullnægjandi eða þegar fram kemur trúverðugt sönnunargagn sem bendir til þess að ef til vill hlíti fyrirtæki ekki meginreglunum. Eftir því sem við á mun viðskiptaráðuneytið einnig hafa samráð við persónuverndaryfirvöld um slíkar kannanir á reglufylgni.

2.3. Úrlausnarleiðir, meðferð kvörtunarmála og framfylgd

- 38) Með meginreglunni um málskotsrétt, framfylgd og bótaábyrgð er farið fram á það í samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins að fyrirtæki veiti einstaklingum, sem verða fyrir áhrifum af því að reglunum er ekki hlítt, málskotsrétt og þar með að gera skráðum einstaklingum í ESB kleift að leggja fram kvartanir um að sjálfvottuð fyrirtæki í Bandaríkjunum fylgi ekki reglum og að þessi kvörtunarmál verði leyst, ef nauðsyn krefur með ákvörðun sem veitir skilvirkt úrræði.
- 39) Liður í sjálfvottun fyrirtækja er að þau verða að uppfylla kröfur meginreglunnar um málskotsrétt, framfylgd og bótaábyrgð með því að veita auðveldan aðgang að skilvirkum og óháðum málskotskerfum þar sem hægt er að skoða og leysa skjótt kvartanir og deilumál hvers einstaklings honum að kostnaðarlausu.
- 40) Fyrirtæki geta valið óháð málskotskerfi annaðhvort í Sambandinu eða í Bandaríkjunum. Í því felst sá möguleiki að hægt er að skuldbinda sig til samstarfs við persónuverndaryfirvöld ESB. En slíkur valkostur er ekki fyrir hendi þegar fyrirtæki

⁽¹⁾ Sjá þátt um „Leit að og meðferð rangra fullyrðinga um aðild“ í I. viðauka.

⁽²⁾ Sjá h-lið 6. liðar og f-lið 11. liðar III. þáttar í II. viðauka.

⁽³⁾ Sjá I. viðauka.

vinna starfsmannaupplýsingar þar sem samvinna við persónuverndaryfirvöld er þá skyldubundin. Meðal annarra kosta eru óháð lausn deilumála utan dómstóla eða áætlanir um friðhelgi einkalífsins, sem þróaðar eru í einkageiranum, þar sem meginreglurnar um friðhelgi einkalífsins eru felldar inn í viðkomandi reglur. Í þeim reglum þarf að vera skilvirkt framfylgdarfyrikomulag í samræmi við kröfur meginreglunnar um málskotsrétt, framfylgd og bótaábyrgð. Fyrirtækjum ber skylda til að ráða bót á hvers konar vandamálum sem upp koma þegar reglum er ekki fylgt. Þau verða líka að tilgreina að þau gangist undir rannsóknar- og framkvæmdarvald Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytis Bandaríkjanna eða annars viðurkennds lögskipaðs aðila í Bandaríkjunum.

- 41) Af þessum sökum hafa skráðir einstaklingar nokkra möguleika, innan ramma friðhelgisamkomulagsins, til að framfylgja rétti sínum, leggja fram kvartanir varðandi það að sjálfvottuð fyrirtæki í Bandaríkjunum fylgi ekki reglunum og til lausnar á kvörtunum sínum, ef nauðsyn krefur með ákvörðun sem veitir skilvirkt úrræði. Einstaklingar geta beint kvörtunum sínum beint til fyrirtækis, til óháðs aðila sem leysir deilur og fyrirtækið tilnefnir, til innlendra persónuverndaryfirvalda eða til Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna.
- 42) Í tilvikum þar sem ekki hefur verið leyst úr kvörtunarmálum með neinni þessara leiða til málskots eða framfylgdar eiga einstaklingar einnig rétt á að láta kalla til bindandi gerðardóm friðhelgisamkomulagsins (1. viðauki II. viðauka þessarar ákvörðunar). Einstaklingum er frjálst að leita hvers konar eða allra úrlausnarleiða sem þeir vilja og ber ekki skylda til að velja eitt kerfi umfram annað eða fylgja tiltekinni röð, að undanskilinni gerðardómsnefnd, sem krefst þess að fyrst séu tiltekin úrræði reynd áður en hægt er að láta kalla til gerðardóm. Ráðlegt er þó að fylgja ákveðinni rökrétttri röð eins og sett er fram hér á eftir.
- 43) Í fyrsta lagi geta skráðir einstaklingar í ESB sótt mál þar sem meginreglum hefur ekki verið fylgt með því að hafa beint samband við sjálfvottaða fyrirtækið í Bandaríkjunum. Til þess að greiða fyrir lausn verður fyrirtækið að koma á skilvirkum úrlausnarkerfum til að fara með slík kvörtunarmál. Einstaklingar verða að fá skýrar upplýsingar um tengilið í stefnu fyrirtækis um persónuvernd, annaðhvort innan eða utan fyrirtækisins, sem mun meðhöndla kvörtunarmál (þ.m.t. viðkomandi stofnun í Sambandinu sem getur svarað fyrirspurnum eða kvörtunum) og um óháðar leiðir þar sem kvörtunarmál eru tekin til meðferðar.
- 44) Þegar fyrirtæki hefur borist kvörtun frá einstaklingi, sem berst beint frá honum eða frá viðskiptaráðuneytinu í kjölfar vísunar frá persónuverndaryfirvaldi, verður fyrirtækið að gefa hinum skráða í Evrópusambandinu svar innan 45 daga. Í þessu svari verður að felast mat á efni kvörtunarinnar og upplýsingar um það hvernig fyrirtækið muni leysa vandamálið. Á sama hátt er þess krafist að fyrirtæki svari án tafar fyrirspurnum og öðrum beiðnum um upplýsingar frá viðskiptaráðuneytinu eða persónuverndaryfirvaldi⁽¹⁾ (ef fyrirtækið hefur skuldbundið sig til samstarfs við persónuverndaryfirvaldið) í tengslum við fylgni þess við meginreglurnar. Fyrirtæki verða að geyma skrár sínar um framkvæmd stefnu sinnar um persónuvernd og veita óháðu málskotskerfi eða Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna (eða öðru bandarísku yfirvaldi sem fer með vald til að rannsaka ósanngjarna og villandi viðskiptahætti) aðgang að þeim, í tengslum við rannsókn eða kvörtun varðandi það að reglum hafi ekki verið fylgt.
- 45) Í öðru lagi geta einstaklingar einnig lagt kvörtunarmál beint fyrir óháða aðilann til lausnar deilumála (annaðhvort í Bandaríkjunum eða í Sambandinu) sem fyrirtæki tilgreinir til að rannsaka og leysa einstök kvörtunarmál (nema þau séu augljóslega tilefnislaus eða léttvæg) og til að einstaklingurinn hafi úrræði til málskots án endurgjalds. Viðurlög og úrræði sem slíkur aðili leggur á verða að vera nægilega ströng til að tryggja sé að fyrirtæki fylgi meginreglunum og þau ættu að verða til þess að fyrirtækið umsnúi áhrifunum af því að hafa ekki fylgt meginreglunum eða leiðrétti þau og, eftir aðstæðum, hætti frekari vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga og/eða eyði þeim, og að gert verði opinbert að ekki hafi verið farið að reglunum. Gerð verður krafa um að óháðir aðilar, sem leysa deilumál og tilnefndir eru af fyrirtæki, setji á opinber vefsetur sín viðkomandi upplýsingar er varða samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins og þá þjónustu sem þeir veita samkvæmt því. Árlega verða þeir að birta ársskýrslu þar sem fram koma samanteknar tölfræðilegar upplýsingar varðandi þessa þjónustu⁽²⁾.

⁽¹⁾ Þetta er framkvæmdaryfirvaldið sem nefnd persónuverndaryfirvalda tilnefnir og kveðið er á um í viðbótarmeginreglunni um „Hlutverk persónuverndaryfirvalda“ (5. liður III. þáttar í II. viðauka).

⁽²⁾ Í ársskýrslunni skal koma fram: 1) heildarfjöldi kvartana, sem tengjast friðhelgisamkomulaginu, sem bárust á skýrsluárinu; 2) tegundir kvartana sem bárust; 3) gæðaráðstafanir í lausnum deilumála, s.s. sá tími sem vinnsla kvartana tók og 4) niðurstöður kvörtunarmálanna sem bárust, einkum fjöldi og tegundir úrræða eða viðurlaga sem eru lögð á.

- 46) Liður í endurskoðun á því hvort farið sé að reglum er að viðskiptaráðuneytið mun sannreyna að sjálfvottuð fyrirtæki í Bandaríkjunum hafi í raun skráð sig hjá óháðum málskotskerfum þar sem þau segjast hafa skráð sig. Bæði fyrirtækjum og ábyrgum óháðum málskotskerfum ber að bregðast skjótt við fyrirspurnum og beiðnum frá viðskiptaráðuneytinu um upplýsingar sem tengjast friðhelgisamkomulaginu.
- 47) Í tilvikum þegar fyrirtæki hlítir ekki úrskurði aðila til lausnar deilumála eða sjálfseftirlitsstofnunar ber þeim að tilkynna það viðskiptaráðuneytinu og Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna (eða öðru bandarísku yfirvaldi, sem er lögbært til að rannsaka ósanngjarna og villandi viðskiptahætti), eða valdbærum dómstóli ⁽¹⁾. Ef fyrirtæki neitar að hlíta lokaniðurstöðu sjálfseftirlitsstofnunar á sviði friðhelgi einkalífsins, óháðs aðila til lausnar deilumála eða ríkisstofnunar eða þegar slíkur aðili ákvarðar að fyrirtæki brjóti ítrekað meginreglurnar verður litið á það sem ítrekuð brot á meginreglunum með þeim afleiðingum að viðskiptaráðuneytið mun, eftir að hafa tilkynnt fyrirtækinu, sem braut reglurnar, um 30 daga frest og veitt því tækifæri til að svara, taka fyrirtækið af skrá ⁽²⁾. Ef fyrirtækið heldur áfram að staðhæfa að það hafi vottun friðhelgisamkomulagsins, eftir að búið er að taka það af skrá, mun ráðuneytið vísa því til Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna eða annarrar framfylgdarstofnunar ⁽³⁾.
- 48) Í þriðja lagi geta einstaklingar einnig lagt kvartanir sínar fyrir landsbundið persónuverndaryfirvald. Fyrirtækjum ber skylda til að vera samstarfsfúst við rannsóknina og lausn persónuverndaryfirvalds á kvörtunarmáli hvort sem um er að ræða vinnslu starfsmannaupplýsinga sem teknar eru saman í tengslum við ráðningarsamband eða þegar viðkomandi fyrirtæki hefur að eigin frumkvæði gengist undir eftirlit persónuverndaryfirvalda. Augljóst er að fyrirtæki verða að svara fyrirspurnum, fylgja ráðum persónuverndaryfirvaldsins, þ.m.t. um ráðstafanir til úrbóta eða skaðabætur, og láta persónuverndaryfirvaldinu í té skriflega staðfestingu á því að slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar.
- 49) Persónuverndaryfirvöld veita ráðgjöf fyrir milligöngu óformlegrar nefndar persónuverndaryfirvalda, sem komið er á fót hjá Sambandinu ⁽⁴⁾, og mun tryggja samræmda og samfellda aðferð í tengslum við tiltekna kvörtun. Ráðgjöf er veitt þegar báðir aðilar í deilumáli hafa fengið eðlilegt tækifæri til að gera athugasemdir og leggja fram þau gögn sem þeir óska. Nefndin mun veita ráðgjöf eins fljótt og krafan um tilhlýðilega málsmeðferð leyfir og að jafnaði innan 60 daga frá því að kvörtun berst. Ef fyrirtæki fer ekki að ráðum nefndarinnar innan 25 daga frá því að þau eru gefin, og leggur ekki fram fullnægjandi skýringu á þeirri töl, lætur nefndin vita af því að hún áformi annaðhvort að leggja málið fyrir Alríkisviðskiptastofnunina (eða annað lögbært bandarískt eftirlitsyfirvald) eða hún ályktar að um alvarlegt brot sé að ræða á samningnum um samstarf. Hvað varðar fyrsta kostinn gæti hann leitt til framfylgdaraðgerðar sem byggist á 5. þætti laga um Alríkisviðskiptastofnunina (Federal Trade Commission Act (FTC Act)) eða sambærilegra laga. Hvað varðar annan kostinn mun nefndin upplýsa viðskiptaráðuneytið sem mun líta á neitun fyrirtækisins um að fara að ráðleggingum nefndar persónuverndaryfirvaldsins sem ítrekað brot á reglunum en það mun leiða til þess að fyrirtækið verður tekið af skrá yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu.
- 50) Ef persónuverndaryfirvaldið, sem kvörtuninni hefur verið beint til, hefur ekki gripið til aðgerða eða ekki gripið til fullnægjandi aðgerða til að taka á kvörtunarmáli hefur kvartandinn möguleika á að vefengja slíka aðgerð eða aðgerðaleyfi í landsdómstólum hlutaðeigandi aðildarríkis.
- 51) Einstaklingar geta einnig lagt kvartanir fyrir persónuverndaryfirvöld jafnvel þótt nefnd persónuverndaryfirvaldanna hafi ekki verið tilgreind sem aðili sem leysir deilur fyrir fyrirtæki. Í þess konar málum getur persónuverndaryfirvaldið vísað slíkum kvörtunum annaðhvort til viðskiptaráðuneytisins eða Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna. Til þess að auðvelda og auka samstarf um málefni sem tengjast stökum kvörtunum og fyrirtækjum sem falla undir friðhelgisamkomulagið en fylgja ekki meginreglunum mun viðskiptaráðuneytið tilgreina viðurkenndan tengilið sem er ætlað að samhæfa og aðstoða við fyrirspurnir persónuverndaryfirvaldsins er varða fylgni fyrirtækis við meginreglurnar ⁽⁵⁾. Á sama hátt hefur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna skuldbundið sig til að koma á viðurkenndum tengilið ⁽⁶⁾ og að sjá persónuverndaryfirvöldum fyrir aðstoð við rannsóknir samkvæmt lögum U.S. SAFE WEB Act ⁽⁷⁾.

(1) Sjá e-lið 11. liðar III. þáttar í II. viðauka.

(2) Sjá g-lið 11. liðar III. þáttar í II. viðauka, einkum ii. og iii. lið.

(3) Sjá þátt um „Leit að og meðferð rangra fullyrðinga um aðild“ í I. viðauka.

(4) Persónuverndaryfirvöld ættu að setja starfsreglur fyrir óformlega nefnd persónuverndaryfirvalda á grundvelli hæfni þeirra til að skipuleggja vinnu sína og starfa saman.

(5) Sjá þætti um „Að auka samstarf við persónuverndaryfirvöld“ og „Að greiða fyrir lausn kvartana um að reglum sé ekki fylgt“ í I. viðauka og e-lið 7. liðar II. þáttar í II. viðauka.

(6) Sjá bls. 6 í IV. viðauka.

(7) Sama heimild.

- 52) Í fjórða lagi hefur viðskiptaráðuneytið skuldbundið sig til að taka við, endurskoða og leggja sig fram við að leysa úr kvörtunum um fyrirtæki sem ekki fylgir meginreglum. Í þessu skyni hefur viðskiptaráðuneytið sett sérstakar verklagsreglur fyrir persónuverndaryfirvöld til að vísa kvörtunum til viðurkennds tengiliðar, finna þær og vinna með fyrirtækjum til að greiða fyrir lausn. Til þess að hraða vinnslu einstakra kvartana mun tengiliðurinn hafa beint samráð við viðkomandi persónuverndaryfirvöld um mál er varða reglufylgni og einkum upplýsa þau um stöðu kvörtunarmála innan 90 daga að hámarki í kjölfar þess að málum er vísað til hans. Skráðum einstaklingum er þá kleift að leggja kvartanir um að sjálfvottuð bandarísk fyrirtæki fylgi ekki meginreglum beint fyrir viðkomandi landsbundið persónuverndaryfirvald og fá það til að beina þeim til viðskiptaráðuneytisins sem er það bandaríska yfirvald sem hefur umsjón með friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Viðskiptaráðuneytið hefur einnig skuldbundið sig til að leggja fram skýrslu þar sem kvörtunarmálin sem því berast á hverju ári eru greind í samanteknu formi ⁽¹⁾ í árlegu endurskoðuninni um framkvæmd samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins.
- 53) Þegar viðskiptaráðuneytið kemst, á grundvelli sannprófana að eigin frumkvæði, kvartana eða hvers konar annarra upplýsinga, að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hafi ítrekað brotið gegn meginreglum um friðhelgi einkalífsins mun það taka það fyrirtæki af skrá yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu. Ef neitað er að hlíta lokaniðurstöðu sjálfseftirlitsstofnunar á sviði friðhelgi einkalífsins, óháðs aðila til lausnar deilumála eða ríkisstofnunar, þ.m.t. persónuverndaryfirvalds, verður litið á það sem ítrekað brot gegn meginreglum.
- 54) Í fimmta lagi verður fyrirtæki, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, að gangast undir rannsóknar- og framfylgdarheimildir yfirvalda í Bandaríkjunum, einkum Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna ⁽²⁾ sem mun tryggja af skilvirkni að meginreglum sé fylgt. Alríkisviðskiptastofnunin mun leggja sérstaka áherslu á mál, sem varða það að meginreglum um friðhelgi einkalífsins sé ekki fylgt, sem vísað er til hennar frá óháðum aðilum til lausnar deilumála eða sjálfseftirlitsstofnunum, viðskiptaráðuneytinu og persónuverndaryfirvöldum (að frumkvæði þeirra eða að fengnum kvörtunum) til að ákvarða hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum 5. þáttar laganna um Alríkisviðskiptastofnunina (FTC Act) ⁽³⁾. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna hefur skuldbundið sig til að móta staðlað ferli til að framvísa málum, að tilgreina tengilið hjá stofnuninni fyrir vísun til persónuverndaryfirvalda og að skiptast á upplýsingum um mál sem vísað er til þeirra. Auk þess mun hún taka við kvörtunum beint frá einstaklingum og takast á hendur, að eigin frumkvæði, rannsóknir á málum er varða friðhelgisamkomulagið, einkum sem liður í víðtækum rannsóknum á málum er varða friðhelgi einkalífsins.
- 55) Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna getur knúið fram reglufylgni með stjórnvaldsákvörðunum („sáttafyrirmæli“) og mun kerfisbundið fylgjast með að slíkum ákvörðunum sé hlítt. Þegar fyrirtæki fara ekki að reglum getur Alríkisviðskiptastofnunin vísað málinu til valdbærs dómstóls til að fara fram á einkaréttarleg viðurlög og önnur úrræði, þ.m.t. fyrir hvers konar tjón sem ólögmeitt framferðið olli. Að öðrum kosti getur Alríkisviðskiptastofnunin farið fram á bráðabirgðalögbann eða varanlegt lögbann eða annað úrræði frá alríkisdómstól. Í hverjum stjórnvaldsúrskurði á hendur fyrirtæki, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, verður ákvæði um að fyrirtækið gefi sjálft skýrslur ⁽⁴⁾ og verði að birta alla viðkomandi þætti, sem varða friðhelgisamkomulagið, í hvers konar reglufylgni- eða matsskýrslum sem þau leggja fyrir Alríkisviðskiptastofnunina. Að lokum mun Alríkisviðskiptastofnunin viðhalda rafrænni skrá yfir fyrirtæki sem sæta úrskurði frá Alríkisviðskiptastofnuninni eða dómsúrskurði í málum er varða friðhelgisamkomulagið.
- 56) Í sjötta lagi, þegar málskotsleið er „síðasta úrræði“ í máli þar sem kvörtunarmál einstaklings hefur ekki verið leyst með fullnægjandi hætti með nokkurri annarri tiltækri leið getur hinn skráði í Evrópusambandinu látið kalla til bindandi gerðardóm friðhelgisamkomulagsins. Fyrirtæki verða að upplýsa einstaklinga um þann möguleika sinn að láta kalla til bindandi gerðardóm við tiltekna aðstæður, og þeim ber skylda til að svara þegar einstaklingur hefur kallað til þennan möguleika með því að senda tilkynningu til hlutaðeigandi fyrirtækis ⁽⁵⁾.

(1) Sjá þátt um „Að greiða fyrir lausn kvartana um að meginreglum sé ekki fylgt“ í I. viðauka.

(2) Fyrirtæki sem er aðili að friðhelgisamkomulaginu þarf að lýsa því yfir opinberlega að það skuldbindi sig til að fara að meginreglum, birta opinberlega stefnu sína varðandi persónuvernd í samræmi við þessar meginreglur og framfylgja þeim að fullu. Ef brotið er gegn reglum er það aðfararhæft skv. 5. þætti FTC-laganna um bann við ósamngjarnri og villandi háttsemi í viðskiptum eða sem hefur áhrif í þau.

(3) Samkvæmt upplýsingum frá Alríkisviðskiptastofnuninni hefur hún enga heimild til að standa fyrir vettvangsskoðunum á sviði verndar friðhelgi einkalífsins. Hins vegar hefur hún heimild til að skylda fyrirtæki til að útbúa skjöl og leggja fram framburð vitna (sjá 20. þátt laga Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna) og getur notað dómkerfið til að framfylgja slíkum fyrirmælum ef ekki er farið að reglum.

(4) Með úrskurðum Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna eða dómsúrskurðum geta fyrirtæki þurft að framkvæma áætlanir um friðhelgi einkalífsins og gefa Alríkisviðskiptastofnuninni með reglubundnum hætti reglufylgniskýrslur eða óháðar matsskýrslur frá þriðja aðila um þessar áætlanir.

(5) Sjá xi. lið 1. liðar II. þáttar og c-lið 7. liðar III. þáttar í II. viðauka.

- 57) Þessi gerðardómsnefnd mun samanstanda af a.m.k. 20 gerðardómsmönnum sem viðskiptaráðuneytið og framkvæmdastjórnin tilnefna á grundvelli óháðis þeirra, heilinda og reynslu af bandarískum lögum um friðhelgi einkalífsins og persónuverndarlögum Sambandsins. Fyrir hvert einstakt ágreiningsmál munu aðilarnir velja úr þessum hópi nefnd með einum eða þremur ⁽¹⁾ gerðardómsmönnum. Málsmeðferð mun fylgja stöðluðum gerðardómsreglum sem viðskiptaráðuneytið og framkvæmdastjórnin koma sér saman um. Þessar reglur munu koma til viðbótar þeim ramma sem þegar hefur verið settur og felur í sér marga þætti sem bæta aðgengi skráðra einstaklinga í Evrópusambandinu að þessu kerfi: i. hinn skráði má njóta aðstoðar persónuverndaryfirvalds í landi sínu við undirbúning máls sem lagt verður fyrir gerðardómsnefndina; ii. þótt gerðardómurinn muni fara fram í Bandaríkjunum geta skráðir einstaklingar í Evrópusambandinu valið að taka þátt á mynd- eða símafundi sem skal veittur einstaklingnum honum að kostnaðarlausu; iii. þótt tungumálið sem notað er í gerðardómnum verði að jafnaði enska verður túlkun við skýrslutöku fyrir gerðardómi og þýðing almennt ⁽²⁾ veitt að fenginni rökstuddri beiðni og hinum skráða að kostnaðarlausu; iv. að síðustu, þótt hver aðili verði að bera eigin lögfræðikostnað, ef lögfræðingur fer með mál hans fyrir nefndinni, mun viðskiptaráðuneytið koma á fót sjóði, sem fær árleg framlög frá fyrirtækjum sem eru aðilar að friðhelgisamkomulaginu, sem á að ná yfir aðstoðarhæfan kostnað málsmeðferðar fyrir gerðardómi, að hámarksfjárhæð sem bandarísk yfirvöld ákvarða í samráði við framkvæmdastjórnina.
- 58) Gerðardómsnefnd friðhelgisamkomulagsins mun hafa heimild til að leggja á „einstaklingsbundið, ópeningalegt, sanngjarnt réttarúrræði“ ⁽³⁾ sem er nauðsynlegt til að ráða bót á því að meginreglunum er ekki fylgt. Þótt nefndin muni taka tillit til annarra úrræða, sem náð hefur verið eftir öðrum leiðum sem falla undir friðhelgisamkomulagið, þegar hún tekur ákvörðun, geta einstaklingar samt sem áður kallað eftir gerðardómi ef þeir telja að þau úrræði séu ekki fullnægjandi. Það gerir skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu kleift að láta kalla til gerðardóm í öllum málum þar sem aðgerð eða aðgerðaleysi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum (t.d. Alríkisviðskiptastofnunarinnar) hefur ekki leyst kvörtunarmál þeirra með fullnægjandi hætti. Ekki er heimilt að láta kalla til gerðardóm ef persónuverndaryfirvald hefur lagaheimild til að leysa umrætt kvörtunarmál að því er tekur til sjálfvottaða fyrirtækisins í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í þeim tilvikum að fyrirtækinu er annaðhvort skylt að vinna í samstarfi við persónuverndaryfirvöldin og hlíta ráðum þeirra um vinnslu starfsmannaupplýsinga, sem aflað er í atvinnutengdu sambengi, eða hefur að eigin frumkvæði skuldbundið sig til þess. Einstaklingar geta fengið gerðardómsúrskurði framfylgt fyrir dómstólum Bandaríkjanna samkvæmt alríkislögum um gerðardóm (Federal Arbitration Act) og þar með tryggt lagalegt úrræði þegar fyrirtæki fylgir ekki meginreglunum.
- 59) Í sjöunda lagi, þegar fyrirtæki rækir ekki þá skuldbindingu sína að virða meginreglurnar og birta stefnu sína um persónuvernd geta viðbótarleiðir til dómsúrlausna verið tiltækar samkvæmt bandarískum lögum sem kveða á um lagaleg úrræði samkvæmt reglum skaðabótaréttar og í málum er varða rangar staðhæfingar í sviksamlegum tilgangi, óheiðarlega eða villandi háttsemi eða starfshætti, eða brot á samningi.
- 60) Enn fremur þegar persónuverndaryfirvaldi, sem berst kvörtun frá skráðum aðila í Evrópusambandinu, telur að brotið sé gegn persónuverndarlögum ESB þegar persónuupplýsingar einstaklings eru fluttar til fyrirtækis í Bandaríkjunum, þ.m.t. þegar gagnaútflytjandi hefur ástæðu til að ætla að fyrirtækið fari ekki að meginreglunum, getur persónuverndaryfirvaldið einnig beitt valdheimildum sínum gegn gagnaútflytjandanum og, ef þörf krefur, fyrirskipað að gagnaflutningurinn verði stöðvaður tímabundið.
- 61) Í ljósi upplýsinganna í þessum þætti telur framkvæmdastjórnin að meginreglurnar, sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út, tryggi að vernd persónuupplýsinga sé í grundvallaratriðum jafngild þeirri vernd sem er tryggð með efnislegum grundvallarmeginreglum sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.
- 62) Auk þess er skilvirk beiting meginreglnanna tryggð með kröfum um gagnsæi ásamt stjórnun viðskiptaráðuneytisins og könnun þess á fylgni við friðhelgisamkomulagið.
- 63) Enn fremur telur framkvæmdastjórnin að eftirlits-, málskots- og framfylgdarfyrirkomulag, sem kveðið er á um í friðhelgisamkomulaginu, geri kleift, á heildina litið, að bera kennsl á brot fyrirtækja, sem eru aðilar að samkomulaginu, gegn meginreglum samkomulagsins og refsa fyrir þau í reynd og bjóða hinum skráða lagaleg úrræði til þess að fá aðgang að persónuupplýsingum um sig og, síðast en ekki síst, að láta leiðréttu slík gögn eða fá þeim eytt.

⁽¹⁾ Aðilarnir þurfa að koma sér saman um fjölda gerðardómsmanna í nefndinni.

⁽²⁾ Nefndin gæti þó komist að þeirri niðurstöðu að það myndi leiða af sér óréttmætan og óhóflegan kostnað með hliðsjón af kringumstæðum þess gerðardóms sem um ræðir.

⁽³⁾ Einstaklingum er ekki heimilt að krefjast skaðabóta í gerðardómi en að kalla eftir gerðardómi mun hins vegar ekki útiloka möguleikann á að leita skaðabóta fyrir almennum dómstól í Bandaríkjunum.

3. AÐGANGUR OPINBERRA YFIRVALDA BANDARÍKJANNA AÐ OG NOTKUN ÞEIRRA Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM SEM ERU FLUTTAR SAMKVÆMT SAMKOMULAGI EVRÓPUSAMBANDSINS OG BANDARÍKJANNA TIL VARNAR FRIÐHELGI EINKALÍFSINS

- 64) Eins og fram kemur í 5. lið I. þáttar í II. viðauka takmarkast fylgni við meginreglurnar eftir því sem nauðsyn krefur við að uppfylla kröfur um þjóðaröryggi, almannahagsmuni eða löggæslu.
- 65) Framkvæmdastjórnin hefur metið þær takmarkanir og verndarráðstafanir sem eru í bandarískum lögum að því er varðar aðgang að og notkun á persónuupplýsingum, sem opinber yfirvöld í Bandaríkjunum flytja samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, í þágu þjóðaröryggis, löggæslu og annarra almannahagsmuna. Auk þess hafa bandarísk stjórnvöld látið framkvæmdastjórninni í té, fyrir milligöngu skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (Office of the Director of National Intelligence (ODNI))⁽¹⁾, ítarlegar skýringar og skuldbindingar sem er að finna í VI. viðauka við þessa ákvörðun. Með bréfi undirrituðu af utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem fylgir með sem III. viðauki við þessa ákvörðun, hafa bandarísk stjórnvöld einnig skuldbundið sig til að koma á nýju eftirlitsfyrirkomulagi fyrir afskipti vegna þjóðaröryggis, umboðsmanni friðhelgisamkomulagsins, sem er óháður öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna (Intelligence Community). Loks er skýring frá bandaríska dómsmálaráðuneytinu, í VII. viðauka við þessa ákvörðun, þar sem lýst er takmörkunum og verndarráðstöfunum sem gilda um aðgang að og notkun opinberra yfirvalda á upplýsingum í þágu löggæslu og annarra almannahagsmuna. Til þess að auka gagnsæi og sýna lagaleg einkenni þessara skuldbindinga verður hvert skjal, sem er skráð í þessa ákvörðun og fylgir með henni í viðauka, birt í lögbirtingarblaði Bandaríkjanna.
- 66) Niðurstöðum framkvæmdastjórnarinnar um takmarkanir á aðgangi að og notkun á persónuupplýsingum, sem opinber yfirvöld í Bandaríkjunum flytja frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna, og um að fyrir hendi sé skilvirk réttarvernd er lýst nánar hér á eftir.

3.1. Aðgangur að og notkun opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum á persónuupplýsingum í þágu þjóðaröryggis

- 67) Greining framkvæmdastjórnarinnar sýnir að bandarísk lög kveða á um nokkrar takmarkanir á aðgangi og notkun persónuupplýsinga sem eru fluttar samkvæmt friðhelgisamkomulaginu í þágu þjóðaröryggis ásamt eftirlits- og úrlausnarleiðum sem veita fullnægjandi verndarráðstafanir til þess að viðkomandi upplýsingar séu verndaðar með skilvirkum hætti gegn ólöglegu athæfi og hættu á misnotkun⁽²⁾. Frá árinu 2013, þegar framkvæmdastjórnin gaf út tvær orðsendingar (sjá 7. forsendu), hefur þessi lagarammi verið efldur verulega, eins og lýst er hér á eftir.

3.1.1. Takmarkanir

- 68) Samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna fellur það undir valdsvið forsetans, sem æðsta yfirmanns hersins og yfirboðara ríkisstjórnarinnar, að tryggja þjóðaröryggi og, hvað varðar eftirgrennslan um erlend öfl, að stýra utanríkismálum Bandaríkjanna⁽³⁾. Þótt þjóðþing Bandaríkjanna hafi vald til að leggja á takmarkanir, og hafi gert það í mörgu tilliti, getur forsetinn, innan þessara marka, stjórnad starfsemi öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna, einkum með stjórnvaldsfyrirmælum (e. Executive Orders) eða forsetatilskipunum (e. Presidential Directives). Þetta á auðvitað einnig við á þeim sviðum þar sem engar leiðbeiningar eru fyrir hendi frá þjóðþinginu. Núna eru tveir helstu lagagerningarnir er þetta varðar stjórnvaldsfyrirmæli 12333 (e. Executive Order („E.O. 12333“))⁽⁴⁾ og forsetatilskipun (e. Presidential Policy Directive) 28.

(1) Framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna (Director of National Intelligence (DNI)) er yfirmaður öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna og er aðalráðgjafi forsetans og Þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna. Sjá Intelligence Reform and Terrorism Prevention Act frá 2004, Pub. L. 108-458 frá 17.12.2004. Meðal annars skal skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) setja kröfur um og hafa umsjón með og stýra úthlutun öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna á verkefnum og söfnun, greiningu, framleiðslu og miðlun vitneskju leyniþjónustunnar, þ.m.t. með því að þróa viðmiðunarreglur um aðgengi að upplýsingum eða vitneskju, hvernig þær skulu notaðar og samnýttar. Sjá Sec. 1.3 (a), (b) of E.O. (Executive Order) 12333.

(2) Sjá Schrems, 91. lið.

(3) Stjórnarskrá Bandaríkjanna, II. gr. Sjá einnig inngang að forsetatilskipun 28 (PPD-28).

(4) E.O. 12333: United States Intelligence Activities, Federal Register Vol. 40, nr. 235 (8. desember 1981). Að því marki sem stjórnvaldsfyrirmælin eru aðgengileg almenningi eru þar skilgreind markmið, stefnur, verkefni og ábyrgðarsvið sem leyniþjónusta Bandaríkjanna leggur til (þ.m.t. hlutverk hinna ýmsu öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna og settar fram almennar breytur í tengslum við hvernig eftirgrennslan á að fara fram (einkum þörfin á að setja tilteknar málsmeðferðarreglur). Samkvæmt þætti 3.2 í E.O. 12333 skal forsetinn, með stuðningi Þjóðaröryggisráðs (e. National Security Council) og framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI), gefa út þær viðeigandi tilskipanir, verklagsreglur og leiðbeiningar sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar fyrirmælunum.

- 69) Í forsetatilskipun 28, (PPD-28), útgefinni 17. janúar 2014, er lagður fjöldi takmarkana á starfsemi er varðar öflun vitneskju frá merkjasendingum ⁽¹⁾. Þessi forsetatilskipun hefur bindandi áhrif fyrir yfirvöld leyniþjónustu Bandaríkjanna ⁽²⁾ og gildir áfram eftir stjórnarskipti í Bandaríkjunum ⁽³⁾. PPD-28 er einkum mikilvæg fyrir einstaklinga sem eru ekki bandarískir, þ.m.t. skráða einstaklinga í Evrópusambandinu. Þar er m.a. mælt fyrir um eftirfarandi:
- öflun vitneskju með eftirgrennslan um merkjasendingar verður að byggjast á lagasamþykkt eða forsetaheimild og skal fara fram í samræmi við stjórnarskrá Bandaríkjanna (einkum fjórða viðauka við stjórnarskrá Bandaríkjanna) og löggjöf Bandaríkjanna,
 - koma skal fram við alla einstaklinga af sæmd og virðingu án tillits til ríkisfangs þeirra eða hvar þeir kunna að hafa fasta búsetu,
 - allir einstaklingar hafa lögmætra hagsmuna að gæta er varða friðhelgi einkalífsins við meðhöndlun persónuupplýsinga sinna,
 - friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi skal tekið inn í áætlanagerð fyrir starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum,
 - við starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum verður, af þeim sökum, að gera viðeigandi verndarráðstafanir fyrir persónuupplýsingar allra einstaklinga, án tillits til ríkisfangs þeirra eða hvar þeir hafa fasta búsetu.
- 70) Í PPD-28 er kveðið á um að eingöngu megi afla vitneskju frá merkjasendingum þegar það er í þágu eftirgrennslanar um erlend öfl eða gagnþjónustastarfsemi til að styðja verkefni á vegum ríkisins og einstakra ráðuneyta, og ekki í neinum öðrum tilgangi (t.d. að veita bandarískum fyrirtækjum samkeppnisyfirburði). Með tilliti til þessa útskýrir skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) að öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna „ættu að krefjast þess, þar sem því verður við komið, að áhersla við öflun upplýsinga sé á sérstaka aðila eða viðfangsefni sem eftirgrennslan um erlend öfl beinist að með því að nota aðgreina (t.d. sérstakan búnað, valhugtök og auðkenni)“ ⁽⁴⁾. Enn fremur kemur fram sú fullvissa í skýringunum að ákvarðanir um öflun vitneskju séu ekki háðar ákvörðun einstakra leyniþjónustufulltrúa heldur séu þær háðar stefnumálum og verklagsreglum sem hinum ýmsu öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna ber að koma á til framkvæmdar PPD-28 (Presidential Policy Directive) ⁽⁵⁾. Til samræmis við það fer rannsókn og ákvörðun um viðeigandi valhugtök fram innan heildaramma forgangsverkefna bandarísku leyniþjónustunnar „National Intelligence Priorities Framework“ (NIPF) sem tryggir að forgangsatriði er varða öflun vitneskju séu ákvörðuð af háttsettum stefnumótendum og endurskoðuð reglulega til að unnt sé að bregðast við raunverulegum ógnum við þjóðaröryggi og með tilliti til hugsanlegrar áhættu, þ.m.t. áhættu er varðar friðhelgi einkalífsins ⁽⁶⁾. Á þessum grundvelli rannsakar og greinir starfsfólk stofnananna tiltekin valhugtök sem eiga að veita vitneskju fyrir eftirgrennslan um erlend öfl í samræmi við forgangsatriðin ⁽⁷⁾. Valhugtök verður að endurskoða reglulega til að athuga hvort þau veiti enn mikilsverða vitneskju í samræmi við forgangsatriðin ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Samkvæmt E.O. 12333 er framkvæmdastjóri Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (National Security Agency (NSA)) aðgerðastjóri yfir öflun vitneskju frá merkjasendingum og skal hann stýra samræmdu skipulagi starfsemi á sviði öflunar slíkrar vitneskju.

⁽²⁾ Til skilgreiningar á hugtakinu „leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna“ (e. „*Intelligence Community*“) sjá Sec. 3.5 (h) of E.O. 12333, ásamt n. 1 í PPD-28.

⁽³⁾ Sjá *minnisblað frá skrifstofu lagalegs ráðgjafa í dómsmálaráðuneytinu (DOJ), til Clintons forseta frá 29. janúar 2000*. Samkvæmt þessu lagalega álitu hafa forsetatilskipanir „sömu efnislegu lagalegu áhrif og stjórnvaldsfyrirmæli“.

⁽⁴⁾ Skýring frá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustunnar (ODNI) (VI. viðauki), bls. 3.

⁽⁵⁾ Sjá Sec. 4(b),(c) í PPD-28. Samkvæmt opinberum upplýsingum staðfesti endurskoðunin 2015 sex fyrirbyggjandi hlutverk. Sjá ODNI, Signals Intelligence Reform, 2016 2016 Progress Report.

⁽⁶⁾ Skýringar ODNI (VI. viðauki), bls. 6 (með vísan í Intelligence Community Directive 204). Sjá einnig Sec. 3 í PPD-28.

⁽⁷⁾ Skýring frá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustunnar (ODNI) (VI. viðauki), bls. 6. Sjá t.d., NSA Civil Liberties and Privacy Office (NSA CLPO), NSA's Civil Liberties and Privacy Protections for Targeted SIGINT Activities samkvæmt Executive Order 12333, 7. október 2014. Sjá einnig ODNI Status Report 2014. Að því er varðar aðgangsbeyðni samkvæmt Sec. 702 FISA, falla fyrirspurnir undir verklagsreglur um lágmarkun sem FISC hefur samþykkt. Sjá NSA CLPO, NSA's Implementation of Foreign Intelligence Surveillance Act, 702. lið, 16. apríl 2014.

⁽⁸⁾ Sjá Signal Intelligence Reform, 2015 Anniversary Report. Sjá skýringar ODNI (VI. viðauki), bls. 6, 8-9, 11.

- 71) Enn fremur mæla kröfurnar í PPD-28 fyrir um að öflun vitneskju skuli ávallt ⁽¹⁾ vera eins markviss og mögulegt er og að öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna skuli forgangsraða aðgengileika að öðrum upplýsingum og öðrum viðeigandi kostum ⁽²⁾, fylgja almennri reglu um að markviss söfnun upplýsinga hafi forgang fram yfir magnsöfnun. Samkvæmt þeirri tryggingu sem skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) lætur í té er einkum tryggt í kröfunum að magnsöfnun sé hvorki „stórfelld“ né „tilviljanakennd“ og að undantekningin verði ekki reglan ⁽³⁾.
- 72) Enda þótt útskýrt sé í PPD-28 að öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna verði stundum að grípa til magnsöfnunar vitneskju frá merkjasendingum í vissum tilvikum, t.d. til þess að greina og meta nýjar eða vaxandi ógnir, er þessum stofnunum bent á að forgangsraða öðrum kostum sem myndu leyfa markvissa öflun vitneskju frá merkjasendingum ⁽⁴⁾. Þar af leiðandi mun magnsöfnun einungis fara fram þegar markviss söfnun þar sem notaðir eru aðgreinar — þ.e. auðkenni sem er tengt sérstöku marki (s.s. tölvupóstfangi eða símanúmeri viðkomandi) — er ekki möguleg „vegna tæknilegra eða rekstrarlegra atriða“ ⁽⁵⁾. Þetta á bæði við um með hvaða hætti upplýsinga er aflað með eftirgrennslan um merkjasendingar og hvers er í raun aflað ⁽⁵⁾.
- 73) Samkvæmt skýringum frá skrifstofu framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar (ODNI), munu öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna, jafnvel þegar þær geta ekki notað sérstök auðkenni til að gera söfnun upplýsinga markvissa, leitast við að þrengja söfnunina „eins og frekast er unnt“. Til þess að tryggja þetta eru notaðar „síur og aðrar tæknilausnir til að beina söfnuninni að þeim stöðvum sem eru líklegar til að hafa að geyma samskipti sem hafa gildi fyrir eftirgrennslan um erlend öfl“ (og bregðast þannig við kröfum sem bandarískir stefnumótendur hafa tjáð sig um samkvæmt ferlinu sem lýst er hér ofar í 70. forsendu). Af þessum sökum verður magnsöfnun gerð markviss á a.m.k. tvo vegu: Í fyrsta lagi mun hún ávallt tengjast sérstökum markmiðum eftirgrennslanar um erlend öfl (t.d. til að afla vitneskju frá merkjasendingum um starfsemi hryðjuverkahóps sem starfar á tilteknu svæði) og beina söfnun upplýsinga að samskiptum sem hægt er að tengja slíku. Samkvæmt þeirri tryggingu sem skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) veitir endurspeglast þetta í því að „starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum snertir einungis brot af þeim samskiptum sem fara um Netið“ ⁽⁶⁾. Í öðru lagi kemur fram í skýringum frá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) að síur og aðrar tæknilausnir sem eru notaðar verði hannaðar á þá leið að áhersla söfnunarinnar verði „eins nákvæm og unnt er“ til þess að tryggja að söfnun „upplýsinga sem ekki eiga við“ verði lágörkuð.
- 74) Að síðustu, jafnvel þegar Bandaríkin telja magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum nauðsynlega samkvæmt þeim skilyrðum, sem eru sett fram í 70.–73. forsendu, takmarkar PPD-28 notkun slíkra upplýsinga við tiltekna skrá yfir sex ástæður í þágu þjóðaröryggis í þeim tilgangi að vernda friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi allra einstaklinga, án tillits til þjóðernis þeirra og búsetu ⁽⁷⁾. Þessar leyfilegu ástæður ná yfir ráðstafanir til að finna og mæta ógnum sem stafa af njósnum, hryðjuverkum, geryðingarvopnum, ógnum við öryggi á Netinu, ógnum við heraflla Bandaríkjanna eða

(1) Sjá skýringu frá ODNI (VI. viðauki), bls. 3.

(2) Athygli skal vakin á því að skv. Sec. 2.4 í E.O. 12333 skuli stofnanir bandarísku leyniþjónustunnar (e. elements of the IC) nota þær söfnunaraðferðir í Bandaríkjunum sem valda minnstri mögulegri röskun. Að því er varðar takmarkanir á því að markviss söfnun komi í stað magnsöfnunar, sjá niðurstöður mats bandaríska rannsóknaráðsins, sem birtar eru af Evrópustofnun grundvallarmannréttinda í skýrslunni „Surveillance by intelligence services: fundamental rights, safeguards and remedies in the EU“ (2015), bls. 18.

(3) Skýring frá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustunnar (ODNI) (VI. viðauki), bls. 4.

(4) Sjá einnig d-lið 5. þáttar í PPD-28 þar sem mælt er fyrir um að framkvæmdastjóri bandarísku leyniþjónustunnar (DNI), í samvinnu við yfirmenn viðkomandi öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna og Office of Science and Technology Policy, gefi forsetanum „matsskýrslu um möguleika þess að búa til hugbúnað sem auðveldaði öryggis og leyniþjónustunni að stýra markvissri upplýsingaöflun fremur en að afla upplýsinga með magnsöfnun.“ Samkvæmt opinberum upplýsingum er niðurstaða þessarar skýrslu sú að „ekki sé fyrir hendi neinn valkostur um hugbúnað sem kemur fyllilega í staðinn fyrir magnsöfnun við það að rekja sumar ógnir við þjóðaröryggi.“ Sjá Signals Intelligence Reform, 2015 Anniversary Report.

(5) Sjá 68. nmgr.

(6) Skýring frá ODNI (VI. viðauki). Þar er sérstaklega fjallað um áhyggjur innlendra persónuverndaryfirvalda sem þau lýsa í álitu sínu um drög að ákvörðun um fullnægjandi vernd. Sjá 29. gr. Vinnuhópur um gagnavernd, í álitu 01/2016 um drög að ákvörðun um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins (samþykkt 13. apríl 2016), bls. 38 sbr. n. 47.

(7) Sjá Sec. 2 í PPD-28.

starfsfólk hersins, auk ógna er varða afbrot milli landa sem tengjast hinum ástæðunum fimm og verða endurskoðaðar a.m.k. á ársgrundvelli. Samkvæmt skýringum bandarískra stjórnvalda hafa öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna eftl greiningarvenjur sínar og -kröfur við leit að vitneskju frá merkjasendingum, sem ekki hafa verið metnar, til að uppfylla þessar kröfur; beiting markvissrar leitar „tryggir að greinendur fái einungis í hendur til rannsóknar þau atriði sem talin eru hafa mögulegt upplýsingagildi“⁽¹⁾.

- 75) Þessar takmarkanir eiga einkum við persónuupplýsingar sem eru fluttar samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, sér í lagi ef söfnun persónuupplýsinga á að fara fram utan Bandaríkjanna, þ.m.t. flutningur þeirra með köplum sem liggja yfir Atlantshafið frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna. Eins og stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa staðfest í skýringum skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) gilda takmarkanirnar og verndarráðstafanirnar sem þar koma fram — þ.m.t. þær sem tilgreindar eru í PPD-28 — um slíka söfnun upplýsinga⁽²⁾.
- 76) Enda þótt þessar meginreglur séu ekki orðaðar með þeim lagalegu hugtökum ná þær yfir aðalatriði nauðsynjareglunnar og meðalhófsreglunnar. Markviss söfnun er augljóslega í forgangi, en magnsöfnun er takmörkuð við (undantekningar-) aðstæður þar sem markviss söfnun er ekki möguleg af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum. Jafnvel þegar ekki er hægt að komast hjá *magnsöfnun* er frekari „notkun“ slíkra upplýsinga með aðgangi að þeim *stranglega takmörkuð* við sérstakan, löglegan tilgang er varðar þjóðaröryggi⁽³⁾.
- 77) Þegar tilskipun er gefin út af forseta Bandaríkjanna sem yfirboðara ríkisstjórnarinnar eru þessar kröfur bindandi fyrir öryggis- og leyniþjónustu Bandaríkjanna í heild og hafa verið innleiddar frekar með reglum og verklagsreglum stofnana sem yfirfæra almennar meginreglur í sérstakar leiðbeiningar varðandi daglegan rekstur. Enn fremur hefur þjóðþingið sjálft, enda þótt það sé ekki bundið af PPD-28, gert ráðstafanir til að tryggja að söfnun persónuupplýsinga og aðgangur að þeim í Bandaríkjunum sé markviss fremur en að slíkt sé framkvæmt „á almennum grundvelli“.
- 78) Af tiltækum upplýsingum, þ.m.t. skýringunum sem fengnar voru frá bandarískum stjórnvöldum, leiðir að þegar upplýsingar hafa verið fluttar til fyrirtækja sem eru staðsett í Bandaríkjunum og eru sjálfvottuð samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, geta leyniþjónustustofnanir í Bandaríkjunum einungis⁽⁴⁾ farið fram á persónuupplýsingar ef krafa þeirra er í samræmi við löggin um eftirlit með eftirgrennslan um erlend öfl (FISA) eða alríkislögreglan FBI leggur hana fram á grundvelli svokallaðs National Security Letter (NSL)⁽⁵⁾. Nokkrir lagagrunnar eru til sem falla undir FISA sem nota má við að safna (og síðan vinna úr) persónuupplýsingum um skráða

⁽¹⁾ Skýring frá ODNI (VI. viðauki), bls. 4. Sjá einnig Intelligence Community Directive 203.

⁽²⁾ Skýring frá ODNI (VI. viðauki), bls. 2. Jafnframt gilda takmarkanirnar sem getur í E.O. (Executive Order) 12333 (t.d. þörfin á að safna upplýsingum til að bregðast við þeim forgangsatríðum er varða öflun vitneskju sem forsetinn fastsetur).

⁽³⁾ Sjá Schrems 93. lið.

⁽⁴⁾ Auk þess getur upplýsingasöfnun Alríkislögreglunnar FBI einnig byggst á löggæsluheimildum (sjá þátt 3.2. í þessari ákvörðun).

⁽⁵⁾ Til frekari skýringar á notkun NSL (National Security Letter) sjá skýringu frá ODNI (VI. viðauki), bls. 13–14 með nr. 38. Eins og bent er á í bréfinu getur alríkislögreglan einungis gripið til NSL til að fara fram á upplýsingar, sem taka ekki til innihalds, sem við koma heimilaðri rannsókn er varðar þjóðaröryggi til verndar gegn alþjóðlegum hryðjuverkum eða leynilegri eftirgrennslan. Að því er varðar flutning gagna samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna virðist sú lagaheimild sem best á við vera Electronic Communications Privacy Act (18 U.S.C. § 2709), þar sem þess er krafist að í hvers kyns beiðni um upplýsingar um áskrifendur eða viðskiptaskrár beri að nota „hugtak sem auðkennir sérstaklega einstakling, einingu, símanúmer eða reikning“.

einstaklinga í Evrópusambandinu og sem fluttar eru samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Auk 104. þáttar FISA ⁽¹⁾ sem tekur til hefðbundins, einstaklingsbundins rafræns eftirlits og 402. þáttar FISA ⁽²⁾ um uppsetningu búnaðar til að skrá fjarskiptasendingar til og frá viðkomandi neti, eru tveir helstu gerningarnir 501. þáttur FISA (áður 215. þáttur U.S. PATRIOT ACT) og 702. þáttur FISA ⁽³⁾.

- 79) Í þessu tilliti er í lögunum USA FREEDOM Act, sem voru sett 2. júní 2015, kveðið á um bann við magnsöfnun á skráð á grundvelli 402. þáttar FISA (heimild fyrir búnaði til að skrá fjarskiptasendingar til og frá viðkomandi neti, 501. þáttur FISA (áður: 215. þáttur laganna U.S. PATRIOT ACT) ⁽⁴⁾ og með notkun NSL (National Security Letter), og þess í stað krafist notkunar á sérstökum „valhugtökum“ ⁽⁵⁾.
- 80) Þótt FISA hafi að geyma frekari lagaheimildir til að annast leyniþjónustustarfsemi Bandaríkjanna, þ.m.t. öflun vitneskju frá merkjasendingum, hefur mat framkvæmdastjórnarinnar sýnt að þessar heimildir, í tengslum við flutning persónuupplýsinga samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, takmarka jafnframt íhlutun opinberra yfirvalda varðandi markvissa söfnun og aðgang.
- 81) Þetta er augljóst varðandi hefðbundið, einstaklingsbundið, rafrænt eftirlit samkvæmt 104. þætti FISA ⁽⁶⁾. Hvað varðar 702. þátt FISA sem er grunnurinn að tveimur mikilvægum eftirlitsáætlanum bandarískra leyniþjónustustofnana (PRISM, UPSTREAM), er leit framkvæmd markvisst með því að nota einstök valhugtök sem greina sérstakar samskiptaleiðir, eins og netfang eða símanúmer aðilans sem eftirlitið beinist að, en ekki lykilorð eða jafnvel nöfn einstaklinga sem leitinn beinist að ⁽⁷⁾. Þess vegna, eins og eftirlitsnefndin um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi (PCLOB) tók fram, felst

⁽¹⁾ 50 U.S.C. § 1804. Þótt með þessari lagaheimild sé krafist „lýsingar á málavöxtum og aðstæðum sem umsækjandi treystir á til að réttlæta þá sannfæringu sína að: A) sá aðili sem rafræna eftirlitið beinist að sé erlent afl eða fulltrúi erlends afls“, getur hið síðara tekið til einstaklinga sem ekki eru bandarískir, sem taka þátt í alþjóðlegum hryðjuverkum eða alþjóðlegri útbreiðslu geryðingarvopna (þ.m.t. undirbúningsaðgerðir) (50 U.S.C. § 1801 (b)(1)). Samt sem áður er einungis fræðileg tenging við persónuupplýsingar, sem fluttar eru samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, að því gefnu að í lýsingu á málavöxtum verði einnig að koma fram réttlætning á þeirri skoðun „að erlent afl eða fulltrúi erlends afls noti, eða muni bráðlega nota, hverja þá stöð eða hvern þann stað sem rafræna eftirlitið beinist að“. Til þess að nota þessa heimild þarf í öllum tilvikum að senda umsókn til FISC (Foreign Intelligence Surveillance Court) sem meðal annars mun meta hvort sterkar líkur séu á því að sú sé raunin á grundvelli þeirra staðreynda sem lagðar eru fram.

⁽²⁾ 50 U.S.C. § 1842 með § 1841(2) og Sec. 3127 í Title 18. Þessi heimild varðar ekki efni samskiptanna heldur beinist fremur að upplýsingum um viðskiptavininn eða áskrifandann sem notar þjónustuna (s.s. nafn, heimilisfang, áskrifandanúmer, lengd/tegund fenginnar þjónustu, hvaðan og hvernig greiðslan fer fram). Þörf er á beiðni um úrskurð FISC (eða bandarískis dómara) og að notað sé sérstakt valhugtak í skilningi § 1841(4), þ.e. hugtak sem auðkennir sérstaklega einstakling, reikning o.s.frv. og er notað til að takmarka umfang upplýsinganna, sem farið er fram á, að því marki sem hæfilegt telst.

⁽³⁾ Þótt 501. þáttur FISA (áður Sec. 215 í U.S. PATRIOT ACT) heimili alríkislögreglunni að fara fram á dómsúrskurð sem beinist að afhendingu „efnislegra hluta“ (einkum talsímalýsigagna, en einnig viðskiptaskjala) í því skyni að afla vitneskju um erlend öfl, er heimild fyrir því í 702. þætti FISA að öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna fari fram á aðgang að upplýsingum, þ.m.t. efni netsamskipta, sem send eru frá Bandaríkjunum, en beinast að tilteknum einstaklingum utan Bandaríkjanna sem ekki eru bandarískir.

⁽⁴⁾ Á grundvelli þessa ákvæðis getur alríkislögreglan farið fram á „efnislega hluti“ (t.d. skrár, pappíra, skjöl), á þeim grundvelli að hún sýni dómstólnum sem fjallar um eftirlit með eftirgrennslan um erlend öfl (FISC) fram á að rökstuddar ástæður séu fyrir hendi til að telja að þær skipti máli fyrir tiltekna rannsókn alríkislögreglunnar. Við leit sína verður alríkislögreglan að nota valhugtök sem samþykkt hafa verið af FISC þar sem „réttmætur, skýr grunur“ leikur á um að slíkt hugtak tengist einu eða fleiri erlendu áhrifaafli eða fulltrúum þess sem tekur þátt í alþjóðlegum hryðjuverkum eða starfsemi til að undirbúa þau. Sjá skýrslu PCLOB (Privacy and Civil Liberties Oversight Board (eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi)), Sec. 215, bls. 59; gagnsæisskýrslu NSA CLPO (NSA Civil Liberties and Privacy Office (skrifstofa borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins hjá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna)): The USA Freedom Act Business Records FISA Implementation, 15. janúar 2016, bls. 4-6.

⁽⁵⁾ Skýring frá ODNI (VI. viðauki), bls. 13 (n. 38).

⁽⁶⁾ Sjá 81. nmgr.

⁽⁷⁾ Skýrsla PCLOB um 702. þátt, bls. 32-33, með frekari tilvísunum. Samkvæmt skrifstofu Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna sem sinnir vernd friðhelgi einkalífsins verður stofnunin að staðfesta að tenging sé á milli þess sem eftirlitið beinist að og valhugtaksins, hún verður að skrá hvaða vitneskju um erlend öfl búist er við að verði aflað, tveir háttsettir greinendur hjá Þjóðaröryggisstofnuninni verða að endurskoða og samþykkja þessar upplýsingar, ODNI og dómsmálaráðuneytið munu rekja heildarferlið fyrir síðari endurskoðanir á reglufylgni. Sjá NSA CLPO, NSA's Implementation of Foreign Intelligence Act, 702. þáttur, 16. apríl 2014.

eftirlit samkvæmt 702. þætti „eingöngu í því að miða út tiltekna einstaklinga [sem ekki eru bandarískir] sem tekin hefur verið ákvörðun um hvern um sig“⁽¹⁾. Vegna „sólarsákvæðis“ þarf að endurskoða 702. þátt FISA árið 2017 en þá mun framkvæmdastjórnin þurfa að endurmeta verndarráðstafanirnar sem eru tiltækar skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu.

- 82) Enn fremur hafa bandarísk stjórnvöld í skýringum sínum veitt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ótvíræða fullvissu fyrir því að öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna „fáist ekki við tilviljanakennt eftirlit með nokkrum einstaklingi, þ.m.t. venjulegum evrópskum borgurum“⁽²⁾. Að því er varðar persónuupplýsingar sem aflað er innan Bandaríkjanna er þessi yfirlýsing studd með sönnunargögnum, sem byggjast á athugunum sem sýna að *aðgangsbeyðnir* gegnum NSL (National Security Letter) og samkvæmt FISA, jafnt hver fyrir sig og saman, varða einungis eftirlit með tiltölulega litlum fjölda aðila í samburði við heildarfleði gagna á Netinu⁽³⁾.
- 83) Að því er varðar *aðgang* að gögnum sem hefur verið safnað og *gagnaöryggi* er í PPD-28 krafa um að þessi aðgangur „skuli takmarkaður við starfsmenn með aðgangsheimild, sem þurfa að hafa upplýsingarnar til að sinna skyldustörfum sínum,“ og að persónuupplýsingar „skulu unnar og geymdar við fullnægjandi verndarskilyrði og að komið sé í veg fyrir að einstaklingar sem ekki hafa til þess heimild fái aðgang að þeim, í samræmi við viðeigandi verndarráðstafanir um viðkvæmar upplýsingar“. Starfsfólk leyniþjónustu fá viðeigandi og fullnægjandi hjálfun í þeim meginreglum sem eru settar fram í PPD-28⁽⁴⁾.
- 84) Að síðustu, að því er varðar *geymslu* eða frekari *miðlun* persónuupplýsinga frá skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu, sem bandarísk leyniþjónustuyfirvöld afla, er mælt fyrir um í PPD-28 að koma ætti fram við alla einstaklinga (þ.m.t. einstaklinga sem eru ekki bandarískir) með sæmd og af virðingu, að allir einstaklingar eigi lögmætra hagsmuna að gæta varðandi friðhelgi einkalífsins þegar persónuupplýsingar um þá eru meðhöndlaðar og að öryggis-leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna verði af þeim sökum að setja sér stefnur með viðeigandi verndarráðstöfunum varðandi slíkar upplýsingar „útfærðar með skynsamlegum hætti til að lágmarka miðlun þeirra og varðveislu“⁽⁵⁾.

(1) PLCOB, Sec. 702 Report, bls. 111. Sjá einnig skýringar ODNI (VI. viðauki), bls. 9 (Söfnun upplýsinga skv. 702. þætti [FISA] er ekki „stórfelld og tilviljanakennd“ heldur beinist hún að þrengra sviði er varðar öflun vitneskju um erlend öfl frá aðilum sem lögmætt eftirlit beinist að og sem eru skilgreindir á einstaklingsbundinn hátt“) og bls. 13, nr. 36 (með vísun til álit FISC 2014); NSA CLPO, NSA's Implementation of Foreign Intelligence Act, 702. þáttur, 16. apríl 2014. Jafnvel þegar um er að ræða UPSTREAM er Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna einungis heimilt að fara fram á hlerun á rafrænum samskiptum til, frá eða um tilgreind valhugtök.

(2) Skýring frá ODNI (VI. viðauka), bls. 18. Sjá einnig bls. 6 þar sem fram kemur að gildandi verklagsreglur „sýni fram á skýra skuldbindingu um að koma í veg fyrir handahófskennda og tilviljanakennda öflun vitneskju frá merkjasendingum og að fylgja — frá hæstu þrepum ríkisstjórnarinnar — réttmætisreglunni.“

(3) Sjá Statistical Transparency Report Regarding Use of National Security Authorities, 22. apríl 2015. Um heildarfleði gagna á Netinu, sjá t.d. Fundamental Rights Agency, Surveillance by Intelligence Services: Fundamental Rights Safeguards and Remedies in the EU (2015), á bls. 15–16. Að því er varðar UPSTREAM-áætlunina komu, samkvæmt álit FISC frá 2011 sem gert hefur verið opinbert, yfir 90% af rafrænum samskiptum sem fengust skv. 702. þætti í FISA frá PRISM-áætluninni, en hins vegar minna en 10% frá UPSTREAM. Sjá FISC, Memorandum Opinion, 2011 WL 10945618 (FISA Ct., 3.10.2011), n. 21 (aðgengilegt á: <http://www.dni.gov/files/documents/0716/October-2011-Bates-Opinion-and%20Order-20140716.pdf>).

(4) Sjá Sec. 4(a)(ii) í PPD-28. Sjá einnig ODNI, Safeguarding the Personal Information of all People: A Status Report on the Development and Implementation of Procedures under Presidential Policy Directive frá 28. júlí 2014, bls. 5 þar sem fram kemur að „stefnumál öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna ættu að styrkja greiningarvenjur og -reglur þar sem krafist er að greinendur móti leit sína eða önnur leitarskilyrði og -aðferðir til að greina trúnaðarupplýsingar sem eiga við gilt verkefni er varðar eftirgrennslan eða löggæslu; miða fyrirspurnir um einstaklinga við þá flokka vitneskju sem svara til krafna eftirgrennslanar eða löggæslu, og lágmarka athugun persónuupplýsinga sem ekki tengjast kröfum eftirgrennslanar eða löggæslu.“ Sjá t.d. CIA, Signals Intelligence Activities, bls. 5; FBI, Presidential Policy Directive 28 Policies and Procedures, bls. 3. Samkvæmt Progress Report on the Signals Intelligence Reform frá 2016, hafa öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna (þ.m.t. FBI, CIA og NSA) gert ráðstafanir til að vekja athygli starfsfólks síns á kröfunum í PPD-28 með nýjum hjálfunarstefnumiðum eða breytingum á þeim sem fyrir eru.

(5) Samkvæmt skýringum ODNI gilda þessar takmarkanir án tillits til þess hvort upplýsingunum er safnað í miklu magni eða með markvissri söfnun, og án tillits til þjóðernis einstaklingsins.

- 85) Bandarísk stjórnvöld hafa skýrt frá því að þessi sanngirniskrafa tákni að öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna muni ekki þurfa að samþykka „hverja þá ráðstöfun sem er fræðilega möguleg“ heldur þurfi þær „að veita og meta viðleitni sína til að vernda lögmæta hagsmuni friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis á móti hagnýtum þörfum starfsemi á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum“⁽¹⁾. Að þessu leyti munu einstaklingar sem eru ekki bandarískir hljóta sömu meðferð og bandarískir einstaklingar á grundvelli málsmeðferðar sem dómsmálaráðherra Bandaríkjanna samþykkir⁽²⁾.
- 86) Samkvæmt þessum reglum er varðveisla almennt takmörkuð við fimm ár að hámarki nema um það sé sérstök ákvörðun í lögum eða framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna NI taki um það sérstaka ákvörðun eftir að hafa metið vandlega áhrif á friðhelgi einkalífsins — með tilliti til álits fulltrúa verndar borgaralegs frelsis hjá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) (e. ODNI Civil Liberties Protection Officer) auk embættismanna stofnunarinnar á sviði friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis — að áframhaldandi varðveisla sé í þágu þjóðaröryggis⁽³⁾. Miðlun er takmörkuð við tilvik þar sem upplýsingarnar snerta tilganginn að baki söfnuninni og helgast þar með af heimilaðri eftirgrennslan um erlend öfl eða kröfu löggæslu⁽⁴⁾.
- 87) Samkvæmt þeirri tryggingu sem stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa veitt er ekki heimilt að miðla persónuupplýsingum einungis vegna þess að hlutaðeigandi einstaklingur er ekki bandarískur og „öflun vitneskju frá merkjasendingum er varða venjubundnar aðgerðir erlends einstaklings telst ekki vera eftirgrennslan um erlend öfl sem hægt væri að miðla eða geyma varanlega af þeirri einu ástæðu nema það falli á annan hátt undir kröfu er varðar heimilaða eftirgrennslan um erlend öfl“⁽⁵⁾.
- 88) Á grundvelli alls þess sem á undan er komið er það niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar að það séu reglur fyrir hendi í Bandaríkjunum sem ætlað er að takmarka íhlutun í þágu þjóðaröryggis er varðar grundvallarréttindi þeirra einstaklinga sem persónuupplýsingar um eru fluttar frá Sambandinu til Bandaríkjanna, samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, við það sem er algerlega nauðsynlegt til að ná viðkomandi lögmætu markmiði.
- 89) Eins og greiningin hér að framan sýnir tryggja bandarísk lög að eftirlitsráðstöfunum muni einungis beitt til að afla upplýsinga um erlend öfl — sem er lögmætt stefnumarkmið⁽⁶⁾ — og þær verði eins markvissar og frekast er unnt.

(1) Sjá skýringu frá ODNI (VI. viðauki).

(2) Sjá Sec. 4(a)(i) í PPD-28 ásamt Sec 2.3 of E.O. 12333.

(3) Sec. 4(a)(i) of PPD-28; skýringar ODNI (VI. viðauka), bls. 7. Til dæmis, að því er varðar persónuupplýsingar sem er aflað skv. Sec. 702 í FISA, er reglan almennt sú, með samþyktri lágmarkunarméðferð Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (NSA) sem FISC samþykkti, að lýsigögn og efni fyrir PRISM sem ekki hefur verið metið eru geymd að hámarki í fimm ár en hins vegar eru UPSTREAM-gögn geymd að hámarki í tvö ár. Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna fer eftir þessum kröfum um geymslumörk með sjálfvirkri vinnslu sem eyðir söfnuðum gögnum í lok viðkomandi geymslutímabils. Sjá NSA Sec. 702 FISA Minimization Procedures, 7. þáttur ásamt Sec. 6(a)(1); NSA CLPO, NSA's Implementation of Foreign Intelligence Surveillance Act, 702. þáttur, 16. apríl 2014. Einnig er varðveisla, skv. Sec. 501 FISA (úr Sec. 215 í U.S. PATRIOT ACT), takmörkuð við fimm ár nema persónuupplýsingarnar séu hluti af upplýsingum í tengslum við eftirgrennslan um erlend öfl sem samþykkt hefur verið með réttum hætti að miðla eða dómsmálaráðuneytið tilkynnir Þjóðaröryggisstofnuninni skriflega að skránar falli undir varðveisluskyldu í málum sem verið er að reka eða eru yfirvofandi. See NSA, CLPO, Transparency Report: The USA Freedom Act Business Records FISA Implementation, 15. janúar 2016.

(4) Einkum, ef um er að ræða Sec. 501 í FISA (úr Sec. 215 U.S. PATRIOT ACT), má einungis miðla persónuupplýsingum í þeim tilgangi að berjast gegn hryðjuverkum eða sem sönnunargögnum vegna afbrots; ef um er að ræða Sec. 702 í FISA einungis ef gilt markmið er eftirgrennslan um erlend öfl eða löggæsla. Sjá NSA, CLPO, NSA's Implementation of Foreign Intelligence Surveillance Act, 702. þáttur, 16. apríl 2014; Transparency Report: The USA Freedom Act Business Records FISA Implementation, 15. janúar 2016. Sjá einnig NSA's Civil Liberties and Privacy Protections for Targeted SIGINT Activities under Executive Order 12333, frá 7. október 2014.

(5) Skýringar frá ODNI (VI. viðauka), bls. 7 (með vísun til Intelligence Community Directive (ICD) 203).

(6) Evrópudómstóllinn hefur gert grein fyrir því að þjóðaröryggi feli í sér lögmæt stefnumarkmið. Sjá Schrems, 88. liður. Sjá einnig Digital Rights Ireland o.fl., 42.–44. lið og 51. lið þar sem Evrópudómstóllinn telur að baráttan gegn alvarlegum afbrotum, einkum skipulagðri afbrotastarfsemi og hryðjuverkum, sé að miklu leyti háð notkun nútímarannsóknaraðferða. Enn fremur, ólíkt rannsókn sakamála sem almennt varðar afturvirka ákvörðun um ábyrgð og sök á fyrri háttsemi, beinist eftirgrennslan oft að því að koma í veg fyrir ógnir við þjóðaröryggi áður en tjón hefur orðið. Af þeim sökum geta slíkar rannsóknir oft þurft að ná yfir breiðara svið hugsanlegra gerenda („aðila sem eftirlit beinist að“) og stærra landsvæði. Sjá ECHR (European Convention on Human Rights), Weber and Saravia gegn Þýskalandi, ákvörðun frá 29. júní 2006, kæra nr. 54934/00, 105.–118. liður (um svokallaða „skipulagða vöktun“).

Einkum mun magnsöfnun einungis heimiluð í undantekningartilvikum þegar markviss söfnun er ekki möguleg og henni fylgja viðbótarverndarráðstafanir til að lágmarka magn safnaðra gagna og aðgang að þeim (sem verður að vera markviss og einungis leyfð í sérstökum tilgangi).

- 90) Í mati framkvæmdastjórnarinnar er þetta í samræmi við þær reglur sem Evrópudómstóllinn setti í *Schrems*-dómnum, en samkvæmt þeim verður löggjöf er varðar skerðingu grundvallarréttinda, sem ábyrgst er í 7. og 8. gr. sáttmálans, að kveða á um „lágmarksverndarráðstafanir“⁽¹⁾ og „takmarkast ekki við það sem er bráðnauðsynlegt þar sem hún heimilar, á almennum grundvelli, varðveislu allra persónuupplýsinga allra þeirra einstaklinga sem upplýsingar um hafa verið fluttar frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna án þess að nokkur aðgreining, takmörkun eða undantekning sé gerð í ljósi markmiðsins sem stefnt er að og án þess að mælt sé fyrir um hlutlæga viðmiðun til þess að ákvarða takmörkun aðgangs opinberra yfirvalda að upplýsingunum, og notkun á þeim í kjölfarið, í sérstökum tilgangi sem er stranglega takmarkaður og getur réttlætt þá íhlutun sem fylgir aðgangi að viðkomandi upplýsingum og notkun á þeim“⁽²⁾. Ekki verður heldur um að ræða ótakmarkaða söfnun eða varðveislu gagna um alla einstaklinga án nokkurra takmarkana, né heldur verður aðgangur ótakmarkaður. Enn fremur er, samkvæmt skýringunum sem framkvæmdastjórnin hefur fengið, þ.m.t. þeirri fullvissu að starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum snerti einungis brot af þeim samskiptum sem fara um Netið, útilokað að „almennur aðgangur“⁽³⁾ fái að efni rafrænna samskipta.

3.1.2. Skilvirk réttarvernd

- 91) Framkvæmdastjórnin hefur metið bæði það eftirlitsfyrirkomulag sem fyrir er í Bandaríkjunum með tilliti til íhlutunar bandarískra leyniþjónustuyfirvalda varðandi persónuupplýsingar sem eru fluttar til Bandaríkjanna og tiltækar leiðir fyrir skráða einstaklinga í Evrópusambandinu til að fara fram á einstaklingsbundnar úrlausnir.

Eftirlit

- 92) Öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna eru háðar ýmiss konar endurskoðunar- og eftirlitskerfum sem falla undir þrískiptingu ríkisvaldsins. Þar á meðal eru innri og ytri stofnanir innan framkvæmdavaldsins, fjöldi nefnda innan þjóðþingsins ásamt eftirliti dómara, einkum með starfsemi sem fellur undir lögin Foreign Intelligence Surveillance Act.
- 93) Í fyrsta lagi sætir eftirgrennslan bandarískra stjórnvalda umfangsmiklu eftirliti af hálfu framkvæmdavaldsins.
- 94) Samkvæmt iv. lið a-liðar í 4. þætti PPD-28 skulu stefnur og verklagsreglur öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna „taka til viðeigandi ráðstafana til að auðvelda eftirlit með framkvæmd ráðstafana til verndar persónuupplýsingum“; þessar ráðstafanir ættu að fela í sér reglubundna endurskoðun⁽⁴⁾.

⁽¹⁾ Schrems, 91. liður, með frekari tilvísunum.

⁽²⁾ Schrems, 93. liður.

⁽³⁾ Sjá Schrems, 94. liður.

⁽⁴⁾ ODNI, Safeguarding the Personal Information of all People: A Status Report on the Development and Implementation of Procedures under Presidential Policy Directive 28, bls. 7. Sjá t.d. CIA, Signals Intelligence Activities, bls. 6 (Compliance); FBI, Presidential Policy Directive 28 Policies and Procedures, Sec. III (A)(4), (B)(4); NSA, PPD-28 Section 4 Procedures, 12. janúar 2015, Sec. 8.1, 8.6(c).

- 95) Í þessu samhengi hefur verið innleitt margfalt, lagskipt eftirlit (e. oversight layers), þ.m.t. eru fulltrúar borgaralegs frelsis eða friðhelgi einkalífsins, yfireftirlitsaðilar (e. Inspector Generals), skrifstofa ODNI er varðar borgaralegt frelsi og friðhelgi einkalífsins, eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi (PCLOB) og eftirlitsnefnd forsetans um leyniþjónustustarfsemi (President's Intelligence Oversight Board). Þessi eftirlitsstörf njóta stuðnings starfsfólks sem hefur umsjón með reglufylgni í öllum stofnunum⁽¹⁾.
- 96) Eins og bandarísk stjórnvöld⁽²⁾ hafa útskýrt eru fulltrúar á sviði borgaralegs frelsis eða friðhelgi einkalífsins, sem einnig sjá um eftirlit, í ýmsum ráðuneytum sem sinna eftirgrennslan og í leyniþjónustustofnunum⁽³⁾. Þótt sérstakt valdsvið þessara fulltrúa geti verið mismunandi að einhverju leyti með hliðsjón af lagaheimildum tekur það almennt til eftirlits með málsmeðferðum til að tryggja að viðkomandi ráðuneyti/sérstofnun taki fullnægjandi tillit til friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis og hafi sett fullnægjandi verklagsreglur til að fjalla um kvartanir frá einstaklingum sem telja að brotið hafi verið á rétti sínum til friðhelgi einkalífs og borgaralegs frelsis (og í sumum tilvikum, t.d. ODNI, geti sjálf haft heimild til að rannsaka kvartanir⁽⁴⁾). Yfirmaður ráðuneytisins/sérstofnunarinnar verður síðan að tryggja að fulltrúinn fái allar upplýsingar og að hann hafi aðgang að öllu nauðsynlegu efni til að sinna hlutverki sínu. Fulltrúar borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins gefa þjóðþinginu og eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi (PCLOB) reglulega skýrslu, m.a. um fjölda og eðli kvartana sem ráðuneytinu/stofnuninni hafa borist og samantekt á lýsingu á slíkum kvörtunarmálum, athuganir og rannsóknir sem hafa farið fram og árangur af aðgerðum embættismanna⁽⁵⁾. Samkvæmt mati landsbundinna gagnaverndaryfirvalda getur innra eftirlit sem fulltrúar borgaralegs frelsis eða friðhelgi einkalífsins framkvæma, talist „nokkuð traust“ jafnvel þótt, að þeirra mati, þeir uppfylli ekki kröfur um sjálfstæði⁽⁶⁾.
- 97) Auk þess hefur sérhver öryggis- og leyniþjónustustofnun Bandaríkjanna eigin yfireftirlitsaðila sem ber m.a. ábyrgð á eftirliti með eftirgrennslan um erlend öfl⁽⁷⁾. Í þessu felst, innan skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI), embætti yfireftirlitsaðila með víðtæka lögsögu yfir öllum öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna og með heimild til að rannsaka kvartanir eða upplýsingar um ásanarir um ólöglegt athæfi eða misnotkun valds, í tengslum við ODNI og/eða áætlanir og starfsemi öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna⁽⁸⁾. Yfireftirlitsaðilar eru samkvæmt lögum sjálfstæðar⁽⁹⁾ einingar sem bera ábyrgð á úttektum og rannsóknum sem tengjast áætlunum og aðgerðum sem framkvæmdar eru af viðkomandi sérstofnun í þágu leyniþjónustustarfsemi í Bandaríkjunum, þ.m.t. vegna misnotkunar eða brots á lögum⁽¹⁰⁾. Þeir hafa heimild til aðgangs að öllum skráum,

(1) T.d. hefur Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna fleiri en 300 eftirlitsstarfsmenn á skrifstofunni fyrir eftirlit með reglufylgni. Sjá skýringar ODNI (VI. viðauki), bls. 7.

(2) Sjá umboðsmannsfyrirkomulag (III. viðauki), Sec. 6(b) (i) to (iii).

(3) Sjá 42 U.S.C. § 2000ee-1. Þetta nær t.d. yfir utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið (þ.m.t. alríkislögregluna FBI), heimavarnaráðuneytið, varnarmálaráðuneytið, Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna, bandarísku leyniþjónustuna CIA og ODNI.

(4) Ef skrifstofu borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins hjá ODNI berst kvörtun, samkvæmt bandarískum stjórnvöldum, mun hún einnig samræma við aðrar öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna um hvernig meðhöndla skuli frekar þá kvörtun innan öryggis- og leyniþjónustustofnananna. Sjá umboðsmannsfyrirkomulag (III. viðauki), Sec. 6(b)(ii).

(5) Sjá 42 U.S.C. § 2000ee-1 (f)(1),(2).

(6) Sjá 29. gr. Vinnuhópur um gagnavernd, álit 01/2016 um drög að ákvörðun um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins (samþykkt 13. apríl 2016), bls. 41.

(7) Skýring frá ODNI (VI. viðauka), bls. 7. Sjá t.d. NSA, PPD-28 Section 4 Procedures, 12. janúar 2015, Sec. 8.1; CIA, Signals Intelligence Activities, bls. 7 (Responsibilities).

(8) Í þetta embætti yfireftirlitsaðila (IG) sem var stofnað í október 2010 skipar forsetinn, með staðfestingu öldungadeildarinnar, og einungis forsetinn getur sett hann af, ekki framkvæmdastjóri bandarísku leyniþjónustunnar NI.

(9) Yfireftirlitsaðilar eru fastráðnir í embætti og einungis forsetinn getur sett þá af, en hann verður að upplýsa þjóðþinginu skriflega um ástæður slíkar uppsagnar. Þetta þýðir ekki endilega að þeir þurfi ekki að hlíta neinum fyrirmælum. Í sumum tilvikum getur yfirmaður ráðuneytisins bannað yfireftirlitsaðila að hefja, framkvæma eða ljúka endurskoðun eða rannsókn þegar það telst nauðsynlegt til að vernda mikilvæga þjóðarhagsmuni (á sviði öryggismála). Tilkynna verður þó þjóðþinginu ef þessari heimild er beitt og á þeim grundvelli gæti það kallað viðkomandi framkvæmdastjóra til ábyrgðar. Sjá t.d. Inspector General Act of 1978, § 8 (yfireftirlitsaðili í varnarmálaráðuneytinu); § 8E (yfireftirlitsmaður í dómsmálaráðuneytinu), § 8G (d)(2)(A),(B) (yfireftirlitsaðili hjá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna); 50. U.S.C. § 403q (b) (yfireftirlitsaðili hjá CIA); Intelligence Authorization Act For Fiscal Year 2010, Sec 405(f) (yfireftirlitsaðili öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna). Samkvæmt mati landsbundinna gagnaverndaryfirvalda „er líklegt að yfireftirlitsaðilar uppfylli viðmiðun um stofnanalegt sjálfstæði eins og Evrópuþingurinn og Mannréttindadómstóll Evrópu skilgreina það, a.m.k. frá þeirri stundu sem nýtt tilnefningarferli gildir um þá alla.“ Sjá 29. gr. Vinnuhópur um gagnavernd, í álit 01/2016 um drög að ákvörðun um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins (samþykkt 13. apríl 2016), bls. 40.

(10) Sjá skýringu frá ODNI (VI. viðauka), bls. 7. Sjá einnig Inspector General Act frá 1978, eins og lögnum var breytt, útg. L. 113-126, 7 júlí 2014.

skýrslum, úttektum, endurskoðunum, skjölum, pappírur, tilmælum eða öðru viðkomandi efni, með kvaðningu til að skila gögnum ef þörf krefur, og hafa heimild til að afla vitnisburðar ⁽¹⁾. Þótt yfireftirlitsaðilar geti einungis gefið út tilmæli um aðgerðir til úrbóta sem ekki eru bindandi, eru skýrslur þeirra, þ.m.t. um framhaldsaðgerðir (eða aðgerðaleyfi) gerðar opinberar og enn fremur sendar þjóðþinginu sem getur á þessum grundvelli sinnt eftirlitshlutverki sínu ⁽²⁾.

- 98) Enn fremur er eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi (e. Privacy and Civil Liberties Oversight Board), sem er sjálfstæð sérstofnun ⁽³⁾ innan framkvæmdavaldsins, samsett úr tveggja flokka fimm fulltrúa nefnd ⁽⁴⁾ sem forsetinn tilnefnir fyrir tiltekið sex ára tímabil með samþykki öldungadeildarinnar, falin ábyrgð mála er varða baráttu gegn hryðjuverkum og framkvæmd þeirra í því skyni að vernda friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi. Í endurskoðun nefndarinnar á aðgerðum öryggis- og leyniþjónustustofnana hefur hún aðgang að öllum viðkomandi skrá, skýrslum, úttektum, endurskoðunum, skjölum, pappírur og tilmælum, þ.m.t. trúnaðarupplýsingum og hefur heimild til að taka viðtöl og hlýða á vitnisburð. Hún fær skýrslur frá fulltrúum borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins hjá ýmsum ráðuneytum/sérstofnunum ⁽⁵⁾, hefur heimild til að gefa út tilmæli þeim til handa og sendir skýrslur reglulega til nefnda þjóðþingsins og til forsetans ⁽⁶⁾. Eftirlitsnefndin um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi hefur einnig það verkefni, innan marka umboðs síns að undirbúa skýrslu með mati á framkvæmd PPD-28.
- 99) Loks kemur eftirlitsnefnd um starfsemi leyniþjónustunnar (e. *Intelligence Oversight Board*) til viðbótar áður nefndu eftirlitsfyrirkomulagi sem sett var á fót innan ráðgjafarnefndar forsetans um leyniþjónustustarfsemi (e. President's Intelligence Advisory Board) sem hefur umsjón með því að leyniþjónustuyfirvöld í Bandaríkjunum fari að ákvæðum stjórnarskrárinnar og öllum gildandi reglum.
- 100) Til þess að greiða fyrir eftirliti eru öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna hvattar til að hanna upplýsingakerfi þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að fylgjast með fyrirspurnum eða annarri leit að persónuupplýsingum, skrá þær og yfirfara ⁽⁷⁾. Eftirlitsaðilar og aðilar sem fylgjast með því að farið sé að lögum kanna reglulega starfsvenjur öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna til verndar þeim persónuupplýsingum sem er að finna í vitneskju frá merkjaseiningum og hvort þær fylgi þessum verklagsreglum ⁽⁸⁾.
- 101) Þessi eftirlitsstarfsemi er enn fremur studd af ítarlegum kröfum um skýrslugjöf um tilvik þegar ekki er farið að reglum. Einkum verða verklagsreglur stofnana að tryggja að við mikilvægt tilvik, er varðar það að lögum er ekki hlítt í tengslum við persónuupplýsingar einhvers einstaklings, án tillits til þjóðernis hans, sem aflað er frá merkjaseiningum, skal slíkt mál tilkynnt, með réttum hætti, yfirmanni viðkomandi öryggis- og leyniþjónustustofnunar sem mun síðan tilkynna framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna DNI sem tekur ákvörðun um, skv. PPD-28 hvort nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til úrbóta ⁽⁹⁾. Samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum 12333 (executive order 12333), ber öllum öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna einnig að gefa eftirlitsnefnd um starfsemi leyniþjónustunnar skýrslu um tilvik er

⁽¹⁾ Sjá Inspector General Act frá 1978, § 6.

⁽²⁾ Sjá skýringu frá ODNI (VI. viðauka), bls. 7. Sjá einnig Inspector General Act frá 1978, §§ 4(5), 5. Samkvæmt Sec. 405(b)(3),(4) í Intelligence Authorization Act fyrir reikningsárið 2010, útg. L. 111-259, 7. október 2010, mun yfireftirlitsaðili öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna tilkynna framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar NI og þjóðþinginu um nauðsyn og framvindu aðgerða til úrbóta.

⁽³⁾ Samkvæmt þessu mati landsbundinna gagnaverndaryfirvalda hefur PCLOB áður „sýnt fram á sjálfstætt valdsvið sitt“. Sjá 29. gr. Vinnuhópur um gagnavernd, í álit 01/2016 um drög að ákvörðun um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins (samþykkt 13. apríl 2016), bls. 42.

⁽⁴⁾ Auk þess hefur PCLOB um 20 manna fast starfslid. Sjá <https://www.pclob.gov/about-us/staff.html>.

⁽⁵⁾ Til þeirra teljast a.m.k. dómsmálaráðuneytið, varnarmálaráðuneytið, heimavarnarráðuneytið, framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna NI og framkvæmdastjóri bandarísku leyniþjónustunnar CIA ásamt hverju öðru ráðuneyti, sérstofnun eða deild framkvæmdavaldsins sem eftirlitsnefnd með friðhelgi einkalífsins og borgaralegu frelsi telur eiga við í þessu samhengi.

⁽⁶⁾ Sjá 42 U.S.C. § 2000ee. Sjá einnig umboðsmannsfyrirkomulag (e. Ombudsman Mechanism) (III. viðauki), Sec. 6(b) (iv). Meðal annars ber PCLOB að gefa skýrslu þegar stofnun sem fer með framkvæmdarvald neitar að fylgja ráðleggingum hennar.

⁽⁷⁾ ODNI, Safeguarding the Personal Information of all People: A Status Report on the Development and Implementation of Procedures under Presidential Policy Directive 28, bls. 7-8.

⁽⁸⁾ Sama og á bls. 8. Sjá einnig skýringar ODNI (VI. viðauka), bls. 9.

⁽⁹⁾ ODNI, Safeguarding the Personal Information of all People: A Status Report on the Development and Implementation of Procedures under Presidential Policy Directive 28, bls. 7. Sjá, t.d. NSA, PPD-28 Section 4 Procedures, 12. janúar 2015, Sec. 7.3, 8.7(c),(d); FBI, Presidential Policy Directive 28 Policies and Procedures, Sec. III.(A)(4), (B)(4); CIA, Signals Intelligence Activities, bls. 6 (Compliance) og bls. 8 (Responsibilities).

varða það að ekki er farið að reglum ⁽¹⁾. Þetta fyrirkomulag tryggir að fjallað verði um málið á æðsta stigi innan öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna. Ef um er að ræða einstakling sem ekki er bandarískur skal framkvæmdastjóri leyniþjónustunnar, DNI, í samráði við utanríkisráðherra og yfirmann þess ráðuneytis eða sérstofnunar sem sendi tilkynninguna, ákvarða hvort gera skuli ráðstafanir til að tilkynna það viðkomandi erlendum stjórnvöldum, í samræmi við vernd heimilda og aðferða og fólks sem starfar í Bandaríkjunum ⁽²⁾.

- 102) Í öðru lagi, auk þessara eftirlitskerfa innan framkvæmdavaldsins ber þjóðþing Bandaríkjanna, einkum leyniþjónustu- og lögskipunarnefndir fulltrúadeildarinnar og öldungadeildarinnar (House and Senate Intelligence and Judiciary Committees), ábyrgð á eftirliti með allri eftirgrennslan Bandaríkjanna um erlend öfl, þ.m.t. öflun Bandaríkjanna á vitneskju frá merkjasendingum. Samkvæmt lögum um þjóðaröryggi (National Security Act) „skal forsetinn tryggja að leyniþjónustunefndir þjóðþingsins séu upplýstar að fullu og með uppfærðum hætti um starfsemi Bandaríkjanna er varðar eftirgrennslan, þ.m.t. umfangsmikla fyrirhugaða eftirgrennslan eins og krafist er samkvæmt þessum undirkafla“ ⁽³⁾. Einnig „skal forsetinn tryggja að hvers konar ólögleg eftirgrennslan verði tilkynnt leyniþjónustunefndum þjóðþingsins tilhlýðilega ásamt hvers kyns aðgerð til úrbóta, sem gerð hefur verið eða áætluð er í tengslum við slíka ólöglega starfsemi“ ⁽⁴⁾. Fulltrúar í þessum nefndum hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum ásamt aðferðum og áætlunum um öflun vitneskju ⁽⁵⁾.
- 103) Í síðari lögum eru kröfur um skýrslugjöf, er varða öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna, viðkomandi yfireftirlitsaðila og dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, rýmkaðar og færðar til betri vegar. Samkvæmt FISA er þess krafist að dómsmálaráðherra tilkynni að fullu leyniþjónustu- og lögskipunarnefndum fulltrúadeildarinnar og öldungadeildarinnar um starfsemi ríkisstjórnarinnar samkvæmt tilteknum þáttum í FISA ⁽⁶⁾. Þar er einnig sú krafa að ríkisstjórnin sjái þjóðþingsnefndnum fyrir „afritum af öllum ákvörðunum, úrskurðum eða álitum Foreign Intelligence Surveillance Court eða Foreign Intelligence Surveillance Court of Review sem fela í sér mikilvæga uppbyggingu eða túlkun“ ákvæða FISA. Að því er varðar eftirlit samkvæmt 702. þætti í FISA, er eftirlit einkum framkvæmt með lögboðnum skýrslum til leyniþjónustu- og lögskipunarnefndanna, ásamt tíðum fundum og skýrslutökum. Þar á meðal er skýrsla á hálfársfresti frá dómsmálaráðherra þar sem lýst er hvernig 702. þáttur FISA er notaður, ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. einkum reglufylgniskýrslur frá dómsmálaráðuneytinu og skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) og lýsing á tilvikum þar sem ekki er farið að reglum ⁽⁷⁾ og sérstakt mat á hálfársfresti frá dómsmálaráðherra og framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI) þar sem skráð er fylgni við verklagsreglur um markvissa söfnun og lágmarkun, þ.m.t. að farið sé að þeim verklagsreglum sem ætlað er að tryggja að fyrir öflun vitneskju í sambandi við eftirgrennslan um erlend öfl ⁽⁸⁾ séu gildar ástæður. Þjóðþing Bandaríkjanna fær einnig skýrslur frá yfireftirlitsaðilum sem hafa heimild til að meta hvort stofnanir fari að verklagsreglum um markvissa söfnun og lágmarkun og viðmiðunarreglum dómsmálaráðherra.
- 104) Samkvæmt lögnum USA FREEDOM ACT frá 2015 verða bandarísk stjórnvöld að birta þjóðþinginu (og almenningi) á ári hverju fjölda úrskurða og tilskipana sem gefin eru út samkvæmt FISA, ásamt áætluðum fjölda þeirra einstaklinga, bandarískra og ekki bandarískra, sem eftirlit beinist að, meðal annarra ⁽⁹⁾. Í lögnum er auk þess krafa um að opinbera fjölda NSL (National Security Letter) sem gefin eru út, bæði hvað varðar bandaríska einstaklinga og þá sem ekki eru

⁽¹⁾ Sjá E.O. 12333, Sec. 1.6(c).

⁽²⁾ PPD-28, Sec. 4(a)(iv).

⁽³⁾ Sjá Sec. 501(a)(1) (50 U.S.C. § 413(a)(1)). Þetta ákvæði felur í sér almennar kröfur er varða eftirlit þjóðþingsins á sviði þjóðaröryggis.

⁽⁴⁾ Sjá Sec. 501(b) (50 U.S.C. § 413(b)).

⁽⁵⁾ Cf. Sec. 501(d) (50 U.S.C. § 413(d)).

⁽⁶⁾ Sjá 50 U.S.C. §§ 1808, 1846, 1862, 1871, 1881f.

⁽⁷⁾ Sjá 50 U.S.C. § 1881f.

⁽⁸⁾ Sjá 50 U.S.C. § 1881a(l)(1).

⁽⁹⁾ Sjá USA FREEDOM Act frá 2015, Pub. L. No 114-23, Sec. 602(a). Auk þess, skv. 402. þætti, „skal framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna DNI, í samráði við dómsmálaráðherra framkvæma endurskoðun vegna afléttingar trúnaðar fyrir sérhverja ákvörðun, úrskurð eða álit sem Foreign Intelligence Surveillance Court eða Foreign Intelligence Surveillance Court of Review gefa út (eins og skilgreint er í 601. lið (e)) sem felur í sér mikilvæga útleggingu eða túlkun á lagaákvæði, þ.m.t., ef um er að ræða nýja útleggingu eða túlkun á hugtakinu „sérstakt valhugtak“, og, í samræmi við þá endurskoðun, að gera hverja slíka ákvörðun, úrskurð eða álit aðgengilegt almenningi eftir því sem verður við komið.“

bandarískir (en jafnframt að leyfa þeim sem hljóta úrskurði og vottanir samkvæmt FISA, ásamt NSL-beiðnum, að gefa út gagnsæisskýrslur með tilteknum skilyrðum) ⁽¹⁾.

105) Í þriðja lagi, gerir eftirgrennslan opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum á grundvelli FISA ráð fyrir möguleikanum á endurskoðun, og í sumum tilvikum fyrirframleyfi FISA-dómstólsins (FISC) ⁽²⁾, sem er óháður dómstóll ⁽³⁾, fyrir ráðstöfunum, en vefengja má úrskurði hans fyrir Foreign Intelligence Court of Review (FISCR) ⁽⁴⁾, og að síðustu Hæstarétti Bandaríkjanna ⁽⁵⁾. Ef um er að ræða fyrirframleyfi munu yfirvöldin sem leggja fram umsóknina (FBI, NSA, CIA o.s.frv.) verða að leggja drög að umsókn fyrir lögfræðinga hjá þjóðaröryggisdeild dómsmálaráðuneytisins sem munu athuga hana gaumgæfilega og, ef þörf krefur, fara fram á viðbótarupplýsingar ⁽⁶⁾. Þegar umsóknin hefur verið frágengin þurfa dómsmálaráðherra, varadómsmálaráðherra eða aðstoðardómsmálaráðherra fyrir þjóðaröryggi að samþykkja hana ⁽⁷⁾. Dómsmálaráðuneytið mun síðan leggja umsóknina fyrir FISC sem mun meta hana og taka bráðabirgðaákvörðun um hvernig halda skuli áfram ⁽⁸⁾. Þegar yfirheyrsla fer fram hefur FISC heimild til að afla vitnisburðar sem getur falið í sér sérfræðiráðgjöf ⁽⁹⁾.

106) FISC (og FISCR) njóta stuðnings fastrar kærufundar fimm einstaklinga sem eru sérfræðingar í málefnum er varða þjóðaröryggi og borgaralegt frelsi ⁽¹⁰⁾. Dómstóllinn skal skipa einstakling úr þessum hópi til að koma fram sem sérfræðingur (*amicus curiae*) til að aðstoða við meðferð beiðni um úrskurð eða endurskoðun á því sem, að áliti dómstólsins, er ný eða mikilvæg túlkun á lögnum nema dómstóllinn líti svo að slík skipun eigi ekki við ⁽¹¹⁾. Þetta skal einkum tryggja að atriði er tengjast friðhelgi einkalífsins komi réttilega fram í mati dómstólsins. Dómstóllinn getur einnig skipað einstakling eða stofnun til að koma fram sem sérfræðingur, þ.m.t. til að veita tæknilega sérþekkingu, þegar hann telur það eiga við eða, að fenginni tillögu, veita einstaklingi eða stofnun leyfi til að leggja fram stutt sérfræðiálit ⁽¹²⁾.

⁽¹⁾ USA FREEDOM Act, Sec. 602(a), 603(a).

⁽²⁾ Fyrir tilteknar tegundir eftirlits hefur bandarískur dómari (e. Magistrate Judge), sem forseti Hæstaréttar Bandaríkjanna hefur opinberlega tilnefnt, vald til að taka umsóknir til meðferðar og kveða upp úrskurð.

⁽³⁾ FISC samanstendur af ellefu dómurum, sem eru skipaðir af forseta Hæstaréttar Bandaríkjanna úr röðum sitjandi héraðsdómara í Bandaríkjunum, sem forseti Bandaríkjanna hefur áður skipað og öldungadeildin hefur samþykkt. Dómaramirnir sem eru æviráðnir og einungis settir af ef góð ástæða er til, sitja í FISC í sjö ár í senn í áföngum. Samkvæmt FISA ber að velja dómara frá a.m.k. sjö mismunandi lögsagnarumdæmum í Bandaríkjunum. Sjá Sec. 103 FISA (50 U.S.C. 1803 (a)); PCLOB, Sec. 215 Report, bls. 174–187. Dómaramirnir njóta stuðnings reyndra dómarafulltrúa sem eru löglærðir starfsmenn dómstólsins og undirbúa lagalega greiningu á beiðnum um söfnun upplýsinga. Sjá PCLOB, Sec. 215 Report, bls. 178, bréf frá hæstvirtum forseta réttarins, Reggie B. Walton, U.S. Foreign Intelligence Surveillance Court, til hæstvirts formanns lögskipunarnefndarinnar (e. Committee on the Judiciary), Patrick J. Leahy, í öldungadeild Bandaríkjanna (20. júlí 2013) („Walton-bréfið“), bls. 2-3.

⁽⁴⁾ Í FISCR eru þrjú dómara sem forseti Hæstaréttar Bandaríkjanna skipar og eru þeir valdir úr röðum héraðsdómstóla eða áfrýjunardómstóla Bandaríkjanna, og situr hver um sig í embætti í sjö ár í senn í áföngum. Sjá Sec. 103 FISA (50 U.S.C. § 1803 (b)).

⁽⁵⁾ Sjá 50 U.S.C. §§ 1803 (b), 1861 a (f), 1881 a (h), 1881 a (i)(4).

⁽⁶⁾ Frekari raunupplýsingar um markmiðið með eftirlitinu, tækniupplýsingar um eftirlitsaðferðarfræðina eða fullvissu um hvernig fengnar upplýsingar verða notaðar og hvernig þeim verði dreift, Sjá PCLOB, Sec. 215 Report bls. 177.

⁽⁷⁾ 50 U.S.C. §§ 1804 (a), 1801 (g).

⁽⁸⁾ FISC getur samþykkt umsókn, farið fram á frekari upplýsingar, ákvarðað nauðsyn skýrslutöku eða gefið til kynna hugsanlega synjun umsóknar. Á grundvelli þessarar bráðabirgðaákvörðunar munu stjórnvöld leggja fram endanlega umsókn sína. Í henni gætu falist umtalsverðar breytingar á upprunalegu umsókninni á grundvelli almennra athugasemda dómarsins. Enda þótt FISC samþykki stórt hlutfall endanlegra umsókna inniheldur umtalsverður hluti þeirra efnislegar breytingar frá upprunalegu umsókninni, t.d. 24% umsókna sem samþykktar voru fyrir tímabilið frá júlí til september 2013. Sjá PCLOB, Sec. 215 Report, bls. 179; Walton-bréfið, bls. 3.

⁽⁹⁾ PCLOB, Sec. 215 Report, bls. 179, nr. 619.

⁽¹⁰⁾ 50 U.S.C. § 1803 (i)(1),(3)(A). Samkvæmt þessari nýju löggjöf kom PCLOB í framkvæmd tilmælum til að koma á samnýtingu á sérfræðingum á sviði réttinda, er varða friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi, sem geta komið fram sem vinir réttarins í þeim tilgangi að sjá dómstólnum fyrir lagalegum rökum til að stuðla að friðhelgi einkalífsins og borgaralegu frelsi. Sjá PCLOB, Sec. 215 Report, bls. 183-187.

⁽¹¹⁾ 50 U.S.C. § 1803 (i)(1),(2)(A). Samkvæmt upplýsingum frá ODNI hafa slíkar tilnefningar þegar farið fram. Sjá Signals Intelligence Reform, 2016 Progress Report.

⁽¹²⁾ 50 U.S.C. § 1803(2)(A).

- 107) Að því er varðar þær tvenns konar lagalegar heimildir til eftirlits samkvæmt FISA sem eru þýðingarmestar fyrir gagnaflutninga samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins er eftirlit FISC frábrugðið.
- 108) Samkvæmt 501. þætti FISA ⁽¹⁾ sem leyfir söfnun „hvers konar ápreifanlegra hluta (þ.m.t. bóka, skráa, pappíra, skjala og annarra hluta)“, verður umsókn til FISC að innihalda yfirlýsingu um málsatvik þar sem fram kemur að gildar ástæður séu til að ætla að þessir ápreifanlegu hlutir, sem farið er fram á, skipti máli fyrir heimilaða rannsókn (annað en mat á ógn) sem framkvæmd er til að afla vitneskju með eftirgrennsln um erlend öfl sem ekki varðar bandarískan einstakling eða til verndar gegn alþjóðlegum hryðjuverkum eða leynilegri eftirgrennsln. Einnig verður umsóknin að innihalda upptalningu á verklagsreglum til lágmörkunar sem dómsmálaráðherra samþykkti fyrir varðveislu og miðlun vitneskju sem aflað er ⁽²⁾.
- 109) Á hinn bóginn, skv. 702. þætti FISA ⁽³⁾, heimilar FISC ekki einstakar eftirlitsráðstafanir, heldur heimilar dómstóllinn eftirlitsáætlanir (eins og PRISM, UPSTREAM) á grundvelli árlegrar vottunar sem dómsmálaráðherra og framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna NI gefa út. Með ákvæði 702. þáttar FISA er heimilt að beina eftirliti að einstaklingum, sem talið er að séu staðsettir utan Bandaríkjanna, til að afla vitneskju um erlend öfl ⁽⁴⁾. Slíkt markvisst eftirlit framkvæmir Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna í tveimur áföngum: Í fyrsta lagi munu greinendur Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna staðfesta deili á einstaklingum sem ekki eru bandarískir og eru staðsettir erlendis en eftirlit með þeim mun leiða, byggt á mati greinendanna, til þeirrar vitneskju um viðkomandi erlend öfl sem er tilgreind í vottuninni. Í öðru lagi, þegar þessir einstaklingar hafa verið greindir og umfangsmikið endurskoðunarkerfi innan Þjóðaröryggisstofnunarinnar hefur samþykkt að eftirlitið skuli beinast að þeim ⁽⁵⁾, verða valhugtök sem greina fjarskiptamiðla (t.d. tölvupóstföng), sem þeir sem eftirlitið beinist að nota, virkjuð (e. tasked) (þ.e. útfærð og notuð) ⁽⁶⁾. Eins og tilgreint er innihalda vottanirnar sem eru til samþykktar hjá FISC engar upplýsingar um staka einstaklinga sem fylgjast á með heldur eru þar skilgreindir flokkar vitneskju um erlend öfl ⁽⁷⁾. Þótt FISC meti ekki — á grundvelli líklegs tilefnis eða einhvern annarrar forsendu — hvort einstaklingar eru réttilega valdir markvisst til að afla vitneskju um erlend öfl ⁽⁸⁾, tekur eftirlit dómstólsins til þess skilyrðis að „mikilvægur tilgangur öflunarinnar er að fá vitneskju um erlend öfl“ ⁽⁹⁾. Vissulega er Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna einungis heimilt, skv. 702. þætti FISA, að safna upplýsingum um samskipti einstaklinga, sem ekki eru bandarískir, utan Bandaríkjanna, ef með sanngirni má telja að hinn tiltekni samskiptamiðill sé notaður til að miðla vitneskju sem varðar eftirgrennsln um erlend öfl (t.d. í tengslum við alþjóðleg hryðjuverk, útbreiðslu kjarnorku eða fjandsamlegar netaðgerðir). Ákvarðanir hvað þetta varðar eru með fyrirvara um úrskurðarvald dómstóla ⁽¹⁰⁾. Vottanirnar þurfa einnig að taka til verklagsreglna um markvissa söfnun og lágmörkun ⁽¹¹⁾. Dómsmálaráðherra Bandaríkjanna og framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna DNI sannreyna reglugylgni og stofnunum ber skylda til að gefa FISC ⁽¹²⁾ skýrslu um öll tilvik þegar ekki er farið að reglum (ásamt

⁽¹⁾ 50 U.S.C. § 1861.

⁽²⁾ 50 U.S.C. § 1861.

⁽³⁾ 50 U.S.C. § 1881.

⁽⁴⁾ 50 U.S.C. § 1881a (a).

⁽⁵⁾ PCLOB, Sec. 702 Report, bls. 46.

⁽⁶⁾ 50 U.S.C. § 1881a (h).

⁽⁷⁾ 50 U.S.C. § 1881a (g). Samkvæmt PCLOB hafa þessir flokkar fram að þessu aðallega varðað alþjóðleg hryðjuverk og málefni á borð við öflun geryðingarvopna. Sjá PCLOB, Sec. 702 Report bls. 25.

⁽⁸⁾ PCLOB, Sec. 702 Report, bls. 27.

⁽⁹⁾ 50 U.S.C. § 1881a.

⁽¹⁰⁾ „Liberty and Security in a Changing World“, Report and Recommendations of the President's Review Group on Intelligence and Communications Technologies, 12. desember 2013, bls. 152.

⁽¹¹⁾ 50 U.S.C. 1881a (i).

⁽¹²⁾ Regla 13(b) í málsmeðferðarreglum FISC krefst þess að stjórnvöld leggi inn skriflega tilkynningu hjá dómstólum um leið og upp kemst að einhver heimild eða samþykki sem dómstóllinn veitir hefur verið veitt á þann hátt að það uppfylli ekki kröfur dómstólsins um heimild eða samþykki, eða samræmist ekki gildandi lögum. Einnig er þess krafist að stjórnvöld tilkynni dómstólum skriflega um staðreyndir og aðstæður sem við koma því að ekki hefur verið farið að reglum með þessum hætti. Almennt munu stjórnvöld leggja fram lokatilkynningu er varðar reglu 13(a) þegar vitað er um viðkomandi málsatvik og gögnum sem safnað var í heimildarleysi hefur verið eytt. Sjá Walton-bréfið, bls. 10.

bandaríska þjóðþinginu og eftirlitsnefnd forsetans um leyniþjónustustarfsemi), sem getur á þessum grundvelli breytt heimildinni ⁽¹⁾.

- 110) Enn fremur, til að auka skilvirkni eftirlits FISC, hafa bandarísk stjórnvöld samþykkt að fylgja tilmælum eftirlitsnefndar PCLOB um að senda gögn til FISC um ákvarðanir um markvisst eftirlit skv. 702. þætti, þ.m.t. slæmbiúrtak eftirlitsverkefna, svo að FISC geti metið hvernig markmiðinu með kröfunni um öflun vitneskju í þágu eftirgrenslnar um erlend öfl er náð í reynd ⁽²⁾. Jafnframt hafa bandarísk stjórnvöld samþykkt og gert ráðstafanir til að endurskoða verklagsreglur Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (NSA) um markvissa söfnun til að skjalfesta betur ástæður sem lúta að eftirgrenslnar um erlend öfl fyrir ákvarðanir um markvissa söfnun upplýsinga ⁽³⁾.

Einstaklingsbundin úrlausn

- 111) Nokkrar leiðir eru tiltækar skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu samkvæmt bandarískum lögum ef þeir vilja ganga úr skugga um hvort öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna hafi unnið með persónuupplýsingar um þá (safnað, skoðað o.s.frv.) og ef svo hefur verið hvort takmörkunum sem eru í gildi í bandarískum lögum hafi verið hlítt. Þær tengjast í grundvallaratriðum þremur sviðum: skerðingu á réttindum samkvæmt FISA, ólöglegum og vísvitandi aðgangi opinberra embættismanna að persónuupplýsingum og aðgangi að upplýsingum samkvæmt lögnum Freedom of Information Act (FOIA) ⁽⁴⁾.
- 112) Í fyrsta lagi er í lögum um eftirlit með eftirgrenslnar um erlend öfl (FISA) kveðið á um nokkur úrræði, sem einstaklingar sem ekki eru bandarískir hafa einnig aðgang að, til að kæra ólöglegt rafrænt eftirlit ⁽⁵⁾. Í þessu felst sá möguleiki fyrir einstaklinga að hefja einkamál gegn Bandaríkjunum til að fá dæmdar skaðabætur þegar upplýsingar um þá hafa verið notaðar eða birtar með ólöglegum hætti og vísvitandi ⁽⁶⁾; að lögsækja embættismenn bandaríska ríkisins persónulega (í nafni laganna) til að fá skaðabætur ⁽⁷⁾ og að vefengja lögmæti eftirlits (og leitast við að halda upplýsingunum leyndum) í því tilviki að bandarísk stjórnvöld hyggist nota eða birta upplýsingar sem fengnar eru í, eða leiða af, rafrænu eftirliti gagnvart viðkomandi einstaklingi í dómsmáli eða stjórnsýslumæðferð í Bandaríkjunum ⁽⁸⁾.
- 113) Í öðru lagi hafa bandarísk stjórnvöld upplýst framkvæmdastjórnina um margar viðbótarleiðir sem skráðir einstaklingar í Evrópusambandinu gætu notað til að sækja opinbera embættismenn til saka vegna ólöglegs aðgangs ríkisins að

⁽¹⁾ 50 U.S.C. § 1881 (l). Sjá einnig PCLOB, Sec. 702 Report, bls. 66-76; NSA CLPO, NSA's Implementation of Foreign Intelligence Surveillance Act, 702. þáttur, 16. apríl 2014. Söfnun persónuupplýsinga í tengslum við eftirgrenslnar skv. 702. þætti FISA er með fyrirvara um innra og ytra eftirlit framkvæmdavaldsins. Meðal annars felur innra eftirlit í sér áætlanir um innra samræmi til að meta og fylgjast með því að farið sé að verklagsreglum um markvissa söfnun og lágmarkun, skýrslugjöf um tilvik, jafnt innri sem ytri, þar sem ekki er farið að reglum, til ODNI, dómsmálaráðuneytisins, bandaríska þjóðþingsins og FISC og árlegar skýrslur um endurskoðanir sendar til sömu aðila. Hvað varðar ytra eftirlit felst það helst í endurskoðun á markvissri söfnun og lágmarkun sem ODNI, dómsmálaráðuneytið og yfireftirlitsaðilar hafa umsjón með og gefa þessir aðilar þjóðþinginu og FISC skýrslu, þ.m.t. um tilvik þar sem ekki er farið að reglum. Mikilvæg atvik er varða reglufylgni skulu tilkynnt FISC án tafar, önnur atvik í ársfjórðungslegri skýrslu. Sjá PCLOB, Sec. 702 Report, bls. 66-77.

⁽²⁾ PCLOB, Recommendations Assessment Report, 29. janúar 2015, bls. 20.

⁽³⁾ PCLOB, Recommendations Assessment Report, 29. janúar 2015, bls. 16.

⁽⁴⁾ Að auki er í 10. þætti Classified Information Procedures Act kveðið á um að í hverri saksókn þar sem Bandaríkin verða að staðfesta að efni innihaldi trúnaðarupplýsingar (t.d. vegna þess að nauðsynlegt er að vernda það gegn óleyfilegri birtingu af ástæðum er varðar þjóðaröryggi), skuli Bandaríkin tilkynna varnaraðila um þá hluta efnisins sem með góðu móti má búast við að treyst verði á til að staðfesta þann þátt brotsins sem snýr að trúnaðarupplýsingum.

⁽⁵⁾ Sjá eftirfarandi skýringu frá ODNI (VI. viðauka), bls. 16.

⁽⁶⁾ 18 U.S.C. § 2712.

⁽⁷⁾ 50 U.S.C. § 1810.

⁽⁸⁾ 50 U.S.C. § 1806.

persónuupplýsingum eða notkunar á þeim, þ.m.t. vegna fullyrðinga um er að þjóðaröryggi sé í húfi (þ.e. Computer Fraud and Abuse Act - lög um tölvusvik ⁽¹⁾, Electronic Communications Privacy Act – lög um friðhelgi einkalífsins í rafrænum fjarskiptum ⁽²⁾ og Right to Financial Privacy Act – lög um rétt til friðhelgi einkalífsins í fjárhagsmálum ⁽³⁾). Allar þessar kæruástæður varða tiltekna upplýsingar, aðila sem eftirlit beinist að og/eða tegundir aðgangs (t.d. fjaraðgang að tölvu um Netið) og eru tiltækar við tiltekna aðstæður (t.d. vísitandi/viljandi framferði, framferði utan opinbers embættis, hefur borið tjón) ⁽⁴⁾. Kveðið er á um almennari möguleika á úrlausn í lögum um stjórnsýslumeðferð (Administrative Procedure Act) (5 U.S.C. § 702) en samkvæmt þeim lögum á „sérhver einstaklingur sem er beittur lagalegum órétti vegna aðgerðar stofnunar eða hefur orðið fyrir skaðlegum áhrifum eða verið gert rangt til með stofnanaaðgerð“ rétt á að fara fram á úrskurð dómstóla. Í þessu felst sá möguleiki að fara þess á leit að dómstóllinn „lýsi því yfir að aðgerðir, niðurstöður og ályktanir stofnunar séu ólögmatar og þær verði ógiltar ef þær teljast [...] tilviljunarkenndar, óútreiknanlegar, valdheimildir hafi verið misnotaðar eða að þær séu að öðru leyti ekki í samræmi við lög“ ⁽⁵⁾.

- 114) Bandarísk stjórnvöld hafa bent á FOIA sem leið fyrir einstaklinga sem ekki eru bandarískir til að fá aðgang að þeim skrár hjá bandarískri alríkisstofnun sem eru fyrir hendi, þ.m.t. þær sem hafa að geyma persónuupplýsingar viðkomandi einstaklings ⁽⁶⁾. Með tilliti til þess sem löggin beinast að kveða FOIA ekki á um leið fyrir einstaklingsbundin úrræði gegn afskiptum af persónuupplýsingum sem slíkum, jafnvel þótt þau gætu að meginreglu til gert einstaklingum kleift að fá aðgang að viðeigandi upplýsingum sem stofnanir leyniþjónustunnar hafa undir höndum. Jafnvel hvað þetta varðar virðast möguleikarnir vera takmarkaðir þar sem stofnanir geta haldið eftir upplýsingum sem falla undir tiltekna tilgreindar undanþágur, þ.m.t. aðgangur að trúnaðarupplýsingum um þjóðaröryggi og upplýsingum um lögreglurannsóknir ⁽⁷⁾. Að því sögðu geta einstaklingar sem leita eftir hvort tveggja stjórnsýsluúrskurði og úrskurði dómstóla vefengt notkun leyniþjónustustofnana á slíkum undantekningum.
- 115) Þótt einstaklingar, þ.m.t. skráðir einstaklingar í Evrópusambandinu, hafi af þessum sökum nokkra möguleika til úrlausnar þegar þeir hafa sætt ólöglegu (rafrænu) eftirliti í þágu þjóðaröryggis, er jafnljóst að a.m.k. einhverjar þeirra réttarheimilda sem leyniþjónustuyfirvöld Bandaríkjanna geta notað (t.d. E.O. 12333) taka ekki til þeirra. Enn fremur, jafnvel þar sem einstaklingar sem ekki eru bandarískir hafa að jafnaði möguleika á dómsúrlausn, s.s. vegna eftirlits samkvæmt FISA, eru tiltækar málsástæður takmarkaðar ⁽⁸⁾ og kröfur sem einstaklingar leggja fram (þ.m.t. bandarískir einstaklingar) verða lýstar ótækar ef þeir geta ekki sýnt fram á rétta aðild að málinu (e. standing) ⁽⁹⁾, sem takmarkar aðgang að almennum dómstólum ⁽¹⁰⁾.
- 116) Til þess að allir skráðir einstaklingar í Evrópusambandinu hafi aðgang að viðbótarleiðum til úrlausnar hafa bandarísk stjórnvöld ákveðið að koma á nýju umboðsmannsfyrirkomulagi eins og um getur í bréfinu frá utanríkisráðherra Bandaríkjanna til framkvæmdastjórnarinnar sem er að finna í III. viðauka við þessa ákvörðun. Þetta fyrirkomulag byggist á skipun yfirsamræmingaraðila (á stigi aðstoðarráðherra) í utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna, samkvæmt PPD-28, sem tengiliðar fyrir erlend stjórnvöld til að koma á framfæri áhyggjum af starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum, en fyrirkomulagið er mun víðtækara en upprunalega hugmyndin.

⁽¹⁾ 18 U.S.C. § 1030.

⁽²⁾ 18 U.S.C. §§ 2701-2712.

⁽³⁾ 12 U.S.C. § 3417.

⁽⁴⁾ Skýring frá ODNI (VI. viðauki), bls. 17.

⁽⁵⁾ 5 U.S.C. § 706(2)(A).

⁽⁶⁾ 5 U.S.C. § 552. Sambærileg lög eru fyrir hendi í hverju ríki.

⁽⁷⁾ Ef svo reynist vera mun einstaklingurinn venjulega einungis fá staðlað svar þar sem stofnunin annaðhvort neitar að staðfesta að nokkrar skrár séu til eða neitar því að þær séu til. Sjá ACLU gegn CIA, 710 F.3d 422 (D.C. Cir. 2014).

⁽⁸⁾ Sjá skýringar ODNI (Annex VI), bls. 16. Samkvæmt veittum útskýringum þurfa málsástæður annaðhvort að vera tjón (18 U.S.C. § 2712; 50 U.S.C. § 1810) eða að sýnt sé fram á að stjórnvöld hyggist nota eða birta upplýsingar sem eru fengnar eða leiða af rafrænu eftirliti með hlutaðeigandi einstaklingi gegn honum í dómsmáli eða stjórnsýslumeðferð í Bandaríkjunum (50 U.S.C. § 1806). Þar sem Evrópu dómstóllinn hefur þó ítrekað lagt áherslu á, til að staðfesta að grundvallarréttur til friðhelgi einkalífsins hafi verið skertur, skiptir ekki máli hvort hlutaðeigandi einstaklingur hafi þolað neikvæðar afleiðingar vegna þeirrar íhlutunar. Sjá Schrems, 89. mgr. með frekari tilvísunum.

⁽⁹⁾ Skilyrði þess að málið sé tækt má rekja til stjórnarskrár Bandaríkjanna, III. gr. ákvæðisins um réttarágreiningu (e. case or controversy)

⁽¹⁰⁾ Sjá Clapper gegn Amnesty Int'l USA, 133 S.Ct. 1138, 1144 (2013). Hvað varðar notkun á NSL er í USA FREEDOM ACT (Sec. 502(f)-503) kveðið á um að endurskoða verði reglubundið kröfur um að upplýsingar séu ekki gefnar upp og að viðtakendum NSL verði tilkynnt um hvenær málsatvik styðja ekki lengur við kröfu um að upplýsingar séu ekki veittar (sjá skýringar frá ODNI (VI. viðauka, bls. 13). Þetta tryggir þó ekki að skráðum aðila í Evrópusambandinu verði tilkynnt um að rannsókn hafi verið beint að honum.

- 117) Einkum mun umboðsmannsfyrirkomulagið, samkvæmt skuldbindingum bandarískra stjórnvalda, tryggja að einstök kvörtunarmál verði rannsökuð og tekin til meðferðar á tilhlýðilegan hátt og að einstaklingar fái óháða staðfestingu á því að bandarískum lögum hafi verið hlít eða, ef brotið hefur verið í bága við slík lög, að ráðin hafi verið bót á því að ekki hafi verið farið að þeim ⁽¹⁾. Fyrirkomulagið tekur til „umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins“, þ.e. aðstoðarráðherra og annars starfsfólks ásamt öðrum eftirlitsaðilum sem eru til þess bærir að hafa eftirlit með mismunandi öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna sem umboðsaðili friðhelgisamkomulagsins treystir á samvinnu við þegar kvartanir eru teknar til meðferðar. Einkum þegar beiðni einstaklings tengist því að eftirlit sé í samræmi við bandarísk lög mun umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins geta treyst á óháða eftirlitsaðila sem hafa valdheimild til rannsókna (s.s. yfirtirlitsmenn eða PCLOB). Í hverju tilviki tryggir utanríkisráðherra að umboðsmaðurinn hafi úrræði til að tryggja að svar hans við einstaklingsbundnum beiðnum byggist á öllum nauðsynlegum upplýsingum.
- 118) Með þessari „samsettu uppbyggingu“ tryggir umboðsmannsfyrirkomulagið óháð eftirlit og einstaklingsbundna réttarvernd. Enn fremur tryggir samvinnan við aðra eftirlitsaðila aðgang að nauðsynlegri sérfræðipækkingu. Loks, með því að skylda umboðsmann friðhelgisamkomulagsins til að staðfesta að farið sé að reglum eða ráðin hafi verið bót á því að ekki hafi verið farið að reglum, endurspeglar fyrirkomulagið skuldbindingu bandarískra stjórnvalda í heild um að fjalla um og leysa kvörtunarmál frá einstaklingum í Evrópusambandinu.
- 119) Í fyrsta lagi, frábrugðið þeirri tilhögun að kvartanir berist eingöngu frá ríkisstjórn til ríkisstjórnar, mun umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins taka við og svara einstökum kvörtunum. Slíkum kvörtunum er hægt að beina til eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum, sem eru til þess bær að hafa eftirlit með þjónustu er varðar þjóðaröryggi og/eða vinnslu persónuupplýsinga á vegum opinberra yfirvalda, sem munu leggja þær fyrir miðlæga stofnun í Evrópusambandinu sem senda þær síðan til umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins ⁽²⁾. Þetta mun í reynd vera hagræði fyrir einstaklinga í Evrópusambandinu sem geta snúið sér til innlands yfirvalds „nærri heimahögum“ og á eigin tungumáli. Það verður verkefni slíks yfirvalds að aðstoða einstaklinginn við að leggja fram beiðni til umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins, sem inniheldur allar grundvallarupplýsingar og má því teljast vera „fullkomin“. Einstaklingurinn þarf ekki að sýna fram á að bandarísk stjórnvöld hafi í reynd haft aðgang að persónuupplýsingum hans með því að afla vitneskju frá merkjasendingum.
- 120) Í öðru lagi skuldbinda bandarísk stjórnvöld sig til að tryggja að umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins geti, þegar hann sinnir hlutverki sínu, treyst á samvinnu við önnur kerfi fyrir eftirlit með og athugun á reglufylgni sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Stundum mun þetta fela í sér þátttöku bandarískra leyniþjónustuyfirvalda, einkum þegar túlka ber beiðnina sem beiðni um aðgang að skjölum sem falla undir Freedom of Information Act. Í öðrum tilvikum, einkum þegar beiðnir snúast um það hvort eftirlit sé í samræmi við bandarísk lög, mun slík samvinna ná yfir óháðar eftirlitsstofnanir (t.d. yfirtirlitsaðila) sem hafa ábyrgð og valdheimild til að framkvæma ítarlega rannsókn (einkum með aðgangi að öllum viðkomandi skjölum og heimild til að fara fram á upplýsingar og skýrslur) og að taka á tilvikum þar sem ekki er farið að reglum ⁽³⁾. Einnig mun umboðsmaðurinn fyrir friðhelgisamkomulagið geta vísað meðferð mála til eftirlitsnefndar um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi (PCLOB) ⁽⁴⁾. Ef þessir eftirlitsaðilar finna hvergi að reglufylgni sé ábótavant mun viðkomandi öryggis- og leyniþjónustustofnun Bandaríkjanna (t.d. leyniþjónustuskristofa) þurfa að ráða bót á því að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum því að einungis það mun gera umboðsmanninum kleift að veita einstaklingnum „jákvætt“ svar (þ.e. að ráðin hafi verið bót á því að ekki hafi verið farið að reglum) sem bandarísk

(1) Í því tilviki að kærandi fari fram á aðgang að skjölum í vörslu opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum gilda almennar reglur og verklagsreglur sem eru settar fram í Freedom of Information Act. Í því felst sá möguleiki að fara fram á dómsúrlausn (fremur en óháð eftirlit) í því tilviki að beiðninni sé hafnað samkvæmt skilmálum sem settir eru fram í FOIA.

(2) Samkvæmt umboðsaðilafyrirkomulaginu (III. viðauki) Sec. 4(f), mun umboðsaðili friðhelgisamkomulagsins hafa bein samskipti við kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga sem mun þá bera ábyrgð á samskiptum við einstaklinginn sem lagði inn beiðnina. Ef bein samskipti eru liður í „undirliggjandi málsmeðferð“ sem kann að veita þá úrlausn sem farið er fram á (t.d. beiðni um aðgang samkvæmt FOIA sjá 5. þátt), munu þessi samskipti fara fram í samræmi við gildandi verklagsreglur.

(3) Sjá fyrirkomulag um umboðsmann (III. viðauki), a-lið 2. þáttar. Sjá einnig forsendur 0-0.

(4) Sjá fyrirkomulag um umboðsmann (III. viðauki), Sec. 2(c). Samkvæmt útskýringum bandarískra stjórnvalda skal PCLOB stöðugt endurskoða stefnumál og verklagsreglur þeirra bandarísku yfirvalda sem bera ábyrgð á aðgerðum gegn hryðjuverkum, ásamt framkvæmd þeirra, til að ákvarða hvort aðgerðir þeirra „vernda með videigandi hætti friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi og eru í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og stefnur er varða friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi“. PCLOB skal einnig „taka við og endurskoða skýrslur og aðrar upplýsingar frá fulltrúum friðhelgi einkalífsins og fulltrúum borgaralegs frelsis og, eftir því við á, senda þeim tilmæli varðandi aðgerðir þeirra“.

stjórnvöld hafa skuldbundið sig til. Einnig er það liður í samvinnunni að umboðsmanni friðhelgisamkomulagsins verði tilkynnt um niðurstöður rannsóknarinnar og að hann geti tryggt að hann fái allar nauðsynlegar upplýsingar til að undirbúa svar sitt.

- 121) Að lokum mun umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins vera óháður öryggis- og leyniþjónustustofnunum í Bandaríkjunum og þarf því ekki að hlíta fyrir mælum þeirra ⁽¹⁾. Þetta er afar mikilvægt með tilliti til þess að umboðsmaðurinn mun verða að „staðfesta“ að: i. kvörtunin hafi verið rannsökuð gaumgæfilega og ii. að farið hafi verið að viðkomandi bandarískum lögum — þ.m.t. um takmarkanir og verndarráðstafanir sem settar eru fram í VI. viðauka – eða, ef ekki hefur verið farið að þeim, að bætt hafi verið úr slíku broti. Til þess að geta veitt þessa sjálfstæðu staðfestingu mun umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins þurfa að fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi rannsóknina til að geta metið nákvæmni svarsins til kvartandans. Auk þess hefur utanríkisráðherra skuldbundið sig til að tryggja að aðstoðarráðherra muni sinna hlutverki umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins á hlutlægan hátt og án óviðeigandi áhrifa sem eru líkleg til að hafa áhrif á svárið sem verður veitt.
- 122) Á heildina litið tryggir þetta fyrirkomulag að kvartanir einstaklinga verða vandlega rannsakaðar og leyst úr þeim og að þetta muni, a.m.k. á eftirlitssviði, fela í sér þátttöku óháðra eftirlitsaðila með nauðsynlega sérþekkingu og rannsóknarheimildir og umboðsmann sem mun geta sinnt þessum verkefnum án óviðeigandi áhrifa, einkum stjórn mála legra. Enn fremur munu einstaklingar geta lagt inn kvartanir án þess að þurfa að sýna fram á, eða einungis leggja fram vísendingar um, að þeir hafi sætt eftirliti ⁽²⁾. Í ljósi þessara þátta telur framkvæmdastjórnin að fullnægjandi og skilvirkar tryggingar séu fyrir hendi gegn misnotkun.
- 123) Á grundvelli þess sem að ofan greinir ályktar framkvæmdastjórnin að Bandaríkin tryggi skilvirka lögvernd gegn inngrípum leyniþjónustuyfirvalda í grundvallarréttindi þeirra einstaklinga, sem upplýsingar um eru fluttar frá Sambandinu til Bandaríkjanna samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.
- 124) Hvað þetta varðar tekur framkvæmdastjórnin mið af úrskurði Evrópudómstólsins í Schrems-málinu en samkvæmt honum „virðir löggjöf, sem ekki veitir möguleika fyrir einstakling til að leita lagalegra úrræða til þess að fá aðgang að persónuupplýsingum um sig, eða fá leiðréttingu á slíkum gögnum eða fá þeim eytt, ekki kjarna grundvallarréttinda til skilvirkar réttarverndar, sem er tryggður með 47. gr. sáttmálans“ ⁽³⁾. Mat framkvæmdastjórnarinnar hefur staðfest að slík lagaleg úrræði eru fyrir hendi í Bandaríkjunum, þ.m.t. með því að taka upp umboðsmannsfyrirkomlagið. Umboðsmannsfyrirkomlagið gerir kleift að hafa óháð eftirlit með rannsóknarheimildum. Skilvirkni þessa fyrirkomulags verður endurmetið innan ramma sívöktunar framkvæmdastjórnarinnar á friðhelgisamkomulaginu, þ.m.t. með árlegri sameiginlegri rýni sem skal einnig taka til umboðsmanns.

3.2. Aðgangur og notkun opinberra yfirvalda Bandaríkjanna á persónuupplýsingum í þágu löggæslu og almannahagsmuna

- 125) Að því er varðar afskipti af persónuupplýsingum sem eru fluttar samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna í þágu löggæslu hafa bandarísk stjórnvöld (fyrir tilstilli dómsmálaráðuneytisins) veitt tryggingu fyrir viðeigandi takmörkunum og verndarráðstöfunum sem samkvæmt mati framkvæmdastjórnarinnar sýna fram á fullnægjandi vernd.

⁽¹⁾ Sjá Roman Zakharov gegn Rússlandi, dómur frá 4. desember 2015 (yfirdeild), krafa nr. 47143/06, 275. mgr. („enda þótt það sé að jafnaði æskilegt að fela dómara stjórn eftirlits getur eftirlit aðila sem ekki eru dómsaðilar talist samrýmast samningnum, svo fremi að eftirlitsaðilinn sé óháður yfirvöldunum sem annast eftirlitið og valdsvið hans sé fullnægjandi og skilvirkt“).

⁽²⁾ Sjá Kennedy gegn Bretlandi, dómur frá 18. maí 2010, kera nr. 26839/05, 167. mgr.

⁽³⁾ Schrems, 95. mgr. Eins og ljóst er af 91. og 96. mgr. dómsins fjallar 95. mgr. um verndarstigið sem er ábyrgt í réttarkerfi Sambandsins sem verndarstig í þriðja landi verður að vera „sambærilegt við í meginatriðum“. Samkvæmt 73. og 74. mgr. dómsins er ekki gerð sú krafa að verndarstigið eða sú málskotsleið sem þriðja landið hefur verði að vera eins, jafnvel þótt þær leiðir sem verða notaðar verði að vera skilvirkar í reynd.

- 126) Samkvæmt þessum upplýsingum, í samræmi við fjórða viðauka við stjórnarskrá Bandaríkjanna⁽¹⁾, þurfa löggæslufyrirvöld fyrst og fremst að hafa dómsúrskurð um heimild til leitar og haldlagningar⁽²⁾ sem „má ekki fella nema fyrir sterkar líkur“. Í þeim fáeinu sérstaklega grunduðu undantekningartilvikum þar sem krafan um heimild á ekki við⁽³⁾ skal löggæslan gangast undir „réttmætispróf“⁽⁴⁾. Hvort leit eða haldlagning er sanngjörn er „ákvarðað með því að meta, annars vegar, að hve miklu leyti hún truflar friðhelgi einkalífs einstaklings og, hins vegar, að hve miklu leyti þörf er á henni til að vinna að lögmætum hagsmunum ríkisins“⁽⁵⁾. Almennt tryggir fjórði viðaukinn friðhelgi einkalífsins, virðingu og vernd gegn handahófskenndum inngripsaðgerðum fulltrúa stjórnvalda⁽⁶⁾. Þessi hugtök ná yfir hugmyndina um nauðsyn og meðalhóf í löggjöf Sambandsins. Þegar löggæslan hefur ekki lengur þörf fyrir að nota haldlagða hluti sem sönnunargögn ber að skila þeim⁽⁷⁾.
- 127) Þótt rétturinn samkvæmt fjórða viðauka við stjórnarskrá Bandaríkjanna nái ekki til einstaklinga sem ekki eru bandarískir og eru ekki búsettir í Bandaríkjunum njóta þeir samt sem áður óbeint góðs af þeirri vernd sem í honum felst, svo fremi að bandarísk fyrirtæki búi yfir persónuupplýsingunum, en það hefur þau áhrif að löggæslufyrirvöld verða í öllum tilvikum að fara fram á heimild dómsmálayfirvalda (eða a.m.k. að virða réttmætiskröfuna)⁽⁸⁾. Með lögboðnum heimildarákvæðum er veitt frekari vernd og einnig með viðmiðunarreglum dómsmálayfirvaldsins sem takmarka aðgang löggæslunnar að upplýsingum af ástæðum sem jafngilda nauðsyn og meðalhófi (t.d. með því að fara fram á að alríkislögreglan í Bandaríkjunum noti rannsóknaraðferðir sem valda minnstu inngripi, þar sem tekið er tillit til áhrifa á friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi)⁽⁹⁾. Samkvæmt skýringunum sem bandarísk stjórnvöld gefa gildir jafnmikil vernd eða meiri um lögreglurannsóknir í fylkjunum (í tengslum við rannsóknir sem gerðar eru samkvæmt lögum í viðkomandi fylki)⁽¹⁰⁾.
- 128) Enda þótt ekki þurfi fyrirframheimild dómstóls eða rannsóknarnefndar (sem er rannsóknarhluti dómstólsins sem er skipaður af dómara) í öllum málum⁽¹¹⁾, eru kvaðningar af hálfu stjórnvalda takmarkaðar við tiltekin mál og verða með fyrirvara um óháð eftirlit dómstóls, a.m.k. þegar stjórnvöld fara fram á fullnustu fyrir dómstóli⁽¹²⁾.

(1) Samkvæmt fjórða viðauka við stjórnarskrá Bandaríkjanna: „Réttur þjóðarinnar til að njóta friðhelgi fyrir persónu sína, heimili, skjöl og muni gegn ástæðulausri leit og haldlagningu skal óskertur látinn; og dómsúrskurð um heimild til leitar má ekki fella nema fyrir sterkar líkur, studdar eidi eða yfirlýsingu, og skal þar staðnum, þar sem leitinn skal fram fara, nákvæmlega lýst og mönnum þeim og hlutum er leggja skal hald á.“ Einungis dómara mega gefa út leitarheimildir. Um alríkisheimildir til að afrita upplýsingar sem eru geymdar á rafrænan hátt gildir enn fremur 41. regla Federal Rules of Criminal Procedure

(2) Ítrekað hefur hæstiréttur vísað til leitar án heimildar sem „undantekningar“. Sjá t.d. Johnson gegn Bandaríkjunum, 333 U.S. 10, 14 (1948); McDonald gegn Bandaríkjunum, 335 U.S. 451, 453 (1948); Camara gegn Municipal Court, 387 U.S. 523, 528-29 (1967); G.M. Leasing Corp. gegn Bandaríkjunum, 429 U.S. 338, 352-53, 355 (1977). Á sama hátt leggur hæstiréttur reglulega áherslu á að „það stjórnarskrárákvæði, sem helst liggur til grundvallar á þessu sviði, er það að leit sem framkvæmd er utan meðferðar dómstóla, án fyrirframsamþykkis dómara, sé í sjálfru sér óréttmæt samkvæmt fjórða viðauka við stjórnarskrá Bandaríkjanna — einungis með fyrirvara um fáeinir sérstaklega grundaðar og afgerandi undantekningar.“ Sjá t.d. Coolidge gegn New Hampshire, 403 U.S. 443, 454-55 (1971); G.M. Leasing Corp. gegn Bandaríkjunum, 429 U.S. 338, 352-53, 358 (1977).

(3) City of Ontario, Cal. gegn Quon, 130 S. Ct. 2619, 2630 (2010).

(4) PCLOB, Sec. 215 Report, bls. 107, tilvísun í Maryland gegn King, 133 S. Ct. 1958, 1970 (2013).

(5) PCLOB, Sec. 215 Report, bls. 107, með vísun í Samson gegn California, 547 U.S. 843, 848 (2006).

(6) City of Ontario, Cal. gegn Quon, 130 S. Ct. 2619, 2630 (2010), 2627.

(7) Sjá t.d. Bandaríkin gegn Wilson, 540 F.2d 1100 (D.C. Cir. 1976).

(8) Sbr. Roman Zakharov gegn Rússlandi, dómur frá 4.12.2015 (yfirdeild), kæra nr. 47143/06, 269. mgr., en samkvæmt henni „er sú krafa að sýna þeim sem veita fjarskiptáþjónustuna hlerunarheimild áður en veittur er aðgangur að samskiptum einstaklings ein mikilvægasta verndarráðstöfun löggæslufyrivalda gegn misnotkun og tryggir að réttar heimildar sé aflað í öllum tilvikum um hleranir.“

(9) Skýringar dómsmálaráðuneytisins (VII. viðauki), bls. 4 með frekari tilvísunum.

(10) Sjá skýringar frá dómsmálaráðuneytinu (VII. viðauki), bls. 2.

(11) Samkvæmt upplýsingunum sem framkvæmdastjórnin hefur fengið, án tillits til sérstakra sviða sem líklega eiga ekki við um gagnaflutninga samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna (t.d. rannsóknir á svikum í heilbrigðisþjónustu, misnotkun á börnum eða mál er varða takmörkunarskyld efni), varðar þetta helst tiltekin yfirvöld sem falla undir lög um friðhelgi einkalífsins í rafrænum fjarskiptum (ECPA), nánar tiltekið beiðni um grunnáskrift, upplýsingar um tengitíma og reikningagerð ((18 U.S.C. § 2703(c)(1), (2), t.d. pósthaf, tegund/lengd þjónustu) og um innihald tölvupósts sem er eldri en 180 daga (18 U.S.C. § 2703(a), (b)). Í síðara tilvikinu verður þó að tilkynna það hlutaðeigandi einstaklingi svo hann hafi tækifæri til að vefengja beiðnina fyrir dómi. Sjá einnig yfirlit í 3. kafla í skýringum dómsmálaráðuneytisins: Searching and Seizing Computers and Obtaining Electronic Evidence in Criminal Investigations: The Stored Communications Act, bls. 115-138.

(12) Samkvæmt skýringum bandarískra stjórnvalda geta viðtakendur kvaðninga frá stjórnvöldum vefengt þær fyrir dómi á þeirri forsendu að þær séu ósanngjarnar, þ.e. óhóflegar, harðar eða íþyngjandi. Sjá skýringu frá dómsmálaráðuneytinu (VII. viðauki), bls. 2.

- 129) Sama gildir um að nota kvaðningar frá stjórnvöldum í þágu almannahagsmuna. Auk þess, samkvæmt skýringunum frá bandarískum stjórnvöldum, gilda sambærilegar efnislegar takmarkanir varðandi það að stofnanir geta einungis farið fram á aðgang að upplýsingum sem við koma málefnum sem falla undir valdsvið þeirra og þeim ber að virða réttmætiskröfuna.
- 130) Enn fremur kveða bandarísk lög á um ýmsar leiðir til dómsúrlausna fyrir einstaklinga gegn opinberu yfirvaldi eða embættismanni þess ef þessi yfirvöld sjá um vinnslu persónuupplýsinga. Þessar leiðir, sem eru m.a. löggin Administrative Procedure Act (APA), Freedom of Information Act (FOIA) og Electronic Communications Privacy Act (ECPA), eru opnar öllum einstaklingum óháð ríkisfangi þeirra, með fyrirvara um viðeigandi skilyrði.
- 131) Almennt, samkvæmt ákvæðum Administrative Procedure Act ⁽¹⁾ um eftirlit dómstóla, á „sérhver einstaklingur sem er beittur lagalegum órétti vegna aðgerðar stofnunar eða hefur orðið fyrir skaðlegum áhrifum eða honum hefur verið gert rangt til með stofnanaaðgerð“ rétt á að fara fram á úrskurð dómstóla ⁽²⁾. Í þessu felst sá möguleiki að fara þess á leit að dómstóllinn „lýsi því yfir að aðgerðir, niðurstöður og ályktanir stofnunar séu ólöglegar og þær verði ógiltar [...] ef þær teljast tilviljunarkenndar, óútreiknanlegar, valdheimildir hafa verið misnotaðar eða að þær séu að öðru leyti ekki í samræmi við lög“ ⁽³⁾.
- 132) Nánar tiltekið er, í II. bálki Electronic Communications Privacy Act ⁽⁴⁾, sett fram kerfi um lögbundinn rétt til friðhelgi einkalífsins og sem slíkt gildir það um aðgang löggæslu að efni samskipta sem eru um þráð, munnleg eða rafræn sem eru til varðveislu hjá þjónustuveitendum sem eru þriðju aðilar ⁽⁵⁾. Þetta gerir ólöglegan aðgang (þ.e. aðgang sem ekki er heimilaður af dómstóli eða leyfilegur með öðrum hætti) að slíkum samskiptum saknæman og gerir viðkomandi einstaklingi kleift að höfða einkamál fyrir alríkisdómstóli Bandaríkjanna gegn opinberum embættismanni sem hefur af ásettu ráði framið slíkan ólöglegan verknað, eða gegn Bandaríkjunum, til að fá raunbætur og refsibætur og auk þess viðurkenningardóm.
- 133) Einnig hefur, samkvæmt Freedom of Information Act (FOIA, 5 U.S.C. § 552), sérhver einstaklingur rétt á að fá aðgang að skrár bandarískrar alríkisstofnunar og, ef ekki eru fyrir hendi önnur stjórnsýsluleg úrræði, að framfylgja slíkum rétti fyrir dómstóli, nema að því leyti sem slíkar skrár séu verndaðar gegn opinberri birtingu með undanþágu eða með sérstakri undantekningu vegna löggæslu ⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ 5 U.S.C. § 702.

⁽²⁾ Almennt fellur einungis „endanleg“ aðgerð stofnunar — fremur en aðgerð stofnunar sem er „til bráðabirgða, tengist málsmeðferð eða millistigi“ — undir úrskurðarvald dómstóla. 5 U.S.C. § 704.

⁽³⁾ 5 U.S.C. § 706(2)(A).

⁽⁴⁾ 18 U.S.C. §§ 2701-2712.

⁽⁵⁾ ECPA vernda samskipti sem tveir skilgreindir flokkar netþjónustuveitenda hafa með höndum, nánar tiltekið veitendur: i. rafrænnar samskiptaþjónustu, t.d. símafjarskipta eða tölvupósts, ii. fjarþjónustu á sviði gagnameðferðar á borð við þjónustu vegna geymslumiðla eða vinnslu.

⁽⁶⁾ Þessar undantekningar eru hins vegar takmarkaðar. Samkvæmt 5 U.S.C. § 552 (b)(7), til dæmis, eru réttindi samkvæmt FOIA útilokuð fyrir „skrár eða upplýsingar sem eru teknar saman í þágu löggæslu en einungis að því marki sem slíkar skrár eða upplýsingar varðandi löggæslu gætu: A) verið nægjanlegt tilefni til íhlutunar í fullnustumeðferð, B) svipt einstakling rétti til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi eða óhlutdrægrar dómsálagningar, C) verið nægjanlegt tilefni til að teljast óréttmætt brot á friðhelgi einkalífsins, D) verið nægjanlegt tilefni til að birta deili á heimildaraðila sem nýtur trúnaðar, þ.m.t. ríkisstofnun, staðbundinni eða erlendri stofnun eða yfirvaldi eða hvers konar einkarekinni stofnun sem lét í té trúnaðarupplýsingar og, ef um er að ræða skrá eða upplýsingar sem löggæsluyfirvald tekur saman í rannsókn á sakamáli eða sérstofnun sem annast löglega rannsókn er varðar þjóðaröryggi, upplýsingar sem heimildaraðili lét í té í trúnaði, E) birt aðferðir og verklagsreglur fyrir lögreglurannsóknir eða málsókn, eða birt viðmiðunarreglur um lögreglurannsóknir eða málsókn, ef slík birting gæfi nægjanlegt tilefni til það gæti leitt til þess að farið væri í kringum lög eða F) gæfi nægjanlegt tilefni til að stofna lífi eða líkamlegu öryggi einstaklings í hættu.“ Einnig, „þegar lögð er fram beiðni sem felur í sér aðgang að skrár [en birting þeirra væri nægjanlegt tilefni til að koma í veg fyrir fullnustumeðferð] og – A) rannsóknin eða málsmeðferðin varðar hugsanlegt refsivert brot; og B) ástæða er til að telja að i. viðfang rannsóknarinnar eða málsmeðferðarinnar viti ekki af henni og ii. að birta þær skrár sem eru til sem gætu verið nægjanlegt tilefni til að koma í veg fyrir fullnustumeðferð, getur stofnunin, aðeins á þeim tíma sem ástandið varir, meðhöndlað skrárnar í samræmi við að þær falli ekki undir ákvæði þessa liðar.“ (5 U.S.C. § 552 (c)(1)).

- 134) Auk þess veita ýmis önnur lög einstaklingum rétt á að höfða mál gegn opinberu yfirvaldi eða embættismanni í Bandaríkjunum með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga er þá varðar, s.s. Wiretap Act ⁽¹⁾, Computer Fraud and Abuse Act ⁽²⁾, Federal Torts Claim Act ⁽³⁾, Right to Financial Privacy Act ⁽⁴⁾, og Fair Credit Reporting Act ⁽⁵⁾.
- 135) Framkvæmdastjórnin ályktar því svo að í Bandaríkjunum séu fyrir hendi reglur sem ætlað er að takmarka inngrip í grundvallarréttindi einstaklinga, sem persónuupplýsingar um eru fluttar frá Sambandinu til Bandaríkjanna samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, í þágu löggæslu ⁽⁶⁾ eða annarra almannahagsmuna, við það sem er algjörlega nauðsynlegt til að ná viðkomandi lögmætu markmiði, og sem tryggir skilvirka lögverndun gegn slíku inngripi.

4. FULLNÆGJANDI VERND SAMKVÆMT SAMKOMULAGI EVRÓPUSAMBANDSINS OG BANDARÍKJANNA TIL VARNAR FRIÐHELGI EINKALÍFSINS

- 136) Í ljósi þessara niðurstaðna telur framkvæmdastjórnin að Bandaríkin tryggi fullnægjandi vernd við flutning persónuupplýsinga frá Sambandinu til sjálfvottaðra fyrirtækja í Bandaríkjunum samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins.
- 137) Framkvæmdastjórnin telur einkum að meginreglurnar sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna gaf út tryggi á heildina litið vernd persónuupplýsinga sem er í grundvallaratriðum jafngild þeirri vernd sem ábyrgst er í þeim grundvallarreglum sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.
- 138) Auk þess er skilvirk beiting meginreglnanna tryggð með skuldbindingum um gagnsæi og stjórnun viðskiptaráðuneytisins á friðhelgisamkomulaginu.
- 139) Enn fremur telur framkvæmdastjórnin að, á heildina litið, geri eftirlits- og málskotskerfi, sem kveðið er á um í friðhelgisamkomulaginu, mögulegt að greina brot fyrirtækja, sem taka þátt í samkomulaginu, á meginreglunum og refsfa þeim fyrir þau og bjóða skráðum aðila lagaleg úrræði til að fá aðgang að persónuupplýsingum sem tengjast honum og, loks, að slík gögn verði leiðrétt eða þeim verði eytt.
- 140) Að síðustu, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um réttarkerfi Bandaríkjanna, þ.m.t. skýringar og skuldbindingar bandarískra stjórnvalda, telur framkvæmdastjórnin að hvers kyns inngrip opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum í grundvallarréttindi einstaklinga sem upplýsingar um eru fluttar frá Sambandinu til Bandaríkjanna samkvæmt friðhelgisamkomulaginu í þágu þjóðaröryggis, löggæslu eða annarra almannahagsmuna og takmarkanir, sem lagðar eru á sjálfvottuð fyrirtæki með tilliti til þess hvort þau fylgi meginreglunum, verði takmarkað við það sem er bráðnauðsynlegt til þess að ná því lögmæta markmiði sem um er að ræða og að fyrir hendi sé skilvirk vernd gegn slíku inngripi.

⁽¹⁾ 18 U.S.C. §§ 2510 o.áfr. Samkvæmt Wiretap Act (18 U.S.C. § 2520) ef samskipti einstaklings sem berast um þráð, eru munnleg eða rafræn eru hleruð, birt eða vísitandi notuð getur hann höfðað einkamál vegna brots á Wiretap Act, þ.m.t. við tiltekna aðstæður gegn einstökum opinberum embættismanni eða Bandaríkjunum. Við söfnun pósthanga og annarra óefnislegra upplýsinga (t.d. IP-vistfanga, tölvupóstfanga viðtakenda og sendenda), sjá einnig kafla um búnað til að skrá fjarskiptasendingar til og frá viðkomandi neti í 18. bálki (18 U.S.C. §§ 3121-3127 og, fyrir einkamál, § 2707).

⁽²⁾ 18 U.S.C. § 1030. Samkvæmt Computer Fraud and Abuse Act getur einstaklingur höfðað mál gegn sérhverjum einstaklingi vegna vísitandi óheimils aðgangs (eða ef hann er umfram heimild) til að fá upplýsingar frá fjármálastofnun, tölvukerfi bandaríska ríkisins eða úr annari tiltekinni tölvu, þ.m.t. við tiltekna aðstæður gegn tilteknum opinberum embættismanni.

⁽³⁾ 28 U.S.C. §§ 2671 o.áfr. Samkvæmt Federal Tort Claims Act getur einstaklingur höfðað mál, í tilteknum aðstæðum, gegn Bandaríkjunum að því er varðar „gáleysi, óréttmætar aðgerðir eða vanrækslu opinbers starfsmanns við störf innan gildissviðs embættis síns eða starfs“.

⁽⁴⁾ 12 U.S.C. §§ 3401 o.áfr. Samkvæmt Right to Financial Privacy Act getur einstaklingur höfðað mál, í tilteknum aðstæðum, gegn Bandaríkjunum að því er varðar það að fá eða birta verndaðar fjárhagsskrár í trássi við lög. Aðgangur hins opinbera að vernduðum fjárhagsgögnum er almennt bannaður nema stjórnvöld fari fram á það með löglegri kvaðningu eða leitarheimild eða, með fyrirvara um takmarkanir, formlegri skriflegri beiðni og einstaklingurinn sem upplýsingarnar, sem farið er fram á, eru um fá tilkynningu um slíka beiðni.

⁽⁵⁾ 15 U.S.C. §§ 1681-1681x. Samkvæmt *Fair Credit Reporting Act* getur einstaklingur höfðað mál gegn hverjum þeim einstaklingi sem fullnægir ekki kröfunum (einkum þörfinni á löglegri heimild) er varðar söfnun, miðlun og notkun skýrslna um neytendalán eða, í tilteknum aðstæðum, gegn ríkisstofnun.

⁽⁶⁾ Evrópudómstóllinn hefur viðurkennt að löggæsla feli í sér lögmæt stefnumið. Sjá sameinuð mál C-293/12 og C-594/12, *Digital Rights Ireland o.fl.*, EU:C:2014:238, 42. mgr. Sjá einnig 2. lið 8. gr. Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í *Weber og Saravia* gegn Þýskalandi, kæra nr. 54934/00, 104. mgr.

- 141) Framkvæmdastjórnin ályktar að þetta uppfylli kröfurnar í 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, þegar þær eru túlkaðar með tilliti til sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi eins og Evrópudómstóllinn gerir grein fyrir, einkum í Schrems-dómnum.

5. AÐGERÐ PERSÓNUVERNDARYFIRVALDA OG UPPLÝSINGAR TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

- 142) Í Schrems-dómnum skýrði Dómstóllinn að framkvæmdastjórnin hefur ekki valdheimild til að takmarka valdsviðið sem persónuverndaryfirvöld öðlast með 28. gr. tilskipunar 95/46/EB (þ.m.t. vald til að stöðva gagnaflutninga tímabundið) þegar einstaklingur, sem leggur fram kæru samkvæmt því ákvæði, vefengir að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd samrýmist vernd grundvallarréttinda til friðhelgi einkalífsins og persónuverndar ⁽¹⁾.
- 143) Til þess að fylgjast með framkvæmd friðhelgisamkomulagsins með skilvirkum hætti ættu aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi aðgerðir sem persónuverndaryfirvöld grípa til.
- 144) Dómstóllinn telur enn fremur, í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, að aðildarríki og stjórnareiningar þeirra verði að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta lagagerðum stofnana Sambandsins, þar sem að jafnaði er talið að þessar lagagerðir séu lögmætari og þeim fylgi réttaráhrif þar til þær eru afturkallaðar, dæmdar ógildar eða því lýst yfir að þær séu ógildar í kjölfar beiðni um forúrskurð eða yfirlýsingu um ólögmæti þeirra. Af þeim sökum er ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd, sem var samþykkt skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, bindandi fyrir allar stjórnareiningar þeirra aðildarríkja sem hún tekur til, þ.m.t. óháð eftirlitsyfirvöld þeirra ⁽²⁾. Þegar slíku yfirvaldi hefur borist kvörtun þar sem dregið er í efa að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd varðandi grundvallarréttindi til friðhelgi einkalífs og persónuverndar hafi verið hlítt og það telur að andmælin, sem sett eru fram, séu vel grunduð verða landslög að sjá um að fyrir hendi séu lagaleg úrræði til að leggja þessi andmæli fyrir landsdómstól sem, ef um er að ræða efasemdir, verður að fresta málsmeðferð og leggja fram beiðni um forúrskurð til Evrópudómstólsins ⁽³⁾.

6. REGLUBUNDIN ATHUGUN Á NIÐURSTÖÐUM UM FULLNÆGJANDI VERND

- 145) Í ljósi þess að það verndarstig sem réttarkerfi Bandaríkjanna veitir sé líklegt til að breytast mun framkvæmdastjórnin, þegar þessi ákvörðun hefur verið samþykkt, kanna reglulega hvort niðurstöðurnar, sem varða það hvort sú vernd sem Bandaríkin tryggja samkvæmt friðhelgisamkomulaginu sé fullnægjandi, séu enn byggðar á staðreyndum og lagalega rökstuddar. Krafist er slíkrar könnunar, í öllum tilvikum, þegar framkvæmdastjórnin fær hvers kyns upplýsingar sem gefa tilefni til rökstudds efa hvað þetta varðar ⁽⁴⁾.
- 146) Af þessum sökum mun framkvæmdastjórnin áfram fylgjast með heildarrammanum er varðar flutning persónuupplýsinga, sem varð til með friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna ásamt fylgni bandarískra yfirvalda við þær skýringar og skuldbindingar sem er að finna í skjölunum sem fylgja með þessari ákvörðun. Til að auðvelda þetta ferli hafa Bandaríkin skuldbundið sig til að upplýsa framkvæmdastjórnina um efnislega þróun í bandarískum lögum þegar hún á við um friðhelgisamkomulagið á sviði persónuverndar og takmarkanir og verndarráðstafanir sem gilda um aðgang opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum. Enn fremur mun þessi ákvörðun vera með fyrirvara um árlegt sameiginlegt endurmat sem mun taka til allra þátta er varða framkvæmd friðhelgisamkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, þ.m.t. beitingu undantekninga frá meginreglunum er varðar þjóðaröryggi og framfylgd laga. Auk þess mun framkvæmdastjórnin meta verndarstigið sem friðhelgisamkomulagið veitir eftir að almenna persónuverndarreglugerðin tekur gildi, þar sem lagaleg þróun í löggjöf Sambandsins getur einnig haft áhrif á niðurstöður um fullnægjandi vernd.
- 147) Til að framkvæma árlegt sameiginlegt endurmat, sem um getur í I., II. og VI. viðauka, mun framkvæmdastjórnin funda með viðskiptaráðuneytinu og Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna ásamt, ef við á, öðrum ráðuneytum og sérstofnunum sem taka þátt í framkvæmd á tilhögun friðhelgisamkomulagsins, og einnig, að því er varðar málefni sem lúta að þjóðaröryggi, fulltrúum skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI), öðrum öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna og umboðsmanninum. Þátttaka á þessum fundi verður opin persónuverndaryfirvöldum í Evrópusambandinu og fulltrúum starfshópsins sem um getur í 29. gr.

⁽¹⁾ Schrems, 40. mgr. o.áfr., 101-103.

⁽²⁾ Schrems, 51., 52. og 62. mgr.

⁽³⁾ Schrems, 65. mgr.

⁽⁴⁾ Schrems, 76. mgr.

- 148) Innan ramma hins árlega sameiginlega endurmats mun framkvæmdastjórnin fara fram á að viðskiptaráðuneytið veiti heildstæðar upplýsingar um alla viðkomandi þætti framkvæmdar friðhelgisamkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, þ.m.t. þau mál sem persónuverndaryfirvöld vísa til viðskiptaráðuneytisins og niðurstöður rýni embættisins, að eigin frumkvæði, á því hvort reglum hafi verið hlítt. Framkvæmdastjórnin mun einnig krefjast skýringa á hvers konar spurningum eða málum er varða friðhelgisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna og framkvæmd þess sem leiðir af fyrirliggjandi upplýsingum, þ.m.t. gagnsæisskýrslum sem eru leyfðar samkvæmt USA FREEDOM Act, opinberum skýrslum frá leyniþjónustuyfirvöldum Bandaríkjanna, persónuverndaryfirvöldum, hópum er starfa að málum á sviði friðhelgi einkalífsins, fjölmiðlaskýrslum eða öðrum hugsanlegum heimildum. Til þess að auðvelda verkefni framkvæmdastjórnarinnar hvað þetta varðar ættu aðildarríkin enn fremur að upplýsa framkvæmdastjórnina um mál þar sem með aðgerðum aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að meginreglunum í Bandaríkjunum, hafi ekki tekist að tryggja að farið sé að meginreglunum og mögulegar vísbendingar um að aðgerðir opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi eða að koma í veg fyrir, rannsaka, finna eða saksækja fyrir refsiverð brot, tryggi ekki þá vernd sem krafist er.
- 149) Á grundvelli hins árlega sameiginlega endurmats mun framkvæmdastjórnin undirbúa opinbera skýrslu sem lögð verður fyrir Evrópuþingið og ráðið.

7. ÁKVÖRÐUNIN UM FULLNÆGJANDI VERND TÍMABUNDIÐ FELLD ÚR GILDI

- 150) Þegar framkvæmdastjórnin ályktar, á grundvelli kannana eða annarra fyrirliggjandi upplýsinga, að ekki sé lengur hægt að líta svo á að sú vernd sem fæst með friðhelgisamkomulaginu sé í meginatriðum sambærileg við vernd í Sambandinu eða þegar skýrar vísbendingar eru um að ekki sé lengur unnt að tryggja að meginreglunum sé hlítt með skilvirkum hætti í Bandaríkjunum eða að aðgerðir opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum, sem eru ábyrg fyrir þjóðaröryggi eða fyrir því að hindra, rannsaka, finna eða saksækja fyrir refsiverð brot, tryggi ekki þá vernd sem krafist er, mun það upplýsa viðskiptaráðuneytið þar um og fara fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að taka megi fljótt á því ef meginreglum er ekki hlítt innan tilgreindra, hæfilegra tímamarka. Ef bandarískum yfirvöldum mistekst, eftir að þessi tilteknu tímamörk renna út, að sýna fram á með fullnægjandi hætti að samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins tryggi að farið sé að meginreglunum með skilvirkum hætti og fullnægjandi vernd mun framkvæmdastjórnin hefja málsmeðferð sem leiðir til þess að ákvörðunin er að hluta eða að fullu tímabundið felld niður eða felld úr gildi ⁽¹⁾. Að öðrum kosti getur framkvæmdastjórnin lagt til að þessari ákvörðun verði breytt, t.d. með því að takmarka gildissvið niðurstaðna um fullnægjandi vernd við gagnaflutninga með fyrirvara um viðbótarskilmála.
- 151) Einkum mun framkvæmdastjórnin hefja málsmeðferð um tímabundna niðurfellingu eða að ákvörðunin verði felld úr gildi ef um er að ræða:
- a) vísbendingar um að bandarísk yfirvöld fylgi ekki skýringum og skuldbindingum sem eru tilgreindar í fylgiskjölum með þessari ákvörðun, þ.m.t. að því er varðar skilyrði og takmarkanir aðgangs opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum á sviði löggæslu, þjóðaröryggis og annarra almannahagsmuna að persónuupplýsingum sem fluttar eru samkvæmt friðhelgisamkomulaginu,
 - b) að ekki hefur verið fjallað um kvartanir skráðra einstaklinga í Evrópusambandinu með skilvirkum hætti, hvað þetta varðar mun framkvæmdastjórnin taka tillit til allra aðstaðna sem hafa áhrif á möguleika skráðra einstaklinga í Evrópusambandinu til að fá réttindum sínum framfylgt, þ.m.t. einkum skuldbinding sjálfvottaðra bandarískra félaga að eigin frumkvæði til að hafa samvinnu við persónuverndaryfirvöld og fylgja ráði þeirra, eða
 - c) að umboðsmanni friðhelgisamkomulagsins hafi ekki tekist að bregðast við beiðnum frá skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu tímanlega og á viðeigandi hátt.
- 152) Framkvæmdastjórnin mun einnig íhuga að hefja málsmeðferð sem leiðir til breytingar eða tímabundinnar niðurfellingar á ákvörðun þessari eða að hún verði felld úr gildi, ef viðskiptaráðuneytið eða önnur ráðuneyti eða stofnanir sem taka þátt í framkvæmd friðhelgisamkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, í tengslum við árlegt sameiginlegt endurmat á framkvæmd friðhelgisamkomulagsins eða með öðrum hætti, eða, þegar um er að ræða málefni sem lúta að þjóðaröryggi, fulltrúar öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna eða umboðsmaðurinn, veita ekki upplýsingar eða nánari útlitun sem er nauðsynleg fyrir mat á reglufylgni, skilvirkni verklagsreglna um meðferð kvartana eða um það ef

⁽¹⁾ Frá þeim degi sem almenna persónuverndarreglugerðin kemur til framkvæmda mun framkvæmdastjórnin nýta valdheimild sína til að samþykkja, þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, framkvæmdargerð sem fellir núverandi ákvörðun tímabundið úr gildi og sem tekur gildi tafarlaust án þess að fyrst þurfi að leggja hana fyrir viðkomandi framkvæmdanefnd og skal hún gilda í allt að sex mánuði.

varnarstig er lækkað sem afleiðing af aðgerðum leyniþjónustuyfirvalda Bandaríkjanna, einkum vegna söfnunar og/eða aðgangs að persónuupplýsingum sem eru ekki takmarkaðar við það sem er beinlínis nauðsynlegt og hóflegt. Hvað þetta varðar mun framkvæmdastjórnin taka tillit til þess að hvaða marki hægt sé að afla viðkomandi upplýsinga frá öðrum heimildum, þ.m.t. úr skýrslum frá sjálfvottuðum bandarískum fyrirtækjum eins og heimilt er samkvæmt USA FREEDOM Act.

- 153) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur birt álit sitt um þá vernd sem felst í friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna ⁽¹⁾, sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar.
- 154) Evrópuþingið samþykkti ályktun um gagnaflæði yfir Atlantshafið ⁽²⁾.
- 155) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB tryggja Bandaríkin fullnægjandi vernd við flutning persónuupplýsinga frá Sambandinu til fyrirtækja í Bandaríkjunum samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins.
2. Friðhelgisamkomulagið samanstendur af meginreglum sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna gaf út 7. júlí 2016, eins og fram kemur í II. viðauka og opinberu skýringunum og skuldbindingunum sem eru í skjölunum sem talin eru upp í I. og III.–VII. viðauka.
3. Að því er varðar 1. mgr. eru persónuupplýsingar fluttar samkvæmt friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, þegar þær eru fluttar frá Sambandinu til fyrirtækja í Bandaríkjunum sem eru á skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, sem viðskiptaráðuneytið heldur við og gerir aðgengilegar almenningi í samræmi við I. og III. þátt meginreglnanna sem settar eru fram í II. viðauka.

2. gr.

Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á beitingu annarra ákvæða tilskipunar 95/46/EB en ákvæða 1. mgr. 25. gr., sem varða vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum, einkum 4. gr.

3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnaflæði til fyrirtækis í Bandaríkjunum sem er á skrá yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, í samræmi við I. og III. þátt meginreglnanna sem settar eru fram í II. viðauka, í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina um það án tafar.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin mun fylgjast stöðugt með framkvæmd friðhelgisamkomulagsins í því skyni að meta hvort Bandaríkin haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem eru fluttar samkvæmt því frá Sambandinu til fyrirtækja í Bandaríkjunum.

⁽¹⁾ Álit 01/2016 um drög að ákvörðun um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins, samþykkt 13. apríl 2016.

⁽²⁾ Ályktun Evrópuþingsins frá 26. maí 2016 um gagnaflæði yfir Atlantshafið ((2016/2727(RSP)).

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um tilvik þar sem svo virðist sem ríkisstofnanir í Bandaríkjunum, sem hafa lögskipað vald til að knýja fram fylgni með meginreglunum sem eru settar fram í II. viðauka, hafi ekki innleitt skilvirk uppljóstrunar- og eftirlitskerfi sem gera það mögulegt í reynd að koma upp um og refsa fyrir brot á meginreglunum.
3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, og/eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.
4. Innan eins árs frá dagsetningu tilkynningar um þessa ákvörðun til aðildarríkjanna og árlega eftir það mun framkvæmdastjórnin meta niðurstöðurnar í 1. mgr. 1. gr. á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. upplýsinga sem eru fengnar sem hluti af árlegu sameiginlegu endurmati sem um getur í I., II. og VI. viðauka.
5. Framkvæmdastjórnin mun greina nefndinni sem komið var á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB frá niðurstöðum þar að lútandi.
6. Framkvæmdastjórnin mun leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það í huga að fella þessa ákvörðun tímabundið niður, breyta henni eða fella hana úr gildi eða takmarka gildissvið hennar, m.a. þegar vísbendingar eru um:
 - að opinber yfirvöld í Bandaríkjunum fylgi ekki skýringum og skuldbindingum sem koma fram í skjölunum sem fylgja með þessari ákvörðun, þ.m.t. að því er varðar skilyrði fyrir og takmarkanir á aðgangi opinberra yfirvalda í Bandaríkjunum að persónuupplýsingum, sem eru fluttar samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, í þágu löggæslu, þjóðaröryggis og annarra almannahagsmuna,
 - að kerfisbundið hafi kvartanir frá skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu ekki verið teknar fyrir með skilvirkum hætti eða
 - að umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins hafi kerfisbundið ekki brugðist við beiðnum frá skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu tímanlega og á viðeigandi hátt eins og krafist er í e-lið 4. þáttar III. viðauka.

Framkvæmdastjórnin mun einnig leggja fram slík drög að ráðstöfunum ef skortur á samstarfi aðilanna sem taka þátt í því að tryggja framkvæmd friðhelgisamkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna í Bandaríkjunum hindrar framkvæmdastjórnina í að ákvarða hvort niðurstaðan í 1. mgr. 1. gr. hefur orðið fyrir áhrifum af því.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Věra JOUROVÁ

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Bréf frá viðskiptaráðherra Bandaríkjanna Penny Pritzker

7. júlí 2016

Vera Jourová

Framkvæmdastjóri yfir dóms-, neytenda- og kynjajafnréttismálum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Rue de la Loi/Wetstraat 200

1049 Brussels

Belgía

Ágæta Vera Jourová, framkvæmdastjóri,

Fyrir hönd Bandaríkjanna er mér ánægja að senda hér með pakka af efni, er varðar friðhelgisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, en þetta efni er afrakstur árangursríkra umræðna milli hópa okkar á tveimur árum. Þessi pakki, ásamt öðru efni sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að frá opinberum heimildum, er afar traustur grundvöllur fyrir nýjum niðurstöðum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd ⁽¹⁾.

Báðir aðilar geta verið stoltir af þeim úrbótum sem hafa verið gerðar á rammanum. Friðhelgisamkomulagið byggist á meginreglum sem traust samkomulag er um beggja vegna Atlantshafsins og við höfum eftir virkni þeirra. Með samstarfinu höfum við raunverulegt tækifæri til að bæta verndun einkalífs í heiminum.

Friðhelgisamkomulagið felur í sér meginreglurnar um verndun friðhelgi einkalífsins ásamt bréfi, sem fylgir með sem 1. viðauki, frá stjórnsluskrifstofu viðskiptaráðuneytisins um alþjóðaviðskipti, sem stýrir áætluninni, þar sem þeim skuldbindingum sem ráðuneytið hefur tekið á sig er lýst til að tryggja skilvirka framkvæmd friðhelgisamkomulagsins. Í pakkanum er einnig 2. viðauki þar sem fram koma aðrar skuldbindingar viðskiptaráðuneytisins sem tengjast nýju fyrirkomulagi gerðardóms sem er fyrir hendi samkvæmt friðhelgisamkomulaginu.

Ég hef beint þeim fyrirmælum til starfsfólks míns að veita nauðsynlegu fjármagi til að hrinda í framkvæmd skjótt og að fullu rammamkomulaginu til varnar friðhelgi einkalífsins og tryggja að skuldbindingarnar í 1. og 2. viðauka séu uppfylltar tímanlega.

Friðhelgisamkomulagspakinn inniheldur einnig önnur skjöl frá öðrum sérstofnunum Bandaríkjanna, nánar til tekið:

- bréf frá Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna (FTC) sem lýsir framkvæmd stofnunarinnar á friðhelgisamkomulaginu,
- bréf frá samgönguráðuneytinu sem lýsir framkvæmd þess á friðhelgisamkomulaginu,
- tvö bréf sem samin eru á skrifstofu framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar (ODNI) varðandi verndarráðstafanir og takmarkanir sem gilda um öryggisstjórnvöld Bandaríkjanna,
- bréf frá utanríkisráðuneytinu og meðfylgjandi greinargerð þar sem lýst er skuldbindingu utanríkisráðuneytisins til að koma á fót nýju embætti umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins til þess að leggja fram fyrirsurnir um starfsvenjur Bandaríkjanna við öflun vitneskju frá merkjasendingum, og
- bréf sem samið er í dómsmálaráðuneytinu varðandi verndarráðstafanir og takmarkanir á aðgangi bandarísku ríkisstjórnarinnar að gögnum í þágu löggæslu og almannahagsmuna.

Því má treysta að Bandaríkin tekur þessum skuldbindingum alvarlega.

⁽¹⁾ Svo fremi að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd, sem friðhelgisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna veitir, gildi um Ísland, Liechtenstein og Noreg, mun efnispakki friðhelgisamkomulagsins taka til Evrópusambandsins og þessara þriggja landa.

Innan 30 daga frá lokasamþykkt ákvörðunar um fullnægjandi vernd verður heildarpakki friðhelgisamkomulagsins sendur lögbirtingablaði Bandaríkjanna til birtingar.

Við hlökkum til samstarfsins með þér við framkvæmd friðhelgisamkomulagsins og að hefja saman næsta áfanga í þessu ferli.

Virðingarfyllst,

Penny Pritzker

1. viðauki

Bréf frá Ken Hyatt starfandi aðstoðarráðherra varðandi alþjóðaviðskipti

Hæstvirt Vëra Jourová
Framkvæmdastjóri yfir dóms-, neytenda- og kynjajafnréttismálum
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
Rue de la Loi/Wetstraat 200
1049 Brussels
Belgía

Ágæta Vera Jourová, framkvæmdastjóri,

Fyrir hönd stjórnarsýsluskristofu viðskiptaráðuneytisins um alþjóðaviðskipti er mér ánægja að gera grein fyrir aukinni vernd persónuupplýsinga sem fæst með rammasamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins („friðhelgisamkomulagið“ eða „ramminn“) og þeim skuldbindingum sem viðskiptaráðuneytið („ráðuneytið“) hefur gengist undir til að tryggja skilvirka framkvæmd friðhelgisamkomulagsins. Að ljúka þessu sögulega samkomulagi er mikilvægur árangur með tilliti til friðhelgi einkalífs og fyrir fyrirtæki beggja vegna Atlantshafsins. Það vekur traust einstaklinga í Evrópusambandinu að upplýsingar um þá njóti verndar og að þeir muni hafa aðgang að lagalegum úrræðum til að leysa vandamál sem upp kunna að koma. Það veitir fullvissu sem stuðlar að vexti efnahags beggja vegna Atlantshafsins með því að tryggja að þúsundir evrópskra og amerískra fyrirtækja geti haldið áfram fjárfestingum sínum og viðskiptum yfir landamæri okkar. Friðhelgisamkomulagið er árangur tveggja ára mikillar vinnu og samstarfs við ykkur, starfsfélaga okkar í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“). Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs við framkvæmdastjórnina til að tryggja að framkvæmd friðhelgisamkomulagsins verði eins og fyrirhugað var.

Við höfum unnið að því með framkvæmdastjórninni að þróa friðhelgisamkomulagið svo að fyrirtæki með staðfestu í Bandaríkjunum geti uppfyllt kröfur um fullnægjandi persónuvernd samkvæmt lögum Evrópusambandsins. Verulegur ávinningur hlýst af nýja rammanum bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Í fyrsta lagi er hann mikilvæg vernd fyrir friðhelgi einkalífsins með tilliti til upplýsinga um einstaklinga í Evrópusambandinu. Samkvæmt honum er þess krafist að þátttakandi fyrirtæki í Bandaríkjunum þróa samræmda stefnu á sviði persónuverndar, skuldbindi sig opinberlega til að fylgja meginreglum friðhelgisamkomulagsins svo að hægt verði að knýja fram að staðið verði við skuldbindinguna samkvæmt bandarískum lögum, endurvotti árlega gagnvart ráðuneytinu að þau hlíti reglunum, sjái einstaklingum í Evrópusambandinu fyrir óháðri lausn deilumála þeim að kostnaðarlausu og líti valdi Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna („FTC“), samgönguráðuneytisins („DOT“) eða annarrar framfylgdarstofnunar. Í öðru lagi mun friðhelgisamkomulagið gera þúsundum fyrirtækja í Bandaríkjunum og dótturfyrirtækjum evrópskra félaga í Bandaríkjunum kleift að taka á móti persónuupplýsingum frá Evrópusambandinu til að auðvelda gagnflæði sem styðja við viðskipti beggja vegna Atlantshafsins. Efnahagstengsl yfir Atlantshafið eru þegar þau mestu í heiminum, þau hafa skapað helminginn af efnahagslegum afrakstri í heiminum og næstum trilljón dali í viðskiptum með vörur og þjónustu, og þau styðja milljónir starfa beggja vegna Atlantshafsins. Fyrirtæki sem reiða sig á gagnflæði yfir Atlantshafið eru í öllum atvinnugreinum, m.a. stór fyrirtæki á lista Fortune 500 ásamt mörgum litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Gagnflæði yfir Atlantshafið heimilar bandarískum fyrirtækjum að vinna gögn sem eru nauðsynleg til að bjóða einstaklingum í Evrópu vörur, þjónustu og atvinnutækifæri. Friðhelgisamkomulagið styður sameiginlegar meginreglur um friðhelgi einkalífsins og brúar mismuninn milli réttarreglna okkar jafnframt því að vinna að viðskiptalegum og efnahagslegum markmiðum Evrópu og Bandaríkjanna.

Þótt ákvörðun fyrirtækis um sjálfvottun til að fylgja þessu nýja friðhelgisamkomulagi sé valfrjálst er skuldbinding þess fullnustuhæf samkvæmt bandarískum lögum þegar fyrirtækið hefur opinberlega skuldbundið sig til að taka þátt í honum, annaðhvort gagnvart Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna eða samgönguráðuneytinu, eftir því hvort yfirvaldið hefur lögsögu yfir viðkomandi fyrirtæki gagnvart friðhelgisamkomulaginu.

Aukin vernd samkvæmt meginreglum friðhelgisamkomulagsins

Friðhelgisamkomulagið eflir verndun einkalífsins með því:

- að krefjast þess að viðbótarupplýsingar séu veittar einstaklingum samkvæmt meginreglunni um tilkynningarskyldu, þ.m.t. yfirlýsing um þátttöku fyrirtækisins í friðhelgisamkomulaginu, yfirlýsing um rétt einstaklingsins til aðgangs að persónuupplýsingum og tilgreining á viðkomandi óháðum aðila til lausnar deilumála,
- að efla verndun persónuupplýsinga sem eru fluttar frá fyrirtæki sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu til ábyrgðaraðila sem er þriðji aðili, með því að krefjast þess að aðilarnir geri með sér samning sem kveður á um að slík gögn megi einungis vinna í takmörkuðum og sértekum tilgangi í samræmi við samþykki frá einstaklingnum og að viðtakandi muni veita sams konar vernd og felst í meginreglunum,

- að efla verndun persónuupplýsinga sem eru fluttar frá fyrirtæki sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu til fulltrúa sem er þriðji aðili, þ.m.t. með kröfu um að viðkomandi fyrirtæki geri eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fulltrúinn vinni persónuupplýsingarnar sem eru fluttar með skilvirkum hætti og í samræmi við skuldbindingar fyrirtækisins með hliðsjón af meginreglunum, geri eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir, að fenginni tilkynningu, til að stöðva og vinna bót á óleyfilegri vinnslu og leggi samantekt eða afrit af viðeigandi ákvæðum um friðhelgi einkalífsins í samningi þess við umræddan fulltrúa fyrir ráðuneytið þegar þess er óskað,
- að tryggja að fyrirtæki, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, beri ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga sem því berast samkvæmt friðhelgisamkomulaginu og flytur síðan til þriðja aðila sem kemur fram sem fulltrúi þess, og að fyrirtækið sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu skuli áfram bera ábyrgð samkvæmt meginreglunum ef fulltrúi þess vinnur slíkar persónuupplýsingar á þann hátt sem samrýmist ekki meginreglunum, nema fyrirtækið sanni að það beri ekki ábyrgð á tilvikinu sem olli tjóninu,
- að gera grein fyrir því að fyrirtæki sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu verði að takmarka persónuupplýsingar við þær upplýsingar sem skipta máli fyrir vinnslu,
- að krefjast þess að fyrirtæki staðfesti árlega gagnvart ráðuneytinu þá skuldbindingu sína um að beita meginreglunum í tengslum við upplýsingar sem því bárust á þeim tíma sem það tók þátt í friðhelgisamkomulaginu ef það hættir þeirri þátttöku og ákveður að geyma slík gögn,
- að krefjast þess að einstaklingnum verði séð fyrir óháðu málskotskerfi, honum að kostnaðarlausu,
- að krefjast þess að fyrirtæki og óháð málskotskerfi sem þau velja bregðist skjótt við fyrirspurnum og beiðnum frá ráðuneytinu um upplýsingar sem tengjast friðhelgisamkomulaginu.
- að krefjast þess að fyrirtæki bregðist skjótt við kvörtunum varðandi það að meginreglunum sé ekki hlítt, sem yfirvöld aðildarríkja Evrópusambandsins sem yfirvöld aðildarríkja vísa áfram fyrir milligöngu ráðuneytisins og
- að krefjast þess að fyrirtæki sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu birti alla viðkomandi þætti sem varða friðhelgisamkomulagið í hvers konar reglufylgni- eða matsskýrslu sem það leggur fyrir Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna, ef Alríkisviðskiptastofnunin eða dómstóll kveður upp úrskurð á hendur því um að það fari ekki að reglum.

Stjórnun og eftirlit viðskiptaráðuneytis Bandaríkjanna með áætlun friðhelgisamkomulagsins

Ráðuneytið ítrekar skuldbindingu sína um að halda opinbera skrá yfir bandarísk fyrirtæki sem hafa sjálfvottað hjá ráðuneytinu að þau skuldbindi sig til að fylgja meginreglunum og gera hana aðgengilega almenningi („skrá yfir þá aðila sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu“). Ráðuneytið mun halda skránni uppfærðri með því að afskrá fyrirtæki þegar þau draga sig út úr samkomulaginu af fúsum vilja, ljúka ekki árlegri endurvottun í samræmi við verklagsreglur ráðuneytisins eða vanrækja hvað eftir annað að fylgja meginreglunum. Ráðuneytið mun einnig halda og birta almenningi opinbera skrá yfir bandarísk fyrirtæki sem hafa áður sjálfvottað hjá ráðuneytinu, en sem hafa verið tekin af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, þ.m.t. þá sem voru teknir af skrá fyrir ítrekuð brot á meginreglunum. Í hverju tilviki mun ráðuneytið tilgreina ástæðu þess að fyrirtæki var tekið af skrá.

Auk þess skuldbindur ráðuneytið sig til að efla stjórnun og eftirlit með friðhelgisamkomulaginu. Einkum mun ráðuneytið:

Veita viðbótarupplýsingar á vefsetri friðhelgisamkomulagsins

- halda skrá yfir aðila sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu ásamt skráningu um þau fyrirtæki sem áður hafa sjálfvottað að þau fylgi meginreglunum en njóta ekki lengur ávinnings af friðhelgisamkomulaginu,
- láta fylgja með útskýringu á áberandi stað þar sem gerð er grein fyrir því að öll fyrirtæki, sem tekin eru af skrá yfir aðila sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu, njóti ekki lengur ávinnings af friðhelgisamkomulaginu en verði samt sem áður að halda áfram að beita meginreglunum varðandi þær persónuupplýsingar sem þau fengu meðan þau tóku þátt í friðhelgisamkomulaginu, svo lengi sem þau geyma slíkar upplýsingar, og
- gefa upp hlekk á skrá yfir mál Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna sem tengjast friðhelgisamkomulaginu og er haldið úti á vefsetri stofnunarinnar.

Staðfesta kröfur varðandi sjálfvottun

- áður en gengið er frá sjálfvottun fyrirtækis (eða árlegri endurvottun) og fyrirtæki er sett á skrá yfir aðila sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu þarf að staðfesta að fyrirtækið hafi:
 - gefið upp tengiliðarupplýsingar sem krafist er,
 - lýst starfsemi fyrirtækisins í sambandi við persónuupplýsingar sem berast frá Evrópusambandinu,
 - tilgreint þær persónuupplýsingar sem sjálfvottunin nær yfir,
 - ef fyrirtækið hefur opinbert vefsetur, gefið upp veffang þar sem persónuverndarstefnan er aðgengileg og hægt er að nálgast hana á uppgefnu veffangi eða, ef fyrirtækið hefur ekki opinbert vefsetur, gefið upp hvar almenningur getur kynnt sér stefnu fyrirtækisins varðandi persónuvernd,
 - látið fylgja með í viðkomandi stefnu sinni varðandi persónuvernd yfirlýsingu um að það fylgi meginreglunum, sem og tengil á vefsíðu ráðuneytisins um friðhelgisamkomulagið ef persónuverndarstefnan er aðgengileg á Netinu,
 - tilgreint sérstakan lögskipaðan aðila sem hefur lögsögu í kærumálum á hendur fyrirtækinu varðandi hugsanlega óréttláta eða villandi viðskiptahætti og brot á lögum eða reglum um friðhelgi einkalífsins (og sem er skráður í meginreglunum eða síðari viðauka við meginreglurnar),
 - ef fyrirtækið kys að uppfylla kröfurnar í i. lið a-liðar og iii. lið a-liðar meginreglunnar um málskot, framfylgd og bótaábyrgð með því að skuldbinda sig til samstarfs við viðeigandi persónuverndaryfirvöld í Evrópusambandinu, lýst yfir þeirri fyrirætlan sinni að vera í samstarfi við persónuverndaryfirvöld við rannsókn og úrlausn kvartana sem lagðar eru fram samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, nánar til tekið að svara fyrirspurnum þeirra þegar skráðir einstaklingar í Evrópusambandinu hafa borið kvörtunarmál sín beint undir persónuverndaryfirvöld í sínu landi,
 - tilgreint hverja þá áætlun til verndar einkalífinu sem fyrirtækið tekur þátt í,
 - tilgreint með hvaða aðferð sannpröfun á því að farið sé að meginreglunum er tryggð (t.d. innra eftirlit, eftirlit þriðja aðila),
 - tilgreint, bæði í tilkynningu sinni um sjálfvottun og í stefnu sinni um persónuvernd, óháð málskotskerfi sem er fyrir hendi til að rannsaka og leysa úr kvörtunum,
 - sett í viðkomandi stefnu sína um persónuvernd, ef stefnan er aðgengileg á Netinu, tengil á vefsetur eða kvörtunareyðublað óháða málskotskerfisins sem er fyrir hendi til að rannsaka óleyst kvörtunarmál, og
 - ef fyrirtækið hefur tilgreint að það hyggist taka á móti persónuupplýsingum um starfsmenn sem eru fluttar frá Evrópusambandinu til að nota í tengslum við starfsráðningar, lýst yfir skuldbindingu sinni um að starfa með persónuverndaryfirvöldum og fylgja tilmælum þeirra til að leysa kvörtunarmál varðandi starfsemi þess að því er varðar slík gögn, látið ráðuneytinu í té eintak af stefnu sinni um vernd persónuupplýsinga um starfsmenn og veitt upplýsingar um hvar starfsmenn sem í hlut eiga geta kynnt sér stefnuna.
- vinna með óháðum málskotskerfum til að staðfesta að fyrirtækin hafi í reynd skráð sig hjá viðkomandi kerfi sem bent er á í tilkynningum þess um sjálfvottun, þar sem slíkrar skráningar er krafist.

Meiri áhersla á eftirfylgni með fyrirtækjum sem hafa verið tekin af skrá yfir aðila sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu

- tilkynna fyrirtækjum sem eru tekin af skrá yfir aðila sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu fyrir „ítrekuð brot á meginreglunum“ að þau eigi ekki rétt á að halda upplýsingum sem safnað var samkvæmt friðhelgisamkomulaginu og
- senda spurningalista til fyrirtækja með sjálfvottun sem er fallin úr gildi eða sem hafa að eigin frumkvæði dregið sig út úr friðhelgisamkomulaginu, til þess að fá staðfest hvort fyrirtækið muni skila eða eyða persónuupplýsingum sem það hefur fengið þegar það var þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, eða halda áfram að beita meginreglunum um friðhelgi einkalífsins og, ef halda á eftir persónuupplýsingum, að fá staðfest hver innan fyrirtækisins verði áframhaldandi tengiliður vegna fyrirspurna sem varða samkomulagið.

Leit að röngum fullyrðingum um þátttöku og meðferð þeirra

- endurskoða persónuverndarstefnu fyrirtækja, sem áður hafa tekið þátt í áætlun friðhelgisamkomulagsins en hafa verið tekin af skrá yfir aðila sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu, til að greina hvers konar rangar fullyrðingar um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu,
- á áframhaldandi grundvelli, þegar fyrirtæki: a) hættir þátttöku í friðhelgisamkomulaginu, b) endurvottar ekki að það fylgi meginreglunum eða c) er tekið af skrá sem þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, nánar til tekið fyrir „ítrekuð brot á meginreglunum“, takast á hendur, að eigin frumkvæði, að staðfesta að fyrirtækið hafi fjarlægt úr hvers konar viðkomandi stefnu sem það hefur birt varðandi vernd persónuupplýsinga allar tilvísanir í friðhelgisamkomulagið sem gefa í skyn að fyrirtækið sé áfram virkur þátttakandi í samkomulaginu og eigi rétt á að njóta góðs af því. Þegar ráðuneytið kemst að því að þess konar tilvísanir hafi ekki verið fjarlægðar mun það vara fyrirtækið við því að ráðuneytið muni, eftir því sem við á, vísa málum til viðkomandi embættis til mögulegra fullnustuaðgerða ef það heldur áfram að staðhæfa að það hafi vottun friðhelgisamkomulagsins. Ef fyrirtækið hvorki fjarlægir tilvísanirnar né sjálfvottar að það fylgi meginreglum friðhelgisamkomulagsins mun ráðuneytið, að eigin frumkvæði, vísa málinu til Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytisins eða annarrar viðeigandi framfylgdarstofnunar eða, í viðeigandi tilvikum, grípa til aðgerða til að fylgja því eftir að kröfum gæðamerkis friðhelgisamkomulagsins verði fullnægt,
- gera annars konar átak til að greina rangar fullyrðingar um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu og óviðeigandi notkun gæðamerkis friðhelgisamkomulagsins, þ.m.t. með því að framkvæma leit á Netinu til að fá staðfest hvaða fyrirtæki birta myndir af gæðamerki friðhelgisamkomulagsins og eru með tilvísanir í friðhelgisamkomulagið í stefnu sinni um persónuvernd,
- taka án tafar á álitamálum, sem við greinum þegar við, að eigin frumkvæði, fylgjumst með röngum staðhæfingum um þátttöku og misnotkun á gæðamerkinu, þ.m.t. með því að vara fyrirtæki við sem staðhæfa ranglega þátttöku í áætlun friðhelgisamkomulagsins eins og lýst er hér á undan,
- grípa til annarra viðeigandi aðgerða til úrbóta, þ.m.t. að neyta allra lagalegra úrræða, sem ráðuneytið hefur heimild til og vísa málum til Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytisins eða annarrar viðkomandi framfylgdarstofnunar, og
- skoða þegar í stað gaumgæfilega og taka til meðferðar kvartanir um rangar staðhæfingar um þátttöku sem við fáum.

Ráðuneytið mun endurmeta stefnu fyrirtækja varðandi persónuvernd til að greina og fjalla um rangar staðhæfingar um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu með skilvirkari hætti. Einkum mun ráðuneytið endurmeta persónuverndarstefnu fyrirtækja sem hafa ekki endurvottað að þau fylgi meginreglunum þannig að sjálfvottunin er fallin úr gildi. Ráðuneytið mun framkvæma þessa tegund endurmats til að staðfesta að slík fyrirtæki hafi fjarlægt, úr hvers konar birtri stefnu sinni um persónuvernd, allar tilvísanir sem gefa í skyn að fyrirtækin séu áfram virkir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu. Á grundvelli þess konar endurmats munum við greina fyrirtæki sem hafa ekki fjarlægt slíkar tilvísanir og senda fyrirtækjunum bréf frá skrifstofu aðallögfræðings ráðuneytisins með viðvörðun um hugsanlegar framfylgdaraðgerðir ef tilvísanirnar verða ekki fjarlægðar. Ráðuneytið mun grípa til eftirfylgniaðgerða til að tryggja að fyrirtækin annaðhvort fjarlægji óviðeigandi tilvísanir eða endurvotti að þau muni fylgja meginreglunum. Að auki mun ráðuneytið gera átak í að greina rangar staðhæfingar fyrirtækja um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu, sem hafa aldrei tekið þátt í áætlun samkomulagsins, og munu grípa til sambærilegra aðgerða til úrbóta að því er varðar slík fyrirtæki.

Framkvæmd reglubundinna kannana á reglufylgni og mats á áætluninni að eigin frumkvæði

- fylgjast stöðugt með skilvirkri fylgni við meginreglur, þ.m.t. með því að senda ítarlega spurningalista til þátttakandi fyrirtækja til að greina álitamál sem kunna að gefa tilefni til frekari aðgerða. Einkum skulu slíkar kannanir á reglufylgni fara fram þegar: a) ráðuneytinu hafa borist sérstakar vel grundaðar kvartanir sem varða fylgni fyrirtækis við meginreglurnar, b) fyrirtæki svarar ekki með fullnægjandi hætti fyrirspurnum ráðuneytisins um upplýsingar er varða friðhelgisamkomulagið eða c) fram hefur komið trúverðugt sönnunargagn um að fyrirtæki uppfylli ekki skuldbindingar sínar samkvæmt friðhelgisamkomulaginu. Ráðuneytið skal, þegar við á, ráðfæra sig við lögbær persónuverndaryfirvöld um slíkar kannanir á reglufylgni, og
- meta reglulega stjórnun og eftirlit með áætlun friðhelgisamkomulagsins til að tryggja að vöktunaraðgerðir henti til að taka á nýjum álitamálum þegar þau koma upp.

Ráðuneytið hefur aukið fjármagnið sem ætlað er til stjórnunar og eftirlits með áætlun friðhelgisamkomulagsins, þ.m.t. tvöfaldað fjölda starfsmanna sem bera ábyrgð á stjórnun og eftirliti með áætluninni. Við munum halda áfram að veita tilhlýðilegu fjármagni til slíkra aðgerða til að tryggja skilvirka vöktun og stjórnun áætlunarinnar.

Að sníða vefsetur friðhelgisamkomulagsins að markhópum

Deildin mun sníða vefsetur friðhelgisamkomulagsins þannig að athyglin beinist að þremur markhópum: einstaklingum í Evrópusambandinu, fyrirtækjum í Evrópusambandinu og bandarískum fyrirtækjum. Innfærsla efnis sem er beinlínis beint að einstaklingum og fyrirtækjum í ESB mun auðvelda gagnsæi á marga vegu. Að því er varðar einstaklinga í ESB mun það útskýra með skýrum hætti: 1) réttindi sem friðhelgisamkomulagið veitir einstaklingum í ESB, 2) málskotskerfi sem er tiltækt einstaklingum í ESB þegar þeir telja að fyrirtæki hafi ekki virt þá skuldbindingu sína að fara að meginreglunum og 3) hvernig finna skuli upplýsingar sem lúta að sjálfvottun fyrirtækis um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu. Að því er varðar fyrirtæki í ESB mun það auðvelda staðfestingu á: 1) því hvort fyrirtæki nýtur ávinnings af friðhelgisamkomulaginu, 2) þeim tegundum upplýsinga sem sjálfvottun fyrirtækis um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu tekur til, 3) stefnu varðandi persónuvernd sem gildir um viðkomandi upplýsingar og 4) aðferðinni sem fyrirtækið notar til að staðfesta að það fylgi meginreglunum.

Meira samstarf við persónuverndaryfirvöld

Til þess að fjölga tækifærum til samstarfs við persónuverndaryfirvöld mun ráðuneytið koma á sérstökum tengilið hjá ráðuneytinu til að eiga samskipti við persónuverndaryfirvöld. Í tilvikum þegar persónuverndaryfirvald telur að fyrirtæki fylgi ekki meginreglunum, þ.m.t. í kjölfar kvörtunar frá einstaklingi í ESB, getur persónuverndaryfirvaldið leitað til hins sérstaka tengiliðar hjá ráðuneytinu til að vísa frekara endurmati á fyrirtækinu til hans. Tengiliðurinn mun einnig fá vísanir er varða fyrirtæki sem ranglega staðhæfa þátttöku sína í friðhelgisamkomulaginu þrátt fyrir að hafa aldrei sjálfvottað að þau fylgi meginreglunum. Tengiliðurinn mun aðstoða persónuverndaryfirvöld sem leita upplýsinga sem tengjast sjálfvottun tiltekins fyrirtækis eða fyrri þátttöku þess í áætluninni og tengiliðurinn mun svara fyrirspurnum persónuverndaryfirvaldsins varðandi framkvæmd tiltekinna krafna friðhelgisamkomulagsins. Í öðru lagi mun ráðuneytið sjá persónuverndaryfirvöldum fyrir efni er varðar friðhelgisamkomulagið sem þau setja á vefsetur sín til að auka gagnsæi fyrir einstaklinga og fyrirtæki í ESB. Aukin vitund varðandi friðhelgisamkomulagið og réttindi og ábyrgð sem það hefur í för með sér ætti að auðvelda greiningu á álitamálum þegar þau koma upp svo að hægt sé að taka á þeim tilhlýðilega.

Að auðvelda úrlausn kvörtunarmála um að ekki sé farið að meginreglunum

Ráðuneytið tekur á móti kvörtunum, sem persónuverndaryfirvald vísar til ráðuneytisins, fyrir milligöngu hins sérstaka tengiliðar, um að fyrirtæki sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu fari ekki að meginreglunum. Ráðuneytið mun leggja sig fram við að greiða fyrir úrlausn kvörtunarinnar ásamt viðkomandi fyrirtæki sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu. Innan 90 daga frá því að kvörtunin berst mun ráðuneytið upplýsa persónuverndaryfirvaldið um framvinduna. Til þess að auðveldara verði að leggja fram slíkar kvartanir mun ráðuneytið búa til staðlað eyðublað fyrir persónuverndaryfirvöldin til að leggja fyrir viðurkennda tengiliðinn hjá ráðuneytinu. Hinn sérstaki tengiliður mun rekja allar vísanir frá persónuverndaryfirvöldum, sem borist hafa ráðuneytinu, og í tengslum við árlega endurmatið, sem lýst er hér á eftir, mun ráðuneytið leggja fram skýrslu með samantekt á greiningum kvartana sem ráðuneytinu berast ár hvert.

Gerðardómsmeðferð samþykkt og gerðardómsmenn valdir í samráði við framkvæmdastjórnina

Ráðuneytið mun uppfylla skuldbindingar sínar skv. I. viðauka og birta málsmeðferðarreglurnar eftir að samkomulag hefur náðst.

Tilhögun sameiginlegs endurmats á framkvæmd friðhelgisamkomulagsins

Viðskiptaráðuneytið, Alfrkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna og aðrar stofnanir, eftir því sem við á, munu halda árlega fundi með framkvæmdastjórninni, persónuverndaryfirvöldum sem eiga hlut að máli og viðkomandi fulltrúum í starfshópnum sem um getur í 29. gr. þar sem ráðuneytið mun láta í té uppfærðar upplýsingar um áætlun friðhelgisamkomulagsins. Á árlegu fundunum verður einnig fjallað um yfirstandandi álitamál sem tengjast hlutverki, framkvæmd, eftirliti og framfylgd friðhelgisamkomulagsins, þ.m.t. um mál sem persónuverndaryfirvöld hafa vísað til ráðuneytisins, niðurstöður kannana á reglufylgni að eigin frumkvæði og ef til vill einnig umfjöllun um viðeigandi lagabreytingar. Fyrsta árlega endurmatið og endurmat þar á eftir, eins og við á, mun fela í sér samtöl um önnur málefni, s.s. er varða sjálfvirka ákvarðanatöku, ásamt þáttum sem varða það sem er líkt og frábrugðið í nálgunum í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum.

Uppfærsla laga

Ráðuneytið mun gera eðlilegar ráðstafanir til að upplýsa framkvæmdastjórnina um verulega þróun í bandarískum lögum að svo miklu leyti sem hún skiptir máli fyrir friðhelgisamkomulagið á sviði persónuverndar og takmarkanir og verndarráðstafanir sem gilda um aðgang bandarískra yfirvalda að persónuupplýsingum og notkun þeirra.

Undanþága er varðar þjóðaröryggi

Að því er varðar takmarkanirnar á fylgni við meginreglur friðhelgisamkomulagsins í þágu þjóðaröryggis hefur yfirlögfræðingur á skrifstofu framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar (ODNI), Robert Litt, einnig sent tvö bréf, sem er beint til Justins Antonipillai og Teds Dean í viðskiptaráðuneytinu, og hafa þau verið framsend til þín. Í þessum bréfum er m.a. fjallað ítarlega um stefnur, verndarráðstafanir og takmarkanir sem gilda um starfsemi á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum sem Bandaríkin hafa stýrt. Í þessum bréfum er auk þess lýst því gagnsæi sem öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna veita varðandi þessi málefni. Þar sem framkvæmdastjórnin er nú að meta rammisamkomulagið til varnar friðhelgi einkalífsins veita upplýsingarnar í þessum bréfum þá fullvissu að gera megi ráð fyrir því að friðhelgisamkomulagið verki tilhlýðilega og í samræmi við meginreglurnar í því. Við gerum ráð fyrir því að þú kunnir í framtíðinni að vísa í upplýsingar, sem öryggis- og leyniþjónustustofnanirnar hafa birt opinberlega, ásamt öðrum upplýsingum, sem heimild fyrir árlegt endurmat á rammisamkomulaginu til varnar friðhelgi einkalífsins.

Á grundvelli meginreglna friðhelgisamkomulagsins og meðfylgjandi bréfa og efnis, þ.m.t. skuldbindinga ráðuneytisins varðandi stjórnun og eftirlit með rammisamkomulaginu til varnar friðhelgi einkalífsins, væntum við þess að framkvæmdastjórnin muni ákvarða að rammisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins veiti fullnægjandi vernd að því er varðar lög Evrópusambandsins og gagnaflutningar frá Evrópusambandinu muni halda áfram til fyrirtækja sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu.

Virðingarfyllst,

Ken Hyatt

2. viðauki

Fyrirkomulag gerðardóms

I. VIÐAUKI

Í þessum I. viðauka er tilgreint samkvæmt hvaða skilmálum fyrirtækjum, sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu, er skylt að vísa kærur til úrlausnar gerðardóms samkvæmt meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð. Möguleikinn á bindandi gerðardómi, sem lýst er hér á eftir, gildir um tilteknar „eftirstæðar“ kröfur að því er varðar gögn sem falla undir friðhelgisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Tilgangur þessa möguleika er að fyrir hendi sé skjót, óháð og sanngjörn leið, sem stendur einstaklingum til boða, til lausnar á meintum brotum á meginreglunum, sem önnur kerfi á vegum friðhelgisamkomulagsins, ef einhver eru, hafa ekki leyst úr.

A. Gildissvið

Þessi möguleiki, að vísa málum til gerðardóms, stendur einstaklingum til boða til að ákvarða, vegna eftirstæðra krafna, hvort fyrirtæki, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, hefur brotið í bága við skyldur sínar samkvæmt meginreglunum gagnvart tæðum einstaklingi og hvort slíkt brot er óbætt að fullu eða að hluta. Þessi möguleiki er aðeins fyrir hendi í þessum tilgangi. Þessi möguleiki er t.d. ekki fyrir hendi að því er varðar undantekningar frá meginreglunum ⁽¹⁾ eða að því er varðar staðhæfingar um að vernd friðhelgisamkomulagsins sé ófullnægjandi.

B. Tiltæk úrræði

Samkvæmt þessum gerðardómsmöguleika hefur kærunefnd friðhelgisamkomulagsins (sem samanstendur af einum eða þremur gerðardómsmönnum, samkvæmt samkomulagi málsaðila) vald til að grípa til einstaklingsbundinna, ópeningalegra, sanngjarnra aðgerða til úrbóta (þ.m.t. aðgangur, leiðrétting, eyðing eða skil á viðkomandi gögnum um einstaklinginn) sem nauðsynlegar eru til að bæta fyrir brotið gegn meginreglunum eingöngu að því er varðar einstaklinginn. Þetta eru einu valdheimildirnar sem gerðardómur hefur með tilliti til úrræða. Þegar gerðardómur íhugar úrræði er honum skylt að taka tillit til annarra úrræða sem þegar hafa verið lögð á samkvæmt öðrum kerfum innan ramma friðhelgisamkomulagsins. Engar skaðabætur, kostnaður, gjöld eða önnur úrræði standa til boða. Hvor málsaðili um sig greiðir lögfræðikostnað sinn.

C. Kröfur um aðgerðir áður en máli er vísað til gerðardóms

Einstaklingur sem ákveður að skírskota til möguleikans á gerðardómi þarf að gera eftirfarandi ráðstafanir áður en hann leggur kæru fyrir gerðardóm: 1) að leggja meint brot beint fyrir fyrirtækið og gefa því tækifæri til að leysa úr málinu innan þess frests sem settur er fram í i. lið d-liðar í þætti III.11 í meginreglunum; 2) að nýta sér óháða málskotskerfið samkvæmt meginreglunum, sem er einstaklingnum að kostnaðarlausu og 3) að leggja málið fyrir viðskiptaráðuneytið með hjálp persónuverndaryfirvalda sinna og gefa viðskiptaráðuneytinu færi á að leitast við eftir bestu getu að leysa málið innan tímamarkanna sem tilgreind eru í bréfinu frá stjórnsluskrifstofu viðskiptaráðuneytisins um alþjóðaviðskipti, einstaklingnum að kostnaðarlausu.

Ekki má skírskota til möguleikans á gerðardómi ef kæra einstaklingsins vegna sama meinta brots á meginreglunum 1) hefur áður verið lögð í bindandi gerðardóm; 2) hefur verið lögð í endanlegan dóm vegna málshöfðunar fyrir dómstól sem einstaklingurinn var málsaðili að eða 3) var áður leidd til lykta með sátt milli málsaðilanna. Að auki má ekki skírskota til þessa möguleika ef persónuverndaryfirvald í Evrópusambandinu 1) hefur vald skv. þætti III.5 eða III.9 í meginreglunum eða 2) hefur vald til að leysa milliliðalaust úr meintu broti gagnvart fyrirtækinu. Vald persónuverndaryfirvalds til að leysa úr sömu kæru gegn ábyrgðaraðila gagna í Evrópusambandinu útilokar ekki eitt og sér að gripð sé til þess að leggja hana fyrir gerðardóm gagnvart öðrum lögaðila sem er ekki bundinn af valdheimildum persónuverndaryfirvaldsins.

D. Bindandi eðli ákvarðana

Ákvörðun einstaklings um að skírskota til þessa möguleika á bindandi gerðardómi er algerlega á hans valdi. Úrskurðir gerðardóms eru bindandi fyrir alla málsaðila. Þegar máli er vísað í gerðardóm afsalar einstaklingurinn sér möguleikanum á að leita úrlausnar vegna sama meinta brots á öðrum vettvangi, að því undanskildu að ef ópeningaleg, sanngjörn úrlausn bætir ekki að fullu fyrir hið meinta brot mun hann samt sem áður geta sótt skaðabótakröfu fyrir dómstól.

⁽¹⁾ Þáttur I.5 í meginreglunum.

E. Endurmat og framfylgd

Einstaklingar og fyrirtæki sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu hafa möguleika til að óska endurmats dómstóla og fullnustu á úrskurðum gerðardóms samkvæmt bandarískum lögum í samræmi við Federal Arbitration Act ⁽¹⁾. Höfða verður slík mál fyrir þeim alríkisundirrétti sem hefur lögsögu á því yferráðasvæði þar sem fyrirtækið, sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, hefur aðalstarfsstöð sína.

Þessum möguleika á gerðardómi er ætlað að leysa einstök deilumál og úrskurðum gerðardóms er ekki ætlað að vera leiðbeinandi eða bindandi fordæmi í málum sem varða aðra málsaðila, einnig í síðari gerðardómum eða dómstólum í Evrópusambandinu eða Bandaríkjunum eða í málsmeðferð Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna.

F. Skipan gerðardómsins

Málsaðilar velja gerðardómsmenn af listanum yfir gerðardómsmenn sem fjallað er um hér á eftir.

Í samræmi við gildandi lög munu viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setja saman lista yfir a.m.k. 20 gerðardómsmenn, sem valdir verða með tilliti til óháðis þeirra, ráðvendni og sérfræðipækkingar. Eftirfarandi gildir í tengslum við þetta ferli:

Gerðardómsmenn:

- 1) verða á listanum í þrjú ár nema sérstakar aðstæður eða ástæður séu til annars, með möguleika á framlengingu um önnur þrjú ár,
- 2) skulu ekki hlíta fyrirmælum frá, eða vera á nokkurn hátt tengdir, neinum málsaðila, fyrirtæki sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu eða stjórnvöldum Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, aðildarríkis ESB eða annarra ríkja, opinberum yfirvöldum eða eftirlitsyfirvöldum og
- 3) verða að hafa lögmannsréttindi í Bandaríkjunum, vera sérfræðingar í bandarískum lögum um persónuvernd og hafa sérþekkingu á persónuverndarlögum Evrópusambandsins.

G. Málsmeðferð gerðardóms

Viðskiptaráðuneytið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins munu, í samræmi við gildandi lög og innan sex mánaða frá því að ákvörðun um fullnægjandi vernd var samþykkt, gera samkomulag um að samþykkja röð gildandi, viðurkenndra bandarískra gerðardómsmeðferða (s.s. hjá AAA eða JAMS) vegna mála sem er vísað til kærufndar friðhelgisamkomulagsins, með fyrirvara um öll eftirfarandi atriði:

1. Einstaklingur getur hafið bindandi mál fyrir gerðardómi, með fyrirvara um ákvæðið hér að framan um kröfur vegna aðgerða áður en máli er vísað til gerðardóms, með því að senda fyrirtækinu „tilkynningu“. Í tilkynningunni skal vera samantekt á þeim ráðstöfunum sem gerðar voru samkvæmt C-lið til úrlausnar á kærumálinu, lýsing á meintu broti og, að vali hlutaðeigandi einstaklings, fylgiskjöl og annað efni og/eða greinargerð um þá löggjöf sem gildir um meint brot.

(1) Í 2. kafla Federation Arbitration Act (FAA) er kveðið á um að „samkomulag eða úrskurður gerðardóms, sem sprettur af sama réttarsambandi, hvort sem það er samningsbundið eða ekki, sem telst vera viðskiptalegs eðlis, þ.m.t. viðskiptafærsla, samningur eða samkomulag sem lýst er í [2. þætti FAA], fellur undir samninginn [um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, sem var gerður 10. júní 1958, 21 U.S.T. 2519, T.I.A.S. No 6997 (hér á eftir nefndur New York-samningurinn)].“ 9 U.S.C. § 202. Í FAA er enn fremur kveðið á um að „samningur eða úrskurður vegna slíks sambands, sem er að öllu leyti milli ríkisborgara Bandaríkjanna, skal ekki teljast falla undir [New York-]samninginn nema umrætt samband varði eignir sem eru erlendis, gert sé ráð fyrir framkvæmd eða framfylgd erlendis eða hafi önnur eðlileg tengsl við eitt eða fleiri erlend ríki.“ S.st. Samkvæmt 2. kafla getur „hvaða aðili að gerðardómsmeðferð sem er sótt til dómstóls sem hefur lögsögu samkvæmt þessum kafla um að staðfesta úrskurð gerðardómsins gegn öðrum málsaðilum gerðardómsins. Dómstóllinn skal staðfesta úrskurðinn nema hann finni einhverja af ástæðunum til að synja eða fresta viðurkenningu eða fullnustu úrskurðarins sem tilgreindar eru í umræddum [New York-] samningi.“ Sama heimild § 207. Í 2. kafla er enn fremur kveðið á um að „héraðsdómstólar Bandaríkjanna ... skulu hafa upphaflega lögsögu yfir ... lögsókn eða málsmeðferð [samkvæmt New York-samningnum] án tillits til þeirrar fjárhæðar sem deilan snýst um.“ Sama heimild § 203. Í 2. kafla er einnig kveðið á um að „1. kafli gildir einnig um lögsókn og málsmeðferð sem fer fram samkvæmt þessum kafla að því marki sem sá kafli er ekki í andstöðu við þennan kafla eða [New York-] samninginn eins og hann var samþykktur af Bandaríkjunum.“ Sama heimild § 208. Í 1. kafla er aftur á móti kveðið á um að „skriflegt ákvæði í ... samningi sem færir sönnur á viðskiptagerning, um að skjóta deilumáli, sem rís þar á eftir um samninginn eða viðskiptagerninginn eða um synjun um að framkvæma samninginn að fullu eða einhverju leyti, til gerðardóms, eða skriflegt samkomulag um að leggja fyrirliðgjafi deilu vegna slíks samnings, viðskiptagernings eða synjunar fyrir gerðardóm, skal vera gilt, óafturkallanlegt og fullnustuhæft, nema fyrir liggi lagalegar eða sanngjarnar ástæður til að afturkalla samninginn.“ Sama heimild § 2. Í 1. kafla er enn fremur kveðið á um að „málsaðili í gerðardómsmeðferð geti sótt til lögbærs dómstóls um að staðfesta úrskurð gerðardómsins og að dómstóllinn þurfi síðan að kveða upp slíkan úrskurð nema úrskurður gerðardómsins hafi verið ógiltur, honum breytt eða hann hafi verið leiðréttur eins og mælt er fyrir um í 10. og 11. þætti [FAA].“ Sama heimild § 9.

2. Þróaðar verða málsmeðferðarreglur til að tryggja að ein og sama kæra um meint brot fái ekki tvítekna málsmeðferð eða úrræði.
3. Hafa má uppi kröfur hjá Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna samhliða gerðardómi.
4. Fulltrúum stjórnvalda Bandaríkjanna, Evrópusambandsins eða einstakra aðildarríkja ESB eða annarra ríkja, opinberum yfirvöldum eða eftirlitsyfirvöldum er heimilt að taka þátt í þessum gerðardómsmeðferðum, að því tilskildu að persónuverndaryfirvöld Evrópusambandsins geti, að beiðni einstaklings í Evrópusambandinu, veitt aðstoð eingöngu við undirbúning tilkynningarinnar en umrædd persónuverndaryfirvöld mega ekki fá aðgang að framlögðum skjölum eða öðru efni sem tengist þessum gerðardómsmeðferðum.
5. Gerðardómsmeðferðin fer fram í Bandaríkjunum og einstaklingurinn getur valið að taka þátt með myndsímtali eða gegnum síma, honum að kostnaðarlausu. Ekki er gerð krafa um þátttöku á staðnum.
6. Tungumál gerðardómsins er enska nema málsaðilar hafi komið sér saman um annað. Einstaklingnum er veitt túlkun, honum að kostnaðarlausu, ef farið er fram á það með rökstuddri beiðni og að teknu tilliti til þess hvort lögmaður kemur fram fyrir hans hönd, við skýrslutöku fyrir gerðardómi, ásamt þýðingu á gerðardómsgögnum, nema nefndin komist að þeirri niðurstöðu að það mundi leiða af sér óréttmætan og óhóflegan kostnað með hliðsjón af aðstæðum í þeirri gerðardómsmeðferð sem um er að ræða.
7. Trúnaðarkvöð gildir um gögn, sem eru afhent gerðardómsmönnum og þau verða eingöngu notuð í sambandi við gerðardómsmeðferðina.
8. Heimilt er að nota framlögð skjöl sem varða einstaklinginn, ef þörf krefur, málsaðilar gæta trúnaðar um þau og þau verða eingöngu notuð í sambandi við gerðardómsmeðferðina.
9. Gerðardómsmeðferð ætti að ljúka innan 90 daga frá því að tilkynningin berst hlutaðeigandi fyrirtæki nema málsaðilar komi sér saman um annað.

H. Kostnaður

Gerðardómsmenn ættu að gera skynsamlegar ráðstafanir til að halda kostnaði eða þóknunum vegna gerðardómsmeðferðar í lágmarki.

Í samræmi við gildandi lög mun viðskiptaráðuneytið greiða fyrir því að stofnaður verði sjóður, og fyrirtækjum sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu verður skylt að greiða til hans árlegt fjárframlag, en fjárhæðin fer eftir stærð fyrirtækisins; sjóðurinn mun standa straum af kostnaði við gerðardóminn, þ.m.t. þóknun til gerðardómsmanna, að efri mörkum fjárhæða („þaki“) í samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Sjóðurinn verður undir stjórn þriðja aðila, sem gefur skýrslu með reglubundnum hætti um rekstur sjóðsins. Við árlega endurskoðun munu viðskiptaráðuneytið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurskoða rekstur sjóðsins, þ.m.t. hvort nauðsynlegt er að breyta fjárhæðum framlaganna eða efri mörkunum, og mun m.a. íhuga fjölda gerðardómsmeðferða, kostnað við þær og tímasetningu þeirra, út frá gagnkvæmum skilningi um að ekki verði lagðar óhóflegar fjárhagslegar byrðar á fyrirtæki sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu. Lögfræðikostnaður fellur ekki undir þetta ákvæði eða sjóði samkvæmt þessu ákvæði.

II. VIÐAUKI

MEGINREGLUR INNAN RAMMA SAMKOMULAGS EVRÓPUSAMBANDSINS OG BANDARÍKJANNA TIL VARNAR
FRÍÐHELGI EINKALÍFSINS, SEM VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI BANDARÍKJANNA GAF ÚT

I. YFIRLIT

1. Þótt Bandaríkin og Evrópusambandið hafi það að sameiginlegu markmiði að efla vernd einkalífsins eru aðrar aðferðir notaðar við vernd einkalífsins í Bandaríkjunum en í Evrópusambandinu. Í Bandaríkjunum eru notaðar aðferðir sem miðast við sérsvið þar sem blandað er saman lögum, reglum og sjálfseftirliti. Vegna þessa mismunar og til að fyrirtæki í Bandaríkjunum hafi áreiðanlegt fyrirkomulag til að flytja persónuupplýsingar til Bandaríkjanna frá Evrópusambandinu en jafnframt tryggja að skráðir einstaklingar í Evrópusambandinu njóti áfram skilvirkra öryggisráðstafana og verndar eins og krafist er samkvæmt Evrópulöggjöf að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá þegar þær hafa verið fluttar til landa utan Evrópusambandsins, gefur viðskiptaráðuneytið út þessar meginreglur ásamt viðbótarmeginreglum til varnar friðhelgi einkalífsins („meginreglurnar“) í krafti lögboðinna heimilda með það fyrir augum að styðja við alþjóðaviðskipti, stuðla að þeim og þróa þau (15 U.S.C. § 1512). Meginreglurnar voru þróaðar í samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila til að greiða fyrir viðskiptum og verslun milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Ætlast er til að þær séu eingöngu notaðar af fyrirtækjum í Bandaríkjunum, sem taka á móti persónuupplýsingum frá Evrópusambandinu, til að þau teljist hæf til að falla undir friðhelgisamkomulagið og njóti þannig góðs af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd ⁽¹⁾. Meginreglurnar hafa ekki áhrif á beitingu ákvæða landslaga til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB (hér á eftir nefnd „tilskipunin“) sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum. Þessar meginreglur takmarka ekki heldur skuldbindingar um vernd einkalífsins, sem gilda að öðru leyti samkvæmt bandarískum lögum.
2. Til þess að fyrirtæki geti stuðst við friðhelgisamkomulagið við flutning persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu þarf það að votta sjálf hjá viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) („ráðuneytinu“) að það gangist undir meginreglurnar. Enda þótt ákvarðanir fyrirtækja um að gangast þannig undir friðhelgisamkomulagið séu fyllilega valfrjálssar er fylgni við það í reynd skyldubundin: fyrirtæki sem sjálfvotta hjá ráðuneytinu og lýsa opinberlega yfir að þau skuldbindi sig til að gangast undir meginreglurnar verða að fara að þeim að öllu leyti. Til þess að fyrirtæki geti orðið þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu þarf það a) að gangast undir rannsóknar- og framkvæmdarheimildir Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytisins eða annars lögskipaðs aðila sem tryggir á skilvirkan hátt samræmi við meginreglurnar (*öðrum lögskipuðum bandarískum aðilum sem eru viðurkenndir af Evrópusambandinu kann að verða bætt við í viðauka síðar*), b) að lýsa því yfir opinberlega að það skuldbindi sig til að fara að meginreglunum, c) að birta opinberlega stefnu sína um persónuvernd í samræmi við þessar meginreglur og d) að framkvæma þær að fullu. Ef fyrirtæki brýtur gegn reglunum er það aðfararhæft skv. 5. þætti í lögum Federal Trade Commission Act um bann við ósanngjarnri og villandi háttsemi í viðskiptum eða hefur áhrif á viðskiptin (15 U.S.C. § 45(a)) eða öðrum lögum eða reglugerðum sem leggja bann við slíku athæfi.
3. Viðskiptaráðuneytið mun halda opinbera skrá yfir bandarísk fyrirtæki sem hafa sjálfvottað hjá ráðuneytinu að þau skuldbindi sig til að fylgja meginreglunum og gera hana aðgengilega almenningi („skrá yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu“). Ávinningur af friðhelgisamkomulaginu er tryggður frá þeim degi sem ráðuneytið færir fyrirtækið á skrá yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu. Ráðuneytið mun fjarlægja fyrirtæki af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu ef það dregur sig út úr samkomulaginu af frjálsum vilja eða vanrækir að ganga frá árlegri endurvottun sinni hjá ráðuneytinu. Þegar fyrirtæki er fjarlægt af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu þýðir það að það nýtur ekki lengur góðs af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd til að fá persónuupplýsingar frá Evrópusambandinu. Fyrirtækið verður að halda áfram að beita meginreglunum þegar um er að ræða persónuupplýsingar sem það fékk meðan það var þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu og staðfesta árlega við ráðuneytið að það skuldbindi sig til þess eins lengi og það hefur slíkar upplýsingar undir höndum, að öðrum kosti þarf fyrirtækið að skila eða eyða upplýsingunum eða tryggja „fullnægjandi“ vernd fyrir upplýsingarnar með öðrum löglegum hætti. Ráðuneytið mun einnig taka þau fyrirtæki, sem hafa ítrekað vanrækt að fara að meginreglunum, af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu; slík fyrirtæki hafa ekki lengur rétt til að njóta góðs af samkomulaginu og verða þau að skila eða eyða persónuupplýsingum sem þau hafa fengið samkvæmt friðhelgisamkomulaginu.
4. Ráðuneytið mun einnig halda og birta almenningi opinbera skrá yfir bandarísk fyrirtæki sem hafa áður sjálfvottað hjá ráðuneytinu, en sem hafa verið tekin af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu. Ráðuneytið mun gefa út skýra aðvörun um að þessi fyrirtæki séu ekki þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, að fyrirtæki séu tekin af skránni yfir þátttakendur í samkomulaginu þýði að þau geta ekki haldið því fram að þau fylgi samkomulaginu og verða að forðast allar

⁽¹⁾ Að því tilskildu að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd sem fæst með friðhelgisamkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna gildi um Ísland, Liechtenstein og Noreg mun samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins taka til Evrópusambandsins auk þessara þriggja landa. Af þessum sökum ber að skilja svo að tilvísanir til Evrópusambandsins og aðildarríkja þess taki einnig til Íslands, Liechtensteins og Noregs.

staðhæfingar eða misvísandi starfshætti sem gefa í skyn að þau séu þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, og einnig að slík fyrirtæki hafi ekki lengur rétt til að njóta góðs af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd, sem mundi gera þeim mögulegt að fá persónuupplýsingar frá Evrópusambandinu. Fyrirtæki sem áfram heldur því fram að það sé þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu eða kemur með aðrar rangar staðhæfingar sem tengjast samkomulaginu eftir að það var fjarlægð af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu getur þurft að sæta framfylgdaraðgerðum Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytis Bandaríkjanna eða annarra viðurkenndra lögskipaðra aðila.

5. Takmarka má gildissvið þessara meginreglna: a) eftir því sem nauðsyn krefur til að uppfylla kröfur um þjóðaröryggi, almannahagsmuni eða til að framfylgja lögum, b) samkvæmt lögum, stjórnsýsluákvörðunum eða dómaframkvæmd, sem leiðir af sér skuldbindingar eða sérstakar heimildir sem stangast á, að því tilskildu að við framkvæmd slíkra heimilda geti fyrirtækið sýnt fram á að fari það ekki eftir meginreglunum sé það einungis að því marki sem er nauðsynlegt til að gæta lögmætra ríkari hagsmuna sem slík heimild veitir eða c) ef tilskipunin eða lög aðildarríkjanna leyfa undantekningar eða undanþágur, að því tilskildu að slíkum undantekningum eða undanþágum sé beitt í sambærilegu samhengi. Í samræmi við markmiðið um að auka vernd einkalífsins skulu fyrirtæki leitast við að framkvæma þessar meginreglur til fulls og á gagnsæjan hátt, þar á meðal með því að tilgreina í stefnu sinni um persónuvernd hvar leyfilegum undantekningum frá meginreglunum, samkvæmt b-lið hér að framan, verður almennt beitt. Af sömu ástæðu er til þess ætlast að fyrirtæki velji að veita meiri vernd þegar hægt er að koma því við og meginreglurnar og/eða bandarísk lög leyfa.
6. Eftir að fyrirtæki gangast undir friðhelgisamkomulagið er þeim skylt að beita meginreglunum við allan flutning persónuupplýsinga á grundvelli samkomulagsins. Fyrirtæki, sem vill að ávinningur af þátttöku í friðhelgisamkomulaginu taki einnig til persónuupplýsinga um starfsmenn sem eru fluttar frá Evrópusambandinu til að nota í tengslum við starfsráðningar, verður að taka það fram þegar það leggur fram sjálfvottun hjá ráðuneytinu og uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í viðbótinni við meginreglurnar um sjálfvottun.
7. Bandarísk lög gilda um mál sem tengjast túlkun og fylgni við meginreglurnar og viðeigandi áætlunum fyrirtækja, sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu, nema í þeim tilvikum þegar fyrirtækin hafa skuldbundið sig til að starfa með evrópskum persónuverndaryfirvöldum. Öll ákvæði í meginreglunum gilda þar sem þau eiga við nema annað sé tekið fram.
8. Skilgreiningar:
 - a. „persónuupplýsingar“: gögn um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling sem falla innan gildissviðs tilskipunarinnar og sem fyrirtæki í Bandaríkjunum tekur á móti frá Evrópusambandinu og eru skráð með einhverjum hætti,
 - b. „vinnsla persónuupplýsinga“: aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er í persónuupplýsingum, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem þegar þeim er safnað eða þær eru skráðar, flokkaðar, geymdar, aðlagðar, þeim er breytt, náð er í þær, þeim er flett upp, þær notaðar, birtar eða þeim er dreift, þær eru afmáðar eða þeim er eytt,
 - c. „ábyrgðaraðili“: sá aðili eða stofnun sem ákvarðar, einn og sér eða í samvinnu við aðra, tilgang með og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.
9. Gildistöku dagur meginreglnanna er dagsetningin þegar ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd öðlast endanlegt samþykki.

II. MEGINREGLUR

1. Tilkynningarskylda

- a. Fyrirtæki verður að upplýsa einstaklinga um:
 - i. þátttöku þess í friðhelgisamkomulaginu og láta í té tengil á skrá friðhelgisamkomulagsins eða veffang þess,
 - ii. hvers konar upplýsinga er aflað og, eftir atvikum, einingar eða dótturfélög fyrirtækisins, sem einnig fylgja meginreglunum,

- iii. skuldbindingu þess um að beita meginreglunum að því er varðar allar persónuupplýsingar sem það fær frá Evrópusambandinu á grundvelli friðhelgisamkomulagsins,
 - iv. í hvaða tilgangi það aflar og notar persónuupplýsingar um viðkomandi,
 - v. hvernig sé hægt að hafa samband við fyrirtækið til að koma á framfæri fyrirspurnum eða kvörtunum, þ.m.t. um viðeigandi starfsstöð í Evrópusambandinu sem getur svarað slíkum fyrirspurnum eða kvörtunum,
 - vi. hvers konar þriðju aðilum fyrirtækið birtir persónuupplýsingar, eða hver þau eru, og í hvaða tilgangi það er gert,
 - vii. rétt einstaklinga til aðgangs að persónuupplýsingum um þá,
 - viii. hvaða leiðir og aðferðir standa einstaklingum til boða hjá fyrirtækinu til að takmarka notkun og birtingu persónuupplýsinga um þá,
 - ix. óháða aðilann sem sér um lausn deilumála, sem er tilnefndur til að fjalla um kvartanir og veita einstaklingum úrræði til málskots án endurgjalds, og hvort hann er: 1) nefndin sem persónuverndaryfirvöld hafa komið á fót, 2) aðili til lausnar á deilumálum utan dómstóla og starfar í Evrópusambandinu, eða 3) aðili til lausnar á deilumálum utan dómstóla sem starfar í Bandaríkjunum,
 - x. það að fyrirtækið fellur undir rannsóknar- og framkvæmdarheimildir Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, samgönguráðuneytis Bandaríkjanna eða annars viðurkennds lögskipaðs aðila í Bandaríkjunum,
 - xi. möguleika einstaklingsins að láta kalla til bindandi gerðardóm við tiltekna aðstæður,
 - xii. kröfuna um að birta persónuupplýsingar samkvæmt lögmati beiðni opinberra yfirvalda, þ.m.t. til að fullnægja kröfum þjóðaröryggis eða framfylgd laga og
 - xiii. ábyrgð þess við framsendingu til þriðja aðila.
- b. Þessi tilkynning verður að vera á skýru og greinilegu máli og skal send einstaklingum þegar þeir eru fyrst beðnir að veita fyrirtækinu persónuupplýsingar eða eins fljótt eftir það og unnt er en í öllum tilvikum áður en fyrirtækið notar slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem fyrirhugað var þegar þeim var upphaflega safnað eða þær voru unnar af fyrirtækinu sem flytur þær eða afhendir í fyrsta sinn til þriðja aðila.

2. Val

- a. Fyrirtæki verður að veita einstaklingum tækifæri til að hafna því (opt out) að persónuupplýsingar um þá verði i. afhentar þriðja aðila eða ii. notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem fyrirhugað var þegar þeim var upphaflega safnað eða í tilgangi sem einstaklingurinn veitti leyfi fyrir síðar. Einstaklingar skulu geta valið á skýran og greinilegan hátt og með aðgengilegum aðferðum.
- b. Þrátt fyrir fyrri málsgrein gildir ekki reglan um valfrelsi þegar upplýsingar eru afhentar þriðja aðila sem vinnur verkefni sem fulltrúi fyrirtækisins í umboði þess og samkvæmt fyrirmælum þess. Fyrirtæki skal þó ávallt gera samning við fulltrúann.
- c. Þegar um er að ræða viðkvæmar upplýsingar (þ.e. persónulegar upplýsingar um læknisfræðilegt eða heilsufarslegt ástand, kynþátt eða þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu, stéttarfélagsaðild eða upplýsingar um kynlíf einstaklingsins) verða fyrirtæki að fá ótvírætt samþykki frá einstaklingum (opt in), ef i. afhenda á þriðja aðila upplýsingarnar eða ii. nota á þær í öðrum tilgangi en þeim sem fyrirhugað var þegar þeim var upphaflega safnað eða í tilgangi sem einstaklingurinn veitti leyfi fyrir síðar með vali. Að auki ætti fyrirtæki að fara með allar upplýsingar, sem það fær frá þriðja aðila, sem viðkvæmar upplýsingar ef þriðji aðili tilgreinir og meðhöndlar þær sem slíkar.

3. Ábyrgðarskylda vegna framsendingar

- a. Ef fyrirtæki framsenda persónuupplýsingar til þriðja aðila, sem kemur fram sem ábyrgðaraðili, verða þau að fylgja meginreglunum um tilkynningarskyldu og valfrelsi. Fyrirtæki verða einnig að gera samning við þriðja aðila, sem kemur fram sem ábyrgðaraðili, þar sem kveðið er á um að vinnsla gagnanna sé aðeins heimil í takmörkuðum og sérstökum tilgangi sem samrýmist samþykkinu sem einstaklingurinn veitti og að viðtakandinn muni veita sömu vernd og felst í meginreglunum og muni tilkynna fyrirtækinu um það ef hann ákvarðar að hann geti ekki lengur uppfyllt þessa skuldbindingu. Í samningnum skal tilgreina að þegar slík ákvörðun sé tekin muni vinnsla þriðja aðilans, sem kemur fram sem ábyrgðaraðili, stöðvast eða gera verði aðrar eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu.
- b. Til að framsenda persónuupplýsingar til þriðja aðila, sem kemur fram sem fulltrúi, verða fyrirtæki: i. að framsenda slíkar upplýsingar eingöngu í takmörkuðum og sérstökum tilgangi, ii. að ganga úr skugga um að fulltrúinn sé skuldbundinn til að veita a.m.k. sömu vernd að því er varðar friðhelgi einkalífsins og krafist er í meginreglunum, iii. að gera eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fulltrúinn standi með skilvirkum hætti að vinnslu persónuupplýsinganna sem eru fluttar í samræmi við skuldbindingar fyrirtækisins samkvæmt meginreglunum, iv. að krefjast þess að fulltrúinn tilkynni fyrirtækinu ef hann tekur þá ákvörðun að hann geti ekki lengur fullnægt skuldbindingum sínum um að veita sömu vernd og krafist er í meginreglunum, v. að gera eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir, að fenginni tilkynningu, þ.m.t. skv. iv. lið, til þess að stöðva og ráða bót á óleyfilegri vinnslu og vi. að leggja samantekt eða afrit af viðeigandi ákvæðum um friðhelgi einkalífsins í samningi hans við umræddan umboðsaðila fyrir ráðuneytið sé þess óskað.

4. Öryggi

- a. Fyrirtæki sem búa til persónuupplýsingar, viðhalda þeim, nota þær eða dreifa verða að gera eðlilegar og viðeigandi öryggisráðstafanir til að varna því að þær glatist, séu misnotaðar, að veittur sé óleyfilegur aðgangur að þeim, að þær séu afhentar, þeim sé breytt eða þær séu eyðilagðar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættunnar sem felst í vinnslunni og eðli upplýsinganna.

5. Heilleiki gagna og takmörkun vegna tilgangs

- a. Í samræmi við meginreglurnar skulu persónuupplýsingar takmarkast við þær upplýsingar sem skipta máli fyrir tilgang vinnslunnar ⁽¹⁾. Fyrirtæki má ekki vinna úr persónuupplýsingum á þann hátt sem er ósamrýmanlegur þeim tilgangi sem var fyrirhugaður þegar þeim var safnað eða einstaklingurinn veitti leyfi fyrir síðar. Fyrirtæki verður, eftir því sem nauðsyn krefur, að gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar miðað við fyrirhugaða notkun, nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar. Fyrirtæki verður að fylgja meginreglunum meðan það hefur slíkar upplýsingar undir höndum.
- b. Aðeins er heimilt að varðveita upplýsingar á formi sem persónugreindir eða gerir kleift að persónugreina einstakling ⁽²⁾ í þann tíma sem það þjónar tilganginum með vinnslu í skilningi 5. gr. a. Þessi skuldbinding kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki haldi áfram að vinna persónuupplýsingar til lengri tíma, í þann tíma og að því marki sem slík vinnsla þjónar með eðlilegum hætti skjalavistun í þágu almannahagsmuna, blaðamennsku, bókmenntum og listum, vísindum- eða sagnfræðirannsóknnum og tölfraeðilegum greiningum. Í þessum tilvikum skal vinnslan vera háð öðrum meginreglum og ákvæðum rammans. Fyrirtæki ættu að gera réttmætar og viðeigandi ráðstafanir til að fara að þessu ákvæði.

6. Aðgangur

- a. Einstaklingar verða að hafa aðgang að persónuupplýsingum sem fyrirtæki hafa um þá og eiga kost á að leiðrétta, breyta eða eyða upplýsingum sem eru ekki réttar, eða þær hafa verið unnar í bága við meginreglurnar, nema fyrirhöfnin og kostnaðurinn við að veita aðgang, í því tilviki sem um er að ræða, sé í engu samræmi við hættuna á að réttur einstaklings til friðhelgi einkalífsins, eða sá réttur annarra einstaklinga, sé brotinn.

⁽¹⁾ Með hliðsjón af aðstæðum getur samrýmanlegur tilgangur vinnslu til dæmis verið það að þjóna réttmætum tengslum við viðskiptavini, reglufylgni- og lagaleg sjónarmið, endurskoðun, öryggi og forvarnir gegn svikum, að viðhalda eða standa vörð um lagalegan rétt fyrirtækisins eða annar tilgangur sem er í samræmi við eðlilegar væntingar með tillit til þess hvert samhengi söfnunarinnar er.

⁽²⁾ Í þessu samhengi telst einstaklingur „persónugreinanlegur“ ef fyrirtæki, eða þriðji aðili ef hann hefði aðgang að gögnum, gæti með góðu móti persónugreint hann, með hliðsjón af auðkenningarleiðunum sem líklegt er að væru notaðar (t.d. með tilliti til kostnaðarins og tímans sem þarf til persónugreiningarinnar og þeirrar tækni sem tiltæk er þegar vinnslan fer fram) og því á hvaða formi gögnin eru varðveitt.

7. Málskotsréttur, framfylgd og ábyrgð

- a. Skilvirk vernd einkalífsins verður að fela í sér traustar aðferðir til að tryggja að farið sé eftir meginreglunum, möguleika á málskoti fyrir einstaklinga, sem það bitnar á ef meginreglurnar eru brotnar, og til að tryggja að fyrirtæki þurfi að taka afleiðingum ef þau fylgja ekki meginreglunum. Slíkar aðferðir skulu að minnsta kosti fela í sér:
 - i. greiðan aðgang að óháðum málskotskerfum þar sem hægt er að rannsaka og leysa skjótt kvartanir og deilumál hvers einstaklings honum að kostnaðarlausu og með vísun í meginreglurnar og að veittar séu bætur fyrir tjón þegar gert er ráð fyrir því í gildandi lögum eða að frumkvæði einkageirans,
 - ii. eftirfylgniaðgerðir til að sannreyna að þær vottanir og yfirlýsingar, sem þau hafa gefið um starfshætti sína, séu réttar og yfirlýsingar sem fyrirtæki hafa gefið um starfshætti sína að því er varðar friðhelgi einkalífsins séu sannar, einkum ef ekki er farið að meginreglunum, og
 - iii. skuldbindingar fyrirtækja, sem tilkynna að þau gangist undir meginreglurnar, um að greiða úr vandamálum sem koma upp þegar ekki er farið eftir þeim og afleiðingar þess fyrir fyrirtæki. Viðurlög verða að vera nægilega ströng til að tryggja að fyrirtæki fari eftir meginreglunum.
- b. Fyrirtæki og óháð málskotskerfi sem þau velja bregðast skjótt við fyrirspurnum og beiðnum frá ráðuneytinu um upplýsingar sem tengjast friðhelgisamkomulaginu. Öll fyrirtæki skulu með skjótum hætti svara kvörtunum sem varða fylgni við meginreglurnar og sem yfirvöld aðildarríkja Evrópusambandsins senda fyrir milligöngu ráðuneytisins. Fyrirtæki, sem hafa kosið að eiga samvinnu við persónuverndaryfirvöld, þ.m.t. fyrirtæki sem vinna starfsmannaupplýsingar, skulu svara slíkum yfirvöldum beint í sambandi við rannsókn og úrlausn kvartana.
- c. Fyrirtækjum er skylt að leggja fram kröfur til úrskurðar gerðardóms og fylgja skilmálunum sem settir eru fram í I. viðauka, að því tilskildu að einstaklingur hafi krafist bindandi gerðardóms með því að senda tilkynningu til hlutaðeigandi fyrirtækis samkvæmt málsmeðferðarreglum og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í I. viðauka.
- d. Þegar um er að ræða framsendingu ber fyrirtæki, sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga sem það tekur á móti innan ramma samkomulagsins og framsendir síðan til þriðja aðila sem kemur fram sem fulltrúi fyrir hönd þess. Fyrirtækið, sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, skal áfram bera ábyrgð samkvæmt meginreglunum ef fulltrúi þess vinnur slíkar persónuupplýsingar á þann hátt sem samrýmist ekki meginreglunum, nema fyrirtækið sanni að það sé ekki ábyrgt fyrir tilvikinu sem olli tjóninu.
- e. Þegar Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna eða dómstóll kveður upp úrskurð á hendur fyrirtæki fyrir að fara ekki að reglum skal fyrirtækið birta alla viðeigandi hluta sem tengjast friðhelgisamkomulaginu í öllum reglufylgni- eða matsskýrslum sem þau leggja fyrir Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna, að því marki sem það samrýmist kröfum um trúnaðarkvöð. Ráðuneytið hefur komið á fót sérstökum tengilið fyrir persónuverndaryfirvöld vegna hvers konar vandamála er varða reglufylgni af hálfu fyrirtækja sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna mun veita forgang málum, sem ráðuneytið og yfirvöld aðildarríkja Evrópusambandsins vísa til hennar, um að ekki sé farið að meginreglunum, og mun skiptast tímanlega á upplýsingum um málskot við yfirvöld ríkisins sem vísar málinu til hennar, með fyrirvara um gildandi takmarkanir vegna þagnarskyldu.

III. VIÐBÓTARMEGINREGLUR

1. Viðkvæmar upplýsingar

- a. Þess er ekki krafist að fyrirtæki fái skýrt og skýlaust samþykki (opt-in) að því er varðar viðkvæm gögn ef vinnslan:
 - i. varðar brýna hagsmuni hins skráða eða annars aðila,
 - ii. er nauðsynleg til að stofna eða verja réttarkröfur,
 - iii. er nauðsynleg fyrir læknishjálp eða sjúkdómssgreiningu,
 - iv. fer fram sem liður í lögmætri starfsemi stofnunar, samtaka eða annars aðila sem starfar ekki í hagnaðarskyni og hefur markmið af stjórnmálalegum, heimspekilegum, trúarlegum eða stéttarfélaglegum toga og með því skilyrði að vinnslan nái einungis til meðlima aðilans eða þeirra aðila sem eru í reglulegu sambandi við hann í tengslum við tilgang hans og að gögnin séu ekki afhent þriðja aðila án samþykkis hinna skráðu,

- v. er nauðsynleg til að sinna skuldbindingum fyrirtækisins á sviði vinnuréttar eða
- vi. tengist persónuupplýsingum sem hinn skráði hefur augljóslega gert opinberar.

2. Undantekningar vegna blaðamennsku

- a. Með hliðsjón af stjórnarskrárvörðu prentfrelsi og undantekningarákvaðum tilskipunarinnar að því er varðar efni til birtingar í dagblöðum og þar sem rétturinn til prentfrelsis, sem felst í fyrsta viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna, skarast við réttinn til friðhelgi einkalífsins verður jafnvægi á milli þessara hagsmuna að ráðast af fyrsta viðaukanum að því er varðar starfsemi fyrirtækja og einstaklinga í Bandaríkjunum.
- b. Persónuupplýsingar, sem er safnað í því skyni að gefa þær út, útvarpa þeim, sjónvarpa eða dreifa með öðrum aðferðum til að koma fjölmiðlaefni á framfæri opinberlega, hvort sem þær eru notaðar eða ekki, og upplýsingar, sem teknar eru úr áður birtu efni úr gagnageymslum fjölmiðla, falla ekki undir kröfur meginreglna friðhelgisamkomulagsins.

3. Annars stigs ábyrgð

- a. Veitendur Netþjónustu, fjárskiptafyrirtæki og önnur fyrirtæki eru ekki ábyrg samkvæmt meginreglum friðhelgisamkomulagsins þegar þau annast einungis flutning, framsendingu, skiptiþjónustu eða geymslu upplýsinga fyrir önnur fyrirtæki. Ekki er gert ráð fyrir annars stigs ábyrgð, hvorki í tilskipuninni né meginreglum friðhelgisamkomulagsins. Ekki er hægt að draga fyrirtæki til ábyrgðar fyrir það eitt að flytja upplýsingar sem þriðji aðili sendir, svo framarlega sem það ákveður hvorki til hvers persónuupplýsingarnar eru unnar né aðferðirnar við það.

4. Framkvæmd áreiðanleikakannana og endurskoðunar

- a. Starfsemi endurskoðenda og fjárfestingarbanka getur haft í för með sér vinnslu persónuupplýsinga án samþykkis eða vitneskju viðkomandi einstaklinga. Þetta er heimilt samkvæmt meginreglunum um tilkynningarskyldu, valfrelsi og aðgang við aðstæður sem er lýst hér á eftir.
- b. Opinber hlutafélag og félag í eigu fárra hluthafa (e. closely held companies), þ.m.t. fyrirtæki sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu, sæta endurskoðun reglubundið. Slíkri endurskoðun gæti verið stofnað í hættu ef niðurstöðurnar eru birtar of snemma, einkum ef verið er að skoða hugsanleg brot. Á sama hátt verður fyrirtæki, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu og á aðild að hugsanlegum samruna eða yfirtöku, að framkvæma eða sæta áreiðanleikakönnun. Þetta hefur oft í för með sér söfnun og vinnslu persónuupplýsinga, s.s. upplýsinga um æðstu stjórnendur og aðra lykilstarfsmenn. Ef upplýsingarnar eru birtar of snemma gæti það hindrað viðskiptin eða jafnvel brotið gegn gildandi löggjöf um verðbréfavíðskipti. Starfsemi fjárfestingarbanka og lögfræðinga sem sinna áreiðanleikakönnunum, eða störf endurskoðenda, getur einungis falið í sér vinnslu persónuupplýsinga án vitneskju viðkomandi einstaklinga að því marki og í þann tíma sem það tekur að uppfylla kröfur um lögboðna eða almenna hagsmuni og í öðrum tilvikum þar sem beiting þessara meginreglna bryti í bága við lögætta hagsmuni fyrirtækisins. Þessir lögætta hagsmunir ná yfir eftirlit með því að fyrirtækið uppfylli lagalegar skyldur sínar og lögmett reikningshald og þörfina á þagnarskyldu í tengslum við hugsanleg kaup, samruna, sameiginleg verkefni eða önnur svipuð viðskipti sem fjárfestingarbankar eða endurskoðendur annast.

5. Hlutverk persónuverndaryfirvalda

- a. Fyrirtæki munu koma skuldbindingu sinni um samstarf við persónuverndaryfirvöld Evrópusambandsins í framkvæmd eins og lýst er hér á eftir. Samkvæmt friðhelgisamkomulaginu er bandarískum fyrirtækjum, sem taka á móti persónuupplýsingum frá Evrópusambandinu, skylt að taka upp skilvirkar aðferðir sem tryggja að farið sé eftir meginreglum friðhelgisamkomulagsins. Nánar tiltekið verða fyrirtæki sem taka þátt, eins og fram kemur í meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð: a) i. að veita einstaklingum sem gögnin tengjast rétt til málskots, a) ii. að beita eftirfylgniáðgerðum til að sannreyna að þær vottanir og yfirlýsingar, sem þau hafa gefið um starfshætti sína, séu réttar og a) iii. að skuldbinda sig til að greiða úr vandamálum sem koma upp þegar ekki er farið eftir meginreglunum og að slík fyrirtæki taki afleiðingunum. Q-ATH KASTA! Fyrirtæki verður að uppfylla i. og iii. lið a-liðar meginreglunnar um málskot, framfylgd og bótaábyrgð ef það gengst undir þær kröfur sem hér eru settar fram um samstarf við persónuverndaryfirvöld.

- b. Fyrirtæki skuldbindur sig til að eiga samstarf við persónuverndaryfirvöld með því að lýsa því yfir þegar það leggur fram sjálfvottun um þátttöku sína í friðhelgisamkomulaginu hjá viðskiptaráðuneytinu (sjá viðbótarmeginregluna um sjálfvottun) að það:
- i. kjósi að uppfylla kröfurnar í i. og iii. lið a-liðar í meginreglu friðhelgisamkomulagsins um málskot, framfylgd og bótaábyrgð með því að skuldbinda sig til samstarfs við persónuverndaryfirvöld,
 - ii. muni eiga samstarf við persónuverndaryfirvöld um að rannsaka og leysa kvörtunarmál sem kunna að koma upp í tengslum við friðhelgisamkomulagið og
 - iii. muni fara að öllum ráðum persónuverndaryfirvalda þegar það er mat þeirra að fyrirtækið þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til að fara eftir meginreglum friðhelgisamkomulagsins, þar á meðal ráðstafanir til úrbóta eða skaðabætur til einstaklinga sem brot á meginreglunum bitnar á, og muni láta persónuverndaryfirvöldum í té skriflega staðfestingu á því að slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar.
- c. Starfræksla nefnda persónuverndaryfirvalda
- i. Samstarfið mun, af hálfu persónuverndaryfirvalda, verða í formi upplýsinga og ráðgjafar sem hér segir:
 1. Persónuverndaryfirvöld veita ráðgjöf fyrir milligöngu óformlegrar nefndar persónuverndaryfirvalda sem komið er á fót hjá Evrópusambandinu og mun m.a. gagnast við að tryggja samræmda og samfellda aðferð.
 2. Nefndin veitir viðkomandi bandarískum fyrirtækjum ráðgjöf varðandi óleystar kvartanir frá einstaklingum um meðferð persónuupplýsinga sem hafa verið fluttar frá Evrópusambandinu samkvæmt friðhelgisamkomulaginu. Þessi ráðgjöf verður miðuð við það að tryggja að meginreglum friðhelgisamkomulagsins sé beitt rétt og fela m.a. í sér upplýsingar um þau úrræði sem viðkomandi einstaklingum bjóðast og persónuverndaryfirvöld telja eiga við.
 3. Nefndin veitir þessa ráðgjöf í málum, sem viðkomandi fyrirtæki vísa til hennar, og/eða varðandi kvartanir sem berast henni beint frá einstaklingum, á hendur fyrirtækjum sem hafa skuldbundið sig til að eiga samstarf við persónuverndaryfirvöld að því er varðar friðhelgisamkomulagið og hvetur, ef þess gerist þörf, til þess að viðkomandi einstaklingum verði veitt aðstoð í byrjun svo þeir geti nýtt sér fyrirkomulag við meðferð kvartana sem fyrirtækið sjálft kann að bjóða.
 4. Ráðgjöf er einungis veitt þegar báðir aðilar í deilumáli hafa fengið eðlilegt tækifæri til að gera athugasemdir og leggja fram þau gögn sem þeir óska. Nefndin mun leitast við að veita ráðgjöf eins fljótt og auðið er með tilliti til kröfunnar um tilhlýðilega meðferð málsins. Meginreglan er sú að nefndin stefni að því að veita ráðgjöf innan 60 daga frá því að henni berst kvörtun eða máli er vísað til hennar og fyrr ef það er unnt.
 5. Nefndin birtir opinberlega niðurstöður sínar um kvartanir sem henni berast ef hún telur ástæðu til.
 6. Ráðgjöf, sem nefndin veitir, hefur ekki í för með sér neinar kvaðir, hvorki fyrir nefndina sjálfa né einstök persónuverndaryfirvöld.
 - ii. Eins og getið er hér að framan verða fyrirtæki, sem velja þennan kost til að leysa deilumál, að fara að ráðum persónuverndaryfirvalda. Ef fyrirtæki fer ekki að ráðum nefndarinnar innan 25 daga frá því að þau eru gefin, og leggur ekki fram fullnægjandi skýringu á þeirri töl, lætur nefndin vita af því að hún áformi annaðhvort að leggja málið fyrir Alríkisviðskiptastofnunina, samgönguráðuneytið eða aðra bandaríska alríkis- eða fylkisstofnun sem hefur lögskipað vald til að framfylgja málinu með aðgerðum ef um er að ræða sviksemi eða ranga staðhæfingu eða hún ályktar að um alvarlegt brot sé að ræða á samningnum um samstarf og þess vegna verði að líta svo á að hann sé ógildur. Í síðarnefnda tilvikinu tilkynnir nefndin viðskiptaráðuneytinu um það svo að hægt sé að breyta skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu. Ef ekki er staðið við skuldbindingar um samstarf við persónuverndaryfirvöld eða ekki farið eftir meginreglum friðhelgisamkomulagsins gefur það tilefni til málsóknar fyrir sviksamlega starfshætti skv. 5. kafla Federal Trade Commission Act eða áþekktum lögum.
- d. Fyrirtæki, sem vill að hagræði af friðhelgisamkomulaginu nái til starfsmannaupplýsinga, sem eru fluttar frá Evrópusambandinu til að nota í tengslum við starfsráðningar, verður að skuldbinda sig til að eiga samstarf við persónuverndaryfirvöld að því er varðar slíkar upplýsingar (sjá viðbótarmeginreglu um starfsmannaupplýsingar).

- e. Fyrirtæki, sem velja þennan kost, þurfa að greiða árgjald sem á að nægja fyrir kostnaði vegna starfa nefndarinnar og auk þess kunna þau að verða krafín um kostnað vegna þýðinga í tengslum við meðferð nefndarinnar á málskotum eða kvörtunum gegn þeim. Árgjaldið verður ekki hærra en 500 Bandaríkjadalir og lægra fyrir lítil fyrirtæki.

6. Sjálfvottun

- a. Hagræði af friðhelgisamkomulaginu er tryggt frá þeim degi sem ráðuneytið færir tilkynningu fyrirtækisins um sjálfvottun á skrána yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, eftir að hafa gengið úr skugga um að framlögð gögn eru fullnægjandi.
- b. Fyrirtæki getur sjálfvottað að það hlíti friðhelgisamkomulaginu með því að leggja fram tilkynningu um sjálfvottun hjá ráðuneytinu, undirritaða af aðila í ábyrgðarstöðu fyrir hönd fyrirtækisins sem gerist þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu og í því skulu vera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - i. nafn fyrirtækisins, póstfang, tölvupóstfang og síma- og bréfasímanúmer,
 - ii. lýsing á starfsemi fyrirtækisins með tilliti til persónuupplýsinga sem berast frá Evrópusambandinu, og
 - iii. lýsing á persónuverndarstefnu fyrirtækisins varðandi vernd slíkra persónuupplýsinga, þ.m.t.:
 1. hvort fyrirtækið hefur opinbert vefsetur, viðeigandi veffang þar sem stefnan er aðgengileg eða ef fyrirtækið hefur ekki opinbert vefsetur þar sem almenningur getur kynnt sér persónuverndarstefnu fyrirtækisins,
 2. hvaða dag henni var hrundið í framkvæmd,
 3. hvaða aðili tekur við kvörtunum, umsóknum um aðgang og annast önnur mál sem koma upp í tengslum við friðhelgisamkomulagið,
 4. sérstakur lögskipaður aðili sem hefur lögsögu í málum vegna krafna á hendur fyrirtækinu varðandi hugsanlega óréttláta eða villandi viðskiptahætti og brot á lögum eða reglum um friðhelgi einkalífsins (og sem er skráður í meginreglunum eða síðari viðauka við meginreglurnar),
 5. heiti allra áætlana til verndar einkalífinu sem fyrirtækið er aðili að,
 6. aðferð við sannprófun (t.d. innra eftirlit, eftirlit þriðja aðila) (sjá viðbótarmeginregluna um sannvottun) og
 7. óháð málskotskerfi sem er aðgengilegt til að rannsaka óleyst kvörtunarmál.
- c. Ef fyrirtæki vill að hagræði af friðhelgisamkomulaginu nái yfir starfsmannuupplýsingar, sem eru fluttar frá Evrópusambandinu til að nota í tengslum við starfsráðningar, er það heimilt þegar lögskipaður aðili, sem er skráður í meginreglunum eða síðari viðauka við meginreglurnar, hefur lögsögu í málum vegna krafna á hendur fyrirtækinu varðandi starfsmannuupplýsingar. Auk þess skal fyrirtækið taka þetta fram í tilkynningu sinni um sjálfvottun og lýsa því yfir að það skuldbindi sig til að eiga samstarf við viðkomandi yfirvald eða yfirvöld Evrópusambandsins í samræmi við viðbótarmeginreglurnar um starfsmannuupplýsingar og hlutverk persónuverndaryfirvalda, eftir því sem við á, og að það muni fara að ráðum þessara yfirvalda. Fyrirtækið þarf einnig að láta ráðuneytinu í té eintak af stefnu sinni um vernd persónuupplýsinga um starfsmenn og veita upplýsingar um hvar starfsmenn sem í hlut eiga geta kynnt sér stefnuna.
- d. Ráðuneytið heldur skrá yfir fyrirtæki sem hafa sent tilkynningu um sjálfvottun og tryggir með því að þau geti notið hagræðis af friðhelgisamkomulaginu og uppfærir þessa skrá á grundvelli árlegra staðfestinga um endurnýjun sjálfvottunar og tilkynninga sem berast samkvæmt viðbótarmeginreglunni um lausn deilumála og framfylgd. Slíkar sjálfvottanir skal leggja fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að öðrum kosti verður fyrirtækið tekið af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu og ekki er lengur tryggt að það njóti hagræðis af friðhelgisamkomulaginu. Bæði skráin yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu og tilkynningar um sjálfvottun fyrirtækjanna verða birtar opinberlega. Öll fyrirtæki sem eru á skrá ráðuneytisins yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu verða einnig að tilgreina að þau gangist undir meginreglur friðhelgisamkomulagsins í viðkomandi stefnuyfirlýsingum um persónuvernd sem þau birta.

Ef persónuverndarstefna fyrirtækis er aðgengileg á Netinu þarf hún að hafa tengil á vefsetur ráðuneytisins um friðhelgisamkomulagið ásamt tengli á vefsetur eða kvörtunareyðublað óháða málskotskerfisins sem er aðgengilegt til að rannsaka óleyst kvörtunarmál.

- e. Meginreglurnar um friðhelgi einkalífsins taka gildi strax eftir vottun. Í ljósi þess að meginreglurnar munu hafa áhrif á viðskiptatengsl við þriðju aðila skulu fyrirtæki, sem votta þátttöku sína í friðhelgisamkomulaginu á fyrstu tveimur mánuðum eftir gildistökudag samkomulagsins, færa gildandi viðskiptatengsl við þriðja aðila til samræmis við meginregluna um ábyrgðarskyldu við framsendingu eins skjótt og unnt er og aldrei seinna en níu mánuðum frá þeim degi sem þau votta þátttöku sína í friðhelgisamkomulaginu. Á því millibilstímabili skulu fyrirtæki, ef þau áframsenda gögn til þriðja aðila, i. beita meginreglunum um tilkynningarskyldu og valfrelsi og ii. ef persónuupplýsingar eru áframsendar til þriðja aðila sem kemur fram sem umboðsaðili, ganga úr skugga um að umboðsaðilinn sé skuldbundinn til að veita a.m.k. sömu vernd og krafist er í meginreglunum.
- f. Fyrirtæki verða að beita meginreglum friðhelgisamkomulagsins á allar persónuupplýsingar sem þau taka á móti frá Evrópusambandinu samkvæmt friðhelgisamkomulaginu. Sú skuldbinding að gangast undir meginreglur friðhelgisamkomulagsins gildir án tímatakmarkana þegar um er að ræða persónuupplýsingar sem er tekið við á því tímabili sem fyrirtæki nýtur hagræðis af friðhelgisamkomulaginu. Skuldbinding fyrirtækis merkir að það muni halda áfram að beita meginreglunum á slíkar upplýsingar svo lengi sem það geymir, notar eða dreifir þeim, jafnvel þótt það hætti síðar þátttöku í friðhelgisamkomulaginu af einhverjum ástæðum. Fyrirtæki sem segir sig frá friðhelgisamkomulaginu en sem vill halda slíkum upplýsingum eftir þarf að staðfesta árlega hjá ráðuneytinu að það muni halda áfram að beita meginreglunum eða vernda upplýsingarnar á „fullnægjandi“ hátt með öðrum leiðum (t.d. með samningi sem endurspeglar að fullu kröfur viðeigandi fastra sammingsákvæða sem eru samþykkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins), að öðrum kosti verður fyrirtækið að skila upplýsingunum eða eyða þeim. Fyrirtæki sem segir sig frá friðhelgisamkomulaginu verður að fjarlægja af viðeigandi persónuverndarstefnu sinni allar tilvísanir í samkomulagið sem gefa í skyn að fyrirtækið sé áfram virkur þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu og eigi rétt á hagræði af því.
- g. Fyrirtæki, sem hættir að vera til sem sérstakur lögaðili vegna samruna eða yfirtöku, verður að tilkynna ráðuneytinu um það fyrir fram. Í tilkynningunni skal einnig koma fram hvort fyrirtækið, sem yfirtekur annað fyrirtæki, eða fyrirtækið, sem verður til við samruna, muni i. halda áfram að vera bundið af meginreglum friðhelgisamkomulagsins á grundvelli laga sem gilda um yfirtöku eða samruna, eða ii. velja á milli þess að votta sjálft að það gangist undir meginreglur samkomulagsins eða setja í staðinn aðrar verndarráðstafanir, svo sem skriflegan samning sem tryggir að farið sé eftir meginreglum friðhelgisamkomulagsins. Ef hvorki i. eða ii. á við verður þegar í stað að eyða öllum persónuupplýsingum sem hefur verið aflað í skjóli friðhelgisamkomulagsins.
- h. Þegar fyrirtæki hættir þátttöku í friðhelgisamkomulaginu, af hvaða ástæðu sem vera skal, verður það að fjarlægja allar yfirlýsingar sem gefa í skyn að fyrirtækið sé áfram þátttakandi í samkomulaginu eða eigi rétt á hagræði af því. Einnig verður að fjarlægja gæðamerki samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjana til varnar friðhelgi einkalífsins, sé það notað. Alríkisviðskiptastofnunin eða önnur viðeigandi stjórnarstofnun getur gripið til aðgerða gagnvart fyrirtæki sem staðhæfir ranglega að það hafi gengist undir meginreglur friðhelgisamkomulagsins. Grípa má til aðgerða gegn fyrirtæki sem hefur í frammi rangar staðhæfingar gagnvart viðskiptaráðuneytinu samkvæmt False Statements Act (18 U.S.C. § 1001).

7. Sannprófun

- a. Fyrirtæki verða að beita eftirfylgniaðgerðum til að sannprófa að vottanir og yfirlýsingar þeirra um starfshætti sína við að beita reglum friðhelgisamkomulagsins er varða friðhelgi einkalífsins séu réttar og slíkir starfshættir verið viðhafðir á þann hátt sem gefið er til kynna og í samræmi við meginreglur friðhelgisamkomulagsins.
- b. Til að uppfylla sannprófunarkröfur í meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð verður fyrirtæki að sannprófa slíkar vottanir og yfirlýsingar, annaðhvort með sjálfsmati eða með athugunum aðila utan fyrirtækisins á að meginreglum hafi verið hlítt.
- c. Ef sjálfsmatsleiðin er farin verður slík sannprófun að gefa til kynna að auglýst persónuverndarstefna fyrirtækisins með tilliti til persónuupplýsinga sem berast frá Evrópusambandinu sé nákvæm, heildstæð, sett fram á áberandi hátt, framkvæmd til fulls og auðvelt að fá aðgang að henni. Einnig skal sannprófun leiða í ljós að persónuverndarstefna þess sé í samræmi við meginreglur friðhelgisamkomulagsins, að einstaklingar fái upplýsingar um meðferð kvörtunarmála á vegum fyrirtækisins sjálfs og um óháða aðila þar sem hægt er að leggja fram kvartanir, að til séu aðferðir til að þjálfa starfsmenn við framkvæmdina og að tekið sé á því ef þeir nota þær ekki og að fyrir hendi sé fyrirkomulag innan fyrirtækisins til að gera reglubundið hlutlæga athugun á því hvort farið sé eftir framansögðu. Að minnsta kosti einu

sinni á ári skal aðili í ábyrgðarstöðu í fyrirtækinu eða annar fulltrúi þess undirrita yfirlýsingu um að sjálfsmatið hafi verið sannreynt og hafa hana tiltæka fyrir einstaklinga sem óska eftir því eða í tengslum við rannsókn eða kvörtun um að ekki sé farið að reglum.

- d. Þegar fyrirtæki kys að utanaðkomandi aðili athugi fylgni fyrirtækisins við meginreglurnar skal slík athugun leiða í ljós að persónuverndarstefna þess, með tilliti til persónuupplýsinga sem berast frá Evrópusambandinu, sé í samræmi við meginreglur friðhelgisamkomulagsins, að farið sé eftir þeim reglum og að einstaklingar séu upplýstir um eftir hvaða leiðum þeir geta borið fram kvartanir. Við athugun má beita ótakmarkað aðferðum á borð við endurskoðun, slembiathuganir, notkun „tálbeitu“ eða notkun tæknibúnaðar eftir því sem við á. Að minnsta kosti einu sinni á ári skal eftirlitsaðili, aðili í ábyrgðarstöðu í fyrirtækinu eða annar viðurkenndur fulltrúi þess undirrita yfirlýsingu þar sem staðfest er að utanaðkomandi athugun á reglufylgni hafi farið fram og hafa hana tiltæka fyrir einstaklinga sem óska eftir því eða í tengslum við rannsókn eða kvörtun um að ekki sé farið að reglum.
- e. Fyrirtæki skulu halda skrá yfir starfshætti sína við að framfylgja reglum friðhelgisamkomulagsins og hafa hana tiltæka, samkvæmt beiðni, í sambandi við rannsókn eða kvörtun fyrir óháðan aðila sem rannsakar kvartanir um að ekki sé farið eftir reglum eða fyrir það yfirvald sem hefur lögsögu í málum sem varða óheiðarlega eða villandi viðskiptahætti. Fyrirtæki þurfa líka að svara skjótt fyrirspurnum ráðuneytisins og öðrum beiðnum þess um upplýsingar í sambandi við fylgni fyrirtækisins við meginreglurnar.

8. Aðgangur

a. Meginreglan um aðgang í reynd

- i. Samkvæmt meginreglum friðhelgisamkomulagsins er aðgangsrétturinn grundvallaratriði að því er varðar vernd einkalífsins. Einkum veitir hann einstaklingum færi á að sannreyna hvort upplýsingar um þá séu réttar. Meginreglan um aðgang þýðir að einstaklingar hafi rétt til:
1. að fá staðfestingu frá fyrirtæki á því hvort vinnsla persónuupplýsinga um þá fari fram hjá fyrirtækinu ⁽¹⁾,
 2. að láta senda þeim slík gögn svo þeir geti sannreynt hvort þau eru rétt og hvort vinnslan er lögmæt og
 3. að láta leiðrétt gögnin, breyta þeim eða eyða ef þau eru röng eða vinnsla þeirra brýtur í bága við meginreglurnar.
- ii. Einstaklingar þurfa þó ekki að færa rök fyrir beiðni um aðgang að persónuupplýsingum um þá sjálfa. Þegar fyrirtæki bregðast við beiðni einstaklings um aðgang ættu þau fyrst að huga að ástæðu beiðninnar. Ef beiðni um aðgang er til dæmis óljós eða umfangsmikil getur fyrirtækið rætt við einstaklinginn til að skilja betur ástæðu beiðninnar og til að auðvelda leitina að umbeðnum upplýsingum. Fyrirtækið getur hugsanlega leitað svara við því hvaða deildir þess einstaklingurinn hefur haft samskipti við eða um eðli upplýsinganna eða þau not sem eru tilefni aðgangsbeiðninnar.
- iii. Í samræmi við meginregluna um aðgang skulu fyrirtæki jafnan leitast við að veita aðgang. Ef vernda þarf t.d. tiltekna upplýsingar og auðvelt er að aðskilja þær frá öðrum persónuupplýsingum sem beðið er um aðgang að skal fyrirtækið skilja vernduðu upplýsingarnar frá og veita aðgang að hinum upplýsingunum. Ef fyrirtæki ákveður að takmarka skuli aðgang í einhverju tilviki skal það gefa einstaklingnum, sem biður um aðgang, skýringu á því hvers vegna sú ákvörðun var tekin og upplýsa hann um það hvert hann getur snúið sér með frekari fyrirspurnir.

b. Álag eða kostnaður við að veita aðgang

- i. Heimilt er að takmarka aðgang að persónuupplýsingum í undantekningartilvikum ef lögmætur réttur annarra en einstaklingsins er brotinn eða ef fyrirhöfnin og kostnaðurinn við að veita aðgang, í því tilviki sem um er að ræða, væri í engu samræmi við hættuna á að réttur einstaklings til friðhelgi einkalífsins sé brotinn. Kostnaður og aukid álag eru þýðingarmiklir þættir sem taka þarf tillit til en þeir ráða ekki úrslitum þegar ákveða þarf hvort sanngjarnt sé að veita aðgang.

(1) Fyrirtækið ætti að svara fyrirspurnum einstaklings um tilgang vinnslunnar, hvaða gagnaflokka er um að ræða og viðtakendur eða flokka viðtakenda sem gögnin eru birt.

- ii. Ef persónuupplýsingarnar eru til dæmis notaðar í tengslum við ákvarðanir, sem hafa mikla þýðingu fyrir einstaklinginn (t.d. um synjun eða veitingu mikilvægra gæða, svo sem trygginga, láns eða atvinnu), þyrfti fyrirtækið, í samræmi við önnur ákvæði í þessum viðbótarmeginreglum, að afhenda þessar upplýsingar þótt það hafi í för með sér tiltölulega mikla fyrirhöfn eða kostnað. Ef persónuupplýsingarnar sem beðið er um eru ekki viðkvæmar eða ekki notaðar í tengslum við ákvarðanir sem hafa mikla þýðingu fyrir einstaklinginn en auðvelt er og ódýrt að afla þeirra, verður fyrirtækið að veita aðgang að slíkum upplýsingum.
- c. Viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál
- i. Viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál eru upplýsingar sem fyrirtæki hefur gert ráðstafanir til að verði ekki afhentar ef samkeppnisaðili á markaðinum hefði hag af því. Fyrirtæki getur synjað um aðgang eða takmarkað hann ef hætta er á að það ljóstri upp sínum eigin viðskiptaupplýsingum sem eru trúnaðarmál, til dæmis ályktunum varðandi markaðssetningu og flokkun, eða viðskiptaupplýsingum annarra fyrirtækja, sem eru trúnaðarmál, þegar slíkar upplýsingar eru háðar sammingsbundnum skyldum um trúnað.
 - ii. Ef auðvelt er að aðskilja viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál frá öðrum upplýsingum, sem beðið er um aðgang að, ætti fyrirtækið að skilja þær frá og veita aðgang að þeim upplýsingum sem ekki eru trúnaðarmál.
- d. Skipulag gagnagrunna
- i. Fyrirtæki getur veitt einstaklingi aðgang með því að afhenda honum viðkomandi persónuupplýsingar og þarf ekki að veita honum aðgang að gagnagrunni sínum.
 - ii. Einungis þarf að veita aðgang að því marki sem fyrirtækið geymir persónuupplýsingarnar. Meginreglan um aðgang skuldbindur ekki fyrirtæki til að geyma, viðhalda, endurskipuleggja eða ummóta skrár með persónuupplýsingum.
- e. Takmörkun aðgangs
- i. Þar sem fyrirtæki þurfa alltaf að gera sér far um að veita einstaklingum aðgang að persónuupplýsingum um þá eru þær aðstæður, þar sem fyrirtækin geta sett hömlur við slíkum aðgangi, takmarkaðar og verður að hafa sérstakar ástæður til þess að synja um aðgang. Á sama hátt og samkvæmt tilskipuninni getur fyrirtæki takmarkað aðgang að upplýsingum að því marki að líklegt er að birting þeirra stangist á við vernd þýðingarmikilla almennra hagsmuna svo sem þjóðaröryggis, landvarna eða almannaoöryggis. Einnig er hægt að synja um aðgang ef vinnsla persónuupplýsinga er eingöngu vegna rannsókna eða í tölfræðilegum tilgangi. Aðrar ástæður synjunar eða takmörkunar á aðgangi:
 - 1. eru inngrip í framkvæmd eða framfylgd laganna eða í tengslum við rekstur einkamála, þar á meðal að fyrirbyggja, rannsaka eða koma upp um brot eða að því er varðar réttinn til réttlátrar dómsmeðferðar,
 - 2. eru afhending upplýsinga þar sem gengið yrði á lögmatan rétt eða mikilvæga hagsmuni annarra,
 - 3. eru brot á löglegum eða öðrum faglegum forrættindum eða skyldum,
 - 4. valda erfiðleikum við öryggiseftirlit sem varðar starfsmenn eða meðferð kvörtunarmála eða í tengslum við áætlanir um röðun starfsmanna og endurskipulagningu félaga eða
 - 5. raska trúnaði sem er nauðsynlegur í tengslum við vöktun, eftirlit eða stjórnunarstörf í tengslum við trausta efnahags- eða fjárhagsstjórnun eða við væntanlegar eða yfirstandandi samningaviðræður sem varða fyrirtækið.
 - ii. Sönnunarbyrðin hvílir á fyrirtæki sem áskilur sér rétt til að neita um aðgang eða takmarka hann á grundvelli nauðsynjar og upplýsa ætti einstaklinga um ástæður synjunar eða takmörkunar á aðgangi og hvert þeir geta snúið sér með frekari fyrirspurnir.

f. Réttur til staðfestingar og kröfu um gjald til að standa straum af kostnaði við að veita aðgang

- i. Einstaklingur á rétt á að fá staðfestingu á því hvort fyrirtækið hafi persónuupplýsingar um hann undir höndum. Einstaklingur á einnig rétt á því að fá tilkynningu um persónuupplýsingar um hann. Fyrirtæki er heimilt að krefjast hóflegs gjalds.
- ii. Það kann t.d. að vera réttlætandi að krefjast gjalds ef beiðnir um aðgang eru augljóslega óhóflegar, einkum vegna þess að þær eru endurteknar.
- iii. Ekki er hægt að synja um aðgang á grundvelli kostnaðar ef hlutaðeigandi býðst til að greiða kostnaðinn.

g. Endurteknar eða tilefnislausar beiðnir um aðgang

Fyrirtæki getur sett því eðlileg takmörk hve oft það svarar beiðni frá tilteknum einstaklingi á tilteknu tímabili. Þegar fyrirtækið setur slíkar takmarkanir skal það taka mið af þáttum eins og hve oft upplýsingar eru uppfærðar, í hvaða tilgangi þær eru notaðar og hvers eðlis þær eru.

h. Sviksamlegar beiðnir um aðgang

Fyrirtæki þarf ekki að veita aðgang nema það fái nægar upplýsingar til að geta staðfest hver það er sem leggur fram beiðnina.

i. Svarfrestur

Fyrirtæki ættu að svara beiðnum innan hæfilegs frests, með viðeigandi hætti og á formi sem er auðskilið fyrir einstaklinginn. Fyrirtæki sem veitir skráðum einstaklingum upplýsingar með reglulegu millibili er heimilt að verða við beiðni einstaklings um aðgang í tengslum við venjubundna afhendingu upplýsinga ef það veldur ekki óhóflegum drætti.

9. Gögn um starfsmenn

a. Umfang friðhelgisamkomulagsins

- i. Þegar fyrirtæki í Evrópusambandinu flytur persónuupplýsingar, sem það hefur safnað um starfsmenn sína (núverandi eða fyrrverandi) í tengslum við ráðningu þeirra, til móðurfyrirtækis eða fyrirtækis í eignartengslum eða án eignartengsla, sem veitir þjónustu í Bandaríkjunum og er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, gildir það samkomulag um flutning gagnanna. Í þeim tilvikum verður öflun upplýsinganna og vinnsla þeirra áður en flutningur á sér stað að vera í samræmi við landslög í því landi Evrópusambandsins þar sem þeim var safnað og öll skilyrði eða takmarkanir á flutningi þeirra samkvæmt þeim lögum virt.
- ii. Meginreglur friðhelgisamkomulagsins eiga aðeins við þegar persónugreinanlegar upplýsingar eru fluttar eða skoðaðar. Tölfræðiskýrslur sem byggja á gagnasafni um starfsráðningar og innihalda engar persónuupplýsingar eða notkun nafnlausra gagna falla ekki undir friðhelgi einkalífsins.

b. Beiting meginreglnanna um tilkynningarskyldu og valfrelsi

- i. Bandarískt fyrirtæki sem hefur tekið við upplýsingum um starfsmenn frá Evrópusambandinu samkvæmt friðhelgisamkomulaginu getur einungis afhent þær þriðja aðila eða notað þær í öðrum tilgangi ef það er gert í samræmi við meginreglurnar um tilkynningarskyldu og valfrelsi. Ef bandarískt fyrirtæki ætlar til dæmis að nota persónuupplýsingar, sem er safnað í tengslum við starfsráðningar, í einhverjum þeim tilgangi sem ekki tengist starfsráðningum, til dæmis í tengslum við markaðssetningu, verður það að gefa einstaklingunum, sem upplýsingarnar varða, kost á vali áður en það er gert nema þeir hafi áður heimilað að upplýsingarnar verði notaðar í þeim tilgangi. Slík notkun má ekki vera ósamrýmanleg þeim tilgangi sem fyrirhugaður var þegar þeim var safnað eða einstaklingurinn veitti leyfi fyrir síðar. Valfrelsi starfsmanns má ekki nota þannig að ráðningarmöguleikar hans séu takmarkaðir eða til að refsa honum á neinn hátt.

- ii. Rétt er að benda á að tiltekin skilyrði, sem gilda almennt um flutning frá sumum aðildarríkjum Evrópusambandsins, geta útilokað aðra notkun slíkra upplýsinga, jafnvel eftir að þær hafa verið fluttar út úr Evrópusambandinu, og slík skilyrði ber að virða.
- iii. Vinnuveitendur skulu enn fremur leggja sig fram um að koma til móts við óskir starfsmanna um friðhelgi einkalífsins. Þetta felur til dæmis í sér takmarkaðan aðgang að persónuupplýsingum, nafnleysi tiltekinna gagna eða notkun kóða eða dulnefna þegar ekki er nauðsynlegt að nota réttu nöfnin við þá vinnslu sem um er að ræða.
- iv. Fyrirtæki þarf ekki að gefa kost á tilkynningu og valfrelsi að því marki og í þann tíma sem nauðsynlegur er til að komast hjá því að geta fyrirtækis skerðist að því er varðar stöðuhækkunar, stöðuveitingar eða aðrar ákvarðanir í tengslum við ráðningar.

c. Beiting meginreglunnar um aðgang

Viðbótarmeginreglan um aðgang veitir leiðbeiningar um ástæður sem geta réttlætt synjun eða takmörkun aðgangs sem beðið er um í tengslum við starfsmannaupplýsingar. Vinnuveitendur í Evrópusambandinu skulu að sjálfsgöðu fara eftir innlendum reglum og sjá til þess að starfsmenn í Evrópusambandinu hafi aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt lögum í heimalöndum þeirra án tillits til þess hvar gögnin eru unnin og geymd. Samkvæmt friðhelgisamkomulaginu skal fyrirtæki, sem vinnur úr slíkum gögnum í Bandaríkjunum, hafa samstarf um að veita aðgang, annaðhvort beint eða með milligöngu vinnuveitanda í Evrópusambandinu.

d. Framfylgd

- i. Að svo miklu leyti sem persónuupplýsingar eru eingöngu notaðar í tengslum við ráðningu starfsmanna liggur ábyrgðin á gögnum um starfsmanninn fyrst og fremst hjá fyrirtækinu í Evrópusambandinu. Af því leiðir að þegar evrópskir starfsmenn leggja fram kvartanir vegna brots á rétti þeirra til persónuverndar, og eru ekki ánægðir með niðurstöður málsmeðferðar við innra eftirlit, kvartanir og framvísun (eða annarrar málsmeðferðar sem er beitt við kvörtunarmál samkvæmt samningi við stéttarfélag), skal þeim beint til persónuverndar ríkisins eða yfirvalds sem hefur lögsögu í atvinnumálum á þeim stað þar sem starfsmaðurinn vinnur. Þetta gildir í tilvikum þar sem meint misnotkun á persónuupplýsingum um þá er á ábyrgð bandaríks fyrirtækis, sem hefur fengið upplýsingarnar frá vinnuveitandanum og er þess vegna meint brot á meginreglum friðhelgisamkomulagsins. Þetta er skilvirk aðferð til að meðhöndla réttindi og skyldur sem oft skarast og eru ákveðin í vinnulöggjöf og kjarasamningum og einnig í lögum um persónuvernd.
- ii. Bandarískt fyrirtæki, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu og notar starfsmannaupplýsingar frá Evrópusambandinu, sem eru fluttar þaðan í tengslum við starfsráðningar, og óskar eftir því að friðhelgisamkomulagið taki til þess flutnings, verður því að skuldbinda sig til að eiga samstarf um rannsóknir við þar til bær yfirvöld í Evrópusambandinu og fara að ráðum þeirra um þau mál.

e. Beiting meginreglunnar um ábyrgðarskyldu við framsendingu

Þegar um er að ræða tilfallandi rekstrarlegar þarfir fyrirtækis, sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, sem tengjast starfsmannahaldi að því er tekur til persónuupplýsinga sem eru fluttar samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, s.s. vegna pöntunar á flugi eða hótalgistingu eða váttryggingaverndar, má senda ábyrgðaraðilum persónuupplýsingar um lítinn fjölda starfsmanna án þess að meginreglunni um aðgang sé beitt eða samningur sé gerður við þriðja aðila sem kemur fram sem ábyrgðaraðili, eins og annars er krafist samkvæmt meginreglunni um ábyrgðarskyldu við framsendingu, að því tilskildu að fyrirtækið sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu hafi farið að meginreglunum um tilkynningarskyldu og valfrelsi.

10. Skyldubundnir samningar um framsendingu

a. Samningar á sviði gagnavinnslu

- i. Þegar gögn eru flutt frá Evrópusambandinu til Bandaríkjana til vinnslu eingöngu er þess krafist að gerður sé samningur, án tillits til þess hvort sá sem vinnur úr gögnunum er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu.

ii. Ábyrgðaraðilar gagna í Evrópusambandinu þurfa alltaf að gera samning þegar gögn eru flutt til vinnslu eingöngu, hvort sem vinnslan fer fram innan eða utan Evrópusambandsins og hvort sem vinnsluaðilinn tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu eða ekki. Tilgangur samnings er að ganga úr skugga um að vinnsluaðilinn:

1. aðhafist ekkert án fyrirsmála frá ábyrgðaraðilanum,
2. geri viðeigandi, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn eyðingu eða tapi af slysi eða gegn ólöglegri eyðingu, breytingum, óheimilli afhendingu eða aðgangi og skilji hvort framsending sé heimil og
3. að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar, aðstoði ábyrgðaraðilann við að svara einstaklingum sem neyta réttar síns samkvæmt meginreglunum.

iii. Þar eð þeir sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu veita næga vernd þarf ekki að fá fyrirframleyfi fyrir samningum við þá ef þeir snerta eingöngu vinnslu upplýsinga (eða slík leyfi fást sjálfkrafa afgreidd hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins) þótt þess þurfi vegna samninga við viðtakendur sem eiga ekki aðild að friðhelgisamkomulaginu eða veita ekki fullnægjandi vernd á annan hátt.

b. Flutningur innan samstæðu fyrirtækja eða eininga undir sömu stjórn

Þegar persónuupplýsingar eru fluttar milli tveggja ábyrgðaraðila í samstæðu fyrirtækja eða eininga undir sömu stjórn er ekki alltaf þörf á samningi í samræmi við meginregluna um ábyrgðarskyldu við framsendingu. Ábyrgðaraðilar gagna í samstæðu fyrirtækja eða eininga undir sömu stjórn geta byggt þessa flutninga á öðrum stjórnartækjum, s.s. bindandi fyrirtækjareglum Evrópusambandsins eða öðrum stjórnartækjum innan samstæðu (t.d. áætlunum um reglufylgni og eftirlit), sem tryggja áframhaldandi vernd persónuupplýsinga samkvæmt meginreglunum. Við slíkan flutning ber fyrirtækið, sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu, áfram ábyrgð á að meginreglunum sé fylgt.

c. Flutningur milli ábyrgðaraðila

Þegar um er að ræða flutning milli ábyrgðaraðila er ekki nauðsynlegt að sá ábyrgðaraðili sem er viðtakandi gagnanna sé fyrirtæki sem tekur þátt í friðhelgisamkomulaginu eða að hann hafi yfir að ráða óháðu málskotskerfi. Fyrirtækið sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu þarf að gera samning við þriðja aðila sem kemur fram sem ábyrgðaraðili og er viðtakandi gagnanna, sem veitir sömu vernd og er fyrir hendi samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, þar sem ekki er krafa um að ábyrgðaraðili á vegum þriðja aðila sé fyrirtæki sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu eða hafi yfir að ráða óháðu málskotskerfi, að því tilskildu að hann hafi jafngilt kerfi tiltækilegt.

11. Lausn deilumála og framfylgd

- a. Í meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð eru settar fram kröfur um framfylgd friðhelgisamkomulagsins. Í viðbótarmeginreglunni um sannpröfun kemur fram hvernig skuli uppfylla kröfurnar í ii. lið a-liðar meginreglunnar. Í þessari viðbótarmeginreglu er fjallað um i. og iii. lið a-liðar en í báðum liðunum er gerð krafa um óháð málskotskerfi. Þessir aðilar geta haft mismunandi kerfi en þeir verða að uppfylla kröfur meginreglunnar um málskot, framfylgd og bótaábyrgð. Fyrirtæki fullnægja kröfunum með eftirfarandi hætti: með því i.: að fylgja áætlunum um friðhelgi einkalífsins, sem hafa verið þróaðar innan einkageirans og fela í sér meginreglur friðhelgisamkomulagsins og skilvirk kerfi til framfylgdar af þeirri gerð sem er lýst í meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð, ii. að fylgja reglum eftirlitsyfirvalda sem eru til þess bær samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum að taka einstakar kvartanir til meðferðar og leysa deilumál eða iii. að skuldbinda sig til að eiga samstarf við persónuverndaryfirvöld sem eru staðsett í Evrópusambandinu eða réttbæra fulltrúa þeirra.
- b. Þessari upptalningu er ætlað að vera lýsandi en ekki takmarkandi. Einkaaðilar geta útfært önnur kerfi fyrir framfylgd svo fremi að þau séu í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð og í viðbótarmeginreglunum. Bent er á að kröfur meginreglunnar um málskot, framfylgd og bótaábyrgð

koma til viðbótar kröfum um að draga megi fyrirtæki til ábyrgðar vegna sjálfseftirlits skv. 5. þætti í Federal Trade Commission Act, þar sem kveðið er á um bann við óheiðarlegri og villandi háttsemi eða samkvæmt öðrum lögum eða reglum sem banna slíka háttsemi.

- c. Til þess að auðveldara verði að tryggja fylgni við skuldbindingar fyrirtækja og óháðra málskotskerfa á vegum þeirra samkvæmt friðhelgisamkomulaginu og styðja stjórnun áætlunarinnar þurfa þau að veita upplýsingar sem varða friðhelgisamkomulagið þegar ráðuneytið óskar eftir því. Að auki þurfa fyrirtæki að svara skjótt kærur sem varða fylgni þeirra við meginreglurnar og persónuverndaryfirvöld vísa til þeirra fyrir milligöngu ráðuneytisins. Í svarinu skal tilgreina hvort kvörtunin er réttmæt og, ef svo er, hvernig fyrirtækið muni ráða bót á vandanum. Ráðuneytið mun gæta leyndar um upplýsingar sem það fær í samræmi við bandarísk lög.

d. Málskotskerfi

- i. Hvetja ætti neytendur til að bera fram þær kærur sem þeir kunna að hafa við viðkomandi fyrirtæki áður en haldið er áfram með kærana í óháðu málskotskerfi. Fyrirtæki verða að svara neytanda innan 45 daga frá því að þeim berst kvörtun. Hægt er að sýna á ýmsa vegu að málskotskerfi geti talist óháð, til dæmis með því að sýna fram á óhlutdrægni, gagnsæja samsetningu og fjármál og staðfesta reynslu. Eins og kveðið er á í meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð skulu einstaklingar eiga greiðan aðgang að málskotskerfum án endurgjalds. Aðilar, sem annast lausn deilumála, ættu að athuga allar kvartanir sem berast frá einstaklingum nema þær séu augljóslega tilefnislausar eða lítilvægar. Þetta kemur ekki í veg fyrir að fyrirtækið sem starfrækir málskotskerfið geti sett skilyrði fyrir því að taka við kvörtunum, en slík skilyrði skulu vera gagnsæ og á rökum reist (t.d. til að útiloka kvartanir sem falla utan gildissviðs áætlunarinnar eða sem skoða skal á öðrum vettvangi) og ættu ekki að hafa þau áhrif að draga úr skyldunni að athuga lögmætar kvartanir. Auk þess skulu málskotskerfin veita einstaklingum ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar um málsmeðferð við lausn deilumála þegar þeir leggja fram kærur. Í þeim upplýsingum ætti að gera grein fyrir starfsháttum kerfisins að því er varðar friðhelgi einkalífsins í samræmi við meginreglur friðhelgisamkomulagsins. Þau ættu einnig að starfa saman að þróun, til að mynda staðlaðra eyðublaða fyrir kvartanir til að auðvelda ferlið til lausnar kvörtunarmálum.
- ii. Á vefsetrum óháðra málskotskerfa þurfa að vera upplýsingar um meginreglur friðhelgisamkomulagsins og þjónustuna sem veitt er samkvæmt samkomulaginu. Í upplýsingunum skal eftirfarandi koma fram: 1) upplýsingar um, eða tengill á, kröfur meginreglna friðhelgisamkomulagsins um óháð málskotskerfi, 2) tengill á vefsetur ráðuneytisins um friðhelgisamkomulagið, 3) útskýring á því að þjónusta þeirra til lausnar deilumálum samkvæmt friðhelgisamkomulaginu sé einstaklingum að kostnaðarlausu, 4) lýsing á því hvernig sé hægt að leggja fram kvörtun sem varðar friðhelgisamkomulagið, 5) tímamörk fyrir meðferð kvartana sem varða friðhelgisamkomulagið og 6) lýsing á mögulegum úrbótum.
- iii. Óháð málskotskerfi þurfa að birta árlega skýrslu þar sem veittar eru samanteknar tölfræðilegar upplýsingar um þjónustu þeirra til lausnar á deilumálum. Í ársskýrslunni skal koma fram: 1) heildarfjöldi kvartana, sem varða friðhelgisamkomulagið, sem bárust á skýrslugjafarárinu, 2) hvers konar kvartanir hafa borist, 3) ráðstafanir til að bæta lausn deilumála, s.s. lengd tímans við meðferð kvörtunarmála og 4) niðurstöður kvörtunarmála sem bárust, einkum fjöldi og tegund ráðstafana til úrbóta eða viðurlaga sem lögð voru á.
- iv. Eins og fram kemur í I. viðauka stendur einstaklingi sá möguleiki til boða að vísa málinu til gerðardóms til að ákvarða, vegna eftirstæðrar kröfu, hvort fyrirtæki, sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt meginreglum friðhelgisamkomulagsins gagnvart téðum einstaklingi og hvort slíkt brot er óbætt að fullu eða að hluta. Þessi möguleiki stendur aðeins til boða í þessum tilgangi. Þessi möguleiki stendur t.d. ekki til boða að því er varðar undantekningar frá meginreglunum ⁽¹⁾ eða vegna staðhæfingar sem tengist því hvort vernd friðhelgisamkomulagsins sé fullnægjandi. Samkvæmt þessum gerðardómsmöguleika hefur gerðardómur friðhelgisamkomulagsins (sem samanstendur af einum eða þremur gerðardómsmönnum, samkvæmt samkomulagi málsaðila) eingöngu vald til að grípa til einstaklingsbundinna, ópeningalegra, sanngjarnra aðgerða til úrbóta (þ.m.t. aðgangur, leiðrétting, eyðing eða skil á viðkomandi gögnum um einstaklinginn) sem nauðsynlegar eru til að bæta fyrir brotið gegn meginreglunum, að því er varðar viðkomandi einstakling. Einstaklingar og fyrirtæki sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu hafa möguleika til að óska úrskurðar dómstóla og framfylgdar á ákvörðunum gerðardóms samkvæmt bandarískum lögum í samræmi við Federal Arbitration Act.

⁽¹⁾ Þáttur I.5 í meginreglunum.

e. Úrræði og viðurlög

Úrræði aðilans, sem sér um lausn deilumála, ættu að verða til þess að fyrirtækið snúi til hins betra eða leiðrétti afleiðingar þess að það fór ekki eftir reglum, eftir því sem ástæða er til, og að vinnsla fyrirtækisins verði framvegis í samræmi við meginreglurnar og, þegar við á, að vinnsla persónuupplýsinga um einstaklinginn, sem leggur fram kvörtunina, verði hætt. Viðurlög skulu vera nægilega ströng til að tryggja að fyrirtæki fari eftir meginreglunum. Aðilum, sem sjá um lausn deilumála, mun standa til boða röð misstrangra viðurlaga til að bregðast á réttan hátt við misalvarlegum brotum á reglufylgni. Viðurlög ættu að geta bæði falið í sér að það sé gert opinbert ef ekki hefur verið farið eftir reglum og, við tiltekna aðstæður, fyrirmæli um að eyða gögnum⁽¹⁾. Í öðrum viðurlögum getur falist að viðurkenning fyrirtækisins sé felld niður, tímabundið eða endanlega, að bætur séu greiddar til einstaklinga vegna skaða sem þeir verða fyrir í kjölfar þess að ekki er farið eftir reglum og úrskurði um lögðann. Aðilar sem sjá um lausn deilumála af hálfu einkafyrirtækja og sjálfseftirlitsaðilar verða að tilkynna það til stjórnarstofnunar, sem hefur lögsögu í málinu, ef fyrirtæki sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu fara ekki eftir úrskurðum þeirra eða til dómstóla, eftir því sem við á, og til ráðuneytisins.

f. Aðgerðir af hálfu Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna

Alríkisviðskiptastofnunin hefur skuldbundið sig til að veita forgang málum, sem varða meint brot á meginreglunum, sem vísað er til þeirra af: i. sjálfseftirlitsaðilum sem starfa á sviði friðhelgi einkalífsins og öðrum óháðum aðilum sem sjá um lausn deilumála, ii. aðildarríkjum Evrópusambandsins og iii. ráðuneytinu, til að ákvarða hvort um brot sé að ræða á 5. þætti Federal Trade Commission Act þar sem bann er lagt við óheiðarlegum og villandi viðskiptaháttum. Ef Alríkisviðskiptastofnunin hefur ástæðu til að ætla að um brot sé að ræða á ákvæðum 5. þáttar getur hún leyst málið með því að fara fram á stjórnslubann við þeim starfsháttum sem kærðir hafa verið eða með því að leggja fram kærú í alríkisundirrétti sem, ef hún nær fram að ganga, getur leitt til sömu niðurstöðu alríkisdómstóls. Þetta tekur til rangra fullyrðinga um að fyrirtæki, sem eru ekki lengur á skrá yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu eða hafa aldrei lagt fram sjálfvottun hjá ráðuneytinu, fylgi meginreglum samkomulagsins eða taki þátt í því. Alríkisviðskiptastofnunin getur fengið einkamálaréttarleg viðurlög dæmd vegna brota á stjórnslubanni og getur gert kröfu um einkamálaréttarleg eða refsiréttarleg viðurlög á grundvelli vanvirðingar þegar ekki er farið að úrskurði alríkisdómstóls. Alríkisviðskiptastofnunin tilkynnir viðskiptaráðuneytinu um allar slíkar aðgerðir. Ráðuneytið hvetur aðrar ríkisstofnanir til að tilkynna því um lokaniðurstöður slíkra mála sem er skotið til þess eða aðra úrskurði sem ákvarða að gengist skuli undir meginreglur friðhelgisamkomulagsins.

g. Stöðug brot á meginreglum

- i. Ef fyrirtæki brýtur stöðugt meginreglurnar á það ekki lengur rétt á því að njóta hagræðis af friðhelgisamkomulaginu. Ráðuneytið fjarlægir fyrirtæki, sem hafa stöðugt brotið gegn meginreglunum, af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu og verða þau að skila eða eyða persónuupplýsingum sem þau hafa fengið samkvæmt friðhelgisamkomulaginu.
- ii. Um stöðug brot á meginreglum telst vera að ræða þegar fyrirtæki, sem hefur sjálfvottað hjá viðskiptaráðuneytinu neitar að fara eftir lokaniðurstöðu sjálfseftirlitsstofnunar, óháðs aðila sem sér um lausn deilumála eða stjórnarstofnunar eða þegar slík stofnun ákvarðar að fyrirtækið brjóti meginreglurnar svo oft að yfirlýsing þess um að það fari að meginreglum sé ekki lengur trúverðug. Þegar um slíkt er að ræða skal fyrirtækið tafarlaust tilkynna ráðuneytinu um það. Grípa má til aðgerða gegn fyrirtæki, sem rækir ekki þessa skyldu, samkvæmt False Statements Act (18 U.S.C. § 1001). Það að fyrirtæki segir sig frá áætlun í einkageiranum um sjálfseftirlit á sviði friðhelgi einkalífsins eða óháðum aðila sem sér um lausn deilumála leysir það ekki frá skyldu til að fara að meginreglunum og myndi vera stöðugt brot á þeim.
- iii. Ráðuneytið tekur fyrirtæki af skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu í kjölfar tilkynninga sem það fær um stöðug brot á meginreglum, hvort sem þær upplýsingar hafa borist frá fyrirtækinu sjálfu, frá sjálfseftirlitsstofnun um friðhelgi einkalífsins eða óháðum aðila sem sér um lausn deilumála eða stjórnarstofnun, en ekki fyrir það hefur veitt fyrirtækinu, sem hefur brotið reglurnar, 30 daga frest til andsvara. Þannig kemur

(1) Aðilar, sem sjá um lausn deilumála, ákveða sjálfir við hvaða aðstæður þeir beita þessum viðurlögum. Eitt af því sem taka þarf tillit til þegar ákveðið er hvort gerð skuli krafa um að eyða gögnum er það hversu viðkvæm gögnin eru og eins hvort fyrirtækið hefur safnað, notað eða afhent upplýsingarnar í blóru við meginreglur friðhelgisamkomulagsins.

skýrt fram í skránni yfir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, sem ráðuneytið heldur, hvaða fyrirtæki njóta hagræðis af samkomulaginu og hver njóta þess ekki lengur.

- iv. Fyrirtæki sem sækir um þátttöku hjá sjálfseftirlitsstofnun í þeim tilgangi að fá á ný fullgildingu á þátttöku í friðhelgisamkomulaginu verður að veita þeirri stofnun allar upplýsingar um fyrri þátttöku sína í samkomulaginu.

12. Valfrelsi — Tímamörk til að hafna notkun persónuupplýsinga (Opt Out)

- a. Tilgangurinn með meginreglunni um valfrelsi er almennt sá að tryggja að persónuupplýsingar séu notaðar og birtar á þann hátt að það sé í samræmi við væntingar og óskir einstaklingsins. Þannig á einstaklingur hvenær sem er að geta hafnað því (opt-out) að persónuupplýsingar um hann verði notaðar í beinni markaðssetningu með fyrirvara um eðlilegan tímafrest sem fyrirtækið setur, til dæmis til að það fái tíma til að taka slíkt valkerfi í notkun. Fyrirtæki getur einnig krafist þess að fá nægar upplýsingar til að fá staðfest hver einstaklingurinn er sem hafnar markaðssetningu (opt out). Í Bandaríkjunum eiga einstaklingar að geta nýtt sér þennan kost með því að nota miðlægt höfnunarkerfi svo sem þjónustu samtaka fyrirtækja með beina markaðssetningu (Direct Marketing Association's Mail Preference Service). Fyrirtæki sem eru aðilar að samtökum fyrirtækja með beina markaðssetningu skulu koma þessum þjónustukosti á framfæri við viðskiptamenn sem óska ekki eftir því að fá upplýsingar um viðskiptamál. Einstaklingar skulu í öllum tilvikum geta valið á skýran og greinilegan hátt með aðgengilegum aðferðum og án mikils tilkostnaðar.
- b. Á sama hátt getur fyrirtæki notað upplýsingar í tiltekinni beinni markaðssetningu þegar mjög erfitt er að veita einstaklingi tækifæri til að hafna markaðssetningu (opt out) áður en það notar upplýsingarnar en þó því aðeins að fyrirtækið veiti einstaklingnum samtímis tækifæri til, (hvenær sem hann biður um það og honum að kostnaðarlausu), að biðjast undan frekari beinum markaðssetningarsamskiptum og að fyrirtækið fari að óskum einstaklingsins.

13. Ferðaupplýsingar

- a. Upplýsingar um farþegabókanir með flugi og aðrar ferðaupplýsingar, svo sem upplýsingar um tíðar flugferðir, hótelpantanir og sérþarfir á borð við sérstakt fæði af trúarlegum ástæðum eða að þörf sé á aðstoð vegna hreyfihömlunar, má senda til fyrirtækis utan Evrópusambandsins við ýmsar ólíkar aðstæður. Samkvæmt 26. gr. tilskipunarinnar er hægt að flytja persónuupplýsingar „til þriðja lands sem tryggir ekki fullnægjandi vernd í skilningi 2. mgr. 25. gr.“ með því skilyrði að i. það sé nauðsynlegt til að veita þá þjónustu sem viðskiptamaðurinn biður um eða til að fullnægja skilmálum sammings, svo sem sammings um tíðar flugferðir, eða ii. viðskiptamaðurinn hafi gefið ótvírætt samþykki sitt til þess. Bandarísk fyrirtæki, sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, veita fullnægjandi vernd fyrir persónuupplýsingar og mega því taka við gagnasendingum frá Evrópusambandinu þó að þau uppfylli ekki þessi skilyrði eða önnur skilyrði sem eru sett fram í 26. gr. tilskipunarinnar. Þar eð sérstakar reglur um viðkvæmar upplýsingar eru fólgnar í friðhelgisamkomulaginu mega slíkar upplýsingar (sem hugsanlega þarf að afla t.d. í tengslum við þarfir viðskiptamannsins vegna hreyfihömlunar) vera með í gagnasendingum til þátttakenda í friðhelgisamkomulaginu. Fyrirtækið, sem flytur upplýsingarnar, þarf þó ætíð að virða löggin í því aðildarríki Evrópusambandsins þar sem það starfar en þau geta meðal annars kveðið á um sérstök skilyrði fyrir meðferð viðkvæmra gagna.

14. Lyfja- og lækningavörur

- a. Beiting laga aðildarríkja Evrópusambandsins eða meginreglna friðhelgisamkomulagsins

Lög aðildarríkja Evrópusambandsins gilda um söfnun persónuupplýsinganna og alla vinnslu sem fer fram áður en þær eru fluttar til Bandaríkjanna. Meginreglur friðhelgisamkomulagsins gilda um gögnin þegar þau hafa verið flutt til Bandaríkjanna. Gögn sem eru notuð til lyfjarannsóknna og í öðrum tilgangi skulu gerð nafnlaus þegar það á við.

b. Vísindarannsóknir framtíðarinnar

- i. Persónuupplýsingar, sem eru þróaðar í sérstökum læknis- eða lyfjafræðilegum rannsóknum, hafa oft mikla þýðingu í vísindarannsóknum framtíðarinnar. Þegar persónuupplýsingar, sem er safnað vegna tiltekinna rannsókna, eru fluttar til bandaríksk fyrirtækis sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu er fyrirtækinu heimilt að nota gögnin fyrir nýja vísindarannsókn ef farið er eftir meginreglunni um tilkynningarskyldu og valfrelsi við fyrstu notkun. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um öll sérstök fyrirhuguð not af gögnunum, svo sem reglulega eftirfylgni, athuganir á tengdum sviðum eða markaðssetningu.
- ii. Að sjálfsögðu er ekki hægt að tilgreina alla framtíðarnotkun gagnanna þar eð notkun þeirra við nýjar rannsóknir getur byggst á nýrri sýn á upphaflegu gögnunum, nýjum læknisfræðilegum uppgötvunum og framförum, eða þróun á sviði lýðheilsu og heilbrigðislöggjafar. Í tilkynningunni skal því útskýrt, þegar við á, að persónuupplýsingarnar kunni í framtíðinni að verða notaðar í læknis- og lyfjafræðilegum rannsóknum sem ekki er fyrirjáanlegt hverjar verða. Ef persónuupplýsingarnar eru ekki notaðar í samræmi við þann almenna tilgang til rannsókna sem þeim var upphaflega safnað til eða sem einstaklingurinn samþykkti síðar verður að fá nýtt samþykki.

c. Úrsögn úr klínískri rannsókn

Þátttakendur geta hvenær sem er ákveðið eða verið beðnir að draga sig út úr klínískri rannsókn. Halda má áfram vinnslu persónuupplýsinga, sem er safnað áður en þátttakandi dregur sig út úr klínískri rannsókn, ásamt öðrum gögnum sem var safnað vegna rannsóknarinnar, ef hlutaðeigandi hefur verið tilkynnt um það á skýran hátt þegar hann gerðist þátttakandi.

d. Flutningur vegna eftirlits og umsjónar

Fyrirtæki, sem framleiða lyf og lækningatæki, hafa leyfi til að afhenda persónuupplýsingar úr klínískum rannsóknum sem fara fram í Evrópusambandinu til eftirlitsyfirvalda í Bandaríkjunum vegna eftirlits þeirra og umsjónar. Svipaðir flutningar eru leyfðir til annarra aðila en eftirlitsyfirvalda eins og framleiðslufyrirtækja og annarra sem stunda rannsóknir, í samræmi við meginreglurnar um tilkynningarskyldu og valfrelsi.

e. „Blindar“ rannsóknir

- i. Til að tryggja hlutleysi í mörgum klínískum rannsóknum er ekki hægt að veita þátttakendum, og oft ekki rannsakendum, aðgang að upplýsingum um hvaða meðferð hver þátttakandi fær. Væri það gert stefndi það í hættu gildi og niðurstöðum rannsóknarverkefnisins. Ekki þarf að veita þátttakanda í slíkum klínískum rannsóknum (nefndar „blindar“ rannsóknir) aðgang að gögnum um meðferð þeirra meðan á rannsókninni stendur ef þessi takmörkun hefur verið útskýrð þegar þátttakandinn fór í rannsóknina og afhending slíkra upplýsinga myndi stefna í hættu gæðum rannsóknarinnar.
- ii. Samningur um að taka þátt í rannsókn með þessum skilyrðum jafngildir því afsali á réttinum til aðgangs. Eftir að rannsókninni lýkur og greiningar á niðurstöðum hennar liggja fyrir skulu þátttakendur hafa aðgang að gögnum um sjálfa sig ef þeir óska eftir því. Þeir skulu fyrst og fremst leita eftir þeim hjá læknum eða öðru heilsugæslufólki sem meðhöndlaði þá í klínísku rannsókninni eða að öðrum kosti hjá fyrirtækinu sem er ábyrgðaraðili hennar.

f. Öryggi framleiðsluvöru og eftirlit með skilvirkni

Fyrirtæki, sem framleiðir lyf eða lækningatæki, þarf ekki að beita meginreglum friðhelgisamkomulagsins með tilliti til meginreglnanna um tilkynningu, valfrelsi, ábyrgðarskyldu við framsendingu og aðgang í eftirliti sínu með öryggi framleiðsluvörunnar og skilvirkni, þar á meðal til skýrslugerðar um neikvæð áhrif, og skráningar sjúklinga eða þeirra sem nota tiltekin lyf eða lækningatæki, ef fylgni við meginreglurnar er í bága við hlítningu við kröfur eftirlitsyfirvalda. Þetta gildir bæði að því er varðar t.d. skýrslur heilsugæslufólks til fyrirtækja sem framleiða lyf og lækningatæki og skýrslur fyrirtækja sem framleiða lyf og lækningatæki til stjórnarstofnana á borð við Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna.

g. Dulkóðuð gögn

Reglan er sú að yfirmaður rannsóknarinnar dulkóðar rannsóknargögn í upphafi til að ekki komi fram hvaða einstaklinga gögnin eru um. Lyfjafyrirtæki, sem eru verkbeiðendur slíkra rannsókna, fá ekki lykिलinn að kóðanum. Rannsóknaraðilinn er sá eini sem hefur lykिलinn að þessum einkvæma kóða til að hann geti borið kennsl á rannsóknarviðfangið við sérstakar aðstæður (t.d. ef þörf er á áframhaldandi lækni meðferð). Flutningur gagna, sem eru kóðuð á þennan hátt, frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna jafngildir ekki flutningi persónuupplýsinga sem falla undir meginreglur friðhelgisamkomulagsins.

15. Opinberar skrár og upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum

- a. Fyrirtæki verður að beita meginreglum friðhelgisamkomulagsins um öryggi, heilleika gagna og takmörkun vegna tilgangs og um málskot, framfylgd og bótaábyrgð gagnvart persónuupplýsingum frá heimildum sem eru öllum aðgengilegar. Þessar meginreglur gilda einnig um persónuupplýsingar sem safnað er frá opinberum skrá, þ.e. skrár stjórnarstofnana, hvar sem er í stjórnsýslunni, sem almenningur hefur aðgang að.
- b. Ekki er nauðsynlegt að beita meginreglunum um tilkynningu, valfrelsi og ábyrgðarskyldu við framsendingu á opinberar skrár, svo framarlega sem þær eru ekki samtengdar upplýsingum úr óopinberum skrá og svo framarlega sem öll skilyrði um aðgang, sem kveðið er á um í viðkomandi lögsögu, eru virt. Almenn er ekki heldur nauðsynlegt að beita meginreglunum um tilkynningu, valfrelsi og ábyrgðarskyldu við framsendingu á upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum nema evrópski flutningsaðilinn gefi til kynna að slíkar upplýsingar falli undir þess konar takmarkanir að fyrirtækið verði að beita þessum meginreglum við þá notkun sem það hefur í hyggju. Fyrirtæki bera enga ábyrgð á því hvernig þeir, sem fá slíkar upplýsingar úr útgefnu efni, nota upplýsingarnar.
- c. Ef í ljós kemur að fyrirtæki birtir persónuupplýsingar opinberlega af ásettu ráði, andstætt meginreglunum, svo að það eða aðrir geta notið góðs af þessum undantekningum fullnægir það ekki lengur skilyrðum þess að njóta hagræðis af friðhelgisamkomulaginu.
- d. Ekki er nauðsynlegt að beita meginreglunni um aðgang á upplýsingar úr opinberum skrá, svo framarlega sem þær eru ekki samtengdar öðrum persónuupplýsingum (nema þegar upplýsingar í litlu magni eru notaðar til að flokka eða skipuleggja upplýsingar í opinberum skrá), þó verður að uppfylla öll skilyrði sem lögbært yfirvald setur fyrir aðgangi að þeim. Þegar upplýsingar úr opinberum skrá eru samtengdar öðrum upplýsingum úr óopinberum skrá (öðrum en þeim sem eru sérstaklega tilgreindar hér að framan) verður fyrirtæki aftur á móti að veita aðgang að öllum slíkum upplýsingum að því gefnu að þær falli ekki undir aðrar leyfðar undantekningar.
- e. Alveg eins og varðandi upplýsingar úr opinberum skrá er ekki nauðsynlegt að veita aðgang að upplýsingum sem allur almenningur hefur þegar greiddan aðgang svo framarlega sem þær eru ekki samtengdar upplýsingum sem ekki er almennur aðgangur að. Fyrirtæki, sem starfa við sölu upplýsinga sem allir hafa greiddan aðgang að, mega taka það gjald sem þau taka venjulega fyrir svör við beiðnum um aðgang. Einstaklingar geta einnig valið að fá aðgang að upplýsingum um sig frá fyrirtækjunum sem upphaflega tóku þær saman.

16. Beiðnir opinberra yfirvalda um aðgang

- a. Til að stuðla að gagnsæi að því er varðar lögmætar beiðnir opinberra yfirvalda um aðgang að persónuupplýsingum geta fyrirtæki, sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, gefið út gagnsæisskýrslur með reglubundnu millibili um fjölda beiðna, sem þeim berast frá opinberum yfirvöldum, um persónuupplýsingar til framfylgðar lögum eða vegna þjóðaröryggis, að því marki sem slík afhending upplýsinga er heimil samkvæmt gildandi lögum.

- b. Upplýsingar sem fyrirtæki, sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, veita í þessum skýrslum, ásamt upplýsingum frá öryggis- og leyniþjónustustofnun Bandaríkjanna og öðrum upplýsingum, er hægt að nota sem heimildir fyrir árlega sameiginlega endurskoðun á framkvæmd friðhelgisamkomulagsins í samræmi við meginreglurnar.
 - c. Það að ekki hafi borist tilkynning í samræmi við xii. lið a-liðar meginreglunnar um tilkynningarskyldu skal ekki koma í veg fyrir eða hamlar því að fyrirtæki geti svarað lögmætri fyrirspurn.
-

*I. viðauki***Gerðardómsmeðferð**

Í þessum viðauka er tilgreint samkvæmt hvaða skilmálum fyrirtækjum, sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu, er skylt að úrskurða um kröfur samkvæmt meginreglunni um málskot, framfylgd og bótaábyrgð. Möguleikinn á bindandi gerðardómi, sem lýst er hér á eftir, gildir um tiltekna „eftirstæðar“ kröfur að því er varðar gögn sem falla undir friðhelgisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Tilgangur þessa möguleika er að fyrir hendi sé skjót, óháð og sanngjörn leið, sem stendur einstaklingum til boða, til að leysa meint brot á meginreglunum, ef einhver eru, sem ekki hefur verið leyst úr í öðrum kerfum innan ramma friðhelgisamkomulagsins.

A. Gildissvið

Þessi möguleiki, að vísa málinu til gerðardóms, stendur einstaklingum til boða til að ákvarða, vegna eftirstæðra krafna, hvort fyrirtæki, sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt meginreglunum gagnvart téðum einstaklingi og hvort slíkt brot er óbætt að fullu eða að hluta. Þessi möguleiki stendur aðeins til boða í þessum tilgangi. Þessi möguleiki stendur t.d. ekki til boða að því er varðar undantekningar frá meginreglunum ⁽¹⁾ eða vegna staðhæfingar um að vernd friðhelgisamkomulagsins sé ófullnægjandi.

B. Tiltæk úrræði

Samkvæmt þessum gerðardómsmöguleika hefur gerðardómur friðhelgisamkomulagsins (sem samanstendur af einum eða þremur gerðardómsmönnum, samkvæmt samkomulagi málsaðila) vald til að grípa til einstaklingsbundinna, ópeningalegra, sanngjarnra aðgerða til úrbóta (þ.m.t. aðgangur, leiðrétting, eyðing eða skil á viðkomandi gögnum um einstaklinginn) sem nauðsynlegar eru til að bæta fyrir brotið gegn meginreglunum eingöngu að því er varðar einstaklinginn. Þetta eru einu valdheimildirnar sem gerðardómur hefur með tilliti til úrræða. Þegar gerðardómur fagnar úrræði er honum skylt að taka tillit til annarra úrræða sem önnur kerfi innan ramma friðhelgisamkomulagsins hafa þegar lagt á. Engar skaðabætur, kostnaður, gjöld eða önnur úrræði standa til boða. Hvor málsaðili um sig greiðir lögfræðikostnað sinn.

C. Kröfur um aðgerðir áður en máli er vísað til gerðardóms

Einstaklingur sem ákveður að skírskota til möguleikans á gerðardómi þarf að gera eftirfarandi ráðstafanir áður en hann leggur fram kröfu fyrir gerðardóm: 1) leggja meint brot beint fyrir fyrirtækið og gefa því tækifæri til að leysa úr málinu innan þess frests sem settur er fram í i. lið d-liðar í þætti III.11 í meginreglunum, 2) nýta sér óháða málskotskerfið samkvæmt meginreglunum, sem er einstaklingnum að kostnaðarlausu og 3) leggja málið fyrir viðskiptaráðuneytið fyrir milligöngu persónuverndaryfirvalds og gefa viðskiptaráðuneytinu færi á að leitast við eftir bestu getu að leysa málið innan tímamarkanna sem tilgreind eru í bréfinu frá stjórnsýsluskrifstofu viðskiptaráðuneytisins um alþjóðaviðskipti, einstaklingnum að kostnaðarlausu.

Ekki má skírskota til möguleikans á gerðardómi ef krafa einstaklingsins vegna sama meinta brots á meginreglunum 1) hefur áður verið lögð í bindandi gerðardóm, 2) hefur verið lögð í endanlegan dóm vegna málshöfðunar sem einstaklingurinn var málsaðili að eða 3) var áður leidd til lykta með sátt milli málsaðilanna. Að auki má ekki skírskota til þessa möguleika ef persónuverndaryfirvald í Evrópusambandinu 1) hefur vald skv. þætti III.5 eða III.9 í meginreglunum eða 2) hefur vald til að leysa milliliðalaust úr meintu broti gagnvart fyrirtækinu. Vald persónuverndaryfirvalds til að leysa úr sömu kröfu gegn ábyrgðaraðila gagna í Evrópusambandinu útilokar ekki ein og sér að gripið sé til þess að leggja hana fyrir gerðardóm gagnvart öðrum lögaðila sem er ekki bundinn af valdheimildum persónuverndaryfirvaldsins.

D. Bindandi eiginleiki ákvarðana

Ákvörðun einstaklings um að skírskota til þessa möguleika á bindandi gerðardómi er algerlega á hans valdi. Úrskurðir gerðardóms eru bindandi fyrir alla málsaðila. Þegar máli er vísað í gerðardóm afsalar einstaklingurinn sér möguleikanum til að leita úrlausnar vegna sama meinta brots á öðrum vettvangi, að því undanskildu að ef ópeningaleg, sanngjörn úrlausn bætir ekki að fullu fyrir hið meinta brot getur hann samt sem áður sótt skaðabótakröfu fyrir dómstól.

⁽¹⁾ Þáttur I.5 í meginreglunum.

E. Endurskoðun og framfylgd

Einstaklingar og fyrirtæki sem taka þátt í friðhelgisamkomulaginu hafa möguleika á að óska úrskurðar dómstóla og framfylgdar á ákvörðunum gerðardóms samkvæmt Federal Arbitration Act ⁽¹⁾. Höfða verður slík mál fyrir þeim alríkisundirrétti sem hefur lögsögu á því yfirráðasvæði þar sem fyrirtækið, sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu, hefur aðalstarfsstöð sína.

Þessum möguleika á gerðardómi er ætlað að leysa einstök deilumál og úrskurðum gerðardóms er ekki ætlað að vera leiðbeinandi eða bindandi fordæmi í málum sem varða aðra málsaðila, einnig í komandi gerðardómi eða dómstólum í Evrópusambandinu eða Bandaríkjunum eða í málsmeðferð Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna.

F. Skipan gerðardómsins

Málsaðilar velja gerðardómsmenn af lista yfir gerðardómsmenn sem fjallað er um hér á eftir.

Í samræmi við gildandi lög munu viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setja saman lista yfir a.m.k. 20 gerðardómsmenn, sem valdir verða með tilliti til óhæðis þeirra, ráðvendni og sérfræðipækningar. Eftirfarandi gildir í tengslum við þetta ferli:

Gerðardómsmenn:

- 1) verða á listanum í þrjú ár nema sérstakar aðstæður eða ástæður séu til annars, með möguleika á framlengingu í önnur þrjú ár,
- 2) hlíta ekki fyrirmælum frá eða eru á nokkurn hátt tengdir hvort sem er málsaðila, fyrirtæki sem er þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu eða stjórnvöldum Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, aðildarríkis ESB eða annarra ríkja, opinberum yfirvöldum eða eftirlitsyfirvöldum og
- 3) verða að hafa lögmannsréttindi í Bandaríkjunum, vera sérfræðingar í bandarískum lögum um persónuvernd og hafa sérþekkingu á persónuverndarlögum Evrópusambandsins.

G. Málsmeðferð gerðardóms

Viðskiptaráðuneytið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins munu, í samræmi við gildandi lög og innan sex mánaða frá því að ákvörðun um fullnægjandi vernd var samþykkt, gera samkomulag um að samþykkja röð gildandi, viðurkenndra bandarískra gerðardómsmeðferða (s.s. hjá AAA eða JAMS) vegna mála sem er vísað til gerðardóms friðhelgisamkomulagsins, með fyrirvara um öll eftirfarandi atriði:

1. Einstaklingur getur hafið bindandi mál fyrir gerðardómi, með fyrirvara um ákvæðið hér að framan um kröfur vegna aðgerða áður en máli er vísað til gerðardóms, með því að senda fyrirtækinu tilkynningu. Í tilkynningunni skal vera samantekt á þeim ráðstöfunum sem gerðar voru samkvæmt C-lið til að leysa kærumálið, lýsing á meintu broti og, að vali hlutaðeigandi einstaklings, fylgiskjöl og annað efni og/eða greinargerð um þá löggjöf sem gildir um meint brot.

(1) Í 2. kafla Federal Arbitration Act (FAA) er kveðið á um að „samkomulag eða úrskurður gerðardóms, sem sprettur af réttarsambandi, hvort sem það er samningsbundið eða ekki, sem telst vera viðskiptalegs eðlis, þ.m.t. viðskiptafærsla, samningur eða samkomulag sem lýst er í [2. þætti í FAA], fellur undir samninginn [um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, sem var gerður 10. júní 1958, 21 U.S.T. 2519, T.I.A.S. No 6997 (hér á eftir nefndur New York-samningurinn)].“ 9 U.S.C. § 202. Í Federal Arbitration Act er enn fremur kveðið á um að „samningur eða úrskurður vegna slíks sambands sem er að öllu leyti milli ríkisborgara Bandaríkjanna skal ekki teljast falla undir New York-samninginn nema umrætt samband feli í sér eignir sem eru staðsettar erlendis, gert sé ráð fyrir framkvæmd eða framfylgd erlendis eða hafi önnur eðlileg tengsl við eitt eða fleiri erlend ríki.“ Sama og hér að framan. Samkvæmt 2. kafla getur „hvaða aðili gerðardómsmeðferðar sem er sótt til dómstóls sem hefur lögsögu samkvæmt þessum kafla um að staðfesta úrskurð gerðardómsins gegn öðrum málsaðilum gerðardómsins. Dómstóllinn skal staðfesta úrskurðinn nema hann finni einhverja af ástæðunum til að synja eða fresta viðurkenningu eða fullnustu úrskurðarins sem tilgreindar eru í umræddum [New York-] samningi.“ Sama og hér að framan, § 207. Í 2. kafla er enn fremur kveðið á um að „héraðsdómstólar Bandaríkjanna ... skulu hafa upphaflega lögsögu yfir ... lögsókn eða málsmeðferð [samkvæmt New York-samningnum], án tillits til þeirrar fjárhæðar sem deilan snýst um.“ Sama og hér að framan, § 203. Í 2. kafla er einnig kveðið á um að „1. kafla gildir einnig um lögsókn og málsmeðferð sem fer fram samkvæmt þessum kafla að því marki sem sá kafla er ekki í andstöðu við þennan kafla eða [New York-] samninginn eins og hann var samþykktur af Bandaríkjunum.“ Sama og hér að framan, § 208. Í 1. kafla er aftur á móti kveðið á um að „skriflegt ákvæði í ... samningi sem færir sönnur á viðskiptagerning, um að skjóta deilumáli, sem rís þar á eftir um samninginn eða viðskiptagerninginn eða um synjun um að framkvæma samninginn að fullu eða einhverju leyti til gerðardóms, eða skriflegt samkomulag um að leggja fyrirbyggjandi deilu vegna slíks samnings, viðskiptagernings eða synjunar fyrir gerðardóm, skal vera gilt, óafturkallanlegt og fullnustuhæft, nema fyrir liggja lagalegar eða sanngjarnar ástæður til að afturkalla samninginn.“ Sama og hér að framan, § 2. Í 1. kafla er enn fremur kveðið á um að „málsaðili í gerðardómsmeðferð geti sótt til lögbærs dómstóls um að staðfesta úrskurð gerðardómsins og að dómstóllinn þurfi síðan að kveða upp slíkan úrskurð nema úrskurður gerðardómsins hafi verið ógiltur, honum breytt eða hann hafi verið leiðréttur.“ Sama og hér að framan, § 9.

2. Þróaðar verða málsmeðferðarreglur til að tryggja að ein og sama kvörtun um meint brot fái ekki tvítekna málsmeðferð eða úrræði.
3. Hafa má uppi kröfur hjá Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna samhliða gerðardómi.
4. Enginn fulltrúi stjórnvalda Bandaríkjanna, Evrópusambandsins eða einstakra aðildarríkja ESB eða annarra ríkja, opinberum yfirvöldum eða eftirlitsyfirvöldum er heimilt að taka þátt í þessum gerðardómsmeðferðum, svo fremi að persónuverndaryfirvöld Evrópusambandsins geti, að beiðni einstaklings í Evrópusambandinu, veitt aðstoð eingöngu við undirbúning tilkynningarinnar en umrædd persónuverndaryfirvöld mega ekki fá aðgang að framlögðum skjölum eða öðru efni sem tengist þessum gerðardómsmeðferðum.
5. Gerðardómsmeðferðin fer fram í Bandaríkjunum og einstaklingurinn getur valið að taka þátt með myndsímtali eða gegnum síma, sem er honum að kostnaðarlausu. Ekki er gerð krafa um þátttöku á staðnum.
6. Tungumál gerðardómsins er enska nema málsaðilar hafi komið sér saman um annað. Einstaklingnum er veitt túlkun, honum að kostnaðarlausu, ef farið er fram á það með rökstuddri beiðni og að teknu tilliti til þess hvort lögmaður kemur fram fyrir hans hönd, við skýrslutöku fyrir gerðardómi, ásamt þýðingu á gerðardómsgögnum, nema nefndin komist að þeirri niðurstöðu að því mundi fylgja óréttmætur og óhóflegur kostnaður með hliðsjón af aðstæðum þess gerðardóms sem um er að ræða.
7. Trúnaðarkvöð gildir um gögn, sem eru afhent gerðardómsmönnum og þau verða aðeins notuð í sambandi við gerðardómsmeðferðina.
8. Heimilt er að nota framlögð skjöl sem varða einstaklinginn, málsaðilar gæta trúnaðar um þau og þau verða eingöngu notuð í sambandi við gerðardómsmeðferðina.
9. Gerðardómsmeðferð ætti að ljúka innan 90 daga frá því að tilkynningin berst hlutaðeigandi fyrirtæki nema málsaðilar komi sér saman um annað.

H. Kostnaður

Gerðardómsmenn ættu að gera skynsamlegar ráðstafanir til að halda kostnaði eða þóknunum vegna gerðardómsmeðferðar í lágmarki.

Í samræmi við gildandi lög mun viðskiptaráðuneytið greiða fyrir því að stofnaður verði sjóður, og verði fyrirtækjum sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu skylt að greiða til hans árlegt fjárframlag, en fjárhæð þess fer eftir stærð fyrirtækisins; sjóðurinn mun standa straum af kostnaði við gerðardóminn, þ.m.t. þóknun til gerðardómsmanna, að hámarksfjárhæð („efri mörkum“) í samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Sjóðurinn verður undir stjórn þriðja aðila, sem gefur skýrslu með reglubundnum hætti um rekstur sjóðsins. Við árlega endurskoðun munu viðskiptaráðuneytið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurskoða rekstur sjóðsins, þ.m.t. hvort nauðsynlegt er að breyta fjárhæðum framlaganna eða efri mörkunum, og mun m.a. íhuga fjölda gerðardómsmeðferða og tímasetningu þeirra, út frá gagnkvæmum skilningi um að ekki verði lagðar óhóflegar fjárhagslegar byrðar á fyrirtæki sem eru þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu. Þóknun til gerðardómsmanna fellur ekki undir þetta ákvæði eða sjóði samkvæmt þessu ákvæði.

III. VIÐAUKI

Bréf frá John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

7. júlí 2016

Ágæta Vera Jourová, framkvæmdastjóri,

Það gleður mig að við skulum hafa komist að niðurstöðu um samkomulag milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, sem mun fela í sér umboðsmannsfyrirkomulag, er gera mun yfirvöldum í Evrópusambandinu kleift að leggja fram fyrirspurnir, fyrir hönd einstaklinga í ESB, um starfsvenjur Bandaríkjanna við öflun vitneskju frá merkjasendingum.

Hinn 17. janúar 2014 tilkynnti Barack Obama forseti um mikilvægar umbætur í leyniþjónustumálum í forsetatilskipun 28 (PPD-28). Samkvæmt forsetatilskipun 28 hefi ég tilnefnt Catherine A. Novelli aðstoðarutanríkisráðherra, sem einnig er yfirsamræmingaraðili alþjóðlegra ríkjasamskipta á sviði upplýsingatækni, sem tengilið okkar við erlend stjórnvöld sem vilja koma á framfæri áhyggjum af starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum. Á grundvelli þessa hefi ég komið á fót umboðsmannsfyrirkomulagi fyrir friðhelgisamkomulagið í samræmi við skilmálana sem tilgreindir eru í viðauka A, en þeir hafa verið uppfærðir eftir bréf mitt frá 22. febrúar 2016. Ég hefi falið Novelli aðstoðarráðherra að gegna þessu hlutverki. Novelli aðstoðarráðherra er óháð öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna og heyrir beint undir mig.

Ég hefi gefið starfsmönnum mínum fyrirmæli um að leggja til nauðsynleg tilföng til að hrinda þessu nýja umboðsmannsfyrirkomulagi í framkvæmd og er þess fullviss að það muni reynast skilvirk leið til að bregðast við áhyggjum einstaklinga í Evrópusambandinu.

Virðingarfyllt,

John F. Kerry

VIÐAUKA

Umboðsmannsfyrirkomulag friðhelgisamkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna varðandi öflun vitneskju frá merkjasendingum

Til viðurkenningar á mikilvægi ramma samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins er á þessu minnisblaði sett fram ferlið við að hrinda í framkvæmd nýju fyrirkomulagi, í samræmi við forsetatilskipun 28 (PDD-28), varðandi öflun vitneskju frá merkjasendingum ⁽¹⁾.

Hinn 17. janúar 2014 hélt Obama forseti ræðu þar sem tilkynnt var um mikilvægar umbætur í leyniþjónustumálum. Í ræðunni benti hann á að „aðgerðir okkar stuðla ekki aðeins að því að vernda þjóðina heldur einnig vini okkar og bandamenn. Aðgerðir okkar munu einungis bera árangur ef borgarar annarra landa hafa trú á að Bandaríkin virði einnig einkalíf þeirra.“ Obama forseti tilkynnti um útgáfu nýrrar forsetatilskipunar, PPD-28, til að „mæla skýrt fyrir um hvað það er sem við gerum, og hvað við gerum ekki, við eftirlit okkar erlendis.“

Í d-lið 4. þáttar PPD-28 er utanríkisráðherra falið að tilnefna „yfirsamræmingaraðila alþjóðlegra ríkjasamskipta á sviði upplýsingatækni“ (yfirsamræmingaraðila) „sem tengilið við erlend stjórnvöld sem vilja koma á framfæri áhyggjum af starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum.“ C. Novelli aðstoðarráðherra hefur gegnt hlutverki yfirsamræmingaraðila síðan í janúar 2015.

Í þessu minnisblaði er lýst nýju fyrirkomulagi sem yfirsamræmingaraðilinn mun fylgja til að greiða fyrir meðferð fyrirspurna um aðgang að gögnum sem send eru frá ESB til Bandaríkjanna í þágu þjóðaröryggis samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, föstum samningsákvæðum, bindandi fyrirtækjareglum, „undanþágum“ ⁽²⁾ eða „hugsanlegum undanþágum í framtíðinni“ ⁽³⁾ eftir viðteknum leiðum samkvæmt gildandi bandarískum lögum og stefnu, og svörun við slíkum fyrirspurnum.

- Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins.** Yfirsamræmingaraðilinn gegnir hlutverki umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins og tilnefnir, eins og við á, embættismenn frá utanríkisráðuneytinu til viðbótar til að aðstoða sig við skyldustörf sín, sem tiltekin eru á þessu minnisblaði. (Hér á eftir verður vísað til samræmingaraðilans og hvers þess embættismanns sem framkvæmir slík skyldustörf sem „umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins.“). Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins vinnur náð með viðeigandi embættismönnum annarra ráðuneyta og stofnana sem bera ábyrgð á meðferð fyrirspurna í samræmi við gildandi bandarísk lög og stefnu. Umboðsmaðurinn er óháður öryggis- og leyniþjónustustofnunum. Umboðsmaðurinn heyrir beint undir utanríkisráðherrann sem mun tryggja að umboðsmaðurinn sinni hlutverki sínu á hlutlægan hátt og án óviðeigandi áhrifa sem eru líkleg til að hafa áhrif á þau svör sem verða veitt.
- Skilvirk samræming.** Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins mun, með skilvirkum hætti, geta leitað til eftirlitsaðilanna, sem tilgreindir eru hér á eftir, og hafa samráð við þá, til að tryggja að svar hans við beiðnum frá kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga byggist á nauðsynlegum upplýsingum. Þegar beiðni tengist því hvort eftirlit sé í samræmi við bandarísk

(1) Svo fremi að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd sem friðhelgisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna veitir, gildi um Ísland, Liechtenstein og Noreg, mun friðhelgisamkomulagspakkinn taka bæði til Evrópusambandsins og þessara þriggja landa þar af leiðandi skulu tilvísanir til Evrópusambandsins og aðildarríkja þess skiljast svo að Ísland, Liechtenstein og Noregur séu þar með.

(2) „Undanþágur“ merkja í þessu samhengi flutning, einn eða fleiri, í viðskiptalegum tilgangi sem fer fram með því skilyrði að: a) hinn skráði hafi veitt ótvírætt samþykki sitt fyrir fyrirhuguðum flutningi eða b) flutningurinn sé nauðsynlegur vegna framkvæmdar samnings milli hins skráða og ábyrgðaraðilans eða ráðstafana sem gerðar eru að beiðni hins skráða áður en til gerðar samnings kemur eða c) flutningurinn sé nauðsynlegur fyrir gerð eða framkvæmd samnings í þágu hins skráða, sem ábyrgðaraðilinn og þriðji aðili gera sín í milli eða d) flutningurinn sé nauðsynlegur eða hans sé krafist samkvæmt lögum vegna mikilvægra almannahagsmuna, eða til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur eða e) flutningurinn sé nauðsynlegur til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða f) upplýsingarnar séu fluttar af skrá sem er samkvæmt lögum eða reglum ætlað að veita almenningi upplýsingar og er aðgengileg annaðhvort öllum almenningi eða hverjum þeim sem getur sýnt fram á að hann hafi lögmætra hagsmuna að gæta, að svo miklu leyti sem skilyrði fyrir aðgangi, sem mælt er fyrir um í lögum, séu uppfyllt í því tilviki.

(3) „Hugsanlegar undanþágur í framtíðinni“ merkja í þessu samhengi flutning, einn eða fleiri, í viðskiptalegum tilgangi sem fer fram að uppfylltu einu af eftirfarandi skilyrðum, að því marki sem skilyrðið telst vera lögmætur grundvöllur fyrir flutningi persónuupplýsinga frá ESB til Bandaríkjanna: a) hinn skráði hefur veitt afdráttarlaust samþykki sitt fyrir fyrirhuguðum flutningi eftir að honum hefur verið tilkynnt um mögulega áhættu sem flutningurinn kann að hafa í för með sér fyrir hann vegna þess að ekki liggur fyrir ákvörðun um að vernd sé fullnægjandi og viðeigandi verndarráðstafanir hafa ekki verið gerðar, eða b) flutningurinn er nauðsynlegur til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annarra aðila ef hinn skráði er líkamlega eða í lagalegum skilningi ófær um að gefa samþykki sitt, eða c) ef um er að ræða flutning til þriðja lands eða alþjóðastofnunar og engin af hinum undanþágunum eða hugsanlegar undanþágur í framtíðinni eiga við, aðeins ef flutningurinn er ekki endurtekinn, varðar aðeins takmarkaðan fjölda skráðra einstaklinga, er nauðsynlegur vegna mikilvægra lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili gætir þegar hagsmunir eða réttindi og frelsi hins skráða ganga ekki framar og ef ábyrgðaraðilinn hefur kannað allar aðstæður er varða gagnaflutninginn og hefur, á grundvelli þess mats, gert viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar vernd persónuupplýsinga.

lög mun umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins geta átt samstarf við einhvern af óháðu eftirlitsaðilunum sem hafa rannsóknarheimildir.

- a. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins vinnur náið með öðrum embættismönnum bandaríska ríkisins, þ.m.t. viðeigandi óháðum eftirlitsaðilum, til að tryggja að fullfrágengnar beiðnir hljóti meðferð og að leyst sé úr þeim í samræmi við gildandi lög og stefnur. Einkum skal umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins geta samræmt sig náið skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna, dómsmálaráðuneytinu og öðrum ráðuneytum og stofnunum sem fara með mál er varða þjóðaröryggi Bandaríkjanna, eins og við á, sem og yfireftirlitsaðilum, fulltrúum samkvæmt lögnum Freedom of Information Act og fulltrúum borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífs.
- b. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun reiða sig á kerfi til að samræma og hafa eftirlit með málefnum er varða þjóðaröryggi þvert á hin ýmsu ráðuneyti og stofnanir til að stuðla að því að tryggja að umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins geti svarað, í skilningi e-liðar 4. þáttar, fullfrágengnum beiðnum skv. b-lið 3. liðar.
- c. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins getur vísað málum sem tengjast beiðnum til eftirlitsnefndar um friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi.

3. Framlagning beiðna.

- a. Beiðni er fyrst lögð fyrir lögbær eftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna sem fara með eftirlit með þjóðaröryggisstofnunum og/eða með vinnslu persónuupplýsinga af hálfu opinberra yfirvalda. Beiðnin er svo lögð fyrir umboðsmanninn af miðlægri stofnun ESB (sem hér á eftir nefnast sameiginlega: „kvörtunarþjónusta ESB fyrir einstaklinga“).
- b. Kvörtunarþjónusta ESB fyrir einstaklinga tryggir að beiðni sé fullfrágengin með eftirfarandi aðgerðum:
 - i. Með því að staðfesta deili á einstaklingnum og ganga úr skugga um að hann eða hún komi fram fyrir eigin hönd og sé ekki fulltrúi hins opinbera eða milliríkjastofnunar.
 - ii. Með því að ganga úr skugga um að beiðnin sé skrifleg og innihaldi eftirfarandi grunnupplýsingar:
 - hvers konar upplýsingar sem liggja til grundvallar beiðninni,
 - upplýsingar um það hvers konar upplýsingum eða úrbótum leitað er eftir,
 - upplýsingar um þær ríkisstofnanir Bandaríkjanna sem talið er að eigi hlut að máli, ef einhverjar eru, og
 - upplýsingar um aðrar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að fá þær upplýsingar eða úrbætur sem óskað er eftir og hvaða svör fengust við þeim ráðstöfunum.
 - iii. Með því að ganga úr skugga um að beiðnin varði gögn sem gild ástæða er til að ætla að hafi verið flutt frá ESB til Bandaríkjanna samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, föstum samningsákvæðum, bindandi fyrirtækjareglum, undanþágum eða hugsanlegum undanþágum í framtíðinni.
 - iv. Með fyrstu ákvörðun um að beiðnin sé ekki léttvæg, tilefnislaus eða lögð fram gegn betri vitund.
- c. Til að beiðnin teljist fullbúin og tæk til frekari meðferðar af hálfu umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins samkvæmt þessu minnisblaði þarf þó ekki að sýna fram á það í henni að bandarísk stjórnvöld hafi í reynd haft aðgang að persónuupplýsingum þess, sem leggur fram beiðnina, með því að afla vitneskju frá merkjasendingum.

4. Skuldbinding um samskipti við kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem leggur fram beiðni

- a. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins mun staðfesta móttöku beiðni við kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem leggur hana fram.
- b. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins byrjar á að láta fara fram athugun til að ganga úr skugga um að beiðni sé fullfrágengin í samræmi við b-lið 3. liðar. Verði umboðsmaðurinn var við einhverja annmarka eða hafi hann spurningar varðandi það hvort beiðnin sé fullfrágengin, skal hann leitast við að bregðast við og leysa úr þessum áhyggjuefnum með kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem lagði fram beiðnina.

- c. Þurfi umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins á frekari upplýsingum að halda til að greiða fyrir viðeigandi meðferð beiðninnar, eða þurfi einstaklingurinn, sem upphaflega lagði fram beiðnina, að grípa til einhverra aðgerða, skal umboðsmaðurinn tilkynna það kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem lagði fram beiðnina.
- d. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins mun fylgjast með stöðu beiðna og veita kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem leggur fram beiðni, uppfærðar upplýsingar um hana, eins og við á.
- e. Þegar beiðni er fullfrágengin, eins og lýst er í 3. lið þessa minnisblaðs, gefur umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem lagði fram beiðnina, tímanlega viðeigandi svar, sbr. þó viðvarandi skyldu til að vernda upplýsingar samkvæmt gildandi lögum og stefnum. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins svarar kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem lagði fram beiðnina, og staðfestir i) að kvörtunin hafi verið rannsökuð með viðeigandi hætti og ii) að farið hafi verið að bandarískum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum, forsetatilskipunum og stefnum stofnana, sem kveða á um þær takmarkanir og verndarráðstafanir sem lýst er í bréfi frá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna, eða, hafi ekki verið farið að þeim, að úr því hafi verið bætt. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins mun hvorki staðfesta né neita því að eftirlit hafi verið haft með einstaklingnum né heldur upplýsa um til hvaða sérstöku ráðstafana til úrbóta var gripið. Líkt og nánar kemur fram í 5. lið verður meðferð beiðna samkvæmt FOIA-lögunum í samræmi við þau lög og gildandi reglugerðir.
- f. Umboðsmaður friðhelgisamkomulagsins mun eiga í beinum samskiptum við kvörtunarþjónustu ESB fyrir einstaklinga, sem hins vegar ber ábyrgð á samskiptum við einstaklinginn sem lagði fram beiðnina. Ef bein samskipti eru hluti einhverra þeirra undirliggjandi ferla, sem lýst er hér á eftir, skulu þau samskipti fara fram í samræmi við fyrirliggjandi verklagsreglur.
- g. Skuldbindingar í þessu minnisblaði eiga ekki við um almennar staðhæfingar um að samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins samræmist ekki persónuverndarkröfum Evrópusambandsins. Skuldbindingarnar í þessu minnisblaði eru settar fram á grundvelli þess sameiginlega skilnings framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og ríkisstjórnar Bandaríkjanna að með hliðsjón af umfangi skuldbindinga samkvæmt þessu fyrirkomulagi geti komið til þess að fjármagn verði takmarkað, m.a. í tengslum við beiðnir sem varða löggin Freedom of Information Act (FOIA-lögin). Fari framkvæmd á hlutverki umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins fram úr sanngjörnum fjárhagsramma og komi í veg fyrir að hægt sé að uppfylla þessar skuldbindingar mun ríkisstjórn Bandaríkjanna ræða við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um hvers konar breytingar sem gæti þurft að gera til að taka á þeim vanda.
5. **Beiðnir um upplýsingar.** Samkvæmt FOIA-lögunum er heimilt að leggja fram beiðnir um aðgang að skrá bandarískra stjórnvalda og fjalla um þær.
- a. FOIA-lögin kveða á um að hver sem er, óháð þjóðerni, geti beið um aðgang að skrá hjá alríkisstofnunum sem eru fyrir hendi. Lög þessi eru skráð í lagasafn Bandaríkjanna undir númerinu 5 U.S.C. § 552. Lögin, ásamt viðbótarupplýsingum um þau, er að finna á www.FOIA.gov og <http://www.justice.gov/oip/foia-resources>. Í hverri stofnun er yfirfulltrúi upplýsingafrelsis og á almennu vefsetri hennar eru upplýsingar um það hvernig leggja má fram beiðni samkvæmt FOIA-lögunum til stofnunarinnar. Stofnanir hafa aðferðir við samráð sín á milli um beiðnir samkvæmt FOIA-lögunum sem varða skrár hjá annarri stofnun.
- b. Til dæmis:
- i. Skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) hefur komið á fót ODNI-FOIA-vefgáttinni fyrir skrifstofuna: <http://www.dni.gov/index.php/about-this-site/foia>. Í gáttinni má finna upplýsingar um hvernig leggja skuli fram beiðni, kanna stöðu beiðnar sem fyrir er og fá aðgang að upplýsingum sem skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna hefur birt og gefið út samkvæmt FOIA-lögunum. Í ODNI-FOIA-vefgáttinni eru einnig hlekkir á önnur FOIA-vefsetur öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna: <http://www.dni.gov/index.php/about-this-site/foia/other-ic-foia-sites>.
- ii. Skrifstofa upplýsingastefnu í dómsmálaráðuneytinu veitir víðtækar upplýsingar um FOIA-lögin: <http://www.justice.gov/oip>. Þetta á ekki aðeins við um upplýsingar um hvernig leggja má fram beiðni samkvæmt FOIA-lögunum hjá dómsmálaráðuneytinu, heldur er þar einnig að finna leiðbeiningar til bandarískra stjórnvalda um túlkun og beitingu krafna samkvæmt FOIA-lögunum.

- c. Samkvæmt FOIA-lögnum eru tilteknar tilgreindar undanþágur frá aðgangi að skráum hins opinbera. Þar á meðal eru takmarkanir á aðgangi að trúnaðarflokkuðum upplýsingum um þjófarið, persónuupplýsingum þriðju aðila og upplýsingum um rannsóknir á sviði löggæslu og eru þær sambærilegar þeim takmörkunum sem sérhvert aðildarríki ESB setur í eigin lögum um aðgang að upplýsingum. Þessar takmarkanir gilda jafnt um Bandaríkjamenn sem aðra.
- d. Leggja má fram stjórnsýslukæru vegna deilumála um birtingu skráa sem farið er fram á samkvæmt FOIA-lögnum, og síðan áfrýja til alríkisdómstóls. Dómstólnum ber að ákvarða að nýju (de novo) hvort tilhlýðilegar ástæður séu fyrir því að ekki sé veittur aðgangur að skránum, samkvæmt 5 U.S.C. § 552(a)(4)(B), og getur fyrirskipað stjórnvöldum að veita aðgang að skráum. Þess eru dæmi að dómstólar hafi snúið við staðhæfingum stjórnvalda um að halda beri eftir upplýsingum sem trúnaðarflokkuðum. Þótt ekki séu greiddar fébætur geta dómstólar dæmt að greiða skuli lögfræðikostnað.
6. **Beiðni um frekari aðgerðir.** Beiðni sem varðar meint brot á lögum eða annað misferli er vísað til viðeigandi stofnunar bandarískra stjórnvalda, þ.m.t. óháðra eftirlitsyfirlitvalda sem hafa valdheimild til að rannsaka viðkomandi beiðni og taka á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, eins og fram kemur hér á eftir.
- a. Yfireftirlitsaðilar eru samkvæmt lögum sjálfstæðir, hafa víðtækar heimildir til rannsókna, úttekta og endurskoðana á áætlunum, þ.m.t. á svikum, misnotkun eða brotum á lögum og geta mælt með aðgerðum til úrbóta.
- i. Með lögnum Inspector General Act frá 1978, með áorðnum breytingum, er komið á fót alríkisyfireftirlitsaðilum (IG) sem óháðum og hlutlægum einingum innan flestra stofnana er hafa þær skyldur að berjast gegn sóun, svikum og misnotkun í áætlunum og aðgerðum viðkomandi stofnunar. Í þessu skyni ber hver yfireftirlitsaðili ábyrgð á að láta fara fram úttektir og rannsóknir í tengslum við áætlanir og aðgerðir stofnunar sinnar. Auk þess annast yfireftirlitsaðilar forystu og samhæfingu og mæla með stefnum fyrir starfsemi sem ætlað er að ýta undir hagsýni, skilvirkni og árangur og koma í veg fyrir og greina svik og misnotkun í áætlunum og aðgerðum stofnana.
- ii. Innan hvernar einingar öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna er skrifstofa yfireftirlitsaðila (e. Office of the Inspector General) sem ber m.a. ábyrgð á eftirliti með eftirgrensulan um erlend öfl. Nokkur fjöldi af skýrslum yfireftirlitsaðila um eftirlitsáætlanir hafa þegar verið birtar opinberlega.
- iii. Til dæmis:
- Embætti yfireftirlitsaðila öryggis- og leyniþjónustustofnana (e. Office of the Inspector General of the Intelligence Community (IC IG)) var komið á skv. 405. þætti laganna Intelligence Authorization Act of Fiscal Year 2010 — <http://www.gpo.gov/fdsys/pkg/PLAW-111publ259/pdf/PLAW-111publ259.pdf>. Embætti yfireftirlitsaðila öryggis- og leyniþjónustustofnana ber ábyrgð á að láta fara fram úttektir, rannsóknir, skoðanir og athuganir innan allra öryggis- og leyniþjónustustofnana til að greina og taka á kerfisáhættu, veikleikum og annmörkum þvert á öryggis- og leyniþjónustustofnanir til að bæta hagsýni og árangur innan öryggis- og leyniþjónustustofnananna. Embætti yfireftirlitsaðila öryggis- og leyniþjónustustofnana hefur heimild til að rannsaka kvartanir eða upplýsingar varðandi meint brot á lögum, reglum og reglugerðum eða varðandi sóun, svik, misnotkun valds eða verulega eða sérstaka hættu sem steðjar að lýðheilsu og almannaoöryggi í tengslum við eftirlitsáætlanir og -starfsemi skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) og/eða öryggis- og leyniþjónustustofnana. Embætti yfireftirlitsaðila öryggis- og leyniþjónustustofnana veitir upplýsingar um það hvernig hafa megi samband beint við embættið til að leggja fram skýrslu: <http://www.dni.gov/index.php/about-this-site/contact-the-ig>.
- Embætti yfireftirlitsaðila (OIG) hjá bandaríska dómismálaráðuneytinu — <https://www.justice.gov> — er sjálfstæð eining, stofnuð samkvæmt lögum, sem hefur það hlutverk að greina og stemma stigu við sóun, svikum, misnotkun og misferli í áætlunum dómismálaráðuneytisins og hjá starfsfólki þess og stuðla að hagsýni og skilvirkni í slíkum áætlunum. Embættið rannsakar meint brot starfsmanna dómismálaráðuneytisins á refsiréttar- og einkaréttarlögum og annast einnig úttektir og skoðanir á áætlunum ráðuneytisins. Valdsvið embættis yfireftirlitsaðilans nær yfir allar kvartanir vegna misferlis gegn starfsmönnum dómismálaráðuneytisins, þ.m.t. Federal Bureau of Investigation (alríkislögreglunnar), Drug Enforcement Administration (fíkniefnalögreglunnar), Federal Bureau of Prisons (alríkisfangelsismálastofnunar), U.S. Marshals Service, Bureau of Alcohol, Tobacco, Firearms, and Explosives (skrifstofu áfengis, tóbaks, skotvopna og sprengiefna), United States Attorneys Offices (embætta saksóknara í Bandaríkjunum) og starfsmanna annarra deilda eða skrifstofa dómismálaráðuneytisins. (Eina undantekningin er sú að meint misferli lögfræðings ráðuneytis eða starfsmanns löggæslustofnunar, sem tengist framkvæmd lögfræðings ráðuneytisins á valdheimildum sínum til að rannsaka,

reka mál eða veita lögfræðiráðgjöf heyrir undir skrifstofu ráðuneytisins á sviði faglegrar ábyrgðar (Office of Professional Responsibility)). Auk þess er í 1001. þætti laganna USA Patriot Act, sem voru undirrituð 26. október 2001, mælt fyrir um að yfireftirlitsmaður fari yfir upplýsingar og taki við kvörtunum um meint brot starfsfólks dómsmálaráðuneytisins á borgaralegum réttindum og borgaralegu frelsi. Embætti yfireftirlitsaðilans heldur úti almennu vefsetri — <https://www.oig.justice.gov> — þar sem m.a. er að finna „ábindingalínu“ (e. Hotline) til að leggja fram kvartanir — <https://www.oig.justice.gov/hotline/index.htm>.

- b. Skrifstofur og einingar bandarískra stjórnvalda á sviði friðhelgi einkalífs og borgaralegs frelsis gegna einnig viðeigandi skyldum. Til dæmis:
- i. Í 803. þætti tilmæla um framkvæmd í lögnum 9/11 Commission Act frá 2007, sem skráð eru í lagasafn Bandaríkjanna undir númerinu 42 U.S.C. § 2000-ee1, er kveðið á um að tiltekin ráðuneyti og stofnanir (þ.m.t. utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna) skuli hafa fulltrúa friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis. Í 803. þætti er tilgreint að þessir fulltrúar friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis skuli vera helstu ráðgjafar, m.a. til að tryggja að slíkt ráðuneyti, stofnun eða eining hafi viðeigandi málsmeðferðarreglur til að bregðast við kvörtunum einstaklinga um meint brot slíks ráðuneytis, stofnunar eða einingar á friðhelgi einkalífs eða borgaralegu frelsi þeirra.
 - ii. Fyrir skrifstofu borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins hjá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI CLPO) fer fulltrúi verndar borgaralegs frelsis hjá skrifstofunni, en þeirri stöðu var komið á með lögnum National Security Act frá 1948, með áorðnum breytingum. Á meðal verkefna ODNI CLPO er að tryggja að í stefnum og verklagsreglum öryggis- og leyniþjónustustofnananna sé kveðið á um viðeigandi ráðstafanir til verndar friðhelgi einkalífsins og borgaralegu frelsi, og að fara yfir og rannsaka kvartanir um meinta misnotkun eða brot gegn borgaralegu frelsi og friðhelgi einkalífsins í áætlunum og starfsemi skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna. Skrifstofa borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins hjá skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI CLPO) veitir upplýsingar til almennings, þ.m.t. leiðbeiningar um hvernig leggja má fram kvörtun, á vefsetri sínu: www.dni.gov/clpo. Berist ODNI CLPO kvörtun á sviði friðhelgi einkalífsins eða borgaralegs frelsis, sem varðar áætlanir og starfsemi öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna, samræmir hún sig við aðrar slíkar stofnanir um frekari meðferð kvörtunarinnar innan þeirra. Athugið að hjá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA) er einnig skrifstofa borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins sem veitir upplýsingar um ábyrgðarsvið sín á vefsetri sínu — https://www.nsa.gov/civil_liberties/. Gefi upplýsingar til kynna að stofnun fari ekki að kröfum um friðhelgi einkalífsins (t.d. kröfu 4. þáttar forsetatilskipunar PPD-28) hafa stofnanirnar kerfi, sem á að tryggja að reglum sé fylgt, til að kanna og bæta úr atvikinu. Stofnunum er skylt að tilkynna um atvik, þar sem forsetatilskipun PPD-28 er ekki fylgt, til skrifstofu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna.
 - iii. Skrifstofa friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis (OPCL) hjá dómsmálaráðuneytinu styður yfirfulltrúa friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis hjá ráðuneytinu (CPCL) við að sinna verkefnum sínum og skyldustörfum. Meginverkefni skrifstofu friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis er að vernda friðhelgi einkalífs Bandaríkjanna og borgaralegt frelsi þeirra með athugunum, eftirliti og samhæfingu aðgerða ráðuneytisins á sviði friðhelgi einkalífsins. Skrifstofa friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis veitir deildum ráðuneytisins lögfræðiráðgjöf og leiðbeiningar, tryggir að ráðuneytið fari að reglum um friðhelgi einkalífsins, þ.m.t. lögnum Privacy Act frá 1974, ákvæðum um friðhelgi einkalífsins bæði í lögnum E-Government Act frá 2002 og Federal Information Security Management Act, og einnig í stjórnsýslutillskipunum sem gefnar eru út á grundvelli þessara laga, hún þróar og annast þjálfun innan ráðuneytisins á sviði friðhelgi einkalífsins, aðstoðar yfirfulltrúa friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis við að móta stefnu ráðuneytisins um friðhelgi einkalífsins, undirbýr skýrslugjöf varðandi friðhelgi einkalífsins til forsetans og þingsins, og fer yfir starfsvenjur ráðuneytisins varðandi meðferð upplýsinga til að tryggja að þær samræmist vernd friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis. Skrifstofa friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis veitir almennings upplýsingar um skyldustörf sín á <http://www.justice.gov/opcl>.
 - iv. Samkvæmt bandarískum lögum 42 U.S.C. § 2000ee o. áfr., ber eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi að endurskoða stöðugt i) stefnumál og verklagsreglur ráðuneyta, stofnana og eininga framkvæmdavaldsins, sem og framkvæmd þeirra, í tengslum við viðleitni til að vernda þjóðina fyrir hryðjuverkum til að tryggja að staðinn sé vörður um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi, og ii) aðrar aðgerðir framkvæmdavaldsins í tengslum við slíka viðleitni til að ákvarða hvort aðgerðir þeirra vernda með viðeigandi hætti friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi og eru í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og stefnur er varða friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi. Hún skal taka við og fara yfir skýrslur og aðrar upplýsingar frá fulltrúum friðhelgi einkalífsins og fulltrúum borgaralegs frelsis og senda þeim tilmæli varðandi aðgerðir þeirra þegar við á. Í 803. þætti tilmæla um framkvæmd í lögnum 9/11 Commission Act frá 2007, sem skráð eru í lagasafn Bandaríkjanna undir númerinu 42 U.S.C. § 2000-ee1, er kveðið á um að fulltrúar friðhelgi einkalífsins og

borgaralegra réttinda hjá átta alríkisstofnunum (þ.m.t. varnarmálaráðherra (Secretary of Defense), heimavarnarráðherra (Secretary of Homeland Security), framkvæmdastjóri bandarísku leyniþjónustunnar NI (Director of National Intelligence), og framkvæmdastjóri bandarísku leyniþjónustunnar CIA (Director of the Central Intelligence Agency)) og hverri þeirri stofnun til viðbótar sem eftirlitsnefndin tilnefnir, skuli leggja fram reglubundnar skýrslur til eftirlitsnefndarinnar um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi, þar sem fram koma m.a. fjöldi, eðli og lúkning þeirra kvartana sem viðkomandi stofnun berast vegna meintra brota. Í lögum um eftirlitsnefndina um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi er mælt fyrir um að nefndin taki við þessum skýrslum og, ef við á, komi með tilmæli til fulltrúa friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis og sendi þeim tilmæli varðandi aðgerðir þeirra.

IV. VIÐAUKI

Bréf frá Edith Ramirez, formanni Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna

7. júlí 2016

SENT Í TÖLVUPÓSTI

Věra Jourová
Framkvæmdastjóri yfir dóms-, neytenda- og kynjajafnréttismálum
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
Rue de la Loi/Wetstraat 200
1049 Brussels
Belgía

Ágæta Věra Jourová, framkvæmdastjóri,

Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna (FTC) metur mikils þetta tækifæri til að fá að lýsa því hvernig hún muni framfylgja hinum nýja ramma samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins („friðhelgisamkomulaginu“ eða „rammanum“). Við teljum að friðhelgisamkomulagið muni gegna þýðingarmiklu hlutverki við að greiða fyrir viðskiptum, þar sem friðhelgi einkalífsins er vernduð, í sífelld samtengdari heimi. Það mun gera fyrirtækjum kleift að stunda mikilvæga starfsemi í hnattrænu hagkerfi og tryggir á sama tíma öfluga vernd friðhelgi einkalífs neytenda í ESB. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna hefur lengi unnið að vernd friðhelgi einkalífsins yfir landamæri og mun setja framfylgd hins nýja friðhelgisamkomulags í forgang. Hér á eftir verður gerð almenn grein fyrir því hvernig alríkisviðskiptastofnunin hefur unnið dyggilega að vernd friðhelgi einkalífsins í gegnum tíðina, þ.m.t. við að framfylgja upprunalegu áætluninni um örugga höfn (Safe Harbor Program), og aðferð hennar við að framfylgja hinu nýja friðhelgisamkomulagi.

Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna skuldbatt sig fyrst opinberlega til að framfylgja áætluninni um örugga höfn árið 2000. Þá sendi þáverandi formaður Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna, Robert Pitofsky, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bréf um skuldbindingarloforð stofnunarinnar um að framfylgja dyggilega meginreglunum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna hefur síðan haldið þessa skuldbindingu í heiðri með nærri 40 framfylgdaraðgerðum, fjölda viðbótarrannsókna og samstarfi við hin ýmsu persónuverndaryfirvöld í Evrópu („persónuverndaryfirvöld ESB“) um sameiginleg hagsmunamál.

Eftir að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýsti yfir áhyggjum sínum af stjórnun og framfylgd áætlunarinnar um örugga höfn í nóvember 2013 hófum við, ásamt viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna, viðræður við embættismenn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um leiðir til að styrkja hana. Á meðan á viðræðunum stóð, hinn 6. október 2015, kvað Evrópuþómsstóllinn upp úrskurð í Schrems-málinu sem m.a. ógilti ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að áætlunin um örugga höfn væri fullnægjandi. Í kjölfar úrskurðarins héldum við áfram nánu samstarfi við viðskiptaráðuneytið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í viðleitni til að styrkja ráðstafanir til verndar friðhelgi einkalífsins fyrir einstaklinga í ESB. Niðurstaða þessara yfirstandandi viðræðna er samkomulagið til varnar friðhelgi einkalífsins. Líkt og með áætlunina um örugga höfn skuldbindur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna sig til að framfylgja nýja friðhelgisamkomulaginu dyggilega. Bréf þetta er til staðfestingar á þeirri skuldbindingu.

Við ítrekum skuldbindingar okkar einkum á eftirtöldum fjórum lykilsviðum: 1) forgangsroðun mála sem vísað er áfram og rannsókna, 2) viðbrögð við röngum eða villandi fullyrðingum um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu, 3) áframhaldandi vöktun þess að fyrirmælum sé fylgt og 4) efling tengsl við persónuverndaryfirvöld ESB og samstarf við þau um framfylgd. Hér á eftir fara ítarlegar upplýsingar um hverja og eina þessara skuldbindinga og viðeigandi forsaga um hlutverk Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna við að vernda friðhelgi einkalífs neytenda og framfylgja áætluninni um örugga höfn (e. Safe Harbor), auk almennrar lýsingar á því hvernig vernd friðhelgi einkalífsins er hagað í Bandaríkjunum ⁽¹⁾.

I. FORSAGA**A. Starf Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna við framfylgd verndar friðhelgi einkalífsins og stefnumótun**

Alríkisviðskiptastofnunin hefur víðtækar valdheimildir til framfylgdar á sviði einkaréttar til að stuðla að neytendavernd og samkeppni á sviði viðskipta. Hluti af umboði stofnunarinnar á sviði neytendaverndar er að framfylgja margvíslegum lögum um

⁽¹⁾ Viðbótarupplýsingar um bandarísk alríkis- og fylkislög um friðhelgi einkalífsins er að finna í fylgiskjali A. Auk þess má sjá samantekt um nýlegar framfylgdaraðgerðir okkar á sviði friðhelgi og öryggis á vefsetri Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna: <https://www.ftc.gov/reports/privacy-data-security-update-2015>.

vernd friðhelgi einkalífsins og öryggi neytendaupplýsinga. Mikilvægustu lögin sem stofnunin framfylgir, FTC Act, banna „óréttmæta“ og „villandi“ háttsemi eða starfshætti í viðskiptum eða sem hafa áhrif á viðskipti ⁽¹⁾. Fullyrðing, það að greina ekki frá upplýsingum eða starfshættir teljast villandi ef þau eru veruleg (e. material) og líkleg til að villa um fyrir neytendum sem aðhafast af skynsemi við hinar tilteknu aðstæður ⁽²⁾. Háttsemi eða starfshættir eru óréttmætir ef þeir valda eða eru líklegir til að valda neytendum verulegum skaða sem ekki er auðvelt að komast hjá og er ekki bættur upp með ávinningi fyrir neytendur eða bættri samkeppnisstöðu ⁽³⁾. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna framfylgir einnig sértækum lögum sem vernda upplýsingar er varða heilsufar, lánstraust og önnur fjárhagsleg málefni, og einnig upplýsingar um börn á Netinu og hefur gefið út reglugerðir til framkvæmdar hverjum og einum þessara laga.

Valdsvið Alríkisviðskiptastofnunarinnar, samkvæmt lögnum FTC Act, tekur til málefna „í viðskiptum eða sem hafa áhrif á viðskipti“. Stofnunin hefur ekki valdsvið til framfylgdar á sviði refsiréttar eða í þjóðaröryggismálum. Flestar aðrar aðgerðir stjórnvalda falla heldur ekki undir valdsvið hennar. Auk þessa eru undantekningar á valdsviði Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna á sviði viðskiptastarfsemi, þ.m.t. að því er varðar banka, flugfélög, váttryggingastarfsemi og almenna starfsemi fjarskiptabjónustuveitenda. Valdsvið Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna nær ekki yfir flestar stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, en þó yfir góðgerðastofnanir sem reknar eru á fölskum forsendum (e. sham charities) og aðrar stofnanir sem gefa sig út fyrir að vera ekki reknar í hagnaðarskyni en starfa þó í raun í hagnaðarskyni. Valdsvið Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna nær einnig yfir stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni en starfa í þágu aðila sinna sem starfa í hagnaðarskyni, m.a. með því að afla verulegs efnahagslegs ávinnings fyrir þessa aðila ⁽⁴⁾. Í sumum tilvikum skarast valdsvið Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna við valdsvið annarra löggæslustofnana.

Við höfum myndað traust vinnutensl við alríkisvirkvöld og yfirvöld fylkja og störfum náði með þeim að því að samhæfa rannsóknir eða vísa málum áfram þar sem við á.

Framfylgd er þungamiðja nálgunar Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna að vernd friðhelgi einkalífsins. Fram til dagsins í dag hefur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna höfðað yfir 500 mál til verndar friðhelgi einkalífsins og öryggi neytendaupplýsinga. Þessi mál ná bæði til upplýsinga á Netinu og utan þess og fela í sér framfylgdaraðgerðir gegn stórum jafnt sem smáum fyrirtækjum sem haldið er fram að hafi ekki eytt viðkvæmum neytendaupplýsingum með réttum hætti, ekki tryggt öryggi persónuupplýsinga neytenda, hafi rakið slóð neytenda á Netinu á fölskum forsendum, sent neytendum amapóst (e. spamming), sett upp njósnahugbúnað eða önnur spilliforrit á tölvum neytenda, brotið gegn reglum um merkingar í símaskrá sem gefa til kynna bann við hringingum (e. Do Not Call) og öðrum reglum um símasölu og safnað og deilt neytendaupplýsingum af fartækjum (e. mobile devices) með óréttmætum hætti. Framfylgdaraðgerðir Alríkisviðskiptastofnunarinnar – bæði í hinum efnislega heimi og hinum stafræna – eru mikilvæg skilaboð til fyrirtækja um þörfina á að vernda friðhelgi einkalífs neytenda.

Stofnunin hefur einnig hrundið úr vör fjölda stefnumótandi framtaksverkefna sem miða að því að efla friðhelgi einkalífs neytenda, er liggja til grundvallar vinnu hennar við framfylgd. Alríkisviðskiptastofnunin hefur haldið málstofur og gefið út skýrslur þar sem mælt er með bestu starfsvenjum sem miða m.a. að því að bæta friðhelgi einkalífsins í vistkerfi fartækja (e. mobile ecosystem), auka gagnsæi iðnaðarinnar þar sem upplýsingar ganga kaupum og sölum (e. data broker industry), hámarka ávinning af stórgögnum (e. big data) ásamt því að lágmarka áhættu, einkum fyrir tekjulága neytendur og þá sem standa höllum fæti, og leggja áherslu á þau áhrif á friðhelgi einkalífsins og öryggi sem eru samfara andlitsskönnun (e. facial recognition) og Interneti hlutanna (Internet of Things).

Alríkisviðskiptastofnunin sér einnig um neytenda- og fyrirtækjafræðslu til að auka áhrif framfylgdar sinnar og frumkvæðisverkefna í þróun stefnumótunar. Stofnunin hefur nýtt sér hin ýmsu verkfæri, útgefið efni, upplýsingar á Netinu, málstofur og samfélagsmiðla, til að bjóða upp á fræðslufni um hin ýmsu málefni, þ.m.t. um smáforrit fyrir fartæki (e. mobile apps), friðhelgi einkalífs barna og gagnaöryggi. Nýlega hratt Alríkisviðskiptastofnunin úr vör framtaksverkefni sínu „Start with Security“ sem felur m.a. í sér nýjar leiðbeiningar fyrir fyrirtæki, sem byggðar eru á þeim lærdómi sem dreginn hefur verið af málum stofnunarinnar á sviði gagnaöryggis og einnig málstofum sem haldnar hafa verið víðs vegar um landið. Auk þess hefur Alríkisviðskiptastofnunin lengi verið í fararbroddi í neytendafræðslu um grundvallaratriði tölvuöryggis. Á síðasta ári fengu vefsetur okkar „OnGuard Online“ og hliðstæða þess á spænsku „Alerta en Línea“, fleiri en 5 milljón flettingar.

B. Bandarísk réttarvernd til hagsbóta fyrir neytendur í ESB

Friðhelgisamkomulagið verður starfrækt sem hluti af almennum ramma Bandaríkjanna um vernd friðhelgi einkalífsins, sem verndar neytendur í ESB með margvíslegum hætti.

⁽¹⁾ Sjá 15 U.S.C. § 45(a).

⁽²⁾ Sjá FTC Policy Statement on Deception, sem fylgir með Cliffdale Assocs., Inc., 103 F.T.C. 110, 174 (1984), sem er að finna á <https://www.ftc.gov/public-statements/1983/10/ftc-policy-statement-deception>.

⁽³⁾ Sjá 15 U.S.C § 45(n); FTC Policy Statement on Unfairness, sem fylgir með Int'l Harvester Co., 104 F.T.C. 949, 1070 (1984), sem er að finna á <https://www.ftc.gov/public-statements/1980/12/ftc-policy-statement-unfairness>.

⁽⁴⁾ Sjá California Dental Ass'n v. FTC, 526 U.S. 756 (1999).

Bann laganna FTC Act við óréttmætri eða villandi háttsemi eða starfsháttum takmarkast ekki við að vernda bandaríska neytendur gegn bandarískum fyrirtækjum því að þau taka einnig til starfshátta sem 1) valda eða líklegt er að valdi tjóni í Bandaríkjunum, sem hægt er að sjá fyrir með góðu móti, eða 2) fela í sér raunverulega hegðun í Bandaríkjunum. Ennfremur getur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna notað öll úrræði sem hún hefur til að vernda innlenda neytendur til þess að vernda erlenda neytendur, þ.m.t. skaðabætur.

Vinna Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna við framfylgd gagnast verulega jafnt bandarískum sem erlendum neytendum. Til dæmis hafa mál okkar til framfylgdar 5. þætti laganna FTC Act stuðlað að vernd friðhelgi einkalífs bæði bandarískra og erlendra neytenda. Í máli sínu gegn upplýsingamiðlananum Accusearch hélt Alríkisviðskiptastofnunin því fram að sala fyrirtækisins á trúnaðarbundnum símtalaskráum til þriðju aðila án vitundar eða samþykkis neytenda væru óréttmætir starfshættir sem brytu gegn 5. þætti FTC Act. Accusearch seldi upplýsingar um bæði bandaríska og erlenda neytendur ⁽¹⁾. Dómstóllinn úrskurðaði lögbannt gegn Accusearch, sem gerði fyrirtækinu m.a. óheimilt að markaðssetja eða selja persónuupplýsingar neytenda án skriflegs samþykkis, nema þær væru fengnar með lögmætum hætti úr upplýsingum sem væru aðgengilegar almenningi, og dæmdi það til að endurgreiða hagnað sem nam næstum 200 000 bandaríkjadöllum ⁽²⁾.

Annað dæmi er sátt Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna í máli gegn TRUSTe. Með henni er tryggt að neytendur, einnig neytendur í Evrópusambandinu, geti treyst fullyrðingum alþjóðlegra sjálfseftirlitsstofnana, um grandskoðun þeirra og vottun á innlendri og erlendri nettengdri þjónustu ⁽³⁾. Það sem meira er, þá styrkir lögsókn okkar gegn TRUSTe einnig sjálfseftirlitskerfið með friðhelgi einkalífsins með víðtækari hætti með því að tryggja að einingar, sem gegna mikilvægu hlutverki í sjálfseftirlitskerfum, þ.m.t. persónuverndarkerfum sem ná yfir landamæri, séu dregnar til ábyrgðar.

Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna sér einnig um að framfylgja öðrum sértækum lögum sem veita vernd sem einnig nær til neytenda utan Bandaríkjanna, s.s. lögnum Children's Online Privacy Protection Act (COPPA). COPPA-lögin skylda m.a. umsjónarmenn vefsetra og nettengdrar þjónustu, sem beint er til barna, eða vefsetra fyrir almenning, sem safna vísitandi persónuupplýsingum frá börnum undir 13 ára aldri, til að tilkynna foreldrum um það og fá sannanlega samþykki þeirra. Bandarískum vefsetrum og þjónustu, sem falla undir COPPA-lögin og safna persónuupplýsingum frá erlendum börnum, er skylt að fara að COPPA-lögnum. Erlend vefsetur og nettengd þjónusta verða einnig að fara að COPPA-lögnum ef þeim er beint til barna í Bandaríkjunum eða ef þau safna vísitandi persónuupplýsingum frá börnum í Bandaríkjunum. Til viðbótar við bandarísk alríkislög sem Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna framfylgir geta neytendur í ESB einnig haft hag af tilteknum öðrum alríkis- og fylkislögum á sviði neytendaverndar og friðhelgi einkalífsins.

C. Framfylgd meginreglnanna um örugga höfn

Það hefur verið hluti af áætlun Alríkisviðskiptastofnunarinnar um framfylgd verndar friðhelgi einkalífsins og öryggis að leitast við að vernda neytendur í ESB með því að grípa til framfylgdaraðgerða í tengslum við brot á meginreglunum um örugga höfn. Alríkisviðskiptastofnunin hefur gripið til 39 framfylgdaraðgerða vegna meginreglnanna um örugga höfn: 36 í tengslum við meintar rangar fullyrðingar um vottun og þrjú mál – gegn Google, Facebook og Myspace – um meint brot á meginreglunum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins ⁽⁴⁾. Þessi mál leiða í ljós að unnt er að framfylgja vottunum og að það hafi afleiðingar í för með sér þegar ekki er farið að reglum. Sáttafyrirmæli (e. consent orders) með tutugu ára gildistíma skylda Google, Facebook og Myspace til að innleiða heildstæðar áætlanir um friðhelgi einkalífsins sem skulu vera útfærðar með skynsamlegum hætti þannig að þær taki á áhættum fyrir friðhelgi einkalífsins í tengslum við þróun og stjórnun nýrra og eldri vara og þjónustu og verndi friðhelgi einkalífsins og virði trúnað persónuupplýsinga. Í þessum heildstæðu áætlunum til varnar friðhelgi einkalífsins, sem úrskurðirnir fyrirskipa, þarf að greina fyrirsjáanlega mikilvæga áhættuþætti og sjá fyrir eftirlitsráðstöfunum til að bregðast við þessum áhættum. Fyrirtækin verða einnig að sæta viðvarandi, óháðu mati á friðhelgiáætlunum sínum, sem afhent skal Alríkisviðskiptastofnuninni. Úrskurðirnir banna einnig þessum fyrirtækjum að setja fram rangar fullyrðingar um starfshætti sína til að vernda friðhelgi einkalífsins og þátttöku sína í hvers konar áætlunum til varnar friðhelgi einkalífsins eða öryggisáætlunum. Bann þetta myndi einnig gilda um háttsemi og starfshætti fyrirtækjanna samkvæmt nýja friðhelgisamkomulaginu. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna getur framfylgt þessum úrskurðum með viðurlögum

(1) Sjá kvörtun skrifstofu persónuverndarstofnunar Kanada samkvæmt PIPEDA-lögnum gegn Accusearch, Inc., sem starfaði undir heitinu Abika.com, https://www.priv.gc.ca/cf-dc/2009/2009_009_0731_e.asp. Skrifstofa persónuverndarstofnunar Kanada lagði fram stutt sérfræðiálit í tengslum við áfrýjun gegn aðgerð Alríkisviðskiptastofnunarinnar og lét fara fram eigin rannsókn sem leiddi í ljós að starfshættir Accusearch brutu einnig gegn kanadískum lögum.

(2) Sjá *FTC v. Accusearch, Inc.*, No 06CV015D (D. Wyo. Dec. 20, 2007), aff'd 570 F.3d 1187 (10th Cir. 2009).

(3) Sjá *In the Matter of True Ultimate Standards Everywhere, Inc.*, nr. C-4512 (F.T.C. 12. mars 2015) (ákvörðun og úrskurður), sem er að finna á <https://www.ftc.gov/system/files/documents/cases/150318trust-edo.pdf>.

(4) Sjá *In the Matter of Google, Inc.*, nr. C-4336 (F.T.C. 13. okt. 2011) (ákvörðun og úrskurður), sem er að finna á <https://www.ftc.gov/news-events/press-releases/2011/03/ftc-charges-deceptive-privacy-practices-googles-rollout-its-buzz>; *In the Matter of Facebook, Inc.*, nr. C-4365 (F.T.C. 27. júlí 2012) (ákvörðun og úrskurður), sem er að finna á <https://www.ftc.gov/news-events/press-releases/2012/08/ftc-approves-final-settlement-facebook>; *In the Matter of Myspace LLC*, nr. C-4369 (F.T.C. 30. ágúst 2012) (ákvörðun og úrskurður), sem er að finna á <https://www.ftc.gov/news-events/press-releases/2012/09/ftc-finalizes-privacy-settlement-myspace>.

samkvæmt einkarétti. Google greiddi reyndar metháa fjársekt árið 2012, sem nam 22,5 milljónum bandaríkjadala, fyrir að hafa brotið gegn úrskurðinum. Þar af leiðandi stuðla þessir úrskurðir Alríkisviðskiptastofnunarinnar að því að vernda meira en milljarð neytenda um allan heim, þar af hundruð milljóna sem búsettir eru í Evrópu.

Mál Alríkisviðskiptastofnunarinnar hafa einnig snúist um rangar, villandi eða blekkjandi fullyrðingar um þátttöku í áætluninni um örugga höfn. Stofnunin tekur slíkar fullyrðingar alvarlega. Í máli *Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna gegn Karnani*, höfðaði Alríkisviðskiptastofnunin t.d. mál árið 2011 gegn söluaðila á Netinu þar sem því var haldið fram að hann og fyrirtæki hans hefðu blekkst breska neytendur og fengið þá til að trúá því að fyrirtækið hefði aðsetur í Bretlandi, m.a. með því að nota .uk-lén, gefa verð upp í breskri mynt og vísa til póstkæfis Bretlands⁽¹⁾. Þegar neytendum bárust vörurnar komust þeir hins vegar að því að á þær höfðu verið lagðir óvæntir innflutningstollar, ábyrgðarskríteini giltu ekki í Bretlandi og greiða þurfti gjald í tengslum við endurgreiðslu. Alríkisviðskiptastofnunin hélt því einnig fram að varnaraðilar blekktu neytendur varðandi þátttöku sína í áætluninni um örugga höfn. Tekið skal fram að allir neytendur sem þetta bitnaði á voru í Bretlandi.

Í mörgum öðrum málum okkar sem tengdust framfylgd áætlunarinnar um örugga höfn var um að ræða fyrirtæki sem gerðust aðilar að áætluninni, endurnýjuðu hins vegar ekki árlega vottun sína en héldu þó áfram að kynna sig sem aðila að henni. Eins og fram kemur hér á eftir skuldbindur Alríkisviðskiptastofnunin sig líka til þess að taka á rögum fullyrðingum um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu. Þessi skipulagða framfylgdarstarfsemi kemur til viðbótar auknum aðgerðum viðskiptaráðuneytisins til að ganga úr skugga um að farið sé að kröfum áætlunarinnar um vottun og endurnýjun vottunar, vöktun þess á því að farið sé í reynd að ákvæðum, þ.m.t. með notkun spurningalista til þátttakenda í friðhelgisamkomulaginu og aukinni viðleitni þess til að finna út hvort fyrirtæki haldi því ranglega fram að þau séu þátttakendur í samkomulaginu og hvort gæðamerki þess sé misnotað⁽²⁾.

II FORGANGSRÖÐUN MÁLA SEM VÍSAÐ ER ÁFRAM OG RANNSÓKNA

Líkt og samkvæmt áætluninni um örugga höfn skuldbindur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna sig til að láta mál, sem vísað er áfram frá aðildarríkjum ESB samkvæmt samkomulaginu til varnar friðhelgi einkalífsins, hafa forgang. Við munum einnig setja í forgang mál þar sem ekki hefur verið farið að leiðbeiningum um sjálfseftirlit í tengslum við samkomulagið til varnar friðhelgi einkalífsins, sem vísað er áfram af sjálfseftirlitsstofnunum og öðrum óháðum aðilum til lausnar deilumála.

Til að greiða fyrir vísun mála frá aðildarríkjum ESB samkvæmt friðhelgisamkomulaginu vinnur Alríkisviðskiptastofnunin að því að móta staðlað vísanaferli og leiðbeiningar fyrir aðildarríki ESB um það hvers konar upplýsingar myndu nýtast stofnuninni best við rannsókn sína á málum sem vísað er til hennar. Þáttur í þessari viðleitni er að Alríkisviðskiptastofnunin mun tilnefna tengilið innan stofnunarinnar fyrir mál sem aðildarríki ESB vísa til hennar. Gagnlegast er þegar yfirvaldið, sem vísar málinu áfram, hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn á hinu meinta broti og getur unnið með Alríkisviðskiptastofnuninni að rannsókninni.

Þegar Alríkisviðskiptastofnuninni berst mál, sem aðildarríki ESB eða sjálfseftirlitsstofnun vísar til hennar, getur hún gripið til ýmissa aðgerða til að taka á málum. Til dæmis getum við farið yfir persónuverndarstefnu viðkomandi fyrirtækis, aflað frekari upplýsinga beint frá fyrirtækinu eða frá þriðju aðilum, fylgt þeim eftir við eininguna sem vísaði málinu til okkar, metið hvort um er að ræða brotamynstur eða áhrif á verulegan fjölda neytenda, ákvarðað hvort vísunin felur í sér málefni sem heyra undir viðskiptaráðuneytið, metið hvort neytenda- og fyrirtækjafræðsla myndi gagnast og, eins og við á, hafið málsmeðferð til framfylgdar.

Alríkisviðskiptastofnunin skuldbindur sig einnig til þess að skiptast á upplýsingum um mál, sem vísað er til hennar, við eftirlitsyfirvöldin sem vísa þeim áfram, þ.m.t. um stöðu málanna, svo framarlega að það samræmist lögum um og takmörkunum vegna þagnarskyldu. Eftir því sem gerlegt er, miðað við fjölda og tegundir mála sem vísað er áfram, geta upplýsingarnar sem veittar eru innihaldið mat á málunum sem vísað er áfram, þ.m.t. lýsingu á mikilvægum málefnum sem vakið er máls á og hvers konar aðgerð sem gripið er til í því skyni að taka á lögbrotum sem falla innan valdsviðs Alríkisviðskiptastofnunarinnar. Alríkisviðskiptastofnunin veitir yfirvaldinu, sem vísaði máli til hennar, einnig endurgjöf um það hvers konar málum hefur verið vísað til hennar til að auka skilvirkni ráðstafana til að taka á ólögmetu framferði. Leiti eftirlitsyfirvaldið, sem vísaði málinu áfram, upplýsinga um stöðu tiltekins máls í því skyni að hefja sína eigin málsmeðferð til framfylgdar mun

(1) Sjá *FTC v. Karnani*, No 2:09-cv-05276 (C.D. Cal. 20. maí 2011) (lokaúrskurður), sem er að finna á <https://www.ftc.gov/sites/default/files/documents/cases/2011/06/110609karnanistip.pdf>; sjá einnig Lesley Fair, *FTC Business Center Blog, Around the World in Shady Ways*, <https://www.ftc.gov/blog/2011/06/around-world-shady-ways> (9. júní 2011).

(2) Bréf Ken Hyatt, starfandi aðstoðarráðherra alþjóðaviðskipta, stjórnsýsluskrifstofu um alþjóðaviðskipti, til Vëru Jourová, framkvæmdastjóra yfir dóms-, neytenda- og kynjajafnréttismálum.

Alríkisviðskiptastofnunin svara beiðninni, með hliðsjón af fjölda mála sem vísað hefur verið til hennar og hún hefur til meðferðar og með fyrirvara um þagnarskyldu og önnur lagaskilyrði.

Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna mun einnig vinna náið með persónuverndaryfirvöldum ESB og veita þeim aðstoð við framfylgd. Í vissum tilvikum myndi þetta fela í sér að deila upplýsingum og veita aðstoð við rannsóknir í samræmi við löggin U.S. SAFE WEB Act sem heimila Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna að veita erlendum löggæslustofnunum aðstoð þegar erlend stofnun framfylgir lögum sem banna framferði sem er verulega líkt því sem löggin, sem Alríkisviðskiptastofnunin framfylgir, banna⁽¹⁾. Þáttur í þessari aðstoð getur verið að Alríkisviðskiptastofnunin deili upplýsingum sem aflað var í tengslum við rannsókn sem hún hefur látið fara fram, gefi út kvaðningu til skýrslugjafar fyrir hönd persónuverndaryfirvalda ESB sem vinna að sinni eigin rannsókn, og taki munnlega skýrslu af vitnum eða varnaraðilum í tengslum við málsmeðferð persónuverndaryfirvaldanna við framfylgd, sbr. þó kröfur laganna U.S. SAFE WEB Act. Alríkisviðskiptastofnunin beitir þessum heimildum sínum reglulega til að aðstoða önnur yfirvöld víðs vegar að í heiminum í málum sem varða friðhelgi einkalífs og neytendavernd⁽²⁾.

Auk þess að gefa þeim málum, sem aðildarríki ESB og sjálfseftirlitsstofnanir á sviði friðhelgi einkalífsins vísa til hennar, forgang⁽³⁾ skuldbindur Alríkisviðskiptastofnunin sig til þess að rannsaka hugsanleg brot á friðhelgisamkomulaginu að eigin frumkvæði eftir því sem við á og nota til þess hin ýmsu tæki.

Í meira en áratug hefur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna haldið úti öflugri áætlun sem gengur út á að rannsaka málefni tengd friðhelgi einkalífsins og öryggi sem varða fyrirtæki (e. commercial organizations). Þáttur í þessum rannsóknum var að Alríkisviðskiptastofnunin rannsakaði reglulega hvort viðkomandi aðili viðhefði fullyrðingar um þátttöku í áætluninni um „örugga höfn“. Ef aðilinn setti fram slíkar fullyrðingar og rannsókn leiddi í ljós augljós brot á meginreglunum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins, ásakaði Alríkisviðskiptastofnunin hann einnig um brot á áætluninni um örugga höfn í framfylgdaraðgerðum sínum. Þessari fyrirbyggjandi aðferð verður haldið áfram samkvæmt nýja friðhelgisamkomulaginu. Það sem meira er, þá framkvæmir Alríkisviðskiptastofnunin margar aðrar rannsóknir sem leiða á endanum til opinberra framfylgdaraðgerða. Mörgum rannsóknum Alríkisviðskiptastofnunarinnar er hætt vegna þess að starfsfólkið finnur ekki merki um augljós lögbrot. Þar eð rannsóknir stofnunarinnar eru óopinberar og bundnar trúnaði er það oft ekki gert opinbert ef rannsókn er hætt.

Hinar nær 40 framfylgdaraðgerðir, sem Alríkisviðskiptastofnunin hefur gripið til varðandi áætlunina um örugga höfn eru til marks um þá skuldbindingu stofnunarinnar að framfylgja með fyrirbyggjandi hætti áætlunum um friðhelgi einkalífsins yfir landamæri. Við reglubundnar rannsóknir sínar á málum sem tengjast friðhelgi einkalífsins og öryggi mun Alríkisviðskiptastofnunin leita að hugsanlegum brotum á friðhelgisamkomulaginu.

III. VIÐBRÖGÐ VIÐ RÖNGUM EÐA VILLANDI FULLYRÐINGUM UM ÞÁTTTÖKU Í FRIÐHELGISAMKOMULAGINU

Eins og fram kemur hér að framan mun Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna grípa til aðgerða gagnvart aðilum sem setja fram rangar fullyrðingar um þátttöku sína í friðhelgisamkomulaginu. Alríkisviðskiptastofnunin mun leggja sérstaka áherslu á mál sem viðskiptaráðuneytið vísar til hennar og varða fyrirtæki sem það telur að haldi því ranglega fram að þau séu gildir þátttakendur í friðhelgisamkomulaginu eða noti gæðamerki þess í leyfisleysi.

Auk þess er vakin athygli á því að ef fyrirtæki heitir því í stefnu sinni um persónuvernd að það fari að meginreglum samkomulagsins til varnar friðhelgi einkalífsins þá mun vanræksla á skráningu eða viðhaldi skráningar hjá viðskiptaráðuneytinu að öllum líkindum ekki, í sjálfu sér, undanþiggja fyrirtækið því að Alríkisviðskiptastofnunin framfylgi skuldbindingum friðhelgisamkomulagsins.

(1) Þegar hún tekur ákvörðun um hvort hún eigi að beita heimild sinni skv. lögum U.S. SAFE WEB Act skal Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna m.a. hafa í huga: „A) hvort stofnunin sem leggur fram beiðnina hafi samþykkt að veita eða hvort hún muni veita Alríkisviðskiptastofnuninni gagnkvæma aðstoð, B) hvort það að verða við beiðninni myndi skaða almannahagsmuni í Bandaríkjum og C) hvort rannsókn eða framfylgdarmálsmeðferð stofnunarinnar sem leggur fram beiðnina varði háttsemi eða starfshætti sem valda eða líklegt er að valdi verulegum fjölda fólks tjóni.“ Sjá 15 U.S.C. § 46(j)(3). Heimildin nær ekki til framfylgdar samkeppnislaga.

(2) Á reikningsárunum 2012-2015 t.d. notaði Alríkisviðskiptastofnunin heimild sína skv. U.S. SAFE WEB Act til að deila upplýsingum í svörum við næstum 60 beiðnum frá erlendum stofnunum og gaf út nærri 60 rannsóknarkröfur einkamálaréttar (e. civil investigative demands) (sem jafngilda kvaðningu frá stjórnvöldum (e. administrative subpoenas)) til að aðstoða við 25 erlendar rannsóknir.

(3) Þrátt fyrir að Alríkisviðskiptastofnunin leysi ekki úr eða miðli málum í einstökum kvörtunum neytenda, staðfestir stofnunin að hún muni setja í forgang mál, sem persónuverndaryfirvöld ESB vísa til hennar samkvæmt friðhelgisamkomulaginu. Auk þess notar Alríkisviðskiptastofnunin kvartanir í gagnagrunni sínum „Consumer Sentinel“, sem margar aðrar löggæslustofnanir hafa aðgang að, til að greina leitni, ákvarða forgangsröð varðandi framfylgd og greina hugsanleg rannsóknarefni. Einstaklingar innan ESB geta notað sama kvörtunarkerfi og bandarískum borgurum stendur til boða til að leggja kvörtun fyrir Alríkisviðskiptastofnunina á: www.ftc.gov/complaint. Þegar um er að ræða einstakar kvartanir samkvæmt friðhelgisamkomulaginu kann þó að gagnast best að einstaklingar innan ESB leggi kvartanir sínar fyrir persónuverndaryfirvöld í aðildarríkinu þar sem þeir búa eða aðila til lausnar deilumálum utan dómstóla.

IV. VÖKTUN FYRIRMÆLA

Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna ítrekar einnig þá skuldbindingu sína að vakta fyrirmæli vegna framfylgdar til að tryggja að samkomulagið til varnar friðhelgi einkalífsins sé virt.

Við munum krefjast þess að friðhelgisamkomulagið verði virt með ýmiss konar viðeigandi lögbannsráðstöfunum í framtíðar-fyrirmælum og -úrskurðum Alríkisviðskiptastofnunarinnar samkvæmt friðhelgisamkomulaginu. Þar á meðal verður bann við röngum fullyrðingum varðandi friðhelgisamkomulagið og aðrar áætlanir um friðhelgi einkalífsins þegar slíkar fullyrðingar eru grundvöllur fyrirleggjandi aðgerðar Alríkisviðskiptastofnunarinnar.

Mál Alríkisviðskiptastofnunarinnar til framfylgdar upphaflegu áætluninni um örugga höfn eru lærdómsrík. Í þeim 36 málum sem snerust um rangar eða villandi fullyrðingar um vottun samkvæmt áætluninni um örugga höfn, var varnaraðila bannað í hverjum fyrirmælum eða úrskurði að setja fram rangar fullyrðingar um þátttöku sína í áætluninni um örugga höfn eða hvers konar áætlun annari til varnar friðhelgi einkalífsins eða öryggisáætlun og þess krafist að fyrirtækið léti útbúa skýrslur um reglufylgni sem afhentar yrðu Alríkisviðskiptastofnuninni. Í málum sem varða brot á meginreglum áætlunarinnar um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins hefur fyrirtækjum verið gert að innleiða heildstæðar áætlanir til varnar friðhelgi einkalífsins og fá mat óháðs þriðja aðila á þessum áætlunum annað hvert ár í 20 ár, sem þau verða að afhenda Alríkisviðskiptastofnuninni.

Brot á stjórnsýslufyrirmælum Alríkisviðskiptastofnunarinnar geta haft í för með sér sekt sem nemur allt að 16 000 bandaríkjadöllum fyrir hvert brot eða 16 000 bandaríkjadöllum fyrir hvern dag sem brotið heldur áfram⁽¹⁾, sem getur numið milljónum dala, þegar um er að ræða starfshætti sem varða marga neytendur. Í hverjum sáttafyrirmælum eru einnig ákvæði um skýrslugjöf og reglufylgni. Fyrirtækjum sem sæta fyrirmælum eða úrskurði er skylt að geyma skjöl, sem sýna fram á reglufylgni þeirra, í tiltekinn árafjölda. Einnig verður að dreifa fyrirmælunum eða úrskurðunum til starfsmanna sem bera ábyrgð á að tryggja að eftir þeim sé farið.

Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna vaktar kerfisbundið að farið sé að fyrirmælum og úrskurðum varðandi áætlunina um örugga höfn, líkt og hún gerir varðandi öll sín fyrirmæli og úrskurði. Alríkisviðskiptastofnunin tekur framfylgd fyrirmæla sinna og úrskurða varðandi friðhelgi einkalífsins og gagnaöryggi alvarlega og höfðar mál þeim til framfylgdar þegar þörf er á. T.d. greiddi Google, eins og fram hefur komið, 22,5 milljón dala sekt fyrir að hafa brotið gegn fyrirmælum Alríkisviðskiptastofnunarinnar gegn sér. Það sem meira er, munu fyrirmæli og úrskurðir Alríkisviðskiptastofnunarinnar vernda áfram alla neytendur um allan heim sem eiga í samskiptum við fyrirtæki, ekki aðeins þá neytendur sem hafa lagt fram kvörtun.

Síðast en ekki síst mun Alríkisviðskiptastofnunin áfram halda úti skrá á Netinu yfir fyrirtæki sem sætt hafa úrskurði eða fyrirmælum í tengslum við framfylgd bæði áætlunarinnar um örugga höfn og nýja samkomulagsins til varnar friðhelgi einkalífsins⁽²⁾. Auk þess er þess nú krafist í meginreglum samkomulagsins til varnar friðhelgi einkalífsins að fyrirtæki, sem sæta úrskurði eða fyrirmælum Alríkisviðskiptastofnunarinnar eða dómsúrskurði fyrir að hafa ekki virt meginreglurnar, birti opinberlega viðeigandi hluta hvers konar reglufylgniskýrslu eða matsskýrslu sem lögð er fyrir Alríkisviðskiptastofnunina, sem tengjast friðhelgisamkomulaginu, svo framarlega að það samræmist lögum og reglum um þagnarskyldu.

V. TENGLS VIÐ PERSÓNUVERNDARYFIRVÖLD ESB OG SAMSTARF UM FRAMFYLGD

Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna viðurkennir hið mikilvæga hlutverk sem persónuverndaryfirvöld ESB gegna í sambandi við að friðhelgisamkomulagið sé virt og hvetur til aukins samráðs og samstarfs um framfylgd. Til viðbótar við hvers konar samráð við persónuverndaryfirvöld sem vísa máli til stofnunarinnar um málefni sem tengjast málinu sérstaklega, skuldbindur Alríkisviðskiptastofnunin sig til að taka þátt í reglubundnum fundum með tilnefndum fulltrúum starfshópsins sem um getur í 29. gr. til að ræða almennt hvernig bæta megi samstarfið um framfylgd friðhelgisamkomulagsins. Alríkisviðskiptastofnunin mun einnig, ásamt viðskiptaráðuneytinu, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og fulltrúum starfshópsins sem um getur í 29. gr., taka þátt í árlegri endurskoðun friðhelgisamkomulagsins til að ræða framkvæmd þess.

Alríkisviðskiptastofnunin hvetur einnig til þess að þróuð verði tæki til að efla samstarf um framfylgd við persónuverndaryfirvöld ESB og önnur eftirlitsyfirvöld á sviði friðhelgi einkalífsins víða um heim. Alríkisviðskiptastofnunin, ásamt samstarfsaðilum um framfylgd í Evrópusambandinu og víða um heim, hratt einmitt úr vör á síðasta ári viðvörunarkerfi innan ramma Hnattræna netsins fyrir framfylgd persónuverndar (e. Global Privacy Enforcement Network (GPEN)) til að deila upplýsingum um rannsóknir og stuðla að samstarfi um framfylgd. Þetta viðvörunartæki Hnattræna netsins fyrir framfylgd persónuverndar gæti reynst afar gagnlegt í tengslum við samkomulagið til varnar friðhelgi einkalífsins. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna og persónuverndaryfirvöld ESB gætu notað það til samhæfingar í tengslum við friðhelgisamkomulagið og aðrar rannsóknir á sviði friðhelgi einkalífsins, þ.m.t. sem upphafspunkt til að deila upplýsingum til að ná fram samhæfðari og árangursríkari verndun friðhelgi einkalífsins fyrir neytendur. Við hlökkum til þess að halda áfram að vinna með

(1) 15 U.S.C. § 45(m); 16 C.F.R. § 1.98.

(2) Sjá FTC, Business Center, Legal Resources, <https://www.ftc.gov/tips-advice/business-center/legal-resources?type=case&field-consumer-protection-topics-tid=251>.

Þátttökuyfirvöldum innan ESB að notkun viðvörunarkerfis Hnattræna netsins fyrir framfylgd persónuverndar í auknum mæli og að þróun annarra tækja sem bætt geta samstarf um framfylgd í málum sem varða friðhelgi einkalífsins, þ.m.t. þeim sem varða friðhelgisamkomulagið.

Alríkisviðskiptastofnuninni er ánægja að staðfesta þá skuldbindingu sína að framfylgja hinu nýja samkomulagi til varnar friðhelgi einkalífsins. Við hlökkum einnig til áframhaldandi sambands við starfsbræður okkar í Evrópusambandinu og samstarfs um verndun friðhelgi einkalífs neytenda beggja megin Atlantshafsins.

Virðingarfyllst,
Edith Ramirez
formaður.

*Fylgiskjal A***Rammi samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins í framkvæmd: Yfirlit yfir það hvernig vernd friðhelgi einkalífsins og öryggi er hagað í Bandaríkjunum**

Sú vernd sem rammi samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins („ramminn“) felur í sér er hluti af viðtækari verndarráðstöfunum á sviði friðhelgi einkalífsins samkvæmt bandarísku réttarkerfi í heild. Í fyrsta lagi hefur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna (FTC) öfluga áætlun á sviði friðhelgi einkalífs og öryggis upplýsinga sem tekur til bandarískra viðskiptahátta og verndar neytendur um allan heim. Í öðru lagi hefur tilhögun friðhelgi einkalífs neytenda og verndar öryggis í Bandaríkjunum þróast verulega frá árinu 2000 þegar hin upphaflega áætlun Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um örugga höfn var samþykkt. Frá þeim tíma hefur verið settur fjöldi alríkis- og fylkislaga á sviði friðhelgi einkalífsins og öryggis og málaferlum, jafnt af hálfu hins opinbera sem einkaaðila, til að framfylgja réttinum til friðhelgi einkalífs hefur fjölgað verulega. Hið víða gildissvið bandarískrar réttarverndar fyrir persónuvernd og öryggi neytenda, sem gildir um meðferð upplýsinga í viðskiptaskyni kemur til viðbótar vernd þeirri sem hið nýja friðhelgisamkomulag veitir einstaklingum í Evrópusambandinu.

I. ALMENN ÁÆTLUN ALRÍKISVIÐSKIPASTOFNUNARINNAR UM FRAMFYLGD FRIÐHELGI EINKALÍFSINS OG ÖYGGIS

Alríkisviðskiptastofnunin er forystustofnun Bandaríkjanna í neytendavernd með áherslu á friðhelgi einkalífsins í viðskiptageiranum. Stofnunin hefur heimildir til að sækja til saka fyrir óréttmæta og villandi háttsemi eða starfshætti sem brjóta gegn friðhelgi einkalífs neytenda, auk þess að framfylgja sértækari lögum um friðhelgi einkalífsins sem vernda tiltekna upplýsingar um fjármál og heilsufar, upplýsingar um börn og upplýsingar sem notaðar eru til að taka tiltekna ákvarðanir um flokkun neytenda.

Alríkisviðskiptastofnunin hefur einstaka reynslu á sviði framfylgdar friðhelgi einkalífs neytenda. Framfylgdaraðgerðir stofnunarinnar hafa beinst gegn ólöglegum starfsháttum, bæði í Netumhverfi og utan þess. Til dæmis hefur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna gripið til framfylgdaraðgerða gegn velþekktum fyrirtækjum á borð við Google, Facebook, Twitter, Microsoft, Wyndham, Oracle, HTC og Snapchat, auk annarra minna þekkra fyrirtækja. Alríkisviðskiptastofnunin hefur lögsótt fyrirtæki sem fullyrt er að hafi sent neytendum amapóst, sett upp njósnahugbúnað á tölvum þeirra, vanrækt að vernda persónuupplýsingar neytenda, rakið slóð þeirra á Netinu á fölskum forsendum, brotið gegn friðhelgi einkalífs barna, safnað ólöglega upplýsingum af fartækjum neytenda og ekki tryggt öryggi Nettengdra tækja sem notuð eru til að geyma persónuupplýsingar. Í fyrirmælum og úrskurðum sem af þessu leiðir hefur yfirleitt verið kveðið á um áframhaldandi eftirlit af hálfu Alríkisviðskiptastofnunarinnar næstu 20 árin, bann við frekari lögbrotum og fyrirtæki látin sæta verulegum fjárhagslegum viðurlögum fyrir brot gegn fyrirmælunum eða úrskurðinum⁽¹⁾. Það sem meira er, þá vernda fyrirmæli og úrskurðir Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna ekki aðeins þá einstaklinga sem kunna að hafa kvartað yfir vandamáli heldur alla neytendur sem skipta við fyrirtækið í framtíðinni. Að því er varðar önnur lönd þá nær valdsvið Alríkisviðskiptastofnunarinnar til þess að vernda neytendur um allan heim gegn starfsháttum sem viðgangast í Bandaríkjunum⁽²⁾.

Fram til dagsins í dag hefur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna höfðað yfir 130 mál vegna amapósts og njósnahugbúnaðar, yfir 120 mál vegna brota gegn reglum um merkingar í símaskrá sem gefa til kynna bann við hringingum í símasölu, meira en 100 mál samkvæmt lögum Fair Credit Reporting Act, næstum 60 persónuverndarmál, meira en 50 almenn mál vegna brota gegn friðhelgi einkalífsins, næstum 30 mál vegna brota gegn lögum Gramm-Leach-Bliley Act og meira en 20 mál vegna framfylgdar á lögum Children's Online Privacy Protection Act („COPPA-lögum“) (3). Auk þessara mála hefur Alríkisviðskiptastofnunin einnig gefið út og birt viðvörunarbréf (4).

(1) Fyrirtæki sem ekki fer að fyrirmælum eða úrskurði Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna skal sæta sekt sem nemur 16 000 bandaríkjadöllum fyrir hvert brot eða 16 000 bandaríkjadöllum á dag fyrir hvern dag sem brotið heldur áfram. Sjá 15 U.S.C. § 45(l); 16 C.F.R. § 1.98(c).

(2) Þingið hefur staðfest með ótvíræðum hætti valdheimild Alríkisviðskiptastofnunarinnar til að leita lagalegra úrræða, þ.m.t. sekta, vegna hvers konar háttsemi eða starfshátta sem varða erlend viðskipti sem 1) valda eða líklegt er að valdi tjóni í Bandaríkjunum, sem hægt er að sjá fyrir með góðu móti, eða 2) fela í sér raunverulega hegðun í Bandaríkjunum. Sjá 15 U.S.C. §§ 45(a)(4).

(3) Í sumum tilvikum er fullyrt í málum Alríkisviðskiptastofnunarinnar er varða friðhelgi einkalífs og gagnaöryggi að fyrirtæki hafi gerst sek um bæði villandi og óréttmæta starfshætti; þessi mál varða stundum einnig meint brot á fleiri en einum lögum, s.s. Fair Credit Reporting Act, Gramm-Leach-Bliley Act og COPPA.

(4) Sjá t.d. fréttatilkynningu Alríkisviðskiptastofnunarinnar: FTC Warns Children's App Maker BabyBus About Potential COPPA Violations (22. des. 2014), <https://www.ftc.gov/news-events/press-releases/2014/12/ftc-warns-childrens-app-maker-babybus-about-potential-coppa>; fréttatilkynningu Alríkisviðskiptastofnunarinnar: FTC Warns Data Broker Operations of Possible Privacy Violations (7. maí 2013), <https://www.ftc.gov/news-events/press-releases/2013/05/ftc-warns-data-broker-operations-possible-privacy-violations>; fréttatilkynningu Alríkisviðskiptastofnunarinnar: FTC Warns Data Brokers That Provide Tenant Rental Histories They May Be Subject to Fair Credit Reporting Act (3. apríl 2013), <https://www.ftc.gov/news-events/press-releases/2013/04/ftc-warns-data-brokers-provide-tenant-rental-histories-they-may>.

Það hefur verið hluti af því hvernig alríkisviðskiptastofnunin hefur unnið dyggilega að því að vernda friðhelgi einkalífsins í gegnum tíðina að leita einnig reglubundið að hugsanlegum brotum gegn áætluninni um örugga höfn. Frá því að áætlunin um örugga höfn var samþykkt hefur Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna, að eigin frumkvæði, tekist á hendur fjölda rannsókna á því hvort farið er að henni og höfðað 39 mál gegn bandarískum fyrirtækjum fyrir brot gegn áætluninni. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna mun halda áfram að beita þessari fyrirbyggjandi aðferð og setja framfylgd nýja friðhelgisamkomulagsins í forgang.

II. ALRÍKIS- OG FYLKISVERNDARRÁÐSTAFANIR TIL VERNDAR FRÍÐHELGI EINKALÍFS NEYTENDA

Í yfirlitinu yfir framkvæmd meginreglnanna um „örugga höfn“, sem er að finna í viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd áætlunarinnar um örugga höfn, er að finna samantekt margra alríkis- og fylkislaga á sviði friðhelgi einkalífsins sem voru í gildi þegar áætlunin um örugga höfn var samþykkt árið 2000 ⁽¹⁾. Á þeim tíma heyrði söfnun og notkun persónuupplýsinga í viðskiptaskyni undir ýmis alríkislög sem, auk 5. þáttar laganna FTC Act, voru m.a.: Cable Communications Policy Act, Driver's Privacy Protection Act, Electronic Communications Privacy Act, Electronic Funds Transfer Act, Fair Credit Reporting Act, Gramm-Leach-Bliley Act, Right to Financial Privacy Act, Telephone Consumer Protection Act og Video Privacy Protection Act. Mörg fylki hafa hliðstæð lög á þessu sviði.

Frá árinu 2000 hafa orðið ýmsar breytingar, bæði á vettvangi alríkisstjórnar og í einstökum fylkjum, í þá átt að veita neytendum viðbótarvernd á sviði friðhelgi einkalífsins ⁽²⁾. Á vettvangi alríkisstjórnar breytti Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna t.d. COPPA-lögunum árið 2013 til að sjá fyrir ýmiss konar viðbótarvernd á persónuupplýsingum barna. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna setti einnig tvær reglur til framkvæmdar lögunum Gramm-Leach-Bliley Act — Privacy Rule og Safeguards Rule — sem skylda fjármálastofnanir ⁽³⁾ til að birta upplýsingar um starfshætti sína varðandi upplýsingaskipti og til að innleiða heildstæða upplýsingaöryggisáætlun til að vernda neytendaupplýsingar ⁽⁴⁾. Á sama hátt komu löginn Fair and Accurate Credit Transaction Act („FACTA-lögin“), sem samþykkt voru árið 2003, í stað bandarískra laga um lánsviðskipti, sem lengi höfðu verið í gildi, með það að markmiði að setja kröfur um það að dylja, deila og eyða tilteknum viðkvæmum, fjárhagslegum upplýsingum. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna setti ýmsar reglur samkvæmt FACTA-lögunum, m.a. um rétt neytenda til að fá án endurgjalds árlega staðfestingu á skuldastöðu sinni; kröfur um örugga eyðingu upplýsinga úr neytendaskýrslum, rétt neytenda til að afþakka tiltekin tilböð um lán og tryggingar, rétt neytenda til að frábiðja sér notkun upplýsinga sem eignatengt fyrirtæki lætur í té til að markaðssetja vörur sínar og þjónustu og kröfur um að fjármálastofnanir og lánveitendur innleiði áætlanir til að greina og fyrirbyggja auðkennisþjófnað ⁽⁵⁾. Auk þess voru reglur, sem settar voru með lögunum Health Insurance Portability and Accountability Act endurskoðaðar árið 2013 og bætt við viðbótarverndarráðstöfunum til að vernda friðhelgi og öryggi heilsufarsupplýsinga fólks ⁽⁶⁾. Einnig hafa tekið gildi reglur sem vernda neytendur gegn óumbeðnum símasöluhringingum, upphringingum frá sjálfvirkum uppkallskerfum (e. robocalls) og amapósti. Þingið hefur einnig sett lög sem skylda tiltekin fyrirtæki sem safna heilsufarsupplýsingum til að tilkynna neytendum um það ef öryggisrof verður ⁽⁷⁾.

Fylkin hafa einnig verið dugleg við að samþykkja lög í tengslum við friðhelgi einkalífs og öryggi. Frá árinu 2000 hafa 47 fylki, sem og Washington, D.C. (District of Columbia), Gvam, Púertó Ríkó og Bandarísku Jómfrúaejyar samþykkt lög sem skylda

⁽¹⁾ Sjá Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna, Safe Harbor Enforcement Overview, https://build.export.gov/main/safeharbor/eu/eg_main_018476.

⁽²⁾ Varðandi heildstæðari samantekt á réttarvernd í Bandaríkjunum, sjá Daniel J. Solove & Paul Schwartz, Information Privacy Law (5th ed. 2015).

⁽³⁾ Í lögunum Gramm-Leach-Bliley Act er mjög víð skilgreining á hugtakinu fjármálastofnun sem tekur til allra fyrirtækja sem stunda „að verulegu leyti“ að bjóða fjármálaþjónustu eða -afurðir. Hún nær t.d. til fyrirtækja sem innleysa ávísanir, skammtímalánafyrirtækja, veðlánamiðlara, lánveitenda sem ekki eru bankar, matsmanna persónulegra fjármuna eða fasteigna, og þeirra sam hafa atvinnu af að útbúa skattframtöl.

⁽⁴⁾ Samkvæmt lögunum Consumer Financial Protection Act („CFPA-lögunum“) frá 2010, X. bálki Pub. L. 111-203, 124 Stat. 1955 (July 21, 2010) (sem einnig eru þekkt sem Dodd-Frank Wall Street Reform and Consumer Protection Act), var mikill hluti lagasetningarvalds Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna samkvæmt Gramm-Leach-Bliley Act fluttur til Skrifstofu neytendaverndar á sviði fjármála (Consumer Financial Protection Bureau („CFPB“)). Alríkisviðskiptastofnunin heldur heimildum til framfylgdar samkvæmt Gramm-Leach-Bliley Act auk lagasetningarvalds samkvæmt Safeguards Rule og takmarkaðs lagasetningarvalds samkvæmt Privacy Rule að því er varðar bílasala.

⁽⁵⁾ Samkvæmt CFPA-lögunum fara Alríkisviðskiptastofnunin og Skrifstofa neytendaverndar á sviði fjármála (CFPB) sameiginlega með framfylgdarheimildir samkvæmt FOCRA-lögunum en lagasetningarvaldið færast að mestu leyti til Skrifstofu neytendaverndar á sviði fjármála (að undanskildri varúðarreglunni og reglunni um eyðingu upplýsinga (Red Flags and Disposal Rules)).

⁽⁶⁾ Sjá 45 C.F.R. pts. 160, 162, 164.

⁽⁷⁾ Sjá t.d. löginn American Recovery & Reinvestment Act frá 2009, Pub. L. No 111-5, 123 Stat. 115 (2009) og viðeigandi reglugerðir, 45 C.F.R. §§ 164.404-164.414; 16 C.F.R. pt. 318.

fyrirtæki til að tilkynna einstaklingum um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga ⁽¹⁾. Í a.m.k. 32 fylkjum og á Púertó Ríkó eru lög um eyðingu gagna sem setja kröfur um eyðileggingu eða eyðingu persónuupplýsinga ⁽²⁾. Ýmis fylki hafa einnig samþykkt almenn lög um gagnaöryggi. Auk þess hefur Kalifornía samþykkt ýmis lög um friðhelgi einkalífsins, þ.m.t. lög sem skylda fyrirtæki til að hafa persónuverndarstefnu og upplýsa um starfshætti sína varðandi það að rekja ekki slóð viðskiptavina sinna (e. „Do Not Track practices“) ⁽³⁾, „Shine the Light“-lögin sem krefjast aukins gagnsæis af gagnamiðlurum ⁽⁴⁾, og lög sem fyrirskipa „gagnaeyðingarhapp“ sem gerir ólöggráða börnum mögulegt að óska eftir eyðingu tiltekinna upplýsinga á samfélagsmiðlum ⁽⁵⁾. Á grundvelli þessara laga og annarra heimilda hafa alríkis- og fylkisstjórnvöld lagt verulegar fjársektir á fyrirtæki sem ekki hafa verndað friðhelgi einkalífs neytenda og öryggi persónuupplýsinga þeirra ⁽⁶⁾.

Mál, höfðuð af einkaaðilum, hafa einnig leitt til árangursríkra dóma og sátta sem hafa tryggt neytendum viðbótarvernd á sviði friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Árið 2015 féllst Target t.d. á að greiða 10 milljónir bandaríkjadala sem hluta af sátt við viðskiptavini sem héldu því fram að fjárhagsupplýsingum þeirra hefði verið stefnt í hættu með viðamiklu öryggisbroti við meðferð upplýsinga. Árið 2013 féllst AOL á að greiða 5 milljónir bandaríkjadala í sátt til að leysa úr hópmaalssókn vegna meintra ófullnægjandi aðferða við að gera upplýsingar ópersónugreinanlegar í tengslum við birtingu leitarfyrirspurna hundruð þúsunda notenda AOL. Auk þess samþykkti alríkisdómstóll að Netflix myndi greiða 9 milljónir bandaríkjadala fyrir meinta geymslu á skrám yfir leigusögu fólks í trássi við lögin Video Privacy Protection Act frá 1988. Alríkisdómstólar í Kaliforníu samþykktu tvær mismunandi sáttir við Facebook, og nam önnur 20 milljónum bandaríkjadala en hin 9,5 milljónum, vegna söfnunar, notkunar og miðlunar fyrirtækisins á persónuupplýsingum notenda þess. Árið 2008 samþykkti fylkisdómstóll í Kaliforníu sátt sem nam 20 milljónum bandaríkjadala við LensCrafters fyrir ólöglega birtingu á heilsufarsupplýsingum neytenda.

Eins og fram kemur í þessari samantekt veita Bandaríkin því, á heildina litið, verulega réttarvernd á sviði friðhelgi einkalífs neytenda og öryggi þeirra. Hið nýja samkomulag til varnar friðhelgi einkalífsins, sem tryggir einstaklingum í ESB mikilvægar verndarráðstafanir, verður starfrækt sem hluti af þessu stærra samhengi þar sem persónuvernd neytenda og öryggi þeirra verður áfram sett í forgang.

(1) Sjá t.d. National Conference of State Legislatures („NCSL“), State Security Breach Notification Laws (4. jan. 2016), sem er að finna á <http://www.ncsl.org/research/telecommunications-and-information-technology/security-breach-notification-laws.aspx>.

(2) NCSL, Data Disposal Laws (12. jan. 2016), sem er að finna á <http://www.ncsl.org/research/telecommunications-and-information-technology/data-disposal-laws.aspx>.

(3) Cal. Bus. & Professional Code §§ 22575-22579.

(4) Cal. Civ. Code §§ 1798.80-1798.84.

(5) Cal. Bus. & Professional Code § 22580-22582.

(6) Sjá Jay Cline, U.S. Takes the Gold in Doling Out Privacy Fines, Computerworld (17. feb. 2014), sem er að finna á <http://www.computerworld.com/s/article/9246393/Jay-Cline-U.S.-takes-the-gold-in-doling-out-privacy-fines?taxonomyId=17&pageNumber=1>.

V. VIÐAUKI

Bréf frá Anthony Foxx, samgönguráðherra Bandaríkjanna

19. febrúar 2016

Vera Jourová, framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
Rue de la Loi/Wetstraat 200
1049 Brussel
Belgía

Varðandi: Samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins

Ágæta Vera Jourová, framkvæmdastjóri

Samgönguráðuneyti Bandaríkjanna („ráðuneytið“) metur mikils þetta tækifæri til að skýra hlutverk sitt við að framfylgja samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins. Samkomulagið gegnir þýðingarmiklu hlutverki við vernd persónuupplýsinga í viðskiptum í sífellt samtengdari heimi. Það gerir fyrirtækjum kleift að starfrækja mikilvæga starfsemi í hnattrænu hagkerfi og tryggir á sama tíma mikilvæga vernd fyrir friðhelgi einkalífs neytenda í ESB.

Samgönguráðuneytið greindi fyrst opinberlega frá því að hafa skuldbundið sig til að framfylgja lagarammanum um „örugga höfn“ í bréfi sem sent var framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrir meira en 15 árum. Í því bréfi hét ráðuneytið því að framfylgja kröftuglega meginreglum um „örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins“. Ráðuneytið mun áfram standa við þessar skuldbindingar sínar og er bréf þetta áminning þar um.

Ráðuneytið ítrekar skuldbindingar sínar, einkum á þeim aðalsviðum sem hér eru tilgreind: (1) forgangsröðun rannsókna á meintum brotum á friðhelgisamkomulaginu, (2) viðeigandi framfylgdaraðgerðir gegn aðilum vegna rangra eða villandi fullyrðinga um að þeir hafi friðhelgisamkomulagsvottun og (3) að fylgjast með og birta opinberlega framfylgdarfyrirmæli vegna brota á friðhelgisamkomulaginu. Við veitum upplýsingar um hverja og eina af þessum skuldbindingum og, vegna nauðsynlegs samhengis, einnig viðeigandi bakgrunnsupplýsingar um hlutverk ráðuneytisins í verndun friðhelgi einkalífs neytenda og framfylgd friðhelgisamkomulagsins.

I. BAKGRUNNUR

A. Heimildir samgönguráðuneytisins á sviði friðhelgi einkalífsins

Ráðuneytið er skuldbundið til að tryggja vernd upplýsinga sem neytendur veita flugrekendum og farmiðasólum. Heimild ráðuneytisins til að grípa til aðgerða á þessu sviði á sér stoð í lögum 49 U.S.C. 41712, þar sem flutningsaðila eða farmiðasala er bannað að viðhafa „óheimarlega eða villandi starfshætti eða óheimarlegar samkeppnisaðferðir“ við sölu flutninga í lofti sem skaða eða líklegt er að skaði neytendur. Þáttur 41712 er sniðinn eftir 5. lið laganna um Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna (Federal Trade Commission) (15 U.S.C. 45). Við túlkum lög okkar um óréttláta eða villandi viðskiptahætti þannig að þau banni flugrekanda eða farmiðasala að: (1) brjóta skilmála stefnu þess um persónuvernd eða (2) afla eða birta einkaupplýsingar með þeim hætti að brotið sé gegn opinberri stefnu, siðferði eða það valdi neytendum verulegum skaða sem ekki verði bættur með ávinningi sem vegur á móti. Við túlkum einnig lið 41712 þannig að flutningsaðilum og farmiðasólum sé bannað að: (1) brjóta hverja þá reglu sem ráðuneytið gefur út sem telur tiltekna starfshætti vera óréttláta eða villandi eða (2) brjóta löggin „Children's Online Privacy Protection Act“ (COPPA) eða reglur Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna (FTC) um framkvæmd COPPA-laganna. Samkvæmt alríkislögum hefur samgönguráðuneytið óskiptar valdheimildir til að setja reglur um starfshætti flugrekenda en ráðuneytið deilir valdsviði með Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna að því er varðar starfshætti farmiðasala á sölu flutninga í lofti.

Þegar flutningsaðili eða seljandi flutninga í lofti skuldbindur sig opinberlega til að fara eftir meginreglunum innan ramma samkomulagsins til varnar friðhelgi einkalífsins getur ráðuneytið beitt ákvæðum í lið 41712 til að tryggja að farið sé eftir þessum meginreglum. Því er það svo að þegar farþegi hefur veitt upplýsingar til flutningsaðila eða farmiðasala, sem hefur heitið því að virða meginreglur friðhelgisamkomulagsins, er það brot á ákvæðum í lið 41712 ef flutningsaðilinn eða farmiðasalinn gerir það ekki.

B. Starfsvenjur við framkvæmd

Flugmálaskrifstofa ráðuneytisins (Aviation Enforcement Office) fer með rannsókn mála og ákærvald samkvæmt bandarískum lögum 49 41712. Hún framfylgir lögum sem leggja bann, samkvæmt ákvæðum í lið 41712, við óheiðarlegum og villandi viðskiptaháttum, fyrst og fremst með samningaviðræðum, undirbúningi stjórnsýslubanns og fyrirmæla um mat á einkaréttarlegum viðurlögum. Flestar ábendingar um hugsanleg brot berast skrifstofunni sem kvartanir frá einstaklingum, ferðaskrifstofum, flugrekendum og bandarískum og erlendum stjórnsýslustofnunum. Neytendur geta lagt fram kvartanir á heimasíðu samgönguráðuneytisins vegna brota flugrekenda og miðasala á friðhelgi einkalífsins ⁽¹⁾.

Ef ekki næst sanngjörn og viðeigandi sátt í máli hefur flugmálaskrifstofan vald til að hefja málsmeðferð til framfylgdar sem felur í sér skýrslugjöf til sönnunarfaræslu fyrir dómara í stjórnsýslurétti í ráðuneytinu. Stjórnsýsludómarinn hefur heimild til að gefa út stjórnsýslubann og setja einkaréttarleg viðurlög. Brot á ákvæðum í lið 41712 geta leitt til stjórnsýslubanns og beitingar sekta sem nema allt að 27 500 bandaríkjadöllum fyrir hvert brot á ákvæðum þáttar 41712.

Ráðuneytið hefur ekki valdheimildir til að veita skaðabætur eða peningalega aðstoð til einstakra kvartenda. Ráðuneytið hefur hins vegar heimild til að samþykkja samkomulag sem næst í kjölfar rannsókna sem flugmálaskrifstofa ráðuneytisins á frumkvæði að og sem neytendur hafa beinan hag af (t.d. í reiðufé eða með inneignarmiðum) sem uppbót vegna peningasekta sem annars þyrfti að greiða bandarískum stjórnvöldum. Slíkt hefur áður átt sér stað og getur einnig gerst í tengslum við meginreglur innan ramma samkomulagsins til varnar friðhelgi einkalífsins þegar aðstæður gefa tilefni til. Verði flugrekendur uppvísir að endurteknum brotum á ákvæðum í lið 41712 gæti það vakið spurningar um hvort flugrekendur séu færir um að framfylgja lögum en það gæti, í versta tilviki, leitt til þess að flugrekandinn yrði dæmdur óhæfur til að starfa og missti þannig rekstrarleyfi sitt.

Hingað til hafa tiltölulega fáar kvartanir, vegna meintra brota miðasala eða flugrekenda á friðhelgi einkalífs, borist samgönguráðuneytinu. Þegar til kemur eru slíkar kærur rannsakaðar samkvæmt framangreindum meginreglum.

C. Réttarvernd samgönguráðuneytisins til hagsbóta fyrir neytendur í ESB

Samkvæmt lið 41712 gildir bann við óréttlátum eða villandi viðskiptaháttum í flutningum í lofti eða við sölu flutninga í lofti, um bandarísk og erlend flugfélög sem og farmiðasölur. Samgönguráðuneytið grípur reglulega til aðgerða gegn bandarískum og erlendum flugrekendum vegna starfsvenja sem áhrif hafa á bæði erlenda og bandaríska neytendur á grundvelli þess að starfsemi flugrekandans fór fram í sambandi við flutning til eða frá Bandaríkjunum. Ráðuneytið nýtir sér og mun áfram nýta sér öll tiltæk úrræði til að verja bæði erlenda og bandaríska neytendur fyrir óréttlátum eða villandi viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila á flutningum í lofti.

Ráðuneytið framfylgir einnig öðrum sértækum lögum gagnvart flugrekendum þar sem verndin nær einnig til neytenda sem ekki eru bandarískir, s.s. COPPA-lögunum. COPPA-lögin krefja m.a. umsjónarmenn vefsetra og nettengdrar þjónustu sem beint er til barna eða vefsetra fyrir almenning, sem safna vísitandi persónuupplýsingum frá börnum undir 13 ára aldri, um að tilkynna foreldrum um það og fá sannanlega samþykki þeirra. Bandarískum vefsetrum og þjónustu, sem falla undir COPPA-lögin og safna persónuupplýsingum frá erlendum börnum, er skylt að fara að COPPA-lögunum. Erlend vefsetur og nettengd þjónusta verða einnig að fara að COPPA-lögunum ef þeim er beint til barna í Bandaríkjunum eða ef viðkomandi safna vísitandi persónuupplýsingum frá börnum í Bandaríkjunum. Samgönguráðuneytið hefur völd til að grípa til framfylgdaraðgerða ef bandarískir eða erlendir flugrekendur, sem eiga í viðskiptum í Bandaríkjunum, brjóta COPPA-lögin.

II. FRAMFYLGD FRIÐHELGISAMKOMULAGSINS

Ef flugrekandi eða farmiðasali óskar eftir að taka þátt í samkomulaginu til varnar friðhelgi einkalífsins og ráðuneytinu berst kvörtun um meint brot þess flugrekenda eða farmiðasala á friðhelgisamkomulaginu skal ráðuneytið framfylgja samkomulaginu kröftuglega með því að grípa til eftirfarandi ráðstafana.

⁽¹⁾ <http://www.transportation.gov/airconsumer/privacy-complaints>.

A. Forgangsröðun rannsókna á meintum brotum

Flugmálaskrifstofa ráðuneytisins mun rannsaka hverja kvörtun sem berst vegna meintra brota á friðhelgisamkomulaginu (þ.m.t. kvartanir frá persónuverndaryfirvöldum í Evrópusambandinu) og grípa til framfylgdaraðgerða þar sem vísbendingar gefa til kynna að um brot sé að ræða. Flugmálaskrifstofan mun enn fremur vinna með Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna og viðskiptaráðuneytinu og veita forgang ásökunum um að eftirlitsskyldir aðilar virði ekki skuldbindingar sínar sem eru hluti af friðhelgisamkomulaginu.

Við móttöku kvörtunar vegna meintra brota á samkomulaginu til varnar friðhelgi einkalífsins getur flugmálaskrifstofa ráðuneytisins gripið til víðtækra aðgerða við rannsókn mála. Hún getur t.d. endurskoðað persónuverndarstefnur miðasala eða flugrekenda, aflað frekari upplýsinga frá miðasalanum eða flugrekandanum eða frá þriðju aðilum, fylgt kvörtuninni eftir og metið hvort brotamynstur fyrirfinnst eða hvort áhrifa gæti hjá verulegum fjölda neytenda. Að auki getur hún ákvarðað hvort málið snerti atriði sem falla undir viðskiptaráðuneytið eða Alríkisviðskiptastofnunina, metið hvort neytenda- og fyrirtækjafraeðsla myndi gagnast og, eins og við á, hafið málsmeðferð til framfylgdar.

Ef ráðuneytið fær vitneskju um mögulegt brot miðasala á friðhelgisamkomulaginu mun það hafa samráð við Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna um málið. Við tilkynnum einnig Alríkisviðskiptastofnuninni og viðskiptaráðuneytinu um niðurstöður allra framfylgdaraðgerða vegna brota á friðhelgisamkomulaginu.

B. Viðbrögð við röngum eða villandi fullyrðingum um þátttöku í friðhelgisamkomulaginu

Ráðuneytið er skuldbundið til að rannsaka brot á friðhelgisamkomulaginu, þ.m.t. rangar eða villandi staðhæfingar um þátttöku í áætlun friðhelgisamkomulagsins. Við munum veita forgang málum sem viðskiptaráðuneytið vísar til okkar og varða fyrirtæki sem það telur að haldi því ranglega fram að það sé þátttakandi í friðhelgisamkomulaginu eða noti sér gæðamerki þess í leyfisleysi.

Auk þess er vakin athygli á því að ef fyrirtæki heitir því í persónuverndarstefnu sinni að það fari að meginreglum samkomulagsins til varnar friðhelgi einkalífsins þá mun vanræksla á skráningu eða viðhaldi skráningar hjá viðskiptaráðuneytinu að öllum líkindum ekki, í sjálfu sér, undanþiggja fyrirtækið því að Alríkisviðskiptastofnunin framfylgi þeim skuldbindingum.

C. Eftirlit með og opinber birting framfylgdarfyrirmæla vegna brota á friðhelgisamkomulaginu

Flugmálaskrifstofa ráðuneytisins er einnig skuldbundin til að fylgjast með framfylgdarfyrirmælum, eftir þörfum til að tryggja fylgni við áætlun friðhelgisamkomulagsins. Ef skrifstofan gefur út fyrirmæli um að flugrekandi eða farmiðasali skuli láta af framtíðar brotum á friðhelgisamkomulaginu og ákvæðum í lið 41712, mun hún fylgjast sérstaklega með því að einingin fari að ákvæðunum um stjórnýslubann í fyrirmælunum. Auk þess mun skrifstofan tryggja að fyrirmæli í málum vegna friðhelgisamkomulagsins séu aðgengileg á vefsíðu hennar.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs við samstarfsaðila okkar á alríkisvettvangi í Bandaríkjunum og hagsmunaaðila í ESB um málefni friðhelgisamkomulagsins.

Ég vona að þessar upplýsingar komi að gagni. Vinsamlegast hafið samband ef þér óskið frekari upplýsinga.

Virðingarfyllt,
Anthony R. Foxx
samgönguráðherra

VI. VIÐAUKI

Bréf frá Robert Litt, aðallögfræðingi

Skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna

22. febrúar 2016

Hr. Justin S. Antonipillai
Lögfræðingur
Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna
1401 Constitution Avenue, NW
Washington, DC 20230

Hr. Ted Dean
Staðgengill aðstoðarframkvæmdastjóra
Stjórnsýsluskrifstofu alþjóðaviðskipta
1401 Constitution Avenue, NW
Washington, DC 20230

Ágætu hr. Antonipillai og hr. Dean,

Undanfarin tvö og hálf ár hafa Bandaríkin, í tengslum við samningaviðræður um rammisamkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, veitt umtalsverðar upplýsingar um starfshætti öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna við öflun vitneskju frá merkjasendingum. Upplýsingarnar varða m.a. gildandi lagaramma, marglaga eftirlit með starfsemi, viðtækt gagnsæi starfseminnar og heildarvernd fyrir friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi, í því skyni að aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við að ákvarða hvort þessar verndarráðstafanir séu fullnægjandi, þar sem þær tengjast undanþágu frá meginreglum friðhelgisamkomulagsins í þágu þjóðaröryggis. Skjal þetta er samantekt á upplýsingum sem látnar hafa verið í té.

I. FORSETATILSKIPUN 28 (PPD 28) OG STARFSEMI BANDARÍKJANNA Á SVIÐI ÖFLUNAR VITNESKJU FRÁ MERKJASENDINGUM

Öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna stunda eftirgrennslan um erlend öfl undir ströngu eftirliti, í nákvæmu samræmi við bandarísk lög og samkvæmt marglaga eftirliti þar sem áhersla er lögð á mikilvæg forgangsráði sem varða eftirgrennslan um erlend öfl og bandarísk þjóðaröryggismál. Öflun Bandaríkjanna á vitneskju frá merkjasendingum er stýrt af fjölbreyttu safni laga og stefnumála, þ.m.t. stjórnarskrá Bandaríkjanna, lögnum Foreign Intelligence Surveillance Act (50 U.S.C. § 1801 o.áfr.) (FISA), stjórnvaldsfyrirmælum 12333 (E.O. 12333) og reglum um framkvæmd þeirra, forsetatilskipunum og fjölmörgum málsmeðferðarreglum og leiðbeiningum sem samþykktar hafa verið af FISA-dómstólum og dómismálaráðherra, sem setja viðbótarreglur sem takmarka söfnun, varðveislu, notkun og miðlun upplýsinga sem varða eftirgrennslan um erlend öfl⁽¹⁾.

a. Yfirlit yfir Forsetatilskipun 28 (PPD 28)

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, flutti í janúar 2014 ræðu þar sem hann gerði grein fyrir ýmsum úrbótum á starfsemi Bandaríkjanna við öflun vitneskju frá merkjasendingum auk þess að gefa út forsetatilskipun 28 (PPD-28) varðandi þá starfsemi⁽²⁾. Forsetinn lagði áherslu á að öflun Bandaríkjanna á vitneskju frá merkjasendingum varðaði ekki aðeins öryggi og frelsi í Bandaríkjunum heldur einnig öryggi og frelsi í öðrum löndum, þ.m.t. aðildarríkjum ESB, sem reiða sig á upplýsingar sem leyniþjónustustofnarnir Bandaríkjanna afla til að vernda eigin borgara.

Í PPD 28 er sett fram röð meginreglna og krafna sem gilda um alla starfsemi Bandaríkjanna við öflun vitneskju frá merkjasendingum og um alla einstaklinga, án tillits til ríkisfangs eða þjóðernis. Einkum er þar að finna tilteknar kröfur um verklagsreglur við söfnun, varðveislu og miðlun persónuupplýsinga, sem fengnar eru við öflun Bandaríkjanna á vitneskju frá merkjasendingum, um einstaklinga sem ekki eru bandarískir. Kröfur þessar eru settar fram í smáatriðum hér neðar en samantekið eru þær eftirfarandi:

— Í forsetatilskipuninni er áréttað að Bandaríkin safna aðeins vitneskju frá merkjasendingum sem þeim er heimilt samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða öðrum forsetatilskipunum.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar varðandi eftirgrennslan Bandaríkjanna um erlend öfl eru birtar á netinu og aðgengilegar almenningi í gegnum IC on the Record (www.icontherecord.tumblr.com), á opinberu vefsetri ODNI sem miðar að því að stuðla að meira gagnsæi á eftirgrennslan stjórnvalda.

⁽²⁾ Er að finna á: <https://www.whitehouse.gov/the-press-office/2014/01/17/presidential-policy-directive-signals-intelligence-activities>.

- Með forsetatilskipuninni er komið á fót verklagsreglum til að tryggja að öflun vitneskju frá merkjasendingum fari eingöngu fram af lögmætum og til þess heimilum ástæðum í þágu þjóðaröryggis.
- Með forsetatilskipuninni er einnig gerð krafa um að einkalíf og borgaralegt frelsi séu óaðskiljanlegir áherslupættir í áætlanagerð um öflun vitneskju með eftirgrennslan um merkjasendingar. Einkum safna Bandaríkin ekki vitneskju til að þagga eða bæla niður gagnrýni eða mótmæli, í því skyni að mismuna einstaklingum á grundvelli þjóðernislegs uppruna, kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar eða trúar, eða til að veita bandarískum fyrirtækjum og atvinnugreinum samkeppnisyfirburði.
- Í forsetatilskipuninni er kveðið á um að öflun vitneskju frá merkjasendingum sé eins markviss og mögulegt er og að magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum megi eingöngu nota í sérstökum, nákvæmlega tilgreindum tilgangi.
- Í forsetatilskipuninni er kveðið á um að öryggis- og leyniþjónustustofnanir innleiði málsmeðferðarreglur sem eru „útfærðar með réttmætum hætti til að lágmarka miðlun og varðveislu persónuupplýsinga sem aflað er með eftirgrennslan um merkjasendingar“ og einkum að tiltekin vernd persónuupplýsinga sem bandarískir einstaklingar njóta nái einnig til upplýsinga um einstaklinga sem ekki eru bandarískir.
- Verklagsreglur embætta um framkvæmd forsetatilskipunar 28 hafa verið samþykktar og gerðar opinberar.

Gildissvið málsmeðferðarregla og verndar sem hér er sett fram um friðhelgisamkomulagið liggur ljóst fyrir. Þegar upplýsingar hafa verið fluttar til fyrirtækja í Bandaríkjunum samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, eða raunar með hvaða hætti sem er, geta leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna einungis farið fram á að fá upplýsingarnar afhentar frá fyrirtækjunum ef krafa þeirra er í samræmi við lög um eftirlit með erlendum leyniþjónustum (FISA) eða ef hún er gerð samkvæmt lagaákvæði í þjóðaröryggisbréfi (National Security Letter - NSL) sem fjallað er um hér á eftir⁽¹⁾. Án þess að staðfesta eða neita fjölmiðlaumfjöllun um meinta söfnun öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna á upplýsingum sem berast til Bandaríkjanna um kapla sem liggja yfir Atlantshafið, ef þessar stofnanir söfnuðu upplýsingum sem berast um kapla sem liggja yfir Atlantshafið, myndu þær afla slíkra upplýsinga með þeim takmörkunum og verndarráðstöfunum sem hér eru settar fram, þar með taldar eru kröfurnar í forsetatilskipun 28.

b. Takmarkanir á gagnasöfnun

Í forsetatilskipun 28 eru settar fram nokkrar mikilvægar almennar meginreglur sem gilda um öflun vitneskju með eftirgrennslan um merkjasendingar:

- Öflun vitneskju með eftirgrennslan um merkjasendingar verður að heimila með lagsamþykkt eða forsetaheimild og skal fara fram í samræmi við stjórnarskrá og löggjöf Bandaríkjanna.
- Taka verður friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi inn í áætlanagerð um öflun vitneskju frá merkjasendingum.
- Vitneskju frá merkjasendingum verður aðeins aflað þegar það er í þágu gildra markmiða um eftirgrennslan um erlend öfl eða gagnnjósnastarfsemi.
- Bandaríkin munu ekki afla vitneskju frá merkjasendingum í þeim tilgangi að bæla niður gagnrýni eða mótmæli.
- Bandaríkin munu ekki afla vitneskju frá merkjasendingum í því skyni að mismuna fólki á grundvelli þjóðernislegs uppruna, kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar eða trúar.
- Bandaríkin munu ekki afla vitneskju frá merkjasendingum til að veita bandarískum fyrirtækjum og atvinnugreinum samkeppnisyfirburði.
- Starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum verður *alltaf* að vera eins markviss og mögulegt er, að teknu tilliti til þess hvort aðrar heimildir eru aðgengilegar. Þetta merkir meðal annars að þegar því verður við komið skal öflun vitneskju frá merkjasendingum vera markviss fremur en með magnsöfnun.

Krafan um að starfsemi á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum sé „eins markviss og mögulegt er“ gildir um það með hvaða hætti vitneskju er aflað frá merkjasendingum, sem og um það hvers er í raun aflað. Til dæmis þurfa öryggis- og

(1) Löggæslu- eða eftirlitsstofnanir geta óskað eftir upplýsingum í rannsóknartilgangi frá fyrirtækjum í Bandaríkjunum samkvæmt þeim reglum sem gilda um önnur opinber löggæslu- og eftirlitsyfirvöld sem falla utan gildissviðs forsetabréfs þessa, sem takmarkast við yfirvöld sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi.

leyniþjónustustofnanir að taka tillit til þess hvort aðrar upplýsingar eru fyrirbyggjandi þegar þær taka ákvörðun um hvort afla eigi vitneskju frá merkjasendingum, þ.m.t. frá diplómáttum eða opinberum aðilum, og forgangsraða söfnun með þeim hætti ef við á og raunhæft er. Enn fremur ættu öryggis- og leyniþjónustustofnanir að krefjast þess, þar sem því verður við komið, að söfnun beinist að tilteknum aðilum eða viðfangsefnum sem eftirgrennslan um erlend öfl beinist að með því að nota aðgreina (t.d. sérstakan búnað, valhugtök og auðkenni).

Mikilvægt er að skoða upplýsingar sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina í heildarsamhengi. Hvað sé „mögulegt“ eða „framkvæmanlegt“ er ekki háð ákvörðun einstaklinga heldur stjórnast það af stefnum sem stofnanir hafa gefið út samkvæmt forsetatilskipun 28 — sem gerðar hafa verið aðgengilegar öllum — og af öðrum ferlum sem þar er lýst ⁽¹⁾. Eins og greint er frá í forsetatilskipun 28 er magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum söfnun sem „vegna tæknilegra eða rekstrarlegra atriða, er aflað án notkunar aðgreina (t.d. sérstakra auðkenna, valhugtaka o.s.frv.).“ Hvað þetta varðar er það viðurkennt í forsetatilskipun 28 að öryggis- og leyniþjónustustofnanir verði, í vissum tilvikum að grípa til magnsöfnunar upplýsinga frá merkjasendingum til þess að greina nýjar eða vaxandi ógnir og aðrar mikilvægar upplýsingar, sem varða þjóðaröryggi og gjarnan leynast í stórum og flóknum, nútímalegum, alþjóðlegum samskiptakerfum. Þar er einnig viðurkennt mikilvægi friðhelgi einkalífs og borgaralegs frelsis við magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum. Í forsetatilskipun 28 er því öryggis- og leyniþjónustustofnunum bent á að forgangsraða öðrum kostum sem myndu leyfa markvissa öflun vitneskju frá merkjasendingum fremur en magnsöfnun slíkrar vitneskju. Til samræmis við það ættu því öryggis- og leyniþjónustustofnanir að framkvæma markvissa öflun vitneskju frá merkjasendingum fremur en magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum þegar því verður við komið ⁽²⁾. Þessar meginreglur tryggja að magnsöfnun gildi aðeins í undantekningartilfellum og verði ekki almenna reglan.

Varðandi hugtakið „réttmæti“ (e. reasonableness) þá er það hornsteinn bandarískra laga. Það táknað að öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna þurfi ekki að samþykkja sérhverja ráðstöfun sem er fræðilega möguleg heldur þurfi þær að veita viðleitni sína til að vernda hagsmuni lögmætrar friðhelgi einkalífsins og borgaralegs frelsis á móti hagnýtri nauðsyn öflunar vitneskju frá merkjasendingum. Einnig hér hafa stefnur stofnananna verið gerðar aðgengilegar öllum og geta veitt fullvissu fyrir að hugtakið „útfærðar með réttmætum hætti til að lágmarka miðlun og varðveislu persónuupplýsinga“ grafi ekki undan almennu reglunni.

Í forsetatilskipun 28 er einnig kveðið á um að magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum megi eingöngu nota í sérstökum tilgangi sem samtals telur sex atriði sem eru: greining og barátta gegn tiltekinni starfsemi erlendra afla, aðgerðir gegn hryðjuverkum, ráðstafanir gegn útbreiðslu kjarnavopna, öryggi á Netinu, greining og barátta gegn ógnum sem beinast að heraflla Bandaríkjanna eða bandamanna þeirra og barátta gegn ógnum er varða afbrot milli landa, þ.m.t. að reyna að komast hjá refsiaðgerðum. Þjóðaröryggisráðgjafi forsetans (e. President's National Security Advisor), í samráði við framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI), mun árlega endurskoða þessa leyfilegu magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum til að gaumgæfa hvort henni þurfi að breyta. Framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna mun gera skrá þessa öllum aðgengilega að því marki sem aðstæður leyfa og í samræmi við þjóðaröryggi. Þetta er mikilvæg og gagnsæ takmörkun á notkun magnsöfnunar vitneskju frá merkjasendingum.

Þar að auki hafa öryggis- og leyniþjónustustofnanirnar sem framkvæma forsetatilskipun 28 styrkt greiningarvenjur og -reglur við leit að merkjasendingum, sem ekki hafa verið metnar ⁽³⁾. Greinendur verða að móta leit sína eða önnur leitarskilyrði og -aðferðir til að tryggja að þær séu viðeigandi til að greina upplýsingar sem aflað er með eftirgrennslan, sem eiga við gilt viðfangsefni við öflun upplýsinga um erlend öfl eða í löggæslutilgangi. Í því skyni verða öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna að miða fyrirspurnir um einstaklinga við þá flokka upplýsinga sem aflað er frá merkjasendingum sem svara til krafna um að framfylgja eftirgrennslan um erlend öfl eða krafna löggæslu, til að koma í veg fyrir notkun persónuupplýsinga sem ekki tengjast kröfum sem varða eftirgrennslan um erlend öfl eða löggæslu.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að öll magnsöfnun á netsamskiptum sem öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna framkvæma með öflun vitneskju frá merkjasendingum tekur til lítils hluta Netsins. Þar að auki tryggir beiting markvissrar leitar, eins og lýst er hér að framan, að greinendur fái einungis í hendur til rannsóknar þau atriði sem talin eru hafa mögulegt upplýsingagildi. Takmörkunum þessum er ætlað að vernda friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi allra einstaklinga, án tillits til þjóðernis þeirra og hvar þeir kunna að hafa fasta búsetu.

(1) Má nálgast á: www.icontherecord.tumblr.com/ppd-28/2015/privacy-civil-liberties#ppd-28. Með þessum verklagsreglum er markviss öflun, sem lýst er hér í bréfinu, innleidd með þeim hætti að hún er sértæk fyrir hverja einingu öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna (e. IC element).

(2) Til dæmis kveða málsmeðferðarreglur Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (NSA) sem innleiða forsetatilskipun 28 á um að „þegar því verður komið við muni öflun upplýsinga fara fram með því að nota eitt eða fleiri valhugtök til þess að beina öflun upplýsinganna að sérstökum aðilum eða viðfangsefnum sem eftirgrennslan beinist að (t.d. sérstökum, þekktum alþjóðlegum hryðjuverkamanni eða hryðjuverkahópi) eða sérstökum viðfangsefnum eftirgrennslanar um erlend öfl (t.d. útbreiðslu erlends afls eða fulltrúa þess á geryðingarvopnum).“

(3) Má nálgast á: http://www.dni.gov/files/documents/1017/PPD-28_Status_Report_Oct_2014.pdf.

Í Bandaríkjunum tryggja ítarlegir ferlar að öflun vitneskju frá merkjasendingum fari eingöngu fram í þeim tilgangi að efla þjóðaröryggi. Á hverju ári forgangsraðar forseti Bandaríkjanna öflun upplýsinga um erlend öfl eftir umfangsmikið, formlegt samráð stofnana. Framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI) ber ábyrgð á að þessi forgangsröðun upplýsingaöflunar sé skili sér í heildarramma forgangsverkefna bandarísku leyniþjónustunnar (e. National Intelligence Priorities Framework) eða NIPF. Með forsetatilskipun 28 er formlegt samráð stofnana styrkt og aukið til að tryggja að öll forgangsröðun upplýsingaöflunar öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna sé endurskoðuð og samþykkt af háttsettum stefnumótendum. Í tilskipun 204 um öryggis- og leyniþjónustustofnanir (Intelligence Community Directive (ICD) 204) eru frekari leiðbeiningar um NIPF-rammann, en hún var uppfærð í janúar 2015 svo hún tæki til krafna sem settar voru fram í forsetatilskipun 28 ⁽¹⁾. Þó heildarramma forgangsverkefna bandarísku leyniþjónustunnar sé trúnaðarflokkaður, endurspeglast upplýsingar sem tengjast tilteknum forgangsatríðum í eftirgrennslan Bandaríkjanna um erlend öfl í árlegu, opinberu ógnarmati framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI) á alþjóðavísu (e. *Worldwide Threat Assessment*), sem einnig er tiltækt á vefsetri ODNI.

Forgangsverkefni sem birtast í heildarramma forgangsverkefna bandarísku leyniþjónustunnar (NIPF) eru nokkuð almenn. Þar á meðal eru viðfangsefni eins og eftirsókn tiltekinna erlendra andstæðinga eftir kjarnorku- og skotflaugamætti, áhrif spillingar innan eiturlyfjaringja og mannréttindabrot í tilteknum löndum. Og þetta á ekki aðeins við um öflun vitneskju frá merkjasendingum heldur um alla eftirgrennslan. Sú stofnun sem ber ábyrgð á að umbreyta forgangsverkefnum sem birtast í NIPF-rammanum í raunverulega söfnun vitneskju frá merkjasendingum nefnist Nefnd um öflun vitneskju frá merkjasendingum (e. National Signals Intelligence Committee) eða SIGCOM. Hún er starfrækt undir stjórn framkvæmdastjóra Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (e. Director of the National Security Agency (NSA)), sem tilnefndur er skv. stjórnvaldsfyrirmælum 12333 sem „aðgerðastjóri yfir öflun vitneskju frá merkjasendingum“ og er ábyrgur fyrir eftirliti og samræmingu á öflun vitneskju frá merkjasendingum í öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna undir eftirliti bæði varnarmálaráðherra og framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI). Í nefnd um öflun vitneskju frá merkjasendingum (SIGCOM) eru fulltrúar frá öllum einingum öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna og um leið og forsetatilskipun 28 kemur að fullu til framkvæmda munu einnig taka þar sæti fulltrúar frá öllum öðrum ráðuneytum og stofnunum sem hagsmuna hafa að gæta í stefnu um öflun vitneskju frá merkjasendingum.

Öll bandarísk ráðuneyti og stofnanir sem nýta sér gögn sem aflað er við eftirgrennslan um erlend öfl geta sent beiðnir um öflun upplýsinga til SIGCOM. Nefndin (SIGCOM) fer yfir beiðnirnar, tryggir að þær séu í samræmi við heildarramma forgangsverkefna bandarísku leyniþjónustunnar (NIPF) og forgangsraðar þeim eftir viðmiðum á borð við:

- Getur öflun vitneskju frá merkjasendingum veitt gagnlegar upplýsingar í því tilviki eða eru til aðrar betri eða kostnaðarhagkvæmari heimildir til að mæta kröfunni, svo sem myndmál eða opinberar upplýsingar?
- Hversu nauðsynlegar eru þessar upplýsingar? Ef þær eru forgangsatríði innan heildarramma forgangsverkefna bandarísku leyniþjónustunnar (NIPF) eru miklar líkur á að þær verði settar í forgang við öflun vitneskju frá merkjasendingum.
- Hvers konar öflun vitneskju frá merkjasendingum er hægt að nota?
- Er gagnasöfnunin eins markviss og mögulegt er? Ættu að gilda tíma-, landfræðilegar eða annars konar takmarkanir?

Auk krafna sem gerðar eru við öflun Bandaríkjanna um á vitneskju frá merkjasendingum er þess einnig krafist að beint tillit sé tekið til annarra þátta, nánar tiltekið:

- Er sá aðili sem gagnasöfnunin eða aðferðafræðin sem notuð er við hana beinist að, sérlega viðkvæmt viðfangsefni? Ef svo er kallar það á rýni háttsettra stefnumótenda.
- Mun gagnasöfnunin skapa óréttmæta áhættu fyrir friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi, án tillits til ríkisfangs?
- Eru viðbótar verndarráðstafanir vegna miðlunar og varðveislu nauðsynlegar til verndar friðhelgi einkalífs eða þjóðaröryggishagsmuna?

Í lok ferlisins tekur þjálfað starfsfólk Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna forgangsverkefni sem fullgild hafa verið af nefnd um öflun vitneskju frá merkjasendingum (SIGCOM) og kannar og greinir tiltekin valhugtök, s.s. símanúmer eða tölvupóstföng sem búast má við að leiði til öflunar vitneskju um erlend öfl sem mótsvarar þessum forgangsverkefnum. Sérhvert valhugtak verður að rýna og samþykkja áður en það er fært inn í söfnunarkerfi Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna. Jafnvel þá veltur

⁽¹⁾ Má nálgast á: <http://www.dni.gov/files/documents/ICD/ICD%202004%20National%20Intelligence%20Priorities%20Framework.pdf>.

Það hvort og hvenær raunveruleg upplýsingaöflun fer fram að hluta til á fleiri atriðum sem þarf að taka tillit til, eins og aðgengileika viðeigandi úrræða til upplýsingaöflunar. Þetta ferli tryggir að markmið öflunar Bandaríkjanna á vitneskju frá merkjasendingum endurspeglar gildar og mikilvægar þarfir fyrir eftirgrennslan um erlend öfl. Og auðvitað, þegar öflun fer fram samkvæmt lögum um eftirlit með erlendum leyniþjónustum (FISA) þurfa Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna og aðrar stofnanir að lúta frekari takmörkunum sem staðfestar hafa verið af dómstólum sem fjallar um eftirlit með eftirgrennslan um erlend öfl (Foreign Intelligence Surveillance Court). Í stuttu máli geta hvorki Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna né aðrar bandarískar leyniþjónustustofnanir ákveðið einar og sér hvaða upplýsinga eigi að afla.

Almennt tryggir þetta ferli að öll forgangsöröðun fyrir eftirgrennslan Bandaríkjanna sé ákveðin af háttsettum stefnumótendum sem eru í bestri stöðu til að greina þarfir fyrir eftirgrennslan Bandaríkjanna um erlend öfl og að þeir stefnumótendur taki ekki aðeins tillit til mögulegs gildis öflunar vitneskjunnar heldur einnig þeirrar áhættu sem tengist þeirri öflun, þ.m.t. áhættu fyrir friðhelgi einkalífs, innlenda efnahagslega hagsmuni og erlend tengsl.

Að því er varðar gögn sem send eru til Bandaríkjanna samkvæmt friðhelgisamkomulaginu, og þó Bandaríkin geti ekki staðfest eða neitað að beitt sé sértækum aðferðum eða aðgerðum við öflun vitneskju, gilda kröfur sem settar eru fram í forsetatilskipun 28 um alla starfsemi Bandaríkjanna er varðar öflun upplýsinga frá merkjasendingum, án tillits til tegundar eða uppruna gagnanna sem verið er að afla. Enn fremur gilda takmarkanir og verndarráðstafanir, sem eiga við um öflun vitneskju með eftirgrennslan um merkjasendingar einnig um öflun vitneskju frá merkjasendingum sem leyfð hefur verið, þ.m.t. bæði um erlend samskipti og í þágu þjóðaröryggis.

Verklagsreglur, sem fjallað er um hér að framan, sýna fram á skýra skuldbindingu um að koma í veg fyrir handahófskennda og tilviljanakennda öflun vitneskju með eftirgrennslan um merkjasendingar og að fylgja réttmætiskröfunni – frá hæstu þrepum ríkisstjórnarinnar. Í forsetatilskipun 28 sem og í reglum stofnana um framkvæmd hennar eru nýjar og gamlar takmarkanir skýrðar og því lýst í smáatriðum hver tilgangur Bandaríkjanna sé með öflun og notkun upplýsinga frá merkjasendingum. Þær eiga að tryggja að starfsemi á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum fari og haldi áfram að fara, eingöngu fram í þeim tilgangi að efla lögmæti markmiða með öflun vitneskju um erlend öfl.

c. Takmarkanir á varðveislu og miðlun

Í 4. lið forsetatilskipunar 28 er gerð krafa um að hver einstök öryggis- og leyniþjónustustofnun Bandaríkjanna setji sér skýr mörk vegna varðveislu og miðlunar persónuupplýsinga um einstaklinga sem ekki eru bandarískir, sambærileg þeim sem gilda um einstaklinga sem eru bandarískir, og sem aflað er með eftirgrennslan um merkjasendingar. Reglur þessar eru felldar inn í verklagsreglur hvernar einstakrar öryggis- og leyniþjónustustofnunar Bandaríkjanna, sem birtar voru í febrúar 2015 og eru aðgengilegar öllum. Til að uppfylla skilyrði um varðveislu og miðlun vitneskju um erlend öfl verða persónuupplýsingar að tengjast öflun vitneskju sem veitt hefur verið heimild fyrir, eins og kveðið er á um í ferli fyrir heildarramma forgangsverkefna bandarísku leyniþjónustunnar (NIPF) sem lýst er hér að framan, gild ástæða verður að vera til að ætla að þær séu sönnunargögn um afbrot, eða þær mótsvari einhverjum af öðrum kröfum fyrir varðveislu persónuupplýsinga um bandaríska einstaklinga sem tilgreindar eru í lið 2.3 í stjórnvaldsfyrirmælum 12333 (Executive Order 12333).

Upplýsingar sem ekki hafa verið ákvarðaðar samkvæmt þessu má varðveita í að hámarki fimm ár, nema framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI) kveði skýrt á um að áframhaldandi varðveisla sé í þágu þjóðaröryggishagsmuna Bandaríkjanna. Þar af leiðandi verða öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna að eyða persónuupplýsingum um einstaklinga sem ekki eru bandarískir og sem aflað hefur verið með eftirgrennslan um merkjasendingar, innan fimm ára frá öflun þeirra, nema ef t.d. ákveðið hefur verið að upplýsingarnar eigi við um kröfu er varðar heimilaða öflun vitneskju um erlend öfl, eða ef framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI), að teknu tilliti til álits fulltrúa verndar borgaralegs frelsis hjá ODNI (e. ODNI Civil Liberties Protection Officer), auk embættismanna hjá stofnun um friðhelgi einkalífsins og borgaralegra réttinda, kveði á um að áframhaldandi varðveisla sé í þágu þjóðaröryggishagsmuna.

Að auki er nú skýr krafa, í stefnum allra stofnana sem innleiða forsetatilskipun 28, um að ekki megi miðla upplýsingum um einstakling einungis vegna þess að hann er ekki bandarískur og hefur ODNI gefið út tilskipun sem nær til allra öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna⁽¹⁾ sem endurspeglar þessa kröfu. Þess er sérstaklega krafist að starfsfólk öryggis- og leyniþjónustustofnana taki tillit til friðhelgi einkalífs einstaklinga sem ekki eru bandarískir, þegar það semur og dreifir leyniþjónustuskýrslum. Öflun vitneskju frá merkjasendingum er varðar venjubundnar athafnir erlends einstaklings telst ekki vera öflun vitneskju um erlend öfl sem hægt væri að miðla eða geyma varanlega af þeirri einu ástæðu, nema það falli á annan hátt undir kröfu er varðar heimilaða öflun vitneskju um erlend öfl. Þetta er viðurkenning á mikilvægru takmörkun sem er svar við áhyggjum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins af því hversu eftirgrennslan um erlend öfl er vítt skilgreind eins og hún er sett fram í stjórnvaldsfyrirmælum 12333 (Executive Order 12333).

⁽¹⁾ Tilskipun 203 um öryggis- og leyniþjónustustofnanir (Intelligence Community Directive (ICD) 203) má nálgast á: <http://www.dni.gov/files/documents/ICD/ICD%20203%20Analytic%20Standards.pdf>.

d. Reglufylgni og eftirlit

Eftirlitskerfi Bandaríkjanna með öflun vitneskju um erlend öfl kveður á um strangt og marglaga eftirlit til að tryggja að farið sé að tilskildum ákvæðum gildandi laga og málsmeðferðarreglna, þ.m.t. að því er varðar öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga um einstaklinga sem ekki eru bandarískir og aflað er með vitneskju frá merkjasendingum eins og fram kemur í forsetatilskipun 28. Þetta felur í sér eftirfarandi:

- Hundruð starfsmanna starfa við eftirlit hjá öryggis- og leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna. Hjá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA) einni saman einbeita fleiri en 300 starfsmenn sér að því að farið sé að tilskildum ákvæðum og eftirlitsskrifstofur er einnig að finna í öðrum stofnunum. Að auki sinnir dómsmálaráðuneytið umfangsmiklu eftirliti með eftirgrennslan og varnarmálaráðuneytið sinnir einnig eftirliti.
- Innan hvernar öryggis- og leyniþjónustustofnunar er embætti yfirtirlitsaðila (e. Office of the Inspector General) sem ber m.a. ábyrgð á eftirliti með eftirgrennslan um erlend öfl. Yfirtirlitsaðilar eru samkvæmt lögum óháðir og hafa víðtækar heimildir til rannsókna, úttekta og endurskoðana á áætlunum, þ.m.t. á svikum, misnotkun eða brotum á lögum og geta mælt með aðgerðum til úrbóta. Þótt tilmæli yfirtirlitsaðila séu ekki bindandi eru skýrslur þeirra oft gerðar opinberar og í öllu falli birtar þjóðþingi Bandaríkjanna og felur þetta í sér eftirfylgniskýrslur ef aðgerðum til úrbóta, sem mælt hefur verið með í fyri skýrslum, hefur ekki enn verið lokið. Þjóðþing Bandaríkjanna er því upplýst ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum og getur það beitt þrýstingi, þ.m.t. með fjárveitingavaldi, til að ná fram aðgerðum til úrbóta. Nokkur fjöldi af skýrslum yfirtirlitsaðila um eftirlitsáætlanir hafa þegar verið birtar opinberlega ⁽¹⁾.
- Skrifstofa ODNI er varðar borgaralegt frelsi og friðhelgi einkalífsins (e. ODNI's Civil Liberties and Privacy Office – CLPO) ber ábyrgð á að öryggis- og leyniþjónustustofnanir starfi á þann hátt að það stuðli að þjóðaröryggi á sama tíma og friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi eru varin ⁽²⁾. Aðrar öryggis- og leyniþjónustustofnanir hafa sína eigin fulltrúa friðhelgi einkalífsins innan sinna vébanda.
- Eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi (PCLOB) er óháð nefnd, sem komið var á með lögum og ber ábyrgð á greiningu og endurskoðun á stefnum og aðgerðaáætlunum gegn hryðjuverkum, þ.m.t. notkun á vitneskju sem aflað er frá merkjasendingum, til að tryggja að þær verndi friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi með fullnægjandi hætti. Nefndin hefur gefið út nokkrar opinberar skýrslur um eftirgrennslan.
- Eins og nánari umfjöllun hér á eftir greinir frá er dómstóll sem fjallar um eftirlit með eftirgrennslan um erlend öfl (e. Foreign Intelligence Surveillance Court), sem skipaður er óháðum alríkisdómurum, ábyrgur fyrir eftirliti og reglufylgni við hvers konar öflun vitneskju frá merkjasendingum sem fram fer samkvæmt FISA-lögnum.
- Að lokum ber þjóðþing Bandaríkjanna, einkum leyniþjónustu- og lögskipunarnefndir fulltrúadeildarinnar og öldungadeildarinnar (e. House and Senate Intelligence and Judiciary Committees), umtalsverða ábyrgð á allri eftirgrennslan Bandaríkjanna um erlend öfl, þ.m.t. öflun Bandaríkjanna á vitneskju frá merkjasendingum.

Fyrir utan þessi formlegu eftirlitskerfi styðjast öryggis- og leyniþjónustustofnanir við fjölda aðferða til að tryggja að þær virði takmarkanir á öflun upplýsinga sem lýst er hér að framan. Til dæmis:

- Embættismenn stjórnarráðsins þurfa árlega að fullgilda kröfur sínar um öflun vitneskju frá merkjasendingum.
- Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna fylgist með þeim sem öflun vitneskju frá merkjasendingum beinist að í gegnum allt öflunarferlið til að ákvarða hvort öflunin veiti í raun mikilvæga vitneskju um erlend öfl í samræmi við forgangsatríðin og mun stöðva öflun vitneskju frá aðilum sem eftirlitið beinist að ef svo er ekki. Viðbótarverklagsreglur tryggja að valhugtök eru endurskoðuð reglulega.

⁽¹⁾ Sjá t.d. skýrslu yfirtirlitsaðila dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna sem ber heitið: „A Review of the Federal Bureau of Investigation's Activities Under Section 702 of the Foreign Intelligence Surveillance Act of 2008“ frá september 2012 sem má nálgast á: <https://oig.justice.gov/reports/2016/o1601a.pdf>.

⁽²⁾ Sjá www.dni.gov/clpo.

- Á grundvelli tilmæla frá óháðum endurskoðunarhópi sem Barack Obama, forseti Bandaríkjanna skipaði, hefur framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna (DNI) komið á nýju fyrirkomulagi til að fylgjast með öflun og miðlun upplýsinga sem aflað er með eftirgrennslan um merkjasendingar sem eru, vegna eðlis viðfangsins eða aðferða við öflun upplýsinganna, sérlega viðkvæmar, til að tryggja að öflun þeirra fari fram í samræmi við ákvarðanir háttsettra stefnumótenda.
- Að lokum endurskoðar skrifstofa framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar (ODNI) árlega útlutun öryggis- og leyniþjónustustofnananna á fjármagni með hliðsjón af forgangsverkefnum bandarísku leyniþjónustunnar (NIPF) og hlutverki leyniþjónustunnar í heild sinni. Þessi endurskoðun felur í sér mat á gildi allra tegunda öflunar vitneskju, þ.m.t. öflunar vitneskju frá merkjasendingum, og horfir bæði aftur í tímann — hversu vel hefur öryggis- og leyniþjónustustofnunum tekist til við að ná markmiðum sínum? — og fram í tímann — hvers þarfnast öryggis- og leyniþjónustustofnanirnar í framtíðinni? Þetta tryggir að úrræðum til öflunar vitneskju frá merkjasendingum er beitt í þágu mikilvægustu forgangsverkefna þjóðarinnar.

Eins og sést á þessari ítarlegu samantekt ákveða öryggis- og leyniþjónustustofnanir ekki upp á sitt einsdæmi hvaða samtöl eigi að hlusta á, né heldur reyna þær að safna öllu og þær starfa ekki eftirlitlaust. Í starfsemi þeirra er lögð áhersla á forgangsróðun sem ákveðin er af stefnumótendum, í ferli sem felur í sér framlag frá flestum hliðum hins opinbera og er undir eftirliti Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (NSA) og skrifstofu framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar (ODNI), dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna og varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna.

Í forsetatilskipun 28 er einnig að finna fjölda annarra ákvæða sem tryggja að persónuupplýsingar, sem aflað er frá merkjasendingum, séu verndaðar, án tillits til ríkisfangs. Til dæmis er í forsetatilskipun 28 kveðið á um gagnaöryggi, aðgengi og gæðaaðferðir til verndar persónuupplýsinga sem aflað er með eftirgrennslan um merkjasendingar, auk þess að kveða á um lögboðna starfsþjálfun til að tryggja að starfsfólk skilji ábyrgð sína á vernd persónuupplýsinga, án tillits til ríkisfangs. Í forsetatilskipuninni er einnig kveðið á um fleiri eftirlits- og reglufylgnaðferðir til viðbótar. Þær fela í sér reglubundna úttekt og rýni á starfsvenjum til verndar persónuupplýsinga, sem er að finna í vitneskju frá merkjasendingum, af hálfu viðeigandi embættismanna á sviði eftirlits og reglufylgni. Með rýninni þarf einnig að rannsaka hvort viðeigandi stofnun fari að verklagsreglum um vernd slíkra upplýsinga.

Að auki er í forsetatilskipun 28 kveðið á um að fjallað sé um mikilvæg mál, er varða reglufylgni tengda einstaklingum sem ekki eru bandarískir, á hærrí stígum hins opinbera. Ef mikilvægt mál kemur upp er varðar það að lögum er ekki hlítt í tengslum við persónuupplýsingar, sem aflað hefur verið með eftirgrennslan frá merkjasendingum, verður, til viðbótar við hvers konar fyrirliggjandi tilkynningaskyldu, að tilkynna málið tafarlaust til framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna. Ef um er að ræða persónuupplýsingar um einstakling sem ekki er bandarískur skal framkvæmdastjóri leyniþjónustunnar, í samráði við utanríkisráðherra og yfirmann viðkomandi öryggis- og leyniþjónustustofnunar, ákvarða hvort gera skuli ráðstafanir til að tilkynna það viðeigandi erlendum stjórnvöldum, í samræmi við vernd heimilda og aðferða og fólks í þjónustu Bandaríkjanna. Þar að auki hefur utanríkisráðherra Bandaríkjanna, samkvæmt forsetatilskipun 28, tilnefnt Catherine Novelli, aðstoðarráðherra, sem tengilið gagnvart erlendum stjórnvöldum sem vilja koma á framfæri áhyggjum af starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum. Þessi skuldbinding til þátttöku háttsettra embættismanna er dæmi um þá viðleitni sem bandarísk stjórnvöld hafa sýnt undanfarin ár til þess að skapa traust á þeim fjölmörgu ákvæðum, sem skarast, til verndar friðhelgi einkalífsins sem í gildi eru vegna upplýsinga um bandaríska einstaklinga og einstaklinga sem ekki eru bandarískir.

e. Samantekt

Aðferðir Bandaríkjanna við að afla, geyma eða miðla vitneskju um erlend öfl veita öllum einstaklingum, án tillits til ríkisfangs, mikilvæga vernd fyrir friðhelgi einkalífsins vegna persónuupplýsinga. Sér í lagi er þessu aðferðum ætlað að tryggja að öryggis- og leyniþjónustustofnanir okkar leggi áherslu á þjóðaröryggishlutverk sitt samkvæmt heimild í gildandi lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og forsetatilskipunum, varni því að veittur sé óleyfilegur aðgangur að upplýsingum, þær notaðar eða birtar og sæti marglaga rýni og eftirliti við störf sín, þ.m.t. af eftirlitsnefndum þjóðþings Bandaríkjanna. Forsetatilskipun 28, sem og reglur um framkvæmd hennar standa fyrir viðleitni okkar til að yfirfæra tiltekna lágmarkskröfur og aðrar meginreglur um persónuvernd á persónuupplýsingar allra einstaklinga, án tillits til ríkisfangs. Persónuupplýsingar sem fást með öflun Bandaríkjanna á vitneskju með eftirgrennslan um merkjasendingar falla undir meginreglur og kröfur bandarískra laga og tilskipana forsetans, þ.m.t. vernd sem tilgreind er í forsetatilskipun 28. Þessar meginreglur og kröfur tryggja að komið er fram við alla einstaklinga með sæmd og af virðingu, án tillits til ríkisfangs þeirra eða hvar þeir hafa fasta búsetu og er þar viðurkennt að allir einstaklingar hafa lögmætra hagsmuna að gæta er varða friðhelgi einkalífsins við meðhöndlun persónuupplýsinga sinna.

II. LÖG UM EFTIRLIT MEÐ EFTIRGRENNSLAN UM ERLEND ÖFL — 702. LIÐUR

Söfnun upplýsinga skv. 702. lið laganna Foreign Intelligence Surveillance Act (FISA) ⁽¹⁾ er ekki „stórtæk og tilviljanakennd“ heldur beinist hún að þröngu sviði er varðar öflun vitneskju um erlend öfl frá lögmætum viðföngum sem eru skilgreind á einstaklingsbundinn hátt, er skýrt heimiluð af tilteknu lögboðnu stjórnvaldi og er háð bæði sjálfstæðu eftirliti dómstóla og umfangsmikilli rýni og eftirliti af hálfu framkvæmdavaldsins og þjóðþings Bandaríkjanna. Söfnun upplýsinga skv. 702. lið telst öflun vitneskju frá merkjasendingum samkvæmt kröfum sem settar eru fram í forsetatilskipun 28 ⁽²⁾.

Söfnun upplýsinga skv. 702. þætti er ein mikilvægasta uppspretta vitneskju til verndar bæði Bandaríkjanna og evrópskra bandamanna okkar. Viðtækar upplýsingar um beitingu og eftirlit skv. 702. lið eru öllum aðgengilegar. Trúnaði hefur verið létt af fjölmörgum dómskjölum, dómsniðurstöðum og eftirlitsskýrslum sem tengjast áætluninni og þær upplýsingar birtar á opnu vefsetri skrifstofu framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar (ODNI) www.icontherecord.tumblr.com. Auk þess var 702. liður greindur ítarlega af eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífsins og borgaralegt frelsi (PCLOB) í skýrslu sem nálgast má á: <https://www.pclob.gov/library/702-Report.pdf> ⁽³⁾.

702. liður var samþykktur sem hluti af lögum FISA Amendments Act frá 2008 ⁽⁴⁾ að lokinni langri, opinberri umræðu í þjóðþingi Bandaríkjanna. Í þeim er veitt heimild til öflunar vitneskju með eftirgreunslan um erlend öfl með því að beina eftirliti að einstaklingum utan Bandaríkjanna sem ekki eru bandarískir, með því að skylda bandaríska þjónustuveitendur rafrænna fjarskipta til aðstoðar. Samkvæmt 702. lið er dómsmálaráðherra Bandaríkjanna og framkvæmdastjóra leyniþjónustunnar DNI — tveimur embættismönnum stjórnarráðsins sem tilnefndir eru af forseta Bandaríkjanna og samþykktir af öldungadeildinni — heimilað að leggja árlegar vottanir fyrir FISA-dómstólinn ⁽⁵⁾. Þessar vottanir tilgreina sérstaka flokka vitneskju um erlend öfl sem á að safna, s.s. vitneskju sem tengist baráttu gegn hryðjuverkum eða gereyðingarpopnum, sem verður að falla undir flokka vitneskju um erlend öfl sem skilgreindir eru í lögum um eftirlit með eftirgreunslan um erlend öfl (FISA-statute) ⁽⁶⁾. Eins og eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi (PCLOB) tekur mið af, leyfa „[þ]essar takmarkanir ekki ótakmarkaða öflun upplýsinga um erlenda einstaklinga“ ⁽⁷⁾.

Einnig er gerð krafa um að þessar vottanir taki til verklagsreglna um „markvissa söfnun“ og „lágörkun“ sem FISA-dómstóllinn þarf að endurskoða og samþykkja ⁽⁸⁾. Verklagsreglum um markvissa söfnun er ætlað að tryggja að söfnun upplýsinga eigi sér aðeins stað eins og heimilt er samkvæmt lögum og innan gildissviðs vottana, verklagsreglum um lágörkun er ætlað að takmarka öflun, miðlun og varðveislu upplýsinga um bandaríska einstaklinga en innihalda einnig ákvæði sem veita upplýsingum um einstaklinga sem ekki eru bandarískir verulega vernd, eins og lýst er hér á eftir. Eins og lýst er hér á undan fyrirskipaði forseti Bandaríkjanna, með forsetatilskipun 28, öryggis- og leyniþjónustustofnunum að sjá fyrir viðbótarvernd persónuupplýsinga um einstaklinga sem ekki eru bandarískir og á sú vernd við um upplýsingar sem aflað er skv. 702. lið.

Þegar dómstóllinn hefur samþykkt verklagsreglur um „markvissa söfnun“ og „lágörkun“, er söfnun skv. 702. lið hvorki umfangsmikil né tilviljanakennd heldur „felst hún eingöngu í því að miða út tiltekna einstaklinga þar sem tekin hefur verið ákvörðun um hvern um sig,“ eins og eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi (PCLOB) tiltekur ⁽⁹⁾. Söfnun upplýsinga er markvisst beitt með notkun einstaklingsbundinna valhugtaka, eins og tölvupóstfangs eða símanúmers aðilans sem

⁽¹⁾ Sjá 50 U.S.C. § 1881a.

⁽²⁾ Bandaríkin geta einnig fengið dómsúrskurði samkvæmt ákvæðum FISA-laganna vegna öflunar gagna, þ.m.t. gagna sem flutt hafa verið samkvæmt friðhelgisamkomulaginu. Sjá 50 U.S.C. § 1801 o.áfr. Samkvæmt ákvæðum I. og III. bálks FISA-laganna, sem hvor um sig heimilar rafrænt eftirlit og handvirka leit, er krafist dómsúrskurðar (nema í neyðartilvikum) og alltaf krafist þess að sterkar líkur séu á að sá aðili sem eftirlitið beinist að sé erlent afl eða fulltrúi erlends afls. Ákvæði IV. bálks FISA-laganna heimilar notkun á búnaði til að skrá fjarskiptasendingar til og frá viðkomandi neti (e. pen registers and trap and trace devices), samkvæmt dómsúrskurði (nema í neyðartilvikum) við heimilaða eftirgreunslan um erlend öfl, í gagnjónastarfsemi eða við rannsóknir sem beinast gegn hryðjuverkum. Ákvæði V. bálks FISA-laganna heimilar alríkislögreglunni (FBI), að undangengnum dómsúrskurði (nema í neyðartilvikum), að afla bókhaldsgagna sem skipta máli fyrir heimilaða eftirgreunslan um erlend öfl, í gagnjónastarfsemi eða við rannsóknir sem beinast gegn hryðjuverkum. Eins og nánari umfjöllun hér á eftir greinir frá banna löginn USA FREEDOM Act sérstaklega að fyrirmæli samkvæmt FISA-lögum um notkun á búnaði til að skrá fjarskiptasendingar til og frá viðkomandi neti (pen register) eða bókhaldsgögnum séu notuð til magnsöfnunar, auk þess að gera kröfu um „tiltekin valhugtök“ til að tryggja markvissa notkun þessara leyfa.

⁽³⁾ Privacy and Civil Liberties Board, „Report on the Surveillance Program Operated Pursuant to Section 702 of the Foreign Intelligence Surveillance Act“ (2. júlí 2014) (Skýrsla PCLOB).

⁽⁴⁾ Sjá útg. L. nr. 110-261, 122 Stat. 2436 (2008).

⁽⁵⁾ Sjá 50 U.S.C. § 1881a(a) og (b).

⁽⁶⁾ Sjá einnig: § 1801(e).

⁽⁷⁾ Sjá bls. 99 í skýrslu PCLOB.

⁽⁸⁾ Sjá 50 U.S.C. § 1881a(d) og (e).

⁽⁹⁾ Sjá bls. 111 í skýrslu PCLOB.

eftirlitið beinist að, sem starfsfólk öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna hefur ákvarðað að séu líklega notuð til að senda vitneskju um erlend öfl af þeirri gerð sem fellur undir vottun sem lögð er fyrir dómstólinn ⁽¹⁾. Skjalfesta þarf grundvöll fyrir vali á aðila sem eftirlitið beinist að og er skjalfesting á hverju valhugtaki í framhaldinu yfirfarin af dómsmálaráðuneytinu ⁽²⁾. Bandarísk stjórnvöld hafa birt upplýsingar sem sýna að árið 2014 beindist eftirlit að u.þ.b. 90 000 einstaklingum skv. 702. lið, sem er örlítið brot af þeim 3 milljörðum sem nota Netið víðsvegar um heiminn ⁽³⁾.

Upplýsingar sem aflað er skv. 702. lið falla undir verklagsreglur um lágmarkun sem samþykktar hafa verið af dómstólum, sem veita jafnt bandarískum einstaklingum og einstaklingum sem ekki eru bandarískir vernd og hafa þegar verið birtar opinberlega ⁽⁴⁾. Samskiptaupplýsingar, sem safnað er skv. 702. lið, hvort sem þær varða bandaríska einstaklinga eða einstaklinga sem ekki eru bandarískir, eru t.d. vistaðar í gagnagrunnum með strangri aðgangsstýringu. Einungis starfsfólki öryggis- og leyniþjónustustofnana, sem hlotið hefur þjálfun í verklagsreglum um lágmarkun til verndar einkalífínu og sem hefur hlotið til þess sérstaka aðgangsheimild til að sinna þeim störfum sínum, er heimilt að skoða gögnin ⁽⁵⁾. Notkun gagnanna takmarkast við greiningu á vitneskju um erlend öfl eða sem sönnunargögn um afbrot ⁽⁶⁾. Samkvæmt forsetatilskipun 28 má einungis miðla þessum upplýsingum ef það er í þágu gildra markmiða sem varða eftirgrennsan um erlend öfl eða í löggæslutilgangi en sú staðreynd að einn aðili að samskiptunum er ekki bandarískur er ekki fullnægjandi ástæða ⁽⁷⁾. Verklagsreglur um lágmarkun og forsetatilskipun 28 setja einnig tímamörk fyrir hversu lengi má geyma gögn sem aflað er skv. 702. lið ⁽⁸⁾.

Eftirlit skv. 702. lið er umfangsmikið og framkvæmt af öllum þremur greinum ríkisvalds okkar. Innan stofnana sem framkvæma löggin eru mörg stig innri endurskoðunar, þ.m.t. óháðir yfirtíðingarmenn og tæknilegt eftirlit með aðgangi að gögnum. Dómsmálaráðuneytið og skrifstofa framkvæmdastjóra bandarísku leyniþjónustunnar (ODNI) rýna vandlega og hafa eftirlit með notkun á 702. lið til að sannreyna að farið sé að ákvæðum laga auk þess sem stofnanir eru sjálfar skyldugar til að greina frá mögulegum tilfellum um að ekki hafi verið farið að lögum. Slík tilfelli eru rannsökuð og eru öll tilfelli þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum tilkynnt dómstólum sem fjallar um eftirlit með eftirgrennsan um erlend öfl (Foreign Intelligence Surveillance Court), eftirlitsnefnd forsetans með leyniþjónustustarfsemi (President's Intelligence Oversight Board) og þjóðþingi Bandaríkjanna og bætt úr eins og við á ⁽⁹⁾. Hingað til hafa ekki komið upp tilfelli um vísitandi tilraunir til lögbrota eða til að sniðganga lagaskilyrði ⁽¹⁰⁾.

FISA-dómstóllinn gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd á 702. lið. Í dómstólum sitja óháðir alríkisdómarar sem gegna embætti dómara í FISA-dómstólum í sjö ár í senn en eru, rétt eins og allir alríkisdómarar, skipaðir ævilangt. Eins og nefnt er hér að ofan þarf dómstóllinn að athuga árlega útgáfu vottorða og verklagsreglur um markvissa söfnun og lágmarkun til að ganga úr skugga um að farið sé að lögum. Þar að auki, eins og einnig er nefnt hér að ofan, er stjórnvöldum skylt að tilkynna dómstólum án tafar um tilfelli þar sem ekki er farið að tilskildum reglum ⁽¹¹⁾, og hefur trúnaði verið létt af fjölmörgum dómum og þeir birtir þar sem sýnt er fram á sérstakt dómsmat og sjálfstæði þegar þessi tilfelli eru skoðuð.

Fyrrum forseti dómstólsins hefur lýst nákvæmum ferlum dómstólsins í bréfi til þjóðþings Bandaríkjanna sem birt hefur verið opinberlega ⁽¹²⁾. Og vegna laganna USA FREEDOM Act, sem lýst er hér á eftir, hefur dómstóllinn nú sérstaka heimild til að skipa utanaðkomandi lögfræðing sem óháðan talsmann á sviði friðhelgi einkalífs í málum sem varða nýstárleg eða mikilvæg lagaleg álitæfni ⁽¹³⁾. Þessi mikla þátttaka óháðs dómskerfis lands í eftirgrennsan um erlend öfl, sem beint er að einstaklingum sem hvorki eru ríkisborgarar þess lands né staðsettir innan landamæra þess, er óvenjuleg ef ekki fordæmalaus og stuðlar að því að tryggja að öflun vitneskju skv. 702. lið fari fram innan viðeigandi löglegra marka.

⁽¹⁾ *Sama*.

⁽²⁾ *Sama*, bls. 8; 50 U.S.C. § 1881a(l), sjá einnig bls. 4. í skýrslu framkvæmdastjóra á sviði borgaralegs frelsis og friðhelgi einkalífsins hjá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna undir titlinum „NSA's Implementation of Foreign Intelligence Surveillance Act Section 702“ (hér á eftir nefnd „NSA-skýrslan“, sem má nálgast á: <http://icontherecord.tumblr.com/ppd-28/2015/privacy-civil-liberties>).

⁽³⁾ Skýrslu framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna um gagnsæi frá árinu 2014 má nálgast á: http://icontherecord.tumblr.com/transparency/odni_transparencyreport_cy2014.

⁽⁴⁾ Verklagsreglur um lágmarkun má nálgast á: <http://www.dni.gov/files/documents/ppd-28/2014%20NSA%20702%20Minimization%20Procedures.pdf> (Verklagsreglur Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna um lágmarkun - NSA Minimization Procedures), <http://www.dni.gov/files/documents/ppd-28/2014%20FBI%20702%20Minimization%20Procedures.pdf> og <http://www.dni.gov/files/documents/ppd-28/2014%20CIA%20702%20Minimization%20Procedures.pdf>.

⁽⁵⁾ Sjá bls. 4 í NSA-skýrslunni.

⁽⁶⁾ Sjá t.d. bls. 6. í verklagsreglum Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna um lágmarkun.

⁽⁷⁾ Verklagsreglur leyniþjónustustofnana í forsetatilskipun 28 má nálgast á: <http://icontherecord.tumblr.com/ppd-28/2015/privacy-civil-liberties>.

⁽⁸⁾ Sjá 4. lið verklagsreglna Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna um lágmarkun; forsetatilskipun 28.

⁽⁹⁾ Sjá 50 U.S.C. § 1881(l) og einnig bls. 66–76 í PCLOB-skýrslunni.

⁽¹⁰⁾ Sjá bls. 2–3 í Semiannual Assessment of Compliance with Procedures and Guidelines Issues Pursuant to Section 702 of the Foreign Intelligence Surveillance Act sem dómsmálaráðherra og framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna lögðu fram og má nálgast á: <http://www.dni.gov/files/documents/Semiannual%20Assessment%20of%20Compliance%20with%20procedures%20and%20guidelines%20issued%20pursuant%20to%20Section%20702%20of%20FISA.pdf>.

⁽¹¹⁾ Regla 13 í málsmeðferðarreglum dómstólsins sem fjallar um eftirlit með eftirgrennsan um erlend öfl (Foreign Intelligence Surveillance Court) sem má nálgast á: <http://www.fisc.uscourts.gov/sites/default/files/FISC%20Rules%20of%20Procedure.pdf>.

⁽¹²⁾ Bréf frá hr. Reggie B. Walton til hr. Patrick J. Leahy frá 29. júlí 2013, má nálgast á: <http://fas.org/irp/news/2013/07/fisc-leahy.pdf>.

⁽¹³⁾ Sjá 401. lið í USA FREEDOM Act, P.L. 114.-23.

Þjóðþing Bandaríkjanna sinnir eftirlitinu með lögbundinni skýrslugjöf til leyniþjónustu- og lögskipunarnefnda þingsins og með tíðum upplýsinga- og fyrirspurnarfundum. Þar á meðal eru: skýrsla dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, sem gefin er út tvisvar á ári, þar sem gerð er grein fyrir notkun á 702. lið og öllum tilfellum þar sem ekki er farið að reglum ⁽¹⁾, sérstök úttekt dómsmálaráðherra og framkvæmdastjóra leyniþjónustunnar (DNI), sem einnig er gefin út tvisvar á ári, þar sem þeir gera grein fyrir verklagsreglum um markvissa söfnun og lágmörkun, þ.m.t. fylgni við verklagsreglur til að tryggja að söfnun sé í þágu gildra markmiða um eftirgrennslan um erlend öfl ⁽²⁾ og ársskýrsla forstöðumanna öryggis- og leyniþjónustustofnana sem inniheldur vottun á því að gagnasöfnun skv. 702. lið afli áfram vitneskju um erlend öfl ⁽³⁾.

Í stuttu máli er öflun upplýsinga skv. 702. lið heimil með lögum, sætir marglaga rýni ásamt eftirliti og tilsjón dómstóla, og er, eins og fram kemur í álitni FISA-dómstólsins, sem trúnaði var létt af nýlega, „ekki umfangsmikil eða tilviljanakennd“ heldur felst hún í „[...]aðskildum ákvörðunum um að beina öflun að einstaka [fjarskipta]miðlum“ ⁽⁴⁾.

III. USA FREEDOM ACT

Lögin USA FREEDOM Act, sem voru undirrituð í júní 2015 höfðu umtalsverðar breytingar í för með sér fyrir eftirlit Bandaríkjanna og önnur yfirvöld á sviði þjóðaröryggis og juku opinbert gagnsæi um notkun þessara valdheimilda og í tengslum við ákvarðanir FISA-dómstólsins, eins og fram kemur hér á eftir ⁽⁵⁾. Lögin tryggja að sérfræðingar okkar sem starfa á sviði leyniþjónustu og löggæslu hafi þær valdheimildir sem þeir þurfa til að vernda þjóðina á sama tíma og þau tryggja friðhelgi einkalífs einstaklinga áfram viðeigandi vernd þegar þessum valdheimildum er beitt. Þau stuðla að auknu friðhelgi einkalífs og borgaralegu frelsi og auka gagnsæi.

Lögin banna magnsöfnun hvers konar skráa, hvort sem þær varða bandaríska einstaklinga eða einstaklinga sem ekki eru bandarískir, í samræmi við ýmis ákvæði FISA-laganna eða með notkun þjóðaröryggisbréfa sem eru ein birtingarmynd lögboðinna kvaðninga frá stjórnvöldum ⁽⁶⁾. Þetta bann nær sérstaklega til símalýsigagna sem snerta símtöl milli einstaklinga innan Bandaríkjanna og einstaklinga utan þeirra, og nær einnig til öflunar upplýsinga innan ramma friðhelgisamkomulagsins samkvæmt þessum valdheimildum. Í lögnum er þess krafist að stjórnvöld byggi allar umsóknir um aðgang að skráum með vísan til þessara valdheimilda á „tilteknu valhugtaki“, sem er hugtak sem auðkennir sérstaklega einstakling, reikning, heimilisfang eða persónulegan búnað þannig að það takmarki, að því marki sem unnt er, umfang upplýsinga sem er leitað ⁽⁷⁾. Þetta tryggir enn frekar að tilgangur með öflun upplýsinga í þágu eftirgrennslanar sé skýr og afmarkaður.

Lögin breyttu einnig málsmeðferð fyrir FISA-dómstólnum umtalsvert, bæði hvað varðar aukið gagnsæi auk þess að kveða á um viðbótartryggingar um vernd fyrir friðhelgi einkalífs. Eins og nefnt er hér að ofan er í lögnum heimild til stofnunar á föstum vinnuhópi lögfræðinga sem hlotið hafa öryggisvottun og sem eru sérfræðingar á sviði friðhelgi einkalífs og borgaralegra réttinda, öflunar upplýsinga, fjarskiptatækni eða á öðrum viðeigandi sviðum og sem kalla má fyrir dómstóla sem sérfræðinga (*amicus curiae*) í málum sem fela í sér verulegar eða nýstárlegar tülkanir á lögum. Þessir lögfræðingar hafa heimild til að leggja fram lagarök sem verja friðhelgi einkalífs og borgaraleg réttindi einstaklinga og hafa aðgang að öllum upplýsingum, þ.m.t. trúnaðarupplýsingum, sem dómstóllinn ákvarðar að séu þeim nauðsynlegar við störf sín ⁽⁸⁾.

Lögin byggja einnig á fordæmalausu gagnsæi bandarískra stjórnvalda í tengslum við eftirgrennslan þar sem þau krefja framkvæmdastjóra leyniþjónustunnar (DNI), í samráði við dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, um að annað hvort aflétta trúnaði eða birta opinberlega samantekt á sérhverri ákvörðun, úrskurði eða álitni sem gefin er út af FISA-dómstólnum eða áfrýjunardómstól á sviði eftirlits með eftirgrennslan um erlend öfl (Foreign Intelligence Surveillance Court of Review) sem felur í sér umtalsverðar skýringar eða túlkun á hvers kyns ákvæðum laga.

⁽¹⁾ Sjá 50 U.S.C. § 1881f.

⁽²⁾ Sjá einnig: § 1881a(1)(1).

⁽³⁾ Sjá einnig § 1881a(1)(3). Sumar af þessum skýrslum eru trúnaðarflokkaðar.

⁽⁴⁾ Mem. Opinion and Order, bls. 26 (FISC 2014) má nálgast á: <http://www.dni.gov/files/documents/0928/FISC%20Memorandum%20Opinion%20and%20Order%202026%20August%202014.pdf>.

⁽⁵⁾ Sjá USA FREEDOM Act frá 2015, útg. L. nr. 114-23, § 401, 129 Stat. 268.

⁽⁶⁾ Sjá einnig §§ 103, 201, 501. Þjóðaröryggisbréf eru heimiluð skv. ýmsum lögum og gera alríkislögreglunni (FBI) kleift að afla upplýsinga sem fram koma í lánaskýrslum, fjárhagsgögnum og í rafrænum áskriftar- og viðskiptaskráum frá tilteknum fyrirtækjum, í þeim eina tilgangi að verjast alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi eða leynelegri eftirgrennslan. Sjá 12 U.S.C. § 3414, 15 U.S.C. §§ 1681u-1681v og 18 U.S.C. § 2709. Alríkislögreglan (FBI) notar yfirleitt þjóðaröryggisbréf til að afla þýðingarmikilla innihaldslausra upplýsinga á frumstigum rannsóknna sem beinast gegn hryðjuverkum og gagnnjósnastarfsemi — s.s. deili á áskrifanda reiknings sem kann að hafa átt í samskiptum við fulltrúa hryðjuverkasamtaka eins og Íslamska ríkisins (ISIL). Viðtakendur þjóðaröryggisbréfa eiga rétt á að vefengja þau fyrir dómi. Sjá 18 U.S.C. § 3511.

⁽⁷⁾ Sjá sama.

⁽⁸⁾ Sjá sama: § 401.

Enn fremur kveða lög in á um umfangsmikla upplýsingagjöf um öflun vitneskju samkvæmt FISA-lögunum og fyrirspurna á grundvelli þjóðaröryggisbréfa. Bandarísk stjórnvöld verða að upplýsa þjóðþingið og almenning árlega, m.a. um fjölda fyrirmæla og vottana sem sótt er um og samþykkt eru skv. FISA-lögunum, áætlaðan fjölda bandarískra einstaklinga og einstaklinga sem ekki eru bandarískir, sem eftirlit beinist að og verða fyrir áhrifum af eftirliti og fjölda tilnefndra sérfræðinga (*amici curiae*)⁽¹⁾. Í lögunum er einnig krafist frekari opinberra skýrsla frá stjórnvöldum um fjölda fyrirspurna á grundvelli þjóðaröryggisbréfa sem varða bæði bandaríska einstaklinga og einstaklinga sem ekki eru bandarískir⁽²⁾.

Að því er varðar gagnsæi veita lög in fyrirtækjum ýmsa möguleika á að tilkynna opinberlega um samanlagðan fjölda úrskurða og tilskipana samkvæmt FISA-lögunum og tilskipunum eða þjóðaröryggisbréfa sem þeim berast frá ríkisstjórninni, sem og fjölda viðskiptareikninga sem þessi fyrirmæli beinast að⁽³⁾. Fjöldmörg fyrirtæki hafa þegar birt slíkar upplýsingar sem leitt hafa í ljós að skrár hafa verið sóttar hjá takmörkuðum fjölda viðskiptavina.

Þessar gagnsæisskýrslur fyrirtækja sýna að beiðnir leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna snerta aðeins örlítið brot af gögnum. Til dæmis sýnir nýleg gagnsæiskýrsla eins stórfyrirækis að það tók á móti beiðnum á grundvelli þjóðaröryggis, með vísan til FISA-laganna eða þjóðaröryggisbréfa, sem vörðuðu færri en 20 000 notendareikninga þess, á sama tíma og a.m.k. 400 milljónir áskrifenda voru í viðskiptum við fyrirtækið. Með öðrum orðum vörðuðu beiðnir bandarískra yfirvalda á grundvelli þjóðaröryggis færri en 0,005% áskrifenda fyrirtækisins. Jafnvel þótt allar þessar beiðnir hefðu varðað gögn samkvæmt samkomulaginu um „örugga höfn“ (Safe Harbor), sem er að sjálfsögðu ekki raunin, er augljóst að beiðnirnar eru markvissar og umfang þeirra viðeigandi og er hvorki um magnsöfnun né tilviljanakennda söfnun að ræða.

Að lokum skal taka fram að þrátt fyrir að þau lög sem heimila þjóðaröryggisbréf hafi þegar takmarkað þær aðstæður þar sem viðtakanda slíks bréfs er bannað að upplýsa um það, var í lögunum kveðið á um að endurskoða skuli slíkt bann við birtingu upplýsinga með reglulegu millibili; gerð krafa um að viðtakendum þjóðaröryggisbréfa sé tilkynnt þegar málavextir styðja ekki lengur bann við birtingu upplýsinga og þá er í lögunum að finna kerfisbundnar málsmeðferðarreglur um hvernig viðtakendur bréfanna geta vefengt kröfu um bann við birtingu upplýsinga⁽⁴⁾.

Í meginatriðum eru þær mikilvægu breytingar sem komu til með USA FREEDOM Act til sannindamerkis um þá miklu viðleitni sem stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa sýnt til að setja vernd persónuupplýsinga, friðhelgi einkalífs, borgaraleg réttindi og gagnsæi í forgang í allri upplýsingaöflunarstarfsemi í Bandaríkjunum.

IV. GAGNSÆI

Auk þess að fara að kröfum laganna USA FREEDOM Act um gagnsæi veita öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna almenningi miklar viðbótarupplýsingar og eru þannig skýrt dæmi að því er varðar gagnsæi í eftirgrennslan þeirra. Öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna hafa birt margar stefnur og málsmeðferðarreglur sínar, ákvarðanir dómstólsins sem fjallar um eftirlit með eftirgrennslan um erlend öfl og annað efni sem trúnaði hefur verið létt af og þannig tryggt óvenju mikið gagnsæi. Að auki hafa öryggis- og leyniþjónustustofnanir verulega aukið birtingu tölfræðilegra upplýsinga um notkun yfirvalda á valdheimildum til öflunar vitneskju sem varðar þjóðaröryggi. Hinn 22. apríl 2015 gáfu öryggis- og leyniþjónustustofnanirnar út aðra ársskýrslu sína með tölfræðilegum upplýsingum um hversu oft yfirvöld notast við þessar mikilvægu valdheimildir. Skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna (ODNI) hefur einnig birt á vefsetri sínu og á *IC On the Record*, fjölda raunhæfra meginreglna um gagnsæi⁽⁵⁾ og framkvæmdaáætlun sem yfirfærir þessar reglur í raunhæf, mælanleg framtaksverkefni⁽⁶⁾. Í október 2015 fyrirskipaði framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna að sérhver leyniþjónustustofnun tilnefndi fulltrúa innan stjórnar sinnar sem bæri ábyrgð á gagnsæi og leiddi framtaksverkefni varðandi gagnsæi⁽⁷⁾. Sá fulltrúi mun vinna náið með fulltrúum friðhelgi einkalífs og borgaralegs frelsis hjá hverri öryggis- og leyniþjónustustofnun fyrir sig til að tryggja að gagnsæi, friðhelgi einkalífs og borgaraleg réttindi verði áfram í forgangi.

⁽¹⁾ Sjá sama: § 602.

⁽²⁾ Sjá sama.

⁽³⁾ Sjá sama: § 603.

⁽⁴⁾ Sjá sama: §§ 502(f)–503.

⁽⁵⁾ Má nálgast á: <http://www.dni.gov/index.php/intelligence-community/intelligence-transparency-principles>.

⁽⁶⁾ Má nálgast á: <http://www.dni.gov/files/documents/Newsroom/Reports%20and%20Pubs/Principles%20of%20Intelligence%20Transparency%20Implementation%20Plan.pdf>.

⁽⁷⁾ Sjá sama.

Dæmi um þessa viðleitni er opinber birting yfirfulltrúa friðhelgi einkalífs og borgaralegs frelsis hjá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna á fjölmörgum opinberum skýrslum, undanfarin ár, þ.m.t. á skýrslum um starfsemi skv. 702. lið, stjórnvaldsfyrirmælum 12333 og lögnum USA FREEDOM Act ⁽¹⁾. Þar að auki vinna öryggis- og leyniþjónustustofnanirnar náið með eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi (PCLOB), þjóðþingi Bandaríkjanna og öðrum bandarískum samtökum um vernd einkalífsins að því að auka gagnsæi í störfum bandarískra yfirvalda við eftirgrennslan, þar sem það er mögulegt og þar sem það samræmist vernd heimildamanna og aðferða við öflun viðkvæmra upplýsinga. Í heild er eftirgrennslan bandarískra yfirvalda jafn gagnsæ eða gagnsærri en eftirgrennslan nokkurra annarra þjóða heims og eins gagnsæ og mögulegt er með tilliti til verndar heimildarmanna og aðferða við öflun viðkvæmra upplýsinga.

Samantekt á viðtæku gagnsæi við eftirgrennslan bandarískra yfirvalda:

- Öryggis- og leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna hafa birt opinberlega á netinu þúsundir blaðsíðna af álitgerðum dómstóla og verklagsreglum stofnana sem tilgreina sérstakar verklagsreglur og kröfur sem gerðar eru við eftirgrennslan okkar. Við höfum einnig birt skýrslur um fylgni leyniþjónustustofnana við gildandi takmarkanir.
- Háttsettir embættismenn innan leyniþjónustunnar tala reglulega opinberlega um hlutverk og starfsemi stofnana sinna, þ.m.t. skýra þeir fyrirkomulag við reglufylgni og verndarráðstafanir sem gilda um störf þeirra.
- Öryggis- og leyniþjónustustofnanirnar birtu fjölda annarra gagna um eftirgrennslan skv. lögum um upplýsingafrelsi (Freedom of Information Act).
- Forseti Bandaríkjanna gaf út forsetatilskipun 28 sem opinberar frekari takmarkanir á eftirgrennslan okkar og skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna gaf út tvær opinberar skýrslur um framkvæmd þessara takmarkana.
- Öryggis- og leyniþjónustustofnunum er nú skylt, samkvæmt lögum, að birta mikilvæg lögfræðiálit sem gefin eru út af FISA-dómstólum eða samantektir á þeim álitum.
- Yfirvöldum er skylt að greina árlega frá umfangi notkunar sinnar á tilteknum valdheimildum á sviði þjóðaröryggis og fyrirtæki hafa heimild til hins sama.
- Eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi hefur gefið út nokkrar opinberar skýrslur um eftirgrennslan og mun halda því áfram.
- Öryggis- og leyniþjónustustofnanir veita eftirlitsnefndum þjóðþings Bandaríkjanna viðtækar trúnaðarupplýsingar.
- Framkvæmdastjóri leyniþjónustunnar (DNI) gaf út meginreglur um gagnsæi til að stýra starfsemi öryggis- og leyniþjónustustofnana.

Þetta viðtæka gagnsæi mun halda áfram. Allar upplýsingar sem birtar eru opinberlega verða að sjálfsögðu tiltækar fyrir bæði viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Árleg endurskoðun á vegum viðskiptaráðuneytisins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á framkvæmd friðhelgisamkomulagsins mun veita framkvæmdastjórninni tækifæri til að ræða allar spurningar sem upp koma vegna nýrra upplýsinga sem birtar eru, sem og önnur mál sem varða friðhelgisamkomulagið og framkvæmd þess og við gerum ráð fyrir að ráðuneytið megi, að eigin ákvörðun, bjóða fulltrúum annarra stofnana, þ.m.t. öryggis- og leyniþjónustustofnana, að taka þátt í þeirri endurskoðun. Þetta er að sjálfsögðu til viðbótar við það kerfi sem kveðið er á um í forsetatilskipun 28 fyrir aðildarríki ESB sem vilja vekja máls á atriðum, sem tengjast eftirliti, við til þess tilnefndan fulltrúa utanríkisráðuneytisins.

V. ÚRRÆÐI

Bandarísk lög kveða á fjölmargar leiðir fyrir einstaklinga, sem verið hafa viðfangsefni ólöglegs rafræns eftirlits í þágu þjóðaröryggis, til að sækja skaðabætur. Samkvæmt FISA-lögnum takmarkast réttur til að leita úrlausna fyrir bandarískum dómstól ekki við bandaríska aðila. Einstaklingur sem getur sýnt fram á aðild að málinu hefur, samkvæmt FISA-lögnum,

⁽¹⁾ Má nálgast á: https://www.nsa.gov/civil_liberties/_files/nsa_report_on_section_702_program.pdf, https://www.nsa.gov/civil_liberties/_files/UFA_Civil_Liberties_and_Privacy_Report.pdf og https://www.nsa.gov/civil_liberties/_files/UFA_Civil_Liberties_and_Privacy_Report.pdf.

úræði til að véfengja ólöglegt rafrænt eftirlit. Til dæmis gera FISA-lögin einstaklingum, sem verið hafa viðfangsefni ólöglegs rafræns eftirlits, kleift að lögsækja bandaríska embættismenn persónulega og krefjast fébóta, þ.m.t. refsibóta og greiðslu lögfræðikostnaðar. Sjá 50 U.S.C. § 1810. Einstaklingar sem geta sýnt fram á aðild að máli hafa einnig rétt á að höfða einkamál þar sem krafist er fébóta, þ.m.t. vegna málskostnaðar, gegn Bandaríkjunum þegar upplýsingum um þá, sem fengnar eru með rafrænu eftirliti samkvæmt FISA-lögum, hefur verið aflað með ólögætum hætti og þær vísitandi notaðar eða birtar. Sjá 18 U.S.C. § 2712. Ef stjórnvöld hyggjast nota eða birta upplýsingar, sem eru fengnar eða eiga uppruna sinn í rafrænu eftirliti með einstaklingi sem gert hefur verið rangt til samkvæmt FISA-lögum, gegn honum í dómsmáli eða stjórnsýslumáli í Bandaríkjunum, verða þau að upplýsa dómstóla um fyrirætlan sína fyrirfram, sem og viðkomandi einstakling sem þá getur vefengt lögmæti eftirlitsins og óskað eftir því að trúnaður ríki um upplýsingarnar. Sjá 50 U.S.C. § 1806. Að lokum kveða FISA-lögin einnig á um refsiviðurlög fyrir einstaklinga sem af ásetningi stunda ólöglegt rafrænt eftirlit undir yfirskinu laga eða sem af ásetningi nota eða birta upplýsingar sem fengnar eru með ólöglegu eftirliti. Sjá 50 U.S.C. § 1809.

Borgarar Evrópusambandsins eiga enn aðra kosti til að leita réttar síns gegn bandarískum embættismönnum vegna ólöglegra nota eða aðgangs stjórnvalda að gögnum, þ.m.t. á embættismönnum sem brjóta gegn lögum með ólöglegum aðgangi að eða notkun á upplýsingum sem gefið er í skyn að sé í þágu þjóðaröryggis. Lögin Computer Fraud and Abuse Act banna óleyfilegan aðgang af ásetningi (eða umfram heimilan aðgang) til öflunar upplýsinga frá fjármálastofnunum, tölvukerfum bandarískra yfirvalda eða frá tölvum sem tengdar eru Netinu auk þess að banna hótanir um að valda skaða á vörðum tölvum í þeim tilgangi að kúga eða svíkja. Sjá 18 U.S.C. § 1030. Hvaða einstaklingur sem er, óháð þjóðerni, sem verður fyrir skaða eða tjóni vegna brota á þessum lögum, getur lögsótt lögbrotinn (þ.m.t. fulltrúa stjórnvalda) og krefjast skaðabóta og lögbanns eða annarra hæfilegra réttarúrreða samkvæmt g-lið 1030 þáttar, óháð því hvort saksókn hefur farið fram, svo fremi að athæfið feli í sér a.m.k. eina af þeim aðstæðum sem mælt er fyrir um í lögum. Lögin Electronic Communications Privacy Act (ECPA) setja reglur um aðgang stjórnvalda að rafrænum fjarskiptum sem hafa verið vistuð, rafrænum viðskiptaskrá og áskriftarupplýsingum í eigu þjónustuveitenda þriðju aðila. Sjá 18 U.S.C. §§ 2701-2712. ECPA-lögin heimila einstaklingi sem gert hefur verið rangt til að lögsækja opinbera embættismenn vegna vísitandi ólöglegs aðgangs að gögnum sem hafa verið vistuð. ECPA-lögin gilda um alla einstaklinga, óháð ríkisfangi og geta einstaklingar sem gert hefur verið rangt til fengið greiddar skaðabætur og lögfræðikostnað. Lögin Right to Financial Privacy Act (RFPA) takmarka aðgang bandarískra stjórnvalda að skráum um einstaka viðskiptavinum banka og verðbréfamíðlara. Sjá 12 U.S.C. §§ 3401-3422. Samkvæmt RFPA-lögum geta viðskiptavinir banka eða verðbréfamíðlara lögsótt bandarísk stjórnvöld og krafist þau um lögboðnar bætur, eiginlegar bætur og refsibætur fyrir að hafa með ólögætum hætti fengið aðgang að gögnum viðskiptavinarins og niðurstaða þess efnis, að slíkur ólögætur aðgangur hafi verið vísitandi, virkjar sjálfkrafa rannsókn á mögulegri beitingu viðurlaga gegn viðkomandi opinberum starfsmönnum. Sjá 12 U.S.C. § 3417.

Að lokum kveða lögin Freedom of Information Act (FOIA) á um að hver sem er geti beðið um aðgang að skráum alríkisstofnana, um hvaðeina, með fyrirvara um undanþágur vegna tiltekinna flokka. Sjá 5 U.S.C. § 552(b). Þar á meðal eru takmarkanir á aðgangi að trúnaðarflokkuðum upplýsingum um þjóðaröryggi, persónuupplýsingum annarra einstaklinga og upplýsingum um lögreglurannsóknir og eru þær sambærilegar þeim takmörkunum sem sérhver þjóð setur í eigin lög um aðgang að upplýsingum. Þessar takmarkanir gilda jafnt um Bandaríkjamenn sem aðra. Leggja má fram stjórnsýslukæru vegna deilumála um birtingu skráa sem farið er fram á samkvæmt FOIA-lögum, og síðan til alríkisdómstóls. Dómstólum ber að ákvarða að nýju (de novo) hvort skrár séu varðveittar með viðeigandi hætti, samkvæmt 5 U.S.C. § 552(a)(4)(B), og getur þvingað stjórnvöld til að veita aðgang að skráum. Þess eru dæmi að dómstólar hafi snúið við staðhæfingum stjórnvalda um að halda beri eftir upplýsingum sem trúnaðargögnum⁽¹⁾. Þótt ekki séu greiddar fébætur geta dómstólar dæmt að greiða skuli lögfræðikostnað.

VI. NIÐURSTAÐA

Bandaríkin viðurkenna að við öflun vitneskju frá merkjasendingum og við aðra eftirgrennslan verði að taka tillit til þess að koma skuli fram við alla einstaklinga með sæmd og af virðingu, án tillits til þjóðernis þeirra eða búsetu og að allir einstaklingar hafi lögmætra hagsmuna að gæta er varða friðhelgi einkalífsins við meðhöndlun persónuupplýsinga þeirra. Bandaríkin afla eingöngu vitneskju frá merkjasendingum til að efla þjóðaröryggi sitt og hagsmuni sína í utanríkismálum og til að vernda ríkisborgara sína, bandamenn sína og samstarfsaðila fyrir tjóni. Í stuttu máli taka öryggis- og leyniþjónustustofnanir ekki þátt í tilviljanakenndu eftirliti með nokkrum manni, þ.m.t. almennum evrópskum borgurum. Öflun vitneskju frá merkjasendingum fer aðeins fram þegar tilhlýðileg heimild liggur fyrir, með þeim hætti að farið sé í einu og öllu að þessum takmörkunum, aðeins eftir á kannað hefur verið hvort aðrar heimildir eru fyrir hendi, þ.m.t. frá diplómátskum og opinberum aðilum og með þeim

⁽¹⁾ Sjá t.d. New York Times gegn Department of Justice, 756 F.3d 100 (2d Cir. 2014) og American Civil Liberties Union gegn CIA, 710 F.3d 422 (D.C. Cir. 2014).

hætti að viðeigandi og gerlegum valkostum sé forgangsraðað. Þar sem því verður við komið fer öflun vitneskju frá merkjasendingum aðeins fram með notkun aðgreina þannig að hún beinist að sérstökum viðföngum eða viðfangsefnum er varða eftirgrennslan um erlend öfl.

Stefna Bandaríkjanna hvað þetta varðar var staðfest með forsetatilskipun 28. Innan þessa ramma hafa leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna ekki lagaheimildir, úrræði, tæknilega getu eða löngun til að hlera öll samskipti í heiminum. Þessar stofnanir lesa ekki tölvupósta allra í Bandaríkjunum eða allra í heiminum. Í samræmi við forsetatilskipun 28 eru persónuupplýsingar, sem fengnar eru með öflun vitneskju frá merkjasendingum um einstaklinga sem ekki eru bandarískir, kyrfilega varðar. Að því marki sem aðstæður leyfa og í samræmi við þjóðaröryggi er hér að finna stefnumál og verklagsreglur til að lágmarka varðveislu og miðlun persónuupplýsinga um einstaklinga sem ekki eru bandarískir svo þeir njóti sambærilegrar verndar og einstaklingar sem eru bandarískir. Enn fremur, eins og fjallað er um hér að framan er alhliða eftirlitskerfi með markvissri notkun á valdheimildum 702. liðar FISA-laganna án hliðstæðu. Að lokum juku þær umtalsverðu breytingar á bandarískum upplýsingaöflunarlögum, sem fram koma í USA FREEDOM Act og í því frumkvæði sem skrifstofa framkvæmdastjóra leyniþjónustu Bandaríkjanna leiddi til að stuðla að gagnsæi innan öryggis- og leyniþjónustustofnana, verulega friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi allra einstaklinga, án tillits til þjóðernis þeirra.

Virðingarfyllst,

Robert S. Litt

21. júní 2016

Hr. Justin S. Antonipillai

lögfræðingur

Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna

1401 Constitution Avenue, N.W.

Washington, DC 20230

Hr. Ted Dean

Staðgengill aðstoðarframkvæmdastjóra

Stjórnsýsluskrifstofu alþjóðaviðskipta (International Trade Administration)

1401 Constitution Avenue, N.W.

Washington, DC 20230

Ágætu hr. Antonipillai og hr. Dean,

Ég skrifa ykkur til að veita frekari upplýsingar um með hvaða hætti Bandaríkin annast magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum. Eins og útskýrt er í 5. nmgr. forsetatilskipunar 28 (PPD-28) er með „magnsöfnun“ átt við öflun tiltölulega mikils magns upplýsinga eða gagna með eftirgrennslan um merkjasendingar við þær aðstæður þegar öryggis- og leyniþjónustustofnanir geta ekki notast við auðkenni sem tengjast sérstaklega þeim sem eftirlitið beinist að (s.s. tölvupóstfang eða símanúmer viðkomandi) til þess að gera söfnun upplýsinganna hnitmiðaðri. Þetta þýðir samt sem áður ekki að þessi tegund söfnunar sé „stórtæk“ eða „tilviljanakennd.“ Með forsetatilskipun 28 er reyndar einnig gerð krafa um að „[ö]flun vitneskju frá merkjasendingum sé eins markviss og mögulegt er.“ Í samræmi við þetta umboð gera öryggis- og leyniþjónustustofnanir nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að jafnvel þegar við getum ekki notast við sérstök auðkenni sem tengjast þeim sem eftirlitið beinist að, séu þau gögn, sem á að safna, líkleg til að innihalda vitneskju um erlend öfl sem uppfyllir kröfur bandarískra stefnumótenda, í samræmi við það ferli sem ég hef lýst í fyrra bréfi mínu, sem lágmarkar magn óviðkomandi upplýsinga sem aflað er.

Öryggis- og leyniþjónustustofnanir geta t.d. verið beðnar um að afla vitneskju frá merkjasendingum um starfsemi hryðjuverkasamtaka sem starfa á landsvæði í Mið-Austurlöndum, sem talin eru að vera að undirbúa árásir á lönd í Vestur-Evrópu, án þess að þær þekki nöfn, símanúmer, tölvupóstföng eða önnur sérstök auðkenni einstaklinga sem tengjast þessum hryðjuverkasamtökum. Við gætum kosið að beina eftirlitinu að þessum samtökum með því að safna fjarskiptaupplýsingum til og frá því svæði til frekari skoðunar og greiningar til að tilgreina þau samskipti sem tengjast þeim hópi. Með því myndu öryggis- og leyniþjónustustofnanir leitast við að þrengja söfnunina eins mikið og kostur er. Þetta teldist „magnsöfnun“ upplýsinga þar sem notkun aðgreina væri ekki möguleg en samt hvorki „stórtæk“ né „tilviljunarkennd“ heldur frekar eins nákvæmlega hnitmiðuð og unnt væri.

Jafnvel þegar ekki er unnt að beina eftirlitinu að ákveðnum atriðum með notkun sérstakra valhugtaka safna Bandaríkin ekki öllum samskiptum frá öllum fjarskiptastöðvum allstaðar í heiminum heldur er notast við síur og önnur tæknileg úrræði til að beina öflun upplýsinganna að þeim stöðvum sem eru líklegastar til að geyma samskiptaupplýsingar sem hafa mikið gildi fyrir eftirgrennslan um erlend öfl. Með því snertir starfsemi Bandaríkjanna á sviði öflunar vitneskju frá merkjasendingum aðeins brot af samskiptum sem fara um Netið.

Enn fremur, eins og fram kom í fyrra bréfi mínu, af því að „magnsöfnun“ felur í sér aukna áhættu á söfnun óviðkomandi samskiptaupplýsinga, takmarkar forsetatilskipun 28 notkun öryggis- og leyniþjónustustofnana á magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum við sex tiltekin atriði. Með forsetatilskipun 28 og í stefnumótunum sem innleiða forsetatilskipun 28 eru einnig settar takmarkanir á varðveislu og miðlun persónuupplýsinga sem aflað var frá merkjasendingum, án tillits til þess hvort upplýsinganna var aflað með magnsöfnun eða með markvissri söfnun og án tillits til þjóðernis einstaklingsins.

„Magnsöfnun“ öryggis- og leyniþjónustustofnana er því ekki „stórtæk“ eða „tilviljanakennd“ heldur felur hún í sér beitingu aðferða og tækja til að síá söfnun með það að markmiði að beina henni að efni sem uppfyllir kröfur stefnumótenda um eftirgrennslan um erlend öfl samtímis því að lágmarka öflun óviðkomandi upplýsinga og hafa strangar reglur til verndar á

óviðkomandi upplýsingum sem kann að vera safnað. Þau stefnumál og þær verklagsreglur sem lýst er í þessu bréfi eiga við um alla magnsöfnun vitneskju frá merkjasendingum, þ.m.t. hvers kyns magnsöfnun á samskiptagögnum til og frá Evrópu, án þess að staðfest sé eða neitað hvort nokkur slík söfnun fari fram.

Þið hafið einnig óskað eftir frekari upplýsingum um eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi (PCLOB) og yfireftirlitsaðila og valdsvið þeirra. Eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífs er sjálfstæð stofnun innan framkvæmdavaldsins. Fulltrúar í fimm manna stjórn beggja flokka eru skipaðir af forsetanum og staðfestir af öldungadeildinni ⁽¹⁾. Sérhver stjórnarmaður situr þar í sex ár. Stjórnarmönnum og starfsfólki eru veittar viðeigandi öryggisvottanir svo þau geti að fullu staðið við lögboðnar skyldur sínar og ábyrgð ⁽²⁾.

Hlutverk eftirlitsnefndarinnar er að tryggja að viðleitni alríkisstjórnarinnar til að koma í veg fyrir hryðjuverk sé vegin á móti þörfinni á að vernda friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi. Stjórnin hefur tvö grundvallarverkefni — eftirlit og ráðgjöf. Eftirlitsnefnd um friðhelgi einkalífsins setur sér eigin dagskrá og ákveður hvaða ráðstafanir um eftirlit eða ráðgjöf hún hyggst ráðast í.

Í *eftirlitshlutverki* sínu endurskoðar og greinir eftirlitsnefndin aðgerðir framkvæmdavaldsins til verja þjóðina fyrir hryðjuverkum og tryggir að þörfin fyrir slíkar aðgerðir sé vegin á móti þörfinni á að vernda friðhelgi einkalífs og borgaralegt frelsi ⁽³⁾. Í þeirri rýni sem eftirlitsnefndin lauk síðast við var lögð áhersla á eftirlitsáætlanir sem starfræktar voru skv. 702. lið FISA-laganna ⁽⁴⁾. Eins og sakir standa er eftirlitsnefndin að endurskoða eftirgrennslan sem starfrækt er samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum 12333 ⁽⁵⁾.

Í *ráðgjafahlutverki* sínu tryggir eftirlitsnefndin að frelsishagsmunir séu hafðir að leiðarljósi við þróun laga, í lagaframkvæmd, við reglugerðasetningu og í stefnum sem tengjast viðleitni til að vernda þjóðina gegn hryðjuverkum ⁽⁶⁾.

Til að sinna hlutverki sínu er stjórninni samkvæmt lögum heimill aðgangur að öllum gögnum stofnana, skýrslum, úttektum, endurskoðunum, skjölum, pappírnum og tilmælum sem skipta máli auk hvers kyns annars efnis sem skiptir máli, þ.m.t. að trúnaðarupplýsingum, í samræmi við lög ⁽⁷⁾. Að auki er stjórninni heimilt að taka viðtöl, skrá yfirlýsingar eða taka opinberlega skýrslu af fulltrúum framkvæmdavaldsins eða starfsmönnum þess ⁽⁸⁾. Þar að auki getur stjórnin skriflega farið þess á leit við dómsmálaráðherra að hann, fyrir hönd stjórnarinnar, gefi út kvaðningar sem neyða aðila utan framkvæmdavaldsins til að veita viðeigandi upplýsingar ⁽⁹⁾.

Að lokum ber eftirlitsnefndinni að fara að lögbundnum, opinberum kröfum um gagnsæi. Það felur í sér að nefndin upplýsi almenning um starfsemi sína með opnum áheyrnarfundum og geri skýrslur sínar aðgengilegar öllum, eins og mögulegt er í samræmi við vernd trúnaðarupplýsinga ⁽¹⁰⁾. Auk þess ber nefndinni að tilkynna þegar stofnun sem fer með framkvæmdarvald neitar að fylgja ráðleggingum hennar.

Yfireftirlitsaðilar innan öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna gera úttektir, framkvæma eftirlit og rýni á áætlunum og starfsemi öryggis- og leyniþjónustustofnana til að greina og takast á við kerfisáhættu, veikleika og annmarka. Þar að auki rannsaka yfireftirlitsaðilar kvartanir eða upplýsingar um meint brot á lögum eða reglugerðum, eða óstjórn, vítaverða soun

⁽¹⁾ 42 U.S.C. 2000ee(a), (h).

⁽²⁾ 42 U.S.C. 2000ee(k).

⁽³⁾ 42 U.S.C. 2000ee(d)(2).

⁽⁴⁾ Sjá almennt: <https://www.pclob.gov/library.html#oversightreports>.

⁽⁵⁾ Sjá almennt: <https://www.pclob.gov/events/2015/may13.html>.

⁽⁶⁾ 42 U.S.C. 2000ee(d)(1), sjá einnig PCLOB Advisory Function Policy and Procedure, Policy 2015-004 sem má nálgast á: https://www.pclob.gov/library/Policy-Advisory_Function_Policy_Procedure.pdf.

⁽⁷⁾ 42 U.S.C. 2000ee(g)(1)(A).

⁽⁸⁾ 42 U.S.C. 2000ee(g)(1)(B).

⁽⁹⁾ 42 U.S.C. 2000ee(g)(1)(D).

⁽¹⁰⁾ 42 U.S.C. 2000eee(f).

fjármuna, misnotkun valds eða verulega og tilgreinda hættu sem steðjar að lýðheilsu og almannaoýruggi í starfsemi öryggis- og leyniþjónustustofnana. Sjálfstæði yfireftirlitsaðilanna er mikilvægur þáttur í hlutlægni og heilleika hvernar skýrslu, niðurstaðna og tilmæla sem yfireftirlitsaðili gefur út. Sumir af mikilvægustu þáttum þess að tryggja sjálfstæði yfireftirlitsaðila eru tilnefningar- og uppsagnarferlin, aðskilnaður framkvæmdavalds, fjárveitingavalds og starfsmannahalds og krafa um tvöfalda skýrslugjöf til yfirmanna stofnana framkvæmdavaldsins og þingsins.

Þingið kom á fót sjálfstæðum skrifstofum yfireftirlitsaðila innan hvernar stofnunar framkvæmdavaldsins, þ.m.t. innan sérhvernar öryggis- og leyniþjónustustofnunar⁽¹⁾. Með samþykkt laga sem heimilar starfsemi leyniþjónustustofnana á reikningsárinu 2015 (Intelligence Authorization Act for Fiscal Year 2015) eru nánast allir yfireftirlitsaðilar, sem hafa eftirlit með öryggis- og leyniþjónustustofnunum, skipaðir af forsetanum og staðfestir af öldungadeildinni, þ.m.t. eru dómsmálaráðuneytið, Leyniþjónusta Bandaríkjanna (Central Intelligence Agency), Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (National Security Agency) og öryggis- og leyniþjónustustofnanir⁽²⁾. Þessir yfireftirlitsaðilar eru enn fremur varanlegir, óflokksbundnir embættismenn sem einungis forsetinn getur vikið frá störfum. Þó stjórnarskrá Bandaríkjanna kveði á um að forsetinn geti vikið yfireftirlitsmönnum frá störfum, hefur sú heimild sjaldan verið nýtt enda þarf forsetinn þá að leggja skrifleg rök fyrir því fram fyrir þingið, 30 dögum áður en yfireftirlitsmanni er vikið frá störfum⁽³⁾. Þetta tilnefningarferli yfireftirlitsmanna tryggir að engin ótilhlýðileg áhrif embættismanna framkvæmdavaldsins séu fyrir hendi við val, tilnefningar eða brottvikningar yfireftirlitsmanna.

Í öðru lagi hafa yfireftirlitsaðilar umtalsverðar lögbundnar heimildir til að framkvæma úttektir, rannsóknir og rýni á áætlunum og aðgerðum framkvæmdavaldsins. Auk þess að hafa eftirlit með rannsóknum og rýni sem krafist er samkvæmt lögum, hafa yfireftirlitsaðilar víðtækar heimildir til að framkvæma eftirlit með áætlunum og starfsemi að eigin vali⁽⁴⁾. Við þá framkvæmd tryggja löggin að yfireftirlitsaðilar hafi sjálfstæð úrræði til að sinna skyldustörfum sínum, þ.m.t. völd til að ráða eigið starfsfólk og til að senda sjálfstæðar fjárlagabæiðni til þingsins⁽⁵⁾. Löggin tryggja að yfireftirlitsaðilar hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þeir þurfa til að geta sinnt skyldustörfum sínum. Þetta felur í sér beinan aðgang að öllum skráum og upplýsingum stofnana um áætlanir og starfsemi þeirra, án tillits til trúnaðarflokkunar, vald til að gefa út kvæðningar til að skila upplýsingum og gögnum og vald til að taka eiðsvarnar yfirlýsingar⁽⁶⁾. Í vissum tilvikum getur yfirmaður stofnunar framkvæmdavaldsins bannað starfsemi yfireftirlitsaðila, t.d. ef úttekt eða rannsókn yfireftirlitsaðila kynni að skaða verulega þjóðaröryggishagsmuni Bandaríkjanna. Hér skal áreita að beiting þessarar valdheimildar er afar óvenjuleg og krefst þess að yfirmaður viðkomandi stofnunar tilkynni þinginu um ástæður þess innan 30 daga⁽⁷⁾. Raunar hefur framkvæmdastjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna aldrei beitt þessum takmörkunarheimildum vegna nokkurrar starfsemi yfireftirlitsaðila.

Í þriðja lagi eru yfireftirlitsaðilar ábyrgir fyrir því að halda bæði yfirmönnum stofnana framkvæmdavaldsins og þinginu fyllilega upplýstu með tilkynningum um svik og önnur alvarleg vandamál, misnotkun og annmarka sem tengjast áætlunum og starfsemi framkvæmdavaldsins⁽⁸⁾. Tvöföld skýrslugjöf eflir sjálfstæði yfireftirlitsaðila með því að tryggja gagnsæi í eftirlitsferli þeirra og gefa yfirmönnum stofnana færi á að innleiða tilmæli yfireftirlitsaðila áður en þingið getur gripið til lagasetningar. Yfireftirlitsaðilum er t.d. skylt, skv. lögum að semja tvisvar á ári skýrslur sem lýsa slíkum vandamálum sem og þeim aðgerðum til úrbóta sem gerðar hafa verið⁽⁹⁾. Stofnanir framkvæmdavaldsins taka niðurstöður og tilmæli yfireftirlitsaðila alvarlega og þeir geta oft talið þessa samþykkt og framkvæmd stofnananna á tilmælum sínum með í þessum eða öðrum

(1) 2. og 4. þáttur laganna Inspector General Act frá 1978 með síðari breytingum (hér á eftir „IG-lögin“), b- og e-liður 103. þáttar H í lögnum National Security Act frá 1947 með síðari breytingum (hér á eftir „Nat'l Sec.-lögin“) og a-liður 17. þáttar í lögnum Central Intelligence Act (hér á eftir „CIA-lögin“).

(2) Sjá útg. L. No 113-293, 128 Stat. 3990, (19. desember 2014). Aðeins yfireftirlitsmenn hjá leyniþjónustu varnarmálaráðuneytisins (Defence Intelligence Agency) og hjá Landupplýsingastofnun Bandaríkjanna (National Geospatial-Intelligence Agency) eru ekki skipaðir af forsetanum en hins vegar heyra lögsögur þessara stofnanna undir yfireftirlitsaðila varnarmálaráðuneytisins og öryggis- og leyniþjónustustofnana.

(3) 3. þáttur IG-laganna frá 1978 með síðari breytingum, c-liður 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögnum og b-liður 17. þáttar í CIA-lögnum.

(4) Sjá a-lið 4. þáttar og 2. lið a-liðar 6. þáttar í IG-lögnum frá 1947, e-lið 103. þáttar H og 2. lið g-liðar 103. þáttar A í Nat'l Sec.-lögnum og a- og c-lið 17. þáttar í CIA-lögnum.

(5) Sjá d-lið 3. þáttar, 7. liðu a-liðar 6. þáttar og f-liðu 6. þáttar í IG-lögnum, d-, i-, j- og m-lið 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögnum og 7. lið e-liðar ásamt f-lið 17. þáttar í CIA-lögnum.

(6) Sjá 1., 3., 4., 5. og 6. lið a-liðar 6. þáttar í IG-lögnum, 2. lið g-liðar 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögnum og 1., 2., 3., 4. og 5. lið e-liðar 17. þáttar í CIA-lögnum.

(7) Sjá t.d. b-lið 8. þáttar og a-lið 8. þáttar E í IG-lögnum, f-lið 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögnum og b-lið 17. þáttar í CIA-lögnum.

(8) Sjá 5. lið a-liðar 4. þáttar í IG-lögnum, 3. og 4. lið b-liðar liðir 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögnum og 2. og 4. lið a-liðar 17. þáttar í CIA-lögnum.

(9) Sjá 3. lið 2. þáttar, a-lið 4. þáttar og 5. þátt í IG-lögnum, k-lið 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögnum og d-lið 17. þáttar í CIA-lögnum. Skýrslur yfireftirlitsaðila dómsmálaráðuneytisins eru aðgengilegar öllum á Netinu á slóðinni <http://oig.justice.gov/reports/all.htm>. Á sama hátt eru skýrslur yfireftirlitsaðila öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna, sem gefnar eru út tvisvar á ári, aðgengilegar öllum á slóðinni <https://www.dni.gov/index.php/intelligence-community/ic-policies-reports/records-requested-under-foia#icig>.

skýrslum sem þeir senda þinginu, og í sumum tilfellum almenningi ⁽¹⁾. Til viðbótar við þetta tvöfalda fyrirkomulag skýrslugjafar bera yfireftirlitsaðilar einnig ábyrgð á að beina uppljóstrurum innan framkvæmdavaldsins til viðeigandi eftirlitsnefnda þjóðþings Bandaríkjanna svo þeir geti afhjúpað meint svik, sóun eða misnotkun í áætlunum og starfsemi framkvæmdavaldsins. Þeir sem gefa sig fram njóta nafnleyndar gagnvart framkvæmdavaldinu, en það hlífir uppljóstrurum við mögulegum, óleyfilegum aðgerðum gagnvart starfsmönnum eða öryggisvottun þeirra í hefndarskyni fyrir að tilkynna til yfireftirlitsaðilanna ⁽²⁾. Þar sem uppljóstrarar eru oft heimildarmenn í rannsóknum yfireftirlitsaðila eykur geta þeirra til að greina þinginu frá áhyggjum uppljóstraranna, án áhrifa frá framkvæmdavaldinu, skilvirkni eftirlits yfireftirlitsaðila. Vegna þessa sjálfstæðis geta yfireftirlitsaðilar, með hlutlægni og ráðvendni, ýtt undir hagsýni, skilvirkni og ábyrgð í stofnunum framkvæmdavaldsins.

Síðast en ekki síst hefur þingið komið á fót ráði yfireftirlitsaðila á sviði ráðvendni og skilvirkni. Ráð þetta þróar m.a. staðla fyrir yfireftirlitsaðila vegna úttekta, rannsókna og endurskoðana, stuðlar að starfsþjálfun og hefur valdheimildir til að rannsaka ásakanir um misferli yfireftirlitsaðila sem þýðir að ráðið horfir gagnrýnum augum á störf yfireftirlitsaðila, sem er falið eftirlit með öllum öðrum ⁽³⁾.

Ég vona að þessar upplýsingar komi ykkur að gagni.

Með kveðju,
Robert S. Litt
Aðallögfræðingur

⁽¹⁾ Sjá 3. lið 2. þáttar, a-lið 4. þáttar og 5. þátt í IG-lögunum, k-lið 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögunum og d-lið 17. þáttar í CIA-lögunum. Skýrslur yfireftirlitsaðila dómsmálaráðuneytisins eru aðgengilegar öllum á Netinu á slóðinni <http://oig.justice.gov/reports/all.htm>. Á sama hátt eru skýrslur yfireftirlitsaðila öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna, sem gefnar eru út tvisvar á ári, aðgengilegar öllum á slóðinni <https://www.dni.gov/index.php/intelligence-community/ic-policies-reports/records-requested-under-foia#icig>.

⁽²⁾ Sjá 7. þátt í IG-lögunum, liður 3. lið g-liðar 103. þáttar H í Nat'l Sec.-lögunum og 3. lið e-liðar 17. þáttar í CIA-lögunum.

⁽³⁾ Sjá 11. þátt í IG-lögunum.

VII. VIÐAUKI

Bréf frá Bruce Swartz, staðgengli aðstoðardómsmálaráðherra og ráðgjafa um alþjóðamál, dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna

19. febrúar 2016

Hr. Justin S. Antonipillai
Sendiráðunautur
Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna
1401 Constitution Avenue, N.W.
Washington, DC 20230

Hr. Ted Dean
Staðgengill aðstoðarframkvæmdastjóra
Stjórnsýsluskrifstofu alþjóðaviðskipta (International Trade Administration)
1401 Constitution Avenue, N.W.
Washington, DC 20230

Ágætu hr. Antonipillai og hr. Dean,

Í þessu bréfi kemur fram stutt yfirlit yfir helstu rannsóknartæki sem notuð eru til að afla viðskiptaupplýsinga og annarra upplýsinga úr skrár fyrirtækja í Bandaríkjunum til framfylgdar laga á sviði refsiréttar eða í þágu almannahagsmuna (á sviði borgaralegra málefna og eftirlits), m.a. takmarkanir á aðgangi samkvæmt þessum heimildum⁽¹⁾. Þessi lagalegu úrræði eru án mismununar þar sem þau eru notuð til að afla upplýsinga frá fyrirtækjum í Bandaríkjunum, m.a. fyrirtækjum sem munu sjálfsvotta á grundvelli samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins, óháð ríkisfangi hins skráða. Enn fremur geta fyrirtæki, sem sæta málssókn í Bandaríkjunum, vefengt þau fyrir dómi eins og fjallað er um hér á eftir⁽²⁾.

Hér má veita sérstaka athygli, með hliðsjón af haldlagningu gagna af hálfu opinberra yfirvalda, fjórða viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna þar sem kveðið er á um að „[r]éttur þjóðarinnar til að njóta friðhelgi fyrir persónu sína, heimili, skjöl og eignir gegn ástæðulausri leit og haldlagningu skal óskertur látinn; og dómsúrskurð um heimild til leitar má ekki fella nema fyrir sterkar líkur, studdar eiði eða yfirlýsingu, og skal þar staðnum, þar sem leitin skal fram fara, nákvæmlega lýst og mönnum þeim og hlutum er leggja skal hald á.“ IV. viðauki stjórnarskrár Bandaríkjanna. Eins og fram kemur í orðum Hæstaréttar Bandaríkjanna í *Berger gegn New York-fylki*: „helsti tilgangur þessa viðauka, eins og viðurkennt er í óteljandi ákvörðunum þessa réttar, er að vernda friðhelgi og öryggi einstaklinga gegn handahófskenndri skerðingu af hálfu embættismanna ríkisvaldsins.“ 388 U.S. 41, 53 (1967) (*með vísun í Camara gegn Mun. Court í San Francisco*, 387 U.S. 523, 528 (1967)). Við rannsóknir sakamála á innlendum vettvangi er almennt gerð sú krafa í fjórða viðaukanum að löggæslumenn afli sér heimildar hjá dómstóli áður en leit er framkvæmd. Sjá *Katz gegn United States*, 389 U.S. 347, 357 (1967). Þegar krafan um heimild á ekki við falla athafnir stjórnvalda undir „réttmætiskrófu“ ákvæða 4. viðauka stjórnarskrárinnar. Sjálf stjórnarskráin tryggir því að stjórnvöld Bandaríkjanna hafi ekki ótakmarkaðar eða handahófskenndar valdheimildir til að leggja hald á einkaupplýsingar.

Yfírvöld sem annast meðferð sakamála:

Saksóknarar á vegum alríkisstjórnarinnar, sem eru embættismenn hjá dómsmálaráðuneytinu, og rannsóknaraðilar á vegum alríkisstjórnarinnar, m.a. fulltrúar alríkislögreglunnar (FBI) sem er löggæslustofnun innan dómsmálaráðuneytisins, geta krafist framlagningar skjala og annarra skráðra upplýsinga frá fyrirtækjum í Bandaríkjunum vegna rannsóknar sakamála með nokkrum

(1) Í þessu yfirliti er ekki verið að lýsa rannsóknaraðferðum á sviði þjóðaröryggismála sem löggæsluyfírvöld nota við rannsóknir á hryðjuverkum og öðru er varðar þjóðaröryggi, m.a. þjóðaröryggisbréfum vegna tiltekinnna skráðra upplýsinga í lánaskýrslum, fjárhagsgögnum og í rafrænum skrár yfir áskriftir og viðskipti, sjá 12 U.S.C. § 3414; 15 U.S.C. § 1681u; 15 U.S.C. § 1681v; 18 U.S.C. § 2709, og vegna rafræns eftirlits, leitarheimilda, viðskiptaskjala og við söfnun annarra upplýsinga samkvæmt lögum um eftirlit með eftirgrensnslan um erlend öfl, sjá 50 U.S.C. § 1801 og áfram.

(2) Í þessu skjali er fjallað um heimildir til að framfylgja alríkislögum og eftirliti; fylki annast rannsókn á brotum á lögum fylkis og réttað er í þeim málum fyrir fylkisdómstólum. Löggæsluyfírvöld fylkis nota heimildir og kvaðningar, sem eru gefnar út samkvæmt fylkislögum, í meginatriðum á sama hátt og hér er lýst en þó með þeim möguleika að lagaleg úrræði fylkis geta fallið undir þá vernd sem kveðið er á um í stjórnögum fylkja sem ganga lengra en gert er í stjórnarskrá Bandaríkjanna. Lög fylkja verða að veita a.m.k. jafnmikla vernd og veitt er í stjórnarskrá Bandaríkjanna, þ.m.t., en takmarkast þó ekki við, fjórða viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna.

tegundum skyldubundinna lagalegra úrræða, m.a. með kvaðningum ákærúkvíðdóms, kvaðningum stjórnsluflýfirvalds og leitarheimildum, og geta aflað sér annarra upplýsinga með heimildum alríkisflýfirvalda til hlerunar og skráningar fjarskiptasendinga.

Kvaðningar ákærúkvíðdóms eða dómstóls: Kvaðningar í sakamálum eru notaðar til að styðja við markvissar rannsóknir löggæslufirvalda. Kvaðning ákærúkvíðdóms er opinber beiðni sem ákærúkvíðdómur gefur út (venjulega að beiðni alríkisráðgjafna) til þess að styðja við rannsókn ákærúkvíðdóms á tilteknu broti á hegningarlögum sem grunur leikur á að hafi átt sér stað. Ákærúkvíðdómur er rannsóknarstoð dómstólsins og er skipaður dómara. Í kvaðningu kann að vera gerð sú krafa að viðkomandi gefi vitnisburð við málarekstur eða leggi fram eða veiti aðgang að upplýsingum sem eru geymdar á rafrænu formi eða öðrum efnislegum hlutum. Upplýsingarnar verða að skipta máli fyrir rannsóknina og kvaðning má ekki vera ósanngjörn vegna þess að hún er óhófleg, hörð eða þyngjandi. Viðtakandi getur farið fram á vefengingu kvaðningarinnar byggt á þessum forsendum. Sjá Fed. R. Crim. bls. 17. Í einstaka tilviki má nota kvaðningu um að leggja fram skjöl eftir að ákærúkvíðdómurinn hefur ákært í málinu.

Valdheimildir til að gefa út kvaðningar: Valdheimildum til að gefa út kvaðningar má beita í rannsóknnum á sviði sakamála eða einkamála. Í tengslum við framfylgd hegningarlaga heimila ýmis alríkislög að stjórnsluflýfirvöld gefi út kvaðningar til þess að fá í hendur eða aðgang að viðskiptaskjölum, upplýsingum sem eru geymdar á rafrænu formi eða öðrum efnislegum hlutum við rannsóknir sem varða svik í heilbrigðisþjónustu, misnotkun barna, vernd leyniþjónustunnar, mál er varða takmörkunarskyld efni og rannsóknir yfireftirlitsaðila með aðkomu stjórnslustofnana. Ef stjórnvöld hyggjast framfylgja kvaðningu stjórnslustofnunar fyrir dómstóli getur viðtakandi stefnu stjórnsluflýfirvalda, líkt og viðtakandi kvaðningar ákærúkvíðdóms, sett fram þau rök að kvaðningin sé ósanngjörn, þ.e. óhófleg, hörð eða þyngjandi.

Dómsúrskurðir vegna búnaðar til að skrá fjarskiptasendingar til og frá viðkomandi neti: Samkvæmt ákvæðum hegningarlaga um búnað til að skrá fjarskiptasendingar til og frá viðkomandi neti getur löggæsla aflað sér dómsúrskurðar til að fá upplýsingar um upphringingu í rauntíma án innihalds og um beiningu, tengingu og merki í tengslum við símanúmer eða tölvupóst við staðfestingu á því að veittar upplýsingar skipti máli fyrir yfirstandandi rannsókn sakamáls. Sjá 18 U.S.C. §§ 3121-3127. Ólögleg notkun eða uppsetning slíks búnaðar er brot á alríkislögum.

Lög um friðhelgi einkalífsins í rafrænum fjarskiptum (Electronic Communications Privacy Act (ECPA)): Viðbótarreglur fjalla um aðgang stjórnvalda að upplýsingum um áskrift, umferðargögn og varðveislu fjarskiptaefnis í vörslu netþjónustuveitenda, símafyrirtækja og annarra þjónustuveitenda sem eru þriðju aðilar skv. II. bálki ECPA-laganna, einnig kölluð Stored Communications Act (SCA-lögin), 18 U.S.C. §§ 2701–2712. Í SCA-lögunum er sett fram kerfi stjórnarskrávarinna friðhelgisréttinda sem takmarka aðgang löggæslu að gögnum umfram það sem krafist er samkvæmt stjórnskipunarlögum frá viðskiptavinum og áskrifendum netþjónustuveitenda. Í SCA-lögunum er kveðið á um aukna vernd friðhelgi einkalífs með hliðsjón af því hversu ágeng gagnaöflunin er. Til þess að fá upplýsingar um skráningu áskrifenda, IP-vistföng og tengdar tímastimplanir og reikningagerð verða yfirvöld sem annast meðferð sakamála að gera slíkt á grundvelli kvaðningar. Að því er varðar aðrar varðveittar, innihaldslausar upplýsingar á borð við yfirskrift tölvupósts án efnislínu verður löggæsla að leggja sértækar staðreyndir fyrir dómara sem sýna fram á að umbeðnar upplýsingar skipti efnislega máli fyrir yfirstandandi rannsókn sakamáls. Til að útvega varðveitt efni rafrænna fjarskipta fá yfirvöld á sviði sakamála venjulega heimild dómara sem byggist á sterkum líkum á því að í viðkomandi reikningi megi finna gögn um refsivert athæfi. Í SCA-lögunum er einnig kveðið á um einkaréttarábyrgð og refsivíðurlög.

Dómsúrskurðir vegna eftirlits samkvæmt alríkislögum um hleranir: Enn fremur getur löggæsla hlerað í rauntíma fjarskipti um þráð og munnleg eða rafræn fjarskipti vegna rannsóknar sakamáls samkvæmt alríkislögum um símhleranir. Sjá 18 U.S.C. §§ 2510-2522. Þessi heimild fæst aðeins samkvæmt dómsúrskurði þar sem dómari kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að fyrir hendi séu sterkar líkur á því að símhlerun eða hlerun rafrænna gagna muni leiða til sannana á broti gegn alríkislögum eða um það hvar

einstaklingur á flóttu undan saksókn sé niðurkominn. Lögin kveða á um einkaréttarábyrgð og refsiviðurlög vegna brota á ákvæðum um símhleranir.

Leitarheimild — Regla 41: Löggæsla getur framkvæmt húsleit í Bandaríkjunum að fenginni heimild dómara. Löggæsla verður að sýna dómara fram á, með því að sýna fram á „sterkar líkur“, að afbrot hafi verið framið eða sé í þann veginn að eiga sér stað og að hluti, sem tengjast afbrotinu, megi líklega finna á þeim stað sem greint er frá í leitarheimildinni. Þessi heimild er oft notuð þegar lögregla framkvæmir húsleit sem er nauðsynleg vegna þess að hætta er á því að gögn verði eyðilögð ef fyrirtækið fær á sig kvaðningu eða annan úrskurð um að leggja fram gögn. Sjá IV. viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna (fjallað nánar um hér að framan), Fed. R. Crim. bls. 41. Sá sem leitarheimild beinist að getur farið fram á ógildingu heimildarinnar með þeim rökum að hún sé ósanngjörnt, tilefnislaus eða fengin með ótilhlýðilegum hætti og aðilar, sem sæta óréttmætri meðferð og hafa til þess rétt, geta farið fram á að ekki verði heimilt að leggja fram nein þau gögn sem fengust við ólögmeta leit. Sjá *Mapp gegn Ohio*, 367 U.S. 643 (1961).

Viðmiðunarreglur og stefnumál dómsmálaráðuneytisins: Til viðbótar þessum takmörkunum á aðgangi stjórnvalda að gögnum samkvæmt stjórnarskrá, lögum og reglum hefur dómsmálaráðherra gefið út leiðbeiningar sem setja frekari skorður við aðgangi löggæslu að gögnum og fela einnig í sér vernd friðhelgi einkalífs og borgaralegs frelsis. Sem dæmi má taka leiðbeiningar dómsmálaráðherra um aðgerðir alríkislögreglunnar á innanlandsvettvangi (september 2008), sem nálgast má á <http://www.justice.gov/archive/opa/docs/guidelines.pdf>, þar sem settar eru skorður við rannsóknarleiðum til að afla upplýsinga er tengjast rannsóknum sem taka til brota gegn alríkislögum. Í þessum leiðbeiningum er þess krafist að alríkislögreglan noti þær rannsóknarleiðir sem gerlegt er að nota og valda sem minnstri röskun, þar sem tekið er tillit til áhrifa á einkalíf og borgaralegt frelsi og mögulegs skaða á orðspori. Enn fremur er í þeim tekið fram „að það sé almennt viðurkennd regla að alríkislögreglan verði að haga sínum rannsóknum og öðrum athöfum í samræmi við lög og gæta hófs í þeim og virði frelsi og friðhelgi einkalífs og forðist að beita ónauðsynlegum ágangi við líf löghlýðinna borgara“. Sjá viðmiðunarreglur dómsmálaráðherra fyrir alríkislögregluna (FBI), bls. 5. Alríkislögreglan (FBI) hefur innleitt þessar viðmiðunarreglur í gegnum leiðbeiningar alríkislögreglunnar um innlendar rannsóknir og starfsemi (FBI Domestic Investigations and Operations Guide (DIOG)) sem má nálgast á: <https://vault.fbi.gov/FBI%20Domestic%20Investigations%20and%20Operations%20Guide%20> en DIOG er greinargóð handbók sem inniheldur ítarlegar upplýsingar um takmarkanir á notkun rannsóknartækja og leiðbeiningar sem ætlað er að tryggja vernd borgaralegra réttinda og friðhelgi einkalífs við hverja rannsókn. Viðbótarreglur og -stefnur, þar sem mælt er fyrir um takmarkanir við rannsóknarstarfsemi alríkisráðgjafna, eru settar fram í handbók fyrir saksóknara í Bandaríkjunum (**United States Attorneys' Manual (USAM)**), sem er einnig aðgengileg á <http://www.justice.gov/usam/united-states-attorneys-manual>.

Borgaraleg yfirvöld og eftirlitsyfirvöld (almannahagsmunir):

Það eru einnig umtalsverðar takmarkanir á aðgangi borgaralegra yfirvalda eða eftirlitsaðila (þ.e. almannahagsmunir) að gögnum hjá fyrirtækjum í Bandaríkjunum. Stofnanir, sem starfa á sviði borgaralegra málefna og eftirlits, geta gefið út kvaðningar til fyrirtækja vegna viðskiptaskjala, upplýsinga sem eru varðveittar á rafrænu formi eða annarra efnislegra hluta. Heimildir þessara stofnana til að nýta vald sitt í þágu stjórnsýslu eða borgaranna til að gefa út kvaðningar eru takmarkaðar, ekki aðeins í krafti stofnsamþykktu þeirra sjálfrá heldur einnig á grundvelli eftirlits sem óháður dómstóll hefur með stefnum áður en til mögulegrar framfylgdar á úrskurðarvaldi dómstóla kemur. Sjá, t.d., Fed. R. Civ. bls. 45. Stofnanir geta aðeins leitað eftir aðgangi að gögnum sem varða málefni á þeim sviðum sem þau hafa eftirlit með. Viðtakandi kvaðningar stjórnsýslustofnunar getur enn fremur vefengt framfylgd kvaðningarinnar fyrir dómi með því að leggja fram gögn um að stofnunin hafi ekki aðhafst í samræmi við grundvallarkröfur um réttmæti, eins og fjallað er um hér framar.

Fyrirtæki geta nýtt sér annan lagagrunn við vefengingu beiðna um gögn frá stjórnsýslustofnunum byggt á tiltekinni atvinnugrein og þeim tegundum gagna sem þau vinna. Sem dæmi má nefna að fjármálastofnanir geta vefengt kvaðningar stjórnsýslustofnunar vegna tiltekinna tegunda upplýsinga á þeim grundvelli að um sé að ræða brot á lögum um bankaleynd (Bank Secrecy Act) og framkvæmdarreglugerðum þeirra. Sjá 31 U.S.C. § 5318, 31 C.F.R. X. hluti. Önnur fyrirtæki geta reitt sig á lög um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu (Fair Credit Reporting Act), sjá 15 U.S.C. § 1681b eða fjölda annarra sérlaga. Misnotkun á valdi stofnunar til að gefa út kvaðningar kann að leiða til bótaábyrgðar stofnunar eða persónulegrar ábyrgðar fulltrúa stofnunarinnar. Sjá t.d. lög um rétt til friðhelgi einkalífsins í fjárhagsmálum (Right to Financial Privacy Act) 12 U.S.C. §§ 3401–3422. Dómstólar í Bandaríkjunum standa því vörð um að beiðnum eftirlitsyfirvalda sé ekki beitt með óréttmætum hætti og hafa óháð eftirlit með athöfnum alríkisstofnana.

Að lokum verður hvers kyns lögskipað vald stjórnsýslufyrivalda til að leggja held á skrá fyrirtækis í Bandaríkjunum samkvæmt leit stjórnsýslunnar að uppfylla kröfur fjórða viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna. Sjá *See gegn City of Seattle*, 387 U.S. 541 (1967).

Niðurstaða

Öll starfsemi löggæslu og eftirlitsaðila í Bandaríkjunum verður að vera í samræmi við viðeigandi lög, þ.m.t. stjórnarskrá Bandaríkjanna, stofnskrár, reglur og reglugerðir. Slík starfsemi verður að vera í samræmi við viðeigandi stefnur, m.a. hvers kyns leiðbeiningar dómsmálaráðherra um starfsemi löggæslustofnana alríkisins. Í lagarammanum, sem er lýst hér að framan, eru settar fram takmarkanir við heimild löggæslu- og eftirlitsstofnana í Bandaríkjunum til að afla upplýsinga frá fyrirtækjum í Bandaríkjunum, hvort sem þær varða bandaríska einstaklinga eða ríkisborgara erlendra ríkja, og heimilar enn fremur endurskoðun dómsvalda á hvers kyns beiðnum stjórnvalda um gögn samkvæmt þessum heimildum.

Virðingarfyllt,

Bruce C. Swartz

Staðgengill aðstoðardómsmálaráðherra og ráðgjafi um
alþjóðamál

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1262**2018/EES/14/05**

frá 12. júlí 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun húsdýraáburðar úr alidýrum sem eldsneyti í brennsluverum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ⁽¹⁾, einkum e-lið 1. mgr. 15. gr. og i-lið 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. breytur fyrir förgun aukaafurða úr dýrum sem og fyrir örugga meðhöndlun, ummyndun eða vinnslu á aukaafurðum úr dýrum í afleiddar afurðir.
- 2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er bruni, eins og hann er skilgreindur í 41. lið í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011, einn af ferlunum til að farga aukaafurðum úr dýrum, þ.m.t. húsdýraáburður.
- 3) Í 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um reglur varðandi samþykki fyrir brennsluverum sem nota aukaafurðir úr dýrum sem eldsneyti. Breyta ætti 8. mgr. hennar til samræmis við það til að fjalla um notkun húsdýraáburðar frá öllum alidýrum sem eldsneyti.
- 4) Húsdýraáburður úr alidýrum getur reynst sjálfbær uppspretta eldsneytis til brennslu, að því tilskildu að brennsluferlið sé í samræmi við sértækar kröfur til að draga á fullnægjandi hátt úr skaðlegum áhrifum af notkun hans sem eldsneytis á heilbrigði dýra og lýðheilsu og á umhverfið. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2014 ⁽³⁾ voru innleiddar kröfur um notkun alifuglaáburðar sem eldsneyti í brennsluverum. Þar eru settar fram almennar kröfur fyrir allar stöðvar, sem nota aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem eldsneyti, og sértækar kröfur um tegund eldsneytis og tegund brennsluvers. Nú er einnig heimilt að nota húsdýraáburð úr alidýrum af öðrum tegundum en alifuglum, sem eldsneyti í brennsluverum með heildarnafnvarmafl sem fer ekki yfir 50 MW, samkvæmt sömu skilyrðum og sett eru fram fyrir brennslu á alifuglaáburði, þ.m.t. losunarmörk og vöktunarkröfur.
- 5) Rekstraraðilar brennsluvera, sem nota húsdýraáburð úr alidýrum sem eldsneyti, ættu að gera nauðsynlegar hreinlætisráðstafanir til að koma í veg fyrir dreifingu hugsanlegra sjúkdómsvalda. Í þessu tilliti ættu slíkar stöðvar að fara að almennum kröfum um notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti, sem mælt er fyrir um í IV. kafla III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, og sértækum kröfum varðandi tiltekna tegundir stöðva og eldsneyti, sem nota má til brennslu, sem kveðið verður á um í þessari reglugerð.
- 6) Losun agna, sem myndast við brennslu húsdýraáburðar úr plöntuætum, er meiri en úr alifuglaáburði vegna samsetningar hins fyrrnefnda. Til að takast á við þetta vandamál ætti í þessari reglugerð að kveða á um sveigjanlegri viðmiðunarmörk fyrir losun agna hjá mjög litlum brennsluverum til að unnt sé að leyfa förgun á húsdýraáburði sem annars væri ekki hægt að farga sem eldsneyti til brennslu.
- 7) Á sama hátt ætti þessi reglugerð að gera lögbærum yfirvöldum kleift að veita núverandi brennsluverum umbreytingarfrest til að fara að kröfum um stýrða aukningu hitastigs lofttegunda, að því tilskildu að þessi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 182, 13.7.2017, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjútíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2014 frá 3. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti í brennsluverum (Stjútíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 33).

losun skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið. Löggjöfin um aukaafurðir úr dýrum kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti viðeigandi reiknireglum um viðmiðunarmörk fyrir losun, sem settar eru fram í umhverfislöggjöfinni, þegar húsdýraáburður úr alidýrum er brenndur ásamt öðru eldsneyti eða úrgangi.

- 8) Í XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um sértækar kröfur um opinbert eftirlit. Í kjölfar innleiðingar krafna með þessari reglugerð varðandi brennslu húsdýraáburðar úr alidýrum sem eldsneyti ættu þessar sértæku kröfur einnig að gilda að því er það ferli varðar.
- 9) Því ætti að breyta III. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 8. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 komi eftirfarandi:

„8. Að því er varðar notkun húsdýraáburðar úr alidýrum sem eldsneyti til brennslu, eins og sett er fram í V. kafla III. viðauka, skulu eftirfarandi reglur gilda til viðbótar þeim sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar:

- a) umsókn um samþykki, sem rekstraraðili leggur fyrir lögbært yfirvald í samræmi við d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, verður að innihalda gögn sem lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, staðfestir um að brennsluverið, þar sem húsdýraáburður úr alidýrum er notaður sem eldsneyti, uppfylli að öllu leyti þær kröfur sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. lið B-liðar í V. kafla III. viðauka við þessa reglugerð, með fyrirvara um þann möguleika lögbærra yfirvalda aðildarríkis að veita undanþágu frá fylgni við tiltekin ákvæði í samræmi við 4. lið C-liðar í V. kafla III. viðauka,
- b) málsmeðferð vegna samþykkis, sem kveðið er á um í 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal ekki lokið fyrir en lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá því yfirvaldi, hefur framkvæmt a.m.k. tvær skoðanir í röð, þar af aðra án fyrirvara, á fyrstu sex mánuðunum sem brennsluverið er starfrækt, þ.m.t. nauðsynlegar mælingar á hitastigi og losun. Eftir að niðurstöður úr þessum skoðunum hafa sýnt að farið er eftir kröfunum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. lið B-liðar og, eftir atvikum, 4. lið C-liðar í V. kafla III. viðauka við þessa reglugerð má veita fullt samþykki.“

2. gr.

Ákvæðum III. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í V. kafla III. viðauka bætist eftirfarandi C-liður við:

„C. **Brennsluver þar sem húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, er notaður sem eldsneyti til brennslu**

1. Tegund stöðvar:

Brennsluver með heildarnafnvarmaafli sem fer ekki yfir 50 MW.

2. Upphafsefni:

Eingöngu húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, sem á að nota sem eldsneyti til brennslu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3. lið.

Brennsla annarra aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða skal ekki leyfð til notkunar sem eldsneyti í brennsluverum sem um getur í 1. lið. Húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, sem verður til utan búsinns skal ekki komast í snertingu við alidýr.

3. Aðferðir:

Brennsluver þar sem húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, er notaður sem eldsneyti skulu vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3., 4. og 5. lið B-liðar.

4. Undanþága og umbreytingartímabil:

Lögbæru yfirvaldi aðildarríkis, sem ber ábyrgð á umhverfislegum málefnum, er heimilt:

- þrátt fyrir ii. lið b-liðar í 3. lið B-liðar, að veita brennsluverum, sem eru starfandi 2. ágúst 2017, viðbótartímabil sem nemur að hámarki 6 árum til að fara að ákvæðum fyrstu málsgreinar 2. liðar í 2. þætti IV. kafla III. viðauka við þessa reglugerð,
- þrátt fyrir 4. lið B-liðar, að heimila losun efnisagna, sem fer ekki yfir 50 mg/m³, að því tilskildu að heildarnafnvarmaafli brennsluvera fari ekki yfir 5 MW,
- þrátt fyrir i. lið b-liðar í 3. lið B-liðar, að heimila handvirka ísetningu hrossataðs sem eldsneytis í brunahólfið ef heildarnafnvarmaafli fer ekki yfir 0,5 MW.“

2) Í stað 12. þáttar III. kafla í XVI. viðauka komi eftirfarandi:

„12. þáttur

Opinbert eftirlit varðandi samþykktar stöðvar fyrir brennslu á aukaafurðum úr dýrum

Lögbært yfirvald skal sjá um sannpröfun skjala í samþykktum stöðvum, sem um getur í V. kafla III. viðauka, í samræmi við málsmæðferðarreglurnar sem um getur í 7. og 8. mgr. 6. gr.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/736****2018/EES/14/06****frá 26. apríl 2017****um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykki fyrir landsbundinni varnaráætlun Slóveníu vegna dæmigerðrar riðuveiki (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrömunar ⁽¹⁾, einkum b-lið liðar 3.1 í A-þætti A-kafla VIII. viðauka,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [var áður „smitandi heilahrömunarsjúkdómar“] í nautgripum, sauðfê og geitum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértílvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að setning á markað eða, ef þörf krefur, útflutningur nautgripa, sauðfjár eða geita, þ.m.t. sæði, fósturvísar og egg þeirra, sé háð skilyrðum sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við þá reglugerð. Í a-lið liðar 3.1 í A-þætti A-kafla fyrrgreinds viðauka er kveðið á um að aðildarríki, sem er með landsbundna varnaráætlun vegna dæmigerðrar riðuveiki (hér á eftir nefnd landsáætlun) sem nær yfir allt yfirráðasvæði þess, sé heimilt að leggja landsáætlun sína fyrir framkvæmdastjórnina til samþykktar. Í b-lið liðar 3.1 í þeim þætti er kveðið á um að framkvæmdastjórnin geti samþykkt landsáætlunina ef hún uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í a-lið liðar 3.1 í sama þætti. Í lið 3.2 í þeim þætti eru talin upp þau aðildarríki sem hafa fengið landsáætlanir sínar samþykktar.
- 3) Hinn 13. september 2016 lagði Slóvenía beiðni um samþykki fyrir landsáætlun sinni fyrir framkvæmdastjórnina. Hinn 8. janúar 2017, í kjölfar beiðna um frekari upplýsingar, lagði Slóvenía fram breytta landsáætlun með skýringum og frekari upplýsingum um tiltekna þætti hennar. Samþykkja ætti breyttu landsáætlunina þar eð hún uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í a-lið liðar 3.1 í A-þætti A-kafla í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr 999/2001.
- 4) Því ætti að breyta lið 3.2 í A-þætti A-kafla í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að bæta Slóveníu á skrána yfir aðildarríki sem eru með samþykktar landsáætlanir.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað liðar 3.2 í A-hluta A-kafla í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„3.2. Landsbundnar riðuvarnaráætlanir í eftirfarandi aðildarríkjum eru hér með samþykktar:

— Danmörk,

— Slóvenía.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 110, 27.4.2017, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1896****2018/EES/14/07****frá 17. október 2017**

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), sem fóðuraufekni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldissvín, aukategundir alifugla og aukategundir svína til eldis og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 255/2005 og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 668/2003 (leyfishafi er Andrés Pintaluba S.A.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraufekni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2003 ⁽³⁾ og sem fóðuraufekni fyrir varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005 ⁽⁴⁾. Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraufekni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), sem fóðuraufekni fyrir eldiskjúklinga og varphænur og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um leyfi fyrir notkun fyrir eldissvín og aukategundir alifugla og svína, og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 11. júlí 2013 ⁽⁵⁾ og 25. janúar 2017 ⁽⁶⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasa EC (3.2.1.8), sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), ekki

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 267, 18.10.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjttíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2003 frá 11. apríl 2003 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fóðri (Stjttíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 14).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005 frá 15. febrúar 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjttíð. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 3).

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(8), 3322.

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4706.

skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar geti verið áhrifarík til að bæta dýraræktartengda þætti í eldiskjúklingum, varphænum og eldissvínum. Matvælaöryggisstofnunin taldi enn fremur að verkunarháttur ensíma, sem eru fyrir hendi í aukefninu, getur talist svipaður hjá aukategundum alifugla og aukategundum svína og því megi yfirfæra niðurstöður um verkun í eldiskjúklingum, varphænum og eldissvínum á aukategundir alifugla og aukategundir svína til eldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóduraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 255/2005 til samræmis við það. Fella ætti reglugerð (EB) nr. 668/2003 úr gildi.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 255/2005

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 255/2005 falli færsla E 1601 um endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6 og endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 brott.

3. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 668/2003 er felld úr gildi.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 7. maí 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 7. nóvember 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni- númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur dýrarættaraufna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.

4a1601	Andrés Pintaluba S.A.	endó-1,3(4)- betaglúkanasi EC 3.2.1.6 og endó-1,4- betaxýlanasi EC 3.2.1.8	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem eru framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (NRRL 25541), með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-betaglúkanasi 1 100 U ⁽¹⁾/g og endó-1,4-betaxýlanasi 1 600 U ⁽²⁾/g.</p> <p>(Fast form)</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i></p> <p>endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6) og endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem eru framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (NRRL 25541).</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽³⁾</p> <p>Til að greina eiginleika í fóduraukefninu og forblöndum:</p> <p>— virkni endó-1,3(4)-betaglúkanasa: litmælingaraðferð sem mælir afoxandi sykrur (glúkósa-jafngildi) sem endó-1,3(4)-betaglúkanasi leysir úr hvarfefni betaglúkans úr byggi með 3,5-dínítrósalísýsýru (DNS).</p>	Eldiskjúklingar Varphænur Eldissvín Aukategundir alifugla Aukategundir svína til eldis	—	endó-1,3(4)- betaglúk- anasi 138 U endó-1,4- betaxýlanasi 200 U	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódur fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 	7.11.2027
--------	-----------------------------	---	---	--	---	--	---	--	-----------

Kenni- númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			<p>— virkni endó-1,4-betaxýlanasa: litmælingaraðferð sem mælir afoxandi sykrur (glúkósajafngildi) sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni úr xýlani úr höfrum með 3,5-dínítrósalísýlsýru (DNS).</p> <p>Til að greina eiginleika í fóðri:</p> <p>— virkni endó-1,3(4)-betaglúkanasa: litmæling sem mælir klovna, leysanlega hluta sem endó-1,3(4)-betaglúkanasi leysir úr asóglúkani úr byggi,</p> <p>— virkni endó-1,4-betaxýlanasa: litmæling sem mælir klovna, leysanlega hluta sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr asóxýlani.</p>						

⁽¹⁾ 1 U (eining) endó-1,3(4)-betaglúkanasa er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngildi) á mínútu úr betaglúkani úr höfrum við 30 °C og pH-gildið 4,0.

⁽²⁾ 1 U (eining) endó-1,4-betaxýlanasa er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr xýlani úr höfrum við 30 °C og pH-gildið 4,0.

⁽³⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1903****2018/EES/14/08**

frá 18. október 2017

um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus parvulus* DSM 28875, *Lactobacillus casei* DSM 28872 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 29226 sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus parvulus* DSM 28875, *Lactobacillus casei* DSM 28872 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 29226. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus parvulus* DSM 28875, *Lactobacillus casei* DSM 28872 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 29226, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 6. desember 2016 ⁽²⁾ og 24. janúar 2017 ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactobacillus rhamnosus* DSM 29226, *Pediococcus parvulus* DSM 28875 og *Lactobacillus casei* DSM 28872 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að þessar blöndur geti hugsanlega bætt framleiðslu votfóðurs, sem er tilreitt úr fóðri sem er auðvelt og meðalerrítt að votfóðursverka, með því að draga úr tapi á þurrefni og auka varðveislu prótíns. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslur um aðferðir til að greina fóduraukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndum með *Pediococcus parvulus* DSM 28875, *Lactobacillus casei* DSM 28872 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 29226 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4673.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4702.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4703.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			

Tæknileg aukefni: aukefni í votfóður

1k21014	<i>Pediococcus parvulus</i> DSM 28875	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Pediococcus parvulus</i></p> <p>DSM 28875 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Pediococcus parvulus</i></p> <p>DSM 28875</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð: EN 15786:2009.</p> <p>Sanngreining á fóðuraukefninu: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 5×10^7 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka ⁽²⁾. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 	8. nóvember 2027
1k20755	<i>Lactobacillus casei</i> DSM 28872	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus casei</i></p> <p>DSM 28872 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis.</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 5×10^7 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka ⁽²⁾. 	8. nóvember 2027

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
		<p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Lactobacillus casei</i> DSM 28872</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda í fóduraukefninu: dreifingaraðferð á MSR-agar (EN 15787).</p> <p>Sanngreining á fóduraukefninu: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>					<p>3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.</p>	
1k20756	<p><i>Lactobacillus rhamnosus</i></p> <p>DSM 29226</p>	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus rhamnosus</i></p> <p>DSM 29226 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Lactobacillus rhamnosus</i></p> <p>DSM 29226</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.</p> <p>2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 5×10^7 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka ⁽²⁾.</p> <p>3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.</p>	8. nóvember 2027

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
		<p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda í fôðraukefninu: dreifingaraðferð á MSR-agar (EN 15787).</p> <p>Sanngreining á fôðraukefninu: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>						

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

⁽²⁾ Fôðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Fôðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5–3,0% leysanleg kolvetni í fersku efni. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1904****2018/EES/14/09****frá 18. október 2017****um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphætur (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphætur.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 18. október 2016 ⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt fóðurstuðul hjá eldiskjúklingum og að þessi niðurstaða geti átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphætur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðugarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(11), 4615.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1828	Huvepharma NV	<i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710 sem inniheldur að lágmarki $3,2 \times 10^9$ CFU/g aukefnis.</p> <p>Fast form</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænleg gró <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710 Greiningaraðferð ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710 í aukefni, forblöndu og fóðri:</p> <p>Dreifingaraðferð EN 15784</p> <p>Sanngreining á <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710: Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)</p>	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	—	$1,6 \times 10^9$	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskiyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. Má nota í fóður sem inniheldur eftirfarandi leyfð hníslalyf: dekókínat, díklasúríl, halófúgínón, níkarbasín, róbenidínhydróklórið, lasalósíð-A-natríum, madúramísín-ammóníum, mónensínnatríum, narasín eða natríumsalínómýsín. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og augnvörn. 	8. nóvember 2027

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1905****2018/EES/14/10****frá 18. október 2017****um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og fyrir aukategundir alifugla til eldis (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 6. desember 2016 ⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og þegar hún er notuð í fóður fyrir alifugla sé hún árangursrík við að draga úr mengun skrokkna af völdum *Salmonella* spp. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sérstökum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðurukefnið í fódri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4674.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni- númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (minni mengun skrokka af völdum salmonellu vegna minnkunar hennar í saur)									
4d1703	Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-1079	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-1079 sem inniheldur að lágmarki: — 2×10^{10} CFU/g aukefnis (óhjúpað form) — 1×10^{10} CFU/g aukefnis (hjúpað form) <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-1079 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóram- fenikólgólúkósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009) Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð)	Eldiskjúklingar Aukategundir alifugla til eldis	—	1×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndun- arvörn.	8. nóvember 2027

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1906****2018/EES/14/11****frá 18. október 2017**

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sem fóðuruakefni fyrir kjúklinga sem eru aldri til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuruakefni fyrir kjúklinga sem eru aldri til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps.
- 4) Blandan var þegar leyfð til 10 ára sem fóðuruakefni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043 ⁽²⁾ fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aukategundir alifugla til eldis og varps, fráfærugrísí og eldissvín.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. janúar 2017 ⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist áhrifaríkt fyrir kjúklinga sem eru aldri til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sérstökum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuruakefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043 frá 30. júní 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135), sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, fráfærugrísí, eldissvín og aukategundir alifugla til eldis og til varps og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 828/2007 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjttíð. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 63).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(2), 4708.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.

4a1617	Huvepharma NV	Endó-1,4- betaxýlanasi EC 3.2.1.8	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Blanda með endó-1,4- betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með <i>Trichoderma</i> <i>citrinoviride</i> Bisset (IMI SD135), með virkni að lágmarki 6 000 EPU ⁽¹⁾/g</p> <p>(fast og fljótandi form)</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka</i> <i>efnisins:</i></p> <p>endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með <i>Trichoderma citrinoviride</i> Bisset (IMI SD135)</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til greiningar á eiginleikum að því er varðar virkni endó-1,4- betaxýlanasa:</p> <p>litmæling sem mælir vatns- leysanlegan leysilit sem endó- 1,4-β-xýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum.</p>	Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukafuglate- gundir sem eru aldar til varps	—	1 500 EPU		<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð- höndlun.</p> <p>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- vörn, augnvörn og öndun- arvörn.</p>	8. nóvember 2027
--------	------------------	---	--	--	---	-----------	--	--	---------------------

⁽¹⁾ 1 EPU er það magn ensíms sem leysir 0,0083 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH-gildið 4,7 og 50 °C.

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1907****2018/EES/14/12****frá 18. október 2017****um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* (KKP/593/p og KKP/788/p) og *Lactobacillus buchneri* (KKP/907/p) sem fôðuraukefni fyrir nautgripi og sauðfé (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með tveimur stofnum *Lactobacillus plantarum* (KKP/593/p og KKP/788/p) og með *Lactobacillus buchneri* (KKP/907/p). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* (KKP/593/p og KKP/788/p) og *Lactobacillus buchneri* (KKP/907/p), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fôðuraukefni fyrir nautgripi og sauðfé.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 4. desember 2013 ⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactobacillus plantarum* (KKP/593/p og KKP/788/p) og *Lactobacillus buchneri* (KKP/907/p) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að viðkomandi blanda geti hugsanlega bætt framleiðslu votfôðurs sem er tilreitt úr fôðurefni sem er auðvelt, meðalerfitt og erfitt að votfôðursverka. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndu með *Lactobacillus plantarum* (KKP/593/p og KKP/788/p) og *Lactobacillus buchneri* (KKP/907/p) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfôður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3529.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Tæknileg aukefni: aukefni í votfóður								
1k20754	<i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/593/p <i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/788/p <i>Lactobacillus buchneri</i> KKP/907/p	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/593/p, <i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/788/p og <i>Lactobacillus buchneri</i> KKP/907/p sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis, í hlutfallinu 4:4:1 (<i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/593/p: <i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/788/p: <i>Lactobacillus buchneri</i> KKP/907/p)</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/593/p, <i>Lactobacillus plantarum</i> KKP/788/p og <i>Lactobacillus buchneri</i> KKP/907p.</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda í fóduraukefninu: dreifingaraðferð á MSR-agar (EN 15787).</p> <p>Sanngreining á fóduraukefninu: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>	Nautgripir Sauðfé	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 	8. nóvember 2027

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1914****2018/EES/14/13****frá 19. október 2017**

um leyfi fyrir natríumsalínómýsíní (Sacox 120 microGranulate og Sacox 200 microGranulate) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1852/2003 og (EB) nr. 1463/2004 (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var natríumsalínómýsín 120 g/kg (Sacox 120 microGranulate) leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2003 ⁽³⁾ og fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1463/2004 ⁽⁴⁾. Aukefnið var síðan fært í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á natríumsalínómýsíní 120 g/kg (Sacox 120 microGranulate) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur. Í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar var lögð fram umsókn um leyfi fyrir nýrri samsetningu natríumsalínómýsíní 200 g/kg (Sacox 200 microGranulate) og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „hníslalyf og vefsvipungalyf“. Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar var lögð fram umsókn um að stytta biðtíma til afurðanýtingar frá slátrun úr einum degi í núll daga og þess óskað að hámarksgildi leifa fyrir viðkomandi aukefni yrði breytt úr 5 µg/kg fyrir allan blautan vef í 0,150 mg/kg fyrir lifur, 0,040 mg/kg fyrir nýru, 0,015 mg/kg fyrir vöðva og 0,150 mg/kg fyrir húð/fitu. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 271, 20.10.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2003 frá 21. október 2003 um að leyfa notkun hníslalyfja í fóðri um tíu ára skeið (Stjtið. ESB L 271, 22.10.2003, bls. 13).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1463/2004 frá 17. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið sakox 120 örkryni, sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 5).

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 6. desember 2016 ⁽¹⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi natríumsalínómýsín 120 g/kg (Sacox 120 microGranulate) og natríumsalínómýsín 200 g/kg (Sacox 200 microGranulate) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að notkun á natríumsalínómýsín 120 g/kg (Sacox 120 microGranulate) og natríumsalínómýsín 200 g/kg (Sacox 200 microGranulate) sé áhrifarík til að verjast hníslasótt í eldiskjúklingum og að samkvæmt framlögðum rannsóknum eigi niðurstaðan einnig við um kjúklinga sem eru aldri til að verða varphænur. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að útreikningar á váhrifum við mesta notkunarmagn gæfu til kynna að núll dagar væru viðunandi biðtími til afurðanýtingar. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að fastsetja hámarksgildi leifa. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóduraukefnið í fódri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Af eftirlitsástæðum ætti þó að fastsetja hámarksgildi leifa, eins og sótt var um, fyrir lifur, nýru, vöðva og húð/fitu. Einnig var það metið svo að vöktun á staðnum á þoli *Eimeria* spp. gegn natríumsalínómýsín skuli fara fram, helst á seinni hluta leyfistímabilsins.
- 6) Mat á natríumsalínómýsín (Sacox 120 microGranulate og Sacox 200 microGranulate) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Því ætti að fella reglugerðir (EB) nr. 1852/2003 og (EB) nr. 1463/2004 úr gildi.
- 8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem hníslalyf í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1852/2003

Reglugerð (EB) nr. 1852/2003 er felld úr gildi.

3. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1463/2004

Reglugerð (EB) nr. 1463/2004 er felld úr gildi.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 9. maí 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 9. nóvember 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

⁽¹⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4670.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni- númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýrarákinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				

Hnislalyf og vefsvipungalyf

51766	Huvepharma NV.	Natríumsalínómýsín 120 g/kg (Sacox 120 microGranulate)	<i>Samsetning aukefnis</i> (Sacox 120 microGranulate): Natríumsalínómýsín: 114–132 g/kg	Eldis- kjúklingar	—	50	70	1. Aukefnin skulu notuð í fóðurlöndur í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina eftirfarandi: „Hættulegt dýrum af hestaætt og kalkúnum. Þetta fóður inniheldur jónabera: óráðlegt er að nota það samtímis tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni)“. 3. Ekki má blanda natríumsalínómýsínvi önnur hnislalyf. 4. Leyfishafinn skal skipu- leggja og framkvæma vöktunaráætlun varðandi þol gegn bakteríum og <i>Eimeria</i> spp. að lokinni setningu á markað.	9. nóvember 2027	150 µg natríumsalínómýsín/kg fyrir lifur, 40 µg natríumsalínómýsín/ kg fyrir nýru, 15 µg natríumsalínómýsín/ kg fyrir vöðva og 150 µg natríumsalínómýsín/kg fyrir húð/fitu.
		Natríumsalínómýsín 200 g/kg (Sacox 200 microGranulate)	Kísildíoxíð: 10–100 g/kg Kalsíumkarbónat: 500–700 g/kg Fast form (Sacox 200 microGranulate): Natríumsalínómýsín: 190–220 g/kg Kísildíoxíð: 50–150 g/kg Kalsíumkarbónat: 50–150 g/kg Fast form <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Natríumsalínómýsín, C ₄₂ H ₆₉ Na O ₁₁ , CAS-númer: 55721-31-8,	Kjúklín- gar sem eru aldir til að verða varphænur	12 vikna	50	50			

Kenni- númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
			<p>natríumsalt fjöletramónókarboxýlsýru sem er framleidd með gerjun <i>Streptomyces azureus</i> (DSM 32267)</p> <p>Skyld óhreinindi:</p> <ul style="list-style-type: none"> – ≤ 10 mg elaiófýlín/kg af natríumsalínómýsíní. – ≤ 2 g 17-epí-20- desoxýsalínómýsín/kg af natríumsalínómýsíní. – ≤ 10 g 20- desoxýalínómýsín/kg af natríumsalínómýsíní. – ≤ 10 g 18,19- tvívetnissalínómýsín/kg af natríumsalínómýsíní. – ≤ 10 g metýlað salínómýsín/kg af natríumsalínómýsíní. <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að magnákværða salínómýsín í fóðuraukefninu:</p> <p>Háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og litrósmæligreiningu (HPLC- PCD-UV-Vis)</p>					<p>5. Núll daga biðtími til afurðanýtingar.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipu- lagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblönd- unum, þ.m.t. öndunarvörn, augnvörn og húðvörn.</p>		

Kenni- númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
			Til að magnákvarða salínómýsín í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og litrófsmæligreiningu (HPLC- PCD-UV-Vis) — EN ISO 14183.							

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1250

2018/EES/14/14

frá 11. júlí 2017

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka bragðefnið 4,5-epoxýdek-2(trans)-enal af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Bragðefnið 4,5-epoxýdek-2(trans)-enal (FL-númer 16.071) er skráð í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 sem bragðefni sem verið er að meta og sem leggja þarf fram frekari vísindagögn um að kröfu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Umsækjandinn hefur lagt slík gögn fram.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á framlögð gögn og komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu álitinu sínu frá 4. maí 2017 ⁽⁴⁾ að 4,5-epoxýdek-2(trans)-enal (FL-númer 16.071) skapi öryggisvanda að því er tekur til erfðaeiturhrifa þar eð í rannsókn *í lífi*, sem lögð var fram, hafi komið fram erfðaeituráhrif í lifur í rottum.
- 6) Þar af leiðandi uppfyllir notkun á 4,5-epoxýdek-2(trans)-enali (FL-númer 16.071) ekki almenn skilyrði fyrir notkun bragðefna sem sett eru fram í a-lið 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þetta efni af skránni án tafar til að vernda heilbrigði manna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 179, 12.7.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) EFSA CEF Panel (Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um efni sem kemst í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni). „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 226 Revision 1 (FGE.226Rev1): consideration of genotoxicity data on one alpha, beta-unsaturated aldehyde from chemical subgroup 1.1.1(b) of FGE.19.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5), 4847, 24 bls. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.4847>.

- 7) Af þeim sökum ætti framkvæmdastjórnin að beita flýtimeðferð til að fjarlægja efni, sem skapa öryggisvanda, af skrá Sambandsins.
- 8) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færsla brott:

„16.071	4,5-epoxýdek-2(trans)-enal	188590-62-7	1570	Að minnsta kosti 87%; efnispáttur í minna magni 8–9% 4,5-epoxýdek-2(cis)-enal		1	EFSA“
---------	----------------------------	-------------	------	---	--	---	-------

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1798****2018/EES/14/15****frá 2. júní 2017****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 ⁽¹⁾, einkum a-, c- og d-lið 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB ⁽²⁾ er mælt fyrir um samræmdar reglur um matvæli sem nota á sem orkuskert megrunarfæði og undir gildissvið hennar falla vörur sem eru skilgreindar í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 sem vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 609/2013 fellir tilskipun 96/8/EB úr gildi og þar er mælt fyrir um almennar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir mismunandi flokka matvæla, þ.m.t. vörur sem eru skilgreindar sem þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis. Til þess að framkvæmdastjórnin geti farið að skuldbindingum sínum um að samþykkja sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur um vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis þykir rétt að byggja á ákvæðum tilskipunar 96/8/EB þar eð þessi ákvæði hafa tryggt frjálsa flutninga á matvælum sem eru kynnt sem þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis á fullnægjandi hátt, samtímis því að tryggja víðtæka vernd fyrir lýðheilsu.
- 3) Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis er flókin vara sem er sérstaklega samsett fyrir fullorðna einstaklinga, sem eru í ofþyngd eða of feitir, sem ætla sér að léttast. Grunnsmsetning varanna þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis verður að fullnægja daglegum næringarþörfum heilbrigðra, fullorðinna einstaklinga, sem eru í ofþyngd eða of feitir, í tengslum við orkuskert megrunarfæði, eins og þær hafa verið ákvarðaðar á grundvelli almennt viðurkenndra vísindalegra gagna.
- 4) Til að tryggja öryggi og hentugleika varanna þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis ætti að mæla fyrir um ítarlegar kröfur um samsetningu þeirra, þ.m.t. kröfur um orkugildi og innihald nauðsynlegra frumefna og snefilefna. Þessar kröfur ættu að byggjast á nýjustu vísindalegu ráðgjöf Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) ⁽³⁾ um málið.
- 5) Til að tryggja nýsköpun og vöruþróun ætti að vera frjálst að bæta innihaldsefnum, sem falla ekki undir sértækar kröfur samkvæmt þessari reglugerð, við vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, með sérstaka áherslu á fæðutrefjar. Öll innihaldsefni, sem notuð eru við framleiðslu á vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2018, ESB L 259, 7.10.2017, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 2013, ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.

(2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB frá 26. febrúar 1996 um matvæli sem nota á sem orkusnautt megrunarfæði (Stj. 1996, EB L 55, 6.3.1996, bls. 22).

(3) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfaðu, næringu og ofnæmi, 2015. „Scientific Opinion on the essential composition of total diet replacement for weight control“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3957, og Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfaðu, næringu og ofnæmi, 2016. „Scientific Opinion on the Dietary Reference Values for choline“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(8), 4484.

fæðis, ættu að vera við hæfi heilbrigðra fullorðinna einstaklinga, sem eru í ofþyngd eða of feitir, og sýna ætti fram á hentugleika þeirra, ef nauðsyn krefur, með viðeigandi rannsóknum. Það er á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja að sýna fram á slíkan hentugleika og á ábyrgð lögbærra landsyfirvalda að taka til athugunar, í hverju tilviki fyrir sig, hvort sú er raunin.

- 6) Vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis verða að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽¹⁾. Til þess að taka til greina sérstakt eðli varanna þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis ætti að mæla fyrir um viðbætur og undanþágur að því er varðar þessar almennu reglur, eftir því sem við á.
- 7) Mikilvægt er að gerð sé næringaryfirlýsing fyrir vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis til að tryggja að heilbrigðir fullorðnir einstaklingar, sem eru í ofþyngd og sem eru of feitir og neyta matvællanna, svo og faglærðir heilbrigðisstarfsmenn sem geta gefið ráðleggingar um hentugleika þeirra í tilteknum tilvikum, noti þær á viðeigandi hátt. Til að veita fyllri upplýsingar ætti næringaryfirlýsingin því að innihalda nákvæmari upplýsingar en þær sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Að auki ætti sú skylda að gera næringaryfirlýsingu að vera skyldubundin fyrir allar vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, án tillits til stærðar umbúðanna eða flátsins, og þess vegna ætti undanþágan, sem kveðið er á um í 18. lið V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, ekki að gilda.
- 8) Í því skyni að gefa viðeigandi upplýsingar um vöru og auðvelda samanburð á vörum ætti næringaryfirlýsingin fyrir vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis að vera gefin upp fyrir skammt og/eða fyrir neyslueiningu sem og fyrir fullan dagskammt. Að auki ættu slíkar upplýsingar að eiga við um vöru sem er tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.
- 9) Í 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 er tilgreindur takmarkaður fjöldi næringarefna sem hægt er að bæta valkvætt við næringaryfirlýsinguna fyrir matvæli. Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 eru talin upp fjölmörg efni sem má bæta við vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis en sum þeirra falla ekki undir 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011. Til að tryggja skýrleika laganna ætti að mæla skýrt fyrir um að næringaryfirlýsing fyrir vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis geti innihaldið slík efni. Að auki, í tilteknum tilvikum, gætu ítarlegri upplýsingar um kolvetni og fitu, sem koma fyrir í vörunni, reynst neytendum og faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum gagnlegar. Stjórnendum matvælafyrirtækja ætti því að vera heimilt að greina frá slíkum upplýsingum valkvætt.
- 10) Heilbrigðir fullorðnir einstaklingar, sem eru í ofþyngd eða of feitir, geta haft aðrar næringarþarfir en almenningur. Að auki er þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis matvæli sem koma að öllu leyti í stað daglegrar fæðu. Af þessum sökum myndi framsetning upplýsinga um næringu, að því er varðar orkugildi og magn næringarefna, í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis sem hundraðshluta af viðmiðunargildum fyrir daglega inntöku, sem sett eru fram fyrir almenning í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, villa um fyrir neytendum og ætti því ekki að vera heimil.
- 11) Yfirlýsingar sem varða „afar lítinn“ eða „lítinn“ hitaeyningafjölda í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis geta veitt neytendum gagnlegar upplýsingar. Því þykir rétt að mæla fyrir um reglur um slíkar valkvæðar yfirlýsingar.
- 12) Næringar- og heilsufullyrðingar eru kynningartæki sem stjórnendur matvælafyrirtækja nota valkvætt í viðskiptaorðsendingum í samræmi við reglurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 ⁽²⁾. Vegna sérstaks hlutverks varanna þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis í fæðu fólks sem neytir þeirra ætti ekki að leyfa næringar- og heilsufullyrðingar fyrir slíkar vörur. Að teknu tilliti til þess að upplýsingar um að fæðutrefjar séu fyrir hendi í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis geta þó verið gagnlegar fyrir neytendur ætti að setja ákvæði sem gera það kleift að heimila næringarfullyrðingar um viðbót fæðutrefja með tilteknum skilyrðum.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stj. tíð. ESB L 304, 22.11.2011., bls. 18).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (Stj. tíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9).

- 13) Í tilskipun 96/8/EB var gerð krafa um að fæðutrefjum væri bætt við vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis. Sökum þess að vísindapekking hvað þetta varðaði var ekki fyrir hendi gat Matvælaöryggisstofnunin ekki fastsett lágmarksmagn fæðutrefja í nýjasta álitinu sínu. Af þessum sökum þykir rétt að viðhalda lágmarksmagni fæðutrefja sem krafist er samkvæmt tilskipun 96/8/EB ef þeim er bætt í vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.
- 14) Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽¹⁾ skulu aðildarríkin framfylgja lögum um matvæli og vakta og sannprófa að stjórnendur matvæla- og fódurfyrirtækja uppfylli kröfur á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Í þessu samhengi, til að auðvelda skilvirkt, opinbert eftirlit með matvælunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, ættu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem setja slíkar vörur á markað, að láta lögbærum landsyfirvöldum í té eintak af merkimiðanum sem er notaður og allar viðeigandi upplýsingar sem lögbær yfirvöld telja nauðsynlegar til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar nema að í aðildarríkjunum sé fyrir hendi annað skilvirkt eftirlitskerfi.
- 15) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast þessum nýju kröfum, sem geta falið í sér tæknilega aðlögun á framleiðsluferli viðkomandi vara, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með þeim degi er fimm ár eru liðin frá því hún öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.***Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um eftirfarandi sértækar kröfur er varða vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis:

- a) kröfur varðandi samsetningu,
- b) kröfur um merkingu, kynningu og auglýsingar,
- c) tilkynningarskyldu við setningu vörunnar á markað.

*2. gr.***Setning á markað**

1. Heiti vörunnar, sem matvæli sem falla undir h-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013 eru seld undir, skal vera „þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis“.
2. Einungis má setja vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis á markað ef þær eru í samræmi við þessa reglugerð.

*3. gr.***Kröfur varðandi samsetningu**

1. Vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skulu vera í samræmi við viðmiðanir um samsetningu sem eru tilgreindar í I. viðauka, að teknu tilliti til nákvæmra skilgreininga í II. viðauka.
2. Samsetningarkröfurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, skulu gilda um matvæli sem eru tilbúin til notkunar og eru markaðssett sem slík eða sem tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.
3. Vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis mega einungis innihalda önnur innihaldsefni en efnin sem eru talin upp í I. viðauka ef staðfest hefur verið, á grundvelli almennt viðurkenndra vísindalegra gagna, að þau séu hentug.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

4. gr.

Sértækar kröfur sem varða upplýsingar um matvæli

1. Auk þeirra lögboðnu upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skulu eftirfarandi viðbótarupplýsingar vera lögboðnar fyrir vörunar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis:

- a) yfirlýsing þess efnis að varan sé einungis ætluð fyrir heilbrigða fullorðna einstaklinga, sem eru í ofþyngd eða of feitir, sem ætla sér að léttast,
- b) yfirlýsing þess efnis að þungaðar konur eða konur með börn á brjósti, unglingar eða einstaklingar sem þjást af sjúkdómi ættu ekki að nota vöruna án þess að ráðgast við faglærðan heilbrigðisstarfsmann,
- c) yfirlýsing um mikilvægi þess að innbyrða daglega nægilega mikinn vökva,
- d) yfirlýsing þess efnis að varan innihaldi nægilega mikið daglegt magn af öllum nauðsynlegum næringarefnum þegar hún er notuð í samræmi við notkunarleiðbeiningar,
- e) yfirlýsing þess efnis að heilbrigðir fullorðnir einstaklingar, sem eru í ofþyngd eða of feitir, skuli ekki nota vöruna lengur en í 8 vikur eða endurtekið í styttri tíma en það án þess að ráðgast við faglærðan heilbrigðisstarfsmann,
- f) leiðbeiningar um hvernig beri að tilreiða vöruna, ef nauðsyn krefur, og yfirlýsing um mikilvægi þess að fylgja þeim leiðbeiningum,
- g) ef notkun vöru, þegar hún er notuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, gerir það að verkum að dagleg neysla fjölkalkúlóla fer yfir 20 g á dag: yfirlýsing þess efnis að viðkomandi matvæli geti haft verkun hægðalyfs,
- h) ef fæðutrefjum er ekki bætt í vöruna: yfirlýsing þess efnis að leita verði ráða hjá faglærðum heilbrigðisstarfsmanni varðandi möguleikann á því að bæta fæðutrefjum við vöruna.

2. Þegar lögboðnu upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 1. mgr., birtast á umbúðum eða á merkimiða sem er festur á umbúðirnar skulu þær tilgreindar þannig að það uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011.

3. Óheimilt er í merkingum, kynningum og auglýsingum varanna þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis að gefa til kynna hversu hratt eða mikið þyngdartap kann að verða vegna notkunar þeirra.

5. gr.

Sértækar kröfur sem varða næringaryfirlýsingu

1. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal lögboðna næringaryfirlýsingin fyrir vörunar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis innihalda magn hvers steinefnis og vítamíns, sem tilgreind eru í I. viðauka við þessa reglugerð, sem koma fyrir í vörunni.

Lögboðna næringaryfirlýsingin fyrir vörunar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skal einnig innihalda magn kólíns, sem er fyrir hendi, og magn fæðutrefja, ef þeim er bætt við.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í a- til e-lið 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 má bæta eftirfarandi við lögboðnu næringaryfirlýsinguna fyrir vörunar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis:

- a) magni efnisþátta fitu og kolvetna,
- b) magni þeirra efna sem eru tilgreind í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013, ef slík tilgreining fellur ekki undir 1. mgr. þessarar greinar,
- c) magni þeirra efna sem er bætt við vöruna skv. 3. mgr. 3. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal ekki endurtaka upplýsingarnar í lögboðnu næringaryfirlýsingunni fyrir vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis á merkingunni.
4. Næringaryfirlýsingin skal vera lögboðin fyrir allar vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, án tillits til stærðar stærsta yfirborðsflatarins á umbúðunum eða ílátinu.
5. Öll næringarefni, sem eru tilgreind í næringaryfirlýsingunni fyrir vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 31. til 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011.
6. Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. (3. mgr.), 32. gr. (2. mgr.) og 33. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal orkugildi og magn næringarefna í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis gefið upp fyrir fullan dagskammt sem og fyrir skammt og/eða fyrir neyslueiningu matvælna, sem eru tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Upplýsingarnar geta auk þess, eftir því sem við á, vísað til 100 g eða 100 ml af matvælunum eins og þau eru seld.
7. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal orkugildi og magn næringarefna í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis ekki gefið upp sem hundraðshluti af þeirri viðmiðunarneyslu sem sett er fram í XIII. viðauka við þá reglugerð.
8. Upplýsingarnar í næringaryfirlýsingunni fyrir vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, sem eru ekki tilgreindar í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, skulu gefnar upp á eftir þeirri færslu í viðaukanum, sem á best við, sem þær tilheyra eða eru hluti af.

Upplýsingar, sem eru ekki tilgreindar í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, sem tilheyra ekki eða eru ekki hluti af neinum færslum í þeim viðauka skulu gefnar upp í næringaryfirlýsingunni á eftir síðustu færslu í þeim viðauka.

Tilgreiningin um natríummagn skal koma fram ásamt öðrum steinefnum og má endurtaka hana við hlið tilgreiningarinnar um saltmagn eins og hér er sýnt: „Salt: X g (þar af natríum: Y mg)“.

9. Nota má yfirlýsinguna „mjög hitaeningasnautt mataræði“ á vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis að því tilskildu að orkuinnihald varanna sé undir 3 360 kJ/dag (800 kkal/dag).
10. Nota má yfirlýsinguna „hitaeningasnautt mataræði“ á vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis að því tilskildu að orkuinnihald varanna sé á bilinu frá 3 360 kJ/dag (800 kkal/dag) til 5 040 kJ/dag (1 200 kkal/dag).

6. gr.

Næringar- og heilsufullyrðingar

1. Næringar- og heilsufullyrðingar skulu ekki koma fram á vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. má nota næringarfullyrðinguna „viðbættar trefjar“ um vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis að því tilskildu að innihald fæðutrefja í vörunni sé ekki undir 10 g.

7. gr.

Tilkynning

Þegar vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eru settar á markað skal stjórnandi matvælafyrirtækisins tilkynna lögbæru yfirvaldi í hverju aðildarríki, þar sem varan er sett á markað, um upplýsingarnar sem birtast á merkimiðanum með því að senda því eintak af merkimiðanum sem notaður er á vöruna og allar aðrar upplýsingar sem eðlilegt er að lögbært yfirvald fari fram á til að staðfesta að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, nema aðildarríki veiti stjórnanda matvælafyrirtækis undanþágu frá þeirri skyldu samkvæmt landsbundnu kerfi sem tryggir skilvirkt, opinbert eftirlit með viðkomandi vöru.

8. gr.

Tilvísanir í tilskipun 96/8/EB

Líta ber á tilvísanir í tilskipun 96/8/EB í öðrum gerðum sem tilvísanir í þessa reglugerð.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 27. október 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Kröfur um samsetningu sem um getur í 3. gr.

1. ORKA

Orka sem fæst úr vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skal ekki vera minni en 2 510 kJ (600 kkal) og skal ekki fara yfir 5 020 kJ (1 200 kkal) í fullum dagskammti.

2. PRÓTÍN

2.1. Prótín í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skal ekki vera minna en 75 gr og skal ekki fara yfir 105 g í fullum dagskammti.

2.2. Að því er varðar lið 2.1. skal skilja „prótín“ sem prótín þar sem prótínmeltanleiki, leiðréttur m.t.t. amínósýrustuðuls (e. *protein digestibility-corrected amino acid score*), er 1.0 samanborið við viðmiðunarprótín eins og sett er fram í II. viðauka.

2.3. Heimilt er að bæta við amínósýrum í þeim tilgangi einum að auka næringargildi þeirra prótína sem eru í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og aðeins í þeim hlutföllum sem eru nauðsynleg til þess að ná því markmiði.

3. KÓLÍN

Kólín í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skal ekki vera minna en 400 mg í fullum dagskammti.

4. LÍPÍÐ

4.1. Línólsýra

Línólsýra í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skal ekki vera minni en 11 g í fullum dagskammti.

4.2. Alfalínólensýra

Alfalínólensýra í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skal ekki vera minni en 1,4 g í fullum dagskammti.

5. KOLVETNI

Kolvetni í vörunum þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skulu ekki vera minni en 30 g í fullum dagskammti.

6. VÍTAMÍN OG STEINEFNI

Vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skulu gefa a.m.k. það magn vítamína og steinefna sem er tilgreint í töflu 1 í fullum dagskammti.

Vörurnar þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis skulu ekki innihalda meira en 250 mg af magnesíumi í fullum dagskammti.

Tafla 1

A-vítamín	($\mu\text{g RE}^{(1)}$)	700
D-vítamín	(μg)	10
E-vítamín ⁽²⁾	(mg)	10

C-vítamín	(mg)	110
K-vítamín	(µg)	70
Þíamín	(mg)	0,8
Ríbbóflavín	(mg)	1,6
Níasín	(mg-NE ⁽³⁾)	17
B ₆ -vítamín	(mg)	1,6
Fólat	(µg-DFE ⁽⁴⁾)	330
B ₁₂ -vítamín	(µg)	3
Bíótín	(µg)	40
Pantóþensýra	(mg)	5
Kalsíum	(mg)	950
Fosfór	(mg)	730
Kalíum	(g)	3,1
Járn	(mg)	9
Sink	(mg)	9,4
Kopar	(mg)	1,1
Joð	(µg)	150
Mólýbden	(µg)	65
Selen	(µg)	70
Natríum	(mg)	575
Magnesium	(mg)	150
Mangan	(mg)	3
Klóríð	(mg)	830

⁽¹⁾ Retínóljafngildi

⁽²⁾ Virkni E-vítamíns í RRR- α -tókóferóli.

⁽³⁾ Níasínjafngildi

⁽⁴⁾ Fólatjafngildi úr fæðu: 1 µg DFE = 1 µg fólat úr matvælum = 0,6 µg fóllínsýra úr þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi aminosýrur ⁽¹⁾

	g/100g prótín
Systín + meþíónín	2,2
Histidín	1,5
Ísólefsín	3,0
Lefsín	5,9
Lýsín	4,5
Fenýlalanín + týrósín	3,8
Preónín	2,3
Trýptófan	0,6
Valín	3,9

(¹) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin/Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna/Háskóli Sameinuðu þjóðanna, 2007. „Protein and amino acid requirements in human nutrition. Report of a Joint WHO/FAO/UNU Expert Consultation“. (WHO Technical Report Series, 935, 284 bls.).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1558****2018/EES/14/16****frá 14. september 2017****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið brómelaín með tilliti til hámarksgildis leifa (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽¹⁾, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýrallyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manndis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.
- 2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ⁽²⁾ eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.
- 3) Efnið brómelaín er ekki tilgreint í þessari töflu.
- 4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir brómelaín í svínum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.
- 5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýrallyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvörðun hámarksgilda leifa fyrir brómelaín í svínum sé ekki nauðsynleg fyrir heilsuvernd manna.
- 6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.
- 7) Lyfjastofnun Evrópu telur að sem stendur sé ekki viðeigandi að yfirfæra flokkunina „hámarksgildis leifa ekki krafist“ fyrir brómelaín af svínum yfir á aðrar tegundir vegna ófullnægjandi gagna.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjttíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. september 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Brómelaín	Á EKKI VIÐ	Svín	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	ENGIN FÆRSLA	Stemmandi lyf gegn niðurgangi“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1559****2018/EES/14/17****frá 14. september 2017****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka hámarksgildi leifa fyrir efnið alarelín (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽¹⁾, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýrallyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.
- 2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ⁽²⁾ eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.
- 3) Efnið alarelín er ekki tilgreint í þessari töflu.
- 4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir alarelín í kaninum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.
- 5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýrallyfjanefndarinnar, komist að þeirri niðurstöðu að líkurnar á því að fólk verði fyrir váhrifum af líffræðilega marktækum gildum af alarelíni eftir neyslu á vefjum úr kaninum séu óverulegar og hefur mælt með því að ákvörðun hámarksgilda leifa fyrir alarelín í kaninum sé ekki nauðsynleg fyrir heilsuvernd manna.
- 6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.
- 7) Lyfjastofnun Evrópu telur að viðeigandi sé að yfirfæra flokkunina „hámarksgildis leifa ekki krafist“ fyrir alarelín af kaninum yfir á allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjútíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. september 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIDAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Alarelín	Á EKKI VIÐ	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	ENGIN FÆRSLA	Lyf sem virka á æxlunarfæri“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1506****2018/EES/14/18****frá 28. ágúst 2017**

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu malínhýdrasíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Malínhýdrasíði var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu malínhýdrasíði, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2017.
- 4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir malínhýdrasíði var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 30. apríl 2015.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að malínhýdrasíð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 29. apríl 2016 ⁽⁶⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um malínhýdrasíð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 6. október 2016.
- 9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 222, 29.8.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 11. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum 2,4-DB, beta-sýflútríni, sýflútríni, ípródfóni, línuroní, malínhýdrasíði og pendímetalíni (Stjttíð. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(5), 4492. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur malínhýdrasíð, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir malínhýdrasíði.
- 11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir malínhýdrasíði byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda malínhýdrasíð. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem vaxtarstýriefni.
- 12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir óhreinindin hýdrasín, sem skipta máli í eiturefnafræðilegu tilliti, í framleidda, virka efninu við gildi, sem Matvælaöryggisstofnunin telur öruggt, sem nemur 0,028 mg/kg.
- 13) Þó þykir rétt að gefa framleiðendum nægan tíma til að koma nauðsynlegum framleiðsluferlum og eftirliti í framkvæmd að því er varðar fyrrgreint hámarksgildi.
- 14) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu malínhýdrasíði er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2017, að undanskildu ákvæði varðandi hýdrasíninnihald, sem tilgreint er í dálkinum „Hreinleiki“ í töflunni í I. viðauka, sem kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Malínhýdrasíð CAS-nr. 123-33-1 CIPAC-nr. 310	6-hýdroxý-2H-pýri- dasín-3-ón	<p>≥ 979 g/kg</p> <p>Fram til 1. nóvember 2018 skulu óhreinindin hýdrasín ekki vera meiri en 1 mg/kg í tæknilega efninu.</p> <p>Frá 1. nóvember 2018 skulu óhreinindin hýdrasín ekki vera meiri en 0,028 mg/kg í tæknilega efninu.</p>	1. nóvember 2017	31. október 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um malínhýdrasíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd neytenda, — öryggi notenda og starfsmanna; notkunaraskilyrðin skulu innihalda fyrirmæli um notkun fullnægjandi persónuhlífa. <p>Aðildarríki skulu tryggja, eftir því sem við á, að merkimiði meðhöndlaðra plantna innihaldi upplýsingar um að þær hafi verið meðhöndlaðar með malínhýdrasíði og meðfylgjandi leiðbeiningar til að koma í veg fyrir váhrif á búfé.</p> <p>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 52 um malínhýdrasíð brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (¹)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„117	Malínhýdrasíð CAS-nr. 123-33-1 CIPAC-nr. 310	6-hýdroxý-2H- pýridasín-3-ón	≥ 979 g/kg Fram til 1. nóvember 2018 skulu óhreinindin hýdrasín ekki vera meiri en 1 mg/kg í tæknilega efninu. Frá 1. nóvember 2018 skulu óhreinindin hýdrasín ekki vera meiri en 0,028 mg/kg í tæknilega efninu.	1. nóvember 2017	31. október 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um malínhýdrasíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd neytenda, — öryggi notenda og starfsmanna; notkunarskilyrðin skulu innihalda fyrirmæli um notkun fullnægjandi persónuhlífa. Aðildarríki skulu tryggja, eftir því sem við á, að merkimiði meðhöndlaðra plantna innihaldi upplýsingar um að þær hafi verið meðhöndlaðar með malínhýdrasíði og meðfylgjandi leiðbeiningar til að koma í veg fyrir váhrif á búfé. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(¹) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2001****2018/EES/14/19****frá 8. nóvember 2017****um að samþykkja própan-1-ól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir própan-1-ól.
- 2) Própan-1-ól hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vöruflokki 1, hreinlætisvörur fyrir fólk, vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, og vöruflokki 4, svæði fyrir matvæli og fóður, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Þýskaland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 18. júlí 2016.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 27. apríl 2017, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 1, 2 og 4, sem innihalda própan-1-ól, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja própan-1-ól til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Própan-1-ól er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks- hreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Própan-1-ól	IUPAC-heiti: Própan-1-ól EB-nr.: 200-746-9 CAS-nr.: 71-23-8	≥ 995 g/kg	1. maí 2019	30. apríl 2029	1	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni.
					2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins.
					4	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽²⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾ , og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2002****2018/EES/14/20****frá 8. nóvember 2017****um að samþykkja L(+)-mjólkursýru sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokkum 2, 3 og 4 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir L(+)-mjólkursýru.
- 2) L(+)-mjólkursýra hefur verið metin fyrir notkun í vörur í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, vöruflokki 3, hreinlætisvörur fyrir dýr, og vöruflokki 4, svæði fyrir matvæli og fóður, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Þýskaland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 3. maí 2016.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 27. apríl 2017, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 2, 3 og 4, sem innihalda L(+)-mjólkursýru, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja L(+)-mjólkursýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

L(+)-mjólkursýra er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks- hreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru- flokkur	Sérstök skilyrði
L(+)- mjólkursýra	IUPAC-heiti: (S)-2- hýdroxýprópansýra EB-nr.: 201-196-2 CAS-nr.: 79-33-4	≥ 955 g/kg (þurrvigti)	1. maí 2019	30. apríl 2029	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins.
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að grunnvatni að því er varðar vörur, sem eru notaðar í gripahúsum, sem valda váhrifum á umhverfið vegna notkunar á húsdýraáburði á landbúnaðarland.
					4	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2003****2018/EES/14/21****frá 8. nóvember 2017****um að samþykkja flúdíoxóníl sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9 og 10 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Danmörku barst umsókn 8. október 2014 um samþykki fyrir virka efninu flúdíoxóníli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7, rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu, vöruflokki 9, rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjöllíðuð efni, og í vöruflokki 10, rotvarnarefni fyrir byggingarefni, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 2) Danmörk lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 5. apríl 2016 í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 2. mars 2017, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 4) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 7, 9 og 10, sem innihalda flúdíoxóníl, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 5) Því er rétt að samþykkja flúdíoxóníl til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9 og 10, með fyrirvara um samræmi við nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 6) Þar eð flúdíoxóníl uppfyllir viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽²⁾, fyrir að vera mjög þrávirkt ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda flúdíoxóníl, á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Flúdíoxóníl er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9 og 10, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (¹)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Flúdíoxónífl	IUPAC-heiti: 4-(2,2-díflúor-1,3-bensódíoxól-4-ýl)-1H-pýrról-3-karbónítríl EB-nr.: Ekki fyrir hendi CAS-nr.: 131341-86-1	950 g/kg	1. apríl 2018	31. mars 2028	7	<p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörunnar í iðnaði eða í atvinnuskyni. <p>Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur flúdíoxónífl, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>
					9	<p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins.</p> <p>Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur flúdíoxónífl, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					10	<p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins.</p> <p>Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur flúdíoxóníl, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2004****2018/EES/14/22****frá 8. nóvember 2017****um að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón.
- 2) 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vöruflokki 12, slímvarnarefni, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Slóvenía var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 7. apríl 2016.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 2. mars 2017, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því álit má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 12, sem innihalda 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Þar eð 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem húðnæmir í undirflokki 1A, eins og flokkurinn er skilgreindur í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽³⁾, ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón, á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.
- 8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfur.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjttíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

2-metýlísópíasól-3(2H)-ón er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
2-metýlísóþíasól- 3(2H)-ón	IUPAC-heiti: 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón EB-nr.: 220-239-6 CAS-nr.: 2682-20-4	950 g/kg	1. apríl 2019	31. mars 2029	12	<p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: <ol style="list-style-type: none"> þeim sem nota vörunar í iðnaðar- eða atvinnuskyni, yfirborðsvatni og skólphreinsistöðvum. <p>Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2005****2018/EES/14/23****frá 8. nóvember 2017****um að samþykkja dísartréskjarna, kaldpressaða olíu úr hýðislausu fræi *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Á þeirri skrá er dísartréskjarni, kaldpressuð olía úr hýðislausu fræi *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi.
- 2) Dísartréskjarni, kaldpressuð olía úr hýðislausu fræi *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, hefur verið metinn til notkunar í vörur í vöruflokki 19, fæliefni og löðunarefni, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Þýskaland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 3. desember 2015.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 3. mars 2017, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 19, sem innihalda dísartréskjarna, kaldpressaða olíu úr hýðislausu fræi *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja dísartréskjarna, kaldpressaða olíu úr hýðislausu fræi *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19, með fyrirvara um samræmi við nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*Dísartréskjarni, kaldpressuð olía úr hýðislausu fræi *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, er samþykktur sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjórnartíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjórnartíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru- flokkur	Sérstök skilyrði
Dísartréskjarni, kaldpressuð olía úr hýðislausu fræi <i>Azadirachta indica</i> sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi	IUPAC-heiti: Á ekki við EB-nr.: 283-644-7 CAS-nr.: 84696-25-3	1 000 g/kg	1. apríl 2019	31. mars 2029	19	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að yfirborðsvatni, seti og jarðvegi. 3. Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽²⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾ , og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtuð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtuð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 910/2014**2018/EES/14/24**

frá 23. júlí 2014

um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Uppbygging trausts á netumhverfi er lykill að efnahagslegri og félagslegri þróun. Skortur á trausti, einkum vegna þess að fólk hefur á tilfinningunni að réttarvissa sé ekki fyrir hendi, gerir það að verkum að neytendur, fyrirtæki og opinber yfirvöld hika við að eiga rafræn viðskipti og nýta sér nýja þjónustu.
- 2) Með þessari reglugerð er leitast við að auka traust á rafrænum viðskiptum á innri markaðinum með því að skapa sameiginlegan grundvöll fyrir örugg rafræn samskipti á milli borgaranna, fyrirtækja og opinberra yfirvalda og þannig auka skilvirkni í nettengdri þjónustu opinberra aðila og einkaaðila, rafrænum viðskiptum og rafrænni verslun í Sambandinu.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB ⁽³⁾ fjallaði um rafrænar undirskriftir án þess að kveða á um heildarramma fyrir örugg og áreiðanleg rafræn viðskipti sem eru auðveld í notkun, yfir landamæri og þvert á atvinnugreinar. Þessi reglugerð styrkir og vikkar út réttarreglur þeirrar tilskipunar.
- 4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 26. ágúst 2010 með yfirskriftinni „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“ var bent á sundrun stafræna markaðarins, skort á samvirkni (e. interoperability) og aukningu í tölvubrotum sem meiriháttar hindranir í vegi jákvæðrar hringrásar stafræna hagkerfisins. Í skýrslu sinni um borgararétt ESB með yfirskriftinni „Hindrunum gagnvart réttindum borgara ESB rutt úr vegi“ lagði framkvæmdastjórnin enn skýrari áherslu á nauðsyn þess að leysa helstu vandamál sem koma í veg fyrir að borgarar Sambandsins njóti ávinningsins af stafrænum innri markaði og stafrænni þjónustu yfir landamæri.
- 5) Í niðurstöðum sínum frá 4. febrúar 2011 og 23. október 2011 hvatti leiðtoga ráðið framkvæmdastjórnina til að skapa stafrænan innri markað eigi síðar en árið 2015, að hraða framþróun á lykilsviðum stafræna hagkerfisins og stuðla að fyllilega samþættum, stafrænum innri markaði með því að greiða fyrir notkun nettengdrar þjónustu yfir landamæri, með sérstakri áherslu á að greiða fyrir öruggri rafrænni auðkenningu og sannvottun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB C 351, 15.11.2012, bls. 73.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 3. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. júlí 2014.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjttíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

- 6) Í niðurstöðu sinni frá 27. maí 2011 hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að leggja sitt af mörkum til hins stafræna innri markaðar með því að skapa viðeigandi skilyrði fyrir gagnkvæma viðurkenningu á lykilkáttum yfir landamæri, s.s. rafrænni auðkenningu, rafrænum skjölum, rafrænum undirskriftum og rafrænni afhendingarþjónustu ásamt samvirkandi, rafrænni stjórnsýslu innan Evrópusambandsins.
- 7) Í ályktun sinni frá 21. september 2010 um að koma að fullu á innri markaði fyrir rafræna verslun ⁽¹⁾ lagði Evrópuþingið áherslu á mikilvægi öryggis rafrænnar þjónustu, sérstaklega rafrænna undirskrifta, og á nauðsyn þess að koma á samevrópsku dreifilyklaskipulagi ásamt því að kalla eftir því að framkvæmdastjórnin komi á fót gátt fyrir evrópska staðfestingaraðila (e. European validation authorities gateway) til að tryggja samvirkni rafrænna undirskrifta yfir landamæri og auka öryggi í nettengdum viðskiptum.
- 8) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ⁽²⁾ er þess krafist að aðildarríkin komi á fót upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum (e. points of single contact) til að tryggja að auðvelt sé að ljúka allri málsmeðferð og formsatriðum, sem tengjast aðgangi að þjónustustarfsemi og því að stunda hana, með fjarmiðlun og með rafrænum hætti, fyrir milligöngu viðkomandi upplýsinga- og þjónustumiðstöðva hjá viðkomandi yfirvöldum. Margs konar nettengd þjónusta, sem er aðgengileg fyrir milligöngu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva, krefst rafrænnar auðkenningar, sannvottunar og undirskriftar.
- 9) Í flestum tilvikum geta borgarar ekki notað rafræn auðkenni sín til sannvottunar í öðrum aðildarríkjum því að landsbundnar rafrænar auðkenningarskipanir (e. electronic identification schemes) í þeirra landi eru ekki viðurkenndar í öðrum aðildarríkjum. Þessi rafræna hindrun kemur í veg fyrir að þjónustuveitendur geti notið ávinningsins af innri markaðinum til fulls. Gagnkvæm viðurkenning á rafrænum auðkenningarleiðum mun auðvelda ýmsa þjónustustarfsemi yfir landamæri á innri markaðinum og gera fyrirtækjum kleift að starfa yfir landamæri án þess að standa frammi fyrir mörgum hindrunum í samskiptum við opinber yfirvöld.
- 10) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB ⁽³⁾ er komið á fót netkerfi landsyfirvalda sem bera ábyrgð á rafrænni heilbrigðisþjónustu. Til að bæta öryggi og samfellu í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri er nauðsynlegt að í netkerfinu felist leiðbeiningar um aðgang að rafrænum gögnum um heilbrigði og heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, þ.m.t. með því að styðja við „sameiginlegar auðkenningar- og sannvottunarráðstafanir til að auðvelda flutning gagna vegna heilbrigðisþjónustu yfir landamæri“. Gagnkvæm viðurkenning rafrænnar auðkenningar og sannvottunar er lykillinn að því að heilbrigðisþjónusta yfir landamæri verði að veruleika fyrir evrópska borgara. Þegar fólk þarf að ferðast vegna lækni meðferðar er nauðsynlegt að lækni meðferðar gögn þeirra séu aðgengileg í því landi þar sem meðferðin fer fram. Þetta krefst áreiðanlegs og öruggs ramma fyrir rafræna auðkenningu sem fólk ber traust til.
- 11) Beita ætti þessari reglugerð í fullu samræmi við meginreglurnar um vernd persónuupplýsinga sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽⁴⁾. Með hliðsjón af meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu sem sett er með þessari reglugerð, ætti sannvottun vegna nettengdrar þjónustu, hvað þetta varðar, einungis að taka til vinnslu þeirra auðkenningargagna sem eru fullnægjandi, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er til að veita aðgang að umræddri nettengdri þjónustu. Enn fremur ættu traustþjónustuveitendur og eftirlitsstofnanir að virða kröfurnar í tilskipun 95/46/EB um trúnað og öryggi í vinnslu.
- 12) Eitt af markmiðum þessarar reglugerðar er að fjarlægja þær hindranir sem nú standa í vegi notkunar á rafrænum auðkenningarleiðum yfir landamæri, sem notaðar eru í aðildarríkjunum til sannvottunar, a.m.k. að því er varðar opinbera þjónustu. Það er ekki markmið þessarar reglugerðar að hafa afskipti af stjórnkerfum fyrir rafræn kennsl (e. electronic identity management systems) og grunnvirkjum sem þeim tengjast, sem komið er á í aðildarríkjunum. Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að örugg rafræn auðkenning og sannvottun sé möguleg til aðgangs að nettengdri þjónustu yfir landamæri sem aðildarríkin bjóða.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB C 50 E, 21.2.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjttíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklunga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjttíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

- 13) Aðildarríkjum ætti áfram að vera frjálst að nota eða innleiða leiðir til rafrænnar auðkenningar vegna aðgangs að nettengdri þjónustu. Þau ættu einnig að geta ákveðið hvort einkageirinn tekur þátt í innleiðingu slíkra leiða. Aðildarríkjum ætti ekki að vera skylt að tilkynna framkvæmdastjórninni um rafrænar auðkenningarskipanir sínar. Aðildarríkin hafa val um það hvort þau tilkynna framkvæmdastjórninni um allar, sumar eða engar rafrænar auðkenningarskipanir sem notuð er á landsvísu a.m.k. til að hafa aðgang að nettengdri opinberri þjónustu eða sértækri þjónustu.
- 14) Setja þarf fram tiltekin skilyrði í þessari reglugerð að því er varðar hvaða rafrænu auðkenningarleiðir verður að viðurkenna og hvernig tilkynna ber um rafrænar auðkenningarskipanir. Slík skilyrði ættu að hjálpa aðildarríkjunum við að byggja upp nauðsynlegt traust á rafrænum auðkenningarskipunum hvers annars og viðurkenna með gagnkvæmum hætti rafrænar auðkenningarleiðir sem falla undir tilkynntar skipanir þeirra. Meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu ætti að gilda ef rafræn auðkenningarskipan tilkynningaraðildarríkisins uppfyllir skilyrði um tilkynningu og tilkynningin var gefin út í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þó ætti meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu aðeins að eiga við um sannvottun í tengslum við nettengda þjónustu. Aðgangur að slíkri nettengdri þjónustu og lokaafhending hennar til umsækjandans ættu að vera nátengd réttinum til slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í landslögum.
- 15) Sú skylda að viðurkenna rafrænar auðkenningarleiðir ætti aðeins að eiga við um auðkenningarleiðir sem hafa fullvissustig kennsla sem er sambærilegt við eða hærra en það sem hin nettengda þjónusta krefst. Enn fremur ætti skyldan aðeins að gilda þegar opinberi aðilinn sem um er að ræða notar fullvissustigið „verulegt“ eða „hátt“ í tengslum við aðgang að þessari nettengdu þjónustu. Aðildarríkjum ætti áfram að vera frjálst, í samræmi við lög Sambandsins, að viðurkenna rafrænar auðkenningarleiðir með lægri fullvissustig kennsla.
- 16) Fullvissustig ættu að endurspegla tiltrú á getu rafrænna auðkenningarleiða til að staðfesta kennsl á einstaklingi og þannig veita vissu fyrir því að einstaklingur sem heldur fram tilteknu kenni, sé í reynd sá sem fékk kenninu úthlutað. Fullvissustigið fer eftir því hversu mikla tiltrú þessi rafræna auðkenningarleið gefur kenni sem einstaklingur gerir tilkall til eða krefst viðurkenningar á, með hliðsjón af ferlum (t.d. sönnun á kennslum (e. identity proofing), sannprófun og sannvottun), stjórnun (t.d. aðilans sem gefur út rafrænar auðkenningarleiðir og aðferðinni við útgáfu slíkra leiða) og þeim tæknilegu stýringum sem beitt er. Til eru ýmsar tæknilegar skilgreiningar og lýsingar á fullvissustigum sem eru afrakstur stórra tilraunaverkefna, sem fjármögnuð voru af Sambandinu, staðlavinnu og alþjóðlegs starfs. Stóra tilraunaverkefnið STORK og ISO 29115 vísa m.a. til stiga 2, 3 og 4, sem taka ætti ytrasta tillit til við ákvörðun tæknilegra lágmarkskrafna, staðla og ferla fyrir fullvissustigin „lágt“, „verulegt“ og „hátt“ í skilningi þessarar reglugerðar jafnframt því að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar fullvissustigið hátt í tengslum við sönnun á kennslum vegna útgáfu fullgildra vottorða. Kröfurnar sem settar eru ættu að vera hlutlausar í tæknilegu tilliti. Mögulegt ætti að vera að uppfylla nauðsynlegar öryggiskröfur með mismunandi tækni.
- 17) Aðildarríkin ættu að hvetja einkageirann til að velja rafrænar auðkenningarleiðir úr tilkynntri skipan til auðkenningar þegar þess er þörf vegna nettengdrar þjónustu eða rafrænna viðskipta. Möguleikinn á að nota slíkar rafrænar auðkenningarleiðir myndi gera einkageiranum kleift að nýta sér rafræna auðkenningu og sannvottun sem þegar er mikið notuð í mörgum aðildarríkjum, a.m.k. í þágu opinberrar þjónustu, og auðvelda aðgengi fyrirtækja og borgara að nettengdri þjónustu yfir landamæri. Til að greiða fyrir notkun einkageirans á slíkum rafrænum auðkenningarleiðum yfir landamæri ættu treystendur í einkageiranum, sem hafa staðfestu utan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis, að hafa aðgang að sannvottunarmöguleika hvaða aðildarríkis sem er með sömu skilyrðum og treystendur í einkageiranum með staðfestu í því aðildarríki. Að því er varðar treystendur í einkageiranum getur tilkynningaraðildarríkið af þessum sökum skilgreint skilmála fyrir aðgangi að sannvottunarleið. Slíkir aðgangsskilmálar geta falið í sér upplýsingar um hvort sannvottunarleiðin sem er undir tilkynntu skipaninni sé nú aðgengileg treystendum í einkageiranum.
- 18) Í þessari reglugerð ætti að kveða á um bótaábyrgð tilkynningaraðildarríkisins, þeirra sem gefa út rafrænu auðkenningarleiðirnar og aðilanna sem starfrækja sannvottunarferli ef viðeigandi skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð eru ekki uppfylltar. Þó ætti að beita ákvæðum þessarar reglugerðar í samræmi við landsreglur um bótaábyrgð. Reglugerðin hefur því ekki áhrif á þessar landsbundnu reglur, t.d. um skilgreiningu á skaðabótum eða viðeigandi málsmeðferðarreglur sem gilda, þ.m.t. sönnunarbyrði.

- 19) Öryggi rafræna auðkenningarskipana er lykillinn að áreiðanlegri, gagnkvæmri viðurkenningu rafræna auðkenningarleiða yfir landamæri. Í þessu samhengi ættu aðildarríkin að starfa saman að öryggi og samvirkni rafræna auðkenningarskipana á vettvangi Sambandsins. Þegar rafrænar auðkenningarskipanir krefjast þess að treystendur í aðildarríkjunum noti tiltekinn vélbúnað eða hugbúnað kallar samvirkni yfir landamæri á að þessi aðildarríki leggi ekki slíkar kröfur og kostnað þeim tengdan á treystendur, sem hafa staðfestu utan yfirráðasvæðis þeirra. Í slíkum tilvikum ætti að ræða og þróa viðeigandi lausnir innan gildissviðs umgjarðar samvirkni (e. interoperability framework). Samt sem áður verður ekki komist hjá tæknilegum kröfum, sem til koma vegna innbyggðra forskrifta landsbundinna rafræna auðkenningarleiða og líklegt er að hafi áhrif á handhafa slíkra rafræna leiða (t.d. snjallkorta).
- 20) Samstarf aðildarríkjanna ætti að auðvelda tæknilega samvirkni tilkyntra rafræna auðkenningarskipana í því skyni að stuðla að háu stigi trausts og öryggis er hæfi áhættustigi. Upplýsingaskipti og miðlun á bestu starfsvenjum á milli aðildarríkjanna, með gagnkvæma viðurkenningu þeirra fyrir augum, ætti að greiða fyrir slíku samstarfi.
- 21) Þessi reglugerð ætti einnig að setja almennan lagaramma um notkun á traustþjónustu. Reglugerðin ætti þó ekki að leggja á almenna skyldu til að nota traustþjónustu eða til að setja upp tengipunkt fyrir alla traustþjónustu sem fyrir er. Einkum ætti reglugerðin ekki að ná yfir veitingu þjónustu, sem er eingöngu notuð innan lokaðra kerfa á milli fyrirfram ákveðinna þátttakanda og hefur engin áhrif á þriðju aðila. Til dæmis ættu kerfi, sem fyrirtæki eða opinber stjórnvöld setja upp til að stjórna innri ferlum og sem nota traustþjónustu, ekki að falla undir kröfur þessarar reglugerðar. Aðeins traustþjónustu, sem veitt er almenningi og hefur áhrif á þriðju aðila, ber að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Þessi reglugerð ætti heldur ekki að ná yfir þætti sem varða gerð og gildi samninga eða aðrar lagaskyldur, þar sem fram koma kröfur með tilliti til forms sem mælt er fyrir um í landslögum eða lögum Sambandsins. Jafnframt ætti reglugerðin ekki að hafa áhrif á landsbundnar formkröfur varðandi opinberar skrár, einkum fyrirtækjaskrár og þinglýsingarbækur.
- 22) Til að stuðla að almennri notkun traustþjónustu yfir landamæri ætti að vera mögulegt að nota traustþjónustu sem sönnunargagn í málarekstri í öllum aðildarríkjum. Réttaráhrif traustþjónustu skal skilgreina í landslögum, nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.
- 23) Að því marki sem þessi reglugerð gerir skylt að viðurkenna traustþjónustu, er synjun á viðurkenningu einungis heimil ef sá, sem skyldan hvílir á, getur ekki lesið eða sannprófað hana af tæknilegum orsökum sem eru ekki beint á valdi hans. Þessi skylda ætti þó ekki í sjálfu sér að fela í sér kröfu um að opinber aðili verði sér úti um nauðsynlegan vélbúnað og hugbúnað til að tryggja tæknilegan læsileika allrar traustþjónustu sem fyrir er.
- 24) Aðildarríkin geta viðhaldið eða innleitt landsákvæði í tengslum við traustþjónustu, sem samræmast lögum Sambandsins, að svo miklu leyti sem slík þjónusta er ekki að fullu samræmd með þessari reglugerð. Traustþjónusta sem er í samræmi við þessa reglugerð ætti þó að flæða óhindrað á innri markaðinum.
- 25) Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að skilgreina aðrar tegundir traustþjónustu, til viðbótar við traustþjónustur sem eru tæmandi taldar í þessari reglugerð, í þeim tilgangi að viðurkenna þær á landsvísu sem fullgilda traustþjónustu.
- 26) Vegna hraðra tæknibreytinga ætti í þessari reglugerð að beita nálgun sem er opin fyrir nýsköpun.
- 27) Þessi reglugerð ætti að vera hlutlaus í tæknilegu tilliti. Mögulegt ætti að vera að ná réttaráhrifum hennar með hvaða tæknibúnaði sem er, að því tilskildu að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar.

- 28) Til að auka sérstaklega traust lítilla og meðalstórra fyrirtækja og neytenda á innri markaðinum og stuðla að notkun á traustþjónustu og -vörum, ætti að innleiða hugmyndina um fullgilda traustþjónustu og fullgilda traustþjónustuveitendur með það fyrir augum að setja fram kröfur og skyldur sem tryggja hátt öryggisstig sérhverrar fullgildrar traustþjónustu og -vara, sem notaðar eru eða boðnar fram.
- 29) Í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2010/48/EB ⁽¹⁾, einkum 9. gr. samningsins, ætti fatlað fólk að geta notað traustþjónustu og vörur fyrir endanotendur (e. end-user products), sem notaðar eru við að veita þá þjónustu, til jafns við aðra neytendur. Því ættu traustþjónusta sem veitt er og vörur fyrir endanotendur, sem notaðar eru við að veita þá þjónustu, að vera aðgengilegar fötluðu fólki eftir því sem framkvæmanlegt er. Mat á framkvæmanleika ætti m.a. að taka til tæknilegra og efnahagslegra þátta.
- 30) Aðildarríkin ættu að tilnefna eina eða fleiri eftirlitsstofnanir til að annast eftirlitsstarfsemi samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríkin ættu einnig að geta ákveðið, með gagnkvæmum samningi við annað aðildarríki, að tilnefna eftirlitsstofnun á yfirráðasvæði hins aðildarríkisins.
- 31) Eftirlitsstofnanir ættu að starfa með persónuverndaryfirvöldum, t.d. með því að upplýsa þau um niðurstöður úttekta á fullgildum traustþjónustuveitendum, þegar reglur um vernd persónuupplýsinga virðast hafa verið brotnar. Upplýsingamiðlun ætti einkum að ná til öryggisatvika og brota á meðferð persónuupplýsinga.
- 32) Til að styrkja traust notenda á innri markaðinum ætti að hvíla á herðum allra traustþjónustuveitenda sú ábyrgð að fylgja góðum öryggisstarfsvenjum er hæfi áhættunni sem tengist starfsemi þeirra.
- 33) Ákvæði um notkun gervinafna (e. pseudonyms) í vottorðum ættu ekki að hindra aðildarríkin í því að krefjast þess að unnt sé að bera kennsl á einstaklinga samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.
- 34) Öll aðildarríki ættu að fylgja nauðsynlegum sameiginlegum kröfum um eftirlit til að tryggja sambærilegt öryggisstig fullgildrar traustþjónustu. Til að auðvelda samræmda beitingu þessara krafna í öllu Sambandinu ættu aðildarríkin að samþykka sambærilegar verklagsreglur og skiptast á upplýsingum um eftirlitsstarfsemi sína og bestu starfsvenjur á þessu sviði.
- 35) Allir traustþjónustuveitendur ættu að falla undir kröfur þessarar reglugerðar, einkum þær sem varða öryggi og bótaábyrgð, til að tryggja tilhlýðilega kostgæfni (e. due diligence), gagnsæi og ábyrgðarskyldu í starfsemi þeirra og þjónustu. Með tilliti til tegundar þjónustu sem traustþjónustuveitendur láta í té þykir þó rétt, að því er þessar kröfur varðar, að greina á milli fullgildra traustþjónustuveitenda og þeirra sem eru ekki fullgildir.
- 36) Stofnun eftirlitsfyrirkomulags fyrir alla traustþjónustuveitendur ætti að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði að því er varðar öryggi og ábyrgðarskyldu vegna starfsemi þeirra og þjónustu og þannig stuðla að vernd notenda og starfsemi innri markaðarins. Traustþjónustuveitendur sem eru ekki fullgildir ættu að sæta vægu eftirliti sem byggir á viðbragði eftir á vegna eðlis þjónustu þeirra og starfsemi. Eftirlitsstofnuninni ætti því ekki að bera nein almenn skylda til að hafa umsjón með þjónustuveitendum sem eru ekki fullgildir. Eftirlitsstofnun ætti aðeins að grípa til aðgerða ef henni er tilkynnt (t.d. af sjálfum traustþjónustuveitandanum sem ekki er fullgildur, af annarri eftirlitsstofnun, með tilkynningu frá notanda eða viðskiptafélaga eða á grundvelli eigin rannsóknar) að traustþjónustuveitandi, sem er ekki fullgildur, fullnægi ekki kröfum þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2010/48/EB frá 26. nóvember 2009 um staðfestingu Evrópubandalagsins á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Stjútö. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 35).

- 37) Í þessari reglugerð ætti að kveða á um bótaábyrgð allra traustþjónustuveitenda. Einkum er í henni kveðið á um bótaábyrgðarfyrirkomulag, en samkvæmt því ættu allir traustþjónustuveitendur að vera ábyrgir fyrir tjóni sem einstaklingur eða lögaðili verður fyrir vegna þess að skyldur samkvæmt þessari reglugerð eru ekki uppfylltar. Til þess að auðvelda mat á fjárhagslegri áhættu sem traustþjónustuveitendur gætu þurft að bera eða sem þeir ættu að tryggja sig fyrir, heimilar þessi reglugerð traustþjónustuveitendum að setja, við tiltekna aðstæður, takmarkanir á notkun þjónustunnar sem þeir veita og bera þá ekki ábyrgð á tjóni vegna notkunar á þjónustu sem er umfram slíkar takmarkanir. Upplýsa ætti viðskiptavinum um takmarkanirnar fyrirfram á viðeigandi hátt. Slíkar takmarkanir ættu að vera ljósar þriðja aðila, t.d. með því að setja upplýsingar um þær í skilmála um þjónustuna sem veitt er eða með öðrum skýrum hætti. Til að framkvæma megi þessar meginreglur ætti að beita þessari reglugerð í samræmi við landsreglur um bótaábyrgð. Því hefur reglugerðin ekki áhrif á þessar landsbundnu reglur, t.d. um skilgreiningu á skaðabótum, ásetning, gáleysi eða viðeigandi málsmeðferðarreglur sem gilda.
- 38) Brýnt er að öryggisrof og öryggisáhættumat séu tilkynnt til að allir hlutaðeigandi aðilar fái fullnægjandi upplýsingar ef um öryggisrof er að ræða eða heilleiki glatast.
- 39) Til að gera framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum kleift að meta skilvirkni tilkynningakerfisins fyrir öryggisrof, sem innleitt er með þessari reglugerð, ætti að fara fram á það við eftirlitsstofnanir að þær sendi framkvæmdastjórninni og Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins samantekt upplýsinga.
- 40) Til að gera framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum kleift að meta skilvirkni hinnar auknu eftirlitstillögunar, sem innleidd er með þessari reglugerð, ætti að fara fram á að eftirlitsstofnanir gefi skýrslu um starfsemi sína. Það myndi hjálpa til við að greiða fyrir gagnkvæmri miðlun góðra starfsvenja á milli eftirlitsstofnana og gera kleift að ganga úr skugga um að nauðsynlegar kröfur um eftirlit séu framkvæmdar með samræmdum og skilvirkum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 41) Til að tryggja varanleika og endingu fullgildrar traustþjónustu og auka tiltrú notenda á samfellu hennar, ættu eftirlitsstofnanir að ganga úr skugga um að fyrir hendi séu ráðstafanir sem lýsa því hvernig staðið yrði að niðurlagningu starfsemi og að þeim sé rétt beitt komi til þess að fullgildir traustþjónustuveitendur hætti starfsemi.
- 42) Til að auðvelda eftirlit með fullgildum traustþjónustuveitendum, t.d. þegar þjónustuveitandi lætur í té þjónustu á yfirráðasvæði annars aðildarríki og fellur ekki undir eftirlit þar eða þegar tölvur þjónustuveitanda eru staðsettar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem hann hefur staðfestu, ætti að koma á fót gagnkvæmu aðstoðarkerfi á milli eftirlitsstofnana í aðildarríkjunum.
- 43) Til að tryggja að fullgildir traustþjónustuveitendur og þjónustan sem þeir veita uppfylli kröfur þessarar reglugerðar ætti samræmismatsstofa að vinna samræmismat og ættu hinir fullgildu traustþjónustuveitendur að senda eftirlitsstofnuninni skýrslur um niðurstöðu þess mats. Þegar eftirlitsstofnun krefst þess að fullgildur traustþjónustuveitandi leggi fram sérstaka samræmismatsskýrslu ætti eftirlitsstofnunin sérstaklega að virða meginreglur um góða stjórnýsly, þ.m.t. skylduna að rökstyðja ákvarðanir sínar, ásamt því að virða meðalhófsregluna. Eftirlitsstofnun ætti því að rökstyðja á tilhlýðilegan hátt þá ákvörðun sína að fara fram á sérstakt samræmismat.
- 44) Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja samræmdan ramma með það fyrir augum að kveða á um hátt stig öryggis og réttarvissu varðandi traustþjónustu. Í þessu tilliti ætti framkvæmdastjórnin, þegar hún fjallar um samræmismat vöru og þjónustu, eftir því sem við á, að leitast eftir samlegðaráhrifum við viðeigandi evrópsk og alþjóðleg kerfi sem fyrir eru, eins og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾ um kröfur varðandi faggildingu samræmismatsstofa og markaðseftirlit með vörum.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtfð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

- 45) Til að greiða fyrir skilvirku ferli frá upphafi, sem ætti að leiða til þess að fullgildir traustþjónustuveitendur og fullgild traustþjónusta, sem þeir veita, séu tekin inn á traustlista (e. trusted lists), ætti að hvetja til undanfarandi samskipta á milli tilvonandi fullgildra traustþjónustuveitenda og lögbærrar eftirlitsstofnunar, með það fyrir augum að greiða fyrir áreiðanleikakönnuninni sem er forsenda veitingar fullgildrar traustþjónustu.
- 46) Traustlistar eru mikilvægur þáttur í því að byggja upp traust á milli markaðsaðila þar sem þeir sýna fram á að þjónustuveitandinn hafði fullgilda stöðu (e. qualified status) þegar eftirlitið fór fram.
- 47) Tiltrú á nettengdri þjónustu, sem og hagkvæmni hennar, skiptir sköpum til að notendur njóti fulls hagræðis af rafrænni þjónustu og treysti meðvitað á hana. Í þessu skyni ætti að búa til traustmerki ESB til að auðkenna fullgilda traustþjónustu sem veitt er af fullgildum traustþjónustuveitendum. Slíkt traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu myndi aðgreina fullgilda traustþjónustu með skýrum hætti frá annarri traustþjónustu og þannig stuðla að gagnsæi á markaðinum. Notkun fullgildra traustþjónustuveitenda á traustmerki ESB ætti að vera valkvæð og ætti ekki að hafa í för með sér aðrar kröfur en þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 48) Þó svo að hátt öryggisstig sé nauðsynlegt til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu rafrænna undirskrifta ætti í sérstökum tilvikum, eins og í tengslum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB ⁽¹⁾, einnig að samþykka rafrænar undirskriftir með lægri fullvissu öryggis.
- 49) Með þessari reglugerð ætti að koma á þeirri meginreglu að ekki ætti að hafna réttaráhrifum rafrænnar undirskriftar af þeirri ástæðu að hún er á rafrænu formi eða að hún uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fullgildrar rafrænnar undirskriftar. Engu að síður er það landslaga að skilgreina réttaráhrif rafrænna undirskrifta nema að því er varðar kröfurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð um að fullgild rafræn undirskrift eigi að hafa jafngild réttaráhrif og eiginhandarundirskrift.
- 50) Þar sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum nota nú útfærðar rafrænar undirskriftir með mismunandi sniði til að undirrita skjöl sín rafrænt, er nauðsynlegt að tryggja að aðildarríki geti tæknilega stutt við a.m.k. nokkur snið útfærðra rafrænna undirskrifta þegar þau taka við skjölum sem undirrituð eru rafrænt. Á sama hátt þyrfti að tryggja að aðildarríkin geti stutt við a.m.k. nokkur snið útfærðra rafrænna innsigla þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum nota útfærð rafræn innsigli.
- 51) Undirritandi ætti að geta falið þriðja aðila umsjón með fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði að því tilskildu að viðeigandi fyrirkomulag og verklag sé notað til að tryggja að undirritandinn hafi einn stjórn á notkun rafrænna undirskriftargagna sinna og að notkun búnaðarins sé í samræmi við kröfur um fullgildar rafrænar undirskriftir.
- 52) Gert er ráð fyrir að rafrænar fjarundirskriftir (e. remote electronic signatures), þar sem rafrænu undirskriftarumhverfi er stjórnað af traustþjónustuveitanda fyrir hönd undirritandans, aukist í ljósi margþætts efnahagslegs ávinnings af þeim. Til að tryggja að slíkar rafrænar undirskriftir njóti sömu lagalegrar viðurkenningar og rafrænar undirskriftir í umhverfi sem að fullu stjórnað af notanda, ættu þjónustuveitendur fyrir rafrænar fjarundirskriftir samt sem áður að beita sérstöku öryggisverklagi við stjórnun og stjórnslu og nota áreiðanleg kerfi og vörur, þ.m.t. öruggar rafrænar samskiptarásir, til að tryggja að rafrænt undirskriftarumhverfi sé áreiðanlegt og undirritandinn hafi einn stjórn á notkun þess. Þegar fullgild rafræn undirskrift hefur verið mynduð með rafrænum fjarundirskriftarbúnaði ættu kröfurnar, sem gilda um fullgilda traustþjónustuveitendur, sem settar eru fram í þessari reglugerð, að gilda.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjútíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36).

- 53) Tímabundin ógilding fullgildra vottorða er viðurkennd starfsvenja traustþjónustuveitenda í ýmsum aðildarríkjum og er ekki það sama og afturköllun heldur felur í sér að vottorð verða ógild tímabundið. Vegna réttarvissu er nauðsynlegt að tímabundin ógildingarstaða vottorðs komi ávallt skýrt fram. Í því skyni ættu traustþjónustuveitendur að bera ábyrgð á því að gefa upp stöðu vottorðs með skýrum hætti og, ef um tímabundna ógildinguna er að ræða, þá nákvæmlega hversu lengi ógildingin hefur varað. Í þessari reglugerð ætti ekki að kveða á um að traustþjónustuveitendum eða aðildarríkjum beri að nota tímabundnar ógildingar en tilgreina ætti reglur um gagnsæi þá og þegar slíkar starfsvenjur eru aðgengilegar.
- 54) Samvirkni og viðurkenning yfir landamæri á fullgildum vottorðum er forsenda fyrir viðurkenningu fullgildra rafrænna undirskrifa yfir landamæri. Því ættu ekki að gilda um fullgild vottorð neinar ófrávíkjanlegar kröfur sem ganga lengra en kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þó ætti á landsvísu að vera heimilt að bæta sérstökum eigindum, s.s. einkvæmu kennimarki, inn í fullgild vottorð að því tilskildu að slíkar sérstakar eigindir hamli ekki samvirkni og viðurkenningu yfir landamæri á fullgildum vottorðum og rafrænum undirskriftum.
- 55) Öryggisvottun í upplýsingatækni á grundvelli alþjóðlegra staðla eins og ISO 15408 og tengdra matsaðferða og fyrirkomulags við gagnkvæma viðurkenningu, er mikilvægt tæki til að sannreyna öryggi fullgilds rafræns undirskriftarbúnaðar og ætti að stuðla að henni. Þó styðjast nýstárlegar lausnir og þjónusta, s.s. undirritun með fartækjum (e. mobile signing) og í skýinu (e. cloud signing), við tæknilegar og skipulagslegar lausnir fyrir fullgildan rafrænan undirskriftarbúnað þar sem kann að vera að öryggisstaðlar séu ekki enn fyrir hendi eða þar sem fyrsta öryggisvottun í upplýsingatækni stendur yfir. Aðeins ætti að mega meta öryggisstig slíks fullgilds rafræns undirskriftarbúnaðar með öðrum aðferðum ef slíkir öryggisstaðlar eru ekki tiltækir eða ef fyrsta öryggisvottun í upplýsingatækni stendur yfir. Slíkar aðferðir ættu að vera sambærilegar stöðlum fyrir öryggisvottun í upplýsingatækni að því marki sem öryggisstig þeirra er jafngilt. Greiða mætti fyrir þessum aðferðum með jafningjaryni.
- 56) Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um kröfur sem eru gerðar til fullgilds rafræns undirskriftarbúnaðar í því skyni að tryggja virkni útfærðra rafrænna undirskrifa. Í henni ætti ekki að fjalla um gervallt umhverfi þess kerfis sem slíkur búnaður vinnur í. Umfang vottunar fullgilds undirskriftarbúnaðar ætti því að takmarkast við vélbúnað og kerfishugbúnað sem notaður er til að stjórna og vernda undirskriftargögnin, sem verða til, eru vistuð eða til meðferðar í undirskriftarbúnaðinum. Eins og fram kemur í viðkomandi stöðlum ætti umfang vottunarskyldunnar ekki að taka til hugbúnaðar sem myndar undirskrift.
- 57) Til að tryggja réttarvissu varðandi lögmæti undirskriftar er mikilvægt að tilgreina þá þætti fullgildrar rafrænnar undirskriftar sem treystandinn, sem staðfestir gildið, ætti að meta. Enn fremur, tilgreining krafna til fullgildra traustþjónustuveitenda sem geta veitt treystendum, sem vilja ekki eða geta ekki sjálfir séð um staðfestingu á fullgildum rafrænum undirskriftum, fullgilda staðfestingarþjónustu, ætti að hvetja einkaaðila og hið opinbera til að fjárfesta í slíkri þjónustu. Bæði þessi atriði ættu að gera staðfestingu á fullgildum rafrænum undirskriftum auðveldu og þægilega fyrir alla aðila á vettvangi Sambandsins.
- 58) Þegar fullgilds rafræns innsiglis lögaðila er krafist í viðskiptum ætti fullgild rafræn undirskrift frá viðurkenndum fulltrúa lögaðilans að vera jafngild.
- 59) Rafræn innsigli ættu að vera til sönnunar á að rafrænt skjal hafi verið gefið út af lögaðila og tryggja fullvissu um uppruna skjalsins og heilleika.
- 60) Traustþjónustuveitendur, sem gefa út fullgild vottorð fyrir rafræn innsigli, ættu að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta staðfest kennsl einstaklings sem kemur fram fyrir hönd lögaðila, sem fullgild vottorð fyrir rafræn innsigli eru gefin út fyrir, þegar slík auðkenning er nauðsynleg á landsvísu í tengslum við dóms- eða stjórnsýslumeðferð.

- 61) Þessi reglugerð ætti að tryggja langtímavarðveislu upplýsinga til að tryggja lögmæti rafrænna undirskrifa og rafrænna innsigla til langs tíma og ábyrgjast að hægt sé að staðfesta þau án tillits til tæknilegra breytinga í framtíðinni.
- 62) Til að tryggja öryggi fullgildra rafrænna tímastimpla ætti þess að vera krafist í þessari reglugerð að notuð séu útfærð rafræn innsigli eða útfærðar rafrænar undirskriftir eða aðrar sambærilegar aðferðir. Fyrirsjáanlegt er að nýsköpun geti haft í för með sér tækninýjungar sem geta tryggt jafngilt öryggisstig tímastimpla. Í hvert sinn sem önnur aðferð en útfært rafrænt innsigli eða útfærð rafræn undirskrift er notuð, ætti það að vera á ábyrgð hins fullgilda traustþjónustuveitanda að sýna fram á, með samræmismatsskýrslu, að aðferðin tryggi sambærilegt öryggisstig og uppfylli skyldurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- 63) Rafræn skjöl eru mikilvæg fyrir frekari þróun rafrænna viðskipta yfir landamæri á innri markaðinum. Með þessari reglugerð ætti að koma á þeirri meginreglu að ekki ætti að hafna því að rafrænt skjal hafi réttaráhrif af þeirri ástæðu að það er á rafrænu formi, til að tryggja að rafrænum viðskiptum verði ekki hafnað einungis vegna þess að skjal er á rafrænu formi.
- 64) Þegar framkvæmdastjórnin fjallar um snið útfærðra rafrænna undirskrifa og innsigla ætti hún að byggja á gildandi starfsvenjum, stöðlum og löggjöf, einkum ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB ⁽¹⁾.
- 65) Til viðbótar við það að sannvotta skjal sem útgefið er af lögaðila má nota rafræn innsigli til að sannvotta hvers konar stafræna eign lögaðilans, eins og hugbúnaðarkóða eða netþjóna.
- 66) Nauðsynlegt er að kveða á um lagaramma til að auðvelda viðurkenningu yfir landamæri á milli gildandi réttarkerfa landanna í tengslum við rekjanlega rafræna afhendingarþjónustu. Þessi rammi gæti einnig opnað fyrir ný markaðstækifæri fyrir traustþjónustuveitendur í Sambandinu, þ.e. að bjóða upp á nýja, samevrópska, rekjanlega rafræna afhendingarþjónustu.
- 67) Sannvottunarþjónusta fyrir vefsetur gerir þeim, sem heimsækir vefsetrið, kleift að fullvissa sig um að raunverulegur og lögmætur aðili standi á bak við vefsetrið. Slík þjónusta stuðlar að því að byggja upp traust og tiltrú á nettengdum viðskiptum þar sem notendur munu treysta vefsetri sem hefur verið sannvottað. Veiting og notkun sannvottunarþjónustu fyrir vefsetur er algjörlega valfrjál. Til að sannvottun vefseturs geti orðið leið til að auka traust, bæta upplifun notandans og stuðla að vexti innri markaðarins, ætti þó í þessari reglugerð að mæla fyrir um lágmarksskuldbindingar varðandi öryggi og bótaábyrgð þjónustuveitanda og þjónustunnar sem þeir veita. Í því skyni hefur verið tekið tillit til niðurstaðna þeirra framtaksverkefna sem fyrir eru undir forystu iðnaðarins, t.d. samstarfssvetvangs vottunarstöðva/vafra (e. CA/B forum). Þar að auki ætti þessi reglugerð ekki að hindra notkun annarra úrræða eða aðferða til að votta vefsetur, sem falla ekki undir þessa reglugerð, né ætti hún að koma í veg fyrir að veitendur sannvottunarþjónustu fyrir vefsetur frá þriðju löndum þjónusti viðskiptavini í Sambandinu. Þjónustuveitandi frá þriðja landi ætti þó aðeins að fá sannvottunarþjónustu sína fyrir vefsetur viðurkennda sem fullgilda í samræmi við þessa reglugerð ef gerður hefur verið alþjóðasamningur á milli Sambandsins og staðfestulands þjónustuveitandans.
- 68) Hugtakið „lögaðilar“ gerir, samkvæmt ákvæðum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um staðfestu, rekstraráðilum kleift að velja sér það rekstrarform að lögum sem þeir telja viðeigandi fyrir starfsemi sína. Í samræmi við það merkir „lögaðilar“, í skilningi sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, alla aðila sem eru stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis eða falla undir þau, óháð því hvert rekstrarform þeirra er að lögum.
- 69) Stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins eru hvattar til að viðurkenna rafræna auðkenningu og traustþjónustu, sem fellur undir þessa reglugerð í þeim tilgangi að nýta sér samvinnu á sviði stjórnsýslu, einkum um góðar starfsvenjur sem fyrir hendi eru og niðurstöður þeirra verkefna sem eru í gangi á þeim sviðum sem falla undir þessa reglugerð.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB frá 25. febrúar 2011 um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 66).

- 70) Til að koma til fyllingar tilteknum ítarlegum, tæknilegum þáttum þessarar reglugerðar með sveigjanlegum og skjótum hætti ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar viðmiðin sem aðilar, sem bera ábyrgð á vottun fullgilds rafræns undirskriftarbúnaðar, þurfa að uppfylla. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 71) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald, einkum til að tilgreina tilvísunarnúmer staðla sem líta má svo á að jafngildi því, þegar þeir eru notaðir, að tilteknar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð séu uppfylltar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁾.
- 72) Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir ætti hún að taka tilhlýðilegt tillit til staðla og tækniforskrifta evrópskra og alþjóðlegra staðlastofnana, einkum Staðlasamtaka Evrópu, Fjarskiptastaðla-stofnunar Evrópu, Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðafjarskiptasambandsins, með það í huga að tryggja hátt stig öryggis og samvirkni rafrænnar auðkenningar og traustþjónustu.
- 73) Í þágu réttarvissu og skýrleika laga ætti að fella niður tilskipun 1999/93/EB.
- 74) Til að tryggja réttarvissu fyrir markaðsaðila, sem þegar nota fullgild vottorð sem gefin eru út til handa einstaklingum í samræmi við tilskipun 1999/93/EB, er nauðsynlegt að kveða á um fullnægjandi umbreytingartímabil. Einnig ætti að kveða á um umbreytingarráðstafanir fyrir öruggan undirskriftarbúnað, sem staðfest hefur verið að sé í samræmi við tilskipun 1999/93/EB, sem og vottunaraðila, sem gefa út fullgild vottorð, fyrir 1. júlí 2016. Að lokum er einnig nauðsynlegt að kveða á um úrræði fyrir framkvæmdastjórnina til að samþykkja framkvæmdargerðir og framseldar gerðir fyrir þann dag.
- 75) Framkvæmdardagsetningarnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, hafa ekki áhrif á gildandi skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt lögum Sambandsins, einkum samkvæmt tilskipun 2006/123/EB.
- 76) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 77) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾ og skilaði hún álit 27. september 2012 ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtíð. ESB C 28, 30.1.2013, bls. 6.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í því skyni að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins jafnframt því að stefna að fullnægjandi öryggisstigi rafræna auðkenningarleiða og traustþjónustu er í þessari reglugerð:

- a) mælt fyrir um með hvaða skilyrðum aðildarríkin skuli viðurkenna rafrænar auðkenningarleiðir einstaklinga og lögaðila sem falla undir tilkynnta, rafræna auðkenningarskipan í öðru aðildarríki,
- b) mælt fyrir um reglur fyrir traustþjónustu, einkum fyrir rafræn viðskipti, og
- c) komið á lagaramma fyrir rafrænar undirskriftir, rafræn innsigli, rafræna tímastimpla, rafræn skjöl, rekjanlega rafræna afhendingarþjónustu og vottunarþjónustu fyrir sannvottun vefsetra.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um rafrænar auðkenningarskipanir sem aðildarríki hefur tilkynnt um og um traustþjónustuveitendur sem hafa staðfestu í Sambandinu.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um veitingu traustþjónustu sem er eingöngu notuð innan lokaðra kerfa samkvæmt landslögum eða samningum á milli fyrirfram ákveðinna þátttakenda.
3. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á landslög eða lög Sambandsins sem varða gerð og gildi samninga eða aðrar laga- eða málsmeðferðarskyldur með tilliti til forms.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „rafræn auðkenning“: sú aðferð að nota auðkenningargögn aðila á rafrænu formi sem standa með einkvæmum hætti fyrir einstakling eða lögaðila eða einstakling sem er fulltrúi lögaðila,
- 2) „rafræn auðkenningarleið“: efnisleg og/eða óefnisleg eining sem inniheldur auðkenningargögn aðila og er notuð til sannvottunar vegna nettengdrar þjónustu,
- 3) „auðkenningargögn aðila“: gögn sem gera mögulegt að staðfesta kennsl einstaklings eða lögaðila, eða einstaklings sem er fulltrúi lögaðila,
- 4) „rafræn auðkenningarskipan“: fyrirkomulag fyrir rafræna auðkenningu, sem rafrænar auðkenningarleiðir eru gefnar út undir, til handa einstaklingum eða lögaðilum, eða einstaklingum sem eru fulltrúar lögaðila,

- 5) „sannvottun“: rafrænt ferli sem gerir mögulegt að staðfesta rafræna auðkenningu á einstaklingi eða lögaðila eða uppruna og heilleika gagna á rafrænu formi,
- 6) „treystandi“: einstaklingur eða lögaðili sem treystir á rafræna auðkenningu eða traustþjónustu,
- 7) „opinber aðili“: ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvald, aðili sem heyrir undir opinberan rétt eða samtök sem mynduð eru af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri slíkum aðilum sem heyra undir opinberan rétt eða einkaaðili sem hefur umboð a.m.k. eins þessara yfirvalda, aðila eða samtaka til að veita opinbera þjónustu, þegar hann starfar samkvæmt slíku umboði,
- 8) „aðili sem heyrir undir opinberan rétt“: aðili samkvæmt skilgreiningu í 4. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ⁽¹⁾,
- 9) „undirritandi“: einstaklingur sem býr til rafræna undirskrift,
- 10) „rafræn undirskrift“: gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi og undirritandi notar til að undirrita,
- 11) „útfærð rafræn undirskrift“: rafræn undirskrift sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 26. gr.,
- 12) „fullgild rafræn undirskrift“: útfærð rafræn undirskrift sem er mynduð með fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði og studd fullgildu vottorði fyrir rafrænar undirskriftir,
- 13) „rafræn undirskriftargögn“: einkvæm gögn sem undirritandi notar til að mynda rafræna undirskrift,
- 14) „vottorð fyrir rafræna undirskrift“: rafrænn vitnisburður sem tengir staðfestingargögn rafrænnar undirskriftar við einstakling og staðfestir a.m.k. nafn eða gervinafn þess einstaklings,
- 15) „fullgilt vottorð fyrir rafræna undirskrift“: vottorð fyrir rafrænar undirskriftir sem er gefið út af fullgildum traustþjónustuveitanda og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka,
- 16) „traustþjónusta“: rafræn þjónusta, sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun og felst í:
 - a) myndun, sannprófun og staðfestingu rafrænna undirskrifta, rafrænna innsigla eða rafrænna tímastimpla, rekjanlegrar rafrænnar afhendingarþjónustu og vottorða sem tengjast þessum þjónustum eða
 - b) myndun, sannprófun og staðfestingu vottorða fyrir sannvottun vefsetra eða
 - c) varðveislu rafrænna undirskrifta, innsigla eða vottorða sem tengjast þessum þjónustum,
- 17) „fullgild traustþjónusta“: traustþjónusta sem uppfyllir viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjútíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

- 18) „samræmismatsstofa“: stofa sem skilgreind er í 13. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, sem hefur faggildingu í samræmi við þá reglugerð sem hæf til að annast samræmismat á fullgildum traustþjónustuveitanda og fullgildri traustþjónustu sem hann veitir,
- 19) „traustþjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir eina eða fleiri tegundir traustþjónustu, annað hvort sem fullgildur traustþjónustuveitandi eða traustþjónustuveitandi sem hefur ekki fullgildingu,
- 20) „fullgildur traustþjónustuveitandi“: traustþjónustuveitandi sem veitir eina eða fleiri tegundir fullgildrar traustþjónustu og sem eftirlitsstofnun hefur veitt fullgilda stöðu,
- 21) „vara“: vél- eða hugbúnaður eða viðeigandi hlutar vél- eða hugbúnaðar sem eru til þess ætlaðir að vera notaðir til að veita traustþjónustu,
- 22) „rafrænn undirskriftarbúnaður“: samskipaður hugbúnaður eða vélbúnaður sem notaður er til að mynda rafræna undirskrift,
- 23) „fullgildur rafrænn undirskriftarbúnaður“: rafrænn undirskriftarbúnaður sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka,
- 24) „aðili sem innsiglar“: lögaðili sem býr til rafrænt innsigli,
- 25) „rafrænt innsigli“: gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi til að tryggja uppruna og heilleika hinna síðarnefndu,
- 26) „útfært rafrænt innsigli“: rafrænt innsigli sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 36. gr.,
- 27) „fullgilt rafrænt innsigli“: útfært rafrænt innsigli sem er myndað með fullgildum, rafrænum innsiglisbúnaði og stutt fullgildu vottorði fyrir rafrænt innsigli,
- 28) „rafræn innsiglisgögn“: einkvæm gögn sem sá aðili sem innsiglar, notar til að mynda rafrænt innsigli,
- 29) „vottorð fyrir rafrænt innsigli“: rafrænn vitnisburður sem tengir staðfestingargögn rafræns innsiglis við lögaðila og staðfestir nafn hans,
- 30) „fullgilt vottorð fyrir rafrænt innsigli“: vottorð fyrir rafrænt innsigli sem er gefið út af fullgildum traustþjónustuveitanda og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka,
- 31) „rafrænn innsiglisbúnaður“: samskipaður hugbúnaður eða vélbúnaður sem notaður er til að mynda rafrænt innsigli,
- 32) „fullgildur rafrænn innsiglisbúnaður“: rafrænn innsiglisbúnaður sem, að breyttu breytanda, uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka,
- 33) „rafrænn tímastimpill“: gögn á rafrænu formi sem binda önnur gögn á rafrænu formi við tiltekinn tíma til að sanna að síðarnefndu gögnin voru til á þeim tíma,
- 34) „fullgildur rafrænn tímastimpill“: rafrænn tímastimpill sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 42. gr.,

- 35) „rafrænt skjal“: hvert það efni sem er vistað á rafrænu formi, einkum sem texti eða hljóðupptaka, myndupptaka eða hljóðmyndræn upptaka,
- 36) „rekjanleg rafræn afhendingarþjónusta“: þjónusta sem gerir mögulegt að flytja gögn á milli þriðju aðila með rafrænum hætti og færir sönnur á meðhöndlun gagnanna sem eru flutt, þ.m.t. sönnun fyrir sendingu og móttöku gagnanna, og verndar gögn í flutningi gegn hættu á tapi, þjófnaði, skemmdum eða hvers konar óheimilum breytingum,
- 37) „fullgild rekjanleg rafræn afhendingarþjónusta“: rekjanleg rafræn afhendingarþjónusta sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 44. gr.,
- 38) „vottorð fyrir sannvottun vefseturs“: vitnisburður sem gerir mögulegt að sannvotta vefsetur og tengir vefsetrið við einstaklinginn eða lögaðilann sem vottorðið er gefið út fyrir,
- 39) „fullgilt vottorð fyrir sannvottun vefseturs“: vottorð fyrir sannvottun vefseturs sem er gefið út af fullgildum traustþjónustuveitanda og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka,
- 40) „staðfestingargögn“: gögn sem eru notuð til að staðfesta gildi rafrænnar undirskriftar eða rafræns innsiglis,
- 41) „staðfesting“: sú aðgerð að sannprófa og staðfesta að rafræn undirskrift sé gild eða að rafrænt innsigli sé gilt.

4. gr.

Meginregla um innri markaðinn

1. Ekki skulu vera neinar takmarkanir á veitingu traustþjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkis af hálfu traustþjónustuveitanda með staðfestu í öðru aðildarríki, af ástæðum sem heyra undir þau svið sem þessi reglugerð tekur til.
2. Heimilt skal vera að dreifa vörum og traustþjónustu, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, óhindrað á innri markaðinum.

5. gr.

Vinnsla og vernd upplýsinga

1. Vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB.
2. Með fyrirvara um réttaráhrif gervinafna samkvæmt landslögum skal ekki banna notkun gervinafna í rafrænum viðskiptum.

II. KAFLI

RAFRÆN AUÐKENNING

6. gr.

Gagnkvæm viðurkenning

1. Þegar rafrænnar auðkenningar með rafrænni auðkenningarleið og sannvottunar er krafist, samkvæmt landslögum eða stjórnáráðsluframkvæmd, til að fá aðgang að nettengdri þjónustu opinbers aðila í einhverju aðildarríki, skal viðurkenna rafræna auðkenningarleið, sem gefin er út í öðru aðildarríki, í fyrrnefnda aðildarríkinu í þágu sannvottunar yfir landamæri fyrir þá nettengdu þjónustu, að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a) rafræna auðkenningarleiðin er gefin út undir rafrænni auðkenningarskipan sem er tilgreind í skránni sem framkvæmdastjórnin gefur út skv. 9. gr.,

- b) fullvissustig rafrænu auðkenningarleiðarinnar samsvarar eða er hærra en það fullvissustig sem viðkomandi opinber aðili krefst til aðgangs að þessari nettengdu þjónustu í fyrrnefnda aðildarríkinu, að því tilskildu að fullvissustig rafrænu auðkenningarleiðarinnar samsvari fullvissustiginu „verulegt“ eða „hátt“,
- c) viðkomandi opinber aðili notar fullvissustigið „verulegt“ eða „hátt“ í tengslum við aðgang að þessari nettengdu þjónustu.

Slík viðurkenning skal fara fram eigi síðar en 12 mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin gefur út skrána sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar.

2. Opinberum aðilum er heimilt að viðurkenna rafræna auðkenningarleið, sem er gefin út undir rafrænni auðkenningarskipan sem er á skránni sem framkvæmdastjórnin gefur út skv. 9. gr. og sem samsvarar fullvissustiginu „lág“; í þágu sannvottunar yfir landamæri fyrir þá nettengdu þjónustu sem þessir aðilar veita.

7. gr.

Forkröfur tilkynninga um rafrænar auðkenningarskipanir

Tilkynna má um rafræna auðkenningarskipan skv. 1. mgr. 9. gr. að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a) rafrænar auðkenningarleiðir undir rafrænu auðkenningarskipaninni eru gefnar út:
 - i. af tilkynningaraðildarríkinu,
 - ii. samkvæmt umboði tilkynningaraðildarríkisins eða
 - iii. óháð tilkynningaraðildarríkinu en eru viðurkenndar af því aðildarríki,
- b) hægt er að nota rafrænu auðkenningarleiðirnar undir rafrænu auðkenningarskipaninni til aðgengis að a.m.k. einni þjónustu sem opinber aðili veitir og sem krefst rafrænnar auðkenningar í tilkynningaraðildarríkinu,
- c) rafræna auðkenningarskipanin og rafrænu auðkenningarleiðirnar sem gefnar eru út undir henni uppfylla kröfur a.m.k. eins af þeim fullvissustigum sem sett eru fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 3. mgr. 8. gr.,
- d) tilkynningaraðildarríkið tryggir að auðkenningargögn aðila, sem einkvæmt lýsa viðkomandi aðila, séu rekjanleg, í samræmi við tækniforskriftir, staðla og ferla fyrir viðeigandi fullvissustig sem sett eru fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 3. mgr. 8. gr., til einstaklingsins eða lögaðilans, sem um getur í 1. lið 3. gr., á þeim tíma sem rafræna auðkenningarleiðin undir skipaninni er gefin út,
- e) aðilinn sem gefur út rafræna auðkenningarleið undir skipaninni tryggir að rafræna auðkenningarleiðin sé rekjanleg, í samræmi við tækniforskriftir, staðla og ferla fyrir viðkomandi fullvissustig sem sett eru fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 3. mgr. 8. gr., til einstaklingsins sem um getur í d-lið þessarar greinar,
- f) tilkynningaraðildarríkið tryggir að nettengd sannvottun sé aðgengileg þannig að treystandi, sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki, geti sannreynt auðkenningargögn aðila sem móttékin eru á rafrænu formi.

Tilkynningaraðildarríkinu er heimilt að skilgreina skilyrði fyrir aðgangi að slíkri sannvottun að því er varðar aðra treystendur en opinbera aðila. Sannvottun yfir landamæri skal vera án endurgjalds þegar hún fer fram í tengslum við nettengda þjónustu á vegum opinbers aðila.

Aðildarríkin skulu ekki leggja neinar sérstakar, óhóflegar tæknilegar kröfur á treystendur sem hyggjast inna af hendi slíka sannvottun ef slíkar kröfur koma í veg fyrir, eða hindra umtalsvert, samvirkni tilkynntu rafrænu auðkenningarskipananna,

- g) a.m.k. sex mánuðum fyrir tilkynninguna skv. 1. mgr. 9. gr. lætur tilkynningaraðildarríkið hinum aðildarríkjunum í té, í tengslum við skylduna skv. 5. mgr. 12. gr., lýsingu á skipaninni í samræmi við verklagið sem komið er á með framkvæmdargerðunum sem um getur í 7. mgr. 12. gr.,
- h) rafræna auðkenningarskipanin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 8. mgr. 12. gr.

8. gr.

Fullvissustig rafrænna auðkenningarskipana

1. Rafræn auðkenningarskipan, sem er tilkynnt skv. 1. mgr. 9. gr., skal tilgreina fullvissustigin „lágt“, „verulegt“ og/eða „hátt“ fyrir rafrænar auðkenningarleiðir sem gefnar eru út undir þeirri skipan.
2. Fullvissustigin „lágt“, „verulegt“ og „hátt“ skulu, í þeirri röð, uppfylla eftirfarandi viðmið:
 - a) fullvissustigið „lágt“ skal vísa til rafrænnar auðkenningarleiðar undir rafrænni auðkenningarskipan sem gefur nokkra tiltrú á kennslum sem aðili gerir tilkall til eða krefst viðurkenningar á og er afmarkað með tilvísun í tækniforskriftir, staðla og tengda ferla, þ.m.t. tæknilegar stýringar, sem hafa þann tilgang að draga úr áhættunni á misnotkun eða breytingum á kennum,
 - b) fullvissustigið „verulegt“ skal vísa til rafrænnar auðkenningarleiðar undir rafrænni auðkenningarskipan sem gefur verulega tiltrú á kennslum sem aðili gerir tilkall til eða krefst viðurkenningar á og er afmarkað með tilvísun í tækniforskriftir, staðla og tengda ferla, þ.m.t. tæknilegar stýringar, sem hafa þann tilgang að draga verulega úr áhættunni á misnotkun eða breytingum á kennum,
 - c) fullvissustigið „hátt“ skal vísa til rafrænnar auðkenningarleiðar undir rafrænni auðkenningarskipan sem gefur meiri tiltrú á kennslum sem aðili gerir tilkall til eða krefst viðurkenningar á heldur en rafræn auðkenningarleið með fullvissustigið „verulegt“ og er afmarkað með tilvísun í tækniforskriftir, staðla og tengda ferla, þ.m.t. tæknilegar stýringar, sem hafa þann tilgang að koma í veg fyrir misnotkun eða breytingar á kennum.
3. Eigi síðar en 18. september 2015, með tilliti til viðeigandi alþjóðlegra staðla og með fyrirvara um 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, setja fram lágmarkstækniforskriftir, -staðla og -ferla sem lögð skulu til grundvallar þegar fullvissustigin „lágt“, „verulegt“ eða „hátt“ eru ákvörðuð fyrir rafrænar auðkenningarleiðir skv. 1. mgr.

Þessar lágmarkstækniforskriftir, -staðla og -ferla skal setja fram á grundvelli áreiðanleika og gæða eftirfarandi þátta:

- a) verklags við að sanna og sannprófa kennsl einstaklings eða lögaðila sem sækir um rafræna auðkenningarleið,

- b) verklags við útgáfu rafrænu auðkenningarleiðarinnar sem óskað er eftir,
- c) sannvottunarferlisins sem notað er þegar einstaklingurinn eða lögaðilinn notar rafrænu auðkenningarleiðina til að staðfesta kennsl sín við treystanda,
- d) aðila sem gefur út rafrænu auðkenningarleiðina,
- e) allra annarra aðila sem koma að umsókninni um útgáfu rafrænu auðkenningarleiðarinnar og
- f) tækni- og öryggisforskrifta útgefnu rafrænu auðkenningarleiðarinnar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

9. gr.

Tilkynning

1. Tilkynningaraðildarríkið skal senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar og, án ástæðulausrar tafar, allar síðari breytingar þar á:

- a) lýsingu á rafrænu auðkenningarskipaninni, þ.m.t. fullvissustig hennar og útgefanda eða útgefendur rafrænna auðkenningarleiða undir skipaninni,
- b) gildandi eftirlitsfyrirkomulag og upplýsingar um bótaábyrgðarfyrirkomulag að því er varðar eftirfarandi:
 - i. aðilann sem gefur út rafrænu auðkenningarleiðina og
 - ii. aðilann sem starfrækir sannvottunarferlið,
- c) yfirvaldið eða yfirvöldin sem bera ábyrgð á rafrænu auðkenningarskipaninni,
- d) upplýsingar um aðilann eða aðilana sem sjá um skráningu einkvæmra auðkenningargagna aðila,
- e) lýsingu á hvernig kröfunum, sem settar eru fram í framkvæmdargerðunum sem um getur í 8. mgr. 12. gr., er fullnægt,
- f) lýsingu á sannvottuninni, sem um getur í f-lið 7. gr.,
- g) fyrirkomulag tímabundinnar ógildingar eða afturköllunar á annað hvort tilkynntu rafrænu auðkenningarskipaninni eða sannvottuninni eða viðkomandi hlutum þeirra sem stefnt hefur verið í hættu.

2. Einu ári frá þeim degi sem framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 8. mgr. 12. gr., koma til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin birta skrá í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfir rafrænar auðkenningarskipanir sem tilkynnt hefur verið um skv. 1. mgr. þessarar greinar og grunnupplýsingar um þær.

3. Ef framkvæmdastjórninni berst tilkynning eftir að fresturinn, sem um getur í 2. mgr., er runninn út, skal hún birta breytingar á skránni, sem um getur í 2. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* innan 2 mánaða frá móttöku þeirrar tilkynningar.

4. Aðildarríki getur lagt fram beiðni hjá framkvæmdastjórninni um að fjarlægja rafræna auðkenningarskipan, sem það aðildarríki hefur tilkynnt um, af skránni sem um getur í 2. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta samsvarandi breytingar á skránni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* innan mánaðar frá því að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis berst.

5. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, skilgreint kringumstæður, snið og verklag fyrir tilkynningar skv. 1. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

10. gr.

Öryggisrof

1. Ef öryggi, annað hvort rafrænu auðkenningarskipanarinnar, sem tilkynnt hefur verið um skv. 1. mgr. 9. gr., eða sannvottunarinnar, sem um getur í f-lið 7. gr., er rofið eða veikt, þannig að það hafi áhrif á áreiðanleika sannvottunar þeirrar skipanar yfir landamæri, skal tilkynningaraðildarríkið án tafar fella tímabundið úr gildi eða afturkalla þá sannvottun yfir landamæri eða þá hluta skipanarinnar sem veikt hefur verið og tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það.

2. Þegar bætt hefur verið úr öryggisrofi skipanarinnar eða komið í veg fyrir hættuna sem um getur í 1. mgr. skal tilkynningaraðildarríkið koma á sannvottun yfir landamæri að nýju og tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það án ástæðulausrar tafar.

3. Ef ekki er bætt úr öryggisrofi skipanarinnar eða komið í veg fyrir hættuna, sem um getur í 1. mgr., innan þriggja mánaða frá tímabundinni ógildingu eða afturköllun skal tilkynningaraðildarríkið tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um að rafræna auðkenningarskipanin sé dregin til baka.

Framkvæmdastjórnin skal birta samsvarandi breytingar á skránni, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* án ástæðulausrar tafar.

11. gr.

Bótaábyrgð

1. Tilkynningaraðildarríkið skal bera ábyrgð á tjóni, sem einstaklingur eða lögaðili verður fyrir, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi og rekja má til þess að það hefur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar skv. d- og f-lið 7. gr. í viðskiptum yfir landamæri.

2. Aðilinn sem gefur út rafrænu auðkenningarleiðina skal bera ábyrgð á tjóni, sem einstaklingur eða lögaðili verður fyrir, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi og rekja má til þess að skuldbindingin sem um getur í e-lið 7. gr. er ekki uppfyllt í viðskiptum yfir landamæri.

3. Aðilinn sem starfrækir sannvottunarferlið skal bera ábyrgð á tjóni sem einstaklingur eða lögaðili verður fyrir, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi og rekja má til þess að rétt starfræksla sannvottunarinnar, sem um getur í f-lið 7. gr., hefur ekki verið tryggð í viðskiptum yfir landamæri.

4. Beita skal ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. í samræmi við landsreglur um bótaábyrgð.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. hafa ekki áhrif á bótaábyrgð samkvæmt landslögum þeirra aðila sem að viðskiptum standa þar sem rafrænar auðkenningarleiðir, sem falla undir rafræna auðkenningarskipan sem tilkynnt er um skv. 1. mgr. 9. gr., eru notaðar.

12. gr.

Samstarf og samvirkni

1. Landsbundnar rafrænar auðkenningarskipanir, sem tilkynnt er um skv. 1. mgr. 9. gr., skulu virka saman.

2. Koma skal á slíkri umgjörð samvirkni í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr.

3. Umgjörð samvirkni skal uppfylla eftirfarandi viðmið:

- a) hún stefnir að því að vera hlutlaus í tæknilegu tilliti og ekki mismuna á milli tiltekinna landsbundinna tæknilausna fyrir rafræna auðkenningu innan aðildarríkis,
- b) hún uppfyllir evrópska og alþjóðlega staðla, eftir því sem mögulegt er,
- c) hún greiðir fyrir framkvæmd meginreglunnar um innbyggða friðhelgi (e. privacy by design) og
- d) hún tryggir að persónuupplýsingar séu meðhöndlaðar í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

4. Umgjörð samvirkni skal samstanda af:

- a) tilvísun til tæknilegra lágmarkskrafna í tengslum við fullvissustig skv. 8. gr.,
- b) vörpun á landsbundnum fullvissustigum tilkynnta, rafrænna auðkenningarskipana við fullvissustigin skv. 8. gr.,
- c) tilvísun til tæknilegra lágmarkskrafna um samvirkni,
- d) tilvísun til lágmarkssafns auðkenningargagna aðila, sem með einkvæmum hætti standa fyrir einstakling eða lögaðila og eru tiltæk í rafrænum auðkenningarskipunum,
- e) verklagsreglum,
- f) fyrirkomulagi fyrir lausn deilumála og
- g) sameiginlegum rekstraröryggisstöðlum.

5. Aðildarríkin skulu hafa með sér samstarf um eftirfarandi:

- a) samvirkni rafrænna auðkenningarskipana, sem tilkynnt er um skv. 1. mgr. 9. gr., og rafrænna auðkenningarskipana sem aðildarríkin hyggjast tilkynna um og
- b) öryggi rafrænu auðkenningarskipananna.

6. Samstarf á milli aðildarríkjanna skal samstanda af:

- a) skiptum á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum að því er varðar rafrænar auðkenningarskipanir, sérstaklega varðandi tæknilegar kröfur í tengslum við samvirkni og fullvissustig,
- b) skiptum á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum að því er varðar vinnu við fullvissustig rafrænna auðkenningarskipana skv. 8. gr.,
- c) jafningjarýni á rafrænum auðkenningarskipunum sem falla undir þessa reglugerð og
- d) rannsókn á þróun sem máli skiptir á sviði rafrænnar auðkenningar.

7. Eigi síðar en 18. mars 2015 skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, koma á nauðsynlegu verklagi til að greiða fyrir því samstarfi á milli aðildarríkjanna sem um getur í 5. og 6. mgr. í því skyni að stuðla að háu stigi trausts og öryggis er hæfir áhættustigi.

8. Í þeim tilgangi að setja samræmd skilyrði um framkvæmd kröfunnar í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 18. september 2015, með fyrirvara um viðmiðin sem sett eru fram í 3. mgr. og með tilliti til árangursins af samstarfi aðildarríkjanna, samþykkja framkvæmdargerðir um umgjörð samvirkni, eins og sett er fram í 4. mgr.

9. Framkvæmdargerðirnar sem um getur í 7. og 8. mgr. þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

III. KAFLI

TRAUSTÞJÓNUSTA

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

13. gr.

Bótaábyrgð og sönnunarbyrði

1. Án þess að það hafi áhrif á 2. mgr. skulu traustþjónustuveitendur bera ábyrgð á tjóni sem einstaklingur eða lögaðili verður fyrir, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi og rekja má til þess að skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð eru ekki uppfylltar.

Sönnunarbyrði vegna ásetnings eða gáleysis traustþjónustuveitanda, sem er ekki fullgildur, liggur hjá einstaklingnum eða lögaðilanum sem heldur því fram að hann hafi orðið fyrir tjóni eins og um getur í fyrstu undirgrein.

Gera skal ráð fyrir ásetningi eða gáleysi fullgilds traustþjónustuveitanda nema hinn fullgildi traustþjónustuveitandi sanni að tjónið, sem um getur í fyrstu undirgrein, hafi átt sér stað án þess að um ásetning eða gáleysi af hans hálfu hafi verið að ræða.

2. Þegar traustþjónustuveitendur upplýsa viðskiptavini sína fyrirfram á viðeigandi hátt um takmarkanir á notkun á þjónustu þeirra og þegar þessar takmarkanir eru skýrar þriðja aðila, skulu traustþjónustuveitendur ekki bera ábyrgð á tjóni sem verður vegna notkunar á þjónustu sem er umfram uppgæfna takmarkanir.

3. Beita skal ákvæðum 1. og 2. mgr. í samræmi við landsreglur um bótaábyrgð.

14. gr.

Alþjóðleg sjónarmið

1. Viðurkenna skal traustþjónustu sem veitt er af traustþjónustuveitendum með staðfestu í þriðja landi sem lagalega jafngilda fullgildri traustþjónustu, sem veitt er af fullgildum traustþjónustuveitendum með staðfestu í Sambandinu ef traustþjónustan, sem er upprunnin í þriðja landi, er viðurkennd samkvæmt samningi á milli Sambandsins og viðkomandi þriðja lands eða alþjóðastofnunar í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Í samningum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum tryggja að:
 - a) kröfurnar, sem gilda um fullgilda traustþjónustuveitendur með staðfestu í Sambandinu og fullgildu traustþjónustuna sem þeir veita, séu uppfylltar af þeim traustþjónustuveitendum í þriðja landinu eða alþjóðastofnunum sem samningurinn er gerður við og traustþjónustunum sem þeir veita,
 - b) fullgild traustþjónusta, sem fullgildir traustþjónustuveitendur með staðfestu í Sambandinu veita, sé viðurkennd sem lagalega jafngild traustþjónustu sem traustþjónustuveitendur í þriðja landinu eða alþjóðastofnuninni, sem samningurinn er gerður við, veita.

15. gr.

Aðgengi fyrir fatlað fólk

Traustþjónusta sem veitt er og vörur fyrir endanotendur, sem notaðar eru við að veita þá þjónustu, skulu vera aðgengilegar fötluðu fólki eftir því sem framkvæmanlegt er.

16. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

2. ÞÁTTUR

Eftirlit

17. gr.

Eftirlitsstofnun

1. Aðildarríki skulu tilnefna eftirlitsstofnun með staðfestu á yfirlýðingum þeirra eða, með gagnkvæmu samkomulagi við annað aðildarríki, eftirlitsstofnun með staðfestu í því aðildarríki. Þessi stofnun skal bera ábyrgð á eftirlitsverkefnum í tilnefningaraðildarríkinu.

Eftirlitsstofnanir skulu fá nauðsynlegar valdheimildir og fullnægjandi bolmagn til að inna af hendi verkefni sín.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nöfn og heimilisföng eftirlitsstofnana sem þau hafa tilnefnt.
3. Hlutverk eftirlitsstofnunar skal vera sem hér segir:
 - a) að hafa eftirlit, fyrir fram og eftir á, með fullgildum traustþjónustuveitendum sem hafa staðfestu á yfirlýðingum tilnefningaraðildarríkisins, til að tryggja að þessir fullgildu traustþjónustuveitendur og fullgilda traustþjónustan sem þeir veita uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,
 - b) að grípa til aðgerða eftir á, ef nauðsyn krefur, varðandi traustþjónustuveitendur sem eru ekki fullgildir og hafa staðfestu á yfirlýðingum tilnefningaraðildarríkisins, með eftirliti, þegar hún fær upplýsingar um að talið sé að þessir traustþjónustuveitendur, sem eru ekki fullgildir, eða traustþjónustan sem þeir veita, uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. Að því er varðar 3. mgr. og með fyrirvara um þær takmarkanir sem þar er kveðið á um, skulu verkefni eftirlitsstofnunarinnar einkum felast í:

- a) að hafa samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir og veita þeim aðstoð í samræmi við 18. gr.,
- b) að greina samræmismatsskýrslurnar sem um getur í 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 21. gr.,
- c) að upplýsa aðrar eftirlitsstofnanir og almenning um öryggisrof eða þegar heilleiki glatast í samræmi við 2. mgr. 19. gr.,
- d) að gera framkvæmdastjórninni grein fyrir meginstarfsemi sinni í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar,
- e) að gera úttektir eða óska eftir samræmismati frá samræmismatsstofu á fullgildum traustþjónustuveitendum í samræmi við 2. mgr. 20. gr.,
- f) að starfa með persónuverndaryfirvöldum, einkum með því að upplýsa þau án ástæðulausrar tafar um niðurstöður úttekta á fullgildum traustþjónustuveitendum, þegar reglur um vernd persónuupplýsinga virðast hafa verið brotnar,
- g) að veita traustþjónustuveitendum og þjónustunni sem þeir veita fullgilda stöðu og afturkalla þessa stöðu í samræmi við 20. og 21. gr.,
- h) að upplýsa aðilann sem ber ábyrgð á landsbundna traustlistanum, sem um getur í 3. mgr. 22. gr., um ákvörðun sína um að veita eða afturkalla fullgilda stöðu, nema þessi aðili sé einnig eftirlitsstofnunin,
- i) að sannreyna að fyrir hendi séu ráðstafanir sem lýsa því hvernig staðið yrði að niðurlagningu starfsemi og að þeim sé rétt beitt komi til þess að fullgildur traustþjónustuveitandi hætti starfsemi sinni, þ.m.t. hvernig upplýsingum verður haldið aðgengilegum í samræmi við h-lið 2. mgr. 24. gr.,
- j) að krefjast þess að traustþjónustuveitendur bæti úr öllum tilvikum þar sem kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru ekki uppfylltar.

5. Aðildarríki geta farið fram á að eftirlitsstofnunin komi á fót, viðhaldi og uppfæri innviði trausts (e. trust infrastructure) í samræmi við skilyrði landslaga.

6. Eigi síðar en 31. mars ár hvert skal hver eftirlitsstofnun leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um meginstarfsemi fyrra almanaksárs, ásamt samantekt yfir tilkynningar um öryggisrof, sem borist hafa frá traustþjónustuveitendum í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal gera ársskýrsluna sem um getur í 6. mgr. aðgengilega aðildarríkjunum.

8. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, skilgreint snið og verklag skýrslunnar sem um getur í 6. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

*18. gr.***Gagnkvæm aðstoð**

1. Eftirlitsstofnanir skulu starfa saman með það fyrir augum að skiptast á góðum starfsvenjum.

Sérhver eftirlitsstofnun skal, við móttöku rökstuddrar beiðni frá annarri eftirlitsstofnun, veita henni aðstoð svo eftirlitsstofnanir geti starfað með samræmdum hætti. Gagnkvæm aðstoð getur einkum falið í sér beiðnir um upplýsingar og eftirlitsráðstafanir, eins og beiðnir um skoðanir í tengslum við samræmismatsskýrslurnar, eins og um getur í 20. og 21. gr.

2. Eftirlitsstofnun, sem beiðni um aðstoð er beint til, getur synjað beiðninni á grundvelli einhverra af eftirfarandi ástæðum:

- a) eftirlitsstofnunin er ekki bær til að veita aðstoðina sem óskað er eftir,
- b) umbeðin aðstoð er ekki í samræmi við eftirlitsstarfsemi eftirlitsstofnunarinnar, sem innt er af hendi í samræmi við 17. gr.,
- c) það að veita umbeðna aðstoð væri ekki í samræmi við þessa reglugerð.

3. Aðildarríkin geta, eftir því sem við á, heimilað eftirlitsstofnunum sínum að inna af hendi sameiginlegar rannsóknir þar sem starfsfólk frá eftirlitsstofnunum annarra aðildarríkja tekur þátt. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu komast að samkomulagi um og koma á fyrirkomulagi og verklagsreglum fyrir slíkar sameiginlegar aðgerðir í samræmi við landslög sín.

*19. gr.***Öryggiskröfur sem gilda um traustþjónustuveitendur**

1. Fullgildir traustþjónustuveitendur og þeir sem eru ekki fullgildir skulu gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að stýra öryggisáhættu traustþjónustunnar sem þeir veita. Með hliðsjón af nýjustu tækniþróun skulu þessar ráðstafanir tryggja að öryggisstigið sé í réttu hlutfalli við áhættustig. Einkum skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka áhrif öryggisatvika og upplýsa hagsmunaaðila um skaðleg áhrif slíkra atvika.

2. Fullgildir traustþjónustuveitendur og þeir sem eru ekki fullgildir skulu án ástæðulausrar tafar, en í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda frá því að þeim verður það ljóst, tilkynna eftirlitsstofnuninni og, eftir atvikum, öðrum viðeigandi aðilum eins og lögbærri landsbundinni stofnun um upplýsingaöryggi eða persónuverndaryfirvöldum, um hvers konar öryggisrof eða glötun á heilleika sem hefur umtalsverð áhrif á traustþjónustu sem veitt er eða á persónuupplýsingar sem í henni felast.

Þegar líklegt er að öryggisrof eða glötun á heilleika hafi skaðleg áhrif á einstakling eða lögaðila, sem hefur verið veitt traustþjónusta, skal traustþjónustuveitandinn einnig tilkynna einstaklingnum eða lögaðilanum um öryggisrofið eða glötun á heilleika án ástæðulausrar tafar.

Eftir því sem við á, og sérstaklega ef öryggisrof eða glötun á heilleika snertir tvö eða fleiri aðildarríki, skal eftirlitsstofnunin sem tók á móti tilkynningunni upplýsa eftirlitsstofnanir í öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum og Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins.

Eftirlitsstofnunin sem tók á móti tilkynningunni skal upplýsa almenning eða krefjast þess af traustþjónustuveitandanum að hann geri það, ef stofnunin telur að birting upplýsinga um öryggisrofið eða glötun á heilleika sé í almannabágu.

3. Eftirlitsstofnunin skal senda Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins einu sinni á ári samantekt yfir tilkynningar um öryggisrof og glötun á heilleika, sem borist hafa frá traustþjónustuveitendum.

4. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum:

- a) útlistað nánar ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. og
- b) skilgreint snið og verklag, þ.m.t. fresti, sem gilda að því er varðar 2. mgr.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

3. ÞÁTTUR

Fullgild traustþjónusta

20. gr.

Eftirlit með fullgildum traustþjónustuveitendum

1. Samræmismatsstofa skal gera úttekt á fullgildum traustþjónustuveitendum, á þeirra kostnað, á a.m.k. 24 mánaða fresti. Tilgangur úttektarinnar skal vera að staðfesta að fullgildir traustþjónustuveitendur og fullgilda traustþjónustan sem þeir veita uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Fullgildu traustþjónustuveitendurnir skulu senda eftirlitsstofnuninni samræmismatsskýrsluna innan þriggja virkra daga frá móttöku hennar.

2. Án þess að það hafi áhrif á 1. mgr. getur eftirlitsstofnunin hvenær sem er gert úttekt á eða óskað eftir að samræmismatsstofa framkvæmi samræmismat á fullgildum traustþjónustuveitendum, á kostnað þessara traustþjónustuveitenda, til að staðfesta að þeir og fullgilda traustþjónustan sem þeir veita uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Leiki grunur á um að reglur um vernd persónuupplýsinga hafi verið brotnar skal eftirlitsstofnunin upplýsa persónuverndaryfirvöld um niðurstöður úttekta sinna.

3. Fari eftirlitsstofnun fram á að fullgildur traustþjónustuveitandi bæti úr annmarka á því að hann uppfylli kröfur samkvæmt þessari reglugerð og bregðist þjónustuveitandinn ekki við til samræmis við það og, ef við á, innan þess frests sem eftirlitsstofnunin ákveður, getur eftirlitsstofnunin, einkum með tilliti til umfangs, tímalengdar og afleiðinga annmarkans, afturkallað fullgilda stöðu þjónustuveitandans, eða þjónustunnar sem hann veitir og sem þetta hefur áhrif á, og tilkynna aðilanum, sem um getur í 3. mgr. 22. gr., um það vegna uppfærslu á traustlistunum sem um getur í 1. mgr. 22. gr. Eftirlitsstofnunin skal upplýsa fullgildan traustþjónustuveitanda um afturköllun á fullgildri stöðu hans eða fullgildri stöðu þeirrar þjónustu sem um er að ræða.

4. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer fyrir eftirfarandi staðla:

- a) faggildingu samræmismatsstofa og samræmismatsskýrslunnar sem um getur í 1. mgr.,
- b) reglur um úttektir, sem gilda um samræmismat samræmismatsstofa á fullgildum traustþjónustuveitendum eins og um getur í 1. mgr.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

*21. gr.***Upphaf fullgildrar traustþjónustu**

1. Óski traustþjónustuveitendur, sem hafa ekki fullgilda stöðu, eftir því að hefja veitingu fullgildrar traustþjónustu skulu þeir senda eftirlitsstofnuninni tilkynningu um þá fyrirætlun sína ásamt samræmismatsskýrslu sem samræmismatsstofa gefur út.
2. Eftirlitsstofnunin skal sannprófa hvort traustþjónustuveitandi og traustþjónustan sem hann veitir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einkum kröfurnar sem gerðar eru til fullgildra traustþjónustuveitenda og fullgildrar traustþjónustu sem þeir veita.

Komist eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að traustþjónustuveitandinn og traustþjónustan, sem hann veitir, uppfylli kröfurnar sem um getur í fyrstu undirgrein skal eftirlitsstofnunin veita traustþjónustuveitandanum og traustþjónustunni, sem hann veitir, fullgilda stöðu og tilkynna aðilanum, sem um getur í 3. mgr. 22. gr., um það vegna uppfærslu á traustlistunum sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eigi síðar en þremur mánuðum eftir tilkynninguna sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Sé sannprófuninni ekki lokið innan þriggja mánaða frá tilkynningunni skal eftirlitsstofnunin upplýsa traustþjónustuveitandann um það og tilgreina ástæður seinkunarinnar og hvenær sannprófuninni á að vera lokið.

3. Fullgildum traustþjónustuveitendum er heimilt að hefja veitingu fullgildrar traustþjónustu þegar fullgild staða hefur verið færð á traustlistana sem um getur í 1. mgr. 22. gr.
4. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, skilgreint snið og verklag að því er varðar 1. og 2. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

*22. gr.***Traustlistar**

1. Sérhvert aðildarríki skal koma á, viðhalda og birta traustlista, þ.m.t. upplýsingar um fullgilda traustþjónustuveitendur sem það ber ábyrgð á, ásamt upplýsingum um fullgilda traustþjónustu sem þeir veita.
2. Aðildarríkin skulu koma á, viðhalda og birta, með öruggum hætti, rafrænt undirritaða eða innsiglaða traustlista sem um getur í 1. mgr. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, án ástæðulausrar tafar, upplýsingar um aðilann sem ber ábyrgð á því að koma á, viðhalda og birta landsbundna traustlista og upplýsingar um hvar slíkir listar eru birtir, þau vottorð sem notuð eru til að undirrita eða innsigla traustlistana og hvers konar breytingar sem gerðar eru á þeim.
4. Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. aðgengilegar almenningi, eftir öruggum leiðum, á rafrænt undirrituðu eða innsigluðu formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu.
5. Eigi síðar en 18. september 2015 skal framkvæmdastjórnin tilgreina með framkvæmdargerðum upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. og skilgreina tækniforskriftir og snið sem gilda fyrir traustlista að því er varðar 1. til 4. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

23. gr.

Traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu

1. Eftir að fullgild staða, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 21. gr., hefur verið færð inn á traustlistann, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., mega fullgildir traustþjónustuveitendur nota traustmerki ESB til að gefa til kynna, með einföldum, greinilegum og skýrum hætti, fullgildu traustþjónustuna sem þeir veita.
2. Þegar fullgildir traustþjónustuveitendur nota traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu, sem um getur í 1. mgr., skulu þeir tryggja að tengill á viðeigandi traustlista sé aðgengilegur á vefsetri þeirra.
3. Eigi síðar en 1. júlí 2015 skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, kveða á um forskriftir fyrir form traustmerkis ESB fyrir fullgilda traustþjónustu, einkum framsetningu, samsetningu, stærð og hönnun. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

24. gr.

Kröfur sem gerðar eru til fullgildra traustþjónustuveitenda

1. Við útgáfu fullgildra vottorða fyrir traustþjónustu skal fullgildur traustþjónustuveitandi sannprófa, með viðeigandi hætti og í samræmi við landslög, kennsl og, ef við á, hvers konar sérstakar eigindir þess einstaklings eða lögaðila sem fullgilda vottorðið er gefið út fyrir.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu sannprófaðar af fullgilda traustþjónustuveitandanum annað hvort beint eða með því að treysta á þriðja aðila í samræmi við landslög:

- a) að viðstöddum einstaklingi eða viðurkenndum fulltrúa lögaðila í eigin persónu eða
 - b) úr fjarlægð, með rafrænni auðkenningarleið studdri fullgildu vottorði, sem krafðist þess að einstaklingur eða viðurkenndur fulltrúi lögaðila væri viðstaddur fyrir útgáfu, og sem uppfyllir kröfur 8. gr. um fullvissustigið „verulegt“ eða „hátt“ eða
 - c) með vottorði fyrir fullgilda rafræna undirskrift eða fullgilt rafrænt innsigli, gefnu út í samræmi við a- eða b-lið eða
 - d) með öðrum auðkenningaraðferðum sem eru viðurkenndar á landsvísu og veita jafna vissu um áreiðanleika og viðvera í eigin persónu. Samræmismatsstofa skal staðfesta að vissa teljist jöfn.
2. Fullgildur traustþjónustuveitandi sem veitir fullgilda traustþjónustu skal:
 - a) upplýsa eftirlitsstofnunina um hvers konar breytingar á veitingu fullgildrar traustþjónustu og um það ef hann hefur í hyggju að hætta þeirri starfsemi,
 - b) ráða starfsfólk og, ef við á, undirvertaka sem búa yfir nauðsynlegri sérþekkingu, áreiðanleika, reynslu, menntun og hæfi og sem hafa fengið viðeigandi þjálfun varðandi öryggismál og reglur um vernd persónuupplýsinga og viðhafa rétt stjórnslu- og stjórnunarverklag sem er í samræmi við evrópska eða alþjóðlega staðla,
 - c) að því er varðar áhættu samfara skaðabótaábyrgð, skv. 13. gr., ráða að staðaldri yfir nægilegu fjármagni og/eða útvega sér viðeigandi ábyrgðartryggingar, í samræmi við landslög,

- d) áður en hann gerir samning við aðila, sem sækist eftir fullgildri traustþjónustu, upplýsa viðkomandi á skýran og auðskiljanlegan máta um nákvæma skilmála sem gilda um notkun þeirrar þjónustu, þ.m.t. allar takmarkanir á notkun hennar,
- e) nota áreiðanleg kerfi og vörur sem eru varin fyrir breytingum og tryggja tæknilegt öryggi og áreiðanleika þeirra ferla sem eru byggð á þeim,
- f) nota áreiðanleg kerfi til þess að varðveita gögn sem honum eru látin í té, í staðfestanlegu formi til þess að:
- i. þau séu aðeins aðgengileg almenningi að fengnu samþykki einstaklingsins sem gögnin varða,
 - ii. aðeins einstaklingar, sem til þess hafa heimild, geti skráð færslur og gert breytingar á varðveittum gögnum,
 - iii. unnt sé að ganga úr skugga um uppruna gagnanna,
- g) gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir fölsun og þjófnað gagna,
- h) skrá og hafa aðgengilegar í hæfilega langan tíma, þ.m.t. eftir að viðkomandi fullgildur traustþjónustuveitandi hefur hætt starfsemi, allar upplýsingar sem skipta máli varðandi útgefin og móttækin gögn hins fullgilda traustþjónustuveitanda, einkum til þess að vera fær um að leggja fram sönnunargögn í málarekstri og til að tryggja samfellu þjónustunnar. Heimilt er að slík skráning fari fram með rafrænum hætti,
- i) hafa uppfærða áætlun sem lýsir því hvernig staðið yrði að niðurlagningu starfsemi til að tryggja samfellu þjónustunnar í samræmi við ákvæði sem eftirlitsstofnun sannreynir skv. i-lið 4. mgr. 17. gr.,
- j) tryggja lögmæta vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun 95/46/EB,
- k) ef um er að ræða fullgilda traustþjónustuveitendur sem gefa út fullgild vottorð, setja upp gagnagrunn fyrir vottorð og halda honum uppfærðum.

3. Ef fullgildur traustþjónustuveitandi sem gefur út fullgild vottorð ákveður að afturkalla vottorð skal hann skrá slíka afturköllun í gagnagrunn sinn fyrir vottorð og birta afturköllunarstöðu vottorðsins tímanlega og í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda eftir móttöku beiðninnar. Afturköllunin tekur gildi um leið og hún er birt.

4. Að því er varðar 3. mgr. skulu fullgildir traustþjónustuveitendur sem gefa út fullgild vottorð veita sérhverjum treystanda upplýsingar um stöðu fullgildra vottorða sem þeir gefa út, hvort sem þau eru í gildi eða afturkölluð. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar a.m.k. fyrir hvert vottorð fyrir sig hvenær sem er, einnig eftir að vottorðið fellur úr gildi, með sjálfvirkum, áreiðanlegum og skilvirkum hætti án endurgjalds.

5. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer fyrir staðla fyrir áreiðanleg kerfi og vörur, sem uppfylla kröfur skv. e- og f-lið 2. mgr. þessarar greinar. Gengið skal út frá því að áreiðanleg kerfi og vörur fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari grein ef þau uppfylla þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

4. ÞÁTTUR

Rafrænar undirskriftir

25. gr.

Réttaráhrif rafrænna undirskrifa

1. Ekki skal hafna því að rafræn undirskrift fái réttaráhrif og sé viðurkennd sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að hún er á rafrænu formi eða að hún uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fullgilda rafrænna undirskrifa.
2. Fullgild rafræn undirskrift skal hafa sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift.
3. Fullgilda rafræna undirskrift, sem er studd fullgildu vottorði sem gefið er út í einu aðildarríki, skal viðurkenna sem fullgilda rafræna undirskrift í öllum öðrum aðildarríkjum.

26. gr.

Kröfur sem gerðar eru til útfærðra rafrænna undirskrifa

Útfærð rafræn undirskrift skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) hún tengist undirritanda með einkvæmum hætti,
- b) hún ber kennsl á undirritanda,
- c) hún er gerð með rafrænum undirskriftargögnum sem undirritandi getur, með miklum áreiðanleika, einn haft stjórn á og
- d) hún tengist gögnunum sem eru undirrituð með þeim hætti að unnt er að greina síðari breytingar á þeim.

27. gr.

Rafrænar undirskriftir í opinberri þjónustu

1. Fari aðildarríki fram á útfærða rafræna undirskrift vegna notkunar á nettengdri þjónustu, sem opinber aðili veitir eða veitt er fyrir hönd opinbers aðila, skal það aðildarríki viðurkenna útfærðar rafrænar undirskriftir, útfærðar rafrænar undirskriftir sem eru studdar fullgildu vottorði fyrir rafrænar undirskriftir og fullgildar rafrænar undirskriftir með a.m.k. þeim sniðum eða notkunaraðferðum sem skilgreindar eru í framkvæmdargerðunum sem um getur í 5. mgr.
2. Fari aðildarríki fram á útfærða rafræna undirskrift sem er studd fullgildu vottorði vegna notkunar á nettengdri þjónustu, sem opinber aðili veitir eða veitt er fyrir hönd opinbers aðila, skal það aðildarríki viðurkenna útfærðar rafrænar undirskriftir sem eru studdar fullgildu vottorði og fullgildar rafrænar undirskriftir með a.m.k. þeim sniðum eða notkunaraðferðum sem skilgreindar eru í framkvæmdargerðunum sem um getur í 5. mgr.
3. Aðildarríki skulu ekki krefjast rafrænnar undirskriftar með hærra öryggisstig en fullgild rafræn undirskrift vegna notkunar á nettengdri þjónustu opinbers aðila yfir landamæri.
4. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir útfærðar rafrænar undirskriftir. Gengið skal út frá því að útfærð rafræn undirskrift fullnægi kröfunum sem gerðar eru til útfærðra rafrænna undirskrifa og um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 26. gr. ef hún uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 18. september 2015 og með tilliti til gildandi starfsvenja, staðla og réttargerða Sambandsins, skilgreina, með framkvæmdargerðum, viðmiðunarsnið fyrir útfærðar rafrænar undirskriftir eða viðmiðunaraðferðir þegar önnur snið eru notuð. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

28. gr.

Fullgild vottorð fyrir rafrænar undirskriftir

1. Fullgild vottorð fyrir rafrænar undirskriftir skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka.
2. Ekki má gera ófrávikjanlegar kröfur til fullgildra vottorða fyrir rafrænar undirskriftir sem ganga lengra en kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka.
3. Fullgild vottorð fyrir rafrænar undirskriftir geta falið í sér sérstakar viðbótareigindir sem eru ekki skyldugar. Þessar eigindir skulu ekki hafa áhrif á samvirkni og viðurkenningu fullgildra rafrænna undirskrifa.
4. Hafi fullgild vottorð fyrir rafrænar undirskriftir verið afturkallað eftir að það er upphaflega virkjað skal það missa gildi sitt frá og með þeim tímapunkti sem það er afturkallað og stöðu þess skal ekki breytt aftur undir neinum kringumstæðum.
5. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um landsbundnar reglur um tímabundna ógildingu fullgilds vottorðs fyrir rafræna undirskrift að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - a) hafi fullgilt vottorð fyrir rafræna undirskrift verið ógilt tímabundið skal það missa gildi sitt í þann tíma sem tímabundna ógildingin varir,
 - b) tímalengd tímabundnu ógildingarinnar skal gefin til kynna með skýrum hætti í gagnagrunninum fyrir vottorð og stöðumiðlunarþjónustan skal hafa tímabundnu ógildingarstöðuna sýnilega þann tíma sem hún varir.
6. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir fullgild vottorð fyrir rafræna undirskrift. Gengið skal út frá því að fullgild vottorð fyrir rafræna undirskrift fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka ef það uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

29. gr.

Kröfur til fullgilds rafræns undirskriftarbúnaðar

1. Fullgildur rafrænn undirskriftarbúnaður skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka.
2. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir fullgildan rafrænan undirskriftarbúnað. Gengið skal út frá því að fullgildur rafrænn undirskriftarbúnaður fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka ef hann uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

30. gr.

Vottun fullgilds rafræns undirskriftarbúnaðar

1. Til þess bærar opinberar stofnanir eða einkaaðilar, sem aðildarríkin tilnefna, skulu votta að fullgildur rafrænn undirskriftarbúnaður sé í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisfang opinberu stofnunarinnar eða einkaaðilans sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar aðildarríkjunum.

3. Vottunin, sem um getur í 1. mgr., skal grundvallast á einum af eftirfarandi þáttum:

- a) öryggismatsferli sem fer fram í samræmi við einn af stöðlunum fyrir öryggismat á upplýsingatæknivörum, sem eru á skránni sem komið er á í samræmi við aðra undirgrein eða
- b) annað ferli en það sem um getur í a-lið, að því tilskildu að það feli í sér sambærileg öryggisstig og að því tilskildu að opinbera stofnunin eða einkaaðilinn, sem um getur í 1. mgr., tilkynni framkvæmdastjórninni um viðkomandi ferli. Einungis má nota þetta ferli ef staðlarnir, sem um getur í a-lið, liggja ekki fyrir eða þegar öryggismatsferli, sem um getur í a-lið, stendur yfir.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, taka saman skrá yfir staðla fyrir öryggismatið á upplýsingatæknivörum, sem um getur í a-lið. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

4. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 47. gr. varðandi setningu sérstakra viðmiðana sem tilnefndu aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þurfa að uppfylla.

31. gr.

Birting skrár yfir vottaðan, fullgildan rafrænan undirskriftarbúnað

1. Aðildarríkin skulu, án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en einum mánuði eftir að vottun lýkur, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um fullgildan rafrænan undirskriftarbúnað, sem aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 30. gr., hafa vottað. Þau skulu einnig, án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en einum mánuði eftir að vottun hefur verið felld úr gildi, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um rafrænan undirskriftarbúnað sem er ekki lengur vottaður.

2. Á grundvelli móttækinnar upplýsinga skal framkvæmdastjórnin taka saman, birta og viðhalda skrá yfir vottaðan, fullgildan rafrænan undirskriftarbúnað.

3. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, skilgreint snið og verklag sem gilda að því er varðar 1. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

32. gr.

Kröfur fyrir staðfestingu á gildi fullgildra rafrænna undirskrifa

1. Ferli til staðfestingar á fullgildri rafrænni undirskrift skal staðfesta gildi fullgildrar rafrænnar undirskriftar að því tilskildu að:

- a) vottorðið, sem undirskriftin byggist á, hafi á þeim tíma sem undirskriftin átti sér stað verið fullgilt vottorð fyrir rafræna undirskrift í samræmi við I. viðauka,
- b) fullgildur traustþjónustuveitandi hafi gefið út fullgilda vottorðið og það hafi verið í gildi þegar undirritunin fór fram,
- c) staðfestingargögn undirskriftarinnar séu í samræmi við gögnin sem treystanda voru látin í té,

- d) einkvæmu gögnin sem standa fyrir undirritanda í vottorðinu séu afhent treystandanum með réttum hætti,
 - e) treystandanum sé gefin til kynna með skýrum hætti notkun gervinafns, ef gervinafn var notað við undirritun,
 - f) rafræna undirskriftin var búin til með fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði,
 - g) heilleika undirrituðu gagnanna hafi ekki verið stefnt í hættu,
 - h) kröfunum sem kveðið er á um í 26. gr. hafi verið fullnægt við undirritun.
2. Kerfið sem notað er til að staðfesta fullgilda rafræna undirskrift skal gefa treystanda rétta niðurstöðu úr staðfestingarferlinu og gera treystanda kleift að greina hvers konar öryggistengd vandamál.
3. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir staðfestingu á gildi fullgildra rafræna undirskrifta. Gengið skal út frá því að staðfesting fullgildra rafræna undirskrifta fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. ef hún uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

33. gr.

Fullgild staðfestingarþjónusta fyrir fullgildar rafrænar undirskriftir

1. Fullgilda staðfestingarþjónustu fyrir fullgildar rafrænar undirskriftir má einungis fullgildur traustþjónustuveitandi veita sem:
- a) veitir staðfestingu í samræmi við 1. mgr. 32. gr. og
 - b) gerir treystendum kleift að taka við niðurstöðum staðfestingarferlisins með sjálfvirkum hætti sem er áreiðanlegur og skilvirkur og inniheldur útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli veitanda fullgildu staðfestingarþjónustunnar.
2. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir fullgildu staðfestingarþjónustuna sem um getur í 1. mgr. Gengið skal út frá því að staðfestingarþjónusta fyrir fullgilda rafræna undirskrift fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. ef hún uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

34. gr.

Fullgild varðveislubjónusta fullgildra rafræna undirskrifta

1. Einungis fullgildur traustþjónustuveitandi, sem notar verklag og tækni sem framlengir áreiðanleika fullgildu rafrænu undirskriftarinnar eftir að tæknin sem hún byggir á er orðin úrelt, má veita fullgilda varðveislubjónustu fullgildra rafræna undirskrifta.
2. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir fullgilda varðveislubjónustu fullgildra rafræna undirskrifta. Gengið skal út frá því að fyrirkomulag fullgildrar varðveislubjónustu fullgildra rafræna undirskrifta fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. ef það uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

5. ÞÁTTUR

Rafræn innsigli

35. gr.

Réttaráhrif rafrænna innsigla

1. Ekki skal hafna því að rafrænt innsigli fái réttaráhrif og sé viðurkennt sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að það er á rafrænu formi eða að það uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fullgildra rafrænna innsigla.
2. Gengið skal út frá heilleika gagna og því að uppruni gagnanna, sem fullgilda rafræna innsiglið tengist, sé réttur.
3. Fullgilt rafrænt innsigli, sem er stutt fullgildu vottorði sem gefið er út í einu aðildarríki, skal viðurkenna sem fullgilt rafrænt innsigli í öllum öðrum aðildarríkjum.

36. gr.

Kröfur til útfærðra rafrænna innsigla

Útfært rafrænt innsigli skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) það tengist aðilanum sem innsiglar með einkvæmum hætti,
- b) það ber kennsl á aðilann sem innsiglar,
- c) það er gert með rafrænum innsiglisgögnum sem aðilinn sem innsiglar getur, með miklum áreiðanleika sem hann ræður yfir, notað til að búa til rafræn innsigli og
- d) það tengist gögnunum sem það vísar til með þeim hætti að unnt er að greina síðari breytingar á þeim.

37. gr.

Rafræn innsigli í opinberri þjónustu

1. Fari aðildarríki fram á útfært rafrænt innsigli vegna notkunar á nettengdri þjónustu, sem opinber aðili veitir eða veitt er fyrir hönd opinbers aðila, skal það aðildarríki viðurkenna útfærð rafræn innsigli, útfærð rafræn innsigli sem eru studd fullgildu vottorði fyrir rafræn innsigli og fullgild rafræn innsigli með a.m.k. þeim sniðum eða notkunaraðferðum sem skilgreindar eru í framkvæmdargerðunum sem um getur í 5. mgr.
2. Fari aðildarríki fram á útfært rafrænt innsigli, sem er stutt fullgildu vottorði, vegna notkunar á nettengdri þjónustu, sem opinber aðili veitir eða veitt er fyrir hönd opinbers aðila, skal það aðildarríki viðurkenna útfærð rafræn innsigli sem eru studd fullgildu vottorði og fullgild rafræn innsigli með a.m.k. þeim sniðum eða notkunaraðferðum sem skilgreindar eru í framkvæmdargerðunum sem um getur í 5. mgr.
3. Aðildarríki skulu ekki krefjast rafræns innsiglis með hærra öryggisstig en fullgilt rafrænt innsigli vegna notkunar á nettengdri þjónustu opinbers aðila yfir landamæri.
4. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir útfærð rafræn innsigli. Gengið skal út frá því að útfært rafrænt innsigli fullnægi kröfunum um útfærð rafræn innsigli, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 36. gr., ef það uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 18. september 2015 og með tilliti til gildandi starfsvenja, staðla og réttargerða Sambandsins, skilgreina með framkvæmdargerðum viðmiðunarsnið fyrir útfærð rafræn innsigli eða viðmiðunaraðferðir þegar önnur snið eru notuð. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

38. gr.

Fullgild vottorð fyrir rafræn innsigli

1. Fullgild vottorð fyrir rafræn innsigli skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.
2. Ekki má gera ófrávikjanlegar kröfur til fullgildra vottorða fyrir rafræn innsigli sem ganga lengra en kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.
3. Fullgild vottorð fyrir rafræn innsigli geta falið í sér sérstakar viðbótareigindir sem eru ekki skyldugar. Þessar eigindir skulu ekki hafa áhrif á samvirkni og viðurkenningu fullgildra rafrænna innsigla.
4. Hafi fullgilt vottorð fyrir rafrænt innsigli verið afturkallað eftir að það er upphaflega virkjað skal það missa gildi sitt frá og með þeim tímapunkti sem það er afturkallað og stöðu þess skal ekki breytt aftur undir neinum kringumstæðum.
5. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um landsbundnar reglur um tímabundna ógildingu fullgildra vottorða fyrir rafræn innsigli að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - a) hafi fullgilt vottorð fyrir rafrænt innsigli verið ógilt tímabundið skal það missa gildi sitt í þann tíma sem tímabundna ógildingin varir,
 - b) tímalengd tímabundnu ógildingarinnar skal gefin til kynna með skýrum hætti í gagnagrunninum fyrir vottorð og stöðumiðlunarþjónustan skal hafa tímabundnu ógildingarstöðuna sýnilega þann tíma sem hún varir.
6. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir fullgild vottorð fyrir rafræn innsigli. Gengið skal út frá því að fullgilt vottorð fyrir rafrænt innsigli fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka ef það uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

39. gr.

Fullgildur rafrænn innsiglisbúnaður

1. Ákvæði 29. gr. gilda að breyttu breytanda um kröfur sem gerðar eru til fullgilds rafræns innsiglisbúnaðar.
2. Ákvæði 30. gr. gilda að breyttu breytanda um vottun fullgilds rafræns innsiglisbúnaðar.
3. Ákvæði 31. gr. gilda að breyttu breytanda um birtingu skrár yfir vottaðan, fullgildan rafrænan innsiglisbúnað.

40. gr.

Staðfesting og varðveisla fullgildra rafrænna innsigla

Ákvæði 32., 33. og 34. gr. gilda að breyttu breytanda um staðfestingu og varðveislu á fullgildum rafrænum innsiglium.

6. ÞÁTTUR

Rafrænar tímastimplar

41. gr.

Réttaráhrif rafræna tímastimpla

1. Ekki skal hafna því að rafrænn tímastimpill fái réttaráhrif og sé viðurkenndur sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að hann er á rafrænu formi eða að hann uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fullgildra rafræna tímastimpla.
2. Gengið skal út frá nákvæmni dagsetningar og tímasetningar sem fullgildur rafrænn tímastimpill gefur upp og heilleika gagnanna sem dagsetningin og tímasetningin tengjast.
3. Fullgildan rafrænan tímastimpil, sem er gefinn út í einu aðildarríki, skal viðurkenna sem fullgildan rafrænan tímastimpil í öllum aðildarríkjum.

42. gr.

Kröfur til fullgildra rafræna tímastimpla

1. Fullgildur rafrænn tímastimpill skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) hann tengir dagsetningu og tímasetningu við gögn þannig að hægt er að útiloka með viðunandi hætti möguleikann á að gögnunum sé breytt án þess að það uppgötvist,
 - b) hann skal byggjast á nákvæmri tímaheimild sem er tengd samræmdum heimstíma (e. Coordinated Universal Time) og
 - c) hann er undirritaður með útfærðri rafrænni undirskrift eða innsiglaður með útfærðu rafrænu innsigli fullgilds traustþjónustuveitanda, eða með jafngildri aðferð.
2. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer fyrir staðla til að tengja dagsetningu og tíma við gögn og um nákvæmar tímaheimildir. Gengið skal út frá því að tenging dagsetningar og tíma við gögn og nákvæm tímaheimild fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. ef þær uppfylla þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

7. ÞÁTTUR

Rekjanleg rafræn afhendingarþjónusta

43. gr.

Réttaráhrif rekjanlegrar rafrænar afhendingarþjónustu

1. Ekki skal hafna því að gögn sem eru send og móttækin með rekjanlegri rafrænni afhendingarþjónustu fái réttaráhrif og séu viðurkennd sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að þjónustan er á rafrænu formi eða að hún uppfyllir ekki kröfurnar um fullgilda rekjanlega rafræna afhendingarþjónustu.
2. Gengið skal út frá heilleika gagna sem eru send og móttækin með fullgildri rekjanlegri rafrænni afhendingarþjónustu, að gögnin séu send af auðkenndum sendanda, þau séu móttækin af auðkenndum viðtakanda og nákvæmni dagsetningar og tímasetningar sendingar og móttöku, sem fullgilda rekjanlega rafræna afhendingarþjónustan gefur upp.

44. gr.

Kröfur til fullgildrar rekjanlegrar rafrænnar afhendingarþjónustu

1. Fullgild rekjanleg rafræn afhendingarþjónusta skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) vera veitt af einum eða fleiri fullgildum traustþjónustuveitendum,
 - b) tryggja auðkenningu sendanda með miklum áreiðanleika,
 - c) tryggja auðkenningu viðtakanda áður en gögnin eru afhent,
 - d) sending og móttaka gagna sé vernduð með útfærðri rafrænni undirskrift eða útfærðu rafrænu innsigli fullgilds traustþjónustuveitanda þannig að hægt sé að útiloka möguleikann á að gögnunum verði breytt án þess að það uppgötvist,
 - e) hvers konar breytingar á gögnunum, sem nauðsynlegar eru vegna sendingar eða móttöku gagnanna, séu gefnar sendanda og viðtakanda gagnanna til kynna með skýrum hætti,
 - f) dagsetning og tími sendingar og móttöku og hvers konar breytingar á gögnunum séu gefnar til kynna með fullgildum rafrænum tímastimpli.

Ef gögn eru flutt á milli tveggja eða fleiri fullgildra traustþjónustuveitenda gilda kröfurnar í a- til f-lið um alla fullgildu traustþjónustuveitendurna.

2. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir ferlið við sendingu og móttöku gagna. Gengið skal út frá því að ferlið við sendingu og móttöku gagna fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. ef það uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

8. ÞÁTTUR

Sannvottun vefsetra

45. gr.

Kröfur til fullgildra vottorða fyrir sannvottun vefseturs

1. Fullgild vottorð fyrir sannvottun vefseturs skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.
2. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið tilvísunarnúmer staðla fyrir fullgild vottorð fyrir sannvottun vefseturs. Gengið skal út frá því að fullgild vottorð fyrir sannvottun vefseturs fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka ef það uppfyllir þessa staðla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

IV. KAFLI

RAFRÆN SKJÖL

46. gr.

Réttaráhrif rafrænna skjala

Ekki skal hafna því að rafrænt skjal fái réttaráhrif og sé viðurkennt sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að það er á rafrænu formi.

V. KAFLI

FRAMSAL VALDS OG FRAMKVÆMDARÁKVÆÐI

47. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 4. mgr. 30. gr., um óákveðinn tíma frá 17. september 2014.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 4. mgr. 30. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. mgr. 30. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

48. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

49. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða beitingu þessarar reglugerðar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það eigi síðar en 1. júlí 2020. Framkvæmdastjórnin skal meta sérstaklega hvort viðeigandi sé að breyta gildissviði þessarar reglugerðar eða tilteknum ákvæðum hennar, þ.m.t. 6. gr., f-lið 7. gr. og 34., 43., 44. og 45. gr., að teknu tilliti til fenginnar reynslu af beitingu þessarar reglugerðar og einnig þróunar á sviði tæknimála, markaðsmála og réttarfars.

Skýrslunni, sem um getur í fyrstu málsgrein, skulu fylgja tillögur að nýrri löggjöf eftir því sem við á.

Að auki skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á fjögurra ára fresti eftir skýrsluna, sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein, um hvernig hefur miðað í þá átt að ná markmiðum þessarar reglugerðar.

50. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 1999/93/EB er felld úr gildi frá og með 1. júlí 2016.
2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

51. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Litið skal svo á að öruggur undirskriftarbúnaður, sem staðfest hefur verið í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB að uppfylli tilskildar kröfur, sé fullgildur rafrænn undirskriftarbúnaður samkvæmt þessari reglugerð.
2. Litið skal svo á að fullgild vottorð, sem gefin eru út til einstaklinga samkvæmt tilskipun 1999/93/EB, séu fullgild vottorð fyrir rafrænar undirskriftir samkvæmt þessari reglugerð, þar til þau renna út.
3. Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð samkvæmt tilskipun 1999/93/EB skal leggja fram samræmismatsskýrslu hjá eftirlitsstofnun eins fljótt og kostur er og eigi síðar en 1. júlí 2017. Litið skal svo á að þessi vottunaraðili sé fullgildur traustþjónustuveitandi samkvæmt þessari reglugerð þar til slík samræmismatsskýrsla hefur verið lögð fram og eftirlitsstofnun hefur lokið mati sínu.
4. Leggi vottunaraðili, sem gefur út fullgild vottorð samkvæmt tilskipun 1999/93/EB, ekki fram samræmismatsskýrslu hjá eftirlitsstofnun innan þeirra tímamarka sem um getur í 3. mgr. skal ekki litið svo á að sá vottunaraðili sé fullgildur traustþjónustuveitandi samkvæmt þessari reglugerð frá 2. júlí 2017.

52. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerðin kemur til framkvæmda 1. júlí 2016, að undanskildum eftirfarandi ákvæðum:
 - a) ákvæði 8. gr. (3. mgr.), 9. gr. (5. mgr.), 12. gr. (2.–9. mgr.), 17. gr. (8. mgr.), 19. gr. (4. mgr.), 20. gr. (4. mgr.), 21. gr. (4. mgr.), 22. gr. (5. mgr.), 23. gr. (3. mgr.), 24. gr. (5. mgr.), 27. gr. (4. og 5. mgr.), 28. gr. (6. mgr.), 29. gr. (2. mgr.), 30. gr. (3. og 4. mgr.), 31. gr. (3. mgr.), 32. gr. (3. mgr.), 33. gr. (2. mgr.), 34. gr. (2. mgr.), 37. gr. (4. og 5. mgr.), 38. gr. (6. mgr.), 42. gr. (2. mgr.), 44. gr. (2. mgr.), 45. gr. (2. mgr.) og 47. og 48. gr. skulu koma til framkvæmda 17. september 2014,
 - b) ákvæði 7. gr., 8. gr. (1. og 2. mgr.), 9., 10., og 11. gr. og 12. gr. (1. mgr.) skulu koma til framkvæmda frá og með deginum þegar framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 8. mgr. 12. gr., koma til framkvæmda,
 - c) ákvæði 6. gr. koma til framkvæmda þremur árum eftir daginn sem framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 8. mgr. 12. gr., koma til framkvæmda.
3. Ef tilkynnt rafræn auðkenningarskipan er færð á skrána, sem framkvæmdastjórnin birtir skv. 9. gr., fyrir daginn sem um getur í c-lið 2. mgr. þessarar greinar, skal viðurkenning á rafrænum auðkenningarleiðum undir þeirri skipan skv. 6. gr. fara fram eigi síðar en 12 mánuðum eftir birtinguna en þó ekki fyrir þann dag sem um getur í c-lið 2. mgr. þessarar greinar.

4. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 2. mgr. þessarar greinar getur aðildarríki ákveðið að rafrænar auðkenningarleiðir undir rafrænni auðkenningarskipan, sem er tilkynnt skv. 1. mgr. 9. gr. af öðru aðildarríki, séu viðurkenndar í fyrrnefnda aðildarríkinu frá og með deginum sem framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 8. mgr. 12. gr., koma til framkvæmda. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

*I. VIÐAUKI***KRÖFUR TIL FULLGILDRA VOTTORÐA FYRIR RAFRÆNAR UNDIRSKRIFTIR**

Fullgild vottorð fyrir rafrænar undirskriftir skulu innihalda:

- a) vísbendingu, a.m.k. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu, um að vottorðið hafi verið gefið út sem fullgilt vottorð fyrir rafræna undirskrift,
- b) gögn sem með ótvíræðum hætti standa fyrir fullgildan traustþjónustuveitanda sem gefur út fullgildu vottorðin, þ.m.t. a.m.k. aðildarríkið þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og:
 - að því er varðar lögaðila: heiti og, eftir atvikum, skráningarnúmer sem er skráð í opinberum skrá, og
 - að því er varðar einstakling: nafn einstaklingsins,
- c) a.m.k. nafn undirritanda eða gervinafn; ef gervinafn er notað skal það koma skýrt fram,
- d) staðfestingargögn rafrænnar undirskriftar sem svara til rafrænna undirskriftargagna,
- e) upplýsingar um upphaf og lok gildistíma vottorðsins,
- f) kennikóða vottorðsins, sem skal vera einkvæmur hjá fullgildum traustþjónustuveitanda,
- g) útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli fullgilds traustþjónustuveitanda sem gefur þau út,
- h) staðinn þar sem vottorðið, sem styður við útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli, sem um getur í g-lið, er aðgengilegt án endurgjalds,
- i) staðsetningu þjónustunnar þar sem hægt er að spyrjast fyrir um gildisstöðu fullgilda vottorðsins,
- j) þegar rafrænu undirskriftargögnin sem tengjast staðfestingargögnum rafrænnar undirskriftar eru staðsett í fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði, viðeigandi vísbendingu um það, a.m.k. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu.

*II. VIÐAUKI***KRÖFUR TIL FULLGILDS RAFRÆNS UNDIRSKRIFTARBÚNAÐAR**

1. Fullgildur rafrænn undirskriftarbúnaður skal, með viðeigandi tæknilegum aðferðum og verklagsreglum, tryggja, a.m.k.:
 - a) að leynd varðandi rafræn undirskriftargögn, sem eru notuð við gerð rafrænnar undirskriftar, sé tryggð á viðunandi hátt,
 - b) að rafrænu undirskriftargögnin, sem eru notuð við gerð rafrænnar undirskriftar, geti í reynd eingöngu komið fram einu sinni,
 - c) að viðunandi vissa sé fyrir því að ekki sé hægt að leiða út rafrænu undirskriftargögnin, sem eru notuð við gerð rafrænnar undirskriftar, og að aðgengileg tækni komi, með áreiðanlegum hætti, í veg fyrir að unnt sé að falska rafrænu undirskriftina,
 - d) að réttur undirritandi geti áreiðanlega verndað rafrænu undirskriftargögnin, sem eru notuð við rafræna undirskrift, þannig að aðrir geti ekki notað þau.
2. Fullgildur rafrænn undirskriftarbúnaður skal ekki breyta gögnunum sem undirrita á eða hindra að slík gögn séu kynnt undirritandanum áður en til undirskriftar kemur.
3. Aðeins fullgildum traustþjónustuveitanda er heimilt að búa til eða stjórna rafrænum undirskriftargögnum fyrir hönd undirritanda.
4. Með fyrirvara um d-lið 1. mgr. geta fullgildir traustþjónustuveitendur, sem stjórna rafrænum undirskriftargögnum fyrir hönd undirritanda, aðeins afritað rafrænu undirskriftargögnin í því skyni að taka öryggisafrit að eftirfarandi kröfum uppfylltum:
 - a) öryggi afritaðra gagnamengja skal vera á sama stigi og upprunalegu gagnamengjanna,
 - b) fjöldi afritaðra gagnamengja skal ekki vera umfram það sem er að lágmarki nauðsynlegt til að tryggja samfellu þjónustunnar.

*III. VIÐAUKI***KRÖFUR TIL FULLGILDRA VOTTORÐA FYRIR RAFRÆN INNSIGLI**

Fullgild vottorð fyrir rafræn innsigli skulu innihalda:

- a) vísbendingu, a.m.k. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu, um að vottorðið hafi verið gefið út sem fullgilt vottorð fyrir rafræn innsigli,
- b) gögn sem með ótvíræðum hætti standa fyrir fullgildan traustþjónustuveitanda sem gefur út fullgildu vottorðin, þ.m.t. a.m.k. aðildarríkið þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og:
 - að því er varðar lögaðila: heiti og, eftir atvikum, skráningarnúmer sem er skráð í opinberum skrá,
 - að því er varðar einstakling: nafn einstaklingsins,
- c) a.m.k. nafn aðilans sem innsiglar og, eftir atvikum, skráningarnúmer sem er skráð í opinberum skrá,
- d) staðfestingargögn rafræns innsiglis sem svara til rafrænu innsiglisgagnanna,
- e) upplýsingar um upphaf og lok gildistíma vottorðsins,
- f) kennikóða vottorðsins, sem skal vera einkvæmur hjá fullgildum traustþjónustuveitanda,
- g) útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli fullgilds traustþjónustuveitanda sem gefur þau út,
- h) staðinn þar sem vottorðið, sem styður við útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli, sem um getur í g-lið, er aðgengilegt án endurgjalds,
- i) staðsetningu þjónustunnar þar sem hægt er að spyrjast fyrir um gildisstöðu fullgilda vottorðsins,
- j) þegar rafrænu innsiglisgögnin sem tengjast staðfestingargögnum rafræns innsiglis eru staðsett í fullgildum rafrænum innsiglisbúnaði, viðeigandi vísbendingu um það, a.m.k. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu.

IV. VIÐAUKI

KRÖFUR TIL FULLGILDRA VOTTORÐA FYRIR SANNVOTTUN VEFSETURS

Fullgild vottorð fyrir sannvottun vefseturs skulu innihalda:

- a) vísbendingu, a.m.k. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu, um að vottorðið hafi verið gefið út sem fullgilt vottorð fyrir sannvottun vefseturs,
- b) gögn sem með ótvíræðum hætti standa fyrir fullgildan traustþjónustuveitanda sem gefur út fullgildu vottorðin, þ.m.t. a.m.k. aðildarríkið þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og:
 - að því er varðar lögaðila: heiti og, eftir atvikum, skráningarnúmer sem er skráð í opinberum skrá,
 - að því er varðar einstakling: nafn einstaklingsins,
- c) að því er varðar einstaklinga: a.m.k. nafn einstaklingsins sem vottorðið er gefið út fyrir eða gervinafn. Ef gervinafn er notað skal það koma skýrt fram,

að því er varðar lögaðila: a.m.k. heiti lögaðilans sem vottorðið er gefið út fyrir og, eftir atvikum, skráningarnúmer sem er skráð í opinberum skrá,
- d) hluta af heimilisfangi, þ.m.t. a.m.k. borg og ríki einstaklingsins eða lögaðilans sem vottorðið er gefið út fyrir og, eftir atvikum, eins og það er skráð í opinberum skrá,
- e) heiti léns (léna) sem einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem vottorðið er gefið út fyrir, starfrækir,
- f) upplýsingar um upphaf og lok gildistíma vottorðsins,
- g) kennikóða vottorðsins, sem skal vera einkvæmur hjá fullgildum traustþjónustuveitanda,
- h) útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli fullgilds traustþjónustuveitanda sem gefur þau út,
- i) staðinn þar sem vottorðið, sem styður við útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli, sem um getur í h-lið, er aðgengilegt án endurgjalds,
- j) staðsetningu þjónustu í tengslum við gildisstöðu vottorða þar sem hægt er að spyrjast fyrir um gildisstöðu fullgilda vottorðsins.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/94/ESB**2018/EES/14/25****frá 22. október 2014****um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti (*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmið framkvæmdastjórnarinnar með orðsendingu sinni frá 3. mars 2010 með fyrirsögninni „Evrópa 2020 – áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ er að bæta samkeppnishæfni og orkuöryggi með skilvirkari nýtingu á auðlindum og orku.
- 2) Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar frá 28. mars 2011 „Vegvísir að samevrópsku flutningasvæði – í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“ var mælt til þess að flutningageirinn treysti í minna mæli á olíu. Þessu þarf að ná fram með mörgum stefnumótandi framtaksverkefnum, þ.m.t. þróun áætlunar fyrir sjálfbær, óhefðbundin eldsneyti og þróun grunnvirkja við hæfi. Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar var einnig lagt til að dregið yrði úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga um 60% fyrir árið 2050 miðað við mörkin frá 1990.
- 3) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽⁴⁾ eru sett markmið um að 10% af því eldsneyti sem notað er í flutningum verði endurnýjanlegt eldsneyti.
- 4) Á grundvelli samráðs hagsmunaaðila og sérfræðinga frá aðildarríkjunum, ásamt sérfræðipækingunni sem endurspeglar í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. janúar 2013 með fyrirsögninni „Umhverfisvæn orka til flutninga - evrópsk áætlun fyrir óhefðbundið eldsneyti“, voru raforka, vetni, lífheldsneyti, jarðgas og fljótandi jarðoliugas þær megintegundir eldsneytis sem töldust óhefðbundnar og gætu komið í stað olíu til langs tíma, einnig í ljósi þess að hægt er að nota þessar tegundir samtímis og samhliða, t.d. með tvinntækni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB C 271, 19.9.2013, bls. 111.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 280, 27.9.2013, bls. 66.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 29. september 2014.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

- 5) Með orkugjöfum er átt við alla óhefðbundna orkugjafa fyrir flutninga, eins og raforku og vetni, sem ekki þarf að losa með oxun, við eða án bruna.
- 6) Hægt er að framleiða tilbúið eldsneyti, sem kemur í stað dísilolíu, bensíns og þotueldsneytis, úr mismunandi hráefni með því að breyta lífmassa, gasi, kolum eða plastúrgangi í fljótandi eldsneyti, metan og dímetýletra (DME). Tilbúin paraffínsk dísileldsneyti, eins og vetnismeðhöndlaðar jurtaolíur og Fischer-Tropsch-dísilolía, eru jafngeng efni og má blanda þeim saman við jarðefnadísilolíu í mjög háu blöndunarhlutfalli eða nota þau óblönduð í öllum dísilknúnum ökutækjum í dag eða í framtíðinni. Því má nota fyrirbyggjandi grunnvirki til að dreifa, geyma og nota þetta eldsneyti. Tilbúið eldsneyti sem kemur í stað bensíns, eins og metanól og önnur alkóhól, má blanda saman við bensín og má tæknilega séð nota með núverandi ökutækjatekni með minni háttar aðlögunum. Einnig má nota metanól við flutninga á skipgengum vatnaleiðum og á stuttum sjóleiðum. Tilbúin eldsneyti og paraffínsk eldsneyti geta mögulega dregið úr notkun olíu sem orkugjafa í flutningum.
- 7) Fljótandi jarðölufugas eða bílagas er óhefðbundið eldsneyti unnið úr jarðgasi og með olíuhreinsun og hefur minna kolefnisspor og umtalsvert minni losun mengandi efna en hefðbundið eldsneyti. Búist er við að fljótandi líffjarðölufugas (e. *bio-LPG*) úr mismunandi lífmassa komi fram sem vænleg tækni til meðallangs og langs tíma. Hægt er að nota fljótandi jarðölufugas til flutninga á vegum (í bíla og vörubifreiðar) fyrir hvaða vegalengd sem er. Einnig má nota það við flutninga á skipgengum vatnaleiðum og á stuttum sjóleiðum. Grunnvirkin fyrir fljótandi jarðölufagass eru tiltölulega þróuð og nú þegar er til staðar þó nokkur fjöldi áfyllingarstöðva í Sambandinu (u.þ.b. 29 000). Þó er dreifing þessara áfyllingarstöðva ekki jöfn þar sem í nokkrum löndum eru fáar stöðvar.
- 8) Með fyrirvara um skilgreiningu þessarar tilskipunar á óhefðbundnu eldsneyti ætti að veita því athygli að til eru fleiri tegundir af hreinu eldsneyti sem geta hugsanlega verið annar kostur við jarðefnaeldsneyti. Taka ætti til athugunar vænlegar niðurstöður úr rannsóknum og þróun þegar nýjar tegundir af óhefðbundnu eldsneyti eru valdar. Semja ætti staðla og löggjöf án þess að tiltekin tegund tækni sé látin ganga fyrir til að hindra ekki frekari þróun í átt að notkun á óhefðbundnu eldsneyti og orkuberum.
- 9) Í skýrslu nefndar háttsettra embættismanna, CARS 21, frá 6. júní 2012, kom fram að skortur á samhæfðu grunnvirki í öllu Sambandinu fyrir óhefðbundið eldsneyti hindri að ökutæki, sem nota óhefðbundið eldsneyti, séu markaðssett og seinkar umhverfislegum ávinningi slíks eldsneytis. Í orðsendingu sinni frá 8. nóvember 2012 „CARS 2020 – aðgerðaáætlun um samkeppnishæfan og sjálfbærna bílaiðnað í Evrópu“ tók framkvæmdastjórnin upp helstu tilmælin í skýrslu nefndar háttsettra embættismanna, CARS 21, og lagði fram aðgerðaráætlun á grundvelli þeirra. Þessi tilskipun er ein af þeim lykilaðgerðum varðandi grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti sem framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt um.
- 10) Það ber að forðast að uppskipting eigi sér stað á innri markaðinum vegna ósamræmdrar markaðssetningar á óhefðbundnu eldsneyti. Samræmdur stefnuramma í öllum aðildarríkjunum ætti því að veita öryggi til langs tíma sem nauðsynlegt er fyrir fjárfestingar einkaaðila og opinberra aðila í ökutækja- og eldsneytistækni og uppbyggingu grunnvirkja, til að þjóna þeim tvíþætta tilgangi að lágmarka hæði gagnvart olíu og draga úr umhverfisáhrifum vegna flutninga. Aðildarríkin ættu því hvert fyrir sig og í nánú samstarfi við svæðisbundin yfirvöld, staðaryfirvöld og viðkomandi iðnað, á sama tíma og þau taka tillit til þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að koma á stefnuramma þar sem greint er frá takmörkum, markmiðum og stuðningsaðgerðum hvers ríkis fyrir þróun markaðarins að því er varðar óhefðbundið eldsneyti, þ.m.t. uppbygging nauðsynlegra grunnvirkja. Ef nauðsyn krefur ættu aðildarríkin að starfa með öðrum nágrettaaðildarríkjum á vettvangi svæða eða yfirsvæða (e. *macro-regional*), með viðræðum eða sameiginlegum stefnuramma, einkum þar sem krafist er samfellu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti yfir landamæri eða að komið sé á nýju grunnvirki í nálægð við landamæri, þ.m.t. mismunandi möguleikar á mismununarlausu aðgengi að hleðslu- og áfyllingarstöðvum. Styðja ætti við samræmingu þessara stefnuramma í hverju aðildarríki og samhengi þeirra á vettvangi Sambandsins með samstarfi aðildarríkjanna og mati og skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar. Til að auðvelda skýrslugjöf aðildarríkjanna vegna upplýsinganna sem kveðið er á um í I. viðauka ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja viðmiðunarreglur, sem eru ekki bindandi.
- 11) Samræmd nálgun er nauðsynleg til að uppfylla orkuþörf allra flutningsmáta til langs tíma. Stefnur ættu einkum að byggja á notkun óhefðbundins eldsneytis og veita sérstökum þörfum hvers flutningsmáta athygli. Við nákvæmari útfærslu á stefnuramma í hverju ríki ætti að taka mið af þörfum þeirra mismunandi flutningsmáta sem fyrir hendi eru á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, þ.m.t. þeirra sem hafa takmarkaða aðra kosti en jarðefnaeldsneyti.
- 12) Framkvæmdastjórnin ætti að greiða fyrir þróun og framkvæmd stefnuramma aðildarríkjanna með skiptum á upplýsingum og bestu starfsvenjum á milli aðildarríkjanna.

- 13) Til að stuðla að notkun óhefðbundins eldsneytis og þróa viðeigandi grunnvirki getur stefnuramminn í hverju aðildarríki innihaldið margar áætlanir, stefnumarkmið og önnur skjöl vegna skipulags, sem eru þróuð hver fyrir sig eða með samþættum hætti og á því stjórnarsýslustigi sem aðildarríkin ákveða.
- 14) Eldsneyti, sem fjallað er um í stefnuramma hvers aðildarríkis, ætti að vera aðstoðarhæft að því er varðar stuðningsráðstafanir Sambandsins og hvers ríkis fyrir sig fyrir grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti til að beina opinberum stuðningi í átt að samræmdri þróun á innri markaðnum þannig að þau ökutæki og skip sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti geti farið um allt í Sambandinu.
- 15) Þessari tilskipun er ekki ætlað að setja auknar fjárhagslegar byrðar á aðildarríkin eða svæðis- eða staðaryfirvöld. Því ættu aðildarríkin að geta framkvæmt þessa tilskipun með því að nota margs konar stjórnarsýslulega og annars konar hvata og ráðstafanir, í nánú samstarfi við aðila úr einkageiranum, sem ættu að gegna lykilhlutverki við að styðja við þróun grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti.
- 16) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ⁽¹⁾ er þróun á nýrri tækni og nýsköpun, einkum að því er varðar minnkun kolefnislosunar á sviði flutninga, aðstoðarhæf fyrir fjármögnun Sambandsins. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um að veita eigi viðbótarfjármögnun vegna aðgerða sem nýta samlegðaráhrif milli a.m.k. tveggja geira sem undir hana falla (nánar tiltekið flutninga, orku og fjarskipta). Að síðustu nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar samræmingarnefndar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu (CEF) við samræmingu á vinnuáætlunum með það fyrir augum að heimila auglýsingar eftir tillögum sem taka til margra geira, í þeirri viðleitni að nýta til fulls hugsanleg samlegðaráhrif milli þessara geira. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu myndi þannig stuðla að uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti.
- 17) Rammaáætlunin Horizon 2020, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 ⁽²⁾, mun einnig veita stuðning til rannsókna og nýsköpunar að því er varðar ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti og tilheyrandi grunnvirki, einkum með samfélagslegu áskoruninni „snjallflutningar, grænir flutningar og samþættir flutningar“. Þessi tiltekna fjárfunarleið ætti einnig að stuðla að þróun grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti og ætti að öllu leyti að líta á hana sem viðbótaræki til að tryggja markað fyrir sjálfbærar samgöngur í öllu Sambandinu.
- 18) Til að koma af stað fjárfestingum í sjálfbærum flutningum og styðja við uppbyggingu á samtengdu neti með grunnvirkjum fyrir óhefðbundið eldsneyti í Sambandinu ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin að styðja við landsbundnar og svæðisbundnar þróunarráðstafanir á þessu sviði. Þau ættu að hvetja til þess að skipst sé á bestu starfsvenjum í tengslum við uppbyggingu og stjórnun grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti á milli staðbundinna og svæðisbundinna framtaksverkefna og í þessu skyni að hvetja til notkunar á uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu, einkum Bygðaðþróunarsjóði Evrópu og Samheldnisjóðsins.
- 19) Stuðningsráðstafanir fyrir grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti ætti að framkvæma í samræmi við reglur um ríkisaðstoð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins. Aðildarríkjum gæti þótt nauðsynlegt að veita þeim rekstraráðilum sem verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun stuðning í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð. Meta þarf tafarlaust allar landsbundnar stuðningsráðstafanir fyrir grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um.
- 20) Í viðmiðunarreglunum fyrir samevrópska flutninganetið (TEN-T) er viðurkennt að óhefðbundið eldsneyti geti a.m.k. að hluta til komið í stað jarðefnaeldsneytis sem orkugjafi í flutningum, stuðlað að því að minnka kolefnislosun og bæta árangur flutningageirans í umhverfismálum. Í viðmiðunarreglum samevrópska flutninganetsins er krafa um að samevrópska flutninganetið skuli gera kleift að minnka kolefnislosun á sviði allra flutningsmáta, að því er varðar nýja tækni og nýsköpun, með því að hvetja til orkunýtni ásamt því að innleiða önnur knúningskerfi og sjá til þess að samsvarandi grunnvirki séu fyrir hendi. Í viðmiðunarreglum samevrópska flutninganetsins er þess einnig krafist að óhefðbundið eldsneyti sé aðgengilegt við hafnir við vatnaleiðir og við sjó, á flugvöllum og vegum á grunnnetinu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 ⁽³⁾ („grunnnet samevrópska

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 — rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014–2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).

flutninganetsins“). Fjármögnunarleiðin fyrir samevrópska flutninganetið gerir notkun nýrrar tækni og nýsköpunar á grunnnetinu, þ.m.t. notkun grunnvirkja fyrir óhefðbundið, hreint eldsneyti, aðstoðarhæfa hjá sjóðnum fyrir samtengda Evrópu (CEF). Að auki mun uppbygging grunnvirkja fyrir óhefðbundið, hreint eldsneyti á heildarnetinu geta fengið fjárhagsaðstoð frá sjóðnum fyrir samtengda Evrópu í formi innkaupa og fjármögnunarleiða, s.s. verkefnisskuldabréfa.

- 21) Lífeldsneyti, eins og það er skilgreint í tilskipun 2009/28/EB, er nú mikilvægasta tegund óhefðbundins eldsneytis með 4,7% af heildareldsneytisnotkun í flutningum í Sambandinu árið 2011. Það getur einnig stuðlað að því að minnka heildarlosun koltvísýrings ef það er framleitt með sjálfbærum hætti. Það getur veitt öllum sviðum flutninga umhverfisvæna orku.
- 22) Skortur á samhæfðri þróun grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti í öllu Sambandinu kemur í veg fyrir þróun á stærðarhagkvæmni að því er afhendingu varðar og samgangna í öllu Sambandinu að því er eftirspurn varðar. Nauðsynlegt er að byggja upp ný grunnvirkjanet, t.d. fyrir raforku, jarðgas (fljótandi jarðgas og þjappað jarðgas) og, eftir því sem við á, vetni. Mikilvægt er að viðurkenna mismunandi þróunarstig á hverri eldsneytistækni og tilheyrandi grunnvirkjum, þ.m.t. þroskastig viðskiptalíkana fyrir einkafjárfesta, aðgengi að óhefðbundnu eldsneyti og viðtökur notenda á því. Tryggja ætti tæknilegt hlutleysi og í stefnuramma hvers ríkis ætti að taka tilhlýðilegt tillit til kröfunnar um stuðning við viðskiptalega þróun á óhefðbundnu eldsneyti. Enn fremur ætti að taka tillit til þéttleika byggðar og landfræðilegra einkenna við nákvæmari útfærslu á stefnuramma í hverju ríki.
- 23) Raforka getur hugsanlega aukið orkunýtni ökutækja og stuðlað að því að minnka losun koltvísýrings í flutningum. Hún er orkugjafi sem er ómissandi í útbreiðslu á rafknúnum ökutækjum, þ.m.t. ökutækjum í flokki L, eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽¹⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 ⁽²⁾, sem getur stuðlað að því að bæta loftgæði og draga úr hávaða í þéttbýlisstöðum í borgum og úthverfum og öðrum þéttbýlum svæðum. Aðildarríkin ættu að tryggja að byggðar séu upp hleðslustöðvar fyrir almenning á nægilega mörgum stöðum til að gera rafknúnum ökutækjum kleift að fara um a.m.k. í þéttbýlisstöðum í borgum og úthverfum og öðrum þéttbýlum svæðum og, eftir því sem við á, innan þeirra neta sem aðildarríkin ákveða. Ákveða ætti fjölda slíkra hleðslustöðva með tilliti til fjölda rafknúinna ökutækja sem áætlað er að verði skráð fyrir lok ársins 2020 í hverju aðildarríki. Sem viðmið ættu hleðslustöðvar að vera nægilega margar að meðaltali þannig að það jafngildi a.m.k. einni hleðslustöð á hverja tíu bíla, að teknu tilliti til tegunda bíla, hleðslutækni og tiltækra einkahleðslustöðva. Setja ætti upp nægilega margar hleðslustöðvar sem eru aðgengilegar almenningi, einkum á miðstöðvum almenningssamgangna, s.s. farþegamiðstöðvum við hafnir, á flugvöllum eða við járnbrautastöðvar. Einkaaðilar sem eiga rafknúin ökutæki reida sig að miklu leyti á aðgengi að hleðslustöðvum á almenningsbílastæðum s.s. við fjölbýlishús, skrifstofur og fyrirtæki. Opinber yfirvöld ættu að gera ráðstafanir til að aðstoða notendur slíkra ökutækja með því að tryggja að byggingaverktakar og stjórnendur byggingarsvæðanna komi upp viðeigandi grunnvirkjum með nægilega mörgum hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki.
- 24) Aðildarríkin ættu að sjá til þess að byggð séu grunnvirki sem eru aðgengileg almenningi til afhendingar á raforku fyrir vélknúin ökutæki. Þegar aðildarríkin ákveða í stefnuramma sínum viðeigandi fjölda hleðslustöðva, sem skulu aðgengilegar almenningi, ættu þau að geta tekið tillit til fyrirbyggjandi fjölda hleðslustöðva sem eru aðgengilegar almenningi á yfirráðasvæði þeirra, og forskrifta þeirra, og ákveða hvort þau ætli að einbeita sér að því að byggja grunnvirki fyrir venjulegar hleðslustöðvar eða fyrir hraðhleðslustöðvar.
- 25) Rafknúna samgöngur (e. *electromobility*) er svið sem er í hraðri þróun. Núverandi tækni á sviði skilflata fyrir hleðslu er m.a. tengibúnaður fyrir kapla en einnig þarf að taka til athugunar framtíðartækni á sviði skilflata, eins og þráðlausa hleðslu eða rafgeymaskipti. Nauðsynlegt er að löggjöf tryggi að greitt sé fyrir tækninýjungum. Því ætti að uppfæra þessa tilskipun eins og við á til að taka tillit til framtíðarstaðla fyrir tækni eins og þráðlausa hleðslu og rafgeymaskipti.
- 26) Hleðslu- eða áfyllingarstöðvar sem eru aðgengilegar almenningi geta t.d. verið hleðslu- eða áfyllingarstöðvar eða búnaður, sem er í einkaeigu og er aðgengilegur almenningi í gegnum skráningarskírteini eða -gjöld, hleðslu- eða áfyllingarstöðvar fyrir samakstur, sem þriðju aðilar geta notað í gegnum áskrift, eða hleðslu- eða áfyllingarstöðvar á almenningsbílastæðum. Líta skal svo á að hleðslu- eða áfyllingarstöðvar, sem heimila einkanotendum efnislegan aðgang með heimild eða áskrift, séu hleðslu- eða áfyllingarstöðvar sem eru aðgengilegar almenningi.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

- 27) Raforka og vetni eru sérstaklega hentugir orkugjafar fyrir útbreiðslu rafknúinna ökutækja og ökutækja með efnarafal og ökutækja í flokki L á þéttbýlisstöðum í borgum og úthverfum og öðrum þéttbýlum svæðum, sem getur stuðlað að því að bæta loftgæði og draga úr hávaða. Rafknúna samgöngur er mikilvægt framlag þegar kemur að því að uppfylla metnaðarfull markmið Sambandsins sem tengjast loftslags- og orkumálum fyrir árið 2020. Í tilskipun 2009/28/EB, sem aðildarríkin lögleiddu fyrir 5. desember 2010, voru einmitt sett bindandi markmið fyrir öll aðildarríkin varðandi hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum með það að markmiði að eigi síðar en 2020 verði markmiði Sambandsins náð um að hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum verði að lágmarki 20% og hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem eru sérstaklega notaðir í flutningageiranum verði 10%.
- 28) Við hleðslu rafknúinna ökutækja á hleðslustöðvum ætti, ef það er tæknilega mögulegt og fjárhagslega hagkvæmt, að nota skynvætt mælikerfi til að stuðla að stöðugleika raforkukerfisins með því að endurhlaða rafgeyma frá dreifikerfi þegar almenn eftirspurn eftir raforku er lítil og gera örugga og sveigjanlega meðhöndlun gagna mögulega. Til langs tíma getur þetta einnig gert það mögulegt að rafknúin ökutæki gefi orku úr rafgeymunum aftur inn í dreifikerfið þegar almenn eftirspurn eftir raforku er mikil. Skynvætt mælikerfi, eins og það er skilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ⁽¹⁾, gerir það mögulegt að framleiða þau gögn í rauntíma sem eru nauðsynleg til að tryggja stöðugleika dreifikerfisins og hvetja til skynsamlegrar notkunar á hleðsluþjónustu. Skynvædd mælikerfi veita nákvæmar og gagnsæjar upplýsingar um kostnað og aðgengileika hleðsluþjónustu og hvetja þannig til hleðslu utan álagstíma, sem er tíminn þegar almenn eftirspurn eftir raforku er lítil og orkuverð er lágt. Notkun á skynvæddum mælikerfum hámarkar hleðslu sem er ávinningur fyrir raforkukerfið og fyrir notendur.
- 29) Að því er varðar hleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki sem eru ekki aðgengilegar almenningi, ættu aðildarríkin að stefna að því að skoða tæknilega og fjárhagslega hagkvæmni samlegðaráhrifa við áætlanir um dreifingu skynvæddra mælikerfa í kjölfar skuldbindingarinnar skv. 2. lið I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/79/EB ⁽²⁾. Dreifikerfisstjórar gegna mikilvægu hlutverki í tengslum við hleðslustöðvar. Dreifikerfisstjórar, sem sumir hverjir geta verið hluti af lóðrétt samþættu fyrirtæki sem á eða rekur hleðslustöð, ættu að starfa án mismununar með öðrum eigendum eða rekstraraðilum hleðslustöðva við þróun verkefna sinna, einkum með því að veita þeim þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skilvirkan aðgang að kerfinu og notkun þess.
- 30) Við þróun á grunnvirki fyrir rafknúin ökutæki ætti samspil þess grunnvirkis við raforkukerfi og raforkustefnu Sambandsins að vera í samræmi við meginreglurnar sem kveðið er á um í tilskipun 2009/72/EB. Stofnsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafknúin ökutæki ætti að fara fram á samkeppnismarkaði þar sem aðgangur er opin fyrir alla aðila sem hafa áhuga á að setja á stofn eða reka hleðslugrunnvirki.
- 31) Aðgangur orkuveitna í Sambandinu að hleðslustöðvum ætti ekki að hafa áhrif á undanþágur skv. 44. gr. tilskipunar 2009/72/EB.
- 32) Árið 2010 veitti framkvæmdastjórnin evrópskum staðlastofnunum umboð (M468) til að gefa út nýja staðla eða endurskoða fyrirliggjandi staðla með það að markmiði að tryggja rekstrarsamhæfi og tengjanleika á milli rafhleðslustöðvar og hleðslutengis rafknúinna ökutækja. Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu stofnuðu rýnihóp sem gaf út skýrslu í október 2011. Þó að skýrslan hafi innihaldið fjölda tilmæla náðist ekki samstaða um val á einum staðalskilyrði. Því er þörf á frekari stefnumörkun til að ná lausn, sem er ekki háð einkaleyfi og tryggir rekstrarsamhæfi í öllu Sambandinu.
- 33) Skilflötur til hleðslu rafknúinna ökutækja getur falið í sér nokkra tengla eða tengi fyrir ökutæki svo lengi sem eitt þeirra uppfyllir tækniforskriftirnar sem settar eru fram í þessari tilskipun þannig að hleðsla í samræmi við fleiri en einn staðal sé möguleg. Valið í þessari tilskipun á sameiginlegum tengjum fyrir rafknúin ökutæki í öllu Sambandinu (gerð 2 og „Combo 2“) ætti þó ekki að hafa áhrif á þau aðildarríki sem hafa nú þegar fjárfest í notkun á annarri staðlaðri tækni fyrir hleðslustöðvar og ætti ekki að hafa áhrif á þær hleðslustöðvar sem fyrir eru og voru teknar í notkun fyrir gildistöku þessarar tilskipunar. Mögulegt ætti að vera að hlaða rafknúin ökutæki sem voru þegar í umferð fyrir gildistöku þessarar tilskipunar jafnvel þó þau hafi verið hönnuð fyrir hleðslu á hleðslustöðvum sem uppfylla ekki tækniforskriftirnar sem settar eru fram í þessari tilskipun. Val á búnaði fyrir venjulegar hleðslustöðvar og hraðhleðslustöðvar ætti að vera í samræmi við sérstakar öryggiskröfur sem í gildi eru á landsvísu.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtuð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB (Stjtuð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

- 34) Aðstaða fyrir rafmagn frá landi getur þjónað sem hreinn orkugjafi fyrir flutninga á sjó og skipgengum vatnaleiðum, einkum í höfnum við sjó og skipgengar vatnaleiðir þar sem loftgæði eru léleg eða hávaðastig er hátt. Rafmagn frá landi getur stuðlað að því að draga úr umhverfisáhrifum af völdum hafskipa og skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum.
- 35) Stöðlun vegna afhendingar rafmagns frá landi ætti ekki að hindra notkun kerfa sem voru til staðar fyrir gildistöku þessarar tilskipunar. Aðildarríkin ættu sérstaklega að heimila viðhald og endurnýjun á þeim kerfum sem fyrir eru með það fyrir augum að tryggja skilvirka notkun á endingartíma þeirra án þess að fara fram á fullt samræmi við tækniforskriftirnar sem settar eru fram í þessari tilskipun.
- 36) Afhending rafmagns til kyrrstæðra flugvéla á flugvöllum getur dregið úr eldsneytisnotkun og hávaða, bætt loftgæði og dregið úr áhrifum vegna loftslagsbreytinga. Aðildarríkin ættu því að tryggja að í stefnuramma þeirra verði tekið tillit til nauðsyn þess að setja upp tengingu fyrir afhendingu rafmagns á flugvöllum.
- 37) Vetnisknúin ökutæki, þ.m.t. vetnisknúin ökutæki í flokki L, hafa sem stendur mjög litla markaðssókn en mjög mikilvægt er að byggja upp viðunandi grunnvirki fyrir áfyllingu vetnis til að gera umfangsmikla útbreiðslu vetnisknúinna ökutækja mögulega.
- 38) Aðildarríki sem ákveða að taka áfyllingarstöðvar fyrir vetni inn í stefnuramma sinn ættu að tryggja uppbyggingu grunnvirkja, sem eru aðgengileg almenningi, fyrir afhendingu vetnis til vélknúinna ökutækja og tryggja þannig dreifingu vetnisknúinna ökutækja innan þeirra neta sem aðildarríkin ákveða. Taka ætti tillit til tenginga yfir landamæri, eftir því sem við á, með það fyrir augum að vetnisknúin ökutæki geti farið um í öllu Sambandinu.
- 39) Hvað varðar ökutæki sem ganga fyrir jarðgasi eru í augnablikinu starfræktar í kringum 3000 áfyllingarstöðvar fyrir jarðgas í Sambandinu. Hægt væri að taka í notkun fleiri áfyllingarstöðvar sem fá gas frá vel þróuðu dreifikerfi jarðgass í Sambandinu að því tilskildu að gæði gassins hæfi til notkunar í núverandi sem og í tæknilega háþrúðum gasknúnum ökutækjum. Í staðinn fyrir það dreifikerfi fyrir jarðgas sem fyrir er geta komið staðbundnir áfyllingarstaðir sem nota lífmétan sem framleitt er á staðnum.
- 40) Sameiginleg grunnvirki fyrir jarðgas krefjast sameiginlegra tækniforskrifta fyrir bæði vélbúnað og gæði gassins. Gæði jarðgass sem er notað í Sambandinu eru háð uppruna þess, innihaldsefnum þess, t.d. lífmétani sem er blandað við jarðgas, og meðferð jarðgass í gegnum allt dreifingarferlið. Því gæti munur á tæknilegum eiginleikum komið í veg fyrir bestu nýtingu á hreyflum og minnkað orkunýtni þeirra. Verkefnanefnd tækninefndarinnar CEN/TC 408 er í tengslum við þetta að þróa röð gæðaforskrifta fyrir jarðgas sem er notað í flutningum og fyrir innsetningu lífmétans inn á dreifikerfi jarðgass.
- 41) Aðildarríkin ættu, í gegnum stefnuramma sinn, að tryggja uppbyggingu nægilegs fjölda áfyllingarstöðva sem eru aðgengilegar almenningi fyrir afhendingu þjappaðs jarðgass eða þjappaðs lífmétans til að tryggja að vélknúin ökutæki sem ganga fyrir þjöppuðu jarðgasi geti farið um þéttbýlisstaði í borgum og úthverfum og önnur þéttbýl svæði og um allt Sambandið, a.m.k. um það grunnnet samevrópska flutninganetsins sem fyrir er. Þegar aðildarríki koma á fót neti vegna afhendingar á þjöppuðu jarðgasi til vélknúinna ökutækja ættu aðildarríkin að tryggja að áfyllingarstöðvar, sem eru aðgengilegar almenningi, séu teknar í notkun að teknu tilliti til lágmarksdrægis ökutækja, sem ganga fyrir þjöppuðu jarðgasi. Til viðmiðunar ætti nauðsynleg meðalvegalengd á milli áfyllingarstöðva að vera u.þ.b. 150 km. Til að tryggja starfsemi og rekstrarsamhæfi markaðarins ætti að vera hægt að fá gas á öllum áfyllingarstöðvum fyrir þjappað jarðgas í þeim gæðum sem krafist er til notkunar í núverandi sem og í tæknilega háþrúðum ökutækjum sem ganga fyrir þjöppuðu jarðgasi.
- 42) Fljótandi jarðgas er hentugur kostur sem annað eldsneyti fyrir skip til að uppfylla kröfurnar um að minnka brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti á SO_x- mengunarvarnarsvæðunum, sem hefur áhrif á helming skipa sem sigla í flutningum á stuttum sjóleiðum í Evrópu, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB ⁽¹⁾. Grunnnet áfyllingarstöðva fyrir fljótandi jarðgas í höfnum við sjó og vatnaleiðir ætti að vera aðgengilegt eigi síðar en í lok árs 2025 annars vegar og 2030 hins vegar. Áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas eru m.a. afhendingarstaðir, tankar, flutningsgeymar, birgðaskip og pramar fyrir fljótandi jarðgas. Upphaflega áherslan á grunnnetið ætti ekki að útiloka möguleikann á því að fljótandi jarðgas verði til lengri tíma einnig aðgengilegt í höfnum utan grunnnetsins, sérstaklega þeim höfnum sem eru mikilvægar fyrir skip sem stunda ekki flutningastarfsemi. Ákvörðunin um

(¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB frá 21. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 1999/32/EB að því er varðar brennisteinsinnihald skipaeldsneytis (Stjútíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 1).

staðsetningu áfyllingarstöðva fyrir fljótandi jarðgas í höfnum ætti að byggja á kostnaðar- og ábatagreiningu, þ.m.t. skoðun á umhverfislegum ávinningi. Einnig ætti að taka tillit til gildandi ákvæða sem tengjast öryggismálum. Uppbygging á grunnvirkjum fyrir fljótandi jarðgas, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ætti ekki að hindra þróun á öðrum mögulegum, nýjum tegundum af orkunýtnu óhefðbundnu eldsneyti.

- 43) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að leitast við að breyta Evrópusamningnum um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum (ADN), sem gerður var í Genf 26. maí 2000, með áorðnum breytingum, til að heimila stórfellda flutninga á fljótandi jarðgasi á skipgengum vatnaleiðum. Breytingarnar sem þetta felur í sér ættu að gilda um alla flutninga á yfirráðasvæði Sambandsins með því að aðlagja þátt III.1 í III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB ⁽¹⁾. Breyta ætti tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB ⁽²⁾, ef nauðsyn krefur, til að gera kleift að nota fljótandi jarðgas til að knýja skip á skipgengum vatnaleiðum með skilvirkum og öruggum hætti. Tillögur að breytingum ættu ekki að stangast á við ákvæði í ADN-samningnum sem gilda á yfirráðasvæði Sambandsins samkvæmt þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB.
- 44) Aðildarríkin ættu að tryggja viðeigandi dreifikerfi á milli geymslustöðva og áfyllingarstöðva fyrir fljótandi jarðgas. Að því er varðar flutninga á vegum er aðgengi og landfræðileg staðsetning hleðslustaða fyrir tankbifreiðar, sem eru knúnar með fljótandi jarðgasi, mjög mikilvæg atriði við þróun á efnahagslega sjálfbærum flutningum með fljótandi jarðgasi.
- 45) Fljótandi jarðgas, þ.m.t. lífmetan, gæti einnig verið kostnaðarhagkvæm tækni sem gerir þungum ökutækjum kleift að uppfylla ströng viðmiðunarmörk í Euro VI-staðlinum um losun mengandi efna, eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 ⁽³⁾.
- 46) Grunnnet samevrópska flutninganetsins ætti að vera grunnurinn að uppbyggingu grunnvirkja fyrir fljótandi jarðgas þar sem það tekur til meginumferðarflæðis og gerir ávinning af netinu mögulegan. Þegar aðildarríki koma á fót neti vegna afhendingar á fljótandi jarðgasi til stórra, vélknúinna ökutækja ættu þau að tryggja að áfyllingarstöðvar, sem eru aðgengilegar almenningi, séu teknar í notkun, a.m.k. á grunnneti samevrópska flutninganetsins sem fyrir er, innan viðeigandi vegalengda með tilliti til lágmarksdrægis stórra, vélknúinna ökutækja, sem ganga fyrir fljótandi jarðgasi. Til viðmiðunar ætti nauðsynleg meðalvegalengd á milli áfyllingarstöðva að vera u.þ.b. 400 km.
- 47) Uppbygging áfyllingarstöðva fyrir bæði fljótandi jarðgas og þjappað jarðgas ætti að samræma með fullnægjandi hætti við framkvæmd grunnnets samevrópska flutninganetsins.
- 48) Eigi síðar en 31. desember 2025 ætti að vera búið að koma á fót viðeigandi fjölda áfyllingarstöðva fyrir fljótandi jarðgas og þjappað jarðgas, sem eru aðgengilegar almenningi, a.m.k. á grunnneti samevrópska flutninganetsins, sem fyrir hendi er á þeim degi, og eftir þann dag, á öðrum hlutum grunnnets samevrópska flutninganetsins sem gerðir eru aðgengilegir ökutækjum.
- 49) Í ljósi aukinnar fjölbreytni í tegundum eldsneyta fyrir vélknúin ökutæki ásamt sífellu meiri hreyfanleika borgara á vegum í öllu Sambandinu, er nauðsynlegt að veita notendum ökutækja skýrar og auðskiljanlegar upplýsingar um þær eldsneytistegundir sem eru í boði á áfyllingarstöðvum og um það hvort hinar mismunandi eldsneytistegundir eða hleðslustöðvar á markaði Sambandsins henti ökutækjum þeirra, án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB ⁽⁴⁾. Aðildarríkin ættu að geta ákveðið að hrinda í framkvæmd slíkum ráðstöfunum á sviði upplýsinga, einnig að því er varðar ökutæki í umferð.
- 50) Ef ekki er til Evrópustaðall fyrir ákveðið óhefðbundið eldsneyti ættu aðildarríkin að mega nota aðra staðla fyrir notendaupplýsingar og merkingar.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtuð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB frá 12. desember 2006 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 82/714/EBE (Stjtuð. ESB L 389, 30.12.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtuð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB að því er varðar forskriftir fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu og um að innleiða fyrirkomulag til að vakta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar forskriftir fyrir eldsneyti sem er notað fyrir skip á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun 93/12/EBE (Stjtuð ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88).

- 51) Upplýsingar, sem eru einfaldar og auðvelt er að bera saman, um verð á mismunandi tegundum eldsneytis geta gegnt mikilvægu hlutverki við að gera notendum ökutækja betur kleift að meta raunkostnað við einstakar tegundir eldsneytis sem aðgengilegar eru á markaði. Þegar eldsneytisverð er til sýnis á eldsneytisstöðvum, einkum fyrir jarðgas og vetni, ætti, í upplýsingaskyni, að vera hægt að bera það saman við einingarverð á hefðbundnu eldsneyti, eins og t.d. „jafngildir 1 bensínlítra“.
- 52) Í ljósi aukinnar fjölbreytni í tegundum eldsneyta fyrir vélknúin ökutæki er nauðsynlegt að útvega notendum ökutækja gögn sem varða landfræðilega staðsetningu áfyllingar- og hleðslustöðva, sem eru aðgengilegar almenningi, að því er varðar óhefðbundið eldsneyti sem fellur undir þessa tilskipun. Þegar fyrirtæki eða vefsetur veita þessar upplýsingar ættu þær því að vera aðgengilegar á opnum grundvelli án mismununar fyrir alla notendur.
- 53) Við stefnumótun á öllum stigum, sem byggist á staðreyndum, er einkar mikilvægt að upplýsingum sé safnað saman um bestu starfsvenjur og samræmingargögn í gegnum vöktunarstarfsemi, t.d. vefgáttina um vistvæn ökutæki (e. *Clean Vehicle Portal*) og evrópsku athugunarstöðina um rafknúna samgöngur (e. *European Electro-mobility Observatory*).
- 54) Lykilupplýsingar um aðgengi að hleðslu- og áfyllingarstöðvum og allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna samgangna í öllu Sambandinu skulu, eftir atvikum, gerðar aðgengilegar í gegnum umferðar- og ferðaupplýsingaþjónustu sem hluti af skynvædda flutningakerfinu.
- 55) Til að tryggja að ákvæði þessarar tilskipunar verði löguð að markaðsþróun og tækniframförum ætti að framselja vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar tækniforskriftir fyrir áfyllingar- og hleðslustöðvar og viðeigandi staðla. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin fylgi hefðbundnum venjum og hafi viðeigandi samráð á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 56) Alþjóðasiglingamálastofnunin þróar samræmda og alþjóðlega viðurkennda öryggis- og umhverfisstaðla fyrir flutninga á sjó. Í ljósi hnattræns eðlis flutninga á sjó ætti að forðast mótsögn við alþjóðlega staðla. Sambandið ætti því að tryggja að tækniforskriftir um flutninga á sjó, sem eru samþykktar samkvæmt þessari tilskipun, séu í samræmi við alþjóðlegar reglur sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkir.
- 57) Tilgreina ætti tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar hleðslu- og áfyllingarstöðvar í evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum. Evrópskar staðlastofnanir ættu að samþykkja Evrópustaðlana í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ⁽¹⁾ og þessir staðlar ættu að byggjast á núgildandi alþjóðlegum stöðlum eða, ef það á við, á alþjóðlegum stöðlum í vinnslu. Hvað varðar staðla sem hafa ekki enn verið samþykktir ætti staðlasetning að byggjast á stöðlum í vinnslu: *Guidelines for systems and installations for supply of LNG as fuel to ships* (ISO/DTS 18683), *Natural gas fuelling stations — LNG stations for fuelling vehicles* (ISO/DIS 16924) og *Natural gas fuelling stations — CNG stations for fuelling vehicles* (ISO/DIS 16923). Framkvæmdastjórnin ætti að fá vald til að uppfæra tilvísanir í tækniforskriftir í evrópskum og alþjóðlegum stöðlum með framseldum gerðum.
- 58) Við beitingu á þessari tilskipun ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við viðeigandi sérfræðingahópa, þ.m.t. a.m.k. evrópska sérfræðingahópinn um framtíðareldsneyti fyrir flutninga, sem samanstendur af sérfræðingum úr iðnaði og borgaralegu samfélagi ásamt sameiginlega sérfræðingahópnum um flutninga og umhverfismál, sem sameinar sérfræðinga frá aðildarríkjunum.
- 59) Framkvæmdastjórnin hefur komið á fót sérfræðingahópi sem kallaður er evrópskur samstarfsvettvangur um sjálfbæra sjóflutninga (e. *European Sustainable Shipping Forum*, ESSF) til að aðstoða við framkvæmd á starfsemi Sambandsins á sviði sjálfbærni við flutninga á sjó. Undirhópur um fljótandi jarðgas fyrir skip hefur verið stofnaður innan ramma evrópska samstarfsvettvangsins um sjálfbæra sjóflutninga og hefur hann umboð til að leggja fyrir samstarfsvettvanginn tillögur um þróun á stöðlum eða reglum um fljótandi jarðgas sem skipaeldsneyti, sem taka til þátta sem snerta tækni, rekstur, öryggi, vernd, þjálfun og umhverfisþætti vegna töku fljótandi jarðgass sem eldsneytis. Einnig hefur verið sett á

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjútíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

fót nefnd um setningu tæknistaðla til að fjalla um tæknistaðla á sviði siglinga á skipgengum vatnaleiðum. Það er sérstaklega brýnt að framkvæmdastjórnin fylgi hefðbundnum venjum sínum og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. við evrópska samstarfsvettvanginn um sjálfbæra sjóflutninga og nefndina um setningu tæknistaðla, áður en framseldar gerðir um kröfur vegna töku fljótandi jarðgass sem eldsneytis verða samþykktar, þ.m.t. viðeigandi öryggisþættir.

- 60) Miðnefndin um siglingar á Rínarfljóti (CCNR) er alþjóðastofnun sem fjallar um öll málefni sem varða siglingar á skipgengum vatnaleiðum. Dónárnefndin er alþjóðleg milliríkjastofnun sem sér um og þróar frjálsar siglingar á Dóná. Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin fylgi sínum hefðbundnu venjum og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. miðnefndina um siglingar á Rínarfljóti og Dónárnefndina, áður en hún samþykkir framseldar gerðir um siglingar á skipgengum vatnaleiðum.
- 61) Þegar mál sem varða þessa tilskipun, önnur en mál sem varða framkvæmd hennar eða brot á henni, eru til umræðu hjá sérfræðingum sem starfa í sérfræðingahópum ætti Evrópuþingið að fá allar upplýsingar og skjöl og, eftir því sem við á, boð um að sitja viðeigandi fundi.
- 62) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til að mæla fyrir um sameiginlegar verklagsreglur og forskrifir. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁾.
- 63) Til að tryggja að óhefðbundið eldsneyti til flutninga sé af þeim gæðum sem krafist er vegna notkunar í hreyflum með núverandi tækni sem og með framtíðartækni og að eldsneytið sé afar vistvænt að því er varðar losun koltvísýrings og annarra mengandi efna ætti framkvæmdastjórnin að vakta setningu þess á markað. Í því skyni ætti framkvæmdastjórnin, ef við á, að leggja til nauðsynlegar lagalegar ráðstafanir til að tryggja samræmt og hátt gæðastig eldsneytis í öllu Sambandinu.
- 64) Til að ná fram sem víðtækastri notkun á óhefðbundnu eldsneyti til flutninga, á sama tíma og tæknilegt hlutleysi er tryggt, og til að stuðla að sjálfbærum rafknúnum samgöngum í öllu Sambandinu ætti framkvæmdastjórnin, ef hún telur það eiga við, að gera viðeigandi ráðstafanir eins og að samþykkja aðgerðaáætlun um framkvæmd stefnunnar sem sett er fram í orðsendingunni með fyrirsögninni „Hrein orka til flutninga: evrópsk áætlun fyrir óhefðbundið eldsneyti“. Í þessu skyni getur framkvæmdastjórnin tekið tillit til einstakra markaðsþarfa og markaðsþróunar í aðildarríkjunum.
- 65) Þar eð aðildarríkin geta hvert um sig ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að víðtækri markaðsþróun á óhefðbundnu eldsneyti, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna þess að þörf er á aðgerðum til að bregðast við eftirspurn eftir nauðsynlegu magni ökutækja sem knúin eru með óhefðbundnu eldsneyti, til að þróunarstarf í evrópskum iðnaði sé kostnaðarhagkvæmt og til að gera samgöngur með ökutækjum sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti mögulegar í öllu Sambandinu, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við meginregluna um nálægð eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari tilskipun er komið á sameiginlegum ramma um ráðstafanir um uppbyggingu grunnvirkja í Sambandinu fyrir óhefðbundið eldsneyti til að draga úr hæði gagnvart olíu og takmarka umhverfisáhrif vegna flutninga. Í þessari tilskipun eru settar fram lágmarkskröfur um uppbyggingu á grunnvirkjum fyrir óhefðbundið eldsneyti, þ.m.t. hleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki og áfyllingarstöðvar fyrir jarðgas (fljótandi jarðgas og þjappað jarðgas) og vetni, sem framkvæma á með stefnuramma í hverju aðildarríki, ásamt sameiginlegum tækniforskriftum fyrir slíkar hleðslu- og áfyllingarstöðvar og kröfum um notendaupplýsingar.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtúð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „óhefðbundið eldsneyti“: eldsneyti eða orkugjafar, sem koma a.m.k. að hluta til í stað jarðefnaeldsneytis sem orkugjafi í flutningum og sem geta hugsanlega stuðlað að minnkun kolefnislosunar og bætt árangur í umhverfismálum í flutningageiranum. Til þess telst m.a.:
 - raforka,
 - vetni,
 - lífeldsneyti eins og það er skilgreint í i-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB,
 - tilbúið eldsneyti og paraffínskt eldsneyti,
 - jarðgas, þ.m.t. lífmetan, í loftkenndu formi (þjappað jarðgas (CNG)) og fljótandi formi (fljótandi jarðgas (LNG)) og
 - fljótandi jarðólufugas (LPG),
- 2) „rafknúið ökutæki“: vélknúið ökutæki búið aflrás sem hefur a.m.k. eina rafmagnsvél, sem er ekki jaðarbúnaður, sem orkubreyti með endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi sem hægt er að hlaða utan ökutækisins,
- 3) „hleðslustöð“: skilflötur þar sem hægt er að hlaða eitt rafknúið ökutæki í einu eða þar sem hægt er að skipta um rafgeymi á einu rafknúnu ökutæki í einu,
- 4) „venjuleg hleðslustöð“: hleðslustöð þar sem mögulegt er að yfirfæra raforku á rafknúið ökutæki með afli sem er 22 kW eða minna, að undanskildum tækjum sem eru 3,7 kW eða minna og eru sett upp á einkaheimilum eða sem eru ekki eingöngu notuð í þeim tilgangi að hlaða rafknúin ökutæki og eru ekki aðgengileg almenningi,
- 5) „hraðhleðslustöð“: hleðslustöð þar sem mögulegt er að yfirfæra raforku á ökutæki með afli sem er meira en 22 kW,
- 6) „afhending rafmagns frá landi“: raforka veitt frá landi í gegnum staðalskilflöt til hafskipa eða skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum við skipalægi,
- 7) „hleðslu- eða áfyllingarstöð aðgengileg almenningi“: hleðslu- eða áfyllingarstöð fyrir afhendingu á óhefðbundnu eldsneyti sem notendur hafa aðgang að án mismununar í öllu Sambandinu. Aðgengi án mismununar getur falið í sér mismunandi skilmála fyrir sannvottun, notkun eða greiðslu,
- 8) „áfyllingarstöð“: aðstaða þar sem áfylling eldsneytis af öllu tagi fer fram, að undanskildu fljótandi jarðgasi, með föstum eða hreyfanlegum búnaði,
- 9) „áfyllingarstöð fyrir fljótandi jarðgas“: aðstaða þar sem áfylling fljótandi jarðgass fer fram og samanstendur hún af annaðhvort föstum eða hreyfanlegum búnaði, aðstöðu á hafi úti eða öðru kerfi.

3. gr.

Stefnuramma í hverju ríki

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja stefnuramma vegna þróunar á markaði að því er varðar óhefðbundið eldsneyti í flutningageiranum og uppbyggingu viðeigandi grunnvirkja. Stefnuramminn skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:

- mat á núverandi stöðu markaðarins og framtíðarþróun hans að því er varðar óhefðbundið eldsneyti í flutningageiranum, þ.m.t. í ljósi þess að hægt er að nota þessar tegundir samtímis og samhliða, og þróun grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti með tilliti til samfellu yfir landamæri, ef við á,

- landsbundin takmörk og markmið skv. 1., 3. og 5. mgr. 4. gr., 1. - 4. mgr. og 6. - 8. mgr. 6. gr. og, eftir atvikum, 1. mgr. 5. gr., varðandi uppbyggingu á grunnvirkjum fyrir óhefðbundið eldsneyti. Þessi landsbundnu takmörk og markmið skulu ákveðin og heimilt að endurskoða þau á grundvelli mats á landsbundinni eða svæðisbundinni eftirspurn eða eftirspurn í öllu Sambandinu á sama tíma og tryggt er að lágmarkskröfur um grunnvirki samkvæmt þessari tilskipun séu uppfylltar,
 - ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að landsbundnum takmörkum og markmiðum í stefnuramma hvers ríkis sé náð,
 - ráðstafanir sem geta stuðlað að uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti í almennri flutningaþjónustu,
 - tilnefningu þéttbýlisstaða í borgum/úthverfum, annarra þéttbýlla svæða og neta þar sem, samkvæmt þörfum markaðarins, koma skal fyrir hleðslustöðvum sem eru aðgengilegar almenningi í samræmi við 1. mgr. 4. gr.,
 - tilnefningu þéttbýlisstaða í borgum/úthverfum, annarra þéttbýlla svæða og neta þar sem, samkvæmt þörfum markaðarins, skal koma fyrir áfyllingarstöðvum fyrir þjappað jarðgas í samræmi við 7. mgr. 6. gr.,
 - mat á þörfinni á því að setja upp áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas í höfnum utan grunnnets samevrópska flutningansins,
 - athugun á þörfinni á því að setja upp tengingu fyrir afhendingu rafmagns á flugvöllum til notkunar fyrir kyrrstæðar flugvélar.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að stefnuramminn í hverju ríki taki mið af þörfum þeirra mismunandi flutningsmáta, sem fyrir hendi eru á yfirráðasvæði þeirra, þ.m.t. þeirra sem hafa takmarkaða aðra kosti en jarðefnaeldsneyti.
 3. Stefneuramminn í hverju ríki skal, eins og við á, taka mið af hagsmunum svæðis- og staðaryfirvalda sem og hlutaðeigandi hagsmunaaðila.
 4. Ef nauðsyn krefur skulu aðildarríkin starfa saman, með viðræðum eða sameiginlegum stefnuramma, til að tryggja að þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðum þessarar tilskipunar séu samhangandi og samræmdar.
 5. Stuðningsráðstafanir fyrir grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti skulu framkvæmdar í samræmi við reglur um ríkisaðstoð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.
 6. Stefneuramminn í hverju ríki skal vera í samræmi við gildandi löggjöf Sambandsins um umhverfis- og loftslagsvernd.
 7. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um stefnuramma sína eigi síðar en 18. nóvember 2016.
 8. Á grundvelli stefnuramma hvers ríkis skal framkvæmdastjórnin birta og reglulega uppfæra upplýsingar um landsbundin takmörk og markmið sem hvert aðildarríki leggur fram varðandi:
 - fjölda hleðslustöðva sem aðgengilegar eru almenningi,
 - áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas í höfnum við sjó og vatnaleiðir,
 - áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir vélknúin ökutæki sem eru aðgengilegar almenningi,
 - áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas fyrir vélknúin ökutæki sem eru aðgengilegar almenningi.
- Eftir atvikum skal einnig birta upplýsingar um eftirfarandi:
- áfyllingarstöðvar fyrir vetni sem eru aðgengilegar almenningi,
 - grunnvirki fyrir afhendingu rafmagns frá landi í höfnum við sjó og vatnaleiðir,
 - grunnvirki fyrir afhendingu rafmagns fyrir kyrrstæðar flugvélar.
9. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin við skýrslugjöf þeirra um stefnuramma sinn með viðmiðunarreglum þeim sem um getur í 4. mgr. 10. gr., meta samhengi stefnuramma hvers ríkis á vettvangi Sambandsins og aðstoða aðildarríkin við samstarfsferlið sem kveðið er á um í 4. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Afhending rafmagns fyrir flutninga

1. Aðildarríkin ættu að tryggja, á grundvelli stefnuramma hvers ríkis fyrir sig, að byggðar séu upp hleðslustöðvar fyrir almenning á nægilega mörgum stöðum eigi síðar en 31. desember 2020 til að tryggja að rafknúinn ökutæki geti farið um a.m.k. á þéttbýlisstöðum í borgum og úthverfum og öðrum þéttbýlum svæðum og, eftir því sem við á, innan þeirra neta sem aðildarríkin ákveða. Ákveða skal fjölda slíkra hleðslustöðva að teknu tilliti til m.a. áætlunar um fjölda skráðra rafknúinna ökutækja í lok árs 2020, eins og fram kemur í stefnuramma hvers ríkis, bestu starfsvenja og tilmæla sem framkvæmdastjórnin gefur út. Taka skal tillit til sérstakra þarfa í tengslum við uppsetningu hleðslustöðva sem eru aðgengilegar almenningi á almenningssamgöngu-miðstöðvum, eftir því sem við á.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta beitingu krafanna í 1. mgr. og, eins og við á, leggja fram tillögu um breytingar á þessari tilskipun með tilliti til þróunar markaðarins fyrir rafknúinn ökutæki til að tryggja að fleiri hleðslustöðvar sem eru aðgengilegar almenningi séu settar upp í hverju aðildarríki eigi síðar en 31. desember 2025, a.m.k. á grunnneti samevrópska flutninganetsins, á þéttbýlisstöðum í borgum og úthverfum og öðrum þéttbýlum svæðum.

3. Aðildarríkin skulu einnig gera ráðstafanir innan stefnuramma síns til að hvetja til og greiða fyrir uppbyggingu hleðslustöðva sem eru ekki aðgengilegar almenningi.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að venjulegar hleðslustöðvar fyrir rafknúinn ökutæki, að undanskildum þráðlausum einingum eða spaneiningum, sem eru settar upp eða endurnýjaðar frá og með 18. nóvember 2017, uppfylli a.m.k. tækniforskriftirnar sem settar eru fram í lið 1.1 í II. viðauka og sérstakar öryggiskröfur sem gilda á landsvísu.

Aðildarríkin skulu tryggja að hraðhleðslustöðvar fyrir rafknúinn ökutæki, að undanskildum þráðlausum einingum eða spaneiningum, sem eru settar upp eða endurnýjaðar frá og með 18. nóvember 2017, uppfylli a.m.k. tækniforskriftirnar sem settar eru fram í lið 1.2 í II. viðauka.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að í stefnuramma þeirra sé metin þörfin á afhendingu rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipengum vatnaleiðum og fyrir hafskip í höfnum við sjó og vatnaleiðir. Það skal vera forgangsverkefni að setja upp slíka tengingu fyrir afhendingu rafmagns frá landi í höfnum grunnnets samevrópska flutninganetsins og í öðrum höfnum fyrir 31. desember 2025, nema að eftirspurn sé ekki fyrir hendi og að kostnaður sé ekki í hlutfalli við ávinning, þ.m.t. umhverfislegan ávinning.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að búnaður fyrir afhendingu rafmagns frá landi vegna sjóflutninga, sem tekinn er í notkun eða endurnýjaður frá og með 18. nóvember 2017, uppfylli tækniforskriftirnar sem settar eru fram í lið 1.7 í II. viðauka.

7. Hleðsla rafknúinna ökutækja á hleðslustöðvum sem eru aðgengilegar almenningi skal, ef það er tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt, nota skynvætt mælikerfi eins og það er skilgreint í 28. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar.

8. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar hleðslustöðva, sem eru aðgengilegar almenningi, hafi frelsi til að kaupa raforku frá hvaða rafveitu sem er í Sambandinu, með fyrirvara um samþykki birgis. Rekstraraðilum hleðslustöðva skal heimilt að veita viðskiptavinum hleðsluþjónustu vegna rafknúinna ökutækja á samningsgrunvelli, þ.m.t. í nafni og fyrir hönd annarra þjónustuveitenda.

9. Allar hleðslustöðvar sem eru aðgengilegar almenningi skulu einnig bjóða upp á þann möguleika að notendur rafknúinna ökutækja geti í sérstökum tilvikum hlaðið ökutækid án þess að gera samning við hlutaðeigandi rafveitu eða rekstraraðila.

10. Aðildarríkin skulu tryggja að verðlagning rekstraraðila hleðslustöðva, sem eru aðgengilegar almenningi, sé sanngjörn, auðveldlega og greinilega samanburðarhæf, gagnsæ og án mismununar.

11. Aðildarríkin skulu tryggja að dreifikerfisstjórar starfi án mismununar með öllum einstaklingum sem setja á fót eða reka hleðslustöðvar sem eru aðgengilegar almenningi.

12. Aðildarríkin skulu tryggja að samkvæmt lagarammanum sé hægt að gera samning um afhendingu rafmagns fyrir hleðslustöð við annan birgi en þann aðila sem afhendir raforku til þess heimilis eða húsnæðis þar sem slík hleðslustöð er staðsett.

13. Án þess að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 skal Sambandið vinna að því að viðeigandi staðlastofnanir þrói Evrópustaðla sem innihalda nákvæmar tækniforskriftir fyrir þráðlausar hleðslustöðvar og rafgeymskipti fyrir vélknúin ökutæki og fyrir hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki og rafmagnsstrætisvagna.

14. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 8. gr.:

- a) sem viðbót við þessa grein og liði 1.3, 1.4, 1.5, 1.6 og 1.8 í II. viðauka, til að krefjast þess að grunnvirki, sem taka á í notkun eða endurnýja, uppfylli tækniforskriftirnar í Evrópustöðlunum sem þróa á skv. 13. mgr. þessarar greinar, þegar viðkomandi evrópskar staðlastofnanir hafa aðeins mælt með einni tæknilegri lausn ásamt tækniforskriftunum eins og lýst er í viðkomandi Evrópustaðli,
- b) til að uppfæra tilvísanir í staðlana sem um getur í tækniforskriftunum, sem settar eru fram í 1. lið II. viðauka, þegar þeim stöðlum er skipt út með nýrri útgáfu sem viðeigandi staðlastofnanir samþykkja.

Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin fylgi sínum hefðbundnu venjum og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, áður en hún samþykkir þessar framseldu gerðir.

Í þessum framseldu gerðum skal vera a.m.k. 24 mánaða umbreytingartímabil áður en tækniforskriftirnar eða breytingar á þeim verða bindandi fyrir grunnvirkin sem á að byggja upp eða endurnýja.

5. gr.

Afhending vetnis fyrir flutninga á vegum

1. Aðildarríkin sem ákveða að taka vetnisáfyllingarstöðvar, aðgengilegar almenningi, inn í stefnuramma sinn skulu tryggja að viðeigandi fjöldi slíkra stöðva standi almenningi til boða eigi síðar en 31. desember 2025 til að tryggja að vetnisknúin ökutæki, þ.m.t. ökutæki með efnarafal, geti farið um innan þeirra neta sem þessi aðildarríki ákveða, þ.m.t. tengingar yfir landamæri, eftir því sem við á.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að vetnisáfyllingarstöðvar, aðgengilegar almenningi, sem eru teknar í notkun eða endurnýjaðar frá og með 18. nóvember 2017, uppfylli tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 2. lið í II. viðauka.

3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 8. gr. til að uppfæra tilvísanir í staðlana sem um getur í tækniforskriftunum, sem settar eru fram í 2. lið II. viðauka, þegar þeim stöðlum er skipt út með nýrri útgáfu sem viðeigandi staðlastofnanir samþykkja.

Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin fylgi sínum hefðbundnu venjum og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, áður en hún samþykkir þessar framseldu gerðir.

Í þessum framseldu gerðum skal vera a.m.k. 24 mánaða umbreytingartímabil áður en tækniforskriftirnar eða breytingar á þeim verða bindandi fyrir grunnvirkin sem á að byggja upp eða endurnýja.

6. gr.

Afhending jarðgass fyrir flutninga

1. Aðildarríkin skulu með stefnuramma sínum tryggja að eigi síðar en 31. desember 2025 verði búið að setja upp nægilega margar áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas í höfnum við sjó til að gera skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða hafskipum, sem ganga fyrir fljótandi jarðgasi, kleift að fara um í öllu grunnneti samevrópska flutninganetsins. Aðildarríkin skulu starfa með nágrannaaðildarríkjum ef nauðsyn krefur til að tryggja fullnægjandi umfang grunnnets samevrópska flutninganetsins.

2. Aðildarríkin skulu með stefnuramma sínum tryggja að eigi síðar en 31. desember 2030 verði búið að setja upp nægilega margar áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas í höfnum við vatnaleiðir til að gera skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða hafskipum, sem ganga fyrir fljótandi jarðgasi, kleift að fara um í öllu grunnneti samevrópska flutninganetsins. Aðildarríkin skulu starfa með nágrannaaðildarríkjum ef nauðsyn krefur til að tryggja fullnægjandi umfang grunnnets samevrópska flutninganetsins.

3. Aðildarríkin skulu tilnefna í stefnuramma sínum þær hafnir við sjó eða við vatnaleiðir sem eiga að veita aðgang að þeim áfyllingarstöðvum fyrir fljótandi jarðgas sem um getur í 1. og 2. mgr., þar sem einnig er tekið tillit til raunverulegra þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu með landsbundnum stefnuramma sínum tryggja að nægilega margar áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas, sem eru aðgengilegar almenningi, séu settar upp eigi síðar en 31. desember 2025, a.m.k. á því grunnneti samevrópska flutningansins sem fyrir er, til að tryggja að stór, vélknúin ökutæki, sem ganga fyrir fljótandi jarðgasi, geti farið um í öllu Sambandinu, þar sem eftirspurn er fyrir hendi, nema að kostnaður sé ekki í hlutfalli við ávinning, þ.m.t. umhverfislegan ávinning.

5. Framkvæmdastjórnin skal meta beitingu kröfunnar í 4. mgr. og, ef það á við, leggja fram tillögu eigi síðar en 31. desember 2027 um breytingu á þessari tilskipun með hliðsjón af markaðinum fyrir stór, vélknúin ökutæki sem ganga fyrir fljótandi jarðgasi, til að tryggja að nægilegur fjöldi áfyllingarstöðva fyrir fljótandi jarðgas, sem eru aðgengilegar almenningi, séu settar upp í hverju aðildarríki.

6. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi dreifikerfi fyrir fljótandi jarðgas sé fyrir hendi á yfirráðasvæði þeirra, þ.m.t. hleðsluaðstaða fyrir tankbifreiðar sem knúnar eru með fljótandi gasi, til að sjá áfyllingarstöðvunum, sem um getur í 1., 2. og 4. mgr., fyrir birgðum. Í undantekningartilvikum geta nágrannaaðildarríki, innan ramma stefnuramma síns, stofnað til samlags í þeim tilgangi að uppfylla þessa kröfur. Samlagssamningur fellur undir kvöð aðildarríkjanna um skýrslugjöf samkvæmt þessari tilskipun.

7. Aðildarríkin ættu, með stefnuramma sínum, að tryggja að eigi síðar en 31. desember 2020 verði búið að setja upp nægilega margar áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas, sem eru aðgengilegar almenningi, til að tryggja, í samræmi við sjötta undirlið 1. mgr. 3. gr., að vélknúin ökutæki, sem knúin eru með þjöppuðu jarðgasi, geti farið um í þéttbýlisstöðum í borgum/úthverfum og öðrum þéttbýlum svæðum og, eftir því sem við á, innan þeirra neta sem aðildarríkin ákveða.

8. Aðildarríkin skulu tryggja, með stefnuramma sínum, að eigi síðar en 31. desember 2025 verði settar upp nægilega margar áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas, sem eru aðgengilegar almenningi, a.m.k. á því grunnneti samevrópska flutningansins sem fyrir er, til að tryggja að vélknúin ökutæki sem knúin eru með þjöppuðu jarðgasi geti farið um í öllu Sambandinu.

9. Aðildarríkin skulu tryggja að áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas fyrir vélknúin ökutæki, sem eru teknar í notkun eða endurnýjaðar frá og með 18. nóvember 2017, uppfylli tækniforskriftirnar sem settar eru fram í lið 3.4 í II. viðauka.

10. Án þess að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 skal Sambandið vinna að því að viðeigandi evrópskar eða alþjóðlegar staðlastofnanir þrói staðla, þ.m.t. ítarlegar tækniforskriftir, fyrir:

- a) áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir flutninga á sjó og á skipgengum vatnaleiðum,
- b) áfyllingarstöðvar fyrir vélknúin ökutæki sem knúin eru með fljótandi jarðgasi eða þjöppuðu jarðgasi.

11. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 8. gr.:

- a) sem viðbót við þessa grein og liði 3.1, 3.2 og 3.4 í II. viðauka, til að krefjast þess að grunnvirki, sem taka á í notkun eða endurnýja, uppfylli tækniforskriftirnar í stöðlunum sem þróa á samkvæmt a- og b-lið 10. mgr. þessarar greinar, þegar viðkomandi evrópskar staðlastofnanir hafa aðeins mælt með einni tæknilegri lausn ásamt tækniforskriftunum, eins og lýst er í viðkomandi Evrópustaðli sem samrýmist viðeigandi alþjóðlegum staðli eftir atvikum,
- b) til að uppfæra tilvísanir í staðlana sem um getur í tækniforskriftunum, sem settar eru fram eða sem á að setja fram skv. 3. lið II. viðauka, þegar þeim stöðlum er skipt út með nýjum útgáfum sem viðeigandi evrópskar eða alþjóðlegar staðlastofnanir samþykkja.

Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin fylgi sínum hefðbundnu venjum og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, áður en hún samþykkir þessar framseldu gerðir.

Í þessum framseldu gerðum skal vera a.m.k. 24 mánaða umbreytingartímabil áður en tækniforskriftirnar eða breytingar á þeim verða bindandi fyrir grunnvirkin sem á að byggja upp eða endurnýja.

12. Ef ekki er til staðall sem inniheldur nákvæmar tækniforskriftir fyrir áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas, sem notað er við flutninga á sjó og á skipgengum vatnaleiðum, sem um getur í a-lið 10. mgr., og einkum ef ekki eru til staðlar sem varða forskriftir sem tengjast töku fljótandi jarðgass, skal framkvæmdastjórninni, með hliðsjón af þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, miðnefndarinnar um siglingar á Rínarfljóti, Dónárnefndarinnar og á öðrum alþjóðlegum vettvangi sem skiptir máli, falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 8. gr. til að mæla fyrir um:

- kröfur um skilfleti vegna yfirfærslu á fljótandi jarðgasi á milli eldsneytishólfa vegna flutninga á sjó og á skipgengum vatnaleiðum,
- kröfur í tengslum við öryggisþætti varðandi verklagið við geymslu og töku fljótandi jarðgass á landi vegna flutninga á sjó og á skipgengum vatnaleiðum.

Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin fylgi sínum hefðbundnu venjum og hafi samráð við viðeigandi sérfræðingahópa um flutninga á sjó og flutninga á skipgengum vatnaleiðum, þ.m.t. sérfræðinga frá landsbundnum yfirvöldum á sviði siglinga á hafi eða yfirvalda á sviði siglinga á skipgengum vatnaleiðum, áður en hún samþykkir þessar framseldu gerðir.

7. gr.

Notandaupplýsingar

1. Án þess að hafa áhrif á tilskipun 2009/30/EB skulu aðildarríkin tryggja að viðeigandi, samræmdar og skýrar upplýsingar séu gerðar aðgengilegar að því er varðar þau vélknúnu ökutæki sem hægt er að fylla reglulega á með einstökum tegundum eldsneytis, sem sett eru á markað, eða hlaða á hleðslustöðvum. Slíkar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar í handbókum vélknúinna ökutækja, á áfyllingar- og hleðslustöðvum, í vélknúnum ökutækjum og hjá söluaðilum vélknúinna ökutækja á yfirráðasvæði þeirra. Þessi krafa gildir um öll vélknúin ökutæki, og handbækur þeirra, sem eru sett á markað eftir 18. nóvember 2016.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu veittar á grundvelli ákvæða um merkingar varðandi það hvort eldsneyti uppfyllir kröfur samkvæmt stöðlum evrópskra staðlastofnana, sem ákveða tækniforskriftir eldsneytis. Ef vísað er í slíkum stöðlum til myndrænnar útfærslu, þ.m.t. litakóðunarkerfis, skal myndræna útfærslan vera einföld og auðskiljanleg og henni komið fyrir með skýrum og sýnilegum hætti:

- a) á tilheyrandi dælum og stútum þeirra á öllum áfyllingarstöðvum, frá og með þeim degi sem eldsneyti er sett á markað,
- b) á áfyllingarlokum eldsneytisgeyma, eða mjög nálægt þeim, á öllum vélknúnum ökutækjum sem mælt er með og sem þetta eldsneyti hentar fyrir, sem og í handbókum vélknúinna ökutækja, þegar slík vélknúin ökutæki eru sett á markað eftir 18. nóvember 2016.

3. Þegar eldsneytisverð er til sýnis á eldsneytisstöð skal samanburður á milli viðeigandi einingarverðs gefið upp í upplýsingaskyni, þegar það á við og einkum hvað varðar jarðgas og vetni. Þessar upplýsingar skulu ekki villa um fyrir notanda eða rugla hann í ríminu.

Til að auka vitund neytenda og kveða á um gagnsæi í eldsneytisverði með samræmdum hætti í öllu Sambandinu skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja, með framkvæmdargerðum, sameiginlega aðferðafræði fyrir samanburð á einingarverði óhefðbundins eldsneytis.

4. Í þeim tilvikum þar sem staðlar evrópskra staðlastofnana um tækniforskriftir eldsneytis innihalda ekki ákvæði um merkingar að því er varðar samræmi við umrædda staðla, ef ákvæðin um merkingar vísa ekki til myndrænnar útfærslu, þ.m.t. litakóðunarkerfis, eða ef ákvæðin um merkingar henta ekki til að ná markmiðum þessarar tilskipunar, getur framkvæmdastjórnin, til að tryggja samræmda framkvæmd 1. og 2. mgr., veitt evrópskum staðlastofnunum umboð til að semja forskriftir fyrir samhæfðar merkingar eða samþykkt framkvæmdargerðir til að ákvarða myndræna útfærslu, þ.m.t. litakóðunarkerfis, sem sýnir samhæfi eldsneytis sem er innleitt á markaði Sambandsins og sem nær að mati framkvæmdastjórnarinnar 1% af heildarsölumagni í fleiri en einu aðildarríki.

5. Ef ákvæði um merkingar fyrir viðeigandi staðla evrópskra staðlastofnana eru uppfærð, ef framkvæmdargerðir um merkingar eru samþykktar eða ef nýir staðlar frá evrópskum staðlastofnunum fyrir óhefðbundið eldsneyti eru þróaðir þegar þörf er á, skulu samsvarandi kröfur um merkingar gilda um allar áfyllingar- og hleðslustöðvar og um vélknúin ökutæki sem eru skráð á yfirráðasvæði aðildarríkjanna frá og með 24 mánuðum eftir viðkomandi uppfærslu eða samþykkt.

6. Framkvæmdargerðirnar sem um getur í þessari grein skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

7. Ef til eru gögn sem gefa til kynna landfræðilega staðsetningu áfyllingar- og hleðslustöðva, sem eru aðgengilegar almenningi, fyrir óhefðbundið eldsneyti sem fellur undir þessa tilskipun, skulu aðildarríkin tryggja að þau séu gerð aðgengileg öllum notendum á opnum grundvelli og án mismununar. Að því er varðar hleðslustöðvar geta slík gögn, þegar þau eru tiltæk, falið í sér upplýsingar um aðgengileika í rauntíma ásamt eldri upplýsingum og rauntímaupplýsingum um hleðslu.

8. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 4., 5. og 6. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 17. nóvember 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 4., 5. og 6. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4., 5. og 6. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjú mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

9. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki álit skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.
3. Þegar álit nefndarinnar skal fengið með skriflegri málsmeðferð skal þeirri málsmeðferð ljúka án árangurs ef formaður nefndarinnar ákveður það eða einfaldur meirihluti nefndarmanna fer fram á það innan frestsins sem gefinn er til að skila álitinu.

10. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Hvert aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd stefnuramma síns eigi síðar en 18. nóvember 2019 og á þriggja ára fresti eftir það. Þessar skýrslur skulu innihalda upplýsingarnar sem taldar eru upp í I. viðauka og skulu, eftir því sem við á, innihalda rökstuðning sem skiptir máli varðandi að hve miklu leyti landsbundnum takmörkum og markmiðum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., hefur verið náð.

2. Eigi síðar en 18. nóvember 2017 skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um mat á stefnuramma í hverju ríki og samhengi þeirra á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. mat á því að hve miklu leyti landsbundnum takmörkum og markmiðum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., hefur verið náð.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar á þriggja ára fresti frá og með 18. nóvember 2020.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal innihalda eftirfarandi:

- mat á aðgerðum sem aðildarríkin hafa gripið til,
- mat á áhrifum þessarar tilskipunar á þróun markaðarins að því er varðar grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti og framlag hennar til markaðarins fyrir óhefðbundið eldsneyti fyrir flutninga ásamt áhrifum hennar á efnahags- og umhverfismál,
- upplýsingar um tækniframfarir og þróun markaðarins að því er varðar óhefðbundið eldsneyti í flutningageiranum og um viðeigandi grunnvirki sem falla undir þessa tilskipun og allar aðrar tegundir óhefðbundins eldsneytis.

Framkvæmdastjórnin getur sett fram dæmi um bestu starfsvenjur og gefið úti viðeigandi tilmæli.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal einnig innihalda mat á kröfunum og dagsetningunum sem settar eru fram í þessari tilskipun að því er varðar uppbyggingu grunnvirkja og framkvæmd forskrifa, með tilliti til tækniþróunar, efnahagslegrar þróunar og markaðsþróunar á viðkomandi óhefðbundnu eldsneyti, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja leiðbeiningar um skýrslugjöf aðildarríkjanna um atriðin sem talin eru upp í I. viðauka.

5. Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin taka framkvæmd þessarar tilskipunar til endurskoðunar og, eins og við á, leggja fram tillögu um breytingar á henni með því að mæla fyrir um nýjar sameiginlegar tækniforskriftir fyrir grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti innan gildissviðs þessarar tilskipunar.

6. Ef framkvæmdastjórnin telur það viðeigandi skal hún eigi síðar en 31. desember 2018 samþykkja aðgerðaáætlun um framkvæmd stefnunnar sem sett er fram í orðsendingunni með fyrirsögninni „Hrein orka til flutninga: evrópsk áætlun fyrir óhefðbundið eldsneyti“ til að ná sem víðtækastri notkun á óhefðbundnu eldsneyti, á sama tíma og tæknilegt hlutleysi er tryggt, og til að stuðla að sjálfbærum rafknúnum samgöngum í öllu Sambandinu. Í þessu skyni getur hún tekið tillit til einstakra þarfa markaðarins og þróunar í aðildarríkjunum.

11. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. nóvember 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 22. október 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. DELLA VEDOVA

forseti.

*I. VIÐAUKI***SKÝRSLA**

Skýrslan skal innihalda lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar eru í aðildarríkjunum til að styðja við uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti. Skýrslan skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

1. Lagalegar ráðstafanir

Upplýsingar um lagalegar ráðstafanir, sem geta samanstáð af löggjafar- eða stjórnáráðstöfunum, til að styðja við uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti, eins og byggingarleyfi, leyfi fyrir bílastæðum, vottun um árangur fyrirtækja í umhverfismálum og sérleyfi fyrir eldsneytisstöðvar.

2. Stefnuúrræði sem styðja við framkvæmd stefnuramma í hverju ríki

Í upplýsingum um þessi úrræði skulu eftirfarandi þættir koma fram:

- beinn hvati til kaupa á flutningatækjum, sem nota óhefðbundið eldsneyti, eða til uppbyggingar á grunnvirkjum,
- tiltækileiki skattaávilnana til að stuðla að notkun á flutningatækjum, sem nota óhefðbundið eldsneyti, og viðeigandi grunnvirkjum,
- notkun opinberra innkaupa til að styðja við óhefðbundið eldsneyti, þ.m.t. sameiginleg innkaup,
- eftirspurnarhvartar sem eru ekki fjárhagslegir, t.d. forgangsáðgangur að svæðum með takmarkaðan aðgang, bílastæðastefna og sérstakar akreinar,
- hvort tillit sé tekið til þarfa fyrir áfyllingarstöðvar fyrir endurnýjanlegt þotueldsneyti á flugvöllum innan grunnnets samevrópska flutninganetsins,
- tæknilegar og stjórnsýslulegar ráðstafanir sem og löggjöf að því er varðar leyfi til að afhenda óhefðbundið eldsneyti, til að auðvelda leyfisferlið.

3. Stuðningur við uppbyggingu og framleiðslu

Árleg opinber fjárlög, sem úthlutað er fyrir uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti, sundurliðuð eftir tegund óhefðbundins eldsneytis og eftir flutningsmáta (vegir, járnbrautir, vatn og loft).

Árleg opinber fjárlög, sem úthlutað er til að styðja við framleiðslufyrirtæki á sviði tækni fyrir óhefðbundið eldsneyti, sundurliðuð eftir óhefðbundnu eldsneyti og eftir flutningsmáta.

Tekið tillit til allra sérstakra þarfa á fyrsta stigi uppbyggingar grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti.

4. Rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni

Árleg opinber fjárlög, sem úthlutað er til að styðja við rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni á sviði óhefðbundins eldsneytis, sundurliðuð eftir óhefðbundnu eldsneyti og eftir flutningsmáta.

5. Takmörk og markmið

- mat á áætluðum fjölda ökutækja sem munu ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti 2020, 2025 og 2030,
- að hvaða marki landsbundnum markmiðum hefur verið náð um notkun á óhefðbundnu eldsneyti innan mismunandi flutningsmáta (vegir, járnbrautir, vatn og loft),
- að hvaða marki landsbundnum takmörkum hvers árs hefur verið náð að því er varðar uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti innan mismunandi flutningsmáta,
- upplýsingar um aðferðafræðina sem notuð er til að taka tillit til skilvirkni hvað varðar hleðslu á hraðhleðslustöðvum.

6. Þróun grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti

Breytingar á afhendingu (viðbótargrunnvirkjaaðstaða) og eftirspurn (aðstaðan sem er raunverulega í notkun).

II. VIÐAUKI

TÆKNIFORSKRIFTIR

1. Tækniforskriftir fyrir hleðslustöðvar

1.1. Venjulegar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki

Venjulegar riðstraumshleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki skulu a.m.k. hafa tengla eða tengi af gerð 2 fyrir ökutæki, eins og lýst er í staðlinum EN 62196-2, með tilliti til rekstrarsamhæfis. Þessa tengla má útbúa með eiginleikum eins og vélrænum lokum á sama tíma og samhæfi við gerð 2 er viðhaldið.

1.2. Hraðhleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki

Riðstraumshraðhleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki skulu a.m.k. hafa tengi af gerð 2, eins og lýst er í staðlinum EN 62196-2, með tilliti til rekstrarsamhæfis.

Jafnstraumshraðhleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki skulu a.m.k. hafa tengi af tegundinni „Combo 2“ fyrir samsett hleðslukerfi, eins og lýst er í staðlinum EN 62196-3, með tilliti til rekstrarsamhæfis.

1.3. Þráðlausar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki

1.4. Rafgeymskipti fyrir vélknúin ökutæki

1.5. Hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í flokki L

1.6. Hleðslustöðvar fyrir rafmagnsstrætisvagna

1.7. Afhending rafmagns frá landi fyrir hafskip

Afhending rafmagns frá landi fyrir hafskip, þ.m.t. hönnun, uppsetning og prófun kerfanna, skal vera í samræmi tækniforskriftirnar í staðlinum IEC/ISO/IEEE 80005-1.

1.8. Afhending rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum

2. Tækniforskriftir fyrir vetnisáfyllingarstöðvar fyrir vélknúin ökutæki

2.1. Vetnisáfyllingarstöðvar, sem eru utandyra og skammta loftkenndu vetni sem notað er sem eldsneyti í vélknúin ökutæki, skulu vera í samræmi við tækniforskriftirnar í forskriftinni ISO/TS 20100 sem fjallar um áfyllingarstöðvar fyrir loftkennt vetni (e. *Gaseous Hydrogen Fuelling*).

2.2. Hreinleiki vetnis sem skammtað er á vetnisáfyllingarstöðvum skal vera í samræmi við tækniforskriftirnar í staðlinum ISO 14687-2.

2.3. Vetnisáfyllingarstöðvar skulu nota reiknirit fyrir áfyllingu og áfyllingarbúnað sem uppfylla forskriftir ISO/TS 20100 sem fjallar um áfyllingarstöðvar fyrir loftkennt vetni.

2.4. Tengir fyrir vélknúin ökutæki vegna áfyllingar loftkennds vetnis skulu vera í samræmi við staðalinn ISO 17268 sem fjallar um tengibúnað fyrir vélknúin ökutæki sem ganga fyrir loftkenndu vetni.

3. Tækniforskriftir fyrir áfyllingarstöðvar fyrir jarðgas

3.1. Tækniforskriftir fyrir áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða hafskip

3.2. Tækniforskriftir fyrir áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir vélknúin ökutæki

3.3. Tækniforskriftir fyrir tengi/geyma fyrir þjappað jarðgas

Tengi/geymar fyrir þjappað jarðgas skulu vera í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 110 (með vísan til I. og II. hluta ISO 14469).

3.4. Tækniforskriftir fyrir áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas fyrir vélknúin ökutæki.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2364****2018/EES/14/26****frá 18. desember 2017****um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ⁽²⁾ bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn“) ⁽³⁾ sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn er fjölhliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Hann gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/25/ESB er að gera samningsstofnunum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem er mælt fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/25/ESB, sem ekki falla undir samninginn.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2014/25/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 15. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Í a-lið komi fjárhæðin „443 000 evrur“ í stað „418 000 evrur“.
- 2) Í b-lið komi fjárhæðin „5 548 000 evrur“ í stað „5 225 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 4.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2365**

2018/EES/14/27

frá 18. desember 2017

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 5. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ⁽²⁾ bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn“) ⁽³⁾ sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn er fjölhliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Hann gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/24/ESB er að gera samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/24/ESB, sem ekki falla undir samninginn.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2014/24/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2014/24/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í a-lið komi „5 548 000 evrur“ í stað „5 225 000 evrur“.
 - b) Í b-lið komi fjárhæðin „144 000 evrur“ í stað „135 000 evrur“.
 - c) Í c-lið komi fjárhæðin „221 000 evrur“ í stað „209 000 evrur“.
- 2) Eftirfarandi breyting er gerð á fyrstu málsgrein 13. gr.:
 - a) Í a-lið komi „5 548 000 evrur“ í stað „5 225 000 evrur“.
 - b) Í b-lið komi fjárhæðin „221 000 evrur“ í stað „209 000 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 4.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2366****2018/EES/14/28****frá 18. desember 2017****um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við
útboð og gerð samninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ⁽²⁾ bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn“) ⁽³⁾ sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn er fjölliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Hann gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/23/ESB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/23/ESB, sem ekki falla undir samninginn.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2014/23/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB komi fjárhæðin „5 548 000 evrur“ í stað „5 225 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 4.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2367**2018/EES/14/29**

frá 18. desember 2017

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB ⁽¹⁾, einkum 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ⁽²⁾ bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn“) ⁽³⁾ sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn er fjölhlíða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Hann gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2009/81/EB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/81/EB, samræmdar endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/25/ESB ⁽⁴⁾. Því ætti að breyta tilskipun 2009/81/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 8. gr. tilskipunar 2009/81/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í a-lið komi fjárhæðin „443 000 evrur“ í stað „418 000 evrur“.
- 2) Í b-lið komi fjárhæðin „5 548 000 evrur“ í stað „5 225 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76.

(2) Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

(3) Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 4.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1941**2018/EES/14/30**

frá 24. október 2017

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 15. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 eru veittar almennar leiðbeiningar um sniðið á kennimerki umhverfismerkis ESB. Sérstakar leiðbeiningar skulu látnar í té í aðskildu skjali, að höfðu samráði við þar til bæra aðila í aðildarríkjunum og umhverfismerkinganefnd ESB.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 66/2010 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 275, 25.10.2017, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Snið umhverfismerkis ESB

Umhverfismerki ESB skal sett fram á eftirfarandi hátt:

Merkimiði:



Valkvæður merkimiði með textareit (möguleiki rekstraraðila til að nota þennan textareit og textinn sem notaður er skulu vera í samræmi við það sem er tilgreint í viðmiðunum fyrir viðkomandi vöruflokk):



Skráningarnúmer umhverfismerkis ESB skal einnig koma fram á vörinni. Það skal sett fram á eftirfarandi hátt:

EU Ecolabel: xxxx/yyy/zzzzz

Þar sem „xxxx“ vísar til skráningarlands, „yyy“ vísar til vöruflokksins og „zzzzz“ vísar til númersins sem þar til bæri aðilinn gefur upp.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun gefa frekari fyrirmæli um hönnun og notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB, að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins, í aðskildu leiðbeiningarskjali.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/802

2018/EES/14/31

frá 11. maí 2016

um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis

(kerfisbinding) (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 32/1999/EB⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ætti því að kerfisbinda þá tilskipun.
- 2) Eitt af markmiðum umhverfisstefnu Sambandsins, eins og hún er sett fram í aðgerðaáætlunum á sviði umhverfismála og einkum í sjöttu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, sem var samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB⁽⁵⁾, og í sjöundu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, sem var samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB⁽⁶⁾, er að ná fram loftgæðum sem valda hvorki umtalsverðum neikvæðum áhrifum né áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið.
- 3) Í 2. mgr. 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) er kveðið á um að umhverfisstefna Sambandsins skuli miða að víðtækri vernd með tilliti til margbreytilegra aðstæðna á hinum ýmsu svæðum Sambandsins.
- 4) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um leyfilegt hámarksinnihald brennisteins í svartolíu, gasolíu, skipagasolíu og skipadísilolíu sem eru notaðar í Sambandinu.
- 5) Losun vegna siglinga, sem rekja má til brennslu skipaeldsneytis með miklu brennisteinsinnihaldi, stuðlar að loftmengun af völdum brennisteinsdíoxíðs og efnisagna sem skaðar heilbrigði manna og umhverfið og stuðlar að súru regni. Án þeirra ráðstafana sem settar eru fram í þessari tilskipun hefði losun vegna siglinga fljótt orðið meiri en losun frá öllum uppsprettum á landi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 132, 21.5.2016, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 12, 15.1.2015, bls. 117.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 9. mars 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. apríl 2016.

(3) Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EBE (Stjtið. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13).

(4) Sjá A-hluta í III. viðauka.

(5) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála (Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1).

(6) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

- 6) Súrnum og brennisteinsdíoxíð í andrúmsloftinu skaða viðkvæm vistkerfi, skerða fjölbreytni lífríkisins og útivistargildi svæða og hafa neikvæð áhrif á uppskeru og vöxt skóga. Súrt regn, sem fellur í borgum, getur valdið alvarlegum skaða á byggingum og byggingarsögulegum minjum. Mengun vegna brennisteinsdíoxíðs getur einnig haft umtalsverð áhrif á heilbrigði manna, einkum á þann hóp fólks sem þjáist af sjúkdómum í öndunarfærum.
- 7) Súrnum er fyrirbæri sem nær yfir landamæri og krefst aðgerða, bæði á staðbundnum og landsbundnum vettvangi, sem og á vettvangi Sambandsins.
- 8) Losun brennisteinsdíoxíðs á þátt í myndun svifryks í andrúmsloftinu.
- 9) Loftmengun af völdum skipa sem liggja við bryggju er verulegt áhyggjuefni í mörgum hafnarborgum þegar um er að ræða framtak hafnarborganna til að uppfylla viðmiðunarmörk Sambandsins fyrir loftgæði.
- 10) Aðildarríki ættu að hvetja til notkunar á rafmagn frá landi, þar eð rafmagn fyrir skip nútímans er að staðaldri veitt með hjálparvéllum.
- 11) Sambandið og einstök aðildarríki eru aðilar að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN-ECE) frá 13. nóvember 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa. Samkvæmt annarri bókun UN-ECE um mengun vegna brennisteinsdíoxíðs, sem berst yfir landamæri, ættu samningsaðilarnir að draga úr brennisteinsdíoxíðmengun sinni svo nemi a.m.k. þeirri 30% skerðingu sem tilgreind er í fyrstu bókuninni og önnur bókun UN-ECE byggir á þeirri forsendu að áfram verði farið yfir hættumörk á nokkrum viðkvæmum svæðum. Nauðsynlegt er að grípa til frekari ráðstafana til að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs. Af þeim sökum ættu samningsaðilarnir að draga enn frekar úr losun brennisteinsdíoxíðs.
- 12) Viðurkennt er að brennisteinn, sem er frá náttúrunnar hendi í smáum stíl í olíu og kolum, hafi á síðustu áratugum verið helsta uppspretta brennisteinsdíoxíðslosunar, sem er annar tveggja meginþáttanna sem stuðla að „súru regni“, og ein helsta orsök þeirrar loftmengunar sem gætir á mörgum þéttbýlis- og iðnaðarsvæðum.
- 13) Rannsóknir hafa sýnt fram á að ávinningurinn af því að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs með því að skerða magn brennisteins í eldsneyti vegur oft verulega þyngra en sá kostnaður sem gert er ráð fyrir að iðnaðurinn verði fyrir samkvæmt þessari tilskipun. Tæknin til að minnka brennisteinsmagnið í fljótandi eldsneyti er til og reynsla er komin á hana.
- 14) Í samræmi við 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti þessi tilskipun ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi strangari verndarráðstöfunum eða innleiði þær í því skyni að hvetja til skjótrar innleiðingar að því er varðar hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti, t.d. með því að nota aðferðir til að draga úr losun utan SO_x-mengunarvarnarsvæða. Þess er krafist að slíkar ráðstafanir samrýmist sáttmálunum og þær ber að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar.
- 15) Áður en aðildarríki innleiðir nýjar og hertar ráðstafanir ætti aðildarríkið að tilkynna framkvæmdastjórninni um drög að ráðstöfununum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 ⁽¹⁾.
- 16) Í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins er þess krafist að sérstakt tillit sé tekið til sérstakra eiginleika ystu svæða Sambandsins, þ.e. frönsku umdæmanna handan hafsins, Asoreyja, Madeira og Kanaríeyja.
- 17) Með tilliti til viðmiðunarmarka, sem gilda um brennisteinsmagn í svartolíu, er rétt að mæla fyrir um undanþágur í aðildarríkjunum og á svæðum þar sem umhverfisskilyrði leyfa.
- 18) Með tilliti til viðmiðunarmarka, sem gilda um brennisteinsmagn í svartolíu, er einnig rétt að kveða á um undanþágur vegna notkunar hennar í brennsluverum sem uppfylla viðmiðunarmörk fyrir losun sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB ⁽²⁾, eða í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinnna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið (Stjtið EB L 309, 27.11.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

- 19) Að því er varðar brennsluver í olúhreinsunarstöðvum, sem heyra ekki undir gildissvið d-liðar í 2. mgr. 3. gr. eða c-liðar í 3. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, ætti meðallosun brennisteinsdíoxíðs í slíkum verum ekki að fara yfir þau viðmiðunarmörk sem sett eru fram í tilskipun 2001/80/EB eða í V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB eða í síðari endurskoðun á þessum tilskipunum. Við beitingu þessarar tilskipunar ættu aðildarríkin að hafa í huga að ef skipt er yfir í annað eldsneyti en það sem um getur í 2. gr. ætti það ekki að hafa í för með sér aukningu á losun sýrandi mengunarefna.
- 20) Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti árið 2008 ályktun um breytingu á VI. viðauka við bókunina frá 1997 um breytingu á alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 sem hann varðar (MARPOL-samningurinn), þar sem er að finna reglur um varnir gegn loftmengun frá skipum. Endurskoðaður VI. viðauki við MARPOL-samninginn öðlaðist gildi 1. júlí 2010.
- 21) Í endurskoðuðum VI. viðauka við MARPOL-samninginn eru m.a. innleidd strangari viðmiðunarmörk fyrir brennistein í skipaeldsneyti á SO_x-mengunarvarnarsvæðum (1,00% frá og með 1. júlí 2010 og 0,10% frá og með 1. janúar 2015), sem og á hafsvæðum utan SO_x-mengunarvarnarsvæða (3,50% frá og með 1. janúar 2012 og, að meginreglu til, 0,50% frá og með 1. janúar 2020). Flestum aðildarríkjum er skylt, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, að krefjast þess að skip noti, frá og með 1. júlí 2010, eldsneyti með að hámarki 1,00% brennisteinsinnihald á SO_x-mengunarvarnarsvæðunum. Til að tryggja samræmi við þjóðarétt svo og til að tryggja að nýjum, alþjóðlega fastsettum stöðlum fyrir brennistein sé rétt framfylgt í Sambandinu ætti þessi tilskipun að vera í samræmi við endurskoðaðan VI. viðauka við MARPOL-samninginn. Til að tryggja lágmarksgæði eldsneytis, sem skip nota til að fylgja tilskildum reglum varðandi brennslu eða tækni, ætti ekki að leyfa notkun á skipaeldsneyti með brennisteinsinnihald sem fer yfir almenna staðalinn, sem nemur 3,50% miðað við massa, í Sambandinu að undanskildu eldsneyti til skipa sem nota aðferðir til að draga úr losun í lokuðu kerfi.
- 22) Breytingar á IV. viðauka við MARPOL-samninginn, sem varða SO_x-mengunarvarnarsvæði, eru mögulegar samkvæmt málsmeðferðarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Komi til þess að frekari breytingar verði teknar upp, þ.m.t. undanþágur, að því er varðar beitingu takmarkana fyrir SO_x-mengunarvarnarsvæðin í VI. viðauka við MARPOL-samninginn, ætti framkvæmdastjórnin að taka slíkar breytingar til athugunar og, eftir því sem við á, leggja tafarlaust fram nauðsynlega tillögu í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins til að færa þessa tilskipun að fullu til samræmis við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að því er varðar SO_x-mengunarvarnarsvæði.
- 23) Tilkoma nýrra mengunarvarnarsvæða ætti að falla undir ferli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samkvæmt VI. viðauka við MARPOL-samninginn og ætti að byggjast á vel rökstuddu máli á grundvelli umhverfislegra og efnahagslegra sjónarmiða og rökstudd með vísindagögnum.
- 24) Í samræmi við reglu 18 í endurskoðuðum VI. viðauka við MARPOL-samninginn ættu aðildarríkin að leggja sig fram um að tryggja aðgengi að skipaeldsneyti sem er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.
- 25) Með hliðsjón af hnattrænu samhengi umhverfisstjórn mála og losun vegna siglinga ætti að setja metnaðarfulla losunarstaðla á heimsvísu.
- 26) Sambandið mun áfram beita sér fyrir haldbetri vernd, að því er varðar svæði sem eru viðkvæm fyrir SO_x-losun, og fyrir lækkun eðlilegs viðmiðunargildis fyrir þunga skipaolíu innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.
- 27) Farþegaskip eru aðallega starfrækt í höfnum eða nálægt strandsvæðum og áhrif þeirra á heilbrigði manna og umhverfið eru umtalsverð. Í því skyni að bæta loftgæði kringum hafnir og strandir er gerð sú krafa að þessi skip noti skipaeldsneyti með brennisteinsinnihald að hámarki 1,50% þar til strangari staðlar fyrir brennistein gilda um öll skip í landhelgi, sérefnahagslögsögu og á mengunareftirlitssvæðum aðildarríkjanna.
- 28) Til að auðvelda umskiptin yfir í nýja véltækni, sem mögulega getur dregið umtalsvert meira úr losun í siglingageiranum, ætti framkvæmdastjórnin að kanna betur tækifæri til að stuðla að og hvetja til notkunar á gasknúnum vélum í skipum.
- 29) Til að ná markmiðum þessarar tilskipunar er nauðsynlegt að framfylgja skuldbindingum, að því er varðar brennisteinsinnihald skipaeldsneytis, á réttan hátt. Reynslan af framkvæmd tilskipunar 1999/32/EB hefur sýnt að þörf er á öflugra fyrirkomulagi varðandi vöktun og framfylgd til að tryggja rétta framkvæmd þessarar tilskipunar. Í því skyni er nauðsynlegt að aðildarríkin tryggja nægilega tíða og nákvæma sýnatöku úr skipaeldsneyti, sem sett er á markað eða notað um borð í skipum, sem og reglulega sannpröfun á skipsdagbókum og afhendingarseðlum fyrir skipaeldsneyti. Einnig er nauðsynlegt að aðildarríkin komi á kerfi með viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, ef ekki er farið að ákvæðum þessarar tilskipunar. Til að tryggja frekara gagnsæi upplýsinga er einnig rétt að kveða á um að skrá yfir skipaeldsneytisbirgja á staðnum sé gerð aðgengileg öllum.

- 30) Reglufylgni varðandi lág viðmiðunarmörk fyrir brennistein í skipaeldsneyti getur, einkum á SO_x-mengunarvarnarsvæðum, leitt til þess að verð á slíku eldsneyti hækki umtalsvert, a.m.k. til skamms tíma, og getur haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni flutninga á stuttum sjóleiðum í samburði við aðra flutningsmáta sem og á samkeppnishæfni iðnaðar í löndum sem eiga landamæri að SO_x-mengunarvarnarsvæðum. Til að draga úr kostnaði, sem hlýst af reglufylgni, fyrir viðkomandi iðnað er þörf á hentugum lausnum, t.d. í formi annarra, kostnaðarhagkvæmari aðferða til að hlíta reglum en aðferða sem byggja á reglufylgni við eldsneyti og með því að veita stuðning, ef nauðsyn krefur. Framkvæmdastjórnin ætti, m.a. á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum, að fylgjast náið með áhrifum af reglufylgni siglingageirans við nýja eldsneytisgæðastaðla, einkum með tilliti til hugsanlegra tilfærslna milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga, og ætti að leggja til, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til að sporna gegn slíkri þróun.
- 31) Mikilvægt er að takmarka tilfærslur milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga þar eð aukning á hlutdeild vöruflutninga á vegum myndi í mörgum tilvikum stríða gegn markmiðum Sambandsins varðandi loftslagsbreytingar og auka umferðarteppu.
- 32) Kostnaður við nýju kröfurnar um að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs gæti haft í för með sér tilfærslur milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga og gæti haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni iðnaðarins. Framkvæmdastjórnin ætti að nýta sér til fulls gerninga á borð við Marco Polo-áætlunina og samevrópska flutninganetið til að veita markvissan stuðning til að draga úr áhættu á tilfærslum milli flutningsgreina. Aðildarríkjum gæti þótt nauðsynlegt að veita þeim rekstraraðilum, sem verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun, stuðning í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð.
- 33) Í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til umhverfisverndar og með fyrirvara um breytingar á þeim í framtíðinni er aðildarríkjunum heimilt að veita rekstraraðilum, sem verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun, ríkisaðstoð, þ.m.t. aðstoð vegna endurbóta á starfsemi gamalla skipa, ef slíkar aðstoðarráðstafanir eru taldar samrýmast innri markaðinum í samræmi við 107. og 108 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum í ljósi gildandi viðmiðunarreglna um ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Í þessu samhengi getur framkvæmdastjórnin tekið tillit til þess að með notkun sumra aðferða til að draga úr losun er gengið lengra en kröfurnar í þessari tilskipun segja til um með því að draga ekki eingöngu úr losun á brennisteinsdíoxíði heldur einnig úr annarri losun.
- 34) Auðvelda ætti aðgang að aðferðum til að draga úr losun. Með þessum aðferðum er unnt að draga a.m.k. jafnmikið og jafnvel meira úr losun en unnt er að ná fram þar sem notað er eldsneyti með lágt brennisteinsinnihald, að því tilskildu að þær hafi ekki í för með sér marktæk, neikvæð áhrif á umhverfið, t.d. á vistkerfi sjávar, og að þær séu þróaðar með fyrirvara um viðeigandi samþykki og eftirlitskerfi. Viðurkenna ætti þær staðgönguáðferðir sem eru þegar þekktar, t.d. notkun hreinsikerfa um borð fyrir útblástursloft, blanda úr eldsneyti og fljótandi jarðgasi eða notkun lífheldsneytis, í Sambandinu. Það er mikilvægt að efla prófun og þróun nýrra aðferða til að draga úr losun, m.a. til að takmarka tilfærslur milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga.
- 35) Með aðferðum til að draga úr losun er mögulega unnt að draga umtalsvert úr losun. Framkvæmdastjórnin ætti því að efla prófun og þróun þessarar tækni, m.a. með því að huga að því að koma á fót sameiginlegri áætlun, sem er fjármögðuð sameiginlega, með iðnaðinum á grundvelli meginreglna úr svipuðum áætlunum, eins og t.d. Clean Sky-áætluninni.
- 36) Framkvæmdastjórnin ætti, í samstarfi við aðildarríkin og hagsmunaaðila, að þróa enn frekar þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 2011 sem nefnist „Pollutant emission reduction from maritime transport and the sustainable waterborne transport toolbox“.
- 37) Ef röskun verður á framboði jarðolíu, jarðolíuvara eða annarra vetniskolefna getur framkvæmdastjórnin heimilað að hærri viðmiðunarmörk gildi innan yfirráðasvæðis aðildarríkis.
- 38) Aðildarríkin ættu að koma á viðeigandi fyrirkomulagi til að hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar tilskipunar sé framfylgt. Leggja ætti skýrslur um brennisteinsinnihald fljótandi eldsneytis fyrir framkvæmdastjórnina.
- 39) Þessi tilskipun ætti að innihalda ítarlegar upplýsingar, að því er varðar innihald og framsetningu skýrslunnar, til að tryggja samræmda skýrslugjöf.

- 40) Veita ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingu á jafngildum losunargildum og viðmiðanir fyrir notkun aðferða til að draga úr losun, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við þessa tilskipun, til þess að laga þær að framförum á sviði vísinda og tækni á þann hátt að strangt samræmi við viðkomandi gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sé tryggt, og að því er varðar breytingar á 2. gr. (a til e-lið og p-lið), 13. gr. (i. lið b-liðar í 2. mgr.) og 13. gr. (3. mgr.) í þessari tilskipun, til að laga þessi ákvæði að framförum á sviði vísinda og tækni. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu afleiddra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 41) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁾.
- 42) Rétt þykir að nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ⁽²⁾, aðstoði framkvæmdastjórnina við að samþykkja þær aðferðir til að draga úr losun sem falla ekki undir tilskipun ráðsins 96/98/EB ⁽³⁾.
- 43) Viðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif eru nauðsynleg fyrir innleiðingu á þessari tilskipun. Aðildarríkin ættu að láta þessi viðurlög innihalda fésektir, sem skulu reiknaðar út á þann hátt að tryggt sé að þeir sem hafa efnahagslegan ávinning af brotinu skulu a.m.k. sviptir ávinningnum, og sektirnar skulu hækkaðar jafnt og þétt fyrir endurtekin brot. Aðildarríkin ættu að tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði varðandi viðurlög.
- 44) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til lögleiðingar tilskipananna í B-hluta III. viðauka í landslög.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur og gildissvið

1. Tilgangur þessarar tilskipunar er að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs sem stafar af brennslu tiltekinna tegunda fljótandi eldsneytis og draga þannig úr skaðlegum áhrifum slíkrar losunar á menn og umhverfið.
2. Draga skal úr losun brennisteinsdíoxíðs, sem stafar af brennslu tiltekinna tegunda fljótandi eldsneytis úr jarðolíu, með því að setja viðmiðunarmörk fyrir brennisteinsinnihald slíks eldsneytis sem skulu verða skilyrði fyrir notkun þess innan yfirráðasvæða, landhelgi og sérefnahagslögsögu eða mengunareftirlitssvæða aðildarríkjanna.

Takmarkanirnar á brennisteinsmagni tiltekinna tegunda fljótandi eldsneytis úr jarðolíu, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu hins vegar ekki gilda um:

- a) eldsneyti sem er ætlað til rannsókna og prófana,
- b) eldsneyti sem er ætlað til vinnslu áður en lokabrennsla fer fram,
- c) eldsneyti sem fer til vinnslu í hreinsunariðnaði,
- d) eldsneyti sem er notað og sett á markað á ystu svæðum Sambandsins að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki tryggi að á þessum svæðum:
 - i. séu loftgæðastaðlar virtir,
 - ii. sé svartolía ekki notuð ef brennisteinsinnihald er meira en 3% miðað við massa,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um borð í skipum (Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25).

- e) eldsneyti sem notað er í herskipum og öðrum skipum í þjónustu hersins. Sérhvert aðildarríki skal hins vegar, með því að samþykkja viðeigandi ráðstafanir sem skerða ekki rekstur eða afkastagetu slíkra skipa, leitast við að tryggja að rekstur þeirra sé í samræmi við þessa tilskipun, svo fremi það sé eðlilegt og gerlegt,
- f) hvers kyns notkun eldsneytis í skipi sem er nauðsynleg til að tryggja öryggi skipsins eða bjarga mannlífum á sjó,
- g) hvers kyns notkun eldsneytis í skipi sem nauðsynleg er vegna skemmda sem það eða búnaður þess hefur orðið fyrir, að því tilskildu að gripið hafi verið til allra eðlilegra ráðstafana eftir að skemmdirnar urðu til að koma í veg fyrir umframlosun eða halda henni í lágmarki og að gripið sé til ráðstafana eins fljótt sem auðið er til að lagfæra skemmdirnar. Þetta gildir ekki ef eigandinn eða skipstjórinn ollu skemmdunum af ásetningi eða vegna gáleysis,
- h) eldsneyti sem notað er um borð í skipum sem nota aðferðir til að draga úr losun í samræmi við 8. og 10. gr., með fyrirvara um 5. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „svartolía“:
 - i. allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, að undanskildu skipaeldsneyti, sem fellur undir SN-númer 27101951 til 27101968, 27102031, 27102035 eða 27102039, eða
 - ii. allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, annað en gasolía samkvæmt skilgreiningu í b-lið og annað en skipaeldsneyti samkvæmt skilgreiningu í c-, d- og e-lið, sem, á grundvelli eimingarmarkna, fellur undir flokk svartolíu sem ætluð er til notkunar sem eldsneyti og sem eimast minna en 65% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 250 °C með ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er unnt að ákvarða eiminguna með ASTM D86-aðferðinni flokkast jarðolíuvaran engu að síður sem svartolía,
- b) „gasolía“:
 - i. allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, að undanskildu skipaeldsneyti, sem fellur undir SN-númer 27101925, 27101929, 27101947, 27101948, 27102017 eða 27102019, eða
 - ii. allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, að undanskildu skipaeldsneyti, sem eimast minna en 65% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 250 °C og sem eimast a.m.k. 85% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 350 °C með ASTM D86 aðferðinni.

Dísileldsneyti, eins og það er skilgreint í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB ⁽¹⁾, fellur ekki undir þessa skilgreiningu. Eldsneyti, sem er notað á færanlegar vélar sem eru ekki notaðar á vegum, fellur heldur ekki undir þessa skilgreiningu,

- c) „skipaeldsneyti“: allar tegundir fljótandi eldsneytis úr jarðolíu sem er ætlað til notkunar eða er notað um borð í skipi, þ.m.t. það eldsneyti sem skilgreint er í ISO-staðli 8217. Það tekur til allra tegunda fljótandi eldsneytis úr jarðolíu sem eru í notkun á skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða á skemmtibátum, eins og skilgreint er annars vegar í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB ⁽²⁾ og hins vegar í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB ⁽³⁾, þegar þessi skip eru á hafi úti,
- d) „skipadísilolía“: allt skipaeldsneyti eins og það er skilgreint fyrir DMB-flokk (e. *DMB grade*) í töflu I í staðlinum ISO 8217, að undanskilinni tilvísun í brennisteinsinnihald,
- e) „skipagasolía“: allt skipaeldsneyti eins og það er skilgreint fyrir DMX-, DMA- og DMZ-flokka í töflu I í staðlinum ISO 8217, að undanskilinni tilvísun í brennisteinsinnihald,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta (Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 15).

- f) „MARPOL-samningurinn“: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá 1978,
- g) „VI. viðauki við MARPOL-samninginn“: viðaukinn sem ber yfirskriftina „Reglur um varnir gegn loftmengun frá skipum“ sem bætt var við MARPOL-samninginn með bókuninni frá 1997,
- h) „SO_x-mengunarvarnarsvæði“: hafsvæði sem Alþjóðasiglingamálastofnunin skilgreinir sem hafsvæði af því tagi samkvæmt VI. viðauka við MARPOL-samninginn,
- i) „farþegaskip“: skip sem flytja fleiri en 12 farþega og farþegar teljast allir aðrir en:
- skipstjóri og skipverjar eða þeir aðrir sem eru ráðnir til tiltekinna starfa um borð í skipi í þágu þess og
 - börn undir eins árs aldri,
- j) „áætlunarferðir“: siglingar farþegaskips milli tveggja eða fleiri hafna eða siglingar frá og til einnar hafnar án viðkomu á öðrum stöðum, annaðhvort:
- samkvæmt birtri áætlun, eða
 - með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundna áætlun sé að ræða,
- k) „herskip“: skip sem telst til hers ríkis, ber hin ytri merki til að auðkenna slík skip af þjóðerni þess, er undir stjórn yfirmanns, sem stjórn ríkisins hefur formlega skipað og nafngreindur er í viðeigandi herþjónustuskrá eða á jafngildan hátt, og er með áhöfn undir venjulegum heraga,
- l) „skip við bryggju“: skip sem eru tryggilega fest með landfestum eða liggja við akkeri í höfn Sambandsins meðan þau eru fermd, affermd eða hafa stutta viðkomu (e. *hotelling*), þ.m.t. tíminn þegar ekki er verið að vinna við farm,
- m) „að setja á markað“: það að afgreiða eða bjóða fram skipaeldsneyti, gegn borgun eða án endurgjalds, til þriðja aðila og einhvers staðar innan lögsögu aðildarríkja, til brennslu um borð. Undanskilið er að afgreiða eða bjóða fram til útflutnings skipaeldsneyti í lestartými skipa,
- n) „ystu svæði“: frönsku umdæmin handan hafsins, Asoreyjar, Madeira og Kanaríeyjar, eins og sett er fram í 349. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins,
- o) „aðferð til að draga úr losun“: hvers konar útbúnaður, efni, tæki eða búnaður til ísetningar í skip eða önnur aðferð, annars konar eldsneyti eða aðferð til að fara að ákvæðum, sem notuð er sem annar valkostur í stað skipaeldsneytis með lágt brennisteinsinnihald og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun, sem er sannprófanleg, mælanleg og framkvæmanleg,
- p) „ASTM aðferð“: aðferð sem American Society for Testing and Materials mælti fyrir um í útgáfu sinni frá 1976 um skilgreiningar og forskriftir staðla fyrir jarðolíuvörur og smurefni,
- q) „brennsluver“: sérhver tæknibúnaður þar sem eldsneyti er brennt í því skyni að nýta þann varma sem myndast.

3. gr.

Hámarksinnihald brennisteins í svartolíu

- Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að svartolía verði ekki notuð á yfirráðasvæði þeirra, fari innihald brennisteins í henni yfir 1,00% miðað við massa.
- Til og með 31. desember 2015, með fyrirvara um viðeigandi vöktun af hálfu lögbærra yfirvalda að því er varðar losun, gildir 1. mgr. ekki um svartolíu sem er notuð:
 - í brennsluverum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2001/80/EB, sem falla undir 1. eða 2. mgr. 4. gr. eða a-lið 3. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, og sem uppfylla viðmiðunarmörk fyrir losun brennisteinsdíoxíðs fyrir slík ver sem sett eru fram í þeirri tilskipun,
 - í brennsluverum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2001/80/EB, sem falla undir b-lið 3. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar og þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm³ og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,

- c) í brennsluverum, sem falla ekki undir a- eða b-lið, þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm³ og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,
- d) til brennslu í hreinsunarstöðvum þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs í öllum brennsluverum hreinsunarstöðvarinnar er ekki meiri en 1700 mg/Nm³ og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi, óháð því hvaða tegund eða samsetning eldsneytis er notuð, en að undanskildum verum sem falla undir a- og b-lið, gashverflum og gashreyflum.

3. Frá og með 1. janúar 2016, með fyrirvara um viðeigandi vöktun af hálfu lögbærra yfirvalda að því er varðar losun, gildir 1. mgr. ekki um svartolíu sem er notuð:

- a) í brennsluverum sem falla undir gildissvið III. kafla í tilskipun 2010/75/ESB og uppfylla viðmiðunarmörk fyrir losun brennisteinsdíoxíðs fyrir slík ver sem eru sett fram í V. viðauka við þá tilskipun eða, ef þau viðmiðunarmörk fyrir losun eiga ekki við samkvæmt þeirri tilskipun, þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm³ og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,
- b) í brennsluverum, sem falla ekki undir a-lið og þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm³ og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,
- c) til brennslu í hreinsunarstöðvum, þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs í öllum brennsluverum hreinsunarstöðvarinnar er ekki meiri en 1700 mg/Nm³ og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi, óháð því hvaða tegund eða samsetning eldsneytis er notuð, en að undanskildum verum sem falla undir a-lið, gashverflum og gashreyflum.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engin brennsluver, sem nota svartolíu með brennisteinsinnihaldi sem er meira en um getur í 1. mgr., séu starfrækt án leyfis sem lögbært yfirvald gefur út þar sem viðmiðunarmörk fyrir losun eru tilgreind.

4. gr.

Hámarksinnihald brennisteins í gasolíu

Aðildarríkin skulu tryggja að gasolía verði ekki notuð á yfirráðasvæði þeirra fari innihald brennisteins í henni yfir 0,10% miðað við massa.

5. gr.

Hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti

Aðildarríkin skulu tryggja að skipaeldsneyti sé ekki notað á þeirra yfirráðasvæði ef brennisteinsinnihald þess er meira en 3,50% miðað við massa, að undanskildu eldsneyti til skipa sem nota aðferðir, sem falla undir 8. gr, til að draga úr losun í lokuðu kerfi.

6. gr.

Hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti sem er notað innan landhelgi, sérefnahagslögsögu og mengunareftirlitssvæða aðildarríkjanna, þ.m.t. SO_x-mengunarvarnasvæði, og í farþegaskipum sem sigla áætluðarferðir til eða frá höfnum Sambandsins

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipaeldsneyti sé ekki notað innan landhelgi, sérefnahagslögsögu eða mengunareftirlitssvæða þeirra ef brennisteinsinnihald í þessu eldsneyti miðað við massa er meira en:

a) frá og með 18. júní 2014: 3,50%,

b) frá og með 1. janúar 2020: 0,50%.

Þessi málsgrein skal gilda um öll skip án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, þ.m.t. skip sem hefja ferð sína utan Sambandsins, með fyrirvara um 2. og 5. mgr. þessarar greinar og 7. gr.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipaeldsneyti sé ekki notað innan landhelgi, sérefnahagslögsögu eða mengunarefirlitssvæða þeirra, sem eru innan SO_x-mengunarnarsvæða, ef brennisteinsinnihald í þessu eldsneyti miðað við massa er meira en:

- a) til og með 31. desember 2014: 1,00%,
- b) frá og með 1. janúar 2015: 0,10%.

Þessi málsgrein skal gilda um öll skip án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, þ.m.t. skip sem hefja ferð sína utan Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til allra framtíðarbreytinga á kröfunum samkvæmt VI. viðauka við MARPOL-samninginn, sem gilda innan SO_x-mengunarnarsvæða, og, eftir því sem við á, leggja fram, án ótilhlýðilegrar tafar, allar viðeigandi tillögur í því skyni að breyta þessari tilskipun til samræmis við það.

3. Gildistökudagur 2. mgr. fyrir öll ný hafsvæði, þ.m.t. hafnir, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur tilnefnt sem SO_x-mengunarnarsvæði í samræmi við b-lið 3. mgr. í 14. reglu VI. viðauka við MARPOL-samninginn skal vera 12 mánuðum eftir gildistökudag þessarar tilnefningar.

4. Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á að 2. mgr. sé framfylgt, a.m.k. að því er varðar:

- skip sem sigla undir fána þess og
- skip, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, á meðan þau eru í höfnum þeirra, ef um er að ræða aðildarríki sem liggja að SO_x-mengunarnarsvæðum.

Aðildarríkjum er einnig heimilt að grípa til frekari aðgerða til að framfylgja þessu gagnvart öðrum skipum í samræmi við alþjóðasiglingalög.

5. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farþegaskip, sem sigla áætluðarferðir til eða frá einhverri höfn Sambandsins, noti ekki skipaeldsneyti innan landhelgi, sérefnahagslögsögu eða mengunarefirlitssvæða þeirra, sem eru utan SO_x-mengunarnarsvæða, til og með 1. janúar 2020 ef brennisteinsinnihald þessa eldsneytis er meira en 1,50% miðað við massa.

Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á að framfylgja þessari kröfu, a.m.k. að því er varðar skip sem sigla undir þeirra eigin fána og skip, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, á meðan þau eru í höfnum þeirra.

6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að dagbók skips sé rétt fyllt út, þ.m.t. aðgerðir þegar skipt er um eldsneyti.

7. Aðildarríkin skulu leggja sig fram um að tryggja aðgengi að skipaeldsneyti, sem er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og tilkynna framkvæmdastjórninni um aðgengi að slíku skipaeldsneyti í höfnum sínum og birgðastöðvum.

8. Ef aðildarríki kemst að raun um að skip uppfyllir ekki staðla um skipaeldsneyti, sem eru í samræmi við þessa tilskipun, á lögbært yfirvald þess aðildarríkis rétt á að krefjast þess að:

- a) lögð sé fram skýrsla varðandi þær aðgerðir sem gripið var til í því skyni að hlíta reglum og
- b) lögð sé fram sönnun þess að reynt hafi verið að kaupa skipaeldsneyti, sem er í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun, fyrir skipið í samræmi við sjóferðaáætlun þess og, hafi eldsneytið ekki verið tiltækt þar sem áætlað var, að reynt hafi verið að finna aðra uppsprettu fyrir slíkt eldsneyti og að þrátt fyrir að leitast hafi verið við að fá skipaeldsneyti, sem er í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun, þá hafi slíkt skipaeldsneyti ekki verið tiltækt til kaups.

Þess skal ekki krafist að skipið víki frá fyrirhugaðri siglingu sinni eða að siglingunni sé frestað að óþörfu til þess að ná fram samræmi.

Ef upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru lagðar fram fyrir skipið skal hlutaðeigandi aðildarríki taka tillit til allra ástæðna, sem skipta máli, og allra sönnunargagna sem lögð eru fram til að ákveða til hvaða viðeigandi aðgerða skal grípa, þ.m.t. að grípa ekki til eftirlitsráðstafanna.

Skip skal tilkynna fánaríki sínu og lögbæru yfirvaldi viðkomandi viðtökuhafnar ef það getur ekki keypt skipaeldsneyti sem er í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun.

Hafnaríki skal tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar þegar lögð hafa verið fram gögn um skip sem sanna að eldsneyti, sem uppfyllir ákvæði þessarar tilskipunar, hafi ekki verið tiltækt.

9. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglu 18 í VI. viðauka við MARPOL-samninginn:

- a) halda skrá yfir skipaeldsneytisbirgja á staðnum, sem er aðgengileg öllum,
- b) sjá til þess að birgirinn skrái brennisteinsinnihald í öllu skipaeldsneyti, sem er selt á yfirráðasvæði þeirra, á afhendingarseðil sem innsiglað sýni fylgir og fulltrúi viðtökuskipsins hefur skrifað undir,
- c) grípa til aðgerða gegn skipaeldsneytisbirgjum sem uppvísir hafa orðið að því að afhenda eldsneyti sem er ekki í samræmi við forskriftirnar sem tilgreindar eru á afhendingarseðlinum,
- d) sjá til þess að gripid sé til aðgerða til úrbóta til þess að skipaeldsneyti, sem uppgötvast að ekki uppfyllir kröfurnar, uppfylli þær.

10. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skipadísilólía sé ekki sett á markað á yfirráðasvæði þeirra ef brennisteinsinnihald hennar er meira en 1,50% miðað við massa.

7. gr.

Hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti sem notað er í skipum sem liggja við bryggju í höfnum Sambandsins

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skip, sem liggja við bryggju í höfnum Sambandsins, noti ekki skipaeldsneyti með meira brennisteinsinnihald en 0,10% miðað við massa og gera skal ráð fyrir nægum tíma fyrir áhöfnina til að ljúka öllum nauðsynlegum aðgerðum við að skipta um eldsneyti eins fljótt og unnt er eftir að lagst er að bryggju og eins nálægt brottför og hægt er.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að tíminn, sem tekur að skipta um eldsneyti, sé skráður í dagbók skipsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki:

- a) ef skip eiga, samkvæmt birtri tímaáætlun, að liggja skemur en tvo tíma við bryggju,
- b) um skip þar sem slökkt er á öllum vélum og rafmagn úr landi er notað meðan þau eru við bryggju í höfnum.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skipagasólía sé ekki sett á markað á yfirráðasvæði þeirra ef brennisteinsinnihald hennar er meira en 0,10% miðað við massa.

8. gr.

Aðferðir til að draga úr losun

1. Aðildarríkin skulu heimila notkun aðferða til að draga úr losun skipa, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, í höfnum þeirra, landhelgi, sérefnahagslögsögu eða á mengunareftirlitssvæðum sem annan valkost í stað þess að nota skipaeldsneyti sem uppfyllir kröfurnar í 6. og 7. gr., með fyrirvara um 2. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Skip, sem nota þær aðferðir til að draga úr losun sem um getur í 1. mgr., skulu stöðugt ná að draga a.m.k. jafnmikið úr losun brennisteinsdíoxíðs og næðist ef notað væri skipaeldsneyti sem uppfyllir kröfurnar í 6. og 7. gr. Jafngild losunargildi skulu ákvörðuð í samræmi við I. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að skip, sem liggja við bryggju, noti aflgjafakerfi á landi sem aðra lausn til að draga úr losun.

4. Þær aðferðir til að draga úr losun sem um getur í 1. mgr. skulu uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í gerningunum sem um getur í II. viðauka.

5. Í rökstuddum tilvikum í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni, að því er varðar staðgönguáðferðir til að draga úr losun og þannig að strangt samræmi við viðkomandi gerninga og staðla, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti, sé tryggt, skal:

- a) framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir um breytingar á I. og II. viðauka í samræmi við 16. gr.
- b) framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar kröfur um vöktun á losun, eftir því sem við á. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

9. gr.

Samþykki fyrir aðferðum til að draga úr losun til notkunar um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkis

1. Aðferðir til að draga úr losun, sem falla undir tilskipun 96//98/EB, skulu samþykktar í samræmi við þá tilskipun.
2. Aðferðir til að draga úr losun, sem falla ekki undir 1. mgr. þessarar greinar, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) 2099/2002, að teknu tilliti til:
 - a) viðmiðunarreglna sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samið,
 - b) niðurstaðna tilrauna sem fram fóru skv. 10. gr.,
 - c) áhrifa á umhverfið, þ.m.t. minnkun á losun sem hægt er að ná fram, og áhrifa á vistkerfi í lokuðum höfnum og ármynnum, og
 - d) þess hvort unnt sé að koma við vöktun og sannpröfun.

10. gr.

Tilraunir á nýjum aðferðum til að draga úr losun

Aðildarríkjum er heimilt í samvinnu við önnur aðildarríki, eftir því sem við á, að samþykkja tilraunir á nýjum aðferðum fyrir skip til að draga úr losun skipa sem sigla undir fána þeirra eða á hafsvæðum innan lögsögu þeirra. Meðan á þeim tilraunum stendur skal ekki vera skylt að nota skipaeldsneyti sem uppfyllir kröfurnar í 6. og 7. gr. að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi hafnarríki sé tilkynnt um það skriflega a.m.k. sex mánuðum áður en tilraunir hefjast,
- b) leyfi fyrir tilraununum gildi ekki lengur en í 18 mánuði,
- c) í öll hlutaðeigandi skip sé settur upp búnaður, sem ekki er hægt að eiga við, til að vakta stöðugt lofttegundir sem losaðar eru út um reykþáf og að hann sé notaður allt tilraunatímabilið,
- d) í öllum hlutaðeigandi skipum náist að draga a.m.k. jafnmikið úr losun og unnt væri að ná ef farið væri að viðmiðunarmörkum um brennistein í eldsneyti sem tilgreind eru í þessari tilskipun,
- e) viðeigandi kerfi séu til staðar svo að meðhöndla megi allan úrgang, sem fellur til vegna aðferða til að draga úr losun, á öllu tilraunatímabilinu,
- f) áhrif á sjávarumhverfi, einkum vistkerfi í lokuðum höfnum og ármynnum, sé metið á öllu tilraunatímabilinu og
- g) heildarniðurstöður séu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina og gerðar aðgengilegar öllum innan sex mánaða frá því að tilraununum lýkur.

*11. gr.***Fjárhagsráðstafanir**

Aðildarríkin mega samþykkja fjárhagsráðstafanir í þágu rekstraraðila sem verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun, þar sem slíkar fjárhagsráðstafanir eru í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð og þær reglur um ríkisaðstoð sem verða samþykktar á þessu sviði.

*12. gr.***Breyting á framboði eldsneytis**

Verði skyndileg breyting á framboði jarðolíu, jarðolíuvara eða annarra vetniskolefna til þess að erfitt verði fyrir aðildarríki að virða viðmiðunarmörk fyrir hámarksinnihald brennisteins sem um getur í 3. og 4. gr. skal aðildarríkið tilkynna það framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin getur heimilað að hærri viðmiðunarmörk gildi innan yfirráðasvæðis þessa aðildarríkis, þó ekki lengur en um sex mánaða tímabil. Hún skal tilkynna ráðinu og aðildarríkjunum um ákvörðun sína. Sérhvert aðildarríki getur vísað þeirri ákvörðun til ráðsins innan eins mánaðar. Ráðið getur samþykkt, með auknum meirihluta, aðra ákvörðun innan tveggja mánaða.

*13. gr.***Sýnataka og greining**

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um það með sýnatöku að brennisteinsmagn þess eldsneytis, sem er notað, sé í samræmi við 3. til 7. gr. Sýnataka skal hefjast á sama degi og viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir hámarksinnihald brennisteins í eldsneyti taka gildi. Hún skal fara fram með reglubundnum hætti og nægilega oft og taka skal nægilegt magn þannig að sýnin séu dæmigerð fyrir eldsneytið sem verið er að rannsaka og, ef um er að ræða skipaeldsneyti, fyrir það eldsneyti sem skip nota meðan þau eru á viðkomandi hafsvæðum eða í höfnum. Greina skal sýnin án ótilhlýðilegrar tafar.

2. Nota skal eftirfarandi aðferðir við sýnatöku, greiningu og skoðun á skipaeldsneyti:

a) skoðun á dagbókum skips og afhendingarseðlum fyrir skipaeldsneyti, og

b) eins og við á, eftirfarandi aðferðir við sýnatöku og greiningu:

i. sýnatöku úr skipaeldsneyti, sem er ætlað til brennslu um borð, þegar það er afhent til skipa, í samræmi við viðmiðunarreglur um töku sýna úr eldsneytisólú (e. *Guidelines for the sampling of fuel oil*), til að staðfesta hvort farið sé að ákvæðum endurskoðaðs VI. viðauka við MARPOL-samninginn, sem var samþykktur 17. júlí 2009 með ályktun 182(59) sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, og greining á brennisteinsinnihaldi þess, eða

ii. sýnatöku og greiningu á brennisteinsinnihaldi skipaeldsneytis, sem er ætlað til brennslu um borð í brennslutönkum, þar sem það er tæknilega og efnahagslega mögulegt, og á innsigliðum sýnum úr eldsneytishólfum um borð í skipum.

3. Tilvísunaraðferðin, sem er samþykkt til að ákvarða brennisteinsinnihaldið, skal vera ISO-aðferð 8754 (2003) eða EN ISO 14596:2007.

Til að ákvarða hvort skipaeldsneyti, sem er afhent til skipa og notað um borð, sé í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir brennistein, sem krafist er skv. 4. til 7. gr., skal nota sannpröfunaraðferðina fyrir eldsneyti sem sett er fram í VI. viðbæti við VI. viðauka við MARPOL-samninginn.

4. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framkvæmdargerðir varðandi:

a) tíðni sýnatökkunnar,

b) sýnatökuaðferðir,

c) skilgreiningu á sýni sem er dæmigert fyrir eldsneytið sem verið er að rannsaka.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

*14. gr.***Skýrslugjöf og endurskoðun**

1. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu aðildarríkin, á grundvelli niðurstaðna úr sýnatöku, greiningu og skoðunum sem fram fara í samræmi við 13. gr., leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um samræmi við þá staðla fyrir brennistein, sem settir eru fram í þessari tilskipun, fyrir næstliðið ár.

Framkvæmdastjórnin skal, innan 12 mánaða frá dagsetningunni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, taka saman og birta skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar, á grundvelli skýrslanna sem henni berast í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og tilkynninganna sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við fimmtu undirgrein 8. mgr. 6. gr., um að skipaeldsneyti, sem er í samræmi við þessa tilskipun, sé ekki tiltækt. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort þörf sé á því að herða viðkomandi ákvæði í þessari tilskipun og leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf þess efnis.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2013, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt meðfylgjandi tillögum að nýrri löggjöf, ef við á. Framkvæmdastjórnin skal í skýrslu sinni taka til athugunar möguleikann á að draga úr loftmengun, m.a. með tilliti til eftirfarandi: ársskýrslur sem lagðar eru fram í samræmi við 1. og 3. mgr.; loftgæði og súrmun sem í ljós koma; eldsneytiskostnaður; möguleg efnahagsleg áhrif og breytingar á flutningsmáta sem í ljós koma, og árangur við að draga úr losun frá skipum.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir varðandi upplýsingarnar sem skýrslan þarf að innihalda og snið skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

*15. gr.***Aðlögun að framförum á sviði vísinda og tækni**

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 16. gr. varðandi aðlögun 2. gr (a- til e-liða og p-liðar.), 13. gr. (i. lið b-liðar 2. mgr.) og 13. gr. (3. mgr.) að framförum á sviði vísinda og tækni. Slík aðlögun skal þó ekki leiða til neinna beinna breytinga á gildissviði þessarar tilskipunar eða á viðmiðunarmörkum fyrir brennistein í eldsneyti sem tilgreint eru í þessari tilskipun.

*16. gr.***Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 5. mgr. 8. gr. og 15. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 17. desember 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 5. mgr. 8. gr. og 15. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. mgr. 8. gr. og 15. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

17. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

18. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þessarar tilskipunar.

Viðurlögin, sem ákvörðuð hafa verið, eiga að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif og geta innihaldið fésektir, sem skulu reiknaðar út á þann hátt að tryggt sé að þeir sem hafa efnahagslegan ávinning af brotinu skulu a.m.k. sviptir ávinningnum, og sektirnar skulu hækkaðar jafnt og þétt fyrir endurtekin brot.

19. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 1999/32/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta III. viðauka, og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

20. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

21. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. maí 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.A. HENNIS-PLASSCHAERT

forseti.

I. VIÐAUKI

JAFNGILD LOSUNARGILDI FYRIR AÐFERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR LOSUN, SEM UM GETUR Í 2. MGR 8. GR.

Viðmiðunarmörk fyrir brennistein í skipaeldsneyti, sem um getur í 6. og 7. gr. þessarar tilskipunar og reglum 14.1 og 14.4 í VI. viðauka við MARPOL-samninginn, og samsvarandi losunargildi sem um getur í 2. mgr. 8. gr.:

Brennisteinsinnihald skipaeldsneytis (% m/m)	Hlutfall losunar á brennisteinsdíoxíði (milljónarhluti) og koltvísýringi (% rúmmálshlutfall)
3,50	151,7
1,50	65,0
1,00	43,3
0,50	21,7
0,10	4,3

Athugasemd:

- notkun á hlutfallslegum losunarmörkum (e. *Ratio Emissions limits*) gildir einungis um notkun á eimuðu eldsneyti, að stofni til úr jarðolíu, eða eldsneytisólíuleifum,
- í rökstuddum tilvikum, þegar dregið er úr styrk koltvísýrings með hreinsieiningu fyrir útblástursloft, má mæla styrk koltvísýrings við inntak hreinsieingarinnar fyrir útblástursloft að því tilskildu að hægt sé að sýna skýrt fram á réttleika slíkrar aðferðar.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR VIÐ NOTKUN AÐFERÐA TIL AÐ DRAGA ÚR LOSUN SEM UM GETUR Í 4. MGR. 8. GR.

Þær aðferðir til að draga úr losun, sem um getur í 8. gr., skulu a.m.k. uppfylla þær viðmiðanir sem tilgreindar eru í eftirfarandi gervingum, eftir því sem við á:

Aðferð til að draga úr losun	Notkunarviðmiðanir
Blanda skipaeldsneytis og uppgufaðrar lofitegundar	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/769/ESB ⁽¹⁾ .
Hreinsikerfi fyrir útblástursloft	Ályktun MEPC.184(59), samþykkt 17. júlí 2009 „Þvottavatn úr hreinsikerfum fyrir útblástursloft þar sem notuð eru íðefni, íblöndunarefni, efnablöndur og íðefni, sem skipta máli, sem myndast á staðnum“, sem um getur í lið 10.1.6.1. í ályktun MEPC.184(59), skal ekki losa í hafið, þ.m.t. lokaðar hafnir og ármynni, nema rekstraraðili skipsins sýni fram á að slík losun skolvatns hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á heilbrigði manna og umhverfið og stofni þeim ekki í hættu. Ef íðefnið sem er notað er vítissóði nægir að skolvatnið uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í ályktun MEPC.184(59) og pH-gildi þess fari ekki yfir 8,0.
Lífeldsneyti	Notkun lífeldsneytis eins og það er tilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽²⁾ sem uppfyllir viðeigandi CEN- og ISO-staðla. Blöndur af lífeldsneyti og skipaeldsneyti skulu uppfylla staðlana fyrir brennistein sem settir eru fram í 5. gr., 6. gr. (1., 2. og 5. mgr.) og 7. gr. í þessari tilskipun.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/769/ESB frá 13. desember 2010 um setningu viðmiðana fyrir notkun tæknilegra aðferða á gasflutningaskipum í stað notkunar skipaeldsneytis með lágt brennisteinsinnihald sem uppfyllir kröfur í 4. gr. b í tilskipun ráðsins 1999/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB um brennisteinsinnihald skipaeldsneytis (Stjtíð. ESB L 328, 14.12.2010, bls. 15).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

*III. VIÐAUKI***A-HLUTI**

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 19. gr.)

Tilskipun ráðsins 1999/32/EB

(Stjttíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003

(Stjttíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1)

Aðeins 19. liður I. viðauka

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB

(Stjttíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 59)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 219/2009

(Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 109)

Aðeins liður 3.4 í viðaukanum

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB

(Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88)

Aðeins 2. gr.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB

(Stjttíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 1)

B-HLUTI

Frestur til að leiða í landslög

(sem um getur í 19. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
1999/32/EB	1. júlí 2000
2005/33/EB	11. ágúst 2006
2009/30/EB	31. desember 2010
2012/33/ESB	18. júní 2014

IV. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 1999/32/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	Inngangsorð 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.
a-, b- og c-liðir í 2. undirgrein 2. mgr. 1. gr.	a-, b- og c-liðir í 2. undirgrein 2. mgr. 1. gr.
Inngangsorð d-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	Inngangsorð d-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður d-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	i. liður d-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.
Annar undirliður d-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	ii. liður d-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.
e- til h-liðir 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	e- til h-liðir 2. undirgreinar 2. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 2. gr.	Inngangsorð 2. gr.
1. liður 2. gr.	a-liður 2. gr.
Fyrsti undirliður 1. liðar 2. gr.	i. liður a-liðar 2. gr.
Annar undirliður 1. liðar 2. gr.	ii. liður a-liðar 2. gr.
2. liður 2. gr.	b-liður 2. gr.
Fyrsti undirliður 2. liðar 2. gr.	i. liður b-liðar 2. gr.
Annar undirliður 2. liðar 2. gr.	ii. liður b-liðar 2. gr.
Lokaorð 2. liðar 2. gr.	Lokaorð b-liðar 2. gr.
3. liður 2. gr.	c-liður 2. gr.
liður 3a í 2. gr.	d-liður 2. gr.
liður 3b í 2. gr.	e-liður 2. gr.
liður 3c í 2. gr.	f-liður 2. gr.
liður 3d í 2. gr.	g-liður 2. gr.
liður 3e í 2. gr.	h-liður 2. gr.
liður 3f í 2. gr.	i-liður 2. gr.
liður 3g í 2. gr.	j-liður 2. gr.
liður 3h í 2. gr.	k-liður 2. gr.
liður 3i í 2. gr.	l-liður 2. gr.
liður 3k í 2. gr.	m-liður 2. gr.
liður 3l í 2. gr.	n-liður 2. gr.
liður 3m í 2. gr.	o-liður 2. gr.
4. liður 2. gr.	p-liður 2. gr.
5. liður 2. gr.	q-liður 2. gr.
3. gr.	3. gr.
3. gr. a	5. gr.

Tilskipun 1999/32/EB	Þessi tilskipun
4. gr.	4. gr.
1. mgr. 4. gr. a	6. mgr. 2. gr.
1. mgr. a í 4. gr. a	6. mgr. 1. gr.
2. mgr. 4. gr. a	6. mgr. 3. gr.
3. mgr. 4. gr. a	6. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr. a	6. mgr. 5. gr.
5. mgr. 4. gr. a	6. mgr. 6. gr.
5. mgr. a í 4. gr. a	6. mgr. 7. gr.
5. mgr. b í 4. gr. a	6. mgr. 8. gr.
6. mgr. 4. gr. a	6. mgr. 9. gr.
7. mgr. 4. gr. a	6. mgr. 10. gr.
4. gr. b	7. gr.
1. og 2. mgr. í 4. gr. c	1. og 2. mgr. 8. gr.
2. mgr. a í 4. gr. c	8. mgr. 3. gr.
3. mgr. 4. gr. c	8. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr. c	8. mgr. 5. gr.
4. gr. d	9. gr.
4. gr. e	10. gr.
4. gr. f	11. gr.
5. gr.	12. gr.
6. mgr. 1. gr.	13. mgr. 1. gr.
1. mgr. a í 6. gr.	13. mgr. 2. gr.
6. mgr. 2. gr.	13. mgr. 3. gr.
1. mgr. b í 6. gr.	13. mgr. 4. gr.
1. og 2. mgr. 7. gr.	1. og 2. mgr. 14. gr.
1. mgr. a í 7. gr.	14. mgr. 3. gr.
7. mgr. 3. gr.	—
7. mgr. 4. gr.	15. gr.
9. gr.	17. gr.
9. gr. a	16. gr.
10. gr.	—
11. mgr. 1. gr.	Fyrsta málsgrein 18. gr.
11. mgr. 2. gr.	Önnur málsgrein 18. gr.
—	19. gr.
12. gr.	20. gr.

Tilskipun 1999/32/EB	Þessi tilskipun
13. gr.	21. gr.
I. og II. viðauki	I. og II. viðauki
—	III. viðauki
—	IV. viðauki

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/792**2018/EES/14/32****frá 11. maí 2016****um samræmdar vísitölur neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 (*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samræmd vísitala neysluverðs (HICP) er hönnuð til að mæla verðbólgu á samræmdan í öllum aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu nota samræmda vísitölu neysluverðs við mat á stöðugu verðlagi í aðildarríkjunum skv. 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU).
- 2) Samræmdar vísitölur eru notaðar með skírskotun til málsmeðferðar framkvæmdastjórnarinnar viðvíkjandi þjóðhagslegu ójafnvægi eins og henni var komið á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1176/2011 ⁽³⁾.
- 3) Hagskýrslur um fyrirtæki af háum gæðum og sambærileika eru mikilvægar fyrir þá sem bera ábyrgð á opinberri stefnu í Sambandinu, vísindamenn og alla evrópska borgara.
- 4) Seðlabankakerfi Evrópu notar samræmda vísitölu neysluverðs sem vísitölu til að mæla hvernig tekist hefur að ná markmiðum seðlabankakerfis Evrópu um verðstöðugleika skv. 1. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem á einkum við um skilgreiningu og framkvæmd á peningastefnu Sambandsins skv. 2. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Hafa á, skv. 4. mgr. 127. gr. og 5. mgr. 282. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, samráð við seðlabanka aðildarríkjanna um fyrirhugaðar gerðir Sambandsins á sviðum innan valdsviðs þess.
- 5) Markmið þessarar reglugerðar er að koma á fót sameiginlegum ramma fyrir þróun, framleiðslu og miðlun samræmdra vísitalna neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis á vettvangi Sambandsins og einstakra ríkja. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á að víkka út beitingu rammans í framtíðinni, ef nauðsyn krefur, til undirþjóðlegs vettvangs.
- 6) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ⁽⁴⁾ var komið á fót sameiginlegum ramma til að setja upp samræmdar vísitölur neysluverðs. Aðlaga þarf þann lagaramma að núverandi kröfum og tækniframförum og auka þannig mikilvægi og sambærileika samræmdra vísitalna neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis. Hefja ætti vinnu við viðbótarmerkingar um þróun verðlags á grundvelli nýja rammans sem komið er á fót með þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 175, 29.5.2015, bls. 2.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 8. mars 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. apríl 2016.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1176/2011 frá 16. nóvember 2011 um að fyrirbyggja og leiðrétta þjóðhagslegt ójafnvægi (Stjtið. ESB L 306, 23.11.2011, bls. 25).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1).

- 7) Reglugerð þessi tekur tillit til áætlunar framkvæmdastjórnarinnar um bættu lagasetningu, einkum orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 8. október 2010 sem ber titilinn *Skynsamleg reglusetning í Evrópusambandinu* (e. *Smart Regulation in the European Union*). Á sviði hagskýrslna hefur framkvæmdastjórnin sett í forgang að einfalda og bæta reglugerðarumhverfi hagskýrslna, eins og um getur í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 10. ágúst 2009 um framleiðsluáðferðir við hagskýrslur ESB: framtíðarsýn til næsta áratugar.
- 8) Sundurliða ætti samræmda vísitölu neysluverðs og samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli (HICP-CT) niður í flokka evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi (ECOICOP). Slík flokkun ætti að tryggja að allar hagskýrslur ESB um einkaneyslu séu samræmdar og sambærilegar. Evrópsk flokkun einkaneyslu eftir tilgangi ætti jafnframt að vera í samræmi við flokkun Sameinuðu þjóðanna á einkaneyslu eftir tilgangi (UN COICOP), sem er alþjóðlegur staðall sem flokkar einkaneyslu eftir tilgangi, og því ætti að breyta evrópskri flokkun einkaneyslu eftir tilgangi til að aðlaga hana að breytingu á flokkun Sameinuðu þjóðanna á einkaneyslu eftir tilgangi.
- 9) Samræmd vísitala neysluverðs er byggð á mældu verði sem inniheldur vöruskatta. Því hafa breytingar á skatthlutfalli vara áhrif á verðbólgu. Einnig er nauðsynlegt að safna upplýsingum um áhrif skattabreytinga á verðbólgu vegna greiningar á verðbólgu og samleitmismats í aðildarríkjum. Í þessu skyni ætti einnig að reikna út samræmda vísitölu neysluverðs á grundvelli verðs með föstu skatthlutfalli.
- 10) Það að koma á fót verðvísitölum fyrir íbúðir, einkum fyrir búsetu í eigin húsnæði (OOH), er mikilvægt skref til að auka mikilvægi og samanburðarhæfi samræmdrar vísitölu neysluverðs. Verðvísitala húsnæðis er nauðsynlegur grunnur fyrir verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði. Einnig er verðvísitala húsnæðis sem slík mikilvægur mælikvarði. Framkvæmdastjórnin ætti, eigi síðar en 31. desember 2018, að taka saman skýrslu þar sem fjallað er um hentugleika verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði fyrir aðlögun að umfangi samræmdrar vísitölu neysluverðs. Framkvæmdastjórnin ætti, eftir því sem við á og með hliðsjón af niðurstöðu þeirrar skýrslu, að leggja fram, innan hæfilegs frests, tillögu að breytingum á þessari reglugerð að því er varðar samþættingu verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði að umfangi samræmdrar vísitölu neysluverðs.
- 11) Snemmbúnar bráðabirgðaupplýsingar um mánaðarlega samræmda vísitölu neysluverðs í formi skyndimats eru afar mikilvægar fyrir peningamálastefnu á evrusvæðinu. Því ættu aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil að leggja fram slíkt skyndimat.
- 12) Samræmd vísitala neysluverðs er hönnuð til að meta verðstöðugleika. Henni er ekki ætlað að vera vísitala framfærslukostnaðar. Einnig ætti, til viðbótar við samræmda vísitölu neysluverðs, að hefja rannsókn á samræmdri vísitölu framfærslukostnaðar.
- 13) Uppfæra ætti viðmiðunartímabilið fyrir samræmdar vísitölur reglulega. Koma ætti á fót reglum um sameiginleg vísitölutímabil samræmdra vísitalna og aðlaga undirvísitölur þeirra á mismunandi tímum í því skyni að tryggja að vísitölurnar séu sambærilegar og viðeigandi.
- 14) Hefja ætti forkönnun til að meta hagkvæmni þess að nota bætta grunnupplýsingar eða beita nýrri aðferðafræðilegri nálgun í því skyni að bæta stigvaxandi samræmingu samræmdra vísitalna neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis. Framkvæmdastjórnin ætti að grípa til nauðsynlegra aðgerða og finna réttu hvatana, þ.m.t. fjárstuðning, til að hvetja til slíkra forkannana.
- 15) Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að sannreyna heimildirnar og aðferðirnar sem aðildarríki nota til að reikna út samræmdar vísitölur og ætti að fylgjast með framkvæmd aðildarríkja á lagarammanum. Því ætti framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) að halda uppi reglubundnum skoðanaskiptum við hagskýrsluyfirvöld aðildarríkja.
- 16) Bakgrunnsupplýsingar eru nauðsynlegar til að meta hvort ítarlegu samræmdu vísitölurnar sem aðildarríkin láta í té séu nægjanlega samanburðarhæfar. Einnig hjálpa gagnsæjar samantektaraðferðir og -venjur, sem aðildarríki nota, öllum hagsmunaaðilum að skilja samræmdar vísitölur og bæta gæði þeirra enn frekar. Því ætti að koma á fót bálki reglna um skýrslugjöf samræmdra lýsigagna.
- 17) Framkvæmdastjórnin ætti að nota viðeigandi heimildir og valdheimildir sem kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ⁽¹⁾ í því skyni að tryggja gæði hagskýrslugagna sem aðildarríkin láta í té.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

- 18) Framselja ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að tryggja að samþykkt yrði að breyta flokkun Sameinuðu þjóðanna á einkaneyslu eftir tilgangi, breyta skránni yfir þætti sem framkvæmdargerðir stjórna með því að bæta við þáttum til að taka til greina tæknilega þróun tölfraeðiaðferða og byggja á mati á forkönnunum, og til að breyta skránni um undirvísitölur evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi sem aðildarríkjum ber ekki að taka saman til að í þeim bætist happdrætti og veðmál við samræmda vísitölu neysluverðs og samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð, meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin ætti, við undirbúning og samningu framseldra gerða, að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 19) Þörf er á samræmdum skilyrðum, í því skyni að tryggja fullan sambærileika samræmdu vísitalnanna, til að hrinda í framkvæmd evrópskri flokkun einkaneyslu eftir tilgangi vegna samræmdrar vísitölu neysluverðs og samræmdra vísitalna neysluverðs með föstu skatthlutfalli fyrir sundurliðun á skyndimati samræmdrar vísitölu neysluverðs sem aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil láta í té; fyrir sundurliðun á verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis; fyrir gæði voga samræmdra vísitalna; fyrir bætтар aðferðir sem byggjast á frjálsum forkönnunum; fyrir viðeigandi aðferðafræði; fyrir ítarlegar reglur um breytingu á samræmdum vísitölum; fyrir gögn og lýsigögn skiptistaðla; fyrir endurskoðun samræmdra vísitalna og undirvísitalna þeirra; og fyrir tæknilegar gæðatryggingarkröfur að því er varðar innihald árlegra staðlaðra gæðaskýrslna, frest til að láta í té skýrslurnar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og uppbyggingu birgðaskráa og frest til að láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) birgðaskrárnar í té. Til að tryggja slík samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁾.
- 20) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa kostnaðarhagkvæmni í huga þegar hún samþykkir framkvæmdarráðstafanir og framseldar gerðir í samræmi við þessa reglugerð, eftir því sem við á, og að tryggt sé að þessar ráðstafanir og aðgerðir leggi ekki verulegar viðbótarbyrðar á aðildarríki eða á svarendur.
- 21) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að búa til sameiginlega hagskýrslustaðla fyrir samræmdar vísitölur neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis, en því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 22) Nefndin um evrópska hagskýrslukerfið hefur verið beðin um að láta í té faglega ráðgjöf sína með tilliti til 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.
- 23) Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 2494/95 úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er settur fram sameiginlegur rammi fyrir þróun, framleiðslu og miðlun samræmdra vísitalna neysluverðs (samræmdrar vísitölu neysluverðs, samræmdrar vísitölu neysluverðs með föstu skatthlutfalli og verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði) og verðvísitölu húsnæðis á vettvangi Sambandsins og einstakra aðildarríkja.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjana með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- 1) „vörur“: vörur og þjónusta eins og þær eru skilgreindar í málsgrein 3.01 í viðauka A við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 54/2013 ⁽¹⁾ („ESA 2010“),
- 2) „neysluverð“: innkaupsverð sem heimili greiða til að kaupa einstakar vörur með því að reiða af hendi peninga við kaupin,
- 3) „húsnæðisverð“: verð í viðskiptum á íbúðum sem heimilisfólk festir kaup á,
- 4) „innkaupsverð“: verðið sem er í raun greitt fyrir vörur, þ.m.t. skattar, að frádrögnum styrkjum, á vörurnar, að frádrögnum afslætti frá föstum verðum eða gjöldum, að undanskildum vöxtum eða þjónustugjöldum sem bætt er við samkvæmt greiðslutilhögun og viðbótargjöld sem falla til vegna þess að ekki var greitt innan tilgreinds frests þegar kaupin fóru fram,
- 5) „verðstýring“: ríkisstjórnin ákveður á beinan hátt eða hefur að miklu leyti áhrif á uppsett verð,
- 6) „samræmd vísitala neysluverðs“ eða HICP: sambærileg vísitala neysluverðs sem hvert aðildarríki lætur í té,
- 7) „samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli“ eða HICP-CT: vísitalan sem mælir breytingar á neysluverði vara án áhrifa breytinga á skatthlutfalli vara á sama tímabili,
- 8) „skatthlutfall“: skattbreyta og getur verið ákveðið hlutfall af verði eða raunfjárhæð skatts sem lagður er á efnislega einingu,
- 9) „verðvísitala fyrir búsetu í eigin húsnæði“ eða OOH-verðvísitala: vísitala sem mælir breytingar á verði í viðskiptum með nýjar íbúðir fyrir heimili og aðrar vörur og þjónustu sem heimilisfólk kaupir þar sem það hefur búsetu í eigin húsnæði,
- 10) „verðvísitala húsnæðis“ eða HPI: vísitala sem mælir breytingar á verði í viðskiptum með íbúðir sem heimilisfólk kaupir,
- 11) „undirvísitala samræmdrar vísitölu neysluverðs“ eða HICP-CT: verðvísitala fyrir flokka evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi (ECOICOP) eins og sett er fram í I. viðauka,
- 12) „samræmdar vísitölur“: HICP, HICP-CT, OOH-verðvísitalan og HPI,
- 13) „skyndimat á samræmdri vísitölu neysluverðs“: snemmbúið mat á samræmdri vísitölu neysluverðs sem aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil láta í té og gæti verið byggt á bráðabirgðaupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, viðeigandi líkönum,
- 14) „Laspeyres-magnvísitala“: verðvísitala sem mælir meðaltalsbreytingar á verði frá viðmiðunartímabili verðs til samanburðartímabils með því að nota útgjaldahlutfall frá fyrra tímabili til viðmiðunartímabilsins og þegar útgjaldahlutfall er leiðrétt svo að það endurspegli verðlag á viðmiðunartímabili verðs.

„Laspeyres-magnvísitalan“ er skilgreind sem:

$$p^{0,t} = \sum \frac{p^t}{p^0} \cdot w^{0,b}$$

Verð á vöru er táknað með p , viðmiðunartímabil verðs er táknað með 0 og samanburðartímabilið er táknað með t . Vog (w) er útgjaldahlutfall tímabils (b) fyrir viðmiðunartímabil verðs og er leiðrétt til að endurspeglar verð á viðmiðunartímabili verðs 0 ,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í Evrópusambandinu (Stj. tíð. ESB. L 174, 26.6.2013, bls. 1).

- 15) „vísitölutímabil“: tímabilið þegar vísitalan er fastákveðin í 100 vísitölustigum,
- 16) „viðmiðunartímabil verðs“: tímabilið þegar verð samanburðartímabils er tekið til samanburðar; fyrir mánaðarlegar vísitölur er viðmiðunartímabilið desember á nýliðnu ári og fyrir ársfjórðungsvísitölur er viðmiðunartímabil verðs fjórði ársfjórðungur nýliðins árs,
- 17) „grunnupplýsingar“: gögn sem ná yfir:
- með tilvísun til samræmdrar vísitölu neysluverðs og samræmdra vísitalna neysluverðs með föstu skatthlutfalli:
 - innkaupsverð á vöru sem taka þarf tillit til við útreikning á undirvísitölum í samræmi við þessa reglugerð,
 - skráningaratriði sem ákvarða vöruverð,
 - upplýsingar um skatta og álögð vörugjöld,
 - upplýsingar um hvort verðinu sé stýrt að öllu leyti eða að hluta til og
 - vog sem endurspeglar stig og uppbyggingu neyslu hlutaðeigandi vöru,
 - með tilvísun í verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði:
 - verð í viðskiptum með nýjar íbúðir fyrir heimili og aðrar vörur og þjónustu sem heimilisfólk kaupir þar sem það hefur búsetu í eigin húsnæði sem þarf að taka tillit til við útreikning á verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði í samræmi við þessa reglugerð,
 - skráningaratriði sem ákvarða íbúðarverð og verð á öðrum vörum og þjónustu sem heimilisfólk kaupir þar sem það hefur búsetu í eigin húsnæði og
 - vogir sem endurspeglar stig og uppbyggingu viðeigandi flokka útgjalda heimilisfólks,
 - með tilvísun í verðvísitölu húsnæðis:
 - verð í viðskiptum á húsnæði sem heimilisfólk kaupir og taka þarf tillit til við útreikning á verðvísitölu húsnæðis í samræmi við þessa reglugerð,
 - skráningaratriði sem ákvarða íbúðaverð og
 - vogir sem endurspeglar stig og uppbyggingu viðeigandi flokka útgjalda heimilisfólks,
- 18) „heimilisfólk“: heimilisfólk eins og það er skilgreint í a- og b-lið málsgreinar 2.119 í viðauka A við ESA 2010, án tillits til þjóðernis eða búsetustöðu,
- 19) „efnahagssvæði aðildarríkis“: efnahagssvæði eins og það er skilgreint samkvæmt málsgrein 2.05 í viðauka A við ESA 2010, að því undanskildu að lendur utan svæðisins en innan landamæra viðkomandi aðildarríkis eru taldar með en lendur innan svæðisins sem eru í öðrum löndum teljast ekki með,
- 20) „peningaútgjöld til neyslu heimilanna“: sá hluti af útgjöldum til neyslu sem stofnað er til:
- af heimilisfólki,
 - í peningaviðskiptum,
 - á efnahagssvæði aðildarríkis,
 - um vörur sem eru notaðar til að uppfylla beinlínis þarfir eða óskir einstaklingsins, eins og þær eru skilgreindar í málsgrein 3.101 í viðauka A við ESA 2010,
 - á öðru eða báðum tímabilunum sem borin eru saman,

- 21) „umtalsverð breyting verður á framleiðsluaðferð“: breyting sem áætlað er að hafi áhrif á árlega tíðni breytinga tiltekinnar samræmdrar vísitölu eða hluti hennar á einhverju tímabili og er meiri en:
- a) 0,1 prósentustig fyrir alla þættina, samræmda vísitölu neysluverðs, samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli, verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði eða verðvísitölu húsnæðis,
 - b) 0,3, 0,4, 0,5 eða 0,6 prósentustig fyrir hverja deild, hóp, flokk eða undirflokk evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi (5-stafir) fyrir samræmda vísitölu neysluverðs eða samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli.

3. gr.

Samantekt á samræmdu vísitölunum

1. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té samræmdu vísitölurnar eins og þær eru skilgreindar í 12. lið 2. gr.
2. Samræmdu vísitölurnar skulu vera árlega tengdar Laspeyres-sniði vísitalna.
3. Byggja skal samræmda vísitölu neysluverðs og samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli á breytingum á verði og vog vara sem teljast til peningaútgjalda til neyslu heimilanna.
4. Hvorki skulu samræmd vísitala neysluverðs né samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli ná yfir viðskipti milli heimilisfólks, að undanskildum tilvikum þegar leigjendur greiða leigusala sem er einkaaðili, þegar sá síðarnefndi þjónar sem markaðsframeiðandi fyrir þjónustu sem heimilisfólk (leigjendur) kaupir.
5. Taka skal saman verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði 10 síðustu árin áður en reglugerð þessi tók gildi þegar það er hægt og að því tilskildu að gögnin séu tiltæk.
6. Taka skal saman undirvísitölur samræmdrar vísitölu neysluverðs og samræmdra vísitalna neysluverðs með föstu skatthlutfalli fyrir flokka evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina samræmd skilyrði fyrir beitingu evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi að því er varðar samræmda vísitölu neysluverðs og samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.
7. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2018, taka saman skýrslu þar sem fjallað er um hentugleika verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði fyrir aðlögun að umfangi samræmdrar vísitölu neysluverðs. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og með hliðsjón af niðurstöðu skýrslunnar, leggja fram, innan hæfilegs frests, tillögu að breytingum á þessari reglugerð að því er varðar samþættingu verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði að umfangi samræmdrar vísitölu neysluverðs. Framkvæmdastjórnin skal, ef skýrslan staðfestir að þörf sé á frekari aðferðafræðilegri þróun fyrir samþættingu verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði og umfangs samræmdrar vísitölu neysluverðs, vinna í aðferðafræðilega starfinu og skýrslunni til Evrópuþingsins og ráðsins um þá vinnu, eins og við á.
8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerð sem tilgreinir sundurliðun á skyndimatínu á samræmdri vísitölu neysluverðs sem aðildarríki með evru sem gjaldmiðil láta í té. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.
9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina sundurliðun á verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.
10. Aðildarríki skulu uppfæra á hverju ári vogir undirvísitalna fyrir samræmdu vísitölurnar. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina samræmd skilyrði fyrir gæði voga samræmdu vísitalnanna. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

4. gr.

Sambærileiki samræmdra vísitalna

1. Til að samræmdar vísitölur teljist sambærilegar skal munur á milli aðildarríkja á öllum sundurliðunarstigum aðeins endurspegla mismun á verðbreytingum eða útgjaldamynstri.

2. Undirvísitölur samræmdra vísitalna sem víkja frá hugtökum eða aðferðum þessarar reglugerðar skulu teljast samanburðarhæfar ef þær leiða til kerfisbundins frávíks vísitölu sem er:

- a) minni eða jöfn 0,1 prósentustigi að meðaltali yfir eitt ár miðað við undangengið ár frá vísitölu sem tekin er saman í kjölfar aðferðafræðilegrar nálgunar þessarar reglugerðar, þegar um samræmda vísitölu neysluverðs og samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli er að ræða,
- b) minni eða jöfn einu prósentustigi að meðaltali yfir eitt ár miðað við undangengið ár frá vísitölu sem tekin er saman í kjölfar aðferðafræðilegrar nálgunar þessarar reglugerðar, þegar um verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis er að ræða.

Þegar útreikningarnir sem um getur í fyrstu undirgrein eru ekki gerlegir skulu aðildarríki setja ítarlega fram afleiðingar þess að nota aðferðafræði sem víkur frá hugtökum og aðferðum þessarar reglugerðar.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. vegna breytinga á I. viðauka í því skyni að tryggja sambærileika samræmdra vísitalna á alþjóðavettvangi í samræmi við breytingu á flokkun Sameinuðu þjóðanna á einkaneyslu eftir tilgangi.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina frekar bættar aðferðir sem byggjast á frjálsum forkönnunum, eins og um getur í 8. gr. og aðferðafræðinni, í því skyni að tryggja samræmd skilyrði fyrir því að búa til sambærilegar samræmdar vísitölur, og til að ná markmiðum þessarar reglugerðar. Þessar framkvæmdargerðir varða:

- i. úrtöku og lýsandi eiginleika,
- ii. söfnun og meðferð á verðum,
- iii. staðgöngu og gæði aðlögunar,
- iv. samantekt vísitölu,
- v. endurskoðanir,
- vi. sérstakar vísitölur,
- vii. meðferð á vörum á tilteknum svæðum.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að þessar framkvæmdargerðir auki ekki til muna álag á aðildarríkin eða á svarendurina.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, með framleiðslu á samræmdum vísitölum í huga og í því skyni að taka til greina tækniþróun í tölfræðiaðferðum og með því að byggja á mati forkannana þeirra sem um getur í 4. mgr. 8. gr., fá heimild til að breyta, með framseldum gerðum sem samþykktar eru í samræmi við 10. gr., fyrstu undirgrein 4. mgr. þessarar greinar með því að bæta þáttum við skrána sem þar er sett fram, að því tilskildu að slíkir viðbættir þættir skarist ekki við þá sem fyrir eru og breyti ekki umfangi eða eðli samræmdra vísitalna sem settar eru fram í þessari reglugerð.

5. gr.

Kröfur varðandi gögn

1. Grunnupplýsingar sem aðildarríkin safna fyrir samræmdu vísitölurnar og undirvísitölur þeirra skulu vera dæmigerðar á vettvangi aðildarríkis.

2. Nálgast skal upplýsingarnar frá hagskýrslueiningum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 ⁽¹⁾ eða öðrum heimildum, að því tilskildu að sambærileikakröfurnar fyrir samræmdu vísitölurnar, sem getur um í 4. gr., séu uppfylltar.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins (Stjútíð. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1).

3. Hagskýrslueiningarnar sem kveða á um að upplýsingar um vörur teljist með í peningaútgjöldum til neyslu heimilanna skulu vinna með söfnun eða tilhögun miðlunar grunnupplýsinga, eins og krafist er. Í hagskýrslueiningunum skal veita innlendum aðilum, sem bera ábyrgð á að taka saman samræmdar vísitölur, nákvæmar og fullkomnar grunnupplýsingar.

4. Hagskýrslueiningarnar skulu, að beiðni landsbundinna aðila sem bera ábyrgð á að taka saman samræmdar vísitölur, láta í té rafrænar viðskiptaskrár þegar þær eru tiltækar, svo sem skannöggn, og nauðsynlega sundurliðun í því skyni að framleiða samræmdar vísitölur og meta hlítungu við sambærilegar kröfur og gæði samræmdra vísitalna.

5. Árið 2015 skal vera sameiginlegt vísitölutímabil fyrir samræmdu vísitölurnar. Nota skal vísitölutímabilið fyrir fulla tímaröð allra samræmdra vísitalna og undirvísitalna þeirra.

6. Breyta skal samræmdu vísitölunum og undirvísitölum þeirra í nýju sameiginlegu vísitölutímabili ef um er að ræða meiriháttar aðferðafræðilegar breytingar samræmdu vísitalnanna sem eru samþykktar í samræmi við þessa reglugerð, eða á 10 ára fresti eftir síðustu breytingar frá og með 2015. Breytingin yfir í nýtt vísitölutímabil skal gilda:

- a) fyrir mánaðarlegar vísitölur, með vísitölu janúarmánaðar á næsta ári frá vísitölutímabilinu,
- b) fyrir ársfjórðungslegar vísitölur, með vísitölu fyrsta ársfjórðungs á næsta ári frá vísitölutímabilinu.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem koma á fót breytingu á samræmdu vísitölunum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

7. Ekki skal krefja aðildarríkin um að framleiða og senda:

- a) undirvísitölur samræmdrar vísitölu neysliverðs og samræmdra vísitalna neysliverðs með föstu skatthlutfalli sem standa fyrir minna en einn á móti þúsund hlutum af heildarútgjöldunum,
- b) undirvísitölur verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis sem standa fyrir minna en einn á móti þúsund hlutum af heildarútgjöldum íbúa í eigin húsnæði og heildarkaupum íbúðar, í þeirri röð.

8. Ekki skal krefja aðildarríki um að framleiða eftirfarandi undirvísitölur evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, annaðhvort vegna þess að þær teljast ekki með í peningaútgjöldum til neyslu heimilanna eða vegna þess að stig aðferðafræðilegrar samhæfingar er ekki orðið nægjanlegt:

02.3. Fíkniefni

09.4.3. Happdrætti og veðmál

12.2. Vændi

12.5.1. Líftrygging

12.6.1. Óbeint mæld fjármálaþjónusta.

Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. til að breyta skránni sem sett er fram í þessari málsgrein til að hún innihaldi happdrætti og veðmál í samræmdri vísitölu neysliverðs og samræmdum vísitölum neysliverðs með föstu skatthlutfalli.

6. gr.

Tíðni

1. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) samræmda vísitölu neysliverðs, samræmdar vísitölur neysliverðs með föstu skatthlutfalli og undirvísitölum hvors um sig með mánaðarlegri tíðni, þ.m.t. þær undirvísitölur sem framleiddar eru með lengra millibili.

2. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis í té með ársfjórðungslegri tíðni. Láta má hana í té af fúsum og frjálsum vilja með mánaðarlegu millibili.
3. Ekki skal krefja aðildarríki um að framleiða undirvísitölur með mánaðarlegu eða ársfjórðungslegu millibili þegar gagnasöfnun með lengra millibili uppfyllir sambærileikakröfurnar í 4. gr. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) um þá flokka evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, verðvísitölu búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis sem þau hyggjast safna gögnum um með lengra millibili en mánaðarlega í tilvikum flokka evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi og ársfjórðungslega í tilvikum flokka verðvísitölu húsnæðis.
4. Aðildarríki skulu á hverju ári láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té uppfærðar undirvísitölur fyrir samræmdu vísitölurnar.

7. gr.

Frestir, skiptistaðlar og endurskoðanir

1. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té samræmdar vísitölur og allar undirvísitölur eigi síðar en:
 - a) 15 almanaxsdögum, fyrir vísitölur frá febrúar til desember, og 20 almanaxsdögum, fyrir vísitölur janúarmánaðar, frá lokum mánaðar fyrir vísitölurnar sem reiknaðar eru og
 - b) 85 almanaxsdögum frá lokum ársfjórðungs fyrir vísitölurnar sem eru reiknaðar.
2. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té uppfærðar vogir eigi síðar en:
 - a) 13. febrúar á hverju ári fyrir mánaðarlegar vísitölur,
 - b) 15. júní á hverju ári fyrir ársfjórðungslegar vísitölur.
3. Aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té skyndimat um samræmda vísitölu neysliverðs eigi síðar en næstsíðasta almanaxsdag mánaðarins sem skyndimatið á við um.
4. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té þau gögn og lýsigögn sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við gagnaskiptistaðla fyrir gögn og lýsigögn.
5. Samræmdu vísitölurnar og undirvísitölur þeirra sem þegar hafa verið gefnar út geta þurft endurskoðunar við.
6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina ítarlega gagnaskiptistaðla fyrir gögnin og lýsigögnin sem um getur í 4. mgr. og samræmd skilyrði til endurskoðunar samræmdra vísitalna og undirvísitalna þeirra eins og um getur í 5. mgr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

8. gr.

Forkannanir

1. Framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) er heimilt að hefja forkannanir sem aðildarríkin framkvæma ef þau kjósa þegar aukinna grunnupplýsinga er þörf fyrir samantekt samræmdra vísitalna eða þegar greining leiðir í ljós að þörf sé á bættem sambærileika samræmdu vísitalnanna í aðferðunum sem um getur í 4. mgr. 4. gr.
2. Í fjárlögum Sambandsins skal, eftir því sem við á, lagt af mörkum til slíkra forkannana.

3. Í forkönnunum skal meta hagkvæmni þess að fá aðgang að bættum grunnupplýsingum eða samþykkja nýjar aðferðafræðilegar nálganir.
4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal meta niðurstöður forkannananna í náinni samvinnu við aðildarríki og meginnotendur hinna samræmdu vísitalna, þar sem tekið er tillit til ávinnings bættra grunnupplýsinga eða nýrra aðferðafræðilegra nálgana að því er varðar viðbótarkostnað við framleiðslu samræmdra vísitalna.
5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2020 og síðan á fimm ára fresti, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ef við á, um meginniðurstöður forkannananna.

9. gr.

Gæðatrygging

1. Aðildarríkin skulu tryggja gæði samræmdu vísitalnanna sem lánar eru í té. Í þessari reglugerð gilda viðmiðanir um staðalgæði sem settar eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.
2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té:
 - a) árlega staðlaða gæðaskýrslu sem nær yfir gæðaviðmiðunina sem um getur í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009,
 - b) árlega uppfærða birgðaskrá sem inniheldur upplýsingar um gagnagjafa, skilgreiningar og aðferðafræði sem notuð er,
 - c) frekari viðeigandi upplýsingar um nauðsynlega sundurliðun til að meta hlítinu við sambærileika krafna og gæða samræmdra vísitalna, ef framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) fer fram á slíkt.
3. Ef aðildarríki hyggst kynna mikilvægar breytingar á framleiðsluáferðum samræmdu vísitalnanna eða hluta þeirra skal aðildarríkið upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) um það eigi síðar en þremur mánuðum áður en slíkar breytingar myndu taka gildi. Aðildarríkið skal láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té mælingu á áhrifum breytingarinnar.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem koma á fót tæknilegum gæðatryggingarkröfum að því er varðar inntak árlegu stöðluðu gæðaskýrslanna, frestinn til að láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té skýrslurnar og uppbyggingu birgðaskráanna og frestinn til að láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) birgðaskrárnar í té. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

10. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Þegar valdheimildum, sem framseldar eru í 4. gr. (3. mgr.), 4. gr. (5. mgr.) og 5. gr. (8. mgr.) er beitt, skal framkvæmdastjórnin tryggja að framseldu gerðirnar auki ekki til muna álag á aðildarríki eða svarendur.

Framkvæmdastjórnin skal einnig rökstyðja aðgerðirnar sem kveðið er á um í þessum framseldu gerðum, þar sem, eftir því sem við á, athuga skal hagkvæmni, þ.m.t. fyrirhöfn svarenda og kostnaður við gerðina í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

Framkvæmdastjórnin skal fylgja hefðbundnum venjum sínum og hafa samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, áður en hún samþykkir þessar framseldu gerðir.

3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. gr. (3. mgr.), 4. gr. (5. mgr.) og 5. gr. (8. mgr.) í fimm ár frá og með 13. júní 2016. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

4. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 4. gr. (3. mgr.), 4. gr. (5. mgr.) og 5. gr. (8. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (3. mgr.), 4. gr. (5. mgr.) og 5. gr. (8. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

12. gr.

Niðurfelling

1. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um 2. mgr., láta í té samræmdar vísitölur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2494/95 allt að sendingu gagna sem varða árið 2016.

2. Reglugerð (EB) nr. 2494/95 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2017.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin skal, fyrst þegar hún samþykkir framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. gr. (6. mgr.), 3. gr. (9. mgr.), 3. gr. (10. mgr.), 4. gr. (4. mgr.), 5. gr. (6. mgr.) og 7. gr. (6. mgr.) og að því marki sem er sambærilegt þessari reglugerð, fella inn viðeigandi ákvæði frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96⁽¹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96⁽²⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1687/98⁽³⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2646/98⁽⁴⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999⁽⁵⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2166/1999⁽⁶⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2601/2000⁽⁷⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2602/2000⁽⁸⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1920/2001⁽⁹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001⁽¹⁰⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005⁽¹¹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 701/2006⁽¹²⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2009⁽¹³⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2010⁽¹⁴⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2013⁽¹⁵⁾ sem samdar eru á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 2494/95 og um leið fækka, eins og viðeigandi er, heildarfjölda framkvæmdargerða. Reglugerðirnar, sem eru samþykktar á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 2494/95, skulu gilda á umbreytingartímabilinu. Því umbreytingartímabili skal ljúka á gildistökuvegi framkvæmdargerðanna, sem fyrst voru samþykktar á grundvelli 3. gr. (6. mgr.), 3. gr. (9. mgr.), 3. gr. (10. mgr.), 4. gr. (4. mgr.), 5. gr. (6. mgr.) og 7. gr. (6. mgr.) þessarar reglugerðar, sem skal vera sameiginleg dagsetning fyrir allar þessar framkvæmdargerðir.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir fyrst um gögn sem varða janúar 2017.

-
- (1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjttíð. EB L 299, 10.9.1996, bls. 3).
- (2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjttíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8).
- (3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1687/98 frá 20. júlí 1998 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 að því er varðar skrá um vörur og þjónustu sem samræmdar vísitölur neysluverðs taka til (Stjttíð. EB L 214, 31.7.1998, bls. 12).
- (4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2646/98 frá 9. desember 1998 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð gjaldskráa í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjttíð. EB L 335, 10.12.1998, bls. 30).
- (5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999 frá 23. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 — með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð trygginga í samræmdri vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 (Stjttíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9).
- (6) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2166/1999 frá 8. október 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð á vörum á heilbrigðissviði, fræðslusviði og sviði félagslegrar þjónustu í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjttíð. EB L 266, 14.10.1999, bls. 1).
- (7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2601/2000 frá 17. nóvember 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til þess hvenær kaupverð skal fært inn í samræmda vísitölu neysluverðs (Stjttíð. EB L 300, 29.11.2000, bls. 14).
- (8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2602/2000 frá 17. nóvember 2000 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð verðlækkana í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjttíð. EB L 300, 29.11.2000, bls. 16).
- (9) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1920/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð þjónustugjalds, sem nemur tilteknu hlutfalli af virði viðskipta, í samræmdri vísitölu neysluverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjttíð. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46).
- (10) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001 frá 28. september 2001 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar lágmarksstaðla um endurskoðanir samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2602/2000 (Stjttíð. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49).
- (11) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjttíð. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9).
- (12) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 701/2006 frá 25. apríl 2006 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2494/95 að því er varðar þau tímabil sem verðkannanir vegna samræmdrar vísitölu neysluverðs skulu ná yfir (Stjttíð. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 3).
- (13) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/2009 frá 22. apríl 2009 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð árstíðabundinna vara í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjttíð. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 6).
- (14) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2010 frá 1. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir gæði á vogum samræmdrar vísitölu neysluverðs og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 (Stjttíð. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4).
- (15) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2013 frá 1. febrúar 2013 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs, að því er varðar að koma á fót verðvísitölum fyrir búsetu í eigin húsnæði (Stjttíð. ESB L 33, 2.2.2013, bls. 14).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. maí 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.A. HENNIS-PLASSCHAERT

forseti.

*I. VIÐAUKI***EVROPSK FLOKKUN EINKANEYSLU EFTIR TILGANGI (ECOICOP)**

- 01. MATVÆLI OG ÓÁFENGIR DRYKKIR
 - 01.1. Matvæli
 - 01.1.1. Brauð og kornvörur
 - 01.1.1.1. Hrísgjón
 - 01.1.1.2. Mjöl og aðrar kornvörur
 - 01.1.1.3. Brauð
 - 01.1.1.4. Aðrar brauðvörur
 - 01.1.1.5. Flatbaka og baka
 - 01.1.1.6. Pastavörur og kúskús
 - 01.1.1.7. Morgunkorn
 - 01.1.1.8. Aðrar kornvörur
 - 01.1.2. Kjöt
 - 01.1.2.1. Nauta- og kálfakjöt
 - 01.1.2.2. Svínakjöt
 - 01.1.2.3. Lamba- og geitakjöt
 - 01.1.2.4. Alifuglar
 - 01.1.2.5. Annað kjöt
 - 01.1.2.6. Ætur innmatur
 - 01.1.2.7. Þurrkað, saltað eða reykt kjöt
 - 01.1.2.8. Önnur unnin kjötvara
 - 01.1.3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir
 - 01.1.3.1. Ferskur eða kældur fiskur
 - 01.1.3.2. Frystur fiskur
 - 01.1.3.3. Ferskar eða kældar sjávarafurðir
 - 01.1.3.4. Frosinn fiskur og aðrar sjávarafurðir
 - 01.1.3.5. Þurrkaður, reyktur eða saltaður fiskur og aðrar sjávarafurðir
 - 01.1.3.6. Annar rotvarinn eða unninn fiskur og aðrir unnir réttir úr sjávarafurðum
 - 01.1.4. Mjól, ostur og egg
 - 01.1.4.1. Fersk nýmjólk
 - 01.1.4.2. Fersk fitulítill mjólk
 - 01.1.4.3. Rotvarin mjólk
 - 01.1.4.4. Jógúrt
 - 01.1.4.5. Ostur og ystingur

- 01.1.4.6. Aðrar mjólkurvörur
- 01.1.4.7. Egg
- 01.1.5. Olía og feiti
 - 01.1.5.1. Smjör
 - 01.1.5.2. Smjörlíki og önnur feiti úr jurtaríkinu
 - 01.1.5.3. Ólífuolía
 - 01.1.5.4. Aðrar matarolíur
 - 01.1.5.5. Önnur dýrafeiti til manneldis
- 01.1.6. Aldin
 - 01.1.6.1. Nýir eða kældir ávextir
 - 01.1.6.2. Frosnir ávextir
 - 01.1.6.3. Þurrkuð aldin og hnetur
 - 01.1.6.4. Rotvarðir ávextir og ávaxtaafurðir
- 01.1.7. Grænmeti
 - 01.1.7.1. Nýtt og kælt grænmeti annað en kartöflur og annað róta- og hnyðisvörur
 - 01.1.7.2. Frosið grænmeti annað en kartöflur og annað róta- og hnyðisvörur
 - 01.1.7.3. Þurrkað grænmeti, annað rotvarið eða unnið grænmeti
 - 01.1.7.4. Kartöflur
 - 01.1.7.5. Kartöfluflögur
 - 01.1.7.6. Annað róta- og hnyðisvörur
- 01.1.8. Sykur, sulta, hunang, súkkulaði og sælgæti
 - 01.1.8.1. Sykur
 - 01.1.8.2. Sulta, marmelaði og hunang
 - 01.1.8.3. Súkkulaði
 - 01.1.8.4. Sælgæti
 - 01.1.8.5. Ís til neyslu og rjómaís
 - 01.1.8.6. Gervisykur
- 01.1.9. Matvæli ót.a.
 - 01.1.9.1. Sósur, bragðefni
 - 01.1.9.2. Salt, krydd og tilbúnar kryddjurtir
 - 01.1.9.3. Barnamatur
 - 01.1.9.4. Fullunnar máltíðir
 - 01.1.9.9. Önnur matvæli, ót. a.
- 01.2. Óáfengir drykkir
 - 01.2.1. Kaffi, te og kakó

- 01.2.1.1. Kaffi
- 01.2.1.2. Te
- 01.2.1.3. Kakó og súkkulaðiþuft
- 01.2.2. Ölkelduvatn, gosdrykkir, ávaxta- og grænmetissafar
 - 01.2.2.1. Ölkelduvatn og uppsprettuvatn
 - 01.2.2.2. Gosdrykkir
 - 01.2.2.3. Ávaxta- og grænmetissafar
- 02. ÁFENGIR DRYKKIR, TÓBAK OG FÍKNIEFNI
 - 02.1. Áfengir drykkir
 - 02.1.1. Brennd vín
 - 02.1.1.1. Brennd vín og líkjör
 - 02.1.1.2. Gosdrykkir sem innihalda vínanda
 - 02.1.2. Vín
 - 02.1.2.1. Vín úr þrúgum
 - 02.1.2.2. Vín úr öðrum ávöxtum
 - 02.1.2.3. Styrkt vín
 - 02.1.2.4. Drykkir, að stofni til úr víni
 - 02.1.3. Bjór
 - 02.1.3.1. Lagerbjór
 - 02.1.3.2. Annar áfengur bjór
 - 02.1.3.3. Bjór með litlu eða engu áfengi
 - 02.1.3.4. Drykkir, að stofni til úr bjór
 - 02.2. Tóbak
 - 02.2.0. Tóbak
 - 02.2.0.1. Vindlingar
 - 02.2.0.2. Vindlar
 - 02.2.0.3. Aðrar tóbaksvörur
 - 02.3. Fíkniefni
 - 02.3.0. Fíkniefni
 - 02.3.0.0. Fíkniefni
- 03. FATNAÐUR OG SKÓFATNAÐUR
 - 03.1. Fatnaður
 - 03.1.1. Efni í fatnað
 - 03.1.1.0. Efni í fatnað
 - 03.1.2. Flíkur
 - 03.1.2.1. Karlmannafatnaður

- 03.1.2.2. Kvenfatnaður
- 03.1.2.3. Fatnaður fyrir ungbörn (0–2 ára) og börn (3–13 ára)
- 03.1.3. Annar fatnaður og fylgihlutir með fatnaði
 - 03.1.3.1. Annar fatnaður
 - 03.1.3.2. Fylgihlutir með fatnaði
- 03.1.4. Hreinsun, viðgerðir og leiga á fatnaði
 - 03.1.4.1. Hreinsun á fatnaði
 - 03.1.4.2. Viðgerðir og leiga á fatnaði
- 03.2. Skófatnaður
 - 03.2.1. Skór og annar skófatnaður
 - 03.2.1.1. Skófatnaður fyrir karla
 - 03.2.1.2. Skófatnaður fyrir konur
 - 03.2.1.3. Skófatnaður fyrir ungbörn og börn
 - 03.2.2. Viðgerðir og leiga á skófatnaði
 - 03.2.2.0. Viðgerðir og leiga á skófatnaði
- 04. HÚSNÆÐI, VATN, RAFMAGN, GAS OG ANNAÐ ELDSNEYTI
 - 04.1. Raunhúsaleiga
 - 04.1.1. Raunhúsaleiga sem leigutakar greiða
 - 04.1.1.0. Raunhúsaleiga sem leigutakar greiða
 - 04.1.2. Önnur raunhúsaleiga
 - 04.1.2.1. Raunhúsaleiga sem leigutakar greiða fyrir aukahúsnæði
 - 04.1.2.2. Leiga á bílskúr og önnur leiga sem leigutakar greiða
 - 04.2. Áætluð húsaleiga
 - 04.2.1. Áætluð húsaleiga íbúa í eigin húsnæði
 - 04.2.1.0. Áætluð húsaleiga íbúa í eigin húsnæði
 - 04.2.2. Önnur áætluð húsaleiga
 - 04.2.2.0. Önnur áætluð húsaleiga
 - 04.3. Viðhald og viðgerðir á húsnæði
 - 04.3.1. Efni til viðhalds og viðgerða á húsnæði
 - 04.3.1.0. Efni til viðhalds og viðgerða á húsnæði
 - 04.3.2. Þjónusta fyrir viðhald og viðgerðir á húsnæði
 - 04.3.2.1. Þjónusta pípulagningamanna
 - 04.3.2.2. Þjónusta rafvirkja
 - 04.3.2.3. Viðhaldsþjónusta á hitakerfi
 - 04.3.2.4. Þjónusta málara

- 04.3.2.5. Þjónusta smiða
- 04.3.2.9. Önnur þjónusta til viðhalds og viðgerða á húsnæði
- 04.4. Vatnsveita og ýmiss konar þjónusta vegna húsnæðis
 - 04.4.1. Vatnsveita
 - 04.4.1.0. Vatnsveita
 - 04.4.2. Sorphirða
 - 04.4.2.0. Sorphirða
 - 04.4.3. Fráveituþjónusta
 - 04.4.3.0. Fráveituþjónusta
 - 04.4.4. Önnur þjónusta vegna húsnæðis ót.a
 - 04.4.4.1. Kostnaður við viðhald í fjölbýlishúsum
 - 04.4.4.2. Öryggisþjónusta
 - 04.4.4.9. Önnur þjónusta tengd búsetu
- 04.5. Rafmagn, gas og annað eldsneyti
 - 04.5.1. Rafmagn
 - 04.5.1.0. Rafmagn
 - 04.5.2. Gas
 - 04.5.2.1. Jarðgas og veitugas
 - 04.5.2.2. Fljótandi vetniskolefni (bútan, própán, o.s.frv.)
 - 04.5.3. Fljótandi eldsneyti
 - 04.5.3.0. Fljótandi eldsneyti
 - 04.5.4. Eldsneyti í föstu formi
 - 04.5.4.1. Kol
 - 04.5.4.9. Annað eldsneyti í föstu formi
 - 04.5.5. Varmaorka
 - 04.5.5.0. Varmaorka
- 05. HÚSBÚNAÐUR, HEIMILISTÆKI OG REGLUBUNDIÐ VIÐHALD Á HEIMILINU
 - 05.1. Húsgögn og húsbúnaður, teppi og önnur gólfklæðning
 - 05.1.1. Húsgögn og húsbúnaður
 - 05.1.1.1. Heimilishúsgögn
 - 05.1.1.2. Garðhúsgögn
 - 05.1.1.3. Ljósabúnaður
 - 05.1.1.9. Önnur húsgögn og húsbúnaður
 - 05.1.2. Teppi og önnur gólfklæðning

- 05.1.2.1. Gólfteppi og mottur
- 05.1.2.2. Önnur gólfefni
- 05.1.2.3. Þjónusta við að leggja föst teppi og gólfefni
- 05.1.3. Viðgerðir á húsgögnum, húsbúnaði og gólfefnum
- 05.1.3.0. Viðgerðir á húsgögnum, húsbúnaði og gólfefnum
- 05.2. Textílvörur til heimilisnota
- 05.2.0. Textílvörur til heimilisnota
- 05.2.0.1. Áklæði og gluggatjöld
- 05.2.0.2. Sængurlín
- 05.2.0.3. Borð- og baðlín
- 05.2.0.4. Viðgerðir á textílefni til heimilisnota
- 05.2.0.9. Annað textílefni
- 05.3. Heimilistæki
- 05.3.1. Stærri heimilistæki, rafknúin eða órafknúin
- 05.3.1.1. Kæliskápar, frystar og blandaðir kæli- og frystiskápar
- 05.3.1.2. Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar
- 05.3.1.3. Eldavélar
- 05.3.1.4. Hitarar, loftræstisamstæður
- 05.3.1.5. Hreingerningarbúnaður
- 05.3.1.9. Önnur stærri heimilistæki
- 05.3.2. Minni rafknúin heimilistæki
- 05.3.2.1. Matvinnslutæki
- 05.3.2.2. Kaffivélar, tevélar og svipuð tæki
- 05.3.2.3. Járnvörur
- 05.3.2.4. Brauðristar og grill
- 05.3.2.9. Önnur minni rafknúin heimilistæki
- 05.3.3. Viðgerðir á heimilistækjum
- 05.3.3.0. Viðgerðir á heimilistækjum
- 05.4. Glervörur, borðbúnaður og búsaðhöld
- 05.4.0. Glervörur, borðbúnaður og búsaðhöld
- 05.4.0.1. Glervörur, kristalsvörur, leirvörur og postulín
- 05.4.0.2. Hnífapör, borðbúnaður og silfurborðbúnaður
- 05.4.0.3. Órafknúin búsa- og eldhúsaðhöld
- 05.4.0.4. Viðgerðir á glervörum, borðbúnaði og búsaðhöldum

- 05.5. Verkfæri og búnaður fyrir hús og garða
 - 05.5.1. Stærri verkfæri og búnaður
 - 05.5.1.1. Vélknúin stærri verkfæri og búnaður
 - 05.5.1.2. Viðgerðir, eignarleiga og leiga á stærri tækjum og búnaði
 - 05.5.2. Smærri verkfæri og ýmsir fylgihlutir
 - 05.5.2.1. Órafknúin smærri verkfæri
 - 05.5.2.2. Ýmsir fylgihlutir smærri verkfæra
 - 05.5.2.3. Viðgerðir á órafknúnum smærri verkfærum og ýmsum fylgihlutum
- 05.6. Vörur og þjónusta vegna reglubundins viðhalds á heimili
 - 05.6.1. Vörur til heimilishalds sem eru ekki varanlegar
 - 05.6.1.1. Hreingerninga- og viðhaldsvörur
 - 05.6.1.2. Aðrar vörur til heimilishalds sem eru ekki varanlegar og smærri búsaðhöld
 - 05.6.2. Heimilisaðstoð og önnur þjónusta fyrir heimili
 - 05.6.2.1. Heimilisaðstoð launaðs starfsfólks
 - 05.6.2.2. Hreingerningaþjónusta
 - 05.6.2.3. Leiga á húsgögnum og húsbúnaði
 - 05.6.2.9. Önnur heimilisaðstoð og þjónusta fyrir heimili
- 06. HEILSUGÆSLA
 - 06.1. Lækningavörur, -tæki og -búnaður
 - 06.1.1. Lyf
 - 06.1.1.0. Lyf
 - 06.1.2. Aðrar lækningavörur
 - 06.1.2.1. Þungunarpróf og rafknúinn getnaðarvarnarbúnaður
 - 06.1.2.9. Aðrar lækningavörur, ót. a.
 - 06.1.3. Meðferðartæki og -búnaður
 - 06.1.3.1. Sjóngler og snertilinsur
 - 06.1.3.2. Heyrnartæki
 - 06.1.3.3. Viðgerðir á meðferðartækjum og -búnaði
 - 06.1.3.9. Önnur meðferðartæki og -búnaður
 - 06.2. Þjónusta við sjúklinga á göngudeild
 - 06.2.1. Læknisþjónusta
 - 06.2.1.1. Þjónusta heimilislækna
 - 06.2.1.2. Þjónusta sérfræðilækna
 - 06.2.2. Tannlæknaþjónusta
 - 06.2.2.0. Tannlæknaþjónusta

- 06.2.3. Heilbrigðisþjónusta, önnur en lækningar
- 06.2.3.1. Þjónusta sem rannsóknarstofur í læknisfræði og röntgenrannsóknarstofur veita
- 06.2.3.2. Heilsulindir, sjúkraleikfimi, sjúkraflutningaþjónusta og skammtímaleiga á meðferðarbúnaði
- 06.2.3.9. Önnur heilbrigðisþjónusta, önnur en lækningar
- 06.3. Þjónusta á sjúkrahúsum
- 06.3.0. Þjónusta á sjúkrahúsum
- 06.3.0.0. Þjónusta á sjúkrahúsum
- 07. FLUTNINGAR
- 07.1. Kaup á ökutækjum
- 07.1.1. Bifreiðar
- 07.1.1.1. Nýjar bifreiðar
- 07.1.1.2. Notaðar bifreiðar
- 07.1.2. Bifhjól
- 07.1.2.0. Bifhjól
- 07.1.3. Reiðhjól
- 07.1.3.0. Reiðhjól
- 07.1.4. Ökutæki sem dráttardýrum er beitt fyrir
- 07.1.4.0. Ökutæki sem dráttardýrum er beitt fyrir
- 07.2. Rekstur einkasamgöngutækja
- 07.2.1. Varahlutir og fylgihlutir fyrir einkasamgöngutæki
- 07.2.1.1. Hjólbarðar
- 07.2.1.2. Varahlutir fyrir einkasamgöngutæki
- 07.2.1.3. Fylgihlutir einkasamgöngutækja
- 07.2.2. Eldsneyti og smurolía fyrir einkasamgöngutæki
- 07.2.2.1. Dísilolía
- 07.2.2.2. Bensín
- 07.2.2.3. Annað eldsneyti fyrir einkasamgöngutæki
- 07.2.2.4. Smurolía
- 07.2.3. Viðhald og viðgerðir á einkasamgöngutækjum
- 07.2.3.0. Viðhald og viðgerðir á einkasamgöngutækjum
- 07.2.4. Önnur þjónusta tengd einkasamgöngutækjum
- 07.2.4.1. Skammtímaleiga á bílskúrum, bílastæðum og einkasamgöngutækjum
- 07.2.4.2. Aðstaða vegna vegatolla og stöðumælar
- 07.2.4.3. Ökukennsla, ökuþróf, skírteini og þrófun á aksturshæfni

- 07.3. Flutningaþjónusta
 - 07.3.1. Farþegaflutningar með járnbrautum
 - 07.3.1.1. Farþegaflutningar með járnbrautum
 - 07.3.1.2. Farþegaflutningar með jarðlestum og sporvögnum
 - 07.3.2. Farþegaflutningar á vegum
 - 07.3.2.1. Farþegaflutningar með hóp bifreiðum
 - 07.3.2.2. Farþegaflutningar með leigubílum og leigðum bifreiðum með ökumanni
 - 07.3.3. Farþegaflutningar í lofti
 - 07.3.3.1. Innanlandsflug
 - 07.3.3.2. Millilandaflug
 - 07.3.4. Farþegaflutningar á sjó og skipgengum vatnaleiðum
 - 07.3.4.1. Farþegaflutningar á sjó
 - 07.3.4.2. Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum
 - 07.3.5. Samsettir farþegaflutningar
 - 07.3.5.0. Samsettir farþegaflutningar
 - 07.3.6. Önnur aðkeypt flutningaþjónusta
 - 07.3.6.1. Togbrautir, kláfar og stólalyftuflutningar
 - 07.3.6.2. Þjónusta á sviði brottflutninga og geymslu
 - 07.3.6.9. Önnur aðkeypt flutningaþjónusta, ót. a.
- 08. FJARSKIPTI
 - 08.1. Póstþjónusta
 - 08.1.0. Póstþjónusta
 - 08.1.0.1. Póstafgreiðsluþjónusta
 - 08.1.0.9. Önnur pósthjónusta
 - 08.2. Síma- og bréfasímabúnaður
 - 08.2.0. Síma- og bréfasímabúnaður
 - 08.2.0.1. Fastur símabúnaður
 - 08.2.0.2. Færanlegur símabúnaður
 - 08.2.0.3. Annar síma- og bréfasímabúnaður
 - 08.2.0.4. Viðgerðir á síma- og bréfasímabúnaði
 - 08.3. Síma- og bréfasímaþjónusta
 - 08.3.0. Síma- og bréfasímaþjónusta
 - 08.3.0.1. Símaþjónusta um streng
 - 08.3.0.2. Þráðlaus símaþjónusta
 - 08.3.0.3. Þjónusta til að veita aðgang að Netinu

- 08.3.0.4. Pakkafjarskiptaþjónusta
- 08.3.0.5. Önnur upplýsingafjarskiptaþjónusta
- 09. TÓMSTUNDIR OG MENNING
- 09.1. Hljóð- og myndbúnaður, ljósmyndunar- og upplýsingavinnslubúnaður
 - 09.1.1. Búnaður til viðtöku, upptöku og flutnings á hljóði og mynd
 - 09.1.1.1. Búnaður til viðtöku, upptöku og flutnings á hljóði
 - 09.1.1.2. Búnaður til viðtöku, upptöku og flutnings á hljóði og mynd
 - 09.1.1.3. Færanlegur hljóð- og myndbúnaður
 - 09.1.1.9. Annar búnaður til viðtöku, upptöku og flutnings á hljóði og mynd
 - 09.1.2. Ljósmynda- og kvikmyndabúnaður og sjóntæki
 - 09.1.2.1. Myndavélar
 - 09.1.2.2. Fylgihlutir með ljósmynda- og kvikmyndabúnaði
 - 09.1.2.3. Sjóntæki
 - 09.1.3. Upplýsingavinnslubúnaður
 - 09.1.3.1. Einkatölvur
 - 09.1.3.2. Fylgihlutir fyrir upplýsingavinnslubúnað
 - 09.1.3.3. Hugbúnaður
 - 09.1.3.4. Reiknivélar og aðrar upplýsingavinnsluvélar
 - 09.1.4. Upptökumiðlar
 - 09.1.4.1. Áteknir upptökumiðlar
 - 09.1.4.2. Óáteknir upptökumiðlar
 - 09.1.4.9. Aðrir upptökumiðlar
 - 09.1.5. Viðgerðir á hljóð- og myndbúnaði, ljósmyndunar- og upplýsingavinnslubúnaði
 - 09.1.5.0. Viðgerðir á hljóð- og myndbúnaði, ljósmyndunar- og upplýsingavinnslubúnaði
- 09.2. Aðrar stærri varanlegar neysluvörur til tómsundaiðkunar og menningarstarfs
 - 09.2.1. Stærri varanlegar neysluvörur til tómsundaiðkunar utandyra
 - 09.2.1.1. Húsbílar, hjólhýsi og eftirvagnar
 - 09.2.1.2. Flugvélar, fis, svifflugur, svifdrekar og loftbelgir
 - 09.2.1.3. Bátar, utanborðsvélar og breytingar á bátum
 - 09.2.1.4. Hestar, smáhestar og fylgihlutir
 - 09.2.1.5. Stærri hlutir fyrir leiki og íþróttir
 - 09.2.2. Hljóðfæri og stærri varanlegar neysluvörur til tómsundaiðkunar innandyra
 - 09.2.2.1. Hljóðfæri
 - 09.2.2.2. Stærri varanlegar neysluvörur til tómsundaiðkunar innandyra
 - 09.2.3. Viðhald og viðgerðir á öðrum stórum, varanlegum neysluvörum til tómsundaiðkunar og menningarstarfs
 - 09.2.3.0. Viðhald og viðgerðir á öðrum stórum, varanlegum neysluvörum til tómsundaiðkunar og menningarstarfs
- 09.3. Aðrir hlutir og búnaður fyrir tómsundaiðkun, garða og gæludýr

- 09.3.1. Spil, leikföng og tómstundabúnaður
 - 09.3.1.1. Spil og tómstundabúnaður
 - 09.3.1.2. Leikföng og veisluhlutir
- 09.3.2. Íþróttavörur, viðlegubúnaður og útivistarbúnaður
 - 09.3.2.1. Íþróttavörur
 - 09.3.2.2. Viðlegubúnaður og útivistarbúnaður
 - 09.3.2.3. Viðgerðir á íþróttavörum, viðlegubúnaði og útivistarbúnaði
- 09.3.3. Garðar, plöntur og blóm
 - 09.3.3.1. Garðvörur
 - 09.3.3.2. Plöntur og blóm
- 09.3.4. Gæludýr og skyldar vörur
 - 09.3.4.1. Kaup á gæludýrum
 - 09.3.4.2. Vörur fyrir gæludýr
- 09.3.5. Dýralæknaþjónusta og önnur þjónusta fyrir gæludýr
 - 09.3.5.0. Dýralæknaþjónusta og önnur þjónusta fyrir gæludýr
- 09.4. Þjónusta í tengslum við tómstundaíðkun og menningarstarf
 - 09.4.1. Þjónusta í tengslum við tómstunda- og íþróttaiðkun
 - 09.4.1.1. Þjónusta í tengslum við tómstunda- og íþróttaiðkun — viðvera
 - 09.4.1.2. Þjónusta í tengslum við tómstunda- og íþróttaiðkun — þátttaka
 - 09.4.2. Þjónusta í tengslum við menningarstarf
 - 09.4.2.1. Kvikmyndahús, leikhús og tónleikasalir
 - 09.4.2.2. Söfn, bókasöfn, dýragarðar
 - 09.4.2.3. Iðgjöld sjónvarps og útvarps, áskrift
 - 09.4.2.4. Leiga búnaðar og fylgihluta til menningarmála
 - 09.4.2.5. Ljósmyndaþjónusta
 - 09.4.2.9. Önnur þjónusta í tengslum við menningarstarf
- 09.4.3. Happdrætti
 - 09.4.3.0. Happdrætti
- 09.5. Dagblöð, bækur og ritföng
 - 09.5.1. Bækur
 - 09.5.1.1. Skáldrit
 - 09.5.1.2. Kennslubækur
 - 09.5.1.3. Önnur rit sem ekki eru skáldrit
 - 09.5.1.4. Bókbandsþjónusta og niðurhal rafbóka
 - 09.5.2. Dagblöð og tímarit
 - 09.5.2.1. Dagblöð

- 09.5.2.2. Blöð og tímarit
- 09.5.3. Ýmiss konar prentað efni
- 09.5.3.0. Ýmiss konar prentað efni
- 09.5.4. Ritföng og teiknivörur
- 09.5.4.1. Pappírsframleiðsla
- 09.5.4.9. Önnur ritföng og teiknivörur
- 09.6. Pakkaferðir
- 09.6.0. Pakkaferðir
- 09.6.0.1. Pakkaferðir innanlands
- 09.6.0.2. Pakkaferðir utanlands
- 10. FRÆDSLUSTARFSEMI
- 10.1. Menntun á forskóla- og grunnskólastigi
- 10.1.0. Menntun á forskóla- og grunnskólastigi
- 10.1.0.1. Menntun á forskólastigi (ISCED-97, stig 0)
- 10.1.0.2. Menntun á grunnskólastigi (ISCED-97, stig 1)
- 10.2. Menntun á framhaldsskólastigi
- 10.2.0. Menntun á framhaldsskólastigi
- 10.2.0.0. Menntun á framhaldsskólastigi
- 10.3. Menntun á viðbótarstigi
- 10.3.0. Menntun á viðbótarstigi
- 10.3.0.0. Menntun á viðbótarstigi (ISCED-97 stig 4)
- 10.4. Menntun á háskólastigi
- 10.4.0. Menntun á háskólastigi
- 10.4.0.0. Menntun á háskólastigi
- 10.5. Menntun sem ekki er hægt að flokka eftir stigum
- 10.5.0. Menntun sem ekki er hægt að flokka eftir stigum
- 10.5.0.0. Menntun sem ekki er hægt að flokka eftir stigum
- 11. VEITINGAHÚS OG GISTIHÚS
- 11.1. Veitingaþjónusta
- 11.1.1. Veitingahús, kaffihús o.þ.h.
- 11.1.1.1. Veitingahús, kaffihús og dansstaðir
- 11.1.1.2. Matsölustaðir sem selja skyndibita og sótt fæði
- 11.1.2. Mötuneyti
- 11.1.2.0. Mötuneyti

- 11.2. Gistiþjónusta
- 11.2.0. Gistiþjónusta
- 11.2.0.1. Hótel, vegahótel, hvíldarstaðir og svipuð gistiþjónusta
- 11.2.0.2. Orlofsmiðstöðvar, tjaldstæði, farfuglaheimili og svipuð gistiþjónusta
- 11.2.0.3. Gistiþjónusta annarra fyrirtækja
- 12. ÝMSAR VÖRUR OG ÞJÓNUSTA
- 12.1. Persónuleg umhirða
- 12.1.1. Hárgreiðslustofur og snyrtistofur
- 12.1.1.1. Hárgreiðsla fyrir karla og börn
- 12.1.1.2. Hárgreiðsla fyrir konur
- 12.1.1.3. Snyrtiþjónusta
- 12.1.2. Rafknúin tæki til persónulegrar umhirðu
- 12.1.2.1. Rafknúin tæki til persónulegrar umhirðu
- 12.1.2.2. Viðgerðir á rafknúnum tækjum til persónulegrar umhirðu
- 12.1.3. Önnur tæki og vörur til persónulegrar umhirðu
- 12.1.3.1. Órafknúin tæki
- 12.1.3.2. Hlutir til hreinlætisnota og vellíðunar, heimullegar vörur og februnavörur
- 12.2. Vændi
- 12.2.0. Vændi
- 12.2.0.0. Vændi
- 12.3. Persónulegir munir, ót.a.
- 12.3.1. Skartgripir, klukkur og úr
- 12.3.1.1. Skartgripir
- 12.3.1.2. Klukkur og úr
- 12.3.1.3. Viðgerðir á skartgripum, klukkum og úrum
- 12.3.2. Aðrir persónulegir munir
- 12.3.2.1. Ferðavörur
- 12.3.2.2. Barnavörur
- 12.3.2.3. Viðgerðir á öðrum persónulegum munum
- 12.3.2.9. Aðrir persónulegir munir ót. a.
- 12.4. Félagsleg vernd
- 12.4.0. Félagsleg vernd
- 12.4.0.1. Dagvistun barna
- 12.4.0.2. Elliheimili fyrir eldri borgara og íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga
- 12.4.0.3. Þjónusta sem stuðlar að því að fólk geti búið áfram á eigin heimilum
- 12.4.0.4. Ráðgjöf
- 12.5. Vátryggingar

- 12.5.1. Líffryggingar
 - 12.5.1.0. Líffryggingar
 - 12.5.2. Vátryggingar sem tengjast íbúðinni
 - 12.5.2.0. Vátryggingar sem tengjast íbúðinni
 - 12.5.3. Vátryggingar sem tengjast heilsufari
 - 12.5.3.1. Almannatryggingar sem tengjast heilsufari
 - 12.5.3.2. Einkareknar vátryggingar sem tengjast heilsufari
 - 12.5.4. Vátryggingar sem tengjast flutningum
 - 12.5.4.1. Ökutækjatryggingar
 - 12.5.4.2. Ferðatryggingar
 - 12.5.5. Aðrar vátryggingar
 - 12.5.5.0. Aðrar vátryggingar
 - 12.6. Fjármálaþjónusta, ót.a.
 - 12.6.1. Óbeint mæld fjármálaþjónusta
 - 12.6.1.0. Óbeint mæld fjármálaþjónusta
 - 12.6.2. Önnur fjármálaþjónusta, ót.a.
 - 12.6.2.1. Gjöld til banka og pósthúsa
 - 12.6.2.2. Þóknarir og þjónustugjöld miðlara og fjárfestingaráðgjafa
 - 12.7. Önnur þjónusta, ót.a.
 - 12.7.0. Önnur þjónusta, ót.a.
 - 12.7.0.1. Umsýslugjöld
 - 12.7.0.2. Lögfræðiþjónusta og bókhald
 - 12.7.0.3. Útfararþjónusta
 - 12.7.0.4. Önnur gjöld og þjónusta
-

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 2494/95	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
a-liður 2. gr.	6. liður 2. gr.
b-liður 2. gr.	—
c-liður 2. gr.	—
3. gr.	3. og 10. mgr. 3. gr.
4. gr.	1., 2. og 4. mgr. 4. gr.
b-liður 1. mgr. 5. gr.	5. og 6. mgr. 5. gr.
3. mgr. 5. gr.	4. mgr. 4. gr.
6. gr.	1. og 2. mgr. 5. gr.
7. gr.	3. mgr. 5. gr.
8. gr.	1., 3. og 4. mgr. 6. gr.
9. gr.	1., 2. og 6. mgr. 3. gr.
10. gr.	1. mgr. 7. gr.
11. gr.	—
12. gr.	2. mgr. 9. gr.
13. gr.	—
14. gr.	11. gr.
15. gr.	—
16. gr.	13. gr.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) 2015/1348**2018/EES/14/33**

frá 3. ágúst 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 773/2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna, sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans ⁽¹⁾, einkum 33. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina 19. júní 2015,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur m.a. varðandi rannsóknir sem framkvæmdastjórnin tekst á hendur og aðgang að málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar.
- 2) Samráð er samkomulag eða samstilltar aðgerðir tveggja eða fleiri samkeppnisaðila sem hafa það að markmiði að samræma samkeppnishæðun sína á markaðinum eða hafa áhrif á viðkomandi samkeppnishætti með aðferðum á borð við að festa eða samræma kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör, úthlutun á framleiðslu- eða sölukvóta, skiptingu markaða og viðskiptavina, þ.m.t. fölsun á kauptilboðum, takmörkun á inn- og útlutningi og samkeppnishamlandi aðgerðir gegn öðrum samkeppnisaðilum. Slíkt framferði er á meðal alvarlegustu brota á 101. gr. sáttmálans.
- 3) Það felst í eðli leynilegs samráðs að oft er erfitt að greina og rannsaka án þess að hafa samstarf við fyrirtæki eða aðila sem eru viðriðnir það. Þess vegna telur framkvæmdastjórnin að það sé í þágu Sambandsins að umbuna þeim fyrirtækjum sem taka þátt í ólöglegum starfsháttum af þessu tagi og eru reiðubúin að gangast við og hætta þátttöku sinni og vinna með framkvæmdastjórninni að rannsókn hennar, óháð öðrum fyrirtækjum sem koma að samráðinu. Hagsmunir neytenda af því að koma upp um leynilegt samráð og refsar fyrir það vega þyngra en hagsmunir af því að leggja sektir, sem svara til ólöglegrar háttsemi þeirra, á þau fyrirtæki sem gera framkvæmdastjórninni kleift að koma upp um og banna slíkar aðgerðir. Í þessu skyni hefur framkvæmdastjórnin unnið að áætlun um niðurfellingu eða lækkun sekta frá árinu 1996. Í áætlun sinni um niðurfellingu eða lækkun sekta setur framkvæmdastjórnin skilyrði en samkvæmt þeim getur hún umbunað fyrirtækjum fyrir samstarf þeirra í rannsókn framkvæmdastjórnarinnar. Áætlunin um niðurfellingu eða lækkun sekta hefur einnig reynst árangursrík leið fyrir framkvæmdastjórnina til að afhjúpa og refsar mörgum leynilegum samráðshringjum. Þess utan virkar áætlunin um niðurfellingu eða lækkun sekta einnig hamlandi gagnvart samráði með því að stuðla að afhjúpun fleiri brota og gera opinbera framkvæmd skilvirkari og að síðustu er með henni fenginn grundvöllur þar sem tjónþolar geta krafist skaðabóta vegna tjóns sem hlotist hefur af þessum brotum.
- 4) Fyrirtæki geta, að eigin frumkvæði og innan samstarfsrammans, afhent framkvæmdastjórninni yfirlýsingar fyrirtækis um niðurfellingu eða lækkun sekta, þar á meðal geta verið yfirlýsingar núverandi og/eða fyrrverandi starfsmanna og fulltrúa fyrirtækisins. Á hinn bóginn getur það haldið aftur af fyrirtækjum að starfa með framkvæmdastjórninni ef slíkt gæti haft í för með sér neikvæðar afleiðingar að því er varðar stöðu þeirra í einkamálum.
- 5) Aðilar að málum til meðferðar fyrir framkvæmdastjórninni og einnig þriðju aðilar, s.s. kærendur og aðrir hagsmunaaðilar, geta fengið vissar upplýsingar úr málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 773/2004.
- 6) Upplýsingar, sem fengist hafa samkvæmt reglugerð (EB) nr. 773/2004, má nota í dóms- eða stjórnisýslumálum vegna beitingar 101. og 102. gr. sáttmálans. Hins vegar ætti ekki að vera unnt að nota slíkar upplýsingar í málsmeðferð fyrir landsdómstólum ef það gæti haft ótilhlýðileg áhrif á skilvirkni í framfylgd framkvæmdastjórnarinnar á 101. og 102. gr. sáttmálans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 208, 5.8.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, biður birtingar

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18). Reglugerð eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1792/2006 (Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1) og með reglugerð (EB) nr. 622/2008 (Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 3)

- 7) Til að tryggja að fyrirtæki verði ekki lött til að viðurkenna af sjálfsdáðum að hafa tekið þátt í að brjóta samkeppnislög Sambandsins í tengslum við áætlun framkvæmdastjórnarinnar um niðurfellingu eða lækkuð sekta eða sáttameðferð verður öðrum aðilum því aðeins veittur aðgangur að slíkri viðurkenningu með aðgangi að málskjölunum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 773/2004 vegna þess að þeir hyggjast neyta réttar síns til varna í málsmeðferðinni fyrir framkvæmdastjórninni. Einungis er heimilt að nota þessar upplýsingar við endurskoðun máls fyrir dómstólum í Evrópusambandinu eða fyrir landsdómstólum í tilvikum sem tengjast málinu beint og aðgangur hefur verið veittur og snertir annaðhvort skiptingu sektar milli þátttakenda í samráði eða rannsókn á ákvörðun á broti sem samkeppnisfyrirvald ríkis hefur samþykkt.
- 8) Þess utan ætti notkun upplýsinga, sem fengnar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 773/2004, í málum fyrir landsdómstólum, ekki að trufla ótilhlýðilega yfirstandandi rannsókn framkvæmdastjórnarinnar á broti á samkeppnislögum Sambandsins. Ef framkvæmdastjórnin vann slíkar upplýsingar meðan málsmeðferð um framfylgd samkeppnislaga Sambandsins stóð yfir (s.s. yfirlýsing um andmæli) eða aðili að þessari málsmeðferð (s.s. svör við beiðnum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar) ætti tiltekinn aðili ekki að geta notað þessar upplýsingar í málsmeðferð fyrir landsdómstólum fyrr en framkvæmdastjórnin hefur lokið málsmeðferð gegn öllum aðilum, sem sæta rannsókn, með samþykkt ákvörðunar skv. 7., 9. eða 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 eða hún hefur með öðrum hætti bundið enda á stjórnáskilum sína.
- 9) Reglur samkvæmt þessari reglugerð sem gilda um meðferð yfirlýsinga fyrirtækja um niðurfellingu eða lækkuð sekta ættu einnig að ná yfir tilvik þegar samkeppnisyfirlýsingar í aðildarríkjunum senda framkvæmdastjórninni yfirlýsingar um niðurfellingu eða lækkuð sekta og sáttatillögur, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ⁽¹⁾ 2014/104/ESB um skaðabótamál vegna auðhringjavarna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003.
- 10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 773/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 773/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 4. gr. a bætist við:

„4. gr. a

Reglur framkvæmdastjórnarinnar um niðurfellingu eða lækkuð sekta

1. Framkvæmdastjórnin getur sett skilyrði um kröfur og samstarf sem gilda um umbun hennar til fyrirtækja, sem eru eða hafa verið aðilar að leynilegu samráði, fyrir samvinnu þeirra við að upplýsa um samráðið og stuðla að því að sanna brotið, með undanþágu frá sektum eða lækkuð sekta, sem annars yrðu lagðar á skv. 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 (áætlun framkvæmdastjórnarinnar um niðurfellingu eða lækkuð sekta).

Veita má því fyrirtæki undanþágu frá sektum, sem fyrst leggur til sönnunargögn, sem, að mati framkvæmdastjórnarinnar, gæti gert henni kleift að framkvæma markvissa rannsókn eða að finna brot á 101. gr. sáttmálsins í tengslum við meint samráð. Heimilt er að lækka sektir þeirra fyrirtækja sem láta framkvæmdastjórninni í té sönnunargögn um meint brot sem fela í sér verulegt aukið vægi að því er varðar þau sönnunargögn sem framkvæmdastjórnin hefur þegar undir höndum.

Framkvæmdastjórnin mun því aðeins veita undanþágu frá sektum eða lækkuð sekta á þeim samkvæmt reglum um niðurfellingu eða lækkuð sekta ef, við lok stjórnáskilum þeirrar, fyrirtækið uppfyllir þau skilyrði um kröfur og samstarf sem sett eru fram í reglum um niðurfellingu og lækkuð sekta. Þau geta m.a. tekið til þess háttar upplýsinga og sönnunargagna, sem fyrirtækin eru krafín um að leggja fram, og frekara samstarfs sem vænst er af fyrirtækjum meðan á stjórnáskilum þeirri stendur.

2. Til að uppfylla hæfi um undanþágu frá sekt, sem annars yrði lögð á, eða lækkuð hennar skal fyrirtækjum í sjálfsveld sett að kynna vitneskju sína um leynilegt samráð fyrir framkvæmdastjórninni og þátt sinn í því, en þau geta einnig sjálfviljug kynnt fyrir henni vitneskju sína um fyrrverandi eða núverandi starfsmenn eða fulltrúa fyrirtækisins (yfirlýsingar fyrirtækis um niðurfellingu eða lækkuð sekta). Slíkar yfirlýsingar fyrirtækis um niðurfellingu eða lækkuð sekta skal semja sérstaklega til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina í því skyni að fá undanþágu frá sektum eða lækkuð á þeim í samræmi við reglur framkvæmdastjórnarinnar um niðurfellingu eða lækkuð sekta.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/104/ESB frá 26. nóvember 2014 um tilteknar reglur sem gilda um skaðabótamál samkvæmt landslögum vegna brota á ákvæðum samkeppnislaga aðildarríkjanna og Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 1)

3. Framkvæmdastjórnin mun bjóða aðilum viðeigandi úrræði til þess að leggja fram yfirlýsingar fyrirtækis um niðurfellingu eða lækkun sekta, önnur en að leggja þær fram skriflega, m.a. munnlega. Heimilt er að taka upp og skrá munnlegar yfirlýsingar fyrirtækis í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar. Fyrirtækinu skal veitt tækifæri til að fara yfir tæknilega nákvæmni upptökunnar á munnlegri yfirlýsingu þess í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar og að leiðrétta tafarlaust efni yfirlýsingarinnar ef nauðsyn krefur. Reglur í þessari reglugerð um yfirlýsingar fyrirtækis um niðurfellingu eða lækkun sekta skulu gilda um slíkar yfirlýsingar óháð því á hvaða miðli þær eru geymdar. Upplýsingar sem þegar eru til, þ.e. sönnunargögn, sem eru til óháð málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar, sem fyrirtæki leggur fyrir framkvæmdastjórnina í tengslum við beiðni sína um undanþágu frá sekt eða lækkun hennar, eru ekki hluti af yfirlýsingu fyrirtækis um niðurfellingu eða lækkun sekta.“

2) Í 8. gr. falli 2. mgr. brott,

3) Í stað þriðju undirgreinar í 2. mgr. 10. gr. a komi eftirfarandi:

„Ef sáttaviðræðunum miðar áfram getur framkvæmdastjórnin gefið málsaðilum frest til að skuldbinda sig til að fylgja sáttameðferðinni með því að leggja fram sáttatillögur sem endurspeglar sáttaviðræðurnar og þar sem þeir viðurkenna að hafa tekið þátt í broti gegn 101. gr. sáttmálans og gangast við ábyrgð sinni. Viðkomandi fyrirtæki skulu sérstaklega taka saman þessar sáttatillögur sem formlega beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að samþykkja ákvörðun í máli þeirra í samræmi við sáttameðferðina. Áður en framkvæmdastjórnin ákvarðar frest til að leggja fram sáttatillögur skulu hlutaðeigandi málsaðilar eiga rétt á því að fá tímanlega þær upplýsingar, sem eru tilgreindar í fyrstu undirgrein, ef þeir óska þess. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til sáttatillagna sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.“

Framkvæmdastjórnin mun bjóða aðilum viðeigandi úrræði til leggja fram sáttatillögur með öðrum hætti en skriflega, þ.m.t. munnlega. Heimilt er að taka upp og skrá munnlegar sáttatillögur í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar. Fyrirtækinu skal veitt tækifæri til að fara yfir tæknilega nákvæmni upptökunnar á efni sem er lagt fram munnlega í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar og að leiðrétta tafarlaust viðkomandi efni ef nauðsyn krefur. Reglur í þessari reglugerð um sáttatillögur skulu gilda um sáttatillögur óháð því á hvaða miðli þær eru geymdar.“

4) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi

„15. gr.“

Aðgangur að málsskjölum

b) Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. a:

„1. mgr. a Eftir að málsmeðferð hefst, skv. 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, og í þeim tilgangi að gera málsaðilum kleift að leggja fram sáttatillögur skal framkvæmdastjórnin afhenda málsaðilum þau sönnunargögn og skjöl, sem lýst er í 2. mgr. 10. gr. a, að fenginni beiðni, og með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru í viðeigandi undirgreinum. Í ljósi þessa skulu málsaðilar, þegar þeir leggja fram sáttatillögur sínar, staðfesta við framkvæmdastjórnina að þeir fari aðeins fram á aðgang að málsskjölunum, skv. 1. mgr., eftir að hafa tekið við yfirlýsingu um andmæli, ef sú yfirlýsing endurspeglar ekki efni sáttatillagna þeirra. Ef sáttaviðræðum við einn eða fleiri aðila hefur verið hætt skal veita þeim aðila aðgang að málsskjölunum, skv. 1. mgr., þegar yfirlýsing um andmæli hefur verið borin fram gagnvart honum.“

c) Eftirfarandi 1. mgr. b bætist við:

„1. mgr. b Einungis skal veita aðgang, skv. 1. mgr. eða 1. mgr. a, að yfirlýsingu fyrirtækis um niðurfellingu eða lækkun sekta í skilningi 2. mgr. 4. gr. a eða sáttatillögu í skilningi 2. mgr. 10. gr. a í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar. Málsaðilar og fulltrúar þeirrar skulu ekki afrita yfirlýsingu fyrirtækisins um niðurfellingu eða lækkun skulda eða sáttatillögur með vélrænum eða rafrænum hætti.“

d) Ákvæði 4. mgr. falli brott,

5) Eftirfarandi VI. kafla a er bætt við á eftir 16. gr.:

„VI. KAFLI A

TAKMARKANIR Á NOTKUN UPPLÝSINGA SEM FENGNA ERU MEÐAN MÁLSMEÐFERÐ FYRIR FRAMKVÆMDASTJÓRNINNI STENDUR YFIR

16. gr. a

1. Upplýsingar, fengnar samkvæmt þessari reglugerð, skal einungis nota í dóms- eða stjórnslumálum vegna beitingar 101. og 102. gr. sáttmálans.

2. Einungis skal veita aðgang að yfirlýsingum fyrirtækis um niðurfellingu eða lækku sekta í skilningi 2. mgr. 4. gr. a eða að sáttatillögum í skilningi 2. mgr. 10. gr. a ef tilgangurinn er að neyta réttar síns til varna í málsmeðferð fyrir framkvæmdastjórninni. Þeim aðila, sem fengið hefur aðgang að málskjöllum, er einungis heimilt að nota upplýsingar, sem fengnar eru úr þessum yfirlýsingum og tillögum, ef þess reynist þörf til að neyta réttar síns til varna í dómsmáli:

a) fyrir dómstólum Evrópusambandsins, sem eru með ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar til endurskoðunar, eða

b) fyrir dómstólum í aðildarríkjunum í tilvikum sem tengjast málinu beint og veittur hefur verið aðgangur að og snertir:

i. skiptingu á sekt milli þátttakenda í samráðinu sem er lögð á þá óskipt af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða

ii. endurskoðun ákvörðunar sem samkeppnisyfirvald aðildarríkis hefur uppgötvað brot á skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Ekki skal nota eftirfarandi flokka upplýsinga, sem fengnar eru samkvæmt þessari reglugerð, við málsmeðferð fyrir landsdómstólum fyrr en framkvæmdastjórnin hefur lokið málsmeðferð gagnvart öllum aðilum sem til rannsóknar eru með samþykkt ákvörðunar, skv. 7., 9. eða 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 eða hún hefur lokið málsmeðferðinni með öðrum hætti:

a) upplýsingar, sem aðrir einstaklingar eða lögaðilar tóku saman sérstaklega fyrir málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar, og

b) upplýsingar sem framkvæmdastjórnin hefur unnið og sent málsaðilum meðan á málsmeðferðinni stóð.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1961****2018/EES/14/34****frá 2. ágúst 2017****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vínfraðilegar vinnsluaðferðir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. og g-lið 3. mgr. 75. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um leyfilegar vínfraðilegar vinnsluaðferðir í I. viðauka A við þá reglugerð. Alþjóðavinstofnunin hefur samþykkt 12 vínfraðilegar ályktanir sem voru teknar með í ákvörðun ráðsins frá 7. október 2016, þar á meðal tvær nýjar vínfraðilegar vinnsluaðferðir sem varða notkun á síuplötum sem innihalda seólítíð Y-faujasít til að ásoga halóanísól og meðhöndlun víns með kalíumfjölaspartati. Til þess að taka tækniframfarir til greina og gera framleiðendum innan Sambandsins kleift að nýta sér sömu möguleika og standa framleiðendum í þriðju löndum til boða ætti að leyfa þessar nýju vínfraðilegu vinnsluaðferðir í Sambandinu með þeim notkunarskilyrðum sem Alþjóðavinstofnunin hefur skilgreint.
- 2) Í samræmi við b-lið 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 verður framkvæmdastjórnin að taka tillit til heilsuverndar manna þegar hún leyfir vínfraðilegar vinnsluaðferðir fyrir vín. Notkun matvælaaukefna ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ⁽³⁾. Kalíumfjölaspartat var ekki tekið með í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem eru samþykkt til notkunar í matvæli, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008. Hins vegar var II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 breytt nýlega með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1399 ⁽⁴⁾ til að fella efnið inn í þessa skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni. Þess vegna er nú hægt að leyfa meðhöndlun víns með kalíumfjölaspartati í Sambandinu.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 606/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279, 28.10.2017, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfraðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1399 frá 28. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar kalíumfjölaspartat (Stjtið. ESB L 199, 29.7.2017, bls. 8).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 56. og 57. lína bætast við í töfluna:

	1	2	3
	Vínfræðileg vinnsluaðferð	Skilyrði fyrir notkun	Takmarkanir á notkun
„57	Notkun á síuplötum sem innihalda seólítið Y-faujasít til að ásoga halóanísól	Samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 23. viðbæti	
58	Meðhöndlun víns með kalíumfjölaspartati	Samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 24. viðbæti	Ekki meira en 10 g/hektólítra“

2) Eftirfarandi 23. og 24. viðbætur bætist við:

„23. viðbætur

Kröfur vegna notkunar á síuplötum sem innihalda seólítið Y-faujasít

Tilgangurinn með notkun síuplatna, sem innihalda seólítið Y-faujasít, til síunar er að draga úr styrk halóanísóla, sem valda aukabragði í vínunum, þannig að styrkurinn fari niður fyrir viðmiðunarmörk fyrir skynræn áhrif.

Forskriftir:

- Meðhöndluninni skal beitt á grugghreinsuð vín.
- Síuplötunarnar skulu hreinsaðar og sótthreinsaðar fyrir síun.
- Notkun á seólítinu Y-faujasíti skal vera í samræmi við forskriftirnar í alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni.

24. viðbætur

Kröfur vegna meðhöndlunar víns með kalíumfjölaspartati

Tilgangurinn með því að bæta kalíumfjölaspartati í vín er að stuðla að stöðgun víns með tilliti til vinsýrumagns.

Forskriftir:

- Kjörskammtur kalíumfjölaspartats, sem er notað til að stöðga vín, einnig þau sem eru mjög óstöðug m.t.t. vinsýrumagns, má ekki fara yfir 10 g/hektólítra. Notkun á stærri skömmtum af kalíumfjölaspartati eykur ekki stöðgunargetu þess og gæti í sumum tilvikum leitt til aukningar á gruggi í víninu.
- Að því er varðar rauðvín sem eru óstöðug m.t.t. gruggs er mælt með formeðhöndlun með bentóníti.
- Notkun á kalíumfjölaspartati verður að vera í samræmi við forskriftirnar í alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1261**2018/EES/14/35**

frá 12. júlí 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar staðgönguaðferð við vinnslu á tiltekinni bræddri fitu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum a-lið 11. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur til framkvæmdar á reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. reglur um samþykkt á öðrum vinnsluáðferðum.
- 2) Í kjölfar umsóknar frá lögbæru yfirvaldi í Finnlandi um leyfi fyrir annarri aðferð til að nota eða farga aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, eins og um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um notkun samfelldrar fjölþrepa hvataðrar vetnismeðhöndlunar til vinnslu á bræddri dýrafitu (1. flokkur) ⁽³⁾. Þessa aðferð er hægt að nota til að framleiða endurnýjanlega dísilolíu, endurnýjanlegt þotuelsneyti, endurnýjanlegt própan og endurnýjanlegt bensín. Matvælaöryggisstofnunin hefur metið þessa aðferð sem örugga staðgönguáðferð til vinnslu á bræddri dýrafitu í 1. flokki og tilgreina má vörurnar sem endapunktur í framleiðsluferlinu.
- 3) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 4) Afleiddar afurðir úr vinnslu á efnum í 1. og 2. flokki skulu merktar varanlega til að tryggja rekjanleika og til að koma í veg fyrir að þær fari inn í matvæla- og fóðurferlið. Í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur er varða merkingar þessara afleidda afurða. Í samræmi við e-lið 3. liðar V. kafla VIII. viðauka við þá reglugerð er þó ekki gerð krafa um merkingar á endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka við hana.
- 5) Þar eð fjölþrepa hvötuð vetnismeðhöndlun við vinnslu á bræddri dýrafitu (1. flokkur) dregur úr áhættu fyrir heilbrigði dýra og manna með jafn skilvirkum hætti og aðferðin sem sett er fram í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ætti hún einnig að vera undanþegin kröfum um merkingar með því að bæta tilvísun til þessarar aðferðar við í e-lið 3. liðar V. kafla VIII. viðauka við þá reglugerð.
- 6) Því ætti að breyta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 182, 13.7.2017, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjórnartíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjórnartíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4307.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 bætist eftirfarandi k-liður við:

- „k) endurnýjanlega dísilolífu, endurnýjanlegt þotuelsneyti, endurnýjanlegt própan og endurnýjanlegt bensín sem uppfylla sértæku kröfurnar fyrir afurðir úr fjölþrepa hvötuðu vetnismeðhöndluninni til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem settar eru fram í f-lið 2. liðar 3. þáttar IV. kafla IV. viðauka.“

2. gr.

Ákvæðum IV. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum IV. kafla IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar 1. liðar í 1. þætti komi eftirfarandi:

„d) endurnýjanlegt eldsneyti sem er framleitt úr bræddri fitu sem er fengin úr efni í 1. og 2. flokki í samræmi við J- og L-lið.“

b) Í 2. þætti bætist eftirfarandi L-liður við:

„L. Fjölþrepa hvötuð vetnismeðhöndlun til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir eftirfarandi efni:

- a) brædda fitu úr efni í 1. flokki sem hefur verið unnin með vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu),
- b) brædda fitu og fisklýsi sem eru í samræmi við a-lið 1-liðar í J-lið í þessum þætti.

2. Vinnsluaðferð

- a) Brædda fitan skal formeðhöndluð a.m.k. á þann hátt að upphafsefnið er bleikjað, þ.m.t. brædd fita, með sýru ásamt bleikileir og því næst eru notaði bleikileirinn og óleysanleg óhreinindi fjarlægð með síun.

Fyrir þessa meðhöndlun má afkvoða brædda fitu með sýru og/eða basískri lausn til að fjarlægja óhreinindi úr bræddu fitunni með því að mynda kvoðu og síðan aðskilja þessa kvoðu frá með skiljun.

- b) Formeðhöndlaða efnið skal sett í vetnismeðhöndlunarferli sem samanstendur af þrepi með hvataðri vetnismeðhöndlun, strípunarþrepi og síðan hverfingarþrepi.

Efnin skulu látin verða fyrir a.m.k. 30 bara þrýstingi við a.m.k. 265 °C í a.m.k. 20 mínútur.“

c) Í 2. lið 3. þáttar bætist eftirfarandi f-liður við:

„f) fjölþrepa hvataðri vetnismeðhöndlun til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti má:

- i. ef um er að ræða endurnýjanlega dísilolíu, endurnýjanlegt þotueldsneyti, endurnýjanlegt própan og endurnýjanlegt bensín sem verður til í því ferli, nota sem eldsneyti án takmarkana samkvæmt þessari reglugerð (endapunktur),

- ii. ef um er að ræða kvoðueðju og notaðan bleikileir úr formeðhöndlunarferlinu sem um getur í a-lið 2. liðar L-liðar 2. þáttar:

— farga í samræmi við a- eða b-lið 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

— farga með urðun á viðurkenndum urðunarstað,

— umbreyta í lífgas, að því tilskildu að meltunarleifum úr umbreytingu lífgass sé fargað með brennslu, sambrennslu eða urðun á viðurkenndum urðunarstað,

— nota í tæknilegum tilgangi sem um getur í i. lið a-liðar 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

2) Í stað e-liðar 3. liðar V. kafla VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„e) endurnýjanlegt eldsneyti framleitt úr bræddri fitu sem er fengin úr efni í 1. og 2. flokki, í samræmi við J- og L-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka.“

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1975****2018/EES/14/36****frá 7. ágúst 2017**

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum í ljósdíóðum með breytilegum litum til notkunar í skjákerfum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki kadmíum.
- 2) Með 39. lið í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er veitt undanþága frá banni við notkun kadmíums í ljósdíóðum með breytilegum litum til notkunar í lýsingar- og skjákerfum til 1. júlí 2014. Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þessari undanþágu fyrir 1. janúar 2013, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 3) Sýnt hefur verið fram á að ljóstvistar með breytilegum litum þar sem skammtadeplar eru notaðir séu hagkvæmir, samanborið við eldri tækni, að því er varðar orkunýtni og eiginleika lita. Heildarniðurstaðan er sú að notkun á skammtadeplum, sem innihalda kadmíum, í skjái hafi jákvæð áhrif vegna minni orkunotkunar þeirra, samanborið við aðra tiltæka tækni. Samanlögð neikvæð áhrif á umhverfis-, heilsu- og neytendavernd af völdum útskiptingar á skammtadeplum, sem innihalda kadmíum, í skjái sem skammtadeplar eru notaðir í munu líklega vega þyngra en samanlagður ávinningur hennar fyrir umhverfis-, heilsu- og neytendavernd.
- 4) Því ætti að veita undanþágu frá banninu við notkun á kadmíumseleníði í niðurskiptanlega (e. *downshifting*) hálfleiðarananókrystalskammtadepla, sem innihalda kadmíum, til notkunar í skjálýsingarkerfi í tvö ár eftir birtingu framseldu tilskipunarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Ólíklegt er að þessi skammti gildistími undanþágunnar hafi neikvæð áhrif á nýsköpun og þróun kadmíumlausra valkosta.
- 5) Ljóstvistar með skammtadeplum, sem innihalda kadmíum, til lýsingar eru enn ekki fáanlegir á markaði og mögulegur ávinningur af þeim, samanborið við fyrirliggjandi tækni, er ekki mælanlegur á fullnægjandi hátt og því er ekki hægt að réttlæta endurnýjun undanþágunnar að því er varðar lýsingarkerfi.
- 6) Því ætti að breyta III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. nóvember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 21. nóvember 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 39. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„39.a	Kadmíumseleníð í niðurskiptanlegum hálfleiðaranánó-kristalskammtadeplum, sem innihalda kadmíum, til notkunar í skjálýsingarkerfi (< 0,2 µg kadmíums (Cd) á hverja mm ² af skjásvæði)	Fellur úr gildi fyrir alla flokka 31. október 2019 ⁴ .
-------	---	---

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1491****2018/EES/14/37**

frá 21. ágúst 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efni 2,4-DB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) 2,4-DB var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efni 2,4-DB, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2017.
- 4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir 2,4-DB var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 3. júní 2015.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að 2,4-DB uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 13. maí 2016 ⁽⁶⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um 2,4-DB fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 18. maí 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 216, 22.8.2017, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 11. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum 2,4-DB, beta-sýflútríni, sýflútríni, ípródíoni, línuroni, malínhydrasíði og pendímetalíni (Stjtið. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

(6) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance 2,4-DB.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(5), 4500. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.
- 10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur 2,4-DB, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir 2,4-DB.
- 11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir 2,4-DB byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda 2,4-DB. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem illgresiseyðir.
- 12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 ⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir 2,4-DB framlengt til 31. október 2017 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu 2,4-DB er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-DB, betasýflútrín, karfentrasónetyl, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíð, deltametrín, dímetenamíð-P, etófúmesat, fenamídón, flúfenaset, flúrtamón, foramsúlfúrón, fosfíasat, ímasamox, joðsúlfúrón, ípródíón, ísoxaflútól, línúrón, malínhýdrasíð, mesótríón, oxasúlfúrón, pendímetalín, píkoxystróbín, silþíófam og trífloxýstróbín (Stjttíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 3).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
2,4-DB CAS-nr. 94-82-6 CIPAC-nr. 83	4-(2,4-díklórófenoxý) smjörσύra	<p>≥ 940 g/kg</p> <p>Óhreinindi:</p> <p>Óbundin fenól (gefin upp sem 2,4-díklórófenól (2,4-DCP)): að hámarki 15 g/kg.</p> <p>Fjöklóruð díbensódíoxín og fjöklóruð díbensófúrön (TCDD-eiturjafngildi (TEQ)): að hámarki 0,01 mg/kg.</p>	1. nóvember 2017	31. október 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um 2,4-DB, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda og starfsmanna, — vernd neytenda m.t.t. afurða úr dýraríkinu, — vernd villtra spendýra, — vernd jarðvegslífvera utan markhóps, — vernd lagarlífvera, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 47 um 2,4-DB brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (¹)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„116	2,4-DB CAS-nr. 94-82-6 CIPAC-nr. 83	4-(2,4-díklórófenoxý) smjörsýra	≥ 940 g/kg Óhreinindi: Óbundin fenól (gefin upp sem 2,4-díklórófenól (2,4-DCP)): að hámarki 15 g/kg. Fjöklóruð díbensódíoxín og fjöklóruð díbensófúrón (TCDD-eiturjafngildi (TEQ)): að hámarki 0,01 mg/kg.	1. nóvember 2017	31. október 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um 2,4-DB, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, — vernd neytenda m.t.t. afurða úr dýraríkinu, — vernd villtra spendýra, — vernd jarðvegslífvera utan markhóps, — vernd lagarlífvera, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(¹) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2229**2018/EES/14/38**

frá 4. desember 2017

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir blý, kvikasilfur, melamín og dekokínat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) samþykkti vísindalegt álit um öryggi og skilvirkni kopar(I)oxíðs sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾. Í álitinu er tilgreint að gildi blýs í kopar(I)oxíði fóru í tilteknum tilvikum yfir núgildandi hámarksgildi Sambandsins fyrir blý en þau gildi sem fundust skapa ekki öryggisvanda þar eð váhrif frá blýi á dýr með notkun aukefnisins eru minni en þau sem stafa af notkun annarra koparsambanda sem eru í samræmi við lög Sambandsins. Byggt á þeim upplýsingum sem lagðar voru fram nást hámarksgildi fyrir blý í fóðurukefnum, sem tilheyra virka hópnum snefilefnasambönd, ekki á samræmdan hátt fyrir kopar(I)oxíð með því að beita góðum framleiðsluháttum. Rétt þykir að aðlaga hámarksgildi fyrir blý í kopar(I)oxíði.
- 3) Margar hliðarafurðir og aukaafurðir matvælaíðnaðarins, sem eru ætlaðar í gæludýrafóður, eru aðallega úr túnfiski. Núgildandi hámarksgildi fyrir kvikasilfur í þessum hliðarafurðum og aukaafurðum eru lægri en hámarksgildi fyrir kvikasilfur, sem á við um túnfisk til manneldis, sem veldur skorti á birgðum slíkra hliðarafurða og aukaafurða sem eru í samræmi við hámarksgildin fyrir kvikasilfur til notkunar í gæludýrafóður. Því þykir rétt að aðlaga hámarksgildið fyrir kvikasilfur að því er varðar fisk, önnur lagardýr og afurðir úr þeim sem eru ætluð til framleiðslu á fóðurblöndum fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr, jafnframt því að viðhalda háu verndarstigi fyrir heilbrigði dýra.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti vísindalegt álit um öryggi og skilvirkni gúanidínedíksýru fyrir eldiskjúklinga, hænur til undaneldis, hana og svín ⁽³⁾. Tiltekið er að aukefnið gúanidínedíksýra innihaldi melamín sem óhreinindi í magni sem nemur allt að 20 mg/kg. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að hlutdeild gúanidínedíksýru í melamíninnihaldi í fóðri væri ekki áhyggjuefni. Hámarksgildi fyrir melamín í fóðri var ákvarðað í tilskipun 2002/32/EB. Hámarksgildi fyrir melamín í gúanidínedíksýru hefur enn ekki verið ákvarðað. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir melamín í gúanidínedíksýru.
- 5) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 291/2014 ⁽⁴⁾ var biðtími til afurðanýtingar fyrir dekokínat stytur úr þremur dögum í núll daga. Þess vegna ætti að fella brott ákvæði um óhjákvæmilega yfirfærslu dekokínats í biðtímafóðri fyrir eldiskjúklinga.
- 6) Því ætti að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 319, 5.12.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

⁽²⁾ EFSA FEEDAP Panel (Sérfræðinganevnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður), 2016. „Scientific opinion on the safety and efficacy of dicopper (I) oxide as feed additive for all animal species.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6),4509, 19 bls. doi:10.2903/j.efsa.2016.4509 <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.2903/j.efsa.2016.4509/epdf>

⁽³⁾ EFSA FEEDAP Panel (Sérfræðinganevnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður), 2016. „Scientific opinion on the safety and efficacy of guanidinoacetic acid for chickens for fattening, breeder hens and roosters, and pigs.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(2), 4394, 39 bls. doi:10.2903/j.efsa.2016.4394 <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.2903/j.efsa.2016.4394/epdf>

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 291/2014 frá 21. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1289/2004 að því er varðar biðtíma til afurðanýtingar og hámarksgildi leifa fyrir fóðurukefnið dekokínat (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 87).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. línu, blý, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„4. Blý (¹²)	Fóðurefni	10
	að undanskildu:	
	— fódurjurtum (³),	30
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	15
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati (¹⁰),	20
	— geri.	5
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	100
	að undanskildu:	
	— sinkoxíði,	400
	— manganoxíði, ferrókarbónati, kúpríkarbónati, kopar(I)oxíði.	200
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnar-efna	30
að undanskildu:		
— klínoptíólíti úr gosmyndunum, natrólítfónólíti.	60	
Forblöndur (⁶)	200	
Fóðurbætur	10	
að undanskildu:		
— steinefnafóðri,	15	
— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarleggra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærri en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri.	60	
Heilfóður.	5“	

2) Í stað 5. línu, kvikasilfur, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„5. Kvikasilfur (⁴)	Fóðurefni	0,1
	að undanskildu:	
— fiskum, öðrum lagardýrum og afurðum úr þeim, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fódurblöndum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis,	0,5	

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
	— túnfiski (<i>Thunnus</i> spp, <i>Euthynnus</i> spp. <i>Katsuwonus pelamis</i>) og afurðum úr þeim, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fóðurböndum fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr,	1,0 ⁽¹³⁾
	— fiskum, öðrum lagardýrum og afurðum úr þeim, öðrum en túnfiski og afurðum úr honum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fóðurböndum fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr,	0,5 ⁽¹³⁾
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ⁽¹⁰⁾ .	0,3
	Fóðurblanda	0,1
	að undanskildu:	
	— steinefnafóðri,	0,2
	— fóðurböndu fyrir fisk,	0,2
	— fóðurböndu fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr.	0,3 ⁴

3) Í stað neðanmálgreinar 13 við I. þátt: Ólífræn aðskotaefni og köfnunarefnissambönd, komi eftirfarandi:

„⁽¹³⁾ Hámarksgildið gildir á grundvelli blautvigtar“

4) Í stað 7. línu, melamín, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„7. Melamín ⁽⁹⁾	Fóður	2,5
	að undanskildu:	
	— gæludýrafóðri	2,5 ⁽¹¹⁾
	— eftirfarandi fóðuraufnum:	
	— gúanidínedíksýru,	20
	— þvagefni,	—
	— bíúreti.	—“

5) Í stað 1. línu, dekokínat, í VII. þætti komi eftirfarandi:

Hnislalyf	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður ⁽¹⁾	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„1. Dekokínat	Fóðurefni	0,4
	Fóðurblanda fyrir	
	— varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,4
	— aðrar dýrategundir	1,2
	Förblöndur til notkunar í fóðri sem ekki er leyft að nota dekokínat í.	⁽²⁾ “

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2071****2018/EES/14/39**

frá 22. september 2016

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar aðferðir við vöktun á losun koltvísýrings og reglur um vöktun annarra viðeigandi upplýsinga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/757 er mælt fyrir um reglur um nákvæma vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings og á öðrum viðeigandi upplýsingum frá skipum, sem koma í höfn, eru í höfn eða láta úr höfn innan lögsögu aðildarríkis, í því skyni að stuðla að því að draga úr losun koltvísýrings í tengslum við sjóflutninga með kostnaðarhagkvæmum hætti.
- 2) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er mælt fyrir um aðferðir við vöktun á losun koltvísýrings á grundvelli eldsneytisnotkunar. Í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er mælt fyrir um reglur við „vöktun annarra mikilvægra upplýsinga“.
- 3) Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er kveðið á um að reikna ætti losun koltvísýrings með því að margfalda losunarstuðla með eldsneytisnotkun, sem er ákvörðuð með vöktunaraðferð A (afhendingarseðill fyrir skipaeldsneyti og reglubundin athugun á birgðum eldsneytisgeyma⁽²⁾), vöktunaraðferð B (vöktun eldsneytisgeyma um borð) og vöktunaraðferð C (streymismælur fyrir viðeigandi brunaferli), sem eru settar fram í B-hluta þessa viðauka. Í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar ⁽²⁾ um leiðbeiningar um aðferð við að reikna út orkunýtnivísa hönnunar fyrir ný skip er mælt fyrir um röð sjálfgilda fyrir losunarstuðla að því er varðar staðaleldsneyti sem er notað um borð í skipum. Nota má þessi sjálfgildi til að reikna út losun koltvísýrings í tengslum við sjóflutninga. Tryggja má einfalda stjórnáætlun og samhæfða framkvæmd með því að láta skipin nota þessi sjálfgildi til að vakta og gefa skýrslu um koltvísýringslosun sína í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757.
- 4) Samkvæmt vöktunaraðferðum A, B og C skal, við ákvörðun á áfylltu eldsneyti eða magni þess eldsneytis sem eftir er í geymum, umreikna rúmmál í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlismassa. Samkvæmt c-lið fimmту undirgreinar 2. liðar B-hluta I. viðauka geta félög, sem nota vöktunaraðferð B, ákvarðað raunverulegan eðlismassa á grundvelli eðlismassa sem mælist við greiningu sem framkvæmd er á faggiltri prófunarstofu fyrir eldsneyti, ef hægt er. Rýmkun gildissviðs þessa möguleika þannig að það taki til félaga sem nota vöktunaraðferðir A og C myndi tryggja að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 320, 26.11.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55.

⁽²⁾ MEPC 245 (66) 2014.

samræmd framkvæmd þessara þriggja vöktunaraðferða samrýmdist ISO-staðli 3675:1998⁽¹⁾. Það myndi einnig endurspeglar að öllu leyti starfsvenjur innan atvinnugreinarinnar og auka sambærileika, að því er varðar eldsneytisnotkunina sem vöktuð er, með því að nota þær þrjár aðferðir sem um er að ræða.

- 5) Hugtakið „frá höfn til hafnar“ myndi gera kleift að nota skýrari og samhæfðari aðferðir til að skrá af nákvæmni komu- og brottfarartíma skips. Þetta myndi gera nákvæmari breyturnar, sem notaðir eru til að vakta úthaldstíma á sjó og vegalengdina, sem farin er, eins og tilgreint er í a- og b-lið 1. liðar A-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757, og endurspeglar starfsvenjur innan atvinnugreinarinnar.
- 6) Leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um valfrjálsa notkun orkunýtnivísa í tengslum við rekstur skipa⁽²⁾ og CEN-staðallinn EN 16258 (2012)⁽³⁾ veita ekjuskipum möguleika á að vakta og gefa skýrslu um farm sem fluttur er á grundvelli raunverulegs massa farms. Viðbót þessarar breytu við breyturnar, sem mælt er fyrir um í e-lið 1. liðar A-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757, myndi endurspeglar betur starfsvenjur innan atvinnugreinarinnar og þar af leiðandi gera vöktunina auðveldari.
- 7) Í samræmi við þá venju framkvæmdastjórnarinnar að hafa samráð við sérfræðinga á undirbúningsstigi afleiddra gerða var komið á fót „undirhóp fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun (MRV) á sviði sjóflutninga“ þar sem safnað var saman sérfræðingum frá aðildarríkjunum, úr atvinnulífínu og borgaralegu samfélagi, innan vébanda evrópska samstarfsvettvangsins um sjálfbæra sjóflutninga (e. *European Sustainable Shipping Forum*). Undirhópurinn tilgreindi ýmsa alþjóðlega og evrópska staðla og alþjóðlegar reglur sem og framfarir á sviði vísinda og tækni og mælti með að þau féllu undir þessa reglugerð. Allsherjarfundur evrópska samstarfsvettvangsins um sjálfbæra sjóflutninga samþykkti drög að tilmælum undirhópsins um þessa þætti 28. júní 2016.
- 8) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. september 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ ISO 3675:1998 crude petroleum and liquid petroleum products — Laboratory determination of density — Hydrometer method.

⁽²⁾ Leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MEPC.1/umburðarbr. 684 um valfrjálsa notkun orkunýtnivísis í tengslum við rekstur skipa.

⁽³⁾ Aðferð við útreikning á og yfirlýsingu um orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda innan flutningaþjónustu (farm- og farþegaflutninga).

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað A-hluta komi eftirfarandi:

„A. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS (9. GR.)

Til að reikna út losun koltvísýrings skulu félög nota eftirfarandi reiknireglu:

Eldsneytisnotkun × losunarstuðull

Eldsneyti sem aðalvélar, hjálparvélar, gashverflar, katlar og búnaður, sem framleiðir óhvarfgjarnar lofttegundir, nota fellur undir eldsneytisnotkun.

Eldsneytisnotkun í höfn meðan skip liggur við bryggju skal reiknuð út sérstaklega.

Eftirfarandi sjálfgildi fyrir losunarstuðla eldsneytis, sem notað er um borð, skulu notuð:

Eldsneytistegund	Tilvísun	Losunarstuðull (t-CO ₂ /t-eldsneyti)
1. Dísil-/gasolía	ISO 8217 flokkur DMX til DMB	3,206
2. Létt brennsluolía (LFO)	ISO 8217 flokkur RMA til RMD	3,151
3. Svartolía (HFO)	ISO 8217 flokkur RME til RMK	3,114
4. Fljótandi jarðolúgas (LPG)	Própan	3,000
	Bútan	3,030
5. Fljótandi jarðgas (LNG)		2,750
6. Metanól		1,375
7. Etanól		1,913

Nota skal viðeigandi losunarstuðla fyrir líffeldsneyti, óhefðbundið eldsneyti, sem byggist ekki á jarðefnum, og annað eldsneyti sem engin sértæk sjálfgildi hafa verið tilgreind fyrir.“

b) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar fimmtu undirgreinar 1. liðar komi eftirfarandi:

„b) eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti.“

ii. Í fimmtu undirgrein 1. liðar bætist eftirfarandi c-liður við:

„c) eðlismassa sem mælist við greiningu, sem framkvæmd er á faggiltri prófunarstofu fyrir eldsneyti, ef hægt er.“

iii. Í stað b-liðar fjórðu undirgreinar 3. liðar komi eftirfarandi:

„b) eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti.“

iv. Í fjórðu undirgrein 3. liðar bætist eftirfarandi c-liður við:

„c) eðlismassa sem mælist við greiningu, sem framkvæmd er á faggiltri prófunarstofu fyrir eldsneyti, ef hægt er.“

- 2) Ákvæðum 1. liðar A-hluta II. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Í stað fyrsta málsliðar a-liðar komi eftirfarandi:
„dagsetning og tími brottfarar úr og komu í höfn skulu gefin upp samkvæmt heimstíma (GMT/UTC).“,
 - b) í stað síðasta málsliðar b-liðar komi eftirfarandi:
„Sú vegalengd sem farin er skal ákvörðuð frá brottfararhöfn til komuhafnar og skal hún gefin upp í sjómílum.“,
 - c) í stað fyrstu undirgreinar e-liðar komi eftirfarandi:
„Að því er ekjuskip varðar skal farmur um borð skilgreindur sem massi farms um borð, ákvarðaður sem raunmassi eða fjöldi farmeininga (vörubifreiðar, bílar o.s.frv.) eða reinarmetrar margfaldaðir með sjálfgildum þyngdar sinnar.“
-